Hæstaréttardómar 1992 - 3. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1992

Efnisskrá til bráðabirgða

3. hefti

Bls.

Aðfinnslur .. 1420, 1423, 1455, 1457, 1542, 1589, 1593, 1681, 1683, 1756, 1780, 1785, 1792, 1854, 1885, 2096, 2122

Aðför 1889
Aðild 2185
Afsláttur 2095
Akstur án ökuréttinda 1906, 2007
Áfengislagabrot 1705
Áfrýjun 1501
Áfrýjunarheimild 1883
Áminning 1526, 2335
Bifreiðar:
  Einkamál 1995, 2302
  Opinber mál 1792, 1906, 1911, 2007, 2109, 2117, 2214
Birting 1450
Bráðabirgðalög 1962
Búskipti 1762
Búskipti við skilnað 1557
Börn 1705, 1774, 2122
Dómari 1810
Dómkvaðning matsmanna 1886
Dómsátt felld úr gildi 1777
Eignarréttarfyrirvari 1551
Endurupptaka 1739, 2028
Erfðafesta 1858
Erfðaskrá 1762, 1926
Erlendur dómur 2198
Faðerni 2057
Fasteignakaup 1950
Fasteignaskattar 1618
Fasteignir 1720, 1858
Félög 1828, 1834
Fjármál hjóna 2232
Fjárnám 1409, 1692, 1695, 1735, 1742, 1745, 1778, 2021
Fjárnámsgerð úr gildi felld 1494, 1627
Fjársvik 1906
Forkaupsréttur 1511, 1602

Bls.
Framlagning skjala 1639
Framsal kröfu 1409
Fávísun:
a) frá héraðsdómi 1992, 2057 2062
b) frá Hæstarétti 1420, 1431, 1453, 1501, 1569, 1589, 1593, 1637, 1681, 1883, 1894, 1937, 1939, 1941, 1943, 2021, 2028, 2173, 2187, 2344
c) frá sýslumanni 1498, 1683
Frávísunardómur felldur úr gildi 1602, 2198
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 2171
Fyrning 1748, 1900
Fyrningu hafnað 1854
Gallar 1698, 2064, 2095
Gatnagerðargjald 1563, 1622
Gerhæfi 1858
Geymslugreiðsla 1950
Gjafsókn 2302
Gjaldþrot 2203, 2232, 2241, 2249, 2259, 2276, 2285, 2293
Gjaldþrotalög 1450
Gjaldþrotaskipti 2028, 2325
Gæsluvarðhald 1542, 1754, 1825, 2169, 2185
Gæsluvarðhald fellt úr gildi 1631
Hafning 2202
Handveð 2189
Heimvísun 2026, 2060 2230
Hjón 1557
Húsaleigusamningur 1716
Húsleit 1914
Hylming 1759
Hönnun 2064
Innsetning 1488, 1551, 1597, 1612
Innsetningargerð 1581
Jafnræðisregla 1618
Jarðalög 1511, 1602
Jarðhiti 1720
Kaupmáli 2325
Kaupsamningur 1950
Kjarasamningar 1962
Klám 1705
Kröfu vísað frá Hæstarétti 1692, 1695
Kröfuaðild 1627
Kröfugerð 2057
Kvaðaarfur 2293
Kynferðisbrot 1705, 1774
Kyrrsetning 1569

Bls.
Kæruheimild 1569, 1681, 1804
Kærumál:
Aðfinnslur 1420, 1423, 1455, 1457, 1542, 1589, 1593, 1681, 1683, 1885
Aðför 1889
Aðild 2189
Áfrýjun 1501
Áfrýjunarheimild 1883
Áminning 1526, 2335
Birting 1450
Búskipti 1762
Búskipti við skilnað 1557
Dómari 1810
Dómkvaðning matsmanna 1886
Dómsátt felld úr gildi 1777
Eignarréttarfyrirvari 1551
Endurupptaka 1739, 2028
Erfðaskrá 1762, 1926
Erlendur dómur 2198
Fasteignaskattar 1618
Fjárnám 1409, 1692, 1695, 1735, 1742, 1745, 1778, 2021
Fjárnámsgerð úr gildi felld 1494, 1627
Forkaupsréttur 1511, 1602
Framlagning skjala 1639
Framsal kröfu 1409
Frávísun:
a) frá Hæstarétti 1420, 1431, 1453, 1501, 1569, 1589, 1593, 1637, 1681, 1883, 1894, 1937, 1939, 1941, 1943, 2021, 2028, 2173, 2187, 2344
b) frá sýslumanni 1498, 1683
Frávísunardómur felldur úr gildi 1602, 2198
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 2171
Fyrning 1748
Gatnagerðargjald 1563, 1622
Gjaldþrotalög 1450
Gjaldþrotaskipti 2028
Gæsluvarðhald 1542, 1754, 1825, 2169, 2185
Gæsluvarðhald fellt úr gildi 1631
Handveð 2189
Heimvísun 2026
Hjón 1557
Innsetning 1488, 1551, 1597, 1612
Innsetningargerð 1581
Jafnræðisregla 1618
Jarðalög 1511, 1602
Kröfu vísað frá Hæstarétti 1692, 1695

Bls.
Kröfuaðild 1627
Kyrrsetning 1569
Kæruheimild 1569, 1681, 1804
Lax- og silungsveiðilög 1886
Lögarfur 1926
Lögtak 1462, 1469, 1508, 1894
Lögtaksgerð 1885
Lögtaksgerð felld úr gildi 1634
Lögtaksúrskurður 1883
Lögveð 1563, 1618, 1622, 1677
Mál fellt niður 2029, 2175, 2177, 2179, 2181, 2183, 2342
Málskostnaður 1457, 1896, 1939
Meðalganga 1804
Nauðasamningar 1462
Nauðungarsala 1423
Nauðungaruppboð 1412, 1425, 1434, 1440, 1445, 1455, 1457, 1473, 1498, 1501, 1511, 1545, 1563, 1585, 1589, 1593, 1618, 1622, 1637, 1672, 1677, 1683, 1690, 1748, 1800, 1896, 1937, 1939, 1941, 1943, 2023, 2173, 2194, 2339, 2342, 2344
Ómerking 1488, 1498, 1508, 1683, 1735, 1739, 1885, 2026, 2173
Óskipt bú 2339
Réttaráhrif dóms 2171
Réttarfar í opinberum málum 1639
Samþykki boðs 2173
Sératkvæði 1409, 1462, 1469, 1501, 1511, 1531, 1602, 1748, 1762, 1804, 1812, 1896, 1926
Skattar 1462
Skuldajöfnuður 1409, 1494
Skuldaröð 1479
Stjórnarskrá 1618
Tryggingarbréf 1545, 1748
Uppboð 1479, 1573, 1815
Uppboðsandlag 1690
Uppboðsbeiðni 1473
Uppboðsheimild 1425 1748
Úrskurður felldur úr gildi 1526
Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 1526, 2335
Útburðargerð 1687
Útburður 1453, 1812
Úthlutun uppboðsandvirðis 1531, 1545, 1622, 1815
Útivist í héraði 2028
Vanhæfi 1810
Vanhæfi dómara 1508
Varnarþing 1450, 2198

Bls.
Veð ... 1434
Verðtrygging ... 1531
Vextir ... 1815, 1889
Viðurlagaákvörðun úr gildi felld ... 1615
Vítur ... 1585
Víxilréttur ... 1748
Vörslusvipting ... 2189
Þinglýsing ... 1420, 1692, 1695, 2026, 2187
Lausafjárkaup ... 2095
Lax- og silungsveiðilög ... 1886
Líkamsárás ... 2214, 2224
Lyf ... 1911
Læknar ... 2122
Læknaráð ... 1823, 1995
Lögarfur ... 1926
Lögtak ... 1462, 1469, 1508, 1894
Lögtaksgerð ... 1885
Lögtaksgerð felld úr gildi ... 1634
Lögtaksúrskurður ... 1883
Lögveð ... 1563, 1618, 1622, 1677
Manndráp ... 1658
Mál fellt niður ... 2029, 2175, 2177, 2179, 2181, 2183, 2342
Málskostnaður ... 1457, 1896, 1939, 2202
Málsvarnarlaun ... 1792
Meðalganga ... 1804
Miskabætur ... 1914, 2122, 2302
Nauðasamningar ... 1462
Nauðungarsala ... 1423
Nauðungaruppboð 1412, 1425, 1434, 1440, 1445, 1455, 1457, 1473, 1498, 1501, 1511, 1545, 1563, 1585, 1589, 1593, 1618, 1622, 1637, 1672, 1677, 1683, 1690, 1748, 1800, 1896, 1937, 1939, 1941, 1943, 2023, 2173, 2194, 2339, 2342, 2344
Of hraður akstur ... 2117, 2214
Ómaksbætur ... 1504, 1505
Ómerking 1488, 1498, 1508, 1683, 1735, 1739, 1885, 1992, 2026, 2057, 2060, 2062, 2173 2230
Óskipt bú ... 2339
Réttaráhrif dóms ... 2171
Ráttarfar í opinberum málum ... 1639
Riftun ... 2232, 2241, 2249, 2259, 2276, 2285, 2293
Sakarskipting ... 1995
Sameign ... 1950
Sameignarfélög ... 2259
Samningar ... 1858

Bls.
Samvinnufélag 1992
Samþykki boðs 2173
Sendibifreiðar 1828, 1834
Sératkvæði 1409, 1462, 1469, 1501, 1511, 1531, 1602, 1658, 1705, 1748, 1762, 1804, 1812, 1828, 1834, 1896, 1900, 1914, 1926, 1962, 1995, 2095, 2325
Séreign hjóna 2325
Sjómenn 1922
Sjóveðsréttur 1945
Sjúkrahús 2122
Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi 1644
Skaðabætur, skaðabótamál 1845, 1995, 2064, 2224, 2302
Skattar 1462
Skilorð 2224
Skiptaréttur 1945
Skjalafals 1906, 2031
Skoðunarskylda 2095
Skriflega flutt mál 1922, 1945
Skuldajöfnuður 1409, 1494
Skuldaröð 1479
Stefnubirting 1900, 1904, 2062
Stjórnarskrá 1618, 1962
Sýkna 1792, 2214
Sönnun 1647
Sönnunargögn 1774
Tollagabrot 1854
Tryggingarbréf 1545, 1748
Umboðssamningur 2203
Umferðarlög 1792, 2302
Uppboð 1479, 1573, 1815
Uppboðsandlag 1690
Uppboðsbeiðni 1473
Uppboðsheimild 1425, 1748
Úrskurður felldur úr gildi 1526
Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 1526, 2335
Útburðargerð 1687
Útburður 1453, 1812
Úthlutun uppboðsandvirðis 1531, 1545, 1622, 1815
Útivist 1716
Útivist í héraði 2028
Útivistardómar 1504, 1505, 1506, 1507, 1738
Vanhæfi 1810
Vanhæfi dómara 1508
Varnarþing 1450, 2198
Varnir í víxilmáli 1780

Bls.
Veð 1434
Verðtrygging 1531
Verjandi 1792
Verkkaup 1992
Verksamningur 1647, 1698
Vextir 1815, 1889
Viðurlagaákvörðun úr gildi felld 1615
Vinnulaun 1945
Vinnusamningar 1922, 2155
Vítur 1585, 2060, 2230
Víxilréttur 1748
Víxlar, Víxilmál 1780, 1900, 1904
Vörslusvipting 2189
Þinglýsing 1420, 1692, 1695, 2026, 2187
Þjófnaður 1644, 1756, 1759, 1906, 2007
Þóknun arkitekts 2064
Ökuleyfissvipting 1911, 2214
Ölvunarakstur 1785, 2109
Örorka 2302
Örorkubætur 1845, 2122
Örorkumat 1995

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXII. árgangur. 3. hefti. 1992

Fimmtudaginn 17. september 1992.

Nr. 411/1991. **Pétur Þór Sigurðsson**
gegn
Kjartani Reyni Ólafssyni
og gagnsök.

Kærumál. Fjárnám. Framsal kröfu. Skuldajöfnuður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1991, og varnaraðili gagnáfrýjaði úrskurði héraðsdóms til staðfestingar með stefnu 21. nóvember sama ár að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Við kærumeðferð málsins krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang aðfarargerðarinnar. Hann krefst kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti og málskostnaðar í héraði. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en þar greindur hæstaréttardómur með árituðu framsali kröfunnar til varnaraðila hafi verið sendur fógeta með fjárnámsbeiðninni 2. apríl 1991. Hafa því síðari yfirlýsingar um skuldajöfnuð við Sigurjón Ragnarsson ekki þýðingu. Með vísan til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Pétur Þór Sigurðsson, greiði varnaraðila, Kjartani Reyni Ólafssyni, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Aðilar máls þessa eru báðir starfandi lögmenn. Svo er að sjá sem varnaraðili hafi sent fógeta fjárnámsbeiðni sína án þess að hafa fyrir því að gera sóknaraðila viðvart eða kynna honum áður með öðrum hætti, að greiða ætti kröfuna til sín. Frá beiðninni var og gengið á þann veg, að umboðsmaður varnaraðila fyrir fógetaréttinum sá ástæðu til að lýsa þar yfir breytingu á henni. Framganga varnaraðila í málinu var því ekki svo markviss sem verða mátti, og voru þessir þættir hennar meðal ástæðna þess, að málinu var skotið til Hæstaréttar. Með tilliti til þessa sé ég ekki ástæðu til að sinna kröfu varnaraðila um málskostnað, en að öðru leyti er ég samþykkur niðurstöðu annarra dómenda.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. júlí 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 10. júlí 1991.

Gerðarbeiðandi er Kjartan Reynir Ólafsson hrl., Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Gerðarþoli er Pétur Þór Sigurðsson, kt. 290354-4479, Klyfjaseli 18, 109 Reykjavík.

Gerðarbeiðandi, er gerir kröfu um, að gert verði fjárnám í eigum gerðarþola til tryggingar dómskuld, að fjárhæð 35.000 kr., 8.575 kr. í virðisaukaskatt, 250 kr. í dómsútskrift, 3.282 kr. í ritun fjárnámsbeiðni, þ. m. t. vsk., auk alls kostnaðar við fjárnámsgjörðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli gerir þá kröfu, að fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda verði ekki tekin til greina og honum verði gert að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla laga 25/1987, að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Málavextir.

Með fjárnámsbeiðni, dags. 2. apríl 1991, fór Kjartan Reynir Ólafsson hrl. þess á leit við fógetarétt Reykjavíkur, að gert yrði fjárnám hjá Pétri

Þór Sigurðssyni til tryggingar skuld, að fjárhæð 35.000 kr., auk áfallins og áfallandi kostnaðar. Aðfararheimild sú, sem að baki kröfunni liggur, er dómur Hæstaréttar í málinu nr. 333/1990: Sigurjón Ragnarsson gegn Pétri Þór Sigurðssyni. Samkvæmt dómsorðinu skyldi Pétur Þór Sigurðsson greiða Sigurjóni Ragnarssyni 35.000 kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Hinn 26. mars 1991 framseldi Sigurjón Ragnarsson Kjartani Reyni Ólafssyni hrl. allar kröfur skv. dóminum og heimilaði honum að reka málið áfram í sínu nafni. Framsal þetta er ritað á dóminn.

Gerðarþoli reisir kröfu sína í málinu á því, að ofangreint framsal sé sýndargerningur, og bendir á, að í fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda, sem sé dagsett, eftir að framtalið hafi átt að eiga sér stað, komi skýrt fram, að gerðin skuli fara fram á ábyrgð umbjóðanda hans, sem sé Sigurjón Ragnarsson. Gerðarþoli telur sig eiga skuldajafnaðarkröfu á Sigurjón Ragnarsson, sbr. fram lögð gögn, og þar sem Sigurjón sé að hans mati gerðarbeiðandi í málinu, eigi sá skuldajöfnuður að ná fram að ganga, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1887.

Viggó Tryggvason hdl., sem mætti í málinu fyrir hönd gerðarbeiðanda, lýsti því yfir, að gerðin færi fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., og væri um villu að ræða í fjárnámsbeiðni.

Niðurstaða.

Ekkert hefur fram komið í málinu, sem bendir til þess, að framsal Sigurjóns Ragnarssonar til gerðarbeiðanda á dómkröfunni í máli þessu sé ógilt. Samkvæmt því er Kjartan Reynir Ólafsson hrl. kröfueigandi í máli þessu, en ekki Sigurjón Ragnarsson. Með vísan í framangreint ber að taka til greina kröfu Kjartans Reynis Ólafssonar um, að umbeðið fjárnám nái fram að ganga, enda fari gerðin fram á ábyrgð hans.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., að gert verði fjárnám hjá gerðarþola, Pétri Þór Sigurðssyni, til tryggingar skuld, að fjárhæð 35.000 kr., auk áfallins og áfallandi kostnaðar, er tekin til greina.

Fimmtudaginn 17. september 1992.

Nr.475/1991. **Einar Hjaltason og**
Kristín Hilmarsdóttir
gegn
Valgerði Valdemarsdóttur.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr.90/1991 um nauðungarsölu hefur verið farið með mál þetta sem kærumál eftir 1. júlí 1992.

Fram er komið, að Hilmar Þórarinsson andaðist 14. júní 1992. Hefur ekkja hans, Valgerður Valdemarsdóttir, fengið leyfi til setu í óskiptu búi og tekið við rekstri máls þessa.

Sóknaraðilar gera þær kröfur, að hið umbeðna uppboð nái ekki fram að ganga. Þau krefjast og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilar dæmdir til að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Ekki er fram komið, að sóknaraðilar hafi orðið fyrir réttarspjöllum við meðferð uppboðsmálsins, þótt þess væri ekki getið í auglýsingu um uppboðið í Lögbirtingablaði, að sóknaraðilinn Kristín væri eigandi hinnar veðsettu fasteignar ásamt sóknaraðilanum Einari.

Samkvæmt þessu ber með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar að staðfesta hann, þó þannig, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður verði samtals 60.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hið umdeilda uppboð skal fara fram.

Sóknaraðilar, Einar Hjaltason og Kristín Hilmarsdóttir,

greiði varnaraðila, Valgerði Valdemarsdóttur, málskostnað í héraði og kærumálskostnað, samtals 60.000 krónur.

Úrskurður uppboðsréttar Garðabæjar 6. nóvember 1991.

Mál þetta var þingfest 24. september sl., en þá var í uppboðsréttinum fyrst þingað um þann ágreining aðila, sem hér er til úrlausnar. Greinargerð sóknaraðila var lögð fram 22. október sl. Í gær, 5. nóvember, lagði varnaraðili fram greinargerð sína, og var málið síðan munnlega flutt og að því loknu tekið til úrskurðar.

Sóknaraðilar málsins eru Einar Hjaltason, kt. 050555-3489, Súlunesi 20, Garðabæ, og Kristín Hilmarsdóttir, kt. 070755-2119, með lögheimili í Brekkubyggð 30, en dvalarstað í Súlunesi 20, Garðabæ. Varnaraðili er Vilhjálmur Þórhallsson hrl. f. h. Hilmars Þórarinssonar, kt. 081229-4739, Brekkubyggð 30, Garðabæ.

Sóknaraðilar krefjast þess, að fyrirhugað þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Súlunesi 20, Garðabæ, nái ekki fram að ganga. Þeir krefjast einnig málskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kröfum sóknaraðila um, að uppboðið nái ekki fram að ganga, verði vísað frá dómi og uppboðið fari fram hið fyrsta, en til vara, að kröfum þessum verði hrundið. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu eða svo ríflegs málskostnaðar sem uppboðshaldarinn treystir sér til að úrskurða, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar.

Málavextir eru þessir:

Sóknaraðilar eru þinglýstir eigendur fasteignarinnar Súluness 20, Garðabæ.

Með bréfi, dagsettu 29. maí 1990, beiddist Gjaldheimtan í Garðabæ nauðungaruppboðs á fasteigninni. Í þeirri beiðni er Einar Hjaltason einn sagður eigandi eignarinnar. Uppboðshaldari ákvað þingfestingardag fyrir uppboðsmálið 30. nóvember 1990. Var uppboðið auglýst í 128., 134. og 137. tbl. Lögbirtingablaðs 1990, sem út kom 10., 23. og 26. október það ár. Í auglýsingum þessum er Einar Hjaltason sagður þinglýstur eigandi, en Kristínar Hilmarsdóttur er ekki getið. Uppboðshaldari sendi tilkynningu um uppboðsbeiðnina og fyrirtektartímann, dags. 27. júní, til Einars Hjaltasonar.

Skömmu fyrir þingfestingardaginn barst uppboðshaldara beiðni frá varnaraðila þessa máls um nauðungaruppboð á fasteigninni. Er hún dagsett 20. nóvember 1990. Í beiðni þessari eru báðir sóknaraðilar sagðir þinglýstir eigendur og uppboðsþolar. Í samræmi við það sendi uppboðshaldari þeim

báðum tilkynningu um uppboðsbeiðnina og fyrirtektina 30. nóvember. Eru tilkynningarnar dagsettar 28. nóvember 1990 og sendar Einari Hjaltasyni í Súlunes 20, en Kristínu Hilmarsdóttur í Brekkubyggð 30.

Ekki var mætt af hálfu uppboðsþola við þingfestingu uppboðsmálsins. Þá var ákveðið, að fyrra nauðungaruppboð á eigninni færi fram 7. febrúar 1991. Var sóknaraðilum, Einari og Kristínu, send sameiginleg tilkynning um þetta á heimilisfangið Súlunes 20, en Kristínu auk þess send tilkynning á heimilisfangið Brekkubyggð 30, Garðabæ. Tilkynningar þessar eru dagsettar 3. desember 1990.

Áður en til fyrra uppboðs kæmi, barst uppboðshaldara enn uppboðsbeiðni, frá Byggingarsjóði ríkisins. Er hún dagsett 4. desember 1990. Voru uppboðsþolum, sóknaraðilum þessa máls, báðum sendar tilkynningar um þessa beiðni og fyrirtöku hennar við fyrra uppboð 7. febrúar 1991, þeim tveimur sameiginlega að Súlunesi 20 og Kristínu að Brekkubyggð 30.

Fyrra uppboð var auglýst í DV 2. febrúar 1991, og eru þinglýstir eigendur í auglýsingunni sagðir vera sóknaraðilar báðir. Það fór fram, svo sem ákveðið hafði verið, 7. febrúar 1991, en áður en það varð, höfðu Gjaldheimtan í Garðabæ og Byggingarsjóður ríkisins afturkallað uppboðsbeiðnir sínar. Ekki var þá mætt af hálfu uppboðsþola. Var annað og síðara uppboð ákveðið 10. apríl 1991, en því þá frestað til 24. júní og þá enn frestað til 3. september 1991, en þá fór það fram. Ekki var mætt af hálfu uppboðsþola í þinghaldi 10. apríl, en í hverju þinghaldi eftir það. Við hverja nýja ákvörðun um fyrirtekt málsins var uppboðsþolum send sameiginleg tilkynning um uppboðstímann á heimilisfangið Súlunes 20. Á sama hátt var þeim sameiginlega tilkynnt ný uppboðsbeiðni frá innheimtumanni ríkissjóðs, dags. 26. febrúar 1991, en dagsetning tilkynningar er 28. sama mán. Annað og síðara uppboð var auglýst í DV á sama hátt og fyrra uppboð.

Í þinghaldi uppboðsréttar Garðabæjar 3. september var bókað, að fyrir væri tekið að selja á nauðungaruppboði fasteignina Súlunes 20, Garðabæ, „sem er þinglýst eign Einars Hjaltasonar og Kristínar Hilmarsdóttur". Og einnig: „Af hálfu uppboðsþola sækir þing Einar Hjaltason." Fyrir þinghaldið hafði innheimtumaður ríkissjóðs afturkallað uppboðsbeiðni sína, og var Vilhjálmur Þórhallsson hrl. þá einn uppboðsbeiðandi. Uppboðsþoli Einar Hjaltason lagði fram skriflega beiðni um, að uppboðinu yrði enn frestað. Segir þar um ástæður fyrir frestbeiðninni: „Undirritaður er nú að athuga réttarstöðu sína í ofangreindu máli, og þá sérstaklega er verið að athuga lögmæti gjaldfellingar skuldabréfsins, sem uppboðsbeiðnin er reist á." Uppboðsþoli krafðist úrskurðar, ef uppboðsbeiðandi fengist ekki til að samþykkja frestinn. Af hálfu uppboðsbeiðanda var krafist uppboðs. Uppboðshaldari kvað upp úrskurð, þar sem segir m.a. í forsendum: „Þar sem uppboðsbeiðandi krefst uppboðs á grundvelli fullgildrar uppboðs-

heimildar og ekki hefur verið bent á galla á formhlið málsins, sem varðað getur ómerkingu uppboðsins, verður fallist á kröfu uppboðsbeiðanda um uppboð, en synjað kröfu uppboðsþola í málinu."

Uppboðshaldari ákvað, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni skyldi fara fram 1. október 1991. En áður en til þess kæmi, bárust honum skrifleg mótmæli gegn uppboðinu frá Steingrími Þormóðssyni hdl. f. h. beggja uppboðsþola, sóknaraðila þessa máls. Uppboðshaldari leitaðist við að leysa þann ágreining, sem upp var kominn, í þinghaldi 24. september sl., en sáttaumleitanir hans báru ekki árangur. Var þá ákveðinn málflutningur um ágreininginn, og skyldi þriðja og síðasta uppboði frestað á meðan.

Uppboðsheimild varnaraðila, sem fylgdi uppboðsbeiðni hans, er skuldabréf með veði í fasteigninni Súlunesi 20. Það var gefið út 17. mars 1988 af sóknaraðila Kristínu Hilmarsdóttur með samþykki Einars Hjaltasonar. Kröfuhafi var varnaraðili, Hilmar Þórarinsson. Bréfið er að fjárhæð höfuðstóls 1.863.519 kr. Bréfið skal greiða með tólf afborgunum, 1. mars og 1. september ár hvert, fyrst 1. mars 1989. Skuldin er bundin lánskjaravísitölu 1886 stigum. Það ber 5% vexti, sem reiknast frá 31. 12. 1987. Bréfið er í vanskilum eftir fyrstu afborgun, og hefur kröfuhafi skv. ákvæði í því sjálfu gjaldfellt allar eftirstöðvar þess ásamt verðbótum, vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði, og nam fjárhæðin á útgáfudegi uppboðsbeiðninnar samtals 3.501.078 krónum.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðilar byggja kröfu sína á tveimur málsástæðum. Þeir benda í fyrra lagi á, að í auglýsingum í Lögbirtingablaði sé Einar Hjaltason einn auglýstur eigandi eignarinnar. Kristínu Hilmarsdóttur hafi í upphafi ekki verið stefnt inn í málið með almennri auglýsingu né heldur með sérstakri tilkynningu, eins og boðið sé í uppboðslögum. Með upphafsaðgerðum hafi því ekki verið lagður réttur grundvöllur undir uppboðsmálið. Það bæti ekki réttarstöðu uppboðsbeiðanda, að uppboðsþola Kristínu hafi síðar verið send tilkynning og uppboðsandlagið auglýst sem sameign uppboðsþolanna.

Í öðru lagi reisa sóknaraðilar kröfu sína á því, að skv. uppboðsbeiðni sé uppboðsbeiðandi Vilhjálmur Þórhallsson hrl. Uppboðsheimildin sé verðtryggt skuldabréf. Það sé skilyrði fyrir verðtryggingu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979, að verðtryggðar kröfur og skuldbindingar séu ávallt skráðar á nafn. Kröfuhafi skv. skuldabréfinu sé Hilmar Þórarinsson, en skuldabréfið beri ekki með sér, eins og það liggi nú fyrir uppboðsréttinum, að Hilmar hafi framselt það til Vilhjálms Þórhallssonar. Það sé því ekki ljóst, hver hafi verið skráður fyrir bréfinu frá útgáfudegi þess, til þess er uppboðsbeiðnin var lögð fram 20. nóvember 1990. Eins og fram lagt skuldabréf

hafi verið meðhöndlað, sé engu líkara en uppboðsbeiðandinn, Vilhjálmur, hafi talið sig vera að biðja um uppboð á grundvelli handhafa veðskuldabréfs, ef hann sé ekki eigandi skuldabréfsins. Sú staðreynd, að fram lagt veðskuldabréf hafi ekki ætíð verið skráð á nafn, valdi því, að ekki sé ljóst, hvaða fjárhæð það hefur að geyma. Ekki sé því um gilda uppboðsheimild að ræða skv. 1. gr. uppboðslaga.

Varnaraðili styður frávísunarkröfu sína þessum rökum:

Í fyrsta lagi: Það sé formsatriði, hvort uppboðshaldari hafi lagt réttan grundvöll undir uppboðsmálið. Spurning um form sæti frávísun og því kæru skv. 4. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt, en ekki sýknu og því áfrýjun. Þetta varði miklu um hugsanlegt framhald málsins.

Varnaraðili heldur því fram, að uppboðshaldari hafi farið rétt að við undirbúning og framkvæmd uppboðsins. Hvergi segi í uppboðslögum, að stefna beri sóknaraðila Kristínu með almennri auglýsingu. Engin þörf hafi verið á sérstakri tilkynningu til hennar, þar sem hún hafi fengið allar tilkynningar um uppboðið, enda hafi því ekki verið mótmælt.

Þá bendir varnaraðili á, að það hafi ekki einungis verið vanskilaástæður, sem heimiluðu uppboð, heldur einnig uppboðsmeðferð vegna eldri uppboðskröfu, sbr. ákvæði um það í veðskuldabréfinu, uppboðsheimildinni.

Í öðru lagi segir varnaraðili það ljóst vera, að Hilmar Þórarinsson sé eigandi skuldabréfsins og því aðili málsins. Sóknaraðilar hafi því enga lögvarða hagsmuni, a. m. k. ekki lengur, af því að fá úr þessu atriði skorið, sbr. 67. gr. einkamálalaga.

Hugleiðingar sóknaraðila um, að ekki sé ljóst, hvaða fjárhæð skuldabréfið hafi að geyma, hafi enga þýðingu hér, en gætu hins vegar komið til álita við úthlutun uppboðsandvirðis.

Varakröfu sína styður varnaraðili eftirfarandi rökum:

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðilar hagi kröfugerð sinni svo sem raun ber vitni, til þess að þeir eigi þess kost að áfrýja úrskurði réttarins, ef hann gengur þeim í óhag, og skapa sér þannig lengri greiðslufrest en með kæru.

Lögmaður varnaraðila tekur fram í greinargerð sinni, að því er hann segir, til að taka af allan vafa, að Hilmar Þórarinsson sé eigandi veðskuldabréfsins, sem sé uppboðsheimildin. Hafi hann falið sér innheimtu þess vegna vanskila sóknaraðila á greiðslum á því frá 1. september 1989. Það sé misskilningur hjá sóknaraðilum, að lögmaðurinn, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., sé aðili málsins. Ekki síst eftir bókun 24. september sl. hafi verið sýnt, að lögmaðurinn hafi farið með málið fyrir hönd Hilmars Þórarinssonar, og hafi þeirri bókun ekki verið mótmælt. Séu því engin rök til að bera þetta fyrir sig lengur.

Það sé viðurkennd fordæmisregla, að lögmönnum sé heimilt að höfða

mál í eigin nafni til innheimtu á kröfum, sem þeir hafi fengið framseldar til innheimtu. Vitnar varnaraðili bæði í fræðibækur og Hæstaréttardóma þessu til stuðnings. Skipti hér engu máli, hvort bréfið sé verðtryggt eða ekki.

Um málskostnaðarkröfuna segir lögmaður varnaraðila í greinargerð sinni, að hann komist ekki hjá því að gera kröfur um ríflegan málskostnað. Hafi hann þá í huga, að til þessa máls sé stofnað einvörðungu til að skapa greiðslufrest, og sé því í raun þarflaust, sbr. 2. og 3. mgr. 177. gr. einkamálalaganna. Tekur hann fram í þessu sambandi, að hann hafi farið fjórar ferðir frá Keflavík til Hafnarfjarðar út af máli þessu, 320 km á 24,85 kr. hvern km skv. opinberum aksturstaxta, auk hluta af dagpeningum skv. 29. gr. gjaldskrár LMFÍ.

Niðurstöður.

Uppboðshaldari lítur svo á, að hafna beri frávísunarkröfu varnaraðila. Styðst það við tvenn rök, annars vegar þau, að valdsvið uppboðshaldara til úrskurða er þröngt og einskorðast að jafnaði við þær dómsathafnir, sem hann hyggst framkvæma eða synja um framkvæmd á. Hins vegar er á það að líta, að krafa sóknaraðila um, að uppboð skyldi ekki fara fram, er fram komin í þinghaldi 24. september sl., en hvorki þá né í þinghaldi 8. október eða 22. október sl. krafðist varnaraðili þess, að kröfu sóknaraðila væri vísað frá, en samþykkti, að ágreiningur aðila yrði leystur í sérstöku uppboðsréttarmáli. Frávísunarkrafan er því of seint fram komin, sbr. 3. mgr. 110. gr. einkamálalaganna, og verður hún ekki tekin til greina.

Uppboðsþolum báðum, sóknaraðilum þessa máls, voru sendar lögmæltar tilkynningar um fyrra uppboð á fasteigninni Súlunesi 20, er fram fór 7. febrúar 1991, sbr. 3. mgr. 22. gr. uppboðslaga nr. 57/1949, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987. Auglýsing um uppboðið birtist í DV 2. febrúar 1991.

Áður en uppboðsmálið var þingfest 30. nóvember 1990, var sú fyrirtekt auglýst þrisvar í Lögbirtingablaði skv. 1. mgr. 22. gr. uppboðslaga. Sá annmarki var að vísu á auglýsingunum, að Einar Hjaltason einn var þar sagður þinglýstur eigandi, en sá annmarki hefur ekki valdið sóknaraðila Kristínu Hilmarsdóttur neinum réttarspjöllum.

Í þinghaldi 24. júní 1991 var mætt af hálfu uppboðsþolanna og í öllum þinghöldum eftir það. Í þinghaldi 3. september mætir fyrir uppboðsþolana Einar Hjaltason og leggur fram skriflega beiðni um frest á öðru og síðara uppboði, en af öðrum ástæðum en sóknaraðilar bera nú fram til stuðnings kröfu um niðurfellingu uppboðs. Hvorki í þinghaldi 24. júní né 3. september gera sóknaraðilar athugasemdir við málsmeðferðina. Þær koma fyrst fram í skriflegum mótmælum lögmanns sóknaraðila, sem dagsett eru 11. september og lögð voru fram í uppboðsréttinum 24. september, þegar

skammt var til þess, að fyrirhugað þriðja og síðasta nauðungaruppboð skyldi fara fram.

Samkvæmt framanrituðu eru ekki þeir gallar á meðferð málsins, að varðað geti niðurfellingu uppboðs, og ber að hafna hinni fyrri málsástæðu sóknaraðila.

Í uppboðsbeiðni varnaraðila er uppboðsbeiðandi sagður vera Vilhjálmur Þórhallsson hrl., en kröfuhafinn skv. veðskuldabréfinu, uppboðsheimildinni, er þar ekki nefndur sem slíkur.

Frestbeiðni sóknaraðila, sem lögð var fram 3. september, ber yfirskriftina: „Beiðni um frest í uppboðsréttarmálinu ..... Hilmar Þórarinsson gegn Kristínu Hilmarsdóttur og Einari Hjaltasyni". Sést af þessu, að sóknaraðilar hafa talið Hilmar Þórarinsson vera uppboðsbeiðanda. Í þinghaldi 24. september er athugasemdalaust bókað, að Vilhjálmur Þórhallsson sé mættur f. h. Hilmars Þórarinssonar. Í þinghaldi 8. október kom fram, að Vilhjálmur Þórhallsson hrl. væri uppboðsbeiðandi f. h. Hilmars Þórarinssonar, og í samræmi við það bókaði uppboðshaldari heiti málsins: Einar Hjaltason og Kristín Hilmarsdóttir gegn Vilhjálmi Þórhallssyni f. h. Hilmars Þórarinssonar. Hvorki þá né í síðari fyrirtektum málsins hefur af hálfu sóknaraðila verið gerð athugasemd við þá bókun. Uppboðshaldari lítur svo á, að með bókunum þessum hafi varnaraðili komið fram leiðréttingu á uppboðsbeiðni, og hafi hún verið honum heimil, enda ekki mótmælt, þegar er efni voru til.

Fallast ber á það með varnaraðila, að það sé fordæmisregla í íslenskum rétti, að lögmönnum sé rétt að höfða mál í eigin nafni til að innheimta kröfur, sem þeir hafa fengið framseldar til innheimtu. Lögmaður varnaraðila lagði í gær fram í réttinum innheimtuumboð frá umbjóðanda sínum, og er það ekki vonum seinna fram komið.

Samkvæmt því, er nú hefur verið ritað, missir síðari málsástæða sóknaraðila marks. En jafnvel þótt fallist væri á það með sóknaraðilum, að líta bæri á veðskuldabréfið sem óverðtryggt skuldabréf, væri það þó fullnægjandi uppboðsheimild.

Úrslit máls þessa verða þau, að hafnað verður kröfum sóknaraðila, og verður þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Súlunesi 20, Garðabæ, haldið, svo sem varnaraðili krefst, eftir nánari tímaákvörðun uppboðshaldara. Samkvæmt þeim úrslitum ber að úrskurða sóknaraðila til að greiða varnaraðilum málskostnað.

Eftirfarandi er athugavert við rekstur málsins af hálfu lögmanns sóknaraðila: Í þinghaldi 24. september sl. var ákveðið, að hann, Steingrímur Þormóðsson hdl., skyldi 8. október nk. leggja fram greinargerð f. h. uppboðsþola, sóknaraðila þessa máls. Þetta var bókað í uppboðsbók, svo að ekki mátti misskiljast. Í þinghaldi 8. október hafði lögmaðurinn greinargerðina

ekki tilbúna vegna misskilnings, að því er bókað var. Greinargerð sóknaraðila var lögð fram 22. október. Hún er að öllu því, er máli skiptir, samhljóða skriflegum mótmælum þeirra, er fram voru lögð 24. september. Nær mánaðarfrestur, sem þannig varð á framlagningu greinargerðar sóknaraðila, var því öldungis óþarfur. Með hliðsjón af þessu ber að taka að nokkru til greina kröfu varnaraðila um ríflegan málskostnað, og telst hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 120.000 kr. Dráttarvextir á málskostnað verða úrskurðaðir sem krafist er.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan, en hann fór með málið frá og með þinghaldi 8. október sl.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu varnaraðila er hafnað.

Fram skal fara þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Súlunesi 20, Garðabæ, þinglýstri eign sóknaraðila, Einars Hjaltasonar og Kristínar Hilmarsdóttur.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila, Vilhjálmi Þórhallssyni hrl. f. h. Hilmars Þórarinssonar, að viðlagðri aðför að lögum 120.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Föstudaginn 18. september 1992.

Nr. 298/1992. **Kolbrún Ólafsdóttir og**
Magnús Sigurðsson
gegn
Ásgeiri Olsen,
Gísla Jóni Höskuldssyni og
þinglýsingarstjóranum í Reykjavík.

Kærumál. Þinglýsing. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1992 samkvæmt heimild í 3. gr. þágildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978. Gögn málsins bárust Hæstarétti 7. júlí 1992. Meðal þeirra eru rökstuddar ástæður þinglýsingardómara, Bergþóru Sigmundsdóttur fulltrúa, fyrir úrlausn sinni, dags. 30. júní 1992.

Sóknaraðilar krefjast þess, að felld verði úr gildi frávísun þinglýsingardómarans í Reykjavík 15. janúar 1992 á afsali fyrir Dragavegi 9, Reykjavík, skjali nr. A 21964/1991, sem gefið var út til þeirra 12. september 1991 af varnaraðilanum Gísla Jóni Höskuldssyni. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi þinglýsingardómara.

Varnaraðili Ásgeir Olsen krefst þess, að hin kærða úrlausn verði staðfest og sóknaraðilum verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Hæstarétti hafa hvorki borist kröfur né athugasemdir frá varnaraðila Gísla Jóni Höskuldssyni.

Með kaupsamningi 24. júní 1987 seldi varnaraðili Ásgeir Olsen varnaraðila Gísla Jóni Höskuldssyni „byggingarlóðina nr. 9 við Dragaveg í Reykjavík ásamt einbýlishúsi, sem stendur á lóðinni (í veðmálabókum skráð sem Laugarásblettur 19)". Kaupsamningurinn var móttekinn til þinglýsingar 15. júlí 1987. Samkvæmt honum skyldi afsal gefið út 19. maí 1988.

Hinn 31. ágúst 1987 gerðu sóknaraðilar og varnaraðili Gísli Jón Höskuldsson með sér makaskiptasamning, þar sem hinn síðarnefndi selur sóknaraðilum „parhúsið nr. 9, merkt A, við Dragaveg í

Reykjavík (í veðmálabókum skráð sem Laugarásblettur 19) ásamt öllu því, er eigninni fylgir og fylgja ber (sjá nánar í skilalýsingu, dags. í dag, sem aðilar hafa undirritað), einnig ásamt tilheyrandi lóðarréttindum". Upp í kaupverðið skyldi varnaraðili Gísli Jón Höskuldsson taka fimm herbergja íbúð á efstu hæð hússins nr. 28 við Rauðalæk í Reykjavík. Makaskiptasamning þennan áritaði varnaraðili Ásgeir Olsen með ,,samþykki þingl. eiganda". Í framangreindri skilalýsingu, sem undirrituð var af sömu aðilum að undanskildum varnaraðila Ásgeiri Olsen, segir m.a.: ,,Seljandi er eigandi eignarinnar skv. kaupsamn., dags. 24/6 '87, og skuldbindur hann sig til að þinglýsa afsali fyrir eigninni fyrir hinn 1. júní 1988."

Vegna vanefnda varnaraðila Gísla Jóns Höskuldssonar gaf varnaraðili Ásgeir Olsen ekki út afsal fyrir hinni umræddu eign, eins og tilgreint var í kaupsamningi 24. júní 1988. Dómsmál vegna þessara viðskipta þeirra var rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á árinu 1988.

Hinn 12. september 1991 gaf varnaraðili Gísli Jón Höskuldsson út afsal til sóknaraðila fyrir húsinu ,,nr. 9 við Dragaveg í Reykjavík ásamt öllu því, er eigninni fylgir og fylgja ber, þ. m. t. tilheyrandi lóðarréttindi". Það var móttekið til þinglýsingar 1. október 1991, en vísað frá þinglýsingardómi með áritun 15. janúar 1992, ,,þar sem útgefanda brestur þinglýst afsal, sbr. 24. gr. l. nr. 39/1978".

II.

Sóknaraðilar reisa kröfur sínar einkum á því, ,,að þinglýstur eigandi að þeirri byggingarlóð, er hús þeirra stendur á, hafi á sínum tíma samþykkt með áritun á kaupsamning, að nefnt hús yrði reist, og jafnframt með árituninni gefið fyrirheit um, að lóðarréttindi myndu fylgja...". Þá telja þeir, ,,að með áritun á kaupsamninginn hafi þinglýstur lóðareigandi firrt sig rétti til þess að neita síðar um samþykki á afsali".

Af hálfu varnaraðila Ásgeirs Olsens er því haldið fram, að framangreindur makaskiptasamningur veiti sóknaraðilum ekki meiri rétt en varnaraðili Gísli Jón Höskuldsson hafði áður, og skipti áritun sín ekki máli við úrlausn þinglýsingardómara.

Í athugasemdum þinglýsingardómara til Hæstaréttar segir m. a.: ,,Aðilum mátti vera ljóst, að Ásgeir Olsen var lóðarhafi og þinglýstur eigandi eignarinnar að Dragavegi nr. 9 ... Samkv. 2. mgr.

7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 skal vísa skjali frá þinglýsingu, ef útgefanda þess brestur heimild til eignarinnar á þann veg, er skjalið greinir. Samkv. 1. mgr. 24. gr. sömu laga verður skjal eigi fært í fasteignabók, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign á þann veg, er í skjali greinir. Gísli Jón Höskuldsson er þinglýstur kaupsamningshafi að eignunum að Dragavegi 9 og 9 A. Áritun Ásgeirs Olsens á makaskiptasamn., dags. 31. ágúst 1987, kemur ekki í stað útgáfu afsals til Gísla Jóns Höskuldssonar. Með vísan til þessa var afsali, dags. 12. september 1991, vísað frá þinglýsingu."

III.

Ágreiningur málsins snýst um það, hvort áritun varnaraðila Ásgeirs Olsens á makaskiptasamning sóknaraðila og varnaraðila Gísla Jóns Höskuldssonar frá 31. ágúst 1987 eigi að hafa þau réttaráhrif gagnvart sóknaraðilum, að afsal þeirra sé, eins og nú horfir, tækt til þinglýsingar. Af niðurstöðu þess álitaefnis leiðir, hvort vísa beri hinu umdeilda afsali frá þinglýsingu eða ekki. Úr ágreiningi um þetta verður ekki skorið í þinglýsingarmáli. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

IV.

Það afsal, er mál þetta varðar, var móttekið til þinglýsingar 1. október 1991. Því var ekki vísað frá þinglýsingu fyrr en þremur og hálfum mánuði síðar, 15. janúar 1992. Þessi dráttur, sem var í andstöðu við skýr fyrirmæli 5. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, verður ekki réttlættur með önnum þinglýsingardómara eða sáttatilraunum, og ber að átelja hann.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. september 1992.

Nr. 268/1992. **Trésmiðjan Reynir sf.**

gegn

Íslandsbanka hf.,
Brunabótafélagi Íslands,
Byggðastofnun,
Iðnlánasjóði,
innheimtumanni ríkissjóðs á Akureyri,
Lífeyrissjóði trésmiða á Akureyri og
veðdeild Íslandsbanka hf.

Kærumál. Nauðungarsala. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní sl. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Málið hefur verið sótt og varið skriflega.

Sóknaraðili krefst þess, að annað og síðara uppboð á fasteigninni Furuvöllum 1 á Akureyri, sem fram fór í uppboðsrétti Akureyrar 29. maí sl., verði fellt úr gildi „og málinu vísað heim til réttrar og löglegrar meðferðar".

Af hálfu varnaraðilanna Brunabótafélags Íslands, Iðnlánasjóðs og veðdeildar Íslandsbanka hf. er krafist staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu annarra varnaraðila eru ekki gerðar kröfur fyrir Hæstarétti.

Hinn 18. október 1991 var tekin fyrir í uppboðsrétti Akureyrar beiðni varnaraðilans Íslandsbanka hf. um nauðungaruppboð á fasteigninni Furuvöllum 1 á Akureyri, eign sóknaraðila. Nauðungaruppboð þetta hafði verið auglýst í 103., 109. og 117. tölublaði Lögbirtingablaðs 1991. Við þingfestingu málsins og í síðari þinghöldum voru lagðar fram uppboðsbeiðnir annarra varnaraðila. Málinu var frestað til 29. nóvember s. á. Fór þá fram sölutilraun, en síðan var málinu frestað til 7. febrúar 1992. Þá var málinu frestað

til 3. apríl s. á., en þann dag var því frestað til 29. maí s. á. Í þinghaldi þann dag fór fram annað og síðara uppboð. Að lokinni sölutilraun var málinu frestað til 24. júní, er þriðja og síðasta uppboð skyldi fara fram, en áður en til þess kæmi, skaut sóknaraðili öðru og síðara uppboði til Hæstaréttar.

Sóknaraðili reisir kröfu sína í málinu í fyrsta lagi á því, að sér hafi verið sýnd óbilgirni af hálfu þeirra varnaraðila, er synjað hafi beiðni hans um frestun málsins „til hausts" í þinghaldi 29. maí. Málinu hafði, er hér var komið, verið frestað fjórum sinnum á rúmlega sjö mánuðum. Af hálfu sóknaraðila var ekki sótt þing fyrr en í þinghaldi 29. maí. Málsástæða þessi er ekki tæk.

Í öðru lagi reisir sóknaraðili kröfu sína á því, að í dagblaðsauglýsingu, er annað og síðara uppboð var auglýst, hafi ekki verið minnst á, að auk Furuvalla 1 væru vélar og tæki uppboðsandlag.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að á fyrrgreindu uppboði hafi verið leitað tilboða í vélar og tæki. Þegar af þeirri ástæðu hefur þessi málsástæða ekki við rök að styðjast.

Í þriðja lagi reisir sóknaraðili kröfu sína á því, að í þinghaldi uppboðsréttar, er fram átti að fara þriðja og síðasta uppboð á eigninni, sé nafn sóknaraðila skráð í uppboðsbók Trésmiðjan Reynir sf., enda þótt firmaheiti hans sé Reynir hf.

Samkvæmt veðbókarvottorði, sem liggur frammi í málinu, er þinglesinn eigandi Furuvalla 1 á Akureyri Trésmiðjan Reynir sf. Er þessi málsástæða sóknaraðila því haldlaus.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, hefur krafa sóknaraðila í málinu við engin haldbær rök að styðjast, og er auðsætt, að málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar í þeim tilgangi einum að hamla gegn eðlilegum framgangi þess í uppboðsrétti. Ber að átelja þetta.

Rétt er, að sóknaraðili greiði þeim varnaraðilum, sem tilgreindir eru í dómsorði, kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eins og þar greinir.

Dómsorð:

Dómkrafa sóknaraðila, Trésmiðjunnar Reynis sf., er ekki tekin til greina.

Sóknaraðili greiði varnaraðilunum Brunabótafélagi Íslands, Iðnlánasjóði og veðdeild Íslandsbanka hf. 30.000 krónur hverjum í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Föstudaginn 18. september 1992.

Nr. 154/1991. **Friðrik Magnússon**
gegn
Eggerti Hafsteini Margeirssyni og
Sólveigu Adamsdóttur.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Uppboðsheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. apríl 1991, og varnaraðilar gagnáfrýjuðu málinu með stefnu 17. sama mánaðar. Málið sætir nú kærumeðferð samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Sóknaraðili krefst þess, að fram fari nauðungarsala á íbúð í húsinu nr. 13 við Skógarás í Reykjavík, sem nánar tiltekið er fimm herbergja íbúð á 2. hæð (03-01), eign gerðarþola, Þrastar Harðarsonar, samkvæmt kaupsamningi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti að viðbættum virðisaukaskatti.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar með þeirri breytingu, að málskostnaður í héraði verði dæmdur í samræmi við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti. Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi sóknaraðila.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, seldi sóknaraðili Þresti Harðarsyni íbúð sína í húsinu nr. 13 við Skógarás í Reykjavík með kaupsamningi 22. maí 1986. Sóknaraðili hafði eignast íbúð þessa 30. mars sama ár, en eignarheimild hans var ekki þinglýst fyrr en 13. apríl 1988. Kaupsamningi sóknaraðila og Þrastar Harðarsonar var ekki þinglýst fyrr en 30. nóvember 1989. Rúmum mánuði eftir, að Þröstur keypti eignina, þ.e. 29. júní 1986, seldi hann varnaraðilum eignina, og var þeim kaupsamningi þinglýst 6. ágúst 1986.

Þröstur Harðarson stóð ekki í skilum við sóknaraðila, sem höfðaði mál á hendur Þresti til efnda á kaupsamningi, og féll dómur

honum í vil 7. apríl 1988. Sóknaraðili gerði síðan fjárnám 8. september 1988 í eignarhluta Þrastar, og var fjárnáminu þinglýst á eignina 9. nóvember 1988 með þeirri athugasemd, að gerðarþola brysti þinglýsta eignarheimild.

Sóknaraðili óskaði uppboðs á eigninni, og var uppboðsauglýsing send varnaraðilum, sem mótmæltu nauðungarsölu. Hinn 5. júní 1989 gekk úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur um ágreininginn, og var kröfu sóknaraðila um nauðungarsölu hafnað. Sóknaraðili bað um endurupptöku fjárnáms 14. desember 1989, eftir að hann hafði látið þinglýsa kaupsamningnum milli sín og Þrastar Harðarsonar, en það var gert 30. nóvember 1989, eins og að framan greinir. Fjárnámsgerðin fór fram samkvæmt kröfu sóknaraðila í eignarhluta gerðarþola (Þrastar Harðarsonar) „í Skógarási 13 (03-01), sem hann á skv. kaupsamningi". Samkvæmt gögnum málsins verður ekki séð, að eftir kaupsamningnum eigi hann kröfu á öðru en söluverði íbúðarinnar. Nægir fjárnámsgerðin því ekki sem uppboðsheimild fyrir nauðungarsölu á fasteigninni.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Friðrik Magnússon, greiði varnaraðilum, Eggerti Hafsteini Margeirssyni og Sólveigu Adamsdóttur, samtals 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 26. mars 1991.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 12. þ. m.

Sóknaraðili er Friðrik Magnússon, nnr. 2462-7594, Kambsvegi 1, Reykjavík

Varnaraðilar eru Eggert Hafsteinn Margeirsson, nnr. 1712-9562, og Sólveig Adamsdóttir, nnr. 8288-5218, Torfufelli 48, Reykjavík.

Krafa sóknaraðila er sú, að mótmælum varnaraðila verði hrundið og

fram fari nauðungarsala á fimm herb. íbúð á 2. hæð hússins nr. 13 við Skógarás í Reykjavík, merktri 03-01. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila, Eggerts Hafsteins Margeirssonar og Sólveigar Adamsdóttur, vegna þessa sérstaka uppboðsréttarmáls.

Af hálfu varnaraðila, Eggerts Hafsteins og Sólveigar Adamsdóttur, er þess krafist, að hafnað verði kröfu sóknaraðila um nauðungaruppboð á eigninni. Þá er þess krafist, að sóknaraðili verði úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar ásamt 24% virðisaukaskatti, þar sem varnaraðilar séu ekki virðisaukaskattsskyldir, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu.

II.

Málsatvik eru þessi:

Með kaupsamningi, dags. 1. apríl 1985, keypti sóknaraðili fimm herbergja íbúð á 2. hæð hússins nr. 13 við Skógarás í Reykjavík, sem nú er auðkennd 03-01, en íbúð þessi var í smíðum. Seljandi var Kristján Friðriksson húsasmíðameistari. Með samþykki aðila samningsins yfirtók Dögun sf. réttindi og skyldur seljanda 8. september 1985, og var þetta samkomulag áritað á kaupsamninginn. Eignarheimild Dögunar sf. var þinglýst á eignina 27. júní 1986.

Með kaupsamningi, dags. 22. maí 1986, seldi sóknaraðili íbúð þessa Þresti Harðarsyni. Af hálfu Dögunar sf. var áritað samþykki við sölunni. Samningi þessum var hins vegar ekki þinglýst fyrr en 30. nóvember 1990. Hinn 29. júní 1986 seldi hins vegar Þröstur Harðarson varnaraðilum, Eggerti Hafsteini Margeirssyni og Sólveigu Adamsdóttur, umrædda íbúð með samþykki þinglýsts eiganda hennar, Dögunar sf. Samningi þessum var þinglýst 6. júní 1986 á eignina. Í 1. gr. samningsins segir m. a.: „Kaupendum er kunnugt um, að Þröstur er ekki þinglýstur eigandi hins selda, heldur eru réttindi hans byggð á kaupsamningi hans og Friðriks Magnússonar, dags. 22. maí 1986, og liggur hann frammi við gerð þessa samnings, og hafa Eggert og Sólveig kynnt sér hann og hafa ekkert við hann að athuga. Þröstur ábyrgist að útvega áritun þinglýsts eiganda á þennan samning til staðfestingar samþykki sínu.“ Eftir því sem varnaraðilar halda fram, hefur slíkt samþykki aldrei verið ritað á kaupsamninginn.

Hinn 30. mars 1987 afsalaði Dögun sf. eigninni til sóknaraðila, sem þinglýsti skjalinu 13. apríl 1988.

Hinn 10. nóvember 1986 var gert samkomulag milli sóknaraðila annars vegar og allra varnaraðila hins vegar um skil á íbúðinni, en um það atriði hafði verið ágreiningur. Þar segir, að þar með sé jafnaður allur ágreiningur vegna skila á íbúðinni og fullar bætur komnar fyrir alla afhendingargalla. Samkvæmt því eigi enginn aðili þessa samkomulags frekari

kröfur á hendur öðrum aðila þess vegna hinnar seldu íbúðar eða viðskipta um hana.

Þrátt fyrir þetta samkomulag stóð Þröstur Harðarson eigi í skilum við sóknaraðila með hluta útborgunargreiðslna samkvæmt kaupsamningi. Sóknaraðili höfðaði mál á hendur Þresti vegna þessa, og féll dómur honum í vil 7. apríl 1988. Í kjölfar birtingar dómsins gerði sóknaraðili fjárnám „í eignarhluta Þrastar í Skógarási 13, Reykjavík". Fjárnámi þessu þinglýsti sóknaraðili á eignina 9. nóvember 1988, og fór þinglýsing fram með þeirri athugasemd, að gerðarþola brysti þinglýsta eignarheimild.

Með uppboðsbeiðni, dags. 4. nóvember 1988, óskaði sóknaraðili uppboðs á eigninni á grundvelli áðurgreinds fjárnáms. Mótmæli komu fram af hálfu Eggerts Hafsteinssonar og Sólveigar Adamsdóttur, og 5. júní 1989 var kveðinn upp úrskurður í uppboðsrétti Reykjavíkur, þar sem kröfu sóknaraðila um nauðungarsölu á íbúðinni var hafnað.

Með bréfi, dags. 14. desember 1989, óskaði lögmaður sóknaraðila eftir endurupptöku fjárnáms í fógetarétti Reykjavíkur. Í bréfi þessu segir, að fram komi í niðurstöðu úrskurðar uppboðsréttar frá 5. júlí 1989, að gert hafi verið fjárnám í skilyrtum, óþinglýstum rétti Þrastar Harðarsonar sem seljanda skv. kaupsamningi. Síðan segir í bréfinu:„Úr þessu hefur nú verið bætt, þar sem kaupsamningi, dags. 22. maí 1986, milli Friðriks Magnússonar og Þrastar Harðarsonar hefur nú verið þinglýst, sbr. hjál. kaupsamning."

Beiðni þessi var tekin fyrir í fógetarétti 14. desember 1989. Gerðarþoli, Þröstur Harðarson, var ekki mættur. Lýst var yfir fjárnámi að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda í „eignarhluta gerðarþola í Skógarási 13 (03-01), sem hann á skv. kaupsamningi". Á grundvelli fjárnámsins krafðist sóknaraðili síðan uppboðs á eigninni með uppboðsbeiðni, dags. 17. janúar 1990. Með bréfi, dags. 20. nóvember sama ár, mótmæltu varnaraðilar fyrirhugaðri sölu eignarinnar. Mótmæli þessi voru tekin fyrir í uppboðsrétti 15. janúar 1991, þar sem ákveðið var að reka um ágreiningin uppboðsréttarmál þetta.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að varnaraðilar þessa máls hafi eigi fengið áritun sóknaraðila á kaupsamning/makaskiptasamning, sem þau byggja rétt sinn á, né samþykki hans í nokkru formi, sem líta verði á sem forsendur þess, að formlegur eignarréttur geti stofnast þeim til handa. Varnaraðilar þessa sérstaka uppboðsréttarmáls séu eigi formlega réttir aðilar að uppboðsmáli því, sem stofnað hafi verið til með uppboðsbeiðni á dskj. nr. 1. Varnaraðilar séu ekki þinglýstir eigendur íbúðarinnar, heldur sóknaraðili. Eigandi hennar samkvæmt þinglýstum kaupsamningi sé uppboðsþoli, Þröstur Harðarson. Sóknaraðili hafi ekki gefið samþykki sitt til sölu eignarinnar til varnaraðila, hvorki sem rétthafi samkvæmt kaupsamningi né þinglýstur eigandi eignarinnar. Heimildarskjali varnaraðila sé

ekki þinglýst sem eignarheimild, heldur sem veði eða kvöð, samanber fram lagt veðbókarvottorð. Ekki hafi verið nauðsynlegt að senda varnaraðilum sérstakar tilkynningar eða auglýsingar um fyrirhugað uppboð á eigninni. Varnaraðilar séu í raun almennir kröfuhafar uppboðsþola, Þrastar Harðarsonar, sem eigi þurfi að senda sérstakar tilkynningar um fyrirhugað uppboð frekar en öðrum slíkum kröfuhöfum. Sönnunarbyrðin fyrir þeim staðhæfingum varnaraðila, að þeir eigi eignartilkall til eignarinnar, sem komi í veg fyrir, að umbeðið uppboð fari fram, hvíli með hliðsjón af gögnum málsins á varnaraðilum. Varnaraðilar hafi leitt að því rök, að þeir kunni að eiga kröfuréttindi á hendur uppboðsþola, Þresti Harðarsyni, á grundvelli kaupsamnings þeirra í milli, en það geri þá eigi aðila að uppboðsréttarmáli því, sem hér sé til umfjöllunar, en kunni á hinn bóginn að veita þeim tilkall til hluta uppboðsandvirðis við úthlutun þess.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur, dags. 5. júní 1989, sé res judicata, enda hafi þeim úrskurði ekki verið áfrýjað af hálfu sóknaraðila. Sóknaraðili sé í þessu máli að gera sömu kröfur og á sama eða sams konar grundvelli og þegar hafi verið úrskurðað um. Hann sé í raun að bera sama úrlausnarefni undir sama uppboðsréttinn. Uppboðsrétturinn sé bundinn af fyrri úrlausn sinni að þessu leyti til.

Í öðru lagi beri að hafna kröfum sóknaraðila á þeim grundvelli, að uppboðsauglýsingu hafi ekki verið beint að varnaraðila þrátt fyrir þinglýstan kaupsamning þeirra, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987.

Það fari ekki á milli mála, að sóknaraðila hafi verið um það kunnugt, að varnaraðilar hafi verið skráðir eigendur hinnar umdeildu íbúðar, er hann gerði fjárnám í meintum eignarhluta Þrastar Harðarsonar. Sóknaraðili hafi því við aðfarargjörðina 8. september 1988 og við endurupptöku þess fjárnáms vitað, að Þröstur Harðarson hafi löngu áður selt varnaraðilum íbúðina. Hann hafi því ekki verið í góðri trú, þegar hann hafi gert fjárnám í íbúð varnaraðila fyrir kröfum á hendur Þresti Harðarsyni. Fjárnámi þessu hafi aldrei verið hægt að þinglýsa án athugasemda. Það sé marklaust gagnvart varnaraðilum og geti aldrei orðið grundvöllur uppboðs á íbúð þeirra. Sóknaraðili hafi eingöngu beint uppboðskröfum sínum að Þresti Harðarsyni. Hann hafi hins vegar engum kröfum beint að varnaraðilum þrátt fyrir þá staðreynd, að þeir séu hinir raunverulegu eigendur eignarinnar samkvæmt þinglýstum kaupsamningi.

III.

Varnaraðilar, Eggert Hafsteinn Margeirsson og Sólveig Adamsdóttir, teljast aðilar málsins sem eigendur eignarinnar samkvæmt þinglýstum kaupsamningi, árituðum af þinglýstum eiganda eignarinnar.

Uppboðsheimild sóknaraðila er fjárnámsgerð, dags. 14. desember 1989. Sú fjárnámsgerð var ekki tiltæk við meðferð á uppboðsmálinu U-9/1989 milli sömu aðila. Er því ekki fallist á þá kröfu varnaraðila, að uppboðsréttur sé bundinn af þeim úrskurði í máli þessu.

Samkvæmt nefndri fjárnámsgerð var lýst yfir fjárnámi í eignarhluta Þrastar Harðarsonar í íbúð að Skógarási 13, Reykjavík, sem hann átti samkvæmt kaupsamningi, vegna skuldar hans við sóknaraðila. Fjárnámi þessu hefur ekki verið þinglýst á eignina.

Þröstur Harðarson seldi varnaraðilum, Eggerti Hafsteini og Sólveigu Adamsdóttur, 29. júní 1986 rétt þann, er hann átti til umræddrar íbúðar, og var samningurinn áritaður um samþykki af þáverandi þinglýstum eiganda íbúðarinnar, Dögun sf. Samningi þessum var þinglýst á eignina 6. ágúst 1986. Með þinglýsingu kaupsamningsins tryggðu kaupendur rétt sinn gegn skuldheimtumönnum Þrastar Harðarsonar.

Hinn 13. apríl 1988 þinglýsti sóknaraðili eignarheimild sinni að eigninni og 30. nóvember 1990 kaupsamningi milli hans og Þrastar Harðarsonar.

Líta verður svo á, að fjárnám sóknaraðila hafi verið gert í skilyrtum, síðar þinglýstum, rétti Þrastar Harðarsonar sem seljanda skv. kaupsamningnum milli Þrastar Harðarsonar annars vegar og Eggerts Hafsteins og Sólveigar Adamsdóttur hins vegar um íbúðina að Skógarási nr. 13, Reykjavík. Uppboð á slíkum rétti seljanda skv. kaupsamningi getur ekki verið grundvöllur uppboðs á fasteigninni sem slíkri, heldur einungis þeim réttindum, sem seljandinn á yfir eigninni. Í máli þessu er ómótmælt, að varnaraðilar hafa staðið Þresti Harðarsyni full skil á greiðslu kaupverðs íbúðarinnar samkvæmt kaupsamningi þeirra í milli.

Ber þegar af því, sem hér að framan hefur verið rakið, að synja um umbeðið uppboð.

Eftir þessari niðurstöðu ber sóknaraðila að greiða varnaraðila 35.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Friðriks Magnússonar, um nauðungarsölu á íbúð á 2. hæð, merktri 03-01, að Skógarási 13, Reykjavík, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum, Eggerti Hafsteini Margeirssyni og Sólveigu Adamsdóttur, 35.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum. Upphæð þessi ber dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá og með 15. degi eftir úrskurðardag.

Föstudaginn 18. september 1992.

Nr. 359/1992. **Ólafur Jónsson**
gegn
Sigurbirni Eiríkssyni.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1992, sem barst héraðsdómi Suðurlands samdægurs, en Hæstarétti 8. september sl. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að endurupptaka málið: Sigurbjörn Eiríksson gegn Ólafi Jónssyni. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða honum kærumálskostnað.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp á aukadómþingi Rangárvallasýslu 18. júní 1992 að aðilum málsins og lögmönnum þeirra fjarstöddum. Var í úrskurðinum hafnað kröfu lögmanns sóknaraðila um endurupptöku ofangreinds máls. Í beinu framhaldi af uppkvaðningu úrskurðarins kvað dómarinn upp dóm í málinu, þar sem fallist var á stefnukröfur varnaraðila.

Þar sem dómur var þannig genginn, gat hinn kærði úrskurður ekki einn sér sætt kæru samkvæmt 143. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991, heldur hlaut málskot til Hæstaréttar að fara eftir ákvæðum 151. gr., sbr. einnig 166. gr. sömu laga. Ber því að vísa kærumáli þessu ex officio frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ólafur Jónsson, greiði varnaraðila, Sigurbirni Eiríkssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður aukadómþings Rangárvallasýslu 18. júní 1992.

Mál þetta, sem þingfest var 19. júní 1991 og tekið til dóms 25. maí 1992, eftir að útivist varð af hálfu stefnda við aðalmeðferð, er höfðað af Sigurbirni Eiríkssyni, kt. 051224-3259, Kjarrvegi 3, Reykjavík, gegn Ólafi Jónssyni, kt. 030708-4239, Oddhóli, Rangárvallasýslu, með stefnu, birtri 27. maí 1991.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.000.000 kr. [með dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ. Til vara byggir stefndi á því, að hann eigi kröfu á hendur stefnanda til skuldajafnaðar á móti dómkröfum hans í málinu.

Á dómþingi í dag, sem boðað var til uppkvaðningar dóms í máli þessu, krafðist lögmaður stefnda endurupptöku málsins skv. 3. mgr. 118. gr. 1. 85/1936 og lagði fram læknisvottorð, dags. 26. maí 1992, þar sem stefndi er sagður óvinnufær með öllu frá þeim degi, og kvað lögmaður stefnda hann því ekki geta gefið nauðsynlega aðilaskýrslu í málinu.

Stefnandi mótmælti kröfu stefnda, þar sem lögmaður stefnda hefði ekki sannað, að hann hefði haft lögmæt forföll við aðalmeðferð skv. 3. og 4. mgr. 118. gr. 1. 85/1936, sbr. 7. mgr. 110. gr. s. l., og krafðist þess, að efnisdómur yrði kveðinn upp.

Krafðist lögmaður stefnda þá endurupptöku og úrskurðar um, hvort forföll stefnda, Ólafs Jónssonar, við aðalmeðferð 25. maí sl. hefði verið lögmæt.

— — —

Álit réttarins.

Útivist varð af hálfu stefnda við aðalmeðferð málsins 25. maí sl., þar sem hvorki stefndi né lögmaður stefnda sótti þing, en þar hefði lögmaður stefnda getað óskað eftir frestun aðalmeðferðar vegna forfalla aðila, sem nauðsyn bæri til, að gæfi aðilaskýrslu í málinu. Lögmaður stefnda hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi haft lögmæt forföll við aðalmeðferð málsins 25. maí sl. skv. 3. mgr., sbr. 4. mgr. 118. gr. 1. nr. 85/1936, sbr. 7. mgr. 110. gr. s. l.

Verður því að hafna kröfu stefnda um endurupptöku málsins.

Vegna embættisanna og fæðingarorlofs dómara dróst boðun dómþings til dómsuppsögu.

Úrskurð þennan kvað upp Þórir Haraldsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefnda um endurupptöku málsins er hafnað.

Þriðjudaginn 22. september 1992.

Nr. 91/1992. **Sameinaði lífeyrissjóðurinn**
gegn
Iðnlánasjóði.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Veð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 6. febrúar 1992 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir mál þetta nú meðferð kærumála.

Fram er komið, að 1. júní 1992 tók Sameinaði lífeyrissjóðurinn við öllum réttindum og skyldum Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Tekur Sameinaði lífeyrissjóðurinn því við sóknaraðild máls þessa.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði uppboðsréttar Garðakaupstaðar verði hrundið og honum breytt á þann veg, að allar kröfur sínar verði teknar til greina. Sóknaraðili krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt veðskuldabréfi 13. janúar 1984 veitti varnaraðili Stálvík hf. í Garðakaupstað lán, að fjárhæð 1.860.000 krónur, gegn veði í fasteign félagsins „...ásamt öllum vélum og tækjum tilheyrandi verksmiðju þeirri, er starfrækt er á eigninni, ásamt síðari endurnýjunum og viðaukum,...“, svo sem heimilt var samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 18/1887 um veð. Veðskuldabréfið var afhent embætti bæjarfógetans í Garðakaupstað 16. janúar 1984 til þinglýsingar og fært í fasteignabók næsta dag. Veðsetning þessi gekk framar veðsetningu Stálvíkur hf. til sóknaraðila, sem lýst er í hinum kærða úrskurði, þótt veðskjal varnaraðila væri ekki jafnframt skráð í lausafjárbók.

Við úrlausn framangreindra atriða hefur uppboðshaldari réttilega

metið staðreyndir þær, sem liggja fyrir í málinu, og ekki farið út fyrir dómsvald sitt, svo sem haldið er fram af hálfu sóknaraðila.

Heimildarákvæði 3. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1949 raskar ekki rétti varnaraðila í máli þessu.

Ákvæði 3. mgr. 32. gr. laga nr. 57/1949, sem sóknaraðili styður kröfu sína við, á ekki við hér.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 35.000 krónur í kærumálskostnað. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, greiði varnaraðila, Iðnlánasjóði, 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Garðakaupstaðar 7. nóvember 1991.

I.

Úrskurðarkröfur.

Mál þetta er tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 14. október 1991.

Sóknaraðili, Guðjón Ármann Jónsson hdl., Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, fyrir hönd Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða, Suðurlandsbraut 30, Reykavík, hefur gert kröfu um að fá greiddar 349.240 kr. af uppboðsandvirði Hancommander-MS-65-skurðarvélar ásamt búnaði í eigu þrotabús Stálvíkur hf. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts af honum skv. lögum nr. 50/1988.

Varnaraðili, Stefán Melsted hdl. fyrir hönd Iðnlánasjóðs, Ármúla 13 A, Reykjavík, gerir þær kröfur, að frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis verði staðfest og lagt til grundvallar í endanlegri úthlutun. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu auk virðisaukaskatts af honum skv. lögum nr. 50/1988.

Sáttaumleitanir dómarans báru ekki árangur.

II.

Málavextir.

Hinn 6. apríl 1991 var Hancommander-MS-65-skurðarvél ásamt búnaði seld á nauðungaruppboði að Lyngholti, Garðabæ, að kröfu Ingimundar Einarssonar hdl., skiptastjóra í þrotabúi Stálvíkur hf., og að kröfu sóknar-

aðila máls þessa. Til úthlutunar af uppboðsandvirði vélarinnar komu 349.240 kr., og var þeirri fjárhæð skv. frumvarpi að úthlutunargerð úthlutað Iðnlánasjóði á grundvelli elsta veðs. Á fundi, sem haldinn var 23. maí 1991 skv. 34. gr. uppboðslaga nr. 57/1949, mætti Sif Konráðsdóttir hdl. fyrir hönd sóknaraðila og mótmælti frumvarpi að úthlutunargerð. Hinn 4. júní 1991 var mál þetta þingfest vegna þessa ágreinings.

Í málsskjölum sóknaraðila kemur m. a. fram, að 3. júní 1985 var Stálvík hf. veitt lán úr Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða, að fjárhæð 844.000 kr., sem tryggt var með 32. veðrétti í fasteigninni Stálvík, lóð úr Lyngholti, Garðabæ, ásamt mannvirkjum og tækjum þeim tilheyrandi, en nánari tilgreining tækja fólst í áritun á skuldabréfið um, að Lífeyrissjóðnum væri veðsett með 1. veðrétti skurðarvél af gerðinni Hancommander-MS-65 ásamt tilheyrandi búnaði. Veðskuldabréfið var afhent til þinglýsingar, bæði hvað varðar fasteignina og vélina, 4. júní s. á. Var því þinglýst athugasemdalaust varðandi hvort tveggja að öðru leyti en því, að það var áritað um fjárnám, sem á fasteigninni hvíldi. Eftir að Stálvík hf. varð gjaldþrota 16. ágúst 1990 og ljóst var, að krafa þessi myndi ekki greiðast af uppboðsandvirði hinnar veðsettu fasteignar, sem seld var á nauðungaruppboði 27. nóvember 1990, var óskað eftir nauðungaruppboði á hinni veðsettu vél 2. apríl 1991.

Í málsskjölum varnaraðila kemur m. a. fram, að Iðnlánasjóður sé opinber fjárfestingarsjóður og um hann gildi lög nr. 76 frá 19. ágúst 1987. Seint á árinu 1983 samþykkti stjórn sjóðsins að veita fyrirtækinu Stálvík hf. lán úr sjóðnum, og var það afgreitt gegn veðbréfi, útg. af lántakanda 13. janúar 1987, upphaflega að fjárhæð 1.860.000 kr. Til tryggingar láninu var sjóðnum sett að veði fasteignin Stálvík, lóð úr landi Lyngholts, Garðakaupstað, ásamt öllum vélum og tækjum tilheyrandi verksmiðju þeirri, er starfrækt er á eigninni, ásamt síðari endurnýjunum og viðaukum. Lántakandi og veðsali skv. veðbréfi þessu var þinglýstur eigandi hinnar veðsettu fasteignar og þess, sem henni tilheyrði. Greiðslufall varð á veðbréfi þessu strax við fyrsta gjalddaga 15. júlí 1984, og hafi verið leitað eftir nauðungarsölu hinna veðsettu eigna í framhaldi af því. Við nauðungarsölu á fasteigninni 27. nóvember 1990 hafi eignin verið slegin Iðnlánasjóði á 35.000.000 kr. Ljóst sé, að ekkert hafi fengist upp í kröfu Iðnlánasjóðs skv. veðbréfinu við sölu fasteignarinnar, og því borið nauðsyn til að ganga eftir verði annarra veðsettra eigna, m. a. í eign þeirri, sem deilt er um úthlutun uppboðsverðs á í máli þessu. Vél þessi hafi verið eitt þeirra tækja, sem notað var í rekstri þeim, er fram fór í fasteigninni, sem veðsett hafði verið varnaraðila í þessu tilfelli, og hafi því verið gerð krafa um úthlutun uppboðsverðs nefndrar eignar.

— — —

IV.

Niðurstöður.

Málsaðila greinir á um það, hvort tilgreining veðs í veðskuldabréfi Iðnlánasjóðs, út gefnu 13. janúar 1984, fullnægi þeim ákvæðum, sem lög nr. 18/1887 um veð setja um veðsetningu. Málsástæða þessi kom fram hjá sóknaraðila í munnlegum málflutningi og sætti ekki andmælum sem of seint fram komin af hálfu varnaraðila. Í fyrrgreindu veðskuldabréfi segir um þetta atriði: „...veðset ég Iðnlánasjóði með 27. veðrétti Stálvík, lóðir úr landi Lyngholts, Garðakaupstað, ásamt öllum vélum og tækjum tilheyrandi verksmiðju þeirri, er starfrækt er á eigninni, ásamt síðari endurnýjunum og viðaukum...". Meginreglan samkvæmt lögum nr. 18/1887 kemur fram í 1. og 2. mgr. 4. gr. þeirra laga, svokölluð sérgreiningarregla. Frá fjármála- og viðskiptalegu sjónarmiði er regla þessi nauðsynleg, en einnig hefur verið talin nauðsyn á því að víkka regluna í vissum tilvikum, s. s. að veðsetja megi lausafé, sem ekki getur talist til fylgifjár fasteignar. Þannig segir m. a. í 6. gr. veðlaganna nr. 18/1887, að þeim, sem veðsetur verksmiðjur eða önnur iðnaðarhýsi, sé rétt að semja svo um, að vélar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni skuli fylgja fasteigninni. Ekki verður séð, að orðalag það, sem að framan greinir í veðskuldabréfi Iðnlánasjóðs, sé víðtækara en fram kemur í 6. gr. veðlaga nr. 18/1887, og því hefur ekki skort á sérgreiningu þess lausafjár, sem veð Iðnlánasjóðs nær til. Málsástæðu þessari er því hafnað.

Sóknaraðili leggur sérstaka áherslu á, að varnaraðili hafi ekki gætt birtingarreglna með því að þinglýsa ekki veðskuldabréfi sínu, eins og 1. mgr. 48. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 tiltekur, en þinglýsing sé forsenda þess, að veðbréf haldi gildi gagnvart samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins um veðsetta lausafjármuni, og gagnvart skuldheimtumönnum, eins og segir í 2. mgr. 48. gr. sömu laga. Óumdeilt er, að varnaraðili lagði veðskuldabréf sitt, sem er út gefið 13. janúar 1984, inn til þinglýsingar 16. janúar 1984, og bréfið var innfært í þinglýsingabók næsta dag á eftir. Einnig er óumdeilt, að sóknaraðili lagði veðskjal sitt, sem er út gefið 3. júní 1985, inn til þinglýsingar 4. júní 1985, og var bréfið innfært sama dag. Samkvæmt þessu er ljóst, að báðir málsaðilar hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem greinir í 1. mgr. 48. laga nr. 39/1978. Þegar skjal er afhent til þinglýsingar, þarf ekki að tilgreina við afhendingu, að óskað sé þinglýsingar í fasteignabók og lausafjárbók, heldur skal efni skjalsins skera úr um það, hvaða meðferð það fær hjá þinglýsingardómara. Að þessu leyti er enginn munur á aðstöðu aðila, enda þótt skjölin hafi fengið misjafna meðhöndlun í þinglýsingu og skjal Iðnlánasjóðs hvorki fært í lausafjárbók né athugasemd gerð í fasteignabók. Í 18. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 er tekið á tilvikum sem þessum, en sú grein fjallar um áreiðanleik þinglýs-

ingabóka á jákvæða vísu, þ.e., að hvaða marki menn megi almennt treysta því, að þinglýst skjöl séu réttilega færð í þinglýsingabók. Í greinargerð með 18. gr. í frumvarpi með lögunum segir m.a.:„samkvæmt greininni geti menn ekki fulltreyst þessu. Aðalreglan sé sú, að það sé skjalið sem slíkt, en ekki greining þinglýsingardómara, sem hér skeri úr. Ef veðbréf, sem A á, hefur t.d. verið afhent til þinglýsingar, en dómara hefur láðst að færa það í þinglýsingabók ..., þá er það meginreglan, að maður sá, B, sem skiptir við þinglýstan eiganda og treystir þinglýsingabók, verður allt að einu að sæta þeirri mótbáru, að veðréttindi samkv. greindu veðskjali A hvílir á eign. A nýtur hins vegar réttar síns óskerts". Í tilvikum sem þessum geta þinglýsingalögin um leiðir, sem síðari veðhafar geta leitað, s. s. að fá dóm fyrir því, að fyrri veðhafi skuli víkja, sbr. 18. gr. laganna, eða bætur á grundvelli 49. gr. laganna. Þær leiðir eiga ekki við í máli þessu, og því mun málsástæða sóknaraðila á grundvelli þess, sem að framan greinir, ekki ná fram að ganga.

Þá hefur sóknaraðili byggt mál sitt á því í munnlegum málflutningi, án þess að varnaraðili hafi borið því við, að málsástæðan sé of seint fram komin, að veðréttur varnaraðila í lausafé Stálvíkur hf. hafi fallið niður, vegna þess að ekki var krafist valkvæðs uppboðs á grundvelli 3. mgr. 14. gr. 1. nr. 57/1949, þegar fasteignir Stálvíkur hf. voru seldar á nauðungaruppboði 27. nóvember 1990. Byggir sóknaraðili á því, að veðréttindi varnaraðila hafi verið afmáð, þegar varnaraðili fékk afsal fyrir fasteignum Stálvíkur hf. Í 14. gr. laga nr. 57/1949 er gert ráð fyrir því, að fjárnámsveðhafar geti leitað þessarar leiðar, en nefnir ekki aðra. Út frá því mætti gagnálykta sem svo, að samningsveðhafar hafi ekki þessa heimild og þar með varnaraðili þessa máls. Hafi það verið ætlun löggjafans, að samningsveðhafar, sem tekið hafa veð í lausafé „ lögum samkvæmt", s. s. samkv. 6. gr. veðlaga nr. 18/1887, ættu þennan rétt, þá hefði honum verið í lófa lagið að orða ákvæðið á annan veg. Á móti má svo spyrja, af hverju aðfararveðhafar eigi að hafa rýmri rétt en samningsveðhafar, og því komi lögjöfnun vel til greina. Það sjónarmið sóknaraðila, að veðréttur varnaraðila hafi verið afmáður við sölu á fasteigninni, verður ekki talið ná fram að ganga í þessu máli. Ljóst er, að réttindi geti staðið áfram á eign þrátt fyrir sölu á nauðungaruppboði, s. s. þinglýstur leigusamningur. Á það tilvik reynir þó ekki í þessu máli, því að þrátt fyrir það að veðskuldabréf varnaraðila hafi verið afmáð úr fasteignabók, stendur þinglýstur réttur veðskuldabréfsins í lausafjárbók eftir sem áður. Á grundvelli þessa verður þessari málsástæðu hafnað, og þarf af þeim sökum ekki að skera úr um það, hvort lögjöfnun sé tæk eða ekki. Í annan stað má horfa til þess, hvernig framkvæmd málsins hefði orðið, ef varnaraðili hefði beðið um og fengið valkvætt uppboð. Ljóst er, að þeir, sem áttu rétt á úthlutun uppboðsandvirðis

fasteignanna, hefðu fengið úthutað af sameiginlegu uppboðsverði fasteigna og lausafjár, án þess þó að þeir hafi átt veðrétt í því lausafé, en slík niðurstaða er fráleit, nema allir veðhafar eigi svo víðtæk veðréttindi sem greinir í 6. gr. veðlaga nr. 18/1887.

Sóknaraðili byggir á því, að varnaraðili eigi ekki rétt á uppboðsandvirði vélarinnar á grundvelli þess, að hann hafi fengið fullnustu allra krafna sinna við kaup á fasteignum Stálvíkur hf., sem hafi verið keyptar langt undir matsverði eignanna, og því eigi lækkunarheimild 3. mgr. 32. gr. uppboðslaga nr. 57/1949 við. Aðila greinir á um það, hvort varnaraðili hafi fengið fullnustu krafna sinna eða ekki. Ekki verður skorið úr um það hér, hvort svo sé, heldur skorið úr um það, hvort 3. mgr. 32. gr. uppboðslaga nr. 57/1949 geti átt við í því tilviki, sem hér um ræðir. Þá ber á það að líta, að í fyrsta lagi á ákvæðið eingöngu við um þá, sem fengið hafa úthlutun, sbr. Hæstaréttardóma frá 1981, bls. 1398, en varnaraðili þessa máls var uppboðskaupandi, og þegar af þeirri ástæðu getur ákvæði þetta ekki átt við. Í öðru lagi á ákvæðið við um skuldunaut eða aðra þá, sem svara eiga til kröfu, og verður því ekki jafnað við sóknaraðila í þessu máli. Þó að sóknaraðila þessa máls verði jafnað við þá aðila, sem svara eiga til kröfu, þá segir í ákvæðinu, að „dómur" geti fært niður kröfu, og því beri þeim, sem svara á til kröfu, að höfða mál til lækkunar fyrir bæjarþingi. Þessari málsástæðu sóknaraðila er því hafnað.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á neina af málsástæðum sóknaraðila þessa máls, og ber því að staðfesta kröfu varnaraðila í uppboðsverð Hancommander-MS-65-skurðarvélarinnar.

Með hliðsjón af þeim úrslitum ber að ákvarða sóknaraðila málskostnað, sem hæfilegur þykir 30.000 kr. auk virðisaukaskatts, sbr. lög nr. 50/1988.

Bogi Hjálmtýsson fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða, að honum verði úthlutað uppboðsandvirði, 349.240 kr., vegna sölu á Hancommander-MS-65-skurðarvél ásamt búnaði í eigu þrotabús Stálvíkur hf.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 23. september 1992.

Nr. 395/1990. **Félagsbúið Ketilsstöðum**
gegn
Stofnlánadeild landbúnaðarins,
Búnaðarbanka Íslands,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
veðdeild Landsbanka Íslands,
Byggingarsjóði ríkisins,
Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og
Birni Guttormssyni.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. október 1990. Málinu var upphaflega áfrýjað 19. júní 1990, en féll niður vegna útivistar áfrýjanda við fyrirhugaða þingfestingu 1. október 1990. Því var enduráfrýjað á grundvelli 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Ketilsstöðum í Hjaltastaðaþinghá, Norður-Múlasýslu, sem fram fór 22. maí 1990, verði ómerkt og uppboðsmálinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðilar Stofnlánadeild landbúnaðarins og Búnaðarbanki Íslands krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs auk málskostnaðar fyrir uppboðsrétti og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu annarra varnaraðila eru ekki gerðar kröfur fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 1. september 1986 stofnuðu Halldór Gíslason, Gunnar Sigurðsson og Vilborg Sigurðardóttir félagsbú á jörðunum Ártúni

og Ketilsstöðum í Hjaltastaðaþinghá undir nafninu Félagsbúið Ketilsstöðum. Í 5. gr. samnings um félagsbúskapinn segir: „Hver aðili um sig ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsbúsins gagnvart þriðja aðila, en innbyrðis bera þeir jafna ábyrgð." Í 6. gr. er svofellt ákvæði: „Allir aðilar þurfa að samþykkja skuldbindingar og meiri háttar ákvarðanir vegna félagsbúsins, en einum aðila er hægt að veita umboð til að fara með daglegar fjárreiður búsins." Samkvæmt 10. gr. samningsins skyldi hann gilda til 31. ágúst 1987, en „framlengist sjálfkrafa í eitt ár, sé honum ekki sagt upp. Uppsögn skal vera skrifleg og með ársfyrirvara."

Sama dag og framangreindur samningur var gerður gaf Halldór Gíslason út byggingarbréf, þar sem hann byggir „Félagsbúinu Ketilsstöðum þinglýstar eignarjarðir mínar, Ketilsstaði og Ártún í Hjaltastaðahreppi, N.-Múlasýslu, frá og með 1. september 1986..." Í 5. gr. byggingarbréfsins segir svo: „Byggingarbréf þetta er í samræmi við samning um Félagsbúið Ketilsstöðum og fellur úr gildi, falli félagssamningurinn úr gildi."

II.

Með bréfi 6. október 1989 óskaði Stofnlánadeild landbúnaðarins nauðungaruppboðs á Ketilsstöðum á grundvelli sex veðskuldabréfa. Þingfesting málsins og fyrsta nauðungarsala fór fram 6. apríl 1990, en hvorki þá né við annað og síðara nauðungaruppboð 25. apríl sama ár var mætt af hálfu uppboðsþola eða rétthafa. Hið umdeilda þriðja og síðasta nauðungaruppboð fór fram 22. maí 1990. Uppboðshaldari var Lárus Bjarnason sýslumaður.

Í endurriti úr uppboðsbók þann dag segir meðal annars:

„Af hálfu uppboðsbeiðanda mæta: Ársæll Hafsteinsson lögfr. f. h. Búnaðarbanka Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Árni Halldórsson f. h. Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins og Byggingarsjóðs ríkisins, Bjarni Björgvinsson v/Brúnáss hf.

Af hálfu uppboðsþola mætir Einar Gautur Steingrímsson hdl. og uppboðsþoli, Halldór Gíslason.

Uppboðshaldari gætir hagsmuna ríkissjóðs.

Skjöl málsins nr. 1 - 21 liggja frammi.

Uppboðshaldari leggur fram...

Uppboðshaldari kynnir fram lögð skjöl. Veðmálabækur og söluskilmálar liggja frammi.

Uppboðshaldari lýsir eftir athugasemdum við framgang og framkvæmd uppboðsins, og koma þær ekki fram. Einar G. Steingrímsson hdl. upplýsir, að 10 hektarar af jörðinni séu ræktaðir af félagsbúinu.

Uppboðshaldari lýsir eftir boðum í eignina.

1. F. h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins býður Árni Halldórsson hrl. kr. 1.000.000.

2. F. h. Búnaðarbanka Íslands býður Ársæll Hafsteinsson og krefst útlagningar, kr. 2.500.000.

Fleiri boð koma ekki fram, og lýsir uppboðshaldari því yfir, að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari tekur sér lögmætan frest til þess að taka afstöðu til fram kominna boða."

III.

Sóknaraðili byggir kröfugerð sína á því, að misbrestur hafi orðið á undirbúningi og framkvæmd uppboðsins af hálfu uppboðshaldara, og því beri að ómerkja það. Í fyrsta lagi hafi tilkynningar vegna málsins aðeins verið sendar Halldóri Gíslasyni, en hvorki sóknaraðila sérstaklega né Gunnari Sigurðssyni eða Vilborgu Sigurðardóttur, svo sem skylt hafi verið samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, þar sem þau hafi verið þinglýstir rétthafar að eigninni á grundvelli byggingarbréfsins frá 1. september 1986, sbr. og 3. mgr. 38. gr. sömu laga. Í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti segir meðal annars: „...Halldór hafði ekki umboð frá þeim til að mæta fyrir Félagsbúið Ketilsstöðum. Það tengist því, hvernig félagsbúið starfar. Frá því að það var sett á stofn, hefur ekkert þremenninganna verið í forsvari fyrir félagið, heldur hafa þau ávallt þrjú saman skrifað firmað, sbr. ákvæði félagssamnings, 6. gr. ... Fyrir liggur því hreinræktað dæmi um félag um óskipta sameign, þar sem allir félagar verða að vera sammála um hverja einstaka ráðstöfun. Því má beina málsókn gegn hverjum sameigendanna í þessum félagsskap, persónulega eða fyrir hönd félagsins, vegna skuldbindingar félagsins. Þar sem Halldór og Einar Gaut Steingrímsson hdl. skorti umboð til að mæta fyrir áfrýjendur, Gunnar og Vilborgu, á uppboðinu, hafa þau ekki fengið að gæta réttar síns vegna Félagsbúsins Ketilsstaða."

Í öðru lagi segir sóknaraðili, að framlagningu skjala í uppboðs-

réttinum hafi verið ábótavant. Um þetta segir í greinargerð hans: „Í uppboðsgögnum (dómsgerðum) eru skjöl ýmist þingmerkt eða ekki, án þess að regla sé á þingmerkingum. Öll dómskjöl ber að þingmerkja, sbr. til hliðsjónar ákvæði 43. gr., 1. mgr. 2. málsl., laga nr. 85/1936."

Þá segir sóknaraðili í þriðja lagi, að þannig hafi „verið staðið ... að málum hjá uppboðsbeiðanda, Stofnlánadeild, að frumrit hinna sex veðskuldabréfa...hafi fyrst verið lögð fram við þriðju og síðustu sölu 22. maí 1990, en ljósrit látin duga við fyrri sölur. Málsmeðferð þessi er andstæð 6. gr., 1. mgr., uppboðslaganna in fine, þar sem tvær uppboðssölur hafi farið fram á grundvelli ljósrita".

Varnaraðilar andmæla sjónarmiðum sóknaraðila og segja, að ekki verði séð, að sóknaraðili, Félagsbúið Ketilsstöðum, glati nokkrum rétti, þótt uppboðið hafi farið fram og verði staðfest, en þar sem lögmaður sóknaraðila hafi engar athugasemdir gert á uppboðsstað, þar sem hann mætti með uppboðsþola, Halldóri Gíslasyni, séu kröfur hans of seint fram komnar. Lögmaðurinn hafi að vísu komið að þeirri athugasemd, að félagsbúið hefði ræktað 10 hektara lands, og bendi það til þess, að hann hafi þá verið að gæta hagsmuna sóknaraðila. Þá segja varnaraðilar, að ekki sé nauðsynlegt samkvæmt uppboðslögum að leggja frumrit skjala fram fyrr en við þriðja og síðasta nauðungaruppboð.

IV.

Það er óumdeilt í málinu, að uppboðsþoli, Halldór Gíslason, fékk tilkynningar frá uppboðshaldara um uppboðsbeiðnir og allar fyrirtökur málsins.

Samkvæmt samningi um félagsbúskap á Ketilsstöðum og Ártúni frá 1. september 1986 er Halldór Gíslason einn þriggja aðila búsins, er hver um sig ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum þess gagnvart þriðja manni. Þótt þeir þurfi allir samkvæmt samningnum að samþykkja skuldbindingar og meiri háttar ákvarðanir vegna félagsbúsins, girðir það ekki fyrir, að einn þeirra geti tekið á móti tilkynningum, er varða búið, og gætt hagsmuna þess við opinbera réttargerð. Halldór Gíslason var viðstaddur hið umdeilda uppboð og með honum lögmaður, er þar kom á framfæri athugasemd varðandi hagsmuni sóknaraðila. Þá höfðu þeir engar mótbárur uppi vegna

framgangs og framkvæmdar uppboðsins. Ekki verður séð, að sóknaraðili hafi orðið fyrir réttarspjöllum, þótt hann hafi ekki fengið sérstakar tilkynningar um uppboðsmálið, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987. Kröfur hans verða því eigi teknar til greina á þeim grundvelli, að lögmæltar tilkynningar hafi ekki verið sendar.

Á það verður ekki fallist, að framlagningu dómskjala í uppboðsrétti hafi verið ábótavant, en í ágrip málsins virðast fleiri skjöl tekin en þingmerkt hafa verið. Þá verður að skýra niðurlagsákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 svo, að nægjanlegt sé að leggja fram frumrit skjals við lokasölu fasteignar, enda hafi uppboðshaldari ekki krafist þess fyrr og aðilar uppboðsins ekki gert athugasemdir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður hið umdeilda uppboð staðfest.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum Stofnlánadeild landbúnaðarins og Búnaðarbanka Íslands óskipt 80.000 krónur í kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Ketilsstöðum í Hjaltastaðaþinghá, sem fram fór 22. maí 1990, er staðfest.

Sóknaraðili, Félagsbúið Ketilsstöðum, greiði varnaraðilunum Stofnlánadeild landbúnaðarins og Búnaðarbanka Íslands óskipt 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 23. september 1992.

Nr. 396/1990. **Félagsbúið Ketilsstöðum**
gegn
Stofnlánadeild landbúnaðarins,
Búnaðarbanka Íslands,
Trésmiðju Fljótsdalshéraðs og
Brúnási hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. október 1990. Málinu var upphaflega áfrýjað 19. júní 1990, en féll niður vegna útivistar áfrýjanda við fyrirhugaða þingfestingu 1. október 1990. Því var enduráfrýjað á grundvelli 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Ártúni í Hjaltastaðaþinghá, Norður-Múlasýslu, sem fram fór 22. maí 1990, verði ómerkt og uppboðsmálinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðilar Stofnlánadeild landbúnaðarins og Búnaðarbanki Íslands krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs auk málskostnaðar fyrir uppboðsrétti og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu annarra varnaraðila eru ekki gerðar kröfur fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 1. september 1986 stofnuðu Halldór Gíslason, Gunnar Sigurðsson og Vilborg Sigurðardóttir félagsbú á jörðunum Ártúni og Ketilsstöðum í Hjaltastaðaþinghá undir nafninu Félagsbúið Ketilsstöðum. Í 5. gr. samnings um félagsbúskapinn segir: „Hver

aðili um sig ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsbúsins gagnvart þriðja aðila, en innbyrðis bera þeir jafna ábyrgð.“ Í 6. gr. er svofellt ákvæði: „Allir aðilar þurfa að samþykkja skuldbindingar og meiri háttar ákvarðanir vegna félagsbúsins, en einum aðila er hægt að veita umboð til að fara með daglegar fjárreiður búsins.“ Samkvæmt 10. gr. samningsins skyldi hann gilda til 31. ágúst 1987, en „framlengist sjálfkrafa í eitt ár, sé honum ekki sagt upp. Uppsögn skal vera skrifleg og með ársfyrirvara“.

Sama dag og framangreindur samningur var gerður gaf Halldór Gíslason út byggingarbréf, þar sem hann byggir „Félagsbúinu Ketilsstöðum þinglýstar eignarjarðir mínar, Ketilsstaði og Ártún í Hjaltastaðahreppi, N.-Múlasýslu, frá og með 1. september 1986...“ Í 5. gr. byggingarbréfsins segir svo: „Byggingarbréf þetta er í samræmi við samning um Félagsbúið Ketilsstöðum og fellur úr gildi, falli félagssamningurinn úr gildi.“

II.

Með bréfi 5. október 1989 óskaði Stofnlánadeild landbúnaðarins nauðungaruppboðs á Ártúni á grundvelli tólf veðskuldabréfa. Þingfesting málsins og fyrsta nauðungarsala fór fram 6. apríl 1990, en hvorki þá né við annað og síðara nauðungaruppboð 25. apríl sama ár var mætt af hálfu uppboðsþola eða rétthafa. Hið umdeilda þriðja og síðasta nauðungaruppboð fór fram 22. maí 1990. Uppboðshaldari var Lárus Bjarnason sýslumaður.

Í endurriti úr uppboðsbók þann dag segir meðal annars:

„Af hálfu uppboðsbeiðanda mæta: Bjarni Björgvinsson hdl. f. h. Brúnáss og Ársæll Hafsteinsson lögfr. f. h. Búnaðarbanka Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Af hálfu uppboðsþola mætir Einar Gautur Steingrímsson hdl.

Uppboðshaldari gætir hagsmuna ríkissjóðs.

Skjöl málsins nr. 1 - 24 liggja frammi.

Uppboðshaldari leggur fram...

Uppboðsþoli leggur fram: nr. 40, bréf um framkvæmdir.

Uppboðshaldari kynnir fram lögð skjöl. Veðmálabækur og söluskilmálar liggja frammi.

Uppboðshaldari lýsir eftir athugasemdum við framgang og framkvæmd uppboðsins, og koma þær ekki fram. Bjarni Björgvinsson

hdl. gerir athugasemd við handhafabréf á 2. veðrétti, þar sem vafi sé um veðröð.

Uppboðshaldari lýsir eftir boðum í eignina.

1. F. h. Búnaðarbanka Íslands býður Ársæll Hafsteinsson lögfr. og krefst útlagningar, kr. 3.000.000.
2. F. h. Brúnáss hf. býður Bjarni Björgvinsson hdl. og krefst útlagningar, kr. 3.500.000.
3. F.h. Búnaðarbanka Íslands býður Ársæll Hafsteinsson lögfr. og krefst útlagningar, kr. 4.000.000.

Fleiri boð koma ekki fram, og lýsir uppboðshaldari því yfir, að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari tekur sér lögmætan frest til þess að taka afstöðu til fram kominna boða."

III.

Sóknaraðili byggir kröfugerð sína á því, að misbrestur hafi orðið á undirbúningi og framkvæmd uppboðsins af hálfu uppboðshaldara, og því beri að ómerkja það. Í fyrsta lagi hafi tilkynningar vegna málsins aðeins verið sendar Halldóri Gíslasyni, en hvorki sóknaraðila sérstaklega né Gunnari Sigurðssyni eða Vilborgu Sigurðardóttur, svo sem skylt hafi verið samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, þar sem þau hafi verið þinglýstir rétthafar að eigninni á grundvelli byggingarbréfsins frá 1. september 1986, sbr. og 3. mgr. 38. gr. sömu laga. Í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti segir meðal annars: „...Halldór hafði ekki umboð frá þeim til að mæta fyrir Félagsbúið Ketilsstöðum. Það tengist því, hvernig félagsbúið starfar. Frá því að það var sett á stofn, hefur ekkert þremenninganna verið í forsvari fyrir félagið, heldur hafa þau ávallt þrjú saman skrifað firmað, sbr. ákvæði félagssamnings, 6. gr... Fyrir liggur því hreinræktað dæmi um félag um óskipta sameign, þar sem allir félagar verða að vera sammála um hverja einstaka ráðstöfun. Því má beina málsókn gegn hverjum sameigendanna í þessum félagsskap, persónulega eða fyrir hönd félagsins, vegna skuldbindingar félagsins. Þar sem Halldór og Einar Gaut Steingrímsson hdl. skorti umboð til að mæta fyrir áfrýjendur,

Gunnar og Vilborgu, á uppboðinu, hafa þau ekki fengið að gæta réttar síns vegna réttinda Félagsbúsins Ketilsstaða í uppboðsandlaginu."

Í öðru lagi segir sóknaraðili, að framlagningu skjala í uppboðsréttinum hafi verið ábótavant. Um þetta segir í greinargerð hans: „Í uppboðsgögnum (dómsgerðum) eru skjöl ýmist þingmerkt eða ekki, án þess að regla sé á þingmerkingum. Öll dómskjöl ber að þingmerkja, sbr. til hliðsjónar ákvæði 43. gr., 1. mgr. 2. málsl., laga nr. 85/1936."

Þá segir sóknaraðili í þriðja lagi, að þannig hafi „verið staðið ... að málum hjá uppboðsbeiðanda, Stofnlánadeild, að frumrit hinna sex (svo) veðskuldabréfa...hafi fyrst verið lögð fram við þriðju og síðustu sölu 22. maí 1990, en ljósrit látin duga við fyrri sölur. Málsmeðferð þessi er andstæð 6. gr., 1. mgr., uppboðslaganna in fine, þar sem tvær uppboðssölur hafi farið fram á grundvelli ljósrita".

Varnaraðilar andmæla sjónarmiðum sóknaraðila og segja, að ekki verði séð, að sóknaraðili, Félagsbúið Ketilsstöðum, glati nokkrum rétti, þótt uppboðið hafi farið fram og verði staðfest, en þar sem lögmaður uppboðsþola hafi engar athugasemdir gert á uppboðsstað, séu kröfur hans of seint fram komnar. Þá segja varnaraðilar, að ekki sé nauðsynlegt samkvæmt uppboðslögum að leggja frumrit skjala fram fyrr en við þriðja og síðasta nauðungaruppboð.

IV.

Það er óumdeilt í málinu, að uppboðsþoli, Halldór Gíslason, fékk tilkynningar frá uppboðshaldara um uppboðsbeiðnir og allar fyrirtökur málsins.

Samkvæmt samningi um félagsbúskap á Ketilsstöðum og Ártúni frá 1. september 1986 er Halldór Gíslason einn þriggja aðila búsins, er hver um sig ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum þess gagnvart þriðja manni. Þótt þeir þurfi allir samkvæmt samningnum að samþykkja skuldbindingar og meiri háttar ákvarðanir vegna félagsbúsins, girðir það ekki fyrir, að einn þeirra geti tekið á móti tilkynningum, er varða búið, og gætt hagsmuna þess við opinbera réttargerð. Lögmaður Halldórs Gíslasonar var viðstaddur hið umdeilda

uppboð og lagði fram bréf um framkvæmdir sóknaraðila, að því er virðist, á jörðinni Ártúni og eignarhald Gunnars Sigurðssonar á eftirfarandi: „Losunarbúnaður við turn. 1/3 mjaltakerfis í fjósi. Mjólkurtankur." Þá hafði hann engar mótbárur uppi vegna framgangs og framkvæmdar uppboðsins. Ekki verður séð, að sóknaraðili hafi orðið fyrir réttarspjöllum, þótt hann hafi ekki fengið sérstakar tilkynningar um uppboðsmálið, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987. Kröfur hans verða því eigi teknar til greina á þeim grundvelli, að lögmæltar tilkynningar hafi ekki verið sendar.

Á það verður ekki fallist, að framlagningu dómskjala í uppboðsrétti hafi verið ábótavant, en í ágrip málsins virðast fleiri skjöl tekin en þingmerkt hafa verið. Þá verður að skýra niðurlagsákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 svo, að nægjanlegt sé að leggja fram frumrit skjals við lokasölu fasteignar, enda hafi uppboðshaldari ekki krafist þess fyrr og aðilar uppboðsins ekki gert athugasemdir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður hið umdeilda uppboð staðfest.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum Stofnlánadeild landbúnaðarins og Búnaðarbanka Íslands óskipt 80.000 krónur í kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Ártúni í Hjaltastaðaþinghá, sem fram fór 22. maí 1990, er staðfest.

Sóknaraðili, Félagsbúið Ketilsstöðum, greiði varnaraðilunum Stofnlánadeild landbúnaðarins og Búnaðarbanka Íslands óskipt 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 23. september 1992.

Nr. 352/1992. **Íslandsbanki hf.**

gegn

Árna Sigurðssyni.

Kærumál. Gjaldþrotalög. Varnarþing. Birting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. ágúst sl. með heimild í 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sbr. 179. gr. sömu laga, og með vísan til laga um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að fallist verði á kröfu sína um töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi varnaraðila fyrir skiptarétti og Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í dómi Hæstaréttar 16. mars sl. kemur fram, að varnaraðili hafi átt heimili á Ísafirði á frestdegi 12. júlí 1990, er krafa um gjaldþrotaskipti á búi hans barst skiptaráðandanum á Ísafirði. Birting tilkynningar um kröfu þessa samkvæmt 2. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 taldist hins vegar vera ófullnægjandi, og var úrskurður skiptaráðanda 12. nóvember 1990 því felldur úr gildi með dóminum. Sóknaraðili ítrekaði kröfuna 20. mars 1992, enda þótt þess hafi ekki verið þörf, þar sem krafan hafði hvorki verið afturkölluð né henni hafnað.

Krafa sóknaraðila 12. júlí 1990 var réttilega send skiptaráðandanum á Ísafirði, þar sem varnaraðili átti heimili, sbr. 1. tl. 3. gr. gjaldþrotalaga, og var krafa 20. mars sl. það því einnig, sbr. 1. gr. tilskipunar frá 21. júní 1793, sbr. 95. gr. laga nr. 3/1878. Skiptaráðandi sendi varnaraðila tilkynningu í formi stefnu í símskeyti 30. mars sl. um fyrirtöku kröfunnar í skiptarétti Ísafjarðar 10. apríl sl., sbr. 102. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 92. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt þessu teljast bæði varnarþing og kvaðning varnaraðila til skiptaréttar vera fullnægjandi. Ber því að fella hinn kærða

úrskurð úr gildi og dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað í skiptarétti og kærumálskostnað, samtals 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Árni Sigurðsson, greiði sóknaraðila, Íslandsbanka hf., samtals 50.000 krónur í málskostnað í skiptarétti og kærumálskostnað.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 15. júní 1992.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. maí 1992, er þannig til komið, að með bréfi, dagsettu 20. mars 1992, beiddist Guðjón Á. Jónsson héraðsdómslögmaður þess fyrir hönd Íslandsbanka hf., Laugavegi 31, Reykjavík, með vísan til gjaldþrotaskiptabeiðni sama frá 12. júlí 1990, þar sem dómur Hæstaréttar í málinu nr. 14/1991 felldi úr gildi gjaldþrotaúrskurð skiptaráðandans á Ísafirði, dagsettan 12. nóvember 1990, að á ný yrði kveðinn upp úrskurður um fram komna gjaldþrotaskiptabeiðni á búi Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559. Jafnframt krafðist hann, að krafan um skipti yrði tilkynnt Árna Sigurðssyni með skeyti. Einnig sagði í bréfinu: „Krafa umbj. míns um gjaldþrotaskipti er byggð á sömu rökum og í upphafi, þ. e. á yfirlýsingu gerðarþola og árangurslausri löghaldsgerð og með vísan til 13. gr. laga nr. 6/1978. Auk þess liggja nú fyrir upplýsingar um, að Árni hafi farið af landi brott og dveljist nú í Bandaríkjum Norður-Ameríku, að því er ætla má, vegna skulda, ef litið er til kröfuskrár í gjaldþrotamáli hans. Dráttur á gjaldþrotaskiptum myndi valda umbj. mínum tjóni, þar sem um meintan riftanlegan gjafagerning er að ræða til eiginkonu hans. Er um þetta vísað til fram lagðra skjala í þrotamáli á Árna."

Bréf var sent 30. mars 1992 á heimilisfang Árna, en síðar tókst skiptaráðanda að afla upplýsinga um nýtt heimilisfang og sendi símskeyti á það heimilisfang, en ábyrgðarbréf á fyrra heimilisfang var endursent skiptaráðanda sem og ábyrgðarbréf, dagsett 31. mars 1992, sent á nýja heimilisfangið.

Sótt var þing af hálfu skiptastefnda við fyrirtöku málsins 10. apríl 1992, en þá mætti Arnar Geir Hinriksson hdl. vegna Haralds Blöndals hrl. og mótmælti, að úrskurður næði fram að ganga. Málið var skriflega flutt.

— — —

Niðurstaða.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 14/1991 16. mars 1992 var úrskurður

skiptaráðandans á Ísafirði frá 12. nóvember 1990 um töku bús Árna Sigurðssonar til skipta felldur úr gildi.

Krafist hefur verið nýs úrskurðar á sama grundvelli, og hafa skjöl málsins verið lögð fyrir réttinn. Deilt er um það, hvort heimilt sé að taka bú skiptastefnda til gjaldþrotaskipta á nýjan leik og þá væntanlega rifta hinum meinta riftanlega gjafagerningi hans til eiginkonu sinnar. Beiðni sú, sem hér er til umfjöllunar, er nægilega snemma fram komin til þess, að skilyrði 4. mgr. 1. gr. laga nr. 6/1978 væru uppfyllt.

Rétt verður að telja að taka málið fyrir í skiptarétti Ísafjarðar með vísan til forsögu þess og þess, að skiptastefndi sýnist hafa átt hér lögheimili um skeið. Skiptastefndi á nú hvorki lögheimili á Ísafirði né annars staðar á Íslandi, og virðist það samrýmast ákvæðum 1. og 2. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990, sbr. athugasemdir við 1. mgr. 3. gr. frumvarps til laga, sem síðar var samþykkt sem lög nr. 6/1978. Ekki hefur verið leitt í ljós, að skiptastefndi hafi dvalist hér á landi né verið hér staddur, sbr. 73. gr. laga nr. 85/1936, eftir að gjaldþrotabeiðnin kom fram.

Ekki verður talið, að 95. gr. laga nr. 3/1878, sem fjallar um skipti dánarbúa, eigi hér við.

Með áðurnefndum dómi Hæstaréttar féll úr gildi úrskurður skiptaráðanda, upp kveðinn 12. nóvember 1990, svo og allar eftirfarandi aðgerðir.

Þótt fyrirliggjandi beiðni grundvallist á löghaldsgerðinni, sem varð grundvöllur hinnar ógildu skiptameðferðar, er hún engu að síður ný beiðni, sbr. 4. tölulið 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, um nýja ósk eða kröfu um gjaldþrotaskipti. Krafan, sem hér liggur fyrir, er því ný, og tengsl við hina fyrri málsmeðferð fá engu breytt þar um.

Skiptastefndi á hvorki varnarþing á Íslandi né hefur þar með höndum atvinnurekstur. Ber því þegar að synja kröfu um, að bú Árna Sigurðssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta, með vísan til 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 6/1978, sbr. og tilskipun frá 21. júní 1793.

Ólafur Helgi Kjartansson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna embættisanna.

Úrskurðarorð:

Bú Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559, talið lögheimili að Fagraholti 12, Ísafirði, verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. september 1992.

Nr. 82/1992. **Þórir Bjarnason**
gegn
dánar- og félagsbúi
Ingibjargar Stephensen og
Stephans Stephensen.

Kærumál. Útburður. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu sóknaraðila hefur verið upplýst, að hann hafi vikið af jörðinni Grund í lok apríl sl., án þess að til hinnar fyrirhuguðu útburðargerðar kæmi. Svo sem fram kemur í úrskurði fógetaréttarins, höfðaði sóknaraðili mál á hendur varnaraðila til viðurkenningar á forkaupsrétti sínum að áðurnefndri jörð með stefnu 15. desember 1991, og var það mál þingfest á aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 31. janúar 1992.

Að svo komnu máli þykir sóknaraðili ekki hafa lögmæta hagsmuni af því, að kveðið verði á um réttmæti hinnar fyrirhuguðu útburðargerðar, og verður málinu því vísað frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Þórir Bjarnason, greiði varnaraðila, dánar- og félagsbúi Ingibjargar Stephensen og Stephans Stephensen, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. janúar 1992.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 24. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Ingibjörg Stephensen, kt. 080697-1558, Bjarkargötu 4, Reykjavík, vegna dánarbús Stephans Stephensen. Gerðarþoli er Þórir Bjarnason, kt. 070954-3039, Grund, Eyrarsveit.

Gerðarbeiðandi krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út af jörðinni Grund í Eyrarsveit og verði gert að greiða sér málskostnað fyrir fógetarétti vegna þessa máls.

Gerðarþoli krefst þess, að synjað verði um útburð, og krefst málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

— — —

Úrskurðarorð:

Umbeðin gerð nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. september 1992.

Nr. 350/1992. **Stefán Már Stefánsson**
gegn
innheimtumanni ríkissjóðs í Kjósarsýslu,
Landsbanka Íslands og
Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júlí 1992. Kæruheimild er í 3. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Kært er þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Sætúni I í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, þinglesinni eign sóknaraðila, er fram fór 29. júní 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að framangreint uppboð verði ómerkt og málinu „vísað heim til löglegrar meðferðar". Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Landsbanki Íslands krefst staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Aðrir varnaraðilar hafa ekki gert kröfur í málinu.

Hinn 24. janúar 1992 var tekin fyrir í uppboðsrétti Kjósarsýslu krafa Landsbanka Íslands um sölu framangreindrar fasteignar á nauðungaruppboði. Fyrsta uppboð fór fram 24. mars 1992, en annað og síðara 2. júní sama ár. Í þinghaldi uppboðsréttar 29. júní, er þriðja og síðasta sala fór fram, voru boðnar í eignina 14.000.000 króna. Lauk þar með sölutilraun, og var boð þetta þegar samþykkt af uppboðshaldara. Í þessu þinghaldi var í fyrsta sinn sótt þing af hálfu sóknaraðila. Engum andmælum var hreyft gegn framkvæmd eða framgangi uppboðsins.

Eina ástæðan, sem tilgreind er af hálfu sóknaraðila fyrir kæru máls þessa til Hæstaréttar, er svohljóðandi: „...uppboðsauglýsing fullnægði ekki skilyrðum 1. tl. 22. gr. l. nr. 57/1949".

Varnaraðilinn Landsbanki Íslands reisir kröfur sínar í málinu á því, að eigi verði annað séð en uppboðsauglýsing hafi að öllu leyti

fullnægt skilyrðum laga, og eigi krafa sóknaraðila því ekki við rök að styðjast.

Jóhannes Ásgeirsson héraðsdómslögmaður fer með kærumál þetta af hálfu sóknaraðila. Hvorki hefur lögmaðurinn lagt fram gögn né fært fram nokkur rök til stuðnings þeirri málsástæðu, sem kæra málsins er reist á. Er bersýnilegt, að kæran er með öllu tilefnislaus og til hennar stofnað í þeim tilgangi einum að hamla gegn eðlilegum og réttmætum framgangi uppboðsmálsins. Ber að átelja þetta harðlega.

Rétt er eftir atvikum, að sóknaraðili greiði varnaraðilanum Landsbanka Íslands 60.000 krónur í kærumálskostnað. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Sætúni I í Kjalarneshreppi, sem fram fór 29. júní 1992, er staðfest.

Sóknaraðili, Stefán Már Stefánsson, greiði varnaraðila Landsbanka Íslands 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Föstudaginn 25. september 1992.

Nr. 67/1992. **Ólafur Hörður Sigtryggsson**
gegn
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Nauðungarppboð. Aðfinnslur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður „verði úr gildi felldur í heild sinni og kröfur kæranda fyrir héraðsdómi verði allar teknar til greina". Hann krefst og málskostnaðar úr hendi varnaraðila, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að kæranda og umboðsmanni hans, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, verði gert að greiða sér kærumálskostnað in solidum.

I.

Með beiðni 8. febrúar 1988 óskaði Útvegsbanki Íslands hf. eftir nauðungaruppboði á fasteigninni Hömluholti, Eyjahreppi, Hnappadalssýslu, þinglýstri eign sóknaraðila, á grundvelli veðskuldabréfs, út gefins 25. nóvember 1986 af Skipasmiðjunni Herði hf. til Útvegsbanka Íslands, sem verið hafði í vanskilum frá 1. maí 1987.

Meðferð máls þessa hófst á uppboðsþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 6. maí 1988. Uppboðsþoli mótmælti kröfum uppboðsbeiðanda, en með úrskurði, upp kveðnum 8. desember 1988, var ákveðið, að uppboðið skyldi fara fram. Uppboðsþoli áfrýjaði úrskurðinum til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi, og var málið þingfest í apríl og þá frestað. Útivist varð í október 1989, og var málið fellt niður. Uppboðsþoli áfrýjaði á nýjan leik og stefndi aftur Útvegsbanka Íslands hf. Málið var

þingfest í desember 1989 og frestað til mars 1990, en þá lauk málinu með því, að útivist varð aftur af hálfu áfrýjanda.

Hinn 29. maí 1990 var málið tekið fyrir í uppboðsréttinum, og skyldi nú sala fara fram. Þá komu enn fram mótmæli frá uppboðsþola og á því byggt, að Útvegsbanki Íslands hf. væri ekki réttur aðili málsins, og var krafist hafningar þess. Af hálfu uppboðsbeiðanda var lýst yfir því, að Íslandsbanki hf. hefði nú tekið við aðild málsins af Útvegsbanka Íslands hf. Málinu var þá frestað til 1. júní 1990, áður en úrskurður yrði upp kveðinn.

Málflutningur um fram komna hafningarkröfu fór þó ekki fram fyrr en 13. janúar 1992. Úrskurður var kveðinn upp 30. janúar 1992 um, að uppboðið skyldi fram fara, og var ákveðið, að uppboðið færi fram á eigninni 29. febrúar 1992. Uppboðsþoli áfrýjaði úrskurði þessum til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar sl., og er það úrskurður sá, sem hér liggur fyrir.

II.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að Íslandsbanki hf. eigi ekki aðild að uppboðinu og geti því ekki komið fram sem uppboðsbeiðandi. Veðskuldabréfið sé viðskiptaskjal, gefið út til Útvegsbanka Íslands, og beri skuldabréfið ekki með sér framsal til bankans.

Varnaraðili bendir á, að Útvegsbanki Íslands hf. hafi verið stofnaður með lögum nr. 7/1987, og samkvæmt 12. gr. laganna hafi hlutafélagsbankinn yfirtekið Útvegsbanka Íslands 1. maí 1987, og hafi Útvegsbanki Íslands þá jafnframt verið lagður niður. Samkvæmt 8. gr. laganna sé greiðslustaður skuldaskjala í eigu eða innheimtu hjá Útvegsbanka Íslands hjá hinum nýja hlutafélagsbanka, og nægi almenn opinber auglýsing til viðskiptavina til þess að gera þeim það kunnugt. Framsal skjala hafi á þennan hátt verið gert með lögum fyrir öll skjölin í einu. Á aðalfundi í Útvegsbanka Íslands hf. 1. ágúst 1989 hafi nafni bankans verið breytt í Íslandsbanka hf.

Varnaraðili bendir og á, að sóknaraðili hafi rekið á annan tug dómsmála gegn Íslandsbanka hf., sem öll snúist um sams konar skuldabréf, og hafi aldrei fyrr hreyft þessari málsástæðu. Ljóst sé, að sóknaraðili sé að valda óþarfadrætti á málinu af ásetningi og hafi uppi vísvitandi rangar kröfur. Þess vegna sé þess krafist, að umboðsmaður varnaraðila, Kristján Stefánsson hæstaréttarlög-

maður, sem taki þátt í þessum ávirðingum, verði dæmdur til greiðslu kærumálskostnaðar in solidum með honum eða einn sér skv. 4. tl. 131. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Stofnun Útvegsbanka Íslands hf. með lögum nr. 7/1987 var ótvírætt á því byggð, að hlutafélagsbankinn tæki við aðild að réttindum og skyldum hinnar fyrri bankastofnunar, án þess að framsals þyrfti við á einstökum eignum hennar. Skiptir engu fyrir sóknaraðila, hvort aðilaskiptanna væri getið á veðskuldabréfinu í máli þessu. Bankastarfsemi Útvegsbanka Íslands hf. var 1. janúar 1990 sameinuð starfsemi Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf. í hlutafélaginu Íslandsbanka. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Málsrök sóknaraðila eru sýnilega haldlaus og málskotið til þess eins fallið að tefja framgang nauðungarsölunnar. Þetta ber að átelja harðlega og dæma sóknaraðila og lögmann hans, Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmann, til þess að greiða varnaraðila sameiginlega kærumálskostnað, sbr. 1. og 4. tl. 131. gr. laga nr. 91/1991, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ólafur Hörður Sigtryggsson, og Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður greiði in solidum varnaraðila, Íslandsbanka hf., 90.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 30. janúar 1992.

Með bréfi, dags. 8. febrúar 1988, biður Garðar Garðarsson hrl. um, að jörðin Hömluholt í Eyjahreppi ásamt íbúðarhúsi, útihúsum og öðrum mannvirkjum á jörðinni verði boðin upp og seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu af stjórn Skipasmíðjunnar Harðar hf., nnr. 4459-3408, 25. nóvember 1986, til Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð 4.000.000 kr., bundið lánskjaravísitölu, 1517 stigum. Skuld samkvæmt bréfinu er tryggð með öðrum veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Hömluholtum í Eyjahreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þinglýstri eign Ólafs Harðar Sigtryggssonar, Álftárósi, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.

Uppboðsmálið var þingfest 6. maí 1988. Hinn 8. desember 1988 var kveðinn upp úrskurður í málinu um það, að uppboðið skyldi fara fram, en uppboðsþoli hafði mótmælt því, að uppboðið næði fram að ganga. Úrskurðinum var skotið til Hæstaréttar, sem kvað upp útivistardóm í málinu 2. október 1989. Við fyrirtöku málsins 29. maí 1990 var lagt fram bréf lögmanns uppboðsþola, þar sem þess er krafist, að uppboðið verði hafið og uppboðskostnaður felldur á uppboðsbeiðendur. Í sama þinghaldi var lagt fram bréf frá lögmanni uppboðsbeiðanda, þar sem hann krefst þess, að uppboðið fari fram tafarlaust. Málinu var þá frestað til 1. júní 1990, áður en ákvörðun yrði tekin um uppkvaðningu úrskurðar um fram komnar kröfur. Málinu var síðan frestað utan réttar til munnlegs málflutnings, en að ósk lögmanna aðila var munnlegum málflutningi frestað. Málið var síðan flutt munnlega 13. janúar 1992 um fram komna kröfu um hafningu uppboðsins og að því búnu tekið til dóms eða úrskurðar.

Kröfur uppboðsþola eru þær, að uppboðið verði hafið og sér dæmdur málskostnaður ásamt virðisaukaskatti úr hendi uppboðsbeiðanda, Útvegsbanka Íslands hf. Hann rökstyður kröfur sínar með því, að Útvegsbanki Íslands hf. sé ekki réttur aðili málsins, vegna þess að veðskuldabréf það, sem uppboðskrafan byggist á, sé gefið út til Útvegsbanka Íslands, en ekki Útvegsbanka Íslands hf. Formkröfur um viðskiptabréf valdi því, að kröfur samkvæmt þeim verði að miðast beint við orðalag þeirra. Umrætt veðskuldabréf sé ekki framselt Útvegsbanka Íslands hf., sem sé þar af leiðandi ekki eigandi bréfsins og geti því ekki verið aðili málsins.

Uppboðsbeiðandi gerir þær kröfur, að uppboðinu verði fram haldið og uppboðsþoli dæmdur til þess að greiða sér ríflegan málskostnað. Til rökstuðnings kröfum sínum bendir uppboðsbeiðandi á það, að með lögum nr. 7/1987 hafi Útvegsbanki Íslands hf. verið stofnaður, og samkvæmt 12. gr. þeirra laga hafi Útvegsbanki Íslands hf. yfirtekið Útvegsbanka Íslands frá og með 1. maí 1987. Teljist Útvegsbanki Íslands niður lagður frá og með þeim degi. Samkvæmt 8. gr. laganna sé greiðslustaður skuldaskjala í eigu Útvegsbanka Íslands hjá hinum nýja hlutafélagsbanka eftir yfirtöku hans á Útvegsbankanum, — enn fremur, að þegar uppboðsþoli í tvígang skaut málinu til Hæstaréttar, hafi lögmaður uppboðsþola talið Útvegsbanka Íslands hf. réttan aðila málsins. Af hálfu uppboðsbeiðanda var því einnig haldið fram í munnlegum málflutningi, að mótmæli uppboðsþola væru of seint fram komin.

Niðurstaða.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir mega, með tilvísun til laga nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, fallast á þann rökstuðning uppboðsbeiðanda, að Útvegsbanki Íslands hf. sé réttur

aðili málsins, og með stuðningi í því, að mótmæli uppboðsþola gegn framgangi uppboðsins komu ekki fram, fyrr en komið var að lokaþætti málsins, verða mótmæli uppboðsþola gegn framgangi uppboðsins ekki tekin til greina. Fallast ber því á kröfur uppboðsbeiðanda um framgang uppboðsins, og verður dagur til uppboðs, þriðja og síðasta, er fram fari á eigninni sjálfri, ákveðinn síðar. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að uppboðsþoli greiði uppboðsbeiðanda málskostnað í þessum þætti málsins, er þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Úrskurðarorð:

Uppboð á jörðinni Hömluholtum í Eyjahreppi ásamt íbúðarhúsi, útihúsum og öðrum mannvirkjum á jörðinni skal fara fram að kröfu uppboðsbeiðanda, Útvegsbanka Íslands hf., á eigninni sjálfri eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara.

Uppboðsþoli, Ólafur H. Sigtryggsson, greiði uppboðsbeiðanda, Útvegsbanka Íslands hf., 200.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Málskostnaður auk virðisaukaskatts greiðist innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför.

Mánudaginn 28. september 1992.

Nr. 307/1990. **Kaupfélag Árnesinga**
gegn
Mýrdalshreppi.

Kærumál. Nauðasamningar. Lögtak. Skattar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Hefur málið verið sótt og varið skriflega.

Kaupfélag Skaftfellinga var sameinað Kaupfélagi Árnesinga síðla árs 1990. Hefur hið síðarnefnda því tekið við aðild málsins.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað verði lögtaks fyrir kröfu varnaraðila í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

I.

Aðilar deila um það, hvort krafa varnaraðila til aðstöðugjalds vegna rekstrarársins 1988 hafi verið til orðin, þegar tilraun til nauðasamnings hófst 31. október 1988, eða í tæka tíð, áður en samningsgerðinni var lokið, svo að nauðasamningurinn taki til hennar og hún sé samningskrafa samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1924 um nauðasamninga.

II.

Aðstöðugjald er einn af tekjustofnum sveitarfélaga, sbr. V. kafla laga nr. 73/1980 um það efni, er í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli. Gjaldskyldir eru þeir, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélagi. Þeim ber að skila skattstjóra

með skattframtali sínu sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjaldstofn aðstöðugjalds er rekstrarkostnaður samkvæmt því, sem nánar segir í lögum. Aðstöðugjald er hundraðshluti af gjaldstofni eftir ákvörðun sveitarstjórnar og getur orðið hæstur 1,3%, sbr. d-lið 38. gr. fyrrnefndra laga. Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laganna ber sveitarstjórn að tilkynna skattstjóra ákvörðun sína um að nota heimild V. kafla laganna um innheimtu aðstöðugjalds og láta honum jafnframt samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjaldið skuli vera. Þessa tilkynningu ber samkvæmt 2. mgr. 41. gr. að senda eigi síðar en 31. mars. Skattstjóri leggur gjaldið á árlega. Gjalddagar eru 10 á ári, þar af fimm vegna fyrirframgreiðslu, sem er ákveðinn hundraðshluti af álögðu aðstöðugjaldi fyrra árs.

III.

Kaupfélagi Skaftfellinga var heimiluð greiðslustöðvun 25. ágúst 1988. Rekstri félagsins lauk endanlega í þeim mánuði. Beiðni um nauðasamning fylgdi áætlaður efnahagsreikningur, svo sem skylt var samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 19/1924. Miðaðist hann við 26. október sama ár. Þar voru opinber gjöld vegna ársins 1988 áætluð. Samkvæmt bréfi löggilts endurskoðanda Kaupfélags Skaftfellinga 8. apríl 1991 var aðstöðugjald innifalið í þeirri áætlun og nam 950.000 krónum. Hinn 2. febrúar 1989 lá fyrir efnahags- og rekstrarreikningur Kaupfélags Skaftfellinga fyrir rekstrarárið 1988. Í honum voru opinber gjöld 1989 einnig áætluð. Í fyrrnefndu bréfi endurskoðandans kemur fram, að aðstöðugjald innifalið í þeirri áætlun hafi numið 951.200 krónum. Mismunur á þeirri áætlun og álögðu gjaldinu frá hendi skattstjóra nem um 1,5%

Í þinghaldi í skiptarétti 14. febrúar 1989, er frumvarp að nauðasamningi var fyrst til meðferðar, var því haldið fram af hálfu Kaupfélags Skaftfellinga með skírskotun til ársreiknings þess, er samkvæmt framansögðu lá þá fyrir, að nauðasamningurinn tæki til kröfu varnaraðila vegna gjaldsins. Þessu var mótmælt af hálfu varnaraðila. Kom krafan því hvorki til álita né atkvæða, er nauðasamningnum var ráðið til lykta.

IV.

Krafa varnaraðila réðst annars vegar af því, hversu hár aðstöðugjaldsskyldur rekstrarkostnaður Kaupfélags Skaftfellinga var við lok

atvinnurekstrar félagsins 1988, en hins vegar af því, hvert álagningarhlutfall yrði notað við álagningu aðstöðugjaldsins. Gjaldstofninn mátti vera varnaraðila ljós, þegar endanlegur rekstrarreikningur félagsins, gerður af löggiltum endurskoðanda, lá fyrir í byrjun febrúar 1989, en á fyrsta fundi í skiptarétti 14. sama mánaðar lá ársreikningurinn frammi sem dómskjal. Gera mátti þá kröfu til varnaraðila, að fljótlega eftir það hlutaðist hann til um útreikning kröfunnar. Væri óvissa um hann á þeim tíma sökum þess, að álagningarhlutfall aðstöðugjalds hafði ekki verið ákveðið, gat varnaraðili tryggt rétt sinn við nauðasamninginn með því að beita hæsta leyfilegu álagningarhlutfalli. Krafan gat þá hugsanlega lækkað, en ekki hækkað, þegar álagningarhlutfallið hafði verið ákveðið.

V.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verður að líta svo á, að það hafi verið á valdi varnaraðila að sjá til þess, að krafa hans yrði í tæka tíð nægilega glögg til að fullnægja skilyrði þess, að hún yrði metin samningskrafa við nauðasamninginn. Samkvæmt því telst krafa varnaraðila til aðstöðugjalds úr hendi Kaupfélags Skaftfellinga vegna ársins 1988 hafa verið samningskrafa samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1924 og átt að greiðast eins og aðrar samningskröfur að 21 hundraðshluta. Ber því að synja kröfu varnaraðila um lögtak fyrir hinu á lagða aðstöðugjaldi umfram 21% af 965.478 krónum.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Kröfu varnaraðila, Mýrdalshrepps, um lögtak fyrir aðstöðugjaldi Kaupfélags Skaftfellinga, á lögðu 1989, umfram 21% af 965.478 krónum er hafnað.

Varnaraðili, Mýrdalshreppur, greiði sóknaraðila, Kaupfélagi Árnesinga, samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar hæstaréttardómara og Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Álagning aðstöðugjalds á árinu 1989 hafði ekki farið fram, er nauðasamningi við Kaupfélag Skaftfellinga lauk. Var því ekki á færi varnaraðila að lýsa kröfu um greiðslu þess við gerð nauðasamningsins. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Við teljum, að eftir atvikum sé rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Vestur-Skaftafellssýslu 29. júní 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. þ. m.

Gerðarbeiðandi, Mýrdalshreppur, gerir þá kröfu, að lögtak verði gert í eigum gerðarþola, Kaupfélags Skaftfellinga, til tryggingar vangoldnum og gjaldföllnum aðstöðugjöldum félagsins, á lögðum 1989, ásamt á föllnum og áfallandi dráttarvöxtum og kostnaði, þ. m. t. kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Kröfu sína sundurliðar sóknaraðili þannig:

Höfuðstóll, álagning 1989	kr.	965.478
Dráttarvextir pr. 10/5 1990	kr.	253.836
	kr.	1.219.314
Innheimtuþóknun skv. gjaldskrá LMFÍ	kr.	74.461
	Kr.	1.293.775

Gerðarþoli, Kaupfélag Skaftfellinga, gerir þá kröfu aðallega, að lögtakið nái ekki fram að ganga, og krefst að auki málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði skiptaréttar Vestur-Skaftafellssýslu 2. des. 1988 var gerðarþola, Kaupfélagi Skaftfellinga, veitt leyfi til að leita nauðasamninga með þeim hætti, er III. kafli laga 19/1924 greinir. Gerðarþoli hafði þá verið í greiðslustöðvun frá 25. ágúst s. á., en beðið um leyfi til nauðasamninga 31. okt. s. á.

Tilkynning ásamt innköllun til kröfuhafa um leyfi til nauðasamningatilrauna gerðarþola var birt í Lögbirtingablaðinu 16. des. 1988. Nauðasamningatilraunir höfðu síðan eðlilegan gang, og var samningur til nauðasamn-

inga gerðarþola staðfestur af skiptaráðanda 5. maí 1989, þannig, að almennum kröfuhöfum yrði greiddur 21 hundraðshluti krafna sinna.

Á skiptafundi 14. febr. 1989 hafði deiluefni það, sem hér er til umfjöllunar, verið borið upp, sbr. dskj. nr. 7, og lýsti þá lögmaður varnaraðila þeirri skoðun sinni, að aðstöðugjöld ársins 1988, sem þá voru ekki enn á lögð, ættu að falla undir ákvæði nauðasamningsins. Þeirri skoðun var mótmælt af hendi gerðarbeiðanda og málið lagt undir úrskurð skiptaráðanda. Í þinghaldi 20. mars 1989 tók skiptaráðandi síðan fram, að hann teldi ekki efni til að taka afstöðu til deiluefnisins, þar sem það lyti að því, hvort krafa, sem hefði ekki verið lýst, félli undir samningskröfur, og taldi deiluefnið ekki falla undir meðferð um nauðasamninga.

Aðstöðugjöld ársins 1988 voru síðan lögð á með úrskurði skattstjóra 29. júlí 1989, sem birtur var í 92. tbl. Lögbirtingablaðsins s. d. Lögtaksúrskurður var kveðinn upp fyrir gjöldum þessum 30. ágúst s. á. og birtur með lögformlegum hætti. Innheimtubréf var sent gerðarþola 16. nóv. 1989 og hann loks boðaður í fógetarétt Vestur-Skaftafellssýslu 7. maí 1990 til að þola lögtak fyrir aðstöðugjöldunum. Af hálfu gerðarþola var þá mætt og framgangi lögtaks mótmælt. Í framhaldi af því hafa báðir aðilar skilað greinargerð, og var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 13. þ. m.

III.

Málsástæður og lagarök gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að umþrættri kröfu gerðarbeiðanda um greiðslu aðstöðugjalda, á lagðra 1989, hafi ekki verið lýst fyrir skiptaráðanda vegna nauðasamninga varnaraðila, enda hafi krafan ekki verið til á þeim tíma. Krafan sé því ekki samningskrafa og falli ekki undir áðurnefnda nauðasamninga. Gerðarþola beri því að greiða hana að fullu auk á fallinna dráttarvaxta og kostnaðar. Gerðarbeiðandi segir aðstöðugjöld lögð á skv. lögum nr. 73/1980 og vísar um framkvæmd álagningar og innheimtu þeirra til 37., 43. og 44. gr. þeirra laga.

Geðarbeiðandi segir kröfu um aðstöðugjöld ekki hafa orðið til fyrr en við álagningu skattstjóra í júlí 1989, því að fyrr hafi gerðarbeiðandi ekki getað vitað fjárhæð gjaldanna, enda hafi þau ekki orðið gjaldkræf fyrr en þá.

Gerðarbeiðandi telur, að krafan sé ekki skildöguð í skilningi 8. tl. 12. gr. eða 25. gr. laga nr. 19/1924, því að hún hafi ekki verið til við upphaf nauðasamninga og hafi ekki orðið það, fyrr en aðstöðugjöld hafi verið á lögð af skattstjóra. Gerðarbeiðandi benti einnig á það í málflutningi sínum, að það sé skilyrði skildagaðrar kröfu, að hún sé til, að um hana sé vitað og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla, til að hún verði gjaldkræf, og eigi þetta ekki við um aðstöðugjöldin.

IV.

Gerðarþoli reisir kröfu sína um, að synja eigi um framgang lögtaks, á því, að gerðarbeiðandi sé vegna skattkröfu þessarar bundinn af margnefndum nauðasamningi. Gerðarþoli telur, að krafan hafi verið skildöguð í þeim skilningi, að skildaginn hafi ekki verið kominn fram, þegar nauðasamningurinn var staðfestur. Gerðarþoli vísar um það til 21. gr., sbr. 8. tl. 12. gr. laga nr. 19/1924 um nauðasamninga, sbr. og 47. og 43. gr. s. l. Gerðarþoli telur, að með því að skattstjóri Suðurlands hafi lagt aðstöðugjald á gerðarþola árið 1989, sem að stofni til hafi verið vegna veltu gerðarþola, áður en greiðslustöðvun hófst á árinu 1988, beri gerðarþola einungis að standa skil á 21 af hundraði af 965.478 kr., sem lagðar voru á gerðarþola. Gerðarþoli telur sig því eiga að greiða gerðarbeiðanda 202.750 kr., sem hann hafi reyndar þegar boðist til. Gerðarþoli telur, að greiðsla allrar umkrafinnar skuldar fæli í sér stórfellda mismunun milli almennra kröfuhafa.

Eins telur gerðarþoli, að allar aðstæður hafi verið til þess, er gerðarþoli hætti rekstri, að finna, hver aðstöðugjöldin ættu að vera. Gerðarþoli telur, að krafan verði til jafnóðum við reksturinn, en að skildaginn sé sá að leggja gjöldin á.

Loks benti gerðarþoli á, að krafa gerðarbeiðanda nyti ekki lögtaksréttar, heldur yrði að fullnægja henni með aðför í samræmi við úrskurðarorð með staðfestum nauðasamningi, að því er varðar þann 21 hundraðshluta kröfunnar, sem gerðarþoli segir gerðarbeiðanda eiga rétt á.

V.

Meginágreiningsefni málsaðila lýtur að því, hvort gerðarbeiðandi megi tryggja kröfu sína um greiðslu aðstöðugjalda, á lagðra 1989, með lögtaki eða ekki. En til að leysa úr því þykir verða að skera úr um það, hvort umþrætt aðstöðugjöld hafi fallið undir margnefnda nauðasamninga gerðarþola.

Ljóst er, að aðstöðugjöld eru skattur í merkingu 77. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, sem lagður er á skv. heimild í lögum nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Í þeim lögum er kveðið á um það, hvernig gjald þetta skuli reiknað út og á lagt. Ljóst er, að gerðarbeiðandi kemur þar hvergi nálægt, og gagnvart honum er allt óljóst um fjárhæð gjaldsins og yfirleitt, hvort um nokkurt gjald verður að ræða.

Gerðarbeiðandi á því ekki kröfu á hendur gerðarþola um greiðslu aðstöðugjalda, fyrr en skattstjóri hefur lagt þau á, og breytir þar engu um, þótt aðstöðugjöldin séu að einhverju leyti fyrirsjáanleg.

Í máli þessu liggur fyrir, að nauðasamningar gerðarþola voru staðfestir af skiptaráðanda 5. maí 1989; eins liggur fyrir, að umþrætt aðstöðugjald var ekki á lagt fyrr en í júlí s. á., og fyrr gat krafa gerðarbeiðanda á hendur gerðarþola ekki stofnast.

Samkvæmt framanrituðu verður ekki litið á aðstöðugjöld sem skildagaða kröfu í merkingu 8. tl. 12. gr. laga nr. 19/1924, því að til þess verður krafan að vera til, þótt skildagi sé ekki kominn.

Samkvæmt öllu framanröktu verður að telja, að aðstöðugjöld til sóknaraðila, á lögð árið 1989, falli ekki undir nauðasamninga varnaraðila.

VI.

Samkvæmt framangreindu eru aðstöðugjöld, á lögð 1989, að fjárhæð 965.478 kr., í vanskilum. Aðstöðugjöldin auk dráttarvaxta af þeim njóta lögtaksréttar skv. 44. gr. laga nr. 73/1980. Lögtak nær því fram að ganga fyrir 965.478 kr. auk dráttarvaxta til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 43. gr. s. l.

Rétt þykir, eins og mál þetta er vaxið, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Sigurður Gunnarsson, settur sýslumaður. Lögmaður gerðarbeiðanda var Ingimundur Einarsson, en lögmaður gerðarþola Árni Vilhjálmsson.

Úrskurðarorð:

Umbeðin lögtaksgerð í eignum Kaupfélags Skaftfellinga skal ná fram að ganga til tryggingar vangreiddum aðstöðugjöldum, á lögðum 1989, að fjárhæð 965.478 kr., auk dráttarvaxta til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 28. september 1992.

Nr. 72/1992. **Haraldur Jóhannsson**

gegn

Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Kærumál. Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. sama mánaðar. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Kæruefnið er lögtak, sem gert var í fógetarétti Reykjavíkur 5. nóvember 1991 að beiðni varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Mánagötu 11 í Reykjavík. Er það krafa sóknaraðila, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi og sér tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar á lögtaksgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með bréfi til borgarfógeta í Reykjavík 9. september 1991 fór lögmaður varnaraðila þess á leit, að gert yrði lögtak samkvæmt heimild í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 578/1982 um sama efni, sbr. og lög nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, í eignum sóknaraðila til tryggingar vangoldinni afborgun af námsláni til hans frá varnaraðila. Með beiðni þessari fylgdi yfirlit varnaraðila um greiðslustöðu sóknaraðila hjá sjóðnum, dagsett 6. september 1991. Var það í formi tölvuútskriftar, sem staðfest var með áritun starfsmanns varnaraðila og sýndi tilætlaðar greiðslur frá sóknaraðila á árinu 1991. Skjalið sýndi, að afborgun, að fjárhæð 26.391 króna, hefði fallið í gjalddaga 1. mars 1991, og er það sú skuld, sem lögtaks var beiðst fyrir.

Með áritun 19. september 1991 heimilaði fógeti lögtak samkvæmt

beiðninni, og var málið tekið fyrir í fógetarétti 31. október. Sóknaraðili var þá mættur og fékk frest til skila á vörn í málinu. Við fyrirtekt þess 5. nóvember var greinargerð ekki komin fram og sóknaraðili ekki talinn mættur, og fór lögtakið fram eins og fyrr segir.

Sóknaraðili er hagfræðingur að mennt og lauk prófum í þeirri grein við Lundúnaháskóla á árunum 1951 og 1956. Á undanförnum árum hefur hann meðal annars stundað nám í sagnfræði við Háskóla Íslands, og lauk hann B.A.-prófi í þeirri grein veturinn 1985-1986. Hann hefur síðar haldið áfram því námi ásamt annarri ástundun.

Um mál þetta er það upplýst, að sóknaraðila var veitt lán úr sjóði varnaraðila á árinu 1987 og þá í fyrsta sinn. Fjárhæð þess er ekki tilgreind í málinu, en það mun hafa verið miðað við misseristíma. Lánið fékk hann til náms á hagfræðisviði við háskóla í Bretlandi með doktors- eða meistaraprófi að markmiði. Nám þetta er aðallega fólgið í samningu og framlagningu ritgerðar án vistar við skólann vegna annars en leiðsagnar og vinna að því mjög sjálfstæð. Er nemendum ætlaður rúmur frestur til að ljúka ritgerðinni, og mun innritun sóknaraðila við skólann enn í gildi.

Krafa varnaraðila í málinu tekur til fyrstu afborgunar af þessu láni. Er hún á því byggð, að sóknaraðili hafi ekki skilað viðeigandi gögnum til varnaraðila um framvindu á umræddu námi sínu, en það sé forsenda að lánveitingum úr sjóðnum. Telji varnaraðili rétt að líta svo á, að námi sóknaraðila hafi lokið á skólaárinu 1987-1988, þannig, að skylda til endurgreiðslu á láninu yrði virk að liðnum þremur árum frá þeim tíma. Í því tilliti stoði sóknaraðila ekki að benda á árangur við nám í sagnfræði, þar sem ekki hafi komið til lánveitinga vegna þess. Í samræmi við þetta hafi fyrsti gjalddagi afborgana af láninu verið ákveðinn 1. mars 1991.

Sóknaraðili mótmælir því, að námi sínu sé lokið, og telur hina umdeildu afborgun ranglega fellda í gjalddaga. Vísar hann meðal annars til þess, hvernig vinnu að ritgerð sinni sé háttað, og til námsins við Háskóla Íslands. Hann kveðst hafa gengið á fund fógeta 5. nóvember 1990 og tjáð þar mótmæli sín, en verið farinn, þegar lögmaður varnaraðila mætti til boðaðs þinghalds.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982, sem við áttu um lán sóknaraðila, á endurgreiðsla á lánum úr sjóði varnar-

aðila að hefjast þremur árum eftir námslok, en sjóðsstjórnin skilgreinir nánar, hvað telja beri námslok í því sambandi.

Sóknaraðili skilaði eigi gögnum um framvindu náms þess, er lánið var veitt til. Var því af varnaraðila talið, að námslok hefðu orðið 1. mars 1988. Ber þannig að staðfesta hina kærðu lögtaksgerð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, 20.000 krónur.

Dómsorð:

Hin kærða lögtaksgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Haraldur Jóhannsson, greiði varnaraðila, Lánasjóði íslenskra námsmanna, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Með lögtaksbeiðni sinni til fógetaréttar í máli þessu lagði varnaraðili ekki fram skuldabréf frá sóknaraðila fyrir hinu umdeilda láni né heldur bein skilríki varðandi viðskiptin við hann, svo sem tilkynningar til hans um stöðu eða gjaldfellingu lánsins. Var hið síðara þó æskilegt vegna þess, að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1982, sbr. 29. gr. reglugerðar nr. 578/1985, ber að tilkynna námsmanni ári eftir námslok um heildarskuld hans við sjóðinn, er koma muni til endurgreiðslu. Er námsmanni þá jafnframt ætlað að hafa uppi athugasemdir, ef hann er ósáttur við það, hvernig námslok voru skilgreind. Af gögnum málsins má ráða, að lán sóknaraðila hafi verið til umræðu milli aðila á þeim tíma, sem liðinn er frá vormisseri 1988, en þau leiða ekki í ljós, hvernig á var haldið varðandi ákvörðun um gjalddaga á láninu, og fram komnar upplýsingar um námsferil sóknaraðila skera ekki einar úr í því efni. Með vísan til ákvæða 3. gr. laga nr. 29/1985, sbr. 238. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. og 10. gr. núgildandi laga nr. 90/1989 um aðför, verður að telja, að krafa varnaraðila hafi ekki verið svo skýrt reifuð, að unnt væri að heimila hið umbeðna lögtak, og hefur ekki verið nægilega bætt úr þeim annmarka að svo komnu máli. Er því rétt að taka til greina þá kröfu sóknaraðila, að hin kærða lögtaksgerð verði felld úr gildi.

Sóknaraðili hefur farið með mál sitt sjálfur, án þess að honum

tækist að koma vörnum á framfæri í héraði með þeim hætti, sem leiðbeiningar stóðu til. Eru ekki efni til að dæma honum málskostnað hér fyrir dómi, og á kærumálskostnaður að falla niður.

1473

Þriðjudaginn 29. september 1992.

Nr. 40/1992. **Jörundur Pálsson**

gegn

Jakobi Adólf Traustasyni.

Kærumál. Nauðungarppboð. Uppboðsbeiðni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá lund, að allar kröfur sínar fyrir uppboðsréttinum verði teknar til greina. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að synjað verði um kröfur sóknaraðila og að uppboð á fasteigninni Kleppsvegi 86, Reykjavík, nái fram að ganga. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Svo sem þar kemur fram, krafðist varnaraðili uppboðs á eign sóknaraðila með tveimur uppboðsbeiðnum 26. ágúst 1991 á grundvelli fjárnáms, sem sagt var dagsett sama dag. Tilgreind uppboðsheimild fylgdi ekki uppboðsbeiðnunum, heldur ljósrit tryggingarbréfs, sem sóknaraðili gaf út til handhafa 15. nóvember 1990. Bréf þetta var í engu samræmi við lýsingu uppboðsheimildar í uppboðsbeiðnum.

Samkvæmt 6. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 skal í uppboðsbeiðni gera grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja, er sanna hana. Uppboðsbeiðnir varnaraðila fullnægðu ekki þessu lagaskilyrði og voru því ekki tækar í uppboðsrétti. Af gögnum málsins verður ekki séð, að úr þessu hafi verið bætt á fullnægjandi hátt. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi ex officio og dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Jakob Adólf Traustason, greiði sóknaraðila, Jörundi Pálssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 14. janúar 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 26. nóvember sl.

Sóknaraðili er Jörundur Pálsson, kt. 201213-3129, Kleppsvegi 86, Reykjavík.

Varnaraðili er Jakob Adólf Traustason, kt. 180846-2049, Vindási 4, Reykjavík.

Krafa sóknaraðila var upphaflega sú, að framgangi uppboðs á fasteigninni Kleppsvegi 86 yrði frestað, uns lokið væri rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins á tilurð víxils, að fjárhæð 3.100.000 kr., veðskuldabréfs, að fjárhæð 1.197.542 kr., svo og tryggingarbréfs, sem tekur til fyrrgreindra viðskiptabréfa.

Við munnlegan málflutning féll sóknaraðili frá fyrrgreindri kröfu um frest og gerði þá kröfu, að synjað yrði um framgang uppboðs á eigninni Kleppsvegi 86, Reykjavík, enn fremur, að varnaraðila yrði gert að greiða sóknaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Krafa varnaraðila er sú, að hið umbeðna nauðungaruppboð nái fram að ganga og sóknaraðila verði gert að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri innheimtuþóknun dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

II.

Með tveimur uppboðsbeiðnum, dags. 26. ágúst 1991, beiddist varnaraðili uppboðs á fasteign sóknaraðila, Kleppsvegi 86, Reykjavík. Önnur beiðnin var til lúkningar skuld, að höfuðstól 3.100.000 kr., en hin að höfuðstól 1.197.542 kr. Meðfylgjandi var ljósrit af tryggingarbréfi, dags. 15. nóvember 1990. Tryggingarbréf þetta er til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á skuldabréfi, út gefnu 10. júní 1990 af ESS hf., að fjárhæð 1.140.000 kr., og til greiðslu víxils, út gefins 25. júlí 1990 af Jörundi Pálssyni og samþykkts til greiðslu af ESS hf. 10. ágúst 1990 og ábektum af Guðrúnu Stefánsdóttur, að fjárhæð 3.100.000 kr., auk dráttarvaxta og innheimtu- og málskostnaðar. Eignin að Kleppsvegi 86, sem er þinglesin eign Jörundar Pálssonar, var veðsett handhafa tryggingarbréfsins með 10.

veðrétti og uppfærslurétti. Undir bréf þetta ritar Jörundur Pálsson og Guðrún Stefánsdóttir, samþykk sem maki.

Í uppboðsrétti 8. október sl. komu fram mótmæli Sigurðar Georgssonar hrl. f. h. þinglesins eiganda eignarinnar. Mótmæli þessi voru tekin fyrir 22. október sl., og var þá ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt uppboðsréttarmál, þar sem Jörundur Pálsson væri sóknaraðili, en uppboðsbeiðandi væri varnaraðili.

Lögmaður sóknaraðila sendi 2. ágúst 1991 kæru til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar var farið fram á rannsókn á viðskiptum að baki umræddum viðskiptabréfum og því haldið fram, að skuldir samkvæmt þeim væru að fullu greiddar. Í greinargerð sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðili hafi neitað að gera grein fyrir stöðu viðskipta þeirra, sem að baki skjalanna liggja. Er í greinargerðinni vísað til bréfs til Rannsóknarlögreglu ríkisins um frekari málavexti. Í því bréfi sóknaraðila kemur fram, að hann hafi ásamt þeim, sem að kærunni standa, orðið fórnarlamb stórfelldra fjársvika, og beinist grunsemdin m. a. að varnaraðila. Auk þess sem umrædd skuld sé talin greidd, er bent á, að víxli, upphaflega að fjárhæð 100.000 kr., ætluðum til framlengingar á öðrum víxli, hafi verið breytt þannig, að hann sé nú 3.100.000 kr. Kærendur hafi með ólögmætu athæfi verið fengnir til þess eftir þá breytingu að samþykkja áðurgreint tryggingarbréf.

Sóknaraðili byggir einnig á því, að í uppboðsbeiðnum varnaraðila sé sagt, að uppboðsheimildin sé fjárnám, gert 26. ágúst 1991. Endurrit þessara fjárnáma hafi ekki verið lögð fram, og sé þegar af þeirri ástæðu ljóst, að vísa beri uppboðsbeiðnunum frá uppboðsréttinum ex officio. Við munnlegan flutning málsins reisti sóknaraðili kröfu sína einnig á því, að þar sem dómkröfur hefðu verið gerðar í bæjarþingi vegna skuldarinnar, hefði verið fallið frá uppboðsheimild tryggingarbréfsins. Einnig var á það bent, að fyrir bæjarþingi hefði ekki verið krafist staðfestingar veðréttar vegna víxilsins.

Varnaraðili kveður Stefán, son sóknaraðila, og einn kærenda meintra fjársvika varnaraðila, hafa verið í félaginu ESS hf. ásamt Agli Eyfjörð, meðkærða. Hafi þeir félagar rekið ýmsa veitingastarfsemi í nafni þess. Varnaraðili hafi fengið umrædd viðskiptabréf, víxilinn og skuldabréfið, í viðskiptum og selt þau m. a. Sparisjóði Keflavíkur. Vegna greiðslufalls hafi hann orðið að leysa þau til sín. Þegar hann hafi ætlað að ganga að hlutaðeigandi aðilum til innheimtu kröfunnar, hafi Stefán Jörundsson sett sig í samband við sig og óskað eftir greiðslufresti. Hafi varnaraðili fallist á það gegn því, að til kæmu tryggingar frá hendi einhvers þeirra, sem hlut áttu að máli, svo að bið á innheimtuaðgerðum raskaði eigi rétti sínum. Hafi orðið að ráði, að varnaraðili fengi afhent tryggingarbréf í fasteigninni Kleppsvegi 86, Reykjavík, til tryggingar framangreindum viðskiptabréfum, en ætlunin hafi verið sú að selja fasteignina frjálsri sölu, og ljóst, að aðför

myndi hamla slíkum fyrirætlunum. Í kjölfarið hafi ekkert heyrst frá þessum aðilum, og er varnaraðili hafi orðið þess áskynja, að eigi hafi verið hafist handa um að selja fasteignina, hafi hann ákveðið að höfða mál á hendur skuldurunum, m. a. til að tryggja kröfur sínar með dómi.

Þegar engin greiðsla hafði borist í ágúst 1991, hafi varnaraðili ákveðið að óska eftir nauðungarsölu á hinni veðsettu fasteign á grundvelli tryggingarbréfsins. Þess beri að geta, að ranglega sé hermt í uppboðsbeiðni, að uppboðsheimildin sé fjárnám, dags. 26.8. 1991. Hið rétta sé, að uppboðsheimildin sé ofangreint tryggingarbréf.

Þá bendir varnaraðili á, að sóknaraðili og aðrir stefndu hafi ekki tekið til varna í bæjarþingi Reykjavíkur, enda þótt þeim hafi verið löglega stefnt fyrir dóm. Bendi slíkt til þess, að umrædd viðskiptabréf séu ekki fölsuð.

Varnaraðili bendir enn fremur á, að um sé að ræða viðskiptabréf og þær varnir, sem fram komi í greinargerð sóknaraðila, séu eigi þess eðlis, að þær geti komist að í máli til heimtu skulda skv. viðskiptabréfum og þaðan af síður í uppboðsmáli, þar sem m. a. liggi fyrir dómur undirréttar um greiðsluskyldu skv. viðkomandi skjölum. Það skipti því ekki máli, hvaða viðskipti hafi legið að baki viðskiptabréfunum. Það, sem máli skipti, sé, að þau séu réttilega og löglega gerð. Undirritanir hlutaðeigandi aðila séu ófalsaðar, og ekkert bendi til þess, að viðskiptabréfin hafi verið fengin með ólögmætum aðferðum.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður varnaraðila sem of seint fram komnum þeim málsástæðum sóknaraðila, er lúta að uppboðsheimildinni.

Með bréfi, dags. 13. desember sl., tilkynnti Rannsóknarlögregla ríkisins, að eins og málið lægi fyrir, þættu ekki vera komin fram gögn, sem leitt gætu til saksóknar, og hefði því rannsókn verið hætt.

III.

Niðurstaða.

Varnaraðili er handhafi tryggingarbréfs, dags. 15. nóvember 1990, og liggur frumrit þess frammi í réttinum. Samkvæmt því er fasteignin Kleppsvegur 86, Reykjavík, sett að veði til tryggingar greiðslu, annars vegar á skuldabréfi, út gefnu 10. júní 1990, að höfuðstól 1.140.000 kr., og hins vegar til tryggingar greiðslu víxils, út gefins 25. júlí 1990, að fjárhæð 3.100.000 kr.

Með uppboðsbeiðnum varnaraðila, dags. 26. ágúst 1991, fylgdi ljósrit tryggingarbréfsins. Hins vegar segir í uppboðsbeiðnum þessum, að uppboðsheimildin sé fjárnám, dags. 26. ágúst 1991. Af hálfu varnaraðila hafa þessi mistök verið leiðrétt.

Í fram komnum mótmælum lögmanns sóknaraðila, dags. 22. október 1991, stendur, að honum sé það ljóst, að uppboðsheimild varnaraðila sé umrætt tryggingarbréf. Þykir ekki rétt að láta þessi mistök varnaraðila í texta á uppboðsbeiðnum eiga að varða frávísun uppboðsmálsins, enda þykja þau augljós og mátti leiðrétta, án þess að varnaraðili yrði fyrir réttarspjöllum. Því er ekki fallist á kröfu sóknaraðila um, að fella eigi uppboðið niður af þeim sökum.

Með tveimur áskorunarstefnum, báðum dags. 16. janúar 1991, stefndi varnaraðili m. a. sóknaraðila fyrir bæjarþing Reykjavíkur til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfinu og víxlinum, sem vísað er til í umræddu tryggingarbréfi. Áskorunarstefnur þessar voru áritaðar um aðfararhæfi 19. febrúar 1991.

Í tryggingarbréfinu segir, „að veðið standi til tryggingar höfuðstól, vöxtum og kostnaði af framangreindu skuldabréfi og víxli .....". Telur sóknaraðili, að samkvæmt texta bréfsins nái það ekki til áskorunarstefnanna.

Það er álit uppboðsréttar, að í tryggingarbréfinu sé lýst tiltekinni skuld í formi skuldabréfs og víxils. Fyrir bæjarþingi hefur nú verið, með áritun á áskorunarstefnur, kveðið á um greiðslu þessarar skuldar og upphæðar hennar. Koma þeir dómar í stað þeirra skjala, sem lögð voru fram í réttinum sem sönnunargögn fyrir tilvist skuldarinnar. Er því hafnað þeirri kröfu sóknaraðila, að tryggingarbréfið nái aðeins til að tryggja veðskuldabréf og víxil samkvæmt orðanna hljóðan.

Fyrir bæjarþingi gerði varnaraðili ekki kröfu um, að staðfestur væri veðréttur fyrir kröfum sínum, enda gerðist þess ekki þörf. Í tryggingarbréfi varnaraðila er heimild til að selja veðið á nauðungaruppboði án dóms eða aðfarar og vísað til 3. gr. veðlaga og laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Hins vegar er þar ekki vísað til annarra réttarheimilda, svo sem 39. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Þykir það ekki koma að sök, þar sem skýrt er kveðið á um í texta tryggingarbréfsins, að selja megi veðið á nauðungaruppboði án undangenginnar aðfarar. Ber að telja tryggingarbréf varnaraðila gilda uppboðsheimild að þessu leyti til.

Aðrar þær varnir, sem sóknaraðili hefur uppi í máli þessu, eru þess eðlis, að þær fengju ekki komist að, ef mál þetta væri rekið fyrir almennum héraðsdómstóli, sbr. 3. mgr. 208. gr. og 1. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Sóknaraðili hefur ekki víðtækari rétt í þeim efnum fyrir uppboðsrétti.

Þar sem að öðru leyti er fullnægt skilyrðum laga nr. 57/1949 um framgang uppboðsins, skal það fara fram.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 47.000 kr. í málskostnað.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Jörundar Pálssonar, að synjað verði um uppboð á fasteigninni Kleppsvegi 86, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Jakobi Adólf Traustasyni, 47.000 kr. í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Þriðjudaginn 29. september 1992.

Nr. 375/1991. **Kaupfélagið Fram**
gegn
Sigurgeiri Sigmundssyni,
Fanneyju Vilbergsdóttur og
Gísla Haraldssyni.

Kærumál. Uppboð. Skuldaröð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið nú meðferð kærumála.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að „frumvarp uppboðshaldarans í Hafnarfirði, dags. 20. 12. 1990, að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, er seld var á nauðungaruppboði 30. október 1990, verði lagt óbreytt til grundvallar úthlutun uppboðsandvirðis". Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Sigurgeir Sigmundsson krefst staðfestingar úrskurðar uppboðshaldara og málskostnaðar í héraði svo og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir Fanney Vilbergsdóttir og Gísli Haraldsson krefjast hins sama.

Af greinargerðum þeim, sem lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt, verður ráðið, að ekki sé ágreiningur milli aðila um fjárhæðir eða vexti.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilum kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Kaupfélagið Fram, greiði varnaraðilanum Sigurgeiri Sigmundssyni 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Þá greiði sóknaraðili varnaraðilunum Fanneyju Vilbergsdóttur og Gísla Haraldssyni óskipt 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 16. ágúst 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. maí 1991 að loknum munnlegum málflutningi. Sóknaraðili málsins, Sigurgeir Sigmundsson, kt. 230957-7469, Laufvangi 3, Hafnarfirði, gerir þær kröfur, að kröfu sinni verði úrskurðað sæti í röð skv. úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, á undan aðfararveðhöfum, er gert hafa aðför í réttindum kaupanda eignarinnar, eða nánar tiltekið, að staða sín verði á 14. tl. í úthlutunargerð, næst á eftir veðskuldarbréfi Landsbanka v/Samvinnubankans á 7. veðrétti, en næst á undan fjárnámi JH-Sandsölu á 8. veðrétti. Verði honum þar með úthlutað af uppboðsandvirði áðurnefndrar eignar 584.765 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags svo og málskostnaðar skv. gjaldskrá lögmannafélags Íslands, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags. Þá er krafist 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun, þar sem sóknaraðili sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili skv. ákvæðum laga nr. 50/1988.

Varnaraðilinn Kaupfélagið Fram, kt. 560169-1599, Hafnarbraut 2, Neskaupstað, gerir þær réttarkröfur, að frumvarp uppboðshaldara, dags. 20. 12. 1991, að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, verði lagt óbreytt til grundvallar úthlutunar uppboðsandvirðis. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila skv. mati réttarins, sem beri dráttarvexti með höfuðstólsuppfærslu skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Varnaraðilarnir Gísli Haraldsson, kt. 270148-3369, og Fanney Vilbergsdóttir, kt. 180749-2259, bæði til heimilis að Breiðvangi 64 B, Hafnarfirði, gera þær kröfur, að frumvarp, dags 20. 12. 1990, að úthlutunargerð uppboðsandvirðis verði lagt óbreytt til grundvallar úthlutun uppboðsandvirðis, þ. e., að gerð sé krafa um sýknu af öllum kröfum sóknaraðila. Jafnframt gera þau kröfu um málskostnað úr hendi sóknaraðila að mati réttarins með

hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélaga Íslands að viðbættum virðisaukaskatti skv. lögum 50/1988, þar sem varnaraðilar séu ekki virðisaukaskattsskyldir.

Leitað hefur verið sátta í málinu, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að sóknaraðili reisti parhús á lóðinni nr. 64 við Breiðvang í Hafnarfirði. Hinn 29. mars 1988 var gerður kaupsamningur milli sóknaraðila og varnaraðilanna Gísla Haraldssonar og Fanneyjar Vilbergsdóttur. Umsamið kaupverð var 5.000.000 kr., sem skyldi greiða þannig skv. kaupsamningnum, að við undirritun kaupsamnings skyldi greiða 500.000 kr., 20.10. 1987 500.000 kr., 15. 11. 1987 200.000 kr., 15. 12. 1987 400.000 kr., 15. 1. 1988 400.000 kr., 15. 2 1988 1.000.000 kr., þ. e. við afhendingu, 15. 4. 1988 250.000 kr., 15. 6. 1988 250.000 kr., 15. 8. 1988 250.000 kr. og 15. 10. 1988 250.000 kr. Útborgunargreiðslur voru samtals að upphæð 4.000.000 kr. og skyldi greiða inn á ávísunarreikning nr. 5726 við Útvegsbanka Íslands Í Hafnarfirði.

Kaupsamningi þessum var þinglýst 6. 5. 1988 og fékk litranr. A-784/88.

Greiðslan, sem inna átti af hendi 15. 8. 1988, að upphæð 250.000 kr., var greidd með víxli, út gefnum 20. júlí 1988 af sóknaraðila, en samþykktum til greiðslu af varnaraðila Gísla Haraldssyni. Gjalddagi víxilsins var 15. 8. 1988, þ.e. sami gjalddagi og inna átti kaupsamningsgreiðsluna af hendi. Gefin var út greiðslukvittun í tilefni þessa, sem er svohljóðandi: „Í dag hefur Gísli Haraldsson greitt undirrituðum vegna kaupsamnings Breiðvangs 26. B, pr. pr. 15. ág. 1988, tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur, sem hér kvittast fyrir. Dags. 20/7 '88. Sigurgeir Sigmundsson. Greiðsluform með víxli pr. 15. 8. 1988". Augljós misritun er á tilgreindu húsnúmeri í kvittuninni, þar sem í stað 26 B á að standa 64 B. Víxil þennan notaði sóknaraðili til efniskaupa hjá BYKO hf. Víxillinn greiddist ekki á gjalddaga, og samþykkti varnaraðilinn Gísli Haraldsson nýjan víxil 16. 11. 1988, að upphæð 287.065 kr., með gjalddaga 16. 12. 1988 til greiðslu á fyrri víxli, en auk höfuðstóls, 250.000 kr., voru á lagðir vextir 29.000 kr. og kostnaður 8.065 kr., samtals 287.065 kr. Sóknaraðili var útgefandi þess víxils eins og hins fyrri.

Víxill þessi fékkst ekki heldur greiddur á gjalddaga og var falinn lögmönnum BYKO hf. til innheimtu. Lögmenn BYKO hf. stefndu með áskorunarstefnu, útg. 20. 10 1989, varnaraðila Gísla Haraldssyni og sóknaraðila til greiðslu in solidum á andvirði víxilsins auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Áskorunarstefnan var árituð, og var fjárnám gert fyrir kröfunni 27. 2. 1990 í réttindum varnaraðila Gísla Haraldssonar til fasteignarinnar Breiðvangs 64, Hafnarfirði, skv. kaupsamningi við Sigurgeir Sigmundsson, Laufvangi 3, Hafnarfirði. Fjárnámsendurritinu var síðan þinglýst 27. 2. 1990 á 11. veðrétt.

Nú bar svo við, að með beiðni, dags. 25. 4. 1989, óskaði Útvegsbanki Íslands eftir nauðungaruppboði á fasteigninni, og var uppboðið auglýst í 89. tbl., 95. tbl. og 99. tbl. Lögbirtingablaðsins. Fyrsta fyrirtaka málsins var 8. 9. 1989, en í þeirri fyrirtöku var málinu frestað til 6. 10. 1989, þá aftur frestað til 3. 11. 1989 og þá enn frestað til 8. 12. 1989, en í þeirri fyrirtöku var ákveðin fyrri sala 22. 2. 1990. Sú sala fór fram, og var ákveðin önnur og síðari sala 7. 5. 1990. Þeirri sölu var frestað til 3. 7. 1990, þá aftur til 2. 10. 1990. Önnur og síðari sala fór síðan fram 2. 10. 1990, og var ákveðið, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð skyldi fara fram 30. 10. 1990 á eigninni sjálfri kl. 16.00. Þá höfðu fleiri aðilar bæst í hópinn með uppboðsbeiðnir, en þeir voru innheimta ríkissjóðs, dags. 18. 12. 1989, veðdeild Landsbanka Íslands, dags. 17. 11. 1989, Skúli J. Pálmason hrl. fyrir Kaupfélagið Fram, dags. 29. 1. 1990, Bjarni Ásgeirsson hdl. fyrir Ingibjörgu Magnúsdóttur, dags. 9. 2. 1990, Símon Ólason hdl. fyrir JH-Sandsölu, dags. 1. 2. 1990, Gjaldheimtan í Hafnarfirði, dags 6. 2. 1990, Valgarður Sigurðsson hrl. fyrir Sparisjóð Hafnarfjarðar, dags. 4. 5. 1990, Landsbanki Íslands, dags. 2. 5. 1990, Sigmundur Hannesson hrl. fyrir Kaupfélagið Fram, dags. 8. 6. 1990, Róbert Árni Hreiðarsson hdl. fyrir Kreditkort hf., dags. 19. 6. 1990, Garðar Briem hdl., dags. 26. 7. 1990, Ólafur Gústafsson hrl. fyrir Lífeyrissjóð verslunarmanna, dags. 27. 7. 1990, Skúli J. Pálmason hrl. fyrir Landsbanka v/Samvinnubanka, dags. 24. 9. 1990, og innheimta ríkissjóðs, dags. 30. 10. 1990.

Sama dag og þriðja og síðasta nauðungaruppboð skyldi fara fram eða daginn eftir innleysti sóknaraðili til sín kröfuna skv. áðurnefndum víxli frá BYKO hf. með greiðslu að uppbæð 584.765 kr. í peningum.

Á uppboðsþinginu 30. 10 1990 var bókað að ósk sóknaraðila, sem þá var enn þinglýstur eigandi eignarinnar, að hann teldi sig eiga óuppgerða kröfu á hendur varnaraðilunum Gísla Haraldssyni og Fanneyju Vilbergsdóttur, að upphæð ca. 900.000 kr., sem hann krefjist, að komi á undan aðfararveðum á hendur kaupsamningshafa vegna sölu fasteignarinnar. Varnaraðilinn Gísli Haraldsson, sem einnig var mættur á uppboðsþinginu, mótmælti kröfu sóknaraðila á þinginu og áskildi sér rétt til að kom að gögnum á síðari stigum málsins. Uppboðshaldari tók ekki afstöðu til þessa á þinginu að svo stöddu, og ekki voru lögð fram gögn af hálfu sóknaraðila varðandi kröfuna.

Hófust síðan sölutilraunir, og varð hæstbjóðandi Skúli J. Pálmason hrl. fyrir hönd Kaupfélagsins Fram, og var boðið 12.500.000 kr., auk þess sem hann krafðist útlagningar sem ófullnægður veðhafi á 9. og 11. veðrétti, ef lagaskilyrði reyndust til. Uppboðshaldari tók sér skv. beiðni uppboðsþola og með samþykki allra viðstaddra allt að 6 vikna frest til athugunar á fram komnum boðum, en 11. 12. 1990 samþykkti hann boð hæstbjóðanda með skeyti.

Hinn 19. 11. 1990 lýsti sóknaraðili kröfu í uppboðsandvirðið, að upphæð 644.049 kr., og var einnig gerð sú fjárkrafa í greinargerð, en við munnlegan málflutning lækkaði sóknaraðili kröfu sína niður í 584.768 kr.

Uppboðshaldari gaf 20.12. 1990 út frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis, dags. 20.12. 1990, sem gerði ráð fyrir úthlutun á eftirfarandi hátt:

1.	Vátryggingafélag Íslands, brunatr-iðgjöld, lögveðskrafa	kr.	15.105,00
2.	Gjaldheimtan í Hafnarfirði, fasteignagjöld, lögveðskrafa	kr.	152.754,00
3.	Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, skipulagsgjald, lögveðskrafa	kr.	25.215,00
4.	Byggingarsjóður ríkisins skv. veðskuldabréfi á 1. veðrétti, útg. 17/2 '89, upphaflega að upphæð 1.178.000 kr.	kr.	1.641.352,00
5.	Byggingarsjóður ríkisins skv. veðskuldabréfi á 1. veðrétti, útg. 15/1 '90, upphaflega að upphæð 1.359.000 kr.	kr.	1.482.561,00
6.	Íslandsbanki hf. skv. veðskuldabréfi á 2. veðrétti, útg. 15/4 '88, upphaflega að upphæð 1.000.000 kr.	kr.	2.192.338,10
7.	Sparisjóður Hafnarfjarðar skv. veðskuldabréfi á 3. veðrétti, útg. 18/7 '88, upphaflega að upphæð 700.000 kr.	kr.	1.076.486,30
8.	Bílvangur hf. skv. veðskuldabréfi á 4. veðrétti, útg. 14/10 '88, upphaflega að upphæð 254.105 kr.	kr.	436.084,00
9.	Landsbanki Íslands skv. veðskuldabréfi á 5. veðrétti, útg. 29/11 '88, upphaflega að upphæð 650.000 kr.	kr.	1.185.884,77
10.	Íslandsbanki hf. skv. veðskuldabréfi á 6. veðrétti, útg. 16/2 '89, upphaflega að upphæð 500.000 kr.	kr.	846.607,60
11.	Garðar Briem hdl. skv. veðskuldabréfi á 6. veðrétti, útg. 16/2 '89, upphaflega að upphæð 500.000 kr.	kr.	861.229,00
12.	Íslandsbanki hf. skv. veðskuldabréfi á 6. veðrétti, útg. 16/2 '89, upphaflega að upphæð 500.000 kr.	kr.	772.059,04
13.	Landsbanki Íslands v/Samvinnubankans		

	skv. veðskuldabréfi á 7. veðrétti, útg. 5/4 '89, upphaflega að upphæð 600.000 kr.	kr.	704.763,30
14.	JH-Sandsala skv. fjárnámi á 8. veðrétti, dags. 15/1 '90, fyrir 14.407 kr. höfuðstóli	kr.	57.705,00
15.	Uppboðskaupandi tekur undir sjálfum sér upp í kröfu skv. fjárnámi á 9. veðrétti, dags 11/1 '90, fyrir 379.982 kr. höfuðstóli	kr.	569.039,60
16.	Ingibjörg Magnúsdóttir skv. fjárnámi á 9. veðrétti, dags. 18/1 '89, fyrir 202.309 kr. höfuðstóli	kr.	324.481,90
17.	Uppboðskaupandi tekur undir sjálfum sér upp í kröfu skv. fjárnámi á 10. veðrétti, dags. 31/1 '90, fyrir 1.120.487 kr. höfuðstóli, en á uppboðsdegi nam krafan samtals 1.863.907,80 kr.	kr.	156.334,39
	Samtals uppboðsverð	kr.	12.500.000,00

Hafnarfirði, 20. 12. 1990.
Uppboðshaldarinn í Hafnarfirði,
Ólafur Þ. Hauksson ftr.

Sóknaraðili mótmælti frumvarpinu með bréfi, dags. 3. 1. 1991, þar sem ítrekuð var krafa skv. kröfulýsingunni um úthlutun á ógreiddu kaupverði fasteignarinnar á undan aðfararveðhöfum. Við það myndu kröfur varnaraðila Kaupfélagsins Fram skv. fjárnámum á 9. og 10. veðrétti svo og veðhafa á 9. veðrétti, Ingibjargar Magnúsdóttur, skerðast sem því nemur. Fyrir veðhafa á 9. veðrétti, Ingibjörgu Magnúsdóttur, sótti þing Bjarni Ásgeirsson hdl., en hann gætti jafnframt hagsmuna hennar í ágreiningsmáli þessu framan af, en 21. 2. 1991 lýsti hann yfir því, að ekki yrði tekið til varna af hálfu Ingibjargar.

— — —

Niðurstaða réttarins.

Hinn 29. 3. 1988 var gerður kaupsamningur milli sóknaraðila máls þessa og varnaraðilanna Gísla Haraldssonar og Fanneyjar Vilbergsdóttur um kaup og sölu fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði. Samkvæmt greiðslutilhögun samningsins, i-lið, skyldi greiða 250.000 kr. 15. 8. 1988. Greiðslan skyldi vera í peningum og greiðast inn á reikning sóknaraðila í Útvegsbanka Íslands. Í stað þessarar greiðslu var gefinn út víxill 20. júlí 1988, sem átti að greiðast á sama gjalddaga og kaupsamningsgreiðslan, 15.

8. 1988. Samþykkjandi víxilsins var varnaraðilinn Gísli Haraldsson, en útgefandi var sóknaraðili. Sóknaraðili gaf út kvittun, þar sem sérstaklega var tilgreint, að greitt væri með víxli. Hann framseldi víxilinn til efniskaupa hjá BYKO hf. Víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga, og var af því tilefni gefinn út annar víxill 16. 11. 1988 af sóknaraðila, að upphæð 287.065 kr., en samþykktur af varnaraðilanum Gísla, til greiðslu 16. 12. 1988. Óumdeilt er, að sá víxill fékkst ekki heldur greiddur. Lagt er til grundvallar, að sá víxill hafi verið innleystur af Ásbyrgi hf. fyrir hönd sóknaraðila hjá BYKO hf., þar sem ekkert hefur komið fram í málinu um, að þeir hafi átt önnur viðskipti en þau, sem að ofan greinir. Gegn mótmælum varnaraðila þykir ósannað, að víxillinn hafi verið innleystur á sama degi og þriðja og síðasta nauðungaruppboð fór fram, þar sem kvittanir þær, sem sóknaraðili fékk hjá BYKO hf. við innlausn víxilsins, eru dagsettar degi síðar.

Á þriðja og síðasta nauðungaruppboði fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, lýsti sóknaraðili yfir, að hann teldi sig eiga ógreidda kröfu á hendur varnaraðilunum Gísla og Fanneyju, og krafðist hann þess, að krafa sín fengi sæti í úthlutunarröð á eftir samningsveðhöfum, en á undan aðfararveðhöfum í réttindum kaupanda samkvæmt kaupsamningi. Máli sínu til stuðnings vísaði hann til þeirrar meginreglu, að réttur þinglesins eiganda til eftirstöðva ógreidds kaupverðs eignar, sem leitað væri fullnustu í á uppboði, gengi framar aðfararveðum í réttindum kaupanda skv. kaupsamningi, þar sem þinglesinn eigandi hafi ekki samþykkt þær. Í máli þessu er sú regla óumdeild.

Sóknaraðili hefur verulega hagsmuni af afdrifum máls þessa. Aðild hans er í samræmi við 3. mgr. 8. gr. nauðungaruppboðslaga nr. 57/1949, þar sem hann telur sig eiga réttindi í söluverðmætinu. Réttmæti þeirrar kröfu er til meðferðar í máli þessu. Telja verður aðild hans hafa komið til við innlausn kröfunnar eða degi eftir þriðja og síðasta nauðungaruppboð. Aðild hans var eigi mótmælt fyrr en við munnlegan málflutning, svo að byggt er á nýrri málsástæðu, sem mótmælt hefur verið af sóknaraðila sem of seint fram kominni. Þykir þegar af þeirri málsástæðu ekki unnt að taka hana til greina.

Rétturinn telur ekki skipta máli, hvort innlausn kröfunnar hafi átt sér stað á sama degi og uppboðið fór fram eða degi síðar, svo framarlega sem kröfunni er nægilega lýst, áður en að úthlutun er komið. Yfirlýsing sóknaraðila á söluþinginu varð ekki til þess, að hann yrði aðili málsins á því tímamarki, heldur er litið svo á, að hann hafi með því gert viðstöddum kunnugt um, að hann áskildi sér tiltekinn rétt.

Þriðja manni, sem leitað hafi fullnustu í eigninni með aðför, mátti vera ljóst, að viðskiptum seljanda og kaupanda var enn ólokið, þar sem ekki var búið að þinglýsa afsali. Hefði hann þar af leiðandi mátt sjá fyrir kröfu

af hálfu þinglesins eiganda, svo sem raun varð á, á uppboðsþinginu 30. 10. 1990. Jafnframt má draga þær ályktanir, að sóknaraðilarnir Gísli og Fanney hafi sjálf talið viðskiptunum ólokið, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að þau hafi krafist afsalsútgáfu fyrir fasteigninni.

Varðandi þá málsástæðu varnaraðila, að krafa sóknaraðila raski uppboðsgrundvellinum eins og hann var á uppboðsdegi, er því til að svara, að ekki er óalgengt, að staða krafna breytist eftir uppboðsdag. Kröfur í veðröð geta fallið út, sökum þess að þær eru greiddar, og einnig geta komið fram til dæmis lögveðskröfur, sem hafa ekki verið kynntar á uppboðsþingum. Þykir slíkt ekki verða til þess, að viðkomandi missi rétt til úthlutunar, svo framarlega sem krafan kemur fram, áður en uppboðsmálinu er lokið með úthlutun og útgáfu uppboðsafsals.

Greiðslan, sem inna átti af hendi með peningum 15. 8. 1988, var greidd með víxli með samþykki beggja aðila. Síðari greiðsla, 15. 10. 1988, virðist hafa verið greidd. Með viðtöku víxilsins af hálfu sóknaraðila var greiðsluskyldu varnaraðilanna Gísla og Fanneyjar fullnægt. Telja verður, að viðtaka víxilsins sem greiðslu hafi verið bundin þeirri veigamiklu forsendu, að hann fengist greiddur á réttum stað og réttum tíma. Þá forsendu telur rétturinn óháða því, hverjum það hafi verið til hagsbóta, að víxillinn var gefinn út. Víxillinn fékkst ekki greiddur af hálfu varnaraðilans Gísla. Rétturinn telur innheimtutilraunir vegna víxilsins hafa verið fullreyndar, þegar sóknaraðili lýsti kröfu sinni í uppboðsandvirðið. Sóknaraðili varð að innleysa víxilinn með peningagreiðslu, 584.765 kr., til þess aðila, sem hann hafði framselt víxilinn. Með því varð hann fyrir fjárhagslegu tjóni vegna vanskila kaupanda. Að öllu þessu virtu telur rétturinn, að réttarsamband aðila á grundvelli kaupsamningsins hafi raknað við með tilheyrandi lögfylgjum. Því er hafnað, að sóknaraðili verði að byggja á afleiddum rétti BYKO hf., þar sem byggt er á lögskiptum samkvæmt kaupsamningnum. Telja verður því sóknaraðila heimilt að gera kröfu í uppboðsandvirði fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, á grundvelli þess, að i-liður kaupsamningsins sé ógreiddur. Er því fallist á, að kröfu hans beri sæti á eftir samningsveðhöfum, en á undan aðfararveðhöfum, nánar tiltekið í tölulið 14, það er innan úthlutunar.

Ekki er ágreiningur um tölulega hlið kröfugerðar sóknaraðila, og er hún því lögð til grundvallar óbreytt.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist úr hömlu sökum embættisanna uppboðshaldara.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila er úrskurðað sæti í 14. tl. úthlutunargerðar uppboðsandvirðis fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, og verður

honum úthlutað 584.765 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 29. september 1992.

Nr. 144/1992. **Falk Konrad Kinsky**

gegn

Bryndísi Torfadóttur.

Kærumál. Innsetning. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. mars 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kröfum varnaraðila hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í hinum kærða úrskurði og gögnum málsins kemur fram, að sóknaraðili seldi Kristni Hákonarsyni, Hrafnhólum 4 í Reykjavík, hina umdeildu tík og fjóra hvolpa hennar með afsali 10. mars 1992, degi áður en innsetningarbeiðni var lögð fram í fógetarétti Seltjarnarness og sjö dögum áður en úrskurður réttarins var kveðinn upp. Að svo komnu var rétt að beina kröfu um umráð að hinum nýja vörslumanni samkvæmt afsalinu. Þar sem það var ekki gert, verður eigi hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Seltjarnarness 17. mars 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, er fram fór í dag, 17. mars 1992.

Gerðarbeiðandi er Bryndís Torfadóttir, kt. 220847-7999, Ofanleiti 9, Reykjavík.

Gerðarþoli er Falk Konrad Kinsky, kt. 151128-3869, Bygggörðum 5, Seltjarnarnesi.

Gerðarbeiðandi fer þess á leit, að tíkin Trixí (nú skráð Klara) og afkvæmi hennar, sem séu eign hennar, verði tekin úr umráðum gerðarþola og afhent gerðarbeiðanda.

Um er að ræða tík ásamt afkvæmum hennar, gotnum 12. desember 1991, af tegundinni springer spaniel. Tíkin sé gotin 5. nóvember 1989.

Af hálfu gerðarþola eru þær réttarkröfur gerðar, að hinni umbeðnu gerð verði hafnað og gerðarþola úrskurðaður málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ. Krafist er virðisaukaskatts á málskostnað, þar sem gerðarþoli er ekki virðisaukaskattsskyldur.

II.

Gerðarbeiðandi lýsir málavöxtum á þann veg, að 4. janúar 1990 hafi gerðarbeiðandi keypt umrædda tík af Jóni Guðmundssyni hundaræktanda, Álfabrekku við Suðurlandsbraut, Reykjavík, samkvæmt kaupsamningi, dagsettum þann dag. Tíkina hafi gerðarbeiðandi keypt handa dóttur sinni, Önnu Kristínu Rósinberg. Í júní 1990 hafi Anna Kristín síðan veikst af hvítblæði og dvalið langtímum saman á sjúkrahúsi. Anna Kristín hafi ekki getað hugsað til þess, að tíkin yrði seld. Eftir að tíkinni hafi verið komið fyrir hjá vinum og vandamönnum, meðan Anna Kristín dvaldist á sjúkrahúsi, hafi gerðarbeiðandi tekið til þess ráðs að auglýsa eftir fósturheimili fyrir tíkina, þar til þær gætu tekið hana til sín. Auglýst hafi verið í Dagblaðinu (sic) 29. 9. 1990 eftir fósturheimili. Gerðarþoli hafi gefið sig fram og tekið við tíkinni þá um haustið. Um hafi verið samið, að Anna Kristín fengi tíkina til sín, alltaf þegar geta og heilsa hennar leyfði. Með haustinu 1991 hætti gerðarþoli að leyfa Önnu Kristínu að fá tíkina eða hitta hana yfirleitt. Stúlkan hafi ekki á heilli sér tekið síðan og vilji nú fyrir alla muni fá dýrið heim til sín. Dýrið hafi verið fengið fyrir dótturina, til að hún væri ekki ein heima langtímum saman. Eftir að hún veiktist og dveldist meira heima en áður, sé enn ríkari ástæða til að færa Trixí aftur til síns heima. Vitað sé, að 22. október 1991 hafi gerðarþoli fengið lánaðan hund fyrir Trixí hjá Þorbjörgu Höskuldsdóttur, Efstasundi 96, Reykjavík. Hvolparnir séu nú um tveggja mánaða gamlir, en einmitt á þeim aldri sé venja að selja hvolpana frá móðurinni.

Gerðarþoli hafi aðeins tekið dýrið í fóstur um óákveðinn tíma, þ. e., meðan veikindi Önnu Kristínar hindruðu hana í að geta verið með Trixí. Nú, þegar fyrirséð er, að hún hafi þörf fyrir tíkina, sé hinu umsamda fóstri lokið, og þar sem gerðarþoli neiti að láta dýrið af hendi, sé farið fram á innsetningu.

Hundurinn hafi verið skráður á Jónas Hagan Guðmundsson, son gerðarbeiðanda. Gerðarþoli hafi beðið Jónas Hagan að gefa sér heimild til að skrá tíkina á sitt nafn, sem Jónas Hagan hafi gert í grandleysi sínu. Sé það skýringin á, að tíkin sé skráð á nafn gerðarþola. Skráning tíkurinnar breyti hins vegar engu um eignarrétt gerðarbeiðanda á dýrunum, sbr. kaupsamning hennar þar um og yfirlýsingu frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Gerðarþola hafi verið gefinn kostur á að afhenda tíkina og afkvæmi hennar í síðasta lagi mánudaginn 17. febrúar 1992, sbr. hjálagt skeyti, dags. 14. febrúar 1992. Það hafi gerðarbeiðandi ekki gert, og sé því nauðsynlegt að leita aðstoðar fógeta til að fá vörslur dýranna.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að hann eigi hinn umrædda hund, sem Jónas Hagan Guðmundsson afsalaði honum til eignar 15. október 1990 án nokkurra skilyrða, sbr. rskj. nr. 10.

Samkvæmt skráningu um leyfi til hundahalds hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur hafi Jónas verið skráður eigandi hundsins frá 30. janúar 1990, sbr. rskj. nr. 11.

Gerðarbeiðandi hafi kært gerðarþola 6. nóvember 1991 fyrir að skila ekki hundi hennar, en sbr. bréf lögreglustjórans í Reykjavík á rskj. nr. 14 hafi hann ekki séð ástæðu til afskipta af málinu.

Af hálfu gerðarþola er mótmælt réttarskjali nr. 2 sem málinu óviðkomandi. Gerðarþoli hafi aldrei samþykkt fyrir sitt leyti þennan samning, enda hafi enginn farið fram á það við hann.

Réttarskjali nr. 5 frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sé mótmælt sem röngu að því leyti, að það sé gefið út á vörslu- og ábyrgðarmann hunds hverju sinni. Eins og rskj. nr. 11 beri með sér, sé það gefið út á lögráða eiganda.

Gerðarþoli kveður, að 21. september 1991 hafi verið auglýst í DV eftir fósturheimili fyrir springer spaniel. Gerðarþoli hafi haft samband við auglýsandann, sem var gerðarbeiðandi. Um hafi verið að ræða hund, sem sonur gerðarbeiðanda, sem bjó skammt frá föður sínum, hafði á heimili sínu og var skráður eigandi að. Hann var að fara til náms í Bandaríkjunum og varð að losa sig við hundinn. Hafi svo um samist, að gerðarþoli tæki hundinn í fóstur. Átti Anna Kristín, dóttir gerðarbeiðanda, að fá hann í heimsókn til sín næturlangt, þegar hún óskaði þess.

Brátt varð ljóst, að þessi tilhögun var mjög slæm. Hundurinn hafi ekki þolað þennan flæking og verið illviðráðanlegur eftir heimsóknirnar. Bróðir gerðarþola, sem sé nú nýlátinn, hafi þá verið orðinn veikur og þoldi mjög illa óróann í hundinum. Gerðarþoli hafi þá farið til gerðarbeiðanda og tjáð henni, að hann gæti ekki haft hundinn áfram á heimili þeirra bræðranna við þessar aðstæður, og vildi hann skila hundinum.

Gerðarbeiðandi hafi þá talið sig ekki geta haft hundinn og sonur hennar

væri á förum í nám, og hafi gerðarþoli þá fallist á að taka hundinn til eignar. Gerðarbeiðandi hafi beitt sér fyrir því, að sonur hennar afsalaði hundinum gerðarbeiðanda til eignar. Engar kvaðir eða fyrirvarar hafi verið í afsali þessu og ekkert rætt um, að gerðarþoli skilaði hundinum aftur seinna. Samkomulag hafi verið um, að Anna litla mætti heimsækja hundinn, þegar það hentaði gerðarþola. Hafi hundurinn verið skráður á nafn gerðarþola og kallaður Klara.

Þessi tilhögun hafi gengið nokkuð vel í eitt ár, þar til í október 1991. Um þetta leyti kom hundurinn Muggur í heimsókn, en hann sé upphaflega fenginn hjá Jóni nokkrum Guðmundssyni. Þaðan mun Klara einnig vera. Eftir heimsóknina lét núverandi eigandi Muggs Jón hundaræktanda vita.

Hinn 6. nóvember 1991 hafi gerðarbeiðandi kært gerðarþola fyrir að halda hundinum fyrir sér, en ekki hafi lögreglustjóra þótt ástæða til að hafa frekari afskipti af deilu þeirra, sem fyrr segir, sbr. rskj. nr. 14.

Í desember sl. gaut Klara nokkrum hvolpum, og er þeir voru orðnir tveggja mánaða, auglýsti gerðarþoli þá í DV. Næsta sunnudag, þ. e. 16. febrúar, barst gerðarþola skeyti frá lögmanni gerðarbeiðanda, þar sem gerðarþola var skipað að skila hundinum og hvolpunum strax á heimili gerðarbeiðanda, að öðrum kosti yrði farið í innsetningarmál strax morguninn eftir, mánudaginn 17. febrúar, sbr. rskj. nr. 15.

Gerðarþoli hafi nú verið búinn að fá alveg nóg og ákvað að skila hundinum og hvolpunum gegn greiðslu á þeim kostnaði, sem hann hafði haft af þeim. Þess má geta, að fóstur fyrir hunda í Reykjavík og nágrenni kosti nú 600-700 kr. á dag. Var reynt með öllum ráðum að hafa uppi á lögmanni stefnanda á sunnudeginum, en það hafi ekki tekist.

Hafi þá verið reynt að hafa símasamband við gerðarbeiðanda, en Anna litla hafi svarað í símann og sagt, að gerðarbeiðandi hefði farið til útlanda daginn áður og væri ekki væntanleg fyrr en eftir nokkra daga. Var þá Anna litla spurð, hvort hún gæti tekið við hundinum og hvolpunum, en hún kvaðst ekki geta það, fyrr en mamma sín kæmi heim.

Gerðist nú ekkert frekar í málinu af hálfu lögmanns gerðarbeiðanda. Gerðarþoli treysti sér ekki til að hafa hundinn og hvolpana lengur, eftir allt, sem á undan var gengið, og ákvað að losa sig við þá. Hafi hann selt Kristni Hákonarsyni þá.

III.

Upphaf þessa máls er, að gerðarþoli hefur samband við gerðarbeiðanda vegna auglýsingar í DV 21. 9. 1990, þar sem óskað er eftir fósturheimili handa hreinræktuðum 11 mán. springer spaniel vegna veikinda í fjölskyldu.

Af gögnum málsins má ráða, að gerðarbeiðandi hafi 4. janúar 1990 keypt af Jóni Guðmundssyni, Álfabrekku v/Suðurlandsbraut, Reykjavík, hvolp,

tegund springer spaniel og nefndan Trixí, fæddan 5. 11. 1989, sbr. samning milli ofangreindra aðila, dags. 4. 1. 1990.

Hinn 30.1. 1990 sækir síðan, sem lögráða eigandi, Jónas Hagan Guðmundsson, kt. 051169-5309, þá til heimilis að Víðihlíð 31, Reykjavík, um leyfi til hundahalds í Reykjavík fyrir hundinn Trixí: aldur 3 mán., kyn: tík, tegund: springer spaniel.

Óumdeilt er, að hér er um sama hund að ræða og gerðarbeiðandi keypti 4. 1. 1990.

Engin gögn liggja frammi um það, að gerðarbeiðandi hafi afsalað framangreindum hundi til Jónasar Hagans, sonar síns.

Samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavík, 3. gr., er skylt að sækja um leyfi fyrir hunda, er þeir hafa náð þriggja mánaða aldri. Allar líkur eru á, að leyfisumsókn Jónasar Hagans hafi verið með vitund og vilja gerðarbeiðanda. Í því felst þó ekki, að gerðarbeiðandi hafi afsalað hundinum til Jónasar Hagans. Þá er tekið fram í yfirlýsingu frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, rskj. nr. 5, að það fer ekki fram á, að leyfisbeiðandi sanni eignarrétt sinn að hundi, en leyfið sé gefið út á vörslu- og ábyrgðarmann hunds hverju sinni.

Samkvæmt framangreindu gat gerðarþoli því ekki treyst því, að Jónas Hagan væri réttur eigandi hundsins Trixíar af því einu saman, að hann var skráður leyfishafi.

Orðalag ofangreindrar auglýsingar, heimsóknir gerðarþola með hundinn til dóttur gerðarbeiðanda, eftir að Jónas Hagan afsalar gerðarþola hundinum, án þess þó að gerðarþoli hafi nokkuð greitt fyrir hann, ummæli gerðarþola í yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 23. janúar 1992, að hann sé reiðubúinn til þess að afhenda hundinn, skila honum, ummæli í greinargerð gerðarþola um, að haft hafi verið samband við dóttur gerðarbeiðanda sunnudaginn 16. febrúar sl. og hún spurð, hvort hún gæti tekið við hundinum og hvolpunum, allt framangreint rennir stoðum undir þá fullyrðingu gerðarbeiðanda, að hundinum hafi aðeins verið komið í fóstur til gerðarþola um óákveðinn tíma og gerðarþoli hafi í raun þrátt fyrir útgáfu afsalsins frá Jónasi Hagan ekki litið á sig sem eiganda hundsins.

Með vísan til samningsins frá 4. 1. 1990, þar sem gerðarbeiðanda er afsalað framangreindum hundi og ekkert liggur fyrir um, að gerðarbeiðandi hafi afsalað honum öðrum, og gerðarþoli hefur ekki lagt fram eignarframsal til sín frá lögmætum eiganda hundsins, verður að líta svo á, að gerðarbeiðandi einn hafi umráða- og ráðstöfunarrétt yfir nefndri tík og afkvæmum hennar.

Innsetningarkrafa þessi nær því fram að ganga gagnvart gerðarþola.

Málskostnaður fellur niður.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Gerðarþola, Falk Konrad Kinsky, Bygggörðum 5, Seltjarnarnesi, er hér með gert að afhenda gerðarbeiðanda, Bryndísi Torfadóttur, Ofanleiti 9, Reykjavík, tíkina Trixy (Trixie), nú skráða Klara nr. 49 hjá eftirlitinu á Seltjarnarnesi, ásamt afkvæmum hennar.

Þriðjudaginn 29. september 1992.

Nr. 47/1992. **Fiskanes hf.**

gegn

Skipasmiðjunni Herði hf.

Kærumál. Fjárnámsgerð felld úr gildi. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1992. Málið sætir nú meðferð kærumála samkvæmt 3. tl. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að synjað verði fjárnáms. Hann krefst og málskostnaðar í héraðsdómi og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómari dæmdi bæjarþingsmálið nr. 412/1985: Skipasmiðjan Hörður hf. gegn Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf., í tvennu lagi, aðalsök og framhaldssök. Hæstiréttur staðfesti héraðsdóminn í aðalsök þannig, að hafnað var kröfu varnaraðila, að honum væri óskylt að hlíta gerðardóminum frá 12. febrúar 1985. Hrd. 1989, bls. 995.

Fyrir fógetaréttinum krafðist sóknaraðili viðurkenningar á því, að fjárnámskrafan „sé greidd með skuldajöfnuði, skv. gerðardómi 12. febrúar 1985 ...“. Fógeti taldi þessa vörn ekki komast að, en heildstæð greinargerð um uppgjör á verksamningum frá 11. júlí 1983 liggur ekki fyrir í málinu. Fallast ber á með vísun til 3. mgr. 20. gr. laga um aðför nr. 19/1887, sbr. 39. gr. sömu laga, að sóknaraðili hafi átt rétt á að fá efnisúrlausn um þessa kröfu fyrir fógetaréttinum. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Varnaraðili, Skipasmiðjan Hörður hf., greiði sóknaraðila, Fiskanesi hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 23. desember 1991.

I.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 19. desember sl. að loknum munnlegum flutningi, hefur gerðarbeiðandi, Skipasmiðjan Hörður hf., krafist þess, að gert verði fjárnám á grundvelli dóms í bæjarþingsmálinu nr. 412/1985: Skipasmiðjan Hörður hf. gegn Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf., framhaldssök, í eignum Fiskaness hf., kt. 451165-0119, Grindavík, þar sem dómþoli, Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf., og Fiskanes hf. hafa sameinast. Fjárnámið skuli gert til tryggingar greiðslu skuldar skv. dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, upp kveðnum 22. júlí sl., að fjárhæð 2.360.936 kr., ásamt dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júní 1985: 3,5% til 1. september 1985, 3,75% til 20. nóvember 1985, ásamt dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá 20. nóvember 1985 til 14. apríl 1987, en ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, — jafnframt til tryggingar 620.000 kr. í málskostnað ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögudegi til greiðsludags svo og 1.635 kr. í endurrits- og birtingarkostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Gerð þessi fari fram á ábyrgð gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar á þeim grundvelli, að krafan sé greidd með skuldajöfnuði skv. gerðardómi 12. febrúar 1985, sbr. réttarskjal nr. 5, og einnig, að fjárnám verði ekki gert í eigum gerðarþola á grundvelli þeirrar aðfararheimildar, sem gerðarbeiðandi hefur lagt fram.

Aðilar fluttu málið munnlega, og krafðist hvor um sig málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

II.

Í dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 22. júlí sl. var Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. dæmt til að greiða Skipasmiðjunni Herði hf. í framhaldssök 2.360.936 kr. auk vaxta og kostnaðar.

Gerðarþoli hefur byggt mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar í fyrsta lagi á því, að fjárnámskrafan væri þegar greidd með skuldajöfnuði. Skuldajafnað var dómkröfu Fiskaness hf. vegna Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. skv. gerðardómi, upp kveðnum 12. febrúar 1985, í gerðardómsmálinu: Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. gegn Skipasmiðjunni Herði hf., en gerðar-

orðið hljóðar svo: „Varnaraðili, Skipasmiðjan Hörður hf., Njarðvík, greiði sóknaraðila, Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf., Grindavík, 2.941.960 kr. ásamt 19% dráttarvöxtum frá 19. 6. 1984 til greiðsludags.

Varnaraðili greiði kostnað af störfum gerðardómsins, 228.000 kr."

Gerðarþoli kveðst hafa tilkynnt gerðarbeiðanda um skuldajöfnuðinn með bréfi, dags. 29. ágúst sl., og ekki hafa heyrt mótmæli frá gerðarbeiðanda um skuldajöfnuðinn, og því telji hann skuldajöfnuðinn viðurkenndan.

Gerðarbeiðandi mótmælti skuldajöfnuði fyrir fógetarétti á þeim forsendum, að krafan skv. gerðardómi væri þegar greidd með dómsátt, sem lögð var fram í bæjarþingi Reykjavíkur 23. október 1989 og er svohljóðandi:

„SÁTT:

Í bæjarþingsmálinu í Reykjavík nr. 2173/1985 gera Útvegsbanki Íslands hf. og Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. með sér svofellda

sátt:

Samkvæmt yfirlýsingu Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, dags. 29. 4. 1984, greiðir Útvegsbanki Íslands hf. skv. gerðardómi, upp kveðnum 12. febrúar 1985, 4.724.346 kr.

Þá er búið að draga frá skuldinni 2.201.143 kr., sem teljast skuld Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. vegna ógreiddra eftirstöðva smíðaverðs Þórkötlu II, GK-197, skv. samningi, dagsettum 11. júlí 1983. Greiðsla bankans hefur þegar farið fram. Samkvæmt yfirlýsingu Landsbanka Íslands á dskj. nr. 26 samþykkir hann, að greiðsla Útvegsbankans verði innt af hendi beint til stefnanda máls þessa.

Mál nr. 273/1985 óskast hafið án kostnaðar.

Reykjavík, 23. 10. 1989.
F. h. Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf.,
Jón G. Briem hdl. (sign.),
f. h. Útvegsbanka Íslands hf.,
Kristján Þorbergsson (sign.)."

Gerðarþoli telur skuldina skv. dóminum 22. júlí sl. þegar hafa verið greidda með dómsáttinni, þó að fjárhæðin, sem þar sé dregin frá gerðardómsfjárhæðinni, 2.201.143 kr., sé ekki hin sama og greinir í dómsorði. Hann kveður skuldajöfnuðinn byggjast á því, að samkvæmt framangreindri sátt hafi krafan, sem hér um ræðir, verið dregin frá gerðardómsfjárhæðinni og sé því ekki lengur til að dreifa.

Framangreind sátt var gerð 23. 10. 1989, en dómurinn var kveðinn upp 22. 7. 1991, og því verður að telja, að þær varnir, sem gerðarþoli byggir á hér fyrir fógetarétti, hefðu átt heima undir rekstri bæjarþingsmálsins, en

ekki fyrir fógetarétti. Þegar litið er til eðlis fógetaréttar, verður að telja, að þessar varnir komist ekki að hér.

III.

Í öðru lagi byggir gerðarþoli á því, að dómurinn sé á Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf., en krafist sé fjárnáms hjá Fiskanesi hf. Fiskanes hf. og Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. hafi verið sameinuð með þeim hætti, að Fiskanes hf. hafi tekið við réttindum og skyldum hraðfrystihússins og það sé því ekki lengur til. Innköllun til kröfuhafa, Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf., hafi birst í Lögbirtingablaði 11. janúar 1991 og kröfulýsingarfrestur runnið út 11. apríl 1991. Skipasmiðjan Hörður hf. hafi ekki lýst kröfu, og því telji gerðarþoli kröfuna skv. dómi 22. júlí 1991 niður fallna vegna vanlýsingar.

Gerðarbeiðandi mótmælti þessu.

Ekki verður fallist á, að vanlýsing á umræddri kröfu sé þess valdandi, að hún falli niður, enda verður að líta svo á, að Fiskanes hf. hafi tekið við öllum skuldbindingum Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf., er félögin voru sameinuð.

IV.

Þegar allt framanritað er virt, lítur rétturinn svo á, að umbeðin gerð skuli ná fram að ganga. Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 25.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna gerð nær fram að ganga.

Gerðarþoli, Fiskanes hf., greiði gerðarbeiðanda, Skipasmiðjunni Herði hf., 25.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. september 1992.

Nr. 323/1991. **Bernharð Hjaltalín og**
Djúp hf.
gegn
Íslandsbanka hf.,
Arnarbergi hf.,
Auði Bergsteinsdóttur,
bæjarsjóði Ísafjarðar,
Guðmundi Sigurbjarnarsyni,
Hans Georg Bæringssyni,
Tryggingastofnun ríkisins,
Vátryggingafélagi Íslands hf. og
Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. sama mánaðar. Áfrýjað er þriðja og síðasta uppboði á fasteigninni Mánagötu 4 á Ísafirði, þinglesinni eign sóknaraðila, sem fram fór í uppboðsrétti Ísafjarðar 24. apríl 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála, og hefur það verið flutt skriflega.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að framangreindu nauðungaruppboði verði „hrundið og það úr gildi fellt og að synjað verði um framgang þess að öllu leyti eða hluta til...“ Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi stefndu sameiginlega.

Af hálfu varnaraðilanna Íslandsbanka hf., Auðar Bergsteinsdóttur og Verðbréfamarkaðar Fjáfestingarfélagsins hf. er krafist staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðilinn Vátryggingafélag Íslands hf. krefst sýknu af málskostnaðarkröfu sóknaraðila og kærumálskostnaðar úr þeirra hendi.

Af hálfu annarra varnaraðila hafa ekki verið gerðar kröfur í málinu.

I.

Með afsali 27. ágúst 1982 afsalaði Hjálpræðisherinn á Íslandi sóknaraðilum „...Gistiheimilið Mánagötu 4, Ísafirði, ásamt því, sem fylgir og fylgja ber, þ. m. t. tilheyrandi lóðarréttindum, að undanskildum samkomusölum á 1. hæð í norðurenda hússins...". Afsalið var innfært í þinglýsingabók 26. október 1982.

II.

Hinn 9. janúar 1991 var tekin fyrir í uppboðsrétti Ísafjarðar beiðni varnaraðilans Íslandsbanka hf. um nauðungarsölu á fasteigninni Mánagötu 4 á Ísafirði. Fyrsta uppboð fór fram 5. febrúar 1991, en annað og síðara 2. apríl sama ár. Í hvorugu þinghaldinu var mætt af hálfu sóknaraðila. Hinn 24. apríl 1991 fór fram þriðja og síðasta uppboð á eigninni. Þá mætti sóknaraðilinn Bernharð, og er samkvæmt endurriti bókunar í þinghaldinu gerð svofelld grein fyrir þingsókn hans: „Af hálfu uppboðsþola mætir Bernharð Hjaltalín." Bauð hann í eignina vegna sóknaraðilans Djúps hf. og átti hæsta boð. Var honum gert að setja fullnægjandi tryggingu fyrir því, að hann gæti staðið við boð sitt, og veittur frestur til þess. Uppboðshaldari taldi tryggingar, sem fram voru boðnar, ekki fullnægjandi og tilkynnti hæstbjóðanda, að boði hans væri hafnað, en ákveðið væri að taka boði næstbjóðanda. Þessu mótmælti hæstbjóðandi og bar nú fyrir sig galla á uppboðsauglýsingum. Var í uppboðsrétti kveðinn upp úrskurður um þessa kröfu. Hann var kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm í kærumálinu 28. júní 1991 og ómerkti úrskurðinn.

III.

Í veðbókarvottorði um fasteignina Mánagötu 4 á Ísafirði frá 24. apríl 1991 eru Bernharð Hjaltalín og Djúp hf. sagðir eigendur fasteignarinnar. Í uppboðsskilmálum eru sömu eigendur tilgreindir að eigninni. Hvorki í veðbókarvottorðinu né uppboðsskilmálunum er getið Hjálpræðishersins á Íslandi sem eiganda að hluta fasteignarinnar. Í uppboðsauglýsingum, sem birtust í 148., 153. og 158. tölublaði Lögbirtingablaðs, er uppboðsandlagi lýst svo, að það sé

Mánagata 4, þinglesin eign Bernharðs Hjaltalíns. Eignin er nákvæmlega eins auðkennd í auglýsingum, sem birtar voru í dagblöðum, meðan á rekstri uppboðsmálsins stóð. Gefa auglýsingarnar til kynna, að öll fasteignin verði seld nauðungarsölu.

IV.

Þessi lýsing á eignaraðild að Mánagötu 4 fer alveg í bága við ákvæði áðurnefnds afsals um sameiginlega eignaraðild sóknaraðila og einnig það ákvæði afsalsins, sem undanskilur hluta fasteignarinnar kaupum þeirra. Þess sér hvergi stað í gögnum málsins, að sóknaraðilar hafi síðar eignast þann eignarhluta. Þrátt fyrir þetta verður ekki séð, að Hjálpræðishernum á Íslandi hafi verið sendar tilkynningar vegna uppboðsmálsins, og eigi verður annað ráðið af endurriti bókana í uppboðsbók en öll fasteignin Mánagata 4 hafi verið boðin upp.

V.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er meðferð uppboðsmálsins frá upphafi með svo stórvægilegum göllum, að eigi verður hjá því komist að ómerkja málsmeðferðina í heild ex officio og vísa uppboðsmálinu frá sýslumanninum á Ísafirði.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreind uppboðsmeðferð á fasteigninni Mánagötu 4 á Ísafirði er ómerkt og uppboðsmálinu í heild vísað frá sýslumanninum á Ísafirði.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. október 1992.

Nr. 75/1991. **Hagbær sf.**

gegn

Hauki Ingimarssyni,
Kristínu Sigurðardóttur,
Lífeyrissjóði sjómanna,
Lífeyrissjóði Suðurnesja,
Sparisjóðnum í Keflavík,
Vátryggingafélagi Íslands hf.,
Landsbanka Íslands og
Ríkisútvarpinu.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Áfrýjun. Frávísun frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1991. Því var áður áfrýjað með stefnu 11. desember 1990 í máli nr. 462/1990, en sú málsókn féll niður 1. febrúar 1991, þar sem málið varð ekki þingfest. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992. Málið hefur verið sótt og varið skriflega.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða uppboðsgerð og uppboðsmálið í heild verði ómerkt og málinu vísað frá uppboðsrétti. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilarnir Vátryggingafélag Íslands hf. og Ríkisútvarpið gera hvor um sig þær kröfur, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti og sóknaraðila gert að greiða þeim kærumálskostnað.

Varnaraðilarnir Sparisjóðurinn í Keflavík og Lífeyrissjóður Suðurnesja hafa lýst því í greinargerð, að þeir óski ekki eftir að hafa afskipti af málinu.

Frá öðrum aðilum hafa ekki borist kröfur eða greinargerðir.

Hinn 14. nóvember 1990 fór fram í uppboðsrétti Keflavíkur þriðja og síðasta uppboðssala á neðri hæð fasteignarinnar Hátúns

12 í Keflavík, þinglýstri eign varnaraðilanna Hauks Ingimarssonar og Kristínar Sigurðardóttur, og er það hið kærða nauðungaruppboð. Á uppboðinu varð hæstbjóðandi Sigurður Leifsson með boði að fjárhæð 1.380.000 krónur. Samkvæmt uppboðsbók krafðist hann útlagningar sem ófullnægður veðhafi, en af gögnum málsins verður ekki séð, að hann hafi verið meðal veðhafa. Sóknaraðili hafði krafist uppboðs 5. september 1991 á grundvelli fjárnáms í umræddri eign. Samkvæmt greinargerð hans fyrir Hæstarétti kom hann nokkrum mínútum of seint til uppboðsþings, en þá var uppboðið afstaðið. Reisir sóknaraðili kröfur sínar aðallega á því, að upphafleg uppboðsbeiðni Sparisjóðsins í Keflavík 12. apríl 1989 hafi verið afturkölluð 4. desember sama ár, en uppboðshaldari hafi engu að síður haldið uppboðsmálinu fram, án þess að séð verði, að aðrar uppboðsbeiðnir hafi legið fyrir á þeim tíma.

Svo sem fyrr segir, varð Sigurður Leifsson hæstbjóðandi í fyrrgreinda eign á uppboðsþinginu 14. nóvember 1990. Úrslit máls þessa varða því hagsmuni hans, og bar við áfrýjun uppboðsins að stefna honum, svo að honum gæfist kostur á að gæta réttar síns. Þar sem það var ekki gert, þykir verða að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum Vátryggingafélagi Íslands hf. og Ríkisútvarpinu kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hagbær hf., greiði varnaraðilunum Vátryggingafélagi Íslands hf. og Ríkisútvarpinu 15.000 krónur hvorum í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Hæstbjóðandi á nauðungaruppboði, sem ekki á fyrir réttindi í söluverðmætinu, er ekki aðili uppboðs samkvæmt því, sem um var mælt í 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. nú 2. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann getur áfrýjað uppboðsmáli hagsmuna sinna vegna, ef því er að skipta, eða komið

fram við uppboðshaldara með kröfur eða mótmæli varðandi söluverðmætið, er leiði til málsaðildar samkvæmt 4. tl. umræddra lagagreina. Að öðru leyti getur það verið atvikum undirorpið, hvort nauðsynlegt sé eftir almennum málskotsreglum að kveðja hann til aðildar við áfrýjun eða kæru uppboðsmáls, meðan hann er ekki orðinn kaupandi á uppboðinu.

Þegar máli þessu var fyrst áfrýjað, hafði boð Sigurðar Leifssonar á uppboðsþingi ekki verið samþykkt með formlegum hætti. Ekki verður séð, hvort hann hafði gengið eftir því samþykki eða gert reka að greiðslu á uppboðsverði, og bókun um útlagningu til hans var ekki marktæk. Var ekki unnt að líta á hann sem uppboðskaupanda eftir ákvæðum laga nr. 57/1949. Hann hafði ekki haft uppi við uppboðshaldara sérstakar kröfur, er líta þyrfti til við málskot. Málsástæður sóknaraðila varða ekki boð Sigurðar eða atvik á söluþinginu 14. nóvember 1991, heldur fyrri meðferð uppboðsmálsins. Að þessu athuguðu virðist mér ekki óhjákvæmilegt að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti fyrir þá sök, að honum var ekki stefnt til aðildar, eða sinna kröfum varnaraðila í þá átt. Í greinargerðum sínum hafa þeir ekki tjáð sig um efni málsins. Teldi ég heimilt, eins og hér stendur á, að þeim yrði gefinn kostur á því og jafnframt leitað eftir athugasemdum frá uppboðshaldara og umræddum hæstbjóðanda, enda sætir málið nú kærumeðferð. Þar sem aðrir dómendur telja á hinn bóginn, að vísa beri málinu frá, er ekki ástæða til að veita því frekari umfjöllun.

Föstudaginn 2. október 1992.

Nr. 86/1992. **Edna hf.**

gegn

Jóhannesi Halldórssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Edna hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. október 1992.

Nr. 206/1992. **Birgir Guðjónsson**

gegn

Samherja hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Birgir Guðjónsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Samherja hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 6.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1992.

Nr. 207/1992. **Guðmundur Heiðar Guðjónsson**

gegn

Samherja hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Heiðar Guðjónsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Samherja hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 6.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1992.

Nr. 229/1992. **Nesport hf.**

gegn

Steingrími Matthíassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Nesport hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. október 1992.

Nr. 230/1992. **Sanitas hf.**

gegn

Guðmundi Jónssyni hrl.

f.h. Anders og Bruun A/S.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sanitas hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. október 1992.

Nr. 246/1992. **Hilti sf.**

gegn

Guðjóni Ármanni Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hilti sf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. október 1992.

Nr. 292/1992. **Arnar-Berg hf.**

gegn

Ingimundi Magnússyni
f.h. einkafyrirtækis hans,
Byggðaþjónustunnar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Arnar-Berg hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. október 1992.

Nr. 15/1991. **Kristján S. Guðmundsson**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík.

Kærumál. Lögtak. Ómerking. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 9. janúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. desember 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða lögtaksgerð verði ómerkt og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og varnaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað.

I.

Með úrskurði skattstjórans í Reykjavík 2. mars 1990 var kveðið svo á, að sóknaraðili máls þessa skyldi talinn virðisaukaskattsskyldur aðili samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Með tilkynningu frá skattstjóra 28. maí 1990 var sóknaraðila gert kunnugt, að á hann hefði verið lagður virðisaukaskattur fyrir uppgjörstímabilið janúar-febrúar 1990.

Sóknaraðili kærði framangreinda ákvörðun skattstjórans í Reykjavík. Af því tilefni kvað skattstjóri upp svofelldan kæruúrskurð: „Að teknu tilliti til fram kominna upplýsinga í kæru yðar er fallist á kæruna. Þér hafið því verið felldur af skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila ...“. Sóknaraðila var kynntur þessi úrskurður með bréfi skattstjóra 5. júní 1990, og virðist það hafa verið ítrekað með samhljóða bréfi 16. sama mánaðar.

Með innheimtubréfi frá eftirstöðvadeild varnaraðila 31. maí 1990 hafði sóknaraðila verið send áskorun um greiðslu á fyrrgreindri

skuld hans vegna virðisaukaskatts. Með bréfi 8. júlí 1990 leitaði varnaraðili til fógetaréttar Reykjavíkur um lögtak í eignum sóknaraðila. Hinn 17. september 1990 var gert lögtak fyrir skuldinni í fasteign sóknaraðila að Rauðagerði 39 í Reykjavík, og er það hin kærða lögtaksgerð. Fór hún fram á eigninni sjálfri að sóknaraðila fjarstöddum. Hana framkvæmdi Jón H. Snorrason, fulltrúi yfirborgarfógeta. Með bréfi 2. október 1990 var sóknaraðila send greiðsluáskorun vegna lögtaksins, og 3. sama mánaðar var það afhent til þinglýsingar.

Samkvæmt fram lagðri reikningsútskrift frá varnaraðila var skuld sóknaraðila vegna virðisaukaskattsins ásamt kostnaði af lögtakinu að fullu strikuð út í bókum embættisins 9. október 1990. Kveður varnaraðili skattstjórann í Reykjavík hafa tilkynnt embættinu með tölvuboði þann dag, að skatturinn væri felldur niður. Jafnframt er upplýst, að lögtakinu var aflýst á grundvelli yfirlýsingar frá varnaraðila.

II.

Kröfur sóknaraðila í máli þessu eru á því byggðar, að hið kærða lögtak hafi verið gert í heimildarleysi, þar sem álagning virðisaukaskatts á sig hafi þá verið úr sögunni. Lögtakið hafi þó ekki verið fellt úr gildi. Jafnframt hafi verið gallar á framkvæmd lögtaksins, er varða eigi ómerkingu. Um það segir í greinargerð sóknaraðila: „Þá er því haldið fram, að lögtaksgerðin sé haldin (sic) þeim annmörkum, að ómerkja beri hana, en sá, er lögtakið gerði, er tengdasonur gerðarbeiðanda, en sá, er skipaður er til þess að mæta fyrir hönd gerðarþola, sóknaraðila, er jafnframt löggiltur til þess að framkvæma lögtök fyrir gerðarbeiðanda".

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að krafan um virðisaukaskatt á hendur sóknaraðila hafi fyrst verið felld niður 9. október 1990, þegar skattstjóri hafi tilkynnt varnaraðila um niðurfellingu hinna á lögðu gjalda. Úrskurður skattstjóra í júní 1990 hafi tekið til þess, hvort sóknaraðili ætti að vera á skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila, en ekki til gjaldanna sjálfra. Skattkrafan hafi því verið í fullu gildi, þegar lögtak var gert hjá sóknaraðila. Á hinn bóginn hafi lögtaksgerðin fallið niður við þessa niðurfellingu kröfunnar, og geti hún því ekki orðið grundvöllur að málskoti til Hæstaréttar, sem sé einnig þarflaust vegna þess, að varnaraðili hafi látið aflýsa

aðfararveðinu í fasteign sóknaraðila. Þá hafi sóknaraðili ekki reynt að leita lausnargerðar fyrir fógetarétti.

Loks andmælir varnaraðili kröfu sóknaraðila um ómerkingu hinnar kærðu lögtaksgerðar vegna vanhæfis fógeta.

III.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 10. janúar 1985 var Jón H. Snorrason lögfræðingur löggiltur „eftir beiðni yfirborgarfógetans í Reykjavík, Jóns Skaftasonar, og samkvæmt 33. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, sbr. 15. gr. laga nr. 74 27. apríl 1972, ... til þess, frá 1. janúar 1985 að telja, sem fulltrúi téðs embættismanns og á hans ábyrgð að framkvæma lögtök fyrir tollstjórann í Reykjavík."

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn, er sýna, að frá árinu 1975 hefur Jón H. Snorrason verið tengdasonur Björns Hermannssonar, tollstjóra í Reykjavík. Samkvæmt því var fulltrúi yfirborgarfógeta mægður fyrirsvarsmanni gerðarbeiðanda að niðjatali, þá er hin kærða lögtaksgerð fór fram. Brast hann þannig hæfi til þess að fara með málið sem fógeti, sbr. 3. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ber því þegar af þeirri ástæðu að ómerkja hið kærða lögtak.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin kærða lögtaksgerð er ómerkt.

Varnaraðili, tollstjórinn í Reykjavík, greiði sóknaraðila, Kristjáni S. Guðmundssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Föstudaginn 2. október 1992.

Nr. 286/1989. **Hafnarfjarðarkaupstaður**
gegn
Landsbanka Íslands,
Búnaðarbanka Íslands,
ríkissjóði,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
Póst- og símamálastofnun og
Óla A. Bieltvedt.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Jarðalög. Forkaupsréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómarar.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1989. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992. Málið hefur verið sótt og varið skriflega.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þann veg, að sér verði heimilað að ganga inn í hæsta boð á nauðungaruppboði, sem fram fór 21. júlí 1988, þar sem 2/6 hlutar Óttarsstaða I, þinglesin eign Óla A. Bieltvedts, voru seldir á 8.000.000 króna. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu Landsbankans er þess aðallega krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Til vara krefst hann þess, að málinu verði bæði vísað frá Hæstarétti og uppboðsrétti Hafnarfjarðar. Til þrautavara krefst hann, að verði forkaupsréttur Hafnarfjarðarkaupstaðar viðurkenndur og honum heimilað að ganga inn í boð Landsbankans, skuli við það miðað, að hann greiði bankanum sem útlagningarhafa að fullu uppboðskröfu hans samkvæmt kröfulýsingu 26. október 1988, 23.144.465 krónur, auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá uppboðsdegi til greiðsludags. Hann krefst kærumálskostnaðar í öllum tilvikum.

Af hálfu Búnaðarbankans er krafist, „að staðfest verði uppboðsgerð, er fram fór 21. júlí 1988 á 2/6 hlutum Óttarsstaða, eign Óla A. Bieltvedts, og ákvörðun uppboðshaldara um að taka hæsta boði, og loks er krafist staðfestingar á úrskurði uppboðshaldara, dags. 7. júlí 1989, þar sem hafnað er kröfu Hafnarfjarðarbæjar um forkaupsrétt að jarðarhlutanum". Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Ríkissjóður, Gjaldheimtan í Reykjavík og Íslandsbanki hf. telja sig ekki hafa hagsmuna að gæta í málinu og gera því engar kröfur, en andmæla því, að kærumálskostnaður verði á þá lagður.

Varnaraðilarnir Póst- og símamálastofnun og Óli A. Bieltvedt hafa ekki sent Hæstarétti greinargerðir í málinu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ekki eru efni til að taka frávísunarkröfu Landsbankans til greina.

Uppboðsandlagið í málinu er samkvæmt þinglýstri eignarheimild Óla A. Bieltvedts að Óttarsstöðum I, 2/6 hlutum, og töldust þeir hálflenda jarðarinnar, áður en ráðstafað var nokkrum skákum úr landinu. Útland jarðarinnar Óttarsstaða er í óskiptri sameign Óttarsstaða I og Óttarsstaða II.

Landstærð beggja jarðanna er talin um það bil 1450 hektarar, og sá hluti, sem hér ræðir um, svarar til nálægt 240 hektara. Landið liggur að sjó, og er breidd þess þar um það bil 2,5 km, en 1,5 km inn til landsins. Meðalbreidd þess er talin um 2 km og lengd frá sjó til fjalls 7 km. Jörðin er innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar og liggur næst sunnan við jörðina Straum, sem er eign kaupstaðarins að mestu leyti. Nyrsti hluti þeirrar jarðar fellur undir aðalskipulag kaupstaðarins samkvæmt skipulagsuppdrætti 8. desember 1982. Land Óttarsstaða er ekki skipulagt. Óttarsstaðir teljast eyðijörð samkvæmt 1. mgr. 24. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar þarf leyfi yfirvalda til að endurbyggja eyðijörð, meðal annars þarf leyfi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í þessu tilviki. Ekki mun vera um að ræða húsakost á jörðinni til búrekstrar. Af því, sem fram er komið í málinu, má sjá, að landið mun nýtast betur til annarrar starfsemi en búskapar, en það liggur vel við samgöngum og hafnaraðstöðu.

Ljóst er af greinargerð fyrir frumvarpi til jarðalaga nr. 65/1976, að löggjafinn hefur einkum litið til jarða, sem keyptar hafa verið

háu verði, „þar sem góð aðstaða er til að setja niður sumarbústaði eða eftirsóknarverð hlunnindi fylgja jörðum...“ Hafi verð slíkra jarða verið orðið svo hátt, að sjaldnast væri viðráðanlegt fyrir sveitarfélög þrátt fyrir lögboðinn forkaupsrétt. Afleiðingin hafi orðið sú, „að margar vildisjarðir hafa verið skákaðar niður, en það hefur torveldað eðlilegan búrekstur, og á mörgum hefur föst búseta lagst niður vegna jarðarkaupa félagssamtaka eða manna, sem ekki hyggja á búskap“. Reynslan sýni, að brýn þörf sé á að fylgjast með slíkum ráðstöfunum lands og hafa áhrif á, hvar og hvernig landi sé ráðstafað á þennan hátt. Sé lögunum ætlað að veita byggðarlögum meira áhrifavald í þessu efni, styrkja aðstöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðakaupa.

Í síðari málslið 1. mgr. 3. gr. jarðalaga segir:

„Þéttbýlissvæði, sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna, sem ekki stunda landbúnað, eru undanskilin ákvæðum laga þessara.“

Af framansögðu er ljóst, að tilgangur jarðalaga er fyrst og fremst sá að tryggja nýtingu lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða í þágu þeirra, er landbúnað vilja stunda og með hliðsjón af hagsmunum sveitarfélaga af því, að innan vébanda þeirra geti landbúnaður þróast með eðlilegum hætti. Í málinu er ekki á því byggt, að hagsmunir sóknaraðila af því að mega neyta forkaupsréttar séu af slíkum toga. Eins og hér stendur á, er því ekki unnt að fallast á, að 30. og 31. gr. jarðalaga, sbr. 11. gr. laga nr. 90/1984, geti tekið til þess landsvæðis, er mál þetta varðar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála öðrum dómendum um afstöðu til frávísunarkröfu í máli þessu.

Í málinu er deilt um meintan forkaupsrétt sóknaraðila að óskipt-

um hluta úr fasteigninni Óttarsstöðum I í Hafnarfirði. Fasteignin er jörð frá fornu fari og liggur sunnan eða vestan Straumsvíkur ásamt jörðunum Óttarsstöðum II, Lónakoti og Straumi, þar sem heita Hraun, og var sveitin kennd með því nafni. Land Óttarsstaða nær frá fjöru til fjalls og liggur fyrst meðfram Lónakoti utan megin, en svo á mörkum við Vatnsleysustrandarhrepp og síðan Grindavíkurhrepp, þar sem land jarðarinnar Krýsuvíkur tekur við. Það land er nú friðlýst sem fólkvangur. Heimaland þar er í eigu sóknaraðila og innan umdæmis kaupstaðarins. Á Hraunajörðunum eru litlir ræktunarmöguleikar og landið rýrt til búskapar að því leyti, en þaðan var einnig róið til fiskjar, og við Straumsvík var verslað fyrr á öldum.

Fyrrgreindar jarðir ásamt fleiri landareignum voru felldar undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar á árinu 1964. Fram að þeim tíma tilheyrðu þær Garðahreppi (nú Garðakaupstað), sem var hluti úr hinum forna Álftaneshreppi eins og upphafleg kaupstaðarlóð Hafnarfjarðar, og var umdæmabreytingin byggð á makaskiptum og samningum milli þessara sveitarfélaga.

Um stöðu hinnar umdeildu fasteignar er meðal annars á það að líta, að með samþykkt nr. 164/1974, sem staðfest var af ráðuneyti 10. maí 1974, ákvað bæjarstjórn Hafnarfjarðar á grundvelli heimildar í lögum nr. 22/1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl. og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 að áskilja sér forkaupsrétt að hinum nýju lendum og mannvirkjum innan kaupstaðarins, þ. e. „að öllum löndum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krýsuvíkurvegar, er lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 46/1964". Voru Óttarsstaðir tilgreindir þar á meðal. Samþykktin gilti í 5 ár frá dagsetningu hennar, eins og vera bar samkvæmt lögunum. Samþykkt þessi var endurnýjuð með samþykkt nr. 14/1980 frá 3. janúar 1980 og þá bætt við lóðum og fasteignum í landi Setbergs og Þórsbergs við Hafnarfjörð, sem lagðar voru undir lögsagnarumdæmið með lögum nr. 34/1978. Þessi síðari samþykkt var ekki leyst af hólmi með annarri, þegar gildistími hennar rann út í janúar 1985. Hins vegar var ný samþykkt sama efnis staðfest 24. janúar 1989 (nr. 46/1989), eins og um getur í hinum kærða úrskurði.

Jafnframt liggur það fyrir, að Hafnarfjarðarkaupstaður er í

reynd orðinn eigandi að nokkrum þessara fasteigna, sem sjá má af brottfellingum í síðastnefndu samþykktinni, þar á meðal mestum hluta jarðarinnar Straums, sem hann keypti árið 1981. Í greinargerð með gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000 er því lýst, að bærinn sé sjálfur eigandi að mestöllu landi innan kaupstaðarmarkanna, en hið samfellda kaupstaðarland er alls um 87 ferkm.

Hinn umdeildi forkaupsréttur er þó ekki byggður á fyrrgreindum lagaheimildum, enda áttu þær ekki við, eins og á stóð. Er hans krafist á grundvelli 1. mgr. 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 11. gr. laga nr. 90/1984, en varnaraðilar mótmæla gildi hans í málinu.

Inntak forkaupsréttar samkvæmt jarðalögum ber að skýra eftir ákvæðum laganna sjálfra og með hliðsjón af annarri löggjöf um slík réttindi, en þar er fyrrgreindum lagaheimildum aðallega til að dreifa. Enn fremur ber að líta til samhengisins við fyrri löggjöf um sama efni, þ.e. lög nr. 40/1948 um kauprétt að jörðum og fyrirrennara þeirra, en ferill þeirra hófst með lögum nr. 30/1905 um forkaupsrétt leiguliða o. fl., sem námu úr gildi ákvæði konungsbréfs 22. desember 1797 og tilskipunar 18. júní 1723.

Við setningu jarðalaga var aðstaðan sú í megindráttum um forkaupsrétt á hendi sveitarfélaga, að ákvæði laga nr. 40/1948 áttu við um fasteignir utan kaupstaða og kauptúna, en lög nr. 22/1932 um fasteignir innan þeirra. Jafnframt voru komin til ákvæði 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sem heimiluðu sveitarfélögum almennt að áskilja sér forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum af skipulagsástæðum. Í hinum lögunum var það ekki skilgreint með vísan til sérstakra hagsmuna, í hvaða skyni sveitarfélögin mættu neyta réttarins, og voru lög nr. 22/1932 mjög frjálslega orðuð í því efni. Réttur samkvæmt lögum nr. 40/1948 náði til sölu á nauðungaruppboði jafnt sem annarra viðskipta, en svo var ekki um hin lögin, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um nauðungaruppboð. Í skipulagslögum voru hins vegar settar eignarnámsheimildir, en þær eru ekki meginatriði í jarðalögum, sbr. 15. gr. þeirra.

Yfirstjórn mála samkvæmt jarðalögum heyrir undir landbúnaðarráðuneytið, sbr. 2. gr., og jarðanefndir, sem með þeim var komið á fót, eru að meiri hluta skipaðar mönnum, sem búnaðarsambönd nefna til, sbr. 4. gr. Eigi að síður er það ljóst af ákvæðum laganna, að þau eiga sér víðari skírskotun en landbúnaðarmálum nemur.

Samkvæmt 1. gr. er það tilgangur þeirra að tryggja í fyrsta lagi, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og í öðru lagi, að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og hagsmuni þeirra, sem landbúnað stunda. Eðlilegt er að líta á þetta ákvæði sem heild, þannig að upphafsþátturinn geti átt við um forkaupsrétt eftir IV. kafla laganna ekki síður en framhaldið og að þá hagsmuni sveitarfélaga, sem á reynir eftir IV. kafla, megi eftir atvikum skoða í ljósi hans. Þá er og ljóst, að ákvæði 6. gr. laganna um aðilaskipti að eignarréttindum taka nánast til allra fasteigna, án tillits til þess, hvort þær eru nýttar til landbúnaðar eða samkvæmt hefðbundnum búsþörfum, sbr. og 3. gr. um skilgreiningu eigna, er lögin taka til.

Loks er það svo, að sveitarfélögum er ætlaður mjög ríkur þáttur í meðferð málefna samkvæmt lögunum. Er það fyrsta hlutverk jarðanefnda samkvæmt 5. gr. að vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd laganna, eins og þar er nánar talið, og sveitarstjórnir og jarðanefndir eiga báðar aðild að flestum þeim ákvörðunum, sem um ræðir í II. kafla og annars staðar í lögunum. Með 9. gr. laga nr. 90/1984 var og stigið það skref að leggja niður starf jarðanefnda í kaupstöðum og láta sveitarstjórnir þar einar um þessar ákvarðanir, sbr. núgildandi 21. gr. jarðalaga. Þetta hlutverk sveitarstjórna er að vísu tengt hefðbundinni stöðu þeirra í málum landbúnaðar, en hlýtur einnig að markast af tilliti til annarra atvinnuvega og stöðu sveitarstjórnanna varðandi skipulag í byggðum landsins.

Í jarðalögum er þess að engu getið, að forkaupsréttur sveitarfélags samkvæmt þeim eigi að takmarkast af þeim réttindum, sem það kunni að eiga eftir öðrum lagaheimildum. Voru þau lögfest, án þess að hreyft væri við ákvæðum skipulagslaga eða laga nr. 22/1932. Með jarðalögunum komst þó á sú breyting, að forkaupsréttur eftir lögum nr. 40/1948 var færður inn í umdæmi kaupstaðanna, þar sem takmörkun réttarins miðast nú við þéttbýlissvæði samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 3. gr. laganna, og hefur það hugtak eigin merkingu. Vera má, að túlka þurfi jarðalögin með tilliti til skörunar þeirra við hina löggjöfina, en meginstefnan sýnist þó vera sú, að hver heimild geti staðið fyrir sínu.

Að athuguðu því, sem hér var rætt, virðist eðlilegt að líta svo á, að sveitarfélög geti neytt forkaupsréttar samkvæmt jarðalögum ekki aðeins í þágu landbúnaðar, sem raunar er af mörgu tagi, heldur einnig annarra atvinnuvega, sem þrífast kunna í byggðarlaginu, svo og hagsmuna eins og þeirra, sem varða útivist og afþreyingu. Er helst álitamál, hvort unnt sé að beita réttinum í þágu skipulagsmöguleika einna saman, nálægra eða fjarlægra, vegna tilvistar skipulagslaga. Í því tilliti sem öðrum hlýtur rétturinn þó meðal annars að vera háður fjárráðum sveitarfélaganna, og kann löggjafinn að hafa treyst á það sem gildustu afmörkun hans.

Í málflutningi sóknaraðila hefur það ekki verið skilgreint til hlítar, hvers vegna réttarins er krafist, en því lýst í greinargerð, að bæjaryfirvöld hefðu mikinn áhuga á kaupum jarða og jarðahluta innan bæjarmarkanna „vegna framtíðarþróunar og hins öra vaxtar bæjarins". Var og vísað til þeirra samþykkta, sem fyrr greinir, en af þeim má ráða það sem stefnu bæjaryfirvalda, að kaupstaðurinn eigi sjálfur sem mest af ónotuðu byggingarlandi í umdæminu. Með hliðsjón af því, sem þekkt er um umhverfi Óttarsstaða, verður þó að ætla, að krafan sé ekki til komin vegna þess eins, heldur séu og hafðir í huga þeir sérstöku atvinnuhagsmunir, sem tengdir eru svæðinu í nánd við hina nýju höfn bæjarins í Straumsvík.

Á það er rétt að fallast með dómara í héraði, að Óttarsstaðir séu ekki á þéttbýlissvæði í merkingu 1. mgr. 3. gr. jarðalaga. Auk þess, sem fyrr var nefnt um legu og aðstöðu jarðarinnar, er á það að líta, að aðalskipulag kaupstaðarins nær ekki að henni og sá hluti hins skipulagða svæðis, sem næst liggur, hefur ekki byggst nema að litlu leyti. Áliðjuverið í Straumsvík, sem á milli stendur, getur ekki talist hluti af hinni samfelldu byggð í kaupstaðnum, eins og nú er.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja ljóst, að sóknaraðili hafi átt forkaupsrétt á grundvelli 30. og 31. gr. jarðalaga að hinum umdeilda hluta af Óttarsstöðum I, þegar nauðungaruppboð fór fram.

Í málinu hefur sóknaraðili krafist þess eins að fá að ganga inn í hæsta boð Landsbanka Íslands á uppboðsþinginu, er einnig sé við miðað í fyrirhuguðu uppboðsafsali til Búnaðarbanka Íslands. Að sínu leyti hefur Landsbankinn vísað til þess, að hann hafi í reynd

fengið útlagningu á eigninni sem ófullnægður veðhafi, og séu hagsmunir hans af boðinu miklu meiri en fjárhæð þess nemur. Um Búnaðarbankann er það fram komið, að boð Landsbankans hefur verið framselt honum á grundvelli samkomulags þeirra í milli. Hins vegar er óupplýst, hvort hann hefur leyst til sín alla uppboðskröfu Landsbankans eða annars tekið á sig skyldur umfram boðið.

Um forkaupsrétt á það oftast við, að hann eigi að bjóða rétthafanum að fyrra bragði, og er mælt um þá aðferð í 1. mgr. 32. gr. jarðalaga. Við sölu á uppboði er eðlilegt að öðru jöfnu, ef hún er háð forkaupsrétti, að geta um það í uppboðsskilmálum, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/1949. Rétt er samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laganna að tilkynna forkaupsréttarhafa um fyrirhugað uppboðsþing, og í 2. mgr. 31. gr. jarðalaga er gagngert kveðið á um þá tilhögun.

Ljóst er og óumdeilt, að þessa síðastnefnda ákvæðis var ekki gætt við uppboðið á Óttarsstöðum og að forkaupsréttur að eigninni hefur ekki verið boðinn sóknaraðila með öðrum hætti, ef frá er talin varakrafa Landsbankans í málinu. Um uppboðið er þess og að gæta, að Landsbankinn og Búnaðarbankinn eru þar ekki aðeins kaupendur, heldur fór uppboðið fram eftir kröfu þeirra sjálfra, og var Landsbankinn fyrsti uppboðsbeiðandi. Eins og á stendur um málið, er það því niðurstaða mín, að rétt sé að ómerkja hið kærða nauðungaruppboð og meðferð uppboðsmálsins frá og með söluþingi 21. júlí 1988, en leggja fyrir uppboðshaldara að bjóða eignina upp að nýju.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 7. júlí 1989.

I.

Sóknaraðili í máli þessu er Hafnarfjarðarbær, en til varna hafa tekið Búnaðarbanki Íslands og Landsbanki Íslands.

Sóknaraðili, Hafnarfjarðarbær, krefst þess, að sér verði úrskurðaður réttur til að ganga inn í hæsta boð á þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 21. júlí 1988, þegar 2/6 hlutar lands Óttarsstaða I, þinglýst eign Óla A. Bieltvedts, voru slegnir Landsbanka Íslands á 8.000.000 kr., sem bankinn framseldi síðan Búnaðarbanka Íslands.

Varnaraðili Búnaðarbanki Íslands krefst þess aðallega, að kröfu Hafnarfjarðarbæjar verði vísað frá uppboðsrétti. Til vara krefst Búnaðarbankinn þess, að kröfu Hafnarfjarðarbæjar um forkaupsrétt verði synjað og bank-

anum afsalað 2/6 hlutum Óttarsstaða I. Til þrautavara krefst Búnaðarbankinn þess, að annar uppboðsdagur verði ákveðinn til sölu á 2/6 hlutum Óttarsstaða I. Hver sem niðurstaða réttarins verður, krefst Búnaðarbankinn þess, að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður samkvæmt mati dómara.

Varnaraðili Landsbanki Íslands gerir þessar kröfur: aðallega, að kröfu sóknaraðila verði vísað frá uppboðsréttinum, en Landsbankanum dæmdur málskostnaður að mati dómara, til vara, að kröfu sóknaraðila verði synjað og að uppboðshaldari gefi út afsal fyrir fasteigninni Óttarsstöðum I til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt framsali Landsbanka Íslands á hæsta boði í fasteignina á uppboðsþingi 21. júlí 1988 og Landsbankanum verði dæmdur málskostnaður að mati dómara. Til þrautavara krefst Landsbankinn þess, að uppboðið 21. júlí 1988 verði úrskurðað ógilt, ef fallist verður á, að ákvæði jarðalaga nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, taki til Óttarsstaða I.

Enn gerir varnaraðili Landsbanki Íslands þá kröfu, að sóknaraðili greiði sér að fullu uppboðskröfu hans, ef fallist verður á skilning sóknaraðila í málinu.

II.

Hinn 21. júlí 1988 fór fram þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Óttarsstöðum I, 2/6 hlutum, Hafnarfirði, þinglýstri eign Óla A. Bieltvedts. Hæstbjóðandi varð Landsbanki Íslands, og var boð hans 8.000.000 kr. Í þinghaldi 6. september 1988 framseldi Landsbanki Íslands Búnaðarbanka Íslands boð sitt. Með bréfi, dagsettu 8. sama mánaðar, samþykkti uppboðshaldari boðið, og með bréfi, dagsettu 12. október, tilkynnti hann, að hann hygðist gefa út afsal fyrir eigninni til Búnaðarbanka Íslands.

Með bréfi, dagsettu 7. febrúar 1989, tilkynnti Guðmundur Benediktsson hdl. f. h. Hafnarfjarðarbæjar, að bærinn myndi með vísan til 21. og 22. gr. jarðalaga nr. 65/1976 ganga inn í hæsta boð í Óttarsstaði I, 2/6 hluta, þinglýsta eign Óla A. Bieltvedts. Um bréf þetta var fjallað í uppboðsréttinum 16. s. m. og það þá kynnt lögmanni Búnaðarbanka Íslands.

Hinn 24. febrúar er uppboðsréttarmál þetta þingfest með framlagningu greinargerðar sóknaraðila, Hafnarfjarðarbæjar, en í þinghaldi 10. mars 1989 lögðu lögmenn varnaraðila, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands, fram greinargerðir sínar. Í því þinghaldi og síðar í þinghöldum 21. og 29. s. m. var reynt að sætta aðila málsins, en án árangurs.

Með bréfi, dagsettu 30. mars, var öðrum aðilum uppboðsmálsins kynntur ágreiningur þessa uppboðsréttarmáls, þ. e. Ingólfi Friðjónssyni hdl. vegna ríkissjóðs, Oddi Ólasyni hdl. vegna Útvegsbanka Íslands hf., Guðmundi Vigni Jósefssyni hrl. vegna Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Árna Guðjóns-

syni hrl. vegna Póst- og símamálastofnunar og Hróbjarti Jónatanssyni hdl. vegna uppboðsþola, Óla A. Bieltvedts. Voru þeir boðaðir til þinghalds 6. apríl 1989 og gerður kostur á að tjá sig um ágreininginn. Það þinghald sótti enginn nema þrír aðilar þessa uppboðsréttarmáls. Hinn 6. apríl og aftur 5. maí var málinu frestað vegna verkfalls lögfræðinga í ríkisþjónustu.

Hinn 1. júní 1989 skyldi fram fara aðalflutningur í máli þessu. Í því þinghaldi kemur fyrst fram krafan um frávísun málsins. Ákvað uppboðshaldari, að sérstakan málflutning skyldi hafa um þá kröfu, og fór hann fram þann dag. Úrskurður um frávísunarkröfuna var kveðinn upp 6. júní 1989. Var frávísunarkröfunni hafnað. Hinn 8. sama mánaðar fór fram munnlegur málflutningur um efniskröfur, og að honum loknum var málið tekið til úrskurðar.

Í þinghaldi 1. júní 1989 kom fyrir réttinn Guðmundur Árni Stefánsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði. Í vitnisburði hans kom fram, að seint í ágúst 1988 átti hann fund með lögmanni varnaraðila Búnaðarbanka Íslands. Tilgangur fundarins hafi verið að þreifa lauslega á því, hvort sóknaraðili gæti keypt 1/3 hluta Óttarsstaða I. Vitnið kvaðst ekki hafa gert sér ljóst, hver væri lögformleg staða lögmannsins til samninga. Það kvaðst ekki hafa vitað, að Óttarsstaðir væru í uppboðsmeðferð. Það hafi ekki komið fram á fundinum.

III.

Sóknaraðili heldur því fram, að ljóst sé af 1. mgr. 3. gr. jarðalaga, að þeim lögum sé af löggjafanum ætlað að ná til alls lands og hvers konar hlunninda, sem ekki eru í þéttbýli. Landið Óttarsstaðir I sé ekki þéttbýlissvæði og hafi ekki verið skipulagt, og eigi niðurlag 1. mgr. 3. gr. því ekki við. Telur hann umrædda 1. mgr. 3. gr. fortakslausa að því leyti, að hún taki til alls lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða, og vitnar í því sambandi til athugasemda með 3. gr. frumvarps þess, er varð að jarðalögum nr. 65/1976. Þá komi tilgangur laganna fram í 1. gr. þeirra, og sé hann sá að tryggja, að nýting lands utan þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélags og þeirra, sem landbúnað stunda. Tilgangur laganna sé ekki eingöngu að gæta hagsmuna bænda, heldur einnig sveitarfélaga.

Samkvæmt framansögðu telur sóknaraðili, að hann njóti forkaupsréttar að umræddu landi og geti sem forkaupsréttarhafi gengið inn í hæsta boð á uppboðinu, sem fram fór 21. júlí 1988, sbr. 31. gr. jarðalaga, sbr. 11. gr. laga nr. 90/1984.

Sóknaraðili bendir á, að fram komi í 31. gr. jarðalaga, sbr. 11. gr. laga nr. 90/1984, að uppboðshaldara sé skylt að tilkynna forkaupsréttarhafa

uppboðsþing, um leið og það er ákveðið. Þess hafi ekki verið gætt, og hafi því forkaupsréttarhafi ekki haft tök á að tilkynna uppboðshaldara innan fimm sólarhringa frá slitum uppboðs, að hann vildi neyta forkaupsréttar síns, sem honum beri þó jafnan að gera, sbr. 2. mgr. fyrrnefndrar 31. gr. jarðalaga, þar sem honum hafi ekki verið kunnugt um uppboðið. Telur sóknaraðili, að ákvæðið um fimm sólarhringa frest í 2. mgr. 31. gr. jarðalaga gildi ekki í máli þessu, þar sem hann fékk ekki tilkynningu um uppboðið.

Sama dag og lögmanni sóknaraðila varð kunnugt um uppboðssöluna, þ. e. 7. febrúar 1989, hafi kröfunni um að ganga inn í boðið verið komið á framfæri við uppboðshaldara. Umræddur dráttur stafi því ekki af áhugaleysi bæjaryfirvalda, sem þvert á móti hafi mikinn áhuga á að kaupa jarðir og jarðarhluta innan bæjarmarkanna vegna framtíðarþróunar og hins öra vaxtar bæjarins. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til samþykktar um forkaupsrétt Hafnarfjarðar að fasteignum innan sveitarfélagsins, en ljósrit hennar hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 39 A (sbr. rg. nr. 46/1989). Um tómlæti sóknaraðila sé því ekki að ræða í máli þessu.

Sóknaraðili mótmælir því, að það varði ógildingu á uppboðinu, að láðst hafi að tilkynna forkaupsréttarhafa um það. Fulltrúar hæstbjóðanda og framsalshafa við uppboðið séu báðir löglærðir, og hafi þeim mátt vera kunnugt um forkaupsrétt Hafnarfjarðarbæjar. Varnaraðilar hafi ekki skaðast á því, að láðst hafi að tilkynna sóknaraðila um uppboðið. Sóknaraðili mótmælir þeirri varakröfu varnaraðila, að uppboðið verði ógilt og annar uppboðsdagur ákveðinn. Telur hann, að eftir hamarshögg verði engum ákvörðunum breytt, sem stafi frá fyrri tíma.

Sóknaraðili mótmælir þeirri kröfu varnaraðila Landsbanka Íslands, að sóknaraðili greiði honum að fullu uppboðskröfu hans. Telur sóknaraðili, að forkaupsréttarhafi eigi að fá eignina á því verði, sem samþykkt er, í þessu tilviki 8 milljónum kr. Telur hann þetta í samræmi við 31. gr. jarðalaga. Í þessu sambandi skipti ekki máli, hvert raunvirði uppboðsandlagsins sé.

Sóknaraðili lét þess getið, að hann teldi, að samþykktin um forkaupsrétt Hafnarfjarðarbæjar að fasteignum innan sveitarfélagsins væri í raun þarflaus og gæti í engu spillt rétti, sem kaupstaðurinn ætti samkvæmt jarðalögum.

Af hálfu varnaraðila Búnaðarbanka Íslands er því mótmælt, að jarðalögin eigi við um Óttarsstaði I. Telur hann, að þau lög eigi við um jarðir í ábúð. Leggur hann áherslu á, að uppboðsandlagið sé eyðijörð eða öllu heldur eyðispilda. Um sé að ræða landskika án húsa, án ábúanda og án þess, að nokkur verkfæri eða skepnur séu þar. Verði landskiki þessi að flokkast undir c-lið 10. gr. laga nr. 90/1984. Uppboðsandlagið sé ekki jörð í skilningi jarðalaga.

Þá er því haldið fram af hálfu þessa varnaraðila, að sú skoðun, að sóknaraðili hafi ekki átt forkaupsrétt að umdeildri landspildu, fái stoð í tveimur skjölum, sem lögð voru fram með greinargerð sóknaraðila. Um er að ræða fyrrnefnda samþykkt um forkaupsrétt, sbr. rg. nr. 46/1989, annars vegar, en hins vegar bréf lögmanns sóknaraðila, ds. 7. febrúar 1989, sbr. rskj. nr. 38 A, en í bréfi þessu er vísað til samþykktarinnar og auk þess til laga nr. 22/1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. og til skipulagslaga nr. 19/1964. Bendir varnaraðilinn á, að bæði samþykktin og bréfið séu dagsett hálfu ári eftir, að uppboðið fór fram. Ef sóknaraðili hafi átt forkaupsréttinn fyrir, hafi verið algjör óþarfi að hafa fyrir því að fá umrædda samþykkt staðfesta af félagsmálaráðuneyti.

Varnaraðili Búnaðarbanki Íslands heldur því fram, að sóknaraðili hafi sýnt tómlæti í máli þessu, svo sem auglýsingum á uppboðinu að lögum var háttað, og með tilliti til þess, að lögmaður varnaraðila Búnaðarbankans hafi rætt við bæjarstjórann í Hafnarfirði í ágúst 1988 um hugsanleg kaup á uppboðsandlaginu.

Þrautavarakrafa sín, segir varnaraðili Búnaðarbanki Íslands, að byggist á því, að tilkynningarskyldu uppboðshaldara hafi ekki verið sinnt. Ef sóknaraðili á forkaupsréttinn, hafi uppboðshaldara borið að tilkynna honum um uppboðið skv. 2. mgr. 31. gr. jarðalaga, sbr. einnig 4. gr. laga nr. 12 frá 9. mars 1987 um breytingu á lögum nr. 57/1949. Þar sem það hafi ekki verið gert, verði að ógilda uppboðið og annað að fara fram.

Af hálfu varnaraðila Landsbanka Íslands er því mótmælt, að sóknaraðili eigi forkaupsrétt að uppboðsandlaginu, Óttarsstöðum I. Varnaraðilinn heldur því fram, að lög nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, taki ekki til fasteignarinnar. Tilgangur laganna sé umfram allt að tryggja nýtingu lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða miðað við hagsmuni þeirra, sem landbúnað stunda. Komi þetta skýrt fram í athugasemd við 1. grein frumvarps að jarðalögum nr. 65/1976, þar sem segi, að tilgangur laganna sé einkum að koma í veg fyrir, að bújarðir verði hlutaðar niður, svo að torveldað geti eðlilegan búrekstur, og að styrkja stöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðakaupa og hafa áhrif á verðlag jarða.

Varnaraðilinn Landsbanki Íslands mótmælir eindregið þeirri skoðun sóknaraðila, að jarðalög taki til alls lands utan þéttbýlis. Bendir hann á, að Óttarsstaðir I séu ekki bújörð og hafi ekki verið í ábúð í áratugi. Jörðin sé rýr og fullnægi ekki skilyrðum ábúðarlaga nr. 64/1976 til þess að teljast jörð eða lögbýli. Í jarðalögum sé ekki að finna skilgreiningu á því, hvað jörð sé, og verði því að leita til ábúðarlaga um þá skilgreiningu.

Verði fallist á, að sóknaraðili eigi forkaupsréttinn, telur varnaraðili þessi,

að ógilda beri uppboðið, sem fram fór 21. júlí 1988, þar sem uppboðshaldari hafi ekki tilkynnt forkaupsréttarhafa um uppboðið skv. 2. mgr. 31. gr. jarðalaga. Ákvæði þessarar lagagreinar sé mjög skýrt um það, hvernig standa skuli að tilkynningu til forkaupsréttarhafa um uppboðsþing og hvenær forkaupsréttarhafi skuli tilkynna uppboðshaldara, að hann vilji neyta forkaupsréttar síns. Fráleitt sé, að sóknaraðili geti gert kröfu um að ganga inn í hæsta boð hálfu ári eftir, að uppboð fór fram. Krafa sóknaraðila sé of seint fram komin.

Kröfu sína um, að sóknaraðili greiði sér, Landsbankanum, uppboðskröfu sína, styður varnaraðilinn með því, að það geti ekki verið tilgangur 1. mgr. 31. gr. jarðalaga, að útlagningarhafi skaðist á því, að forkaupsréttar sé neytt. Krafa varnaraðilans Landsbanka Íslands skv. skuldabréfi á 3. veðrétti var á uppboðsdegi 23.144.465 kr. Á 2. veðrétti hvílir skuldabréf í eigu ríkissjóðs, krafa samtals 1.095.000 kr. pr. 30/12 1988. Á 1. veðrétti hvílir handhafaskuldabréf, útg. 30/4 1974, upphaflega að upphæð 2.250 kr. Ekki hefur í uppboðsmálinu verið sótt þing vegna þessa bréfs, og kröfu vegna þess hefur ekki verið lýst.

IV.

Það er aðalregla, að forkaupsréttur veitir ekki heimild til að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi, sbr. 9. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Ákvæði 31. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984 um forkaupsrétt sveitarfélags, þegar fasteignarréttindi eru seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, fela í sér undantekningu frá aðalreglunni. Þessi ákvæði jarðalaga ber því að túlka þröngt, þannig, að forkaupsréttur sé ekki viðurkenndur í öðrum tilvikum en þeim, sem öldungis víst megi teljast, að falli undir ákvæðin.

1. gr. jarðalaga er þannig:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda."

Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps til jarðalaga, sem varð að lögum nr. 65/1976, er tilgangslýsing greinarinnar áréttuð. Samkvæmt þeim athugasemdum virðist það hafa átt að verða megintilgangur laganna, að bændur og sveitarfélög dreifbýlisbúa gætu varist ásælni þéttbýlisfólks í land, einkum undir sumarbústaði. Í athugasemdunum segir m. a.:

„Afleiðingin er því sú, að margar vildisbújarðir hafa verið skákaðar niður, en það hefur torveldað eðlilegan búrekstur, og á mörgum hefur föst búseta lagst niður vegna jarðakaupa félagssamtaka eða manna, sem ekki hyggja á búskap."

Enn fremur:

„Lögum þessum er m. a. ætlað að veita byggðarlögunum meira áhrifavald í þessu efni, styrkja aðstöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðakaupa, skapa aðstöðu til að fylgjast með öllum ráðstöfunum fasteigna og fasteignarréttinda utan skipulagðra þéttbýlissvæða og hafa áhrif á verðlag þeirra.“ (Alþt., 11. h. 1975-76, bls. 1701.)

Í upphafi 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 5. gr. laga nr. 90/1984, segir, að land, sem við gildistöku laganna sé nýtt til landbúnaðar, megi ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra til með skilyrðum, sem lagagreinin tiltekur.

Af framanskráðu má ljóst vera, að tilgangur jarðalaga nr. 65/1976 var umfram allt að vernda sveitir utan skipulagðra þéttbýlissvæða sem landbúnaðarland og búrekstraraðstöðu á jörðum. Þeim tilgangi var ekki breytt með lögum nr. 90/1984.

Niðurlagsákvæði 1. gr. jarðalaga verður að skýra sem heild. Hagsmunir sveitarfélaga skipta þar ekki máli einir sér, heldur í tengslum við búskaparnytjar af jörðum.

Í fyrri málslið 1. mgr. 3. greinar jarðalaga eru talin þau eignarréttindi, sem lögin taka til. Enginn vafi er á, að uppboðsandlagið, Óttarsstaðir I, fellur undir þá upptalningu. Fullyrðingar varnaraðila um, að hér sé ekki um jörð að ræða í skilningi jarðalaga, fá ekki staðist. Skilgreining ábúðarlaga nr. 64/1976 á hugtakinu jörð á hér ekki við.

Síðari málsliður 1. mgr. 3. gr. jarðalaga er orðaður svo:

„Þéttbýlissvæði, sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna, sem ekki stunda landbúnað, eru undanskilin ákvæðum laga þessara.“

Athugasemd með þessari grein í frumvarpi til jarðalaga nr. 65/1976 er þannig:

„Lögunum er ætlað að ná til alls lands og landsréttinda utan skipulagðra þéttbýlissvæða, en með því er átt við svæði, sem hafa t. d. sameiginlega gatnagerð, holræsagerð o. s. frv., sem unnin eru af viðkomandi sveitarstjórn.“ (Alþt., 11. h. 1975-76, bls. 1701.)

Það er álit réttarins, að við úrskurð um ágreining í máli þessu beri að skýra síðari málslið 1. mgr. 3. greinar jarðalaga með hliðsjón af ljósum tilgangi laganna og einnig með tilliti til þess, að undantekningarákvæði laganna um forkaupsrétt beri að skýra þröngt.

Jörðin Óttarsstaðir I er ekki á skipulögðu svæði, og hún liggur utan þéttbýlisbyggðar. Á það er hins vegar að líta, að hún er innan bæjarmarka Hafnarfjarðar, sem er þriðji fjölmennasti kaupstaður landsins. Í bæjarfélaginu er ekki stundaður landbúnaður að neinu marki. Sóknaraðili getur því ekki talist eiga að gæta hagsmuna, sem tengjast landbúnaði á uppboðs-

andlaginu. Jörðin er í eyði. Ómótmælt er, að hún hefur ekki verið í ábúð „í áratugi". Þar eru engin hús og engin tæki til landbúnaðar. Þar er því enga búskaparaðstöðu að vernda.

Af framansögðu verður niðurstaða uppboðsréttarins sú, að hafna beri kröfu sóknaraðila um, að honum verði úrskurðaður réttur til að ganga inn í hæsta boð á þriðja og síðasta nauðungaruppboði á 2/6 hlutum Óttarsstaða I, sem fram fór 21. júlí 1988. Jafnframt beri að verða við þeirri kröfu varnaraðila, að Búnaðarbanka Íslands verði afsalað uppboðsandlaginu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Mál þetta flutti af hálfu sóknaraðila Guðmundur Benediktsson hdl., af hálfu varnaraðila Búnaðarbanka Íslands Baldvin Jónsson hrl. og af hálfu varnaraðila Landsbanka Íslands Reinhold Kristjánsson hdl.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila um, að honum verði úrskurðaður forkaupsréttur að 2/6 hlutum Óttarsstaða I, Hafnarfirði, þinglýstri eign Óla A. Bieltvedts.

Uppboðshaldari mun afsala varnaraðila, Búnaðarbanka Íslands, 2/6 hlutum Óttarsstaða I, Hafnarfirði, þinglýstri eign Óla A. Bieltvedts.

Mánudaginn 5. október 1992.

Nr. 337/1992. **Sigurður Georgsson hæstaréttarlögmaður**

gegn

Má Péturssyni héraðsdómara.

Kærumál. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands. Áminning. Úrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 8. júlí sl. kærði sóknaraðili til Hæstaréttar úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands frá 30. júní. Úrskurðinn kváðu upp Ragnar Aðalsteinsson hrl., Árni Vilhjálmsson hrl., Ásdís Rafnar hdl. og Sigurður G. Guðjónsson hrl. Með úrskurði þessum var sóknaraðila veitt áminning vegna ummæla um varnaraðila í viðtali við blaðamann. Kæruheimild er 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í áðurnefndri 8. gr. laga nr. 61/1942 segir meðal annars:

„Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samviskusemi ... .

(3. mgr.) Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að (50.000) króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið ...“.

Lagagrundvöllur hins kærða úrskurðar eru þessi ákvæði.

Í lögum nr. 61/1942 segir ekki, hvernig stjórn Lögmannafélags Íslands skuli skipuð eða hve margir stjórnarmenn skuli sækja fund eða taka þátt í afgreiðslu máls, svo að lögleg ákvörðun um áminningu liggi fyrir. Í lögum félagsins segir hins vegar, að stjórnarmenn skuli vera fimm, en ekki er þar getið um annað það, er nefnt var. Vald stjórnarinnar samkvæmt áðurgreindum ákvæðum er þess eðlis, að því verður jafnað til dómsvalds í þeim mæli, að meginreglur um almenna dómstóla gilda um stjórnina, þegar hún starfar

á grundvelli 3. mgr. 8. gr. Það er íslensk réttarfarsregla, að dómstólar skuli vera fullskipaðir, þegar þeir taka endanlegar ákvarðanir. Var því rétt, að fimm menn ættu hlut að þeim úrskurði, sem hér er fjallað um. Einn maður vék úr stjórninni, þegar um málið var fjallað, og stóðu fjórir stjórnarmenn að úrskurðinum. Eins og á stóð, bar að kalla til varamann. Þar sem það var ekki gert, þykir eigi verða hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 30. júní 1992.

Í bréfi, dags. 1. júní 1992, óskaði Már Pétursson, bæjarfógeti í Hafnarfirði (kærandi), með vísan til 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur og 2., 5. og 18. gr. siðareglna LMFÍ, eftir því við stjórn LMFÍ, að hún kannaði hjá Sigurði Georgssyni hrl. (kærða), hvort eftir honum hefðu verið höfð tiltekin ummæli, sem birtust innan tilvitnunarmerkja í grein í vikublaðinu Pressunni fimmtudaginn 28. maí 1992, og hvort hann hefði verið heimildarmaður Pressunnar að tilteknum fullyrðingum, sem fram komu í greininni. Að svo stöddu var ekki gerð krafa um agaviðurlög á hendur lögmanninum, en áskilinn var réttur til að senda síðar formlega kröfu um, að stjórn LMFÍ léti í té umsögn um málið og beitti lögmanninn áminningu og sektum, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942.

Í bréfi, dags. 4. júní 1992, krafðist kærandi þess, að kærða yrði veitt hin þyngsta refsing, yrði hann við frekari rannsókn stjórnar LMFÍ á málinu sannur að sök um brot á siðareglum félagsins. Krafa þessi var ítrekuð í greinargerð kæranda, sem barst LMFÍ 12. júní 1992, en þar var þess krafist, að kærði yrði áminntur og honum gert að greiða 50 þúsund króna sekt í styrktarsjóð LMFÍ fyrir framferði í störfum, þ. e. „ ..... (umfjöllun í fjölmiðli og við blaðamann fjölmiðils um dómsmál, er hann rekur, þar sem hann viðhafði röng og ærumeiðandi ummæli og veitti vísvitandi rangar og ærumeiðandi upplýsingar), sem telja má stétt lögmanna ósamboðið". Studdist krafan við lög nr. 61/1942 um málflytjendur og siðareglur LMFÍ, einkum 2. gr., 5. gr. og 18. gr.

Í bréfi til stjórnar LMFÍ, dags. 16. júní 1992, fullyrti kærði, að umrædd grein í Pressunni væri ekki frá sér komin. Kærði hélt því fram, að blaðamaður Pressunnar hefði haft samband við sig, skömmu áður en greinin birtist, og leitað upplýsinga um tiltekin atriði skiptaréttarmáls þess, sem blaðagreinin fjallaði um. Blaðamaðurinn hefði virst vel kunnugur mála-

vöxtum, enda hefði hann haft fyrir framan sig dóm sakadóms Hafnarfjarðar í máli, sem höfðað var vegna ætlaðs fjárdráttar úr dánarbúi, þar sem kærði gætti hagsmuna eina skylduerfingjans í búinu. Taldi kærði rétt, eins og á stóð, að veita blaðamanninum þær upplýsingar, sem um var beðið. Kærði vildi ekki fullyrða, að orðrétt væri eftir sér haft í blaðagreininni, en taldi það efnislega rétt. Kærði hélt því fram, að önnur atriði umræddrar blaðagreinar væru ekki frá sér komin og því síður forsíða blaðsins.

Nánar um málavexti.

Fimmtudaginn 28. maí birtist grein í vikublaðinu Pressunni með fyrirsögninni: „Gerði erfingjana arflausa", þar sem fjallað var um skipti á tilteknu dánarbúi, sem var til opinberra skipta í skiptarétti Hafnarfjarðar. Jafnframt var forsíða blaðsins að mestu undirlögð af fyrirsögninni: „Erfinginn arflaus vegna afglapa Más" ásamt mynd af kæranda, Má Péturssyni bæjarfógeta. Í greininni var að því látið liggja, að kærandi hefði í störfum sínum sem skiptaráðandi valdið því, að einkaerfingi arfláta hefði glatað rétti sínum til eigna dánarbúsins og að systursonur arfláta hefði getað dregið sér eignir búsins vegna aðgerðaleysis skiptaráðanda þrátt fyrir óskir kærða, lögmanns einkaerfingjans, um opinbera rannsókn á „falsaðri erfðaskrá og efasemda um, að framlögð gögn væru á rökum reist", eins og sagði í undirfyrirsögn með greininni.

Í blaðagreininni voru höfð eftir kærða eftirfarandi ummæli innan tilvitnunarmerkja:

„Ég hafði miklar efasemdir um að framlögð gögn væru á rökum reist og var tortrygginn á þau."

„Ég bað ítrekað um að beðið yrði með skiptin. Þá kærði ég þetta til rannsóknarlögreglunnar sem síðan leiddi í ljós að erfðaskráin var fölsuð. Þá var búið að afhenda ákærða öll verðmætin."

„Það kann að vera spurning hvað maður þarf að sýna fram á þannig að skiptaráðandi fari sér hægt."

Í greinargerð kæranda telur hann með samanburði ummælanna og bréfs kærða til kæranda, dags. 3. júní 1992, að kærði hafi haft uppi vísvitandi rangar fullyrðingar um embættisfærslu sína í skiptaréttarmálinu. Telur kærandi bréfið vera mikilvægt sönnunargagn um það, að kærði „hafi látið þau orð falla, sem vitnað er í innan tilvitnunarmerkja í Pressugreininni, og verið heimildarmaður að þeim grófu og stórlega refsiverðu meiðyrðum, sem í greininni er að finna, og uppsláttarfyrirsögnum, er henni fylgja".

Sem fyrr greinir, heldur kærði því fram, að umrædd blaðagrein sé ekki frá sér komin, en a. m. k. séu efnislega rétt eftir sér höfð ummæli innan tilvitnunarmerkja. Önnur atriði greinarinnar séu ekki frá sér komin né forsíða blaðsins.

Í kærumáli þessu hafa verið lögð fram allmörg gögn utan þeirra, sem nefnd hafa verið hér að ofan. Má þar nefna bréf kæranda til dómsmálaráðuneytis, dags. 1. júní 1992, ásamt viðauka, bréf sama til Dómarafélags Íslands, dags. 3. júní 1992, bréf sama til Blaðamannafélags Íslands, dags. 4. júní 1992, skýrslu sama um meðferð skiptamálsins, samþykkt Dómarafélags Íslands, dags. 16. júní 1992, ásamt fylgiskjölum, dóm sakadóms Hafnarfjarðar, dags. 12. desember 1990, í máli ákæruvaldsins gegn Ólafi I. Hrólfssyni og endurrit skiptamálsins í heild úr skiptabók Hafnarfjarðar.

Álit stjórnar LMFÍ.

Að mati stjórnar LMFÍ er í kærumáli þessu umfram allt tekist á um það, hvort kærði hafi, þá er hann svaraði spurningum blaðamannsins, gerst brotlegur við ákvæði 18. gr. siðareglna LMFÍ, þ. e. að hafa ekki í ummælum sínum sýnt kæranda fulla tillitssemi og virðingu eða viðhaft ómálefnalega eða ófaglega gagnrýni á störf og starfshætti kæranda.

Það er álit stjórnar LMFÍ, að lögmenn verði að gæta hófs og stillingar í orðum, þá er þeir tjá sig um störf og starfsháttu dómstóla, sbr. þær skyldur, sem á þeim hvíla skv. 18. gr. Skiptir þá ekki máli, hvort sú umræða fer fram í fjölmiðlum eða á öðrum vettvangi. Þannig verða þeir að gæta þess, að umfjöllun um dómsmál sé á málefnalegum og faglegum grundvelli og að ekki séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um málsatvik.

Þegar gögn málsins eru könnuð og með hliðsjón af því, að kærði gætti hagsmuna einkadóttur arfláta frá upphafi búskiptanna og þekkti því málavexti, verður ekki hjá því komist að telja, að þau ummæli, sem höfð voru eftir kærða, hafi að ýmsu leyti verið villandi og til þess fallin að gefa blaðamanninum tækifæri til að draga rangar ályktanir þar af. Þannig gefur kærði með ummælunum: „Ég bað ítrekað um að beðið yrði með skiptin. Þá kærði ég þetta til rannsóknarlögreglunnar sem síðan leiddi í ljós að erfðaskráin var fölsuð. Þá var búið að afhenda ákærða öll verðmætin" — greinilega í skyn, að fyrir tilstilli skiptaráðanda hafi systursonur arfláta fengið í sínar vörslur öll verðmæti búsins, en skv. gögnum málsins var þessu ekki svo farið. Þá var það ekki kæra kærða til RLR 13. janúar 1984, sem leiddi til þess, að hægt var að sýna fram á, að ranglega var staðið að gerð erfðaskrárinnar, heldur játning annars vottanna að erfðaskránni fyrir sakadómi Hafnarfjarðar 2. desember s. á.

Stjórnin telur, að kærði hafi ekki brotið gegn ákvæðum 5. gr. siðareglna LMFÍ með því að svara beinum spurningum blaðamannsins. Hins vegar telur stjórnin með vísan til þess, sem að ofan greinir, að kærði hafi ekki gætt nægilega þeirra skyldna, sem á honum hvíla skv. 18. gr., sbr. til hliðsjónar 2. gr., og þar með brotið gegn siðareglum LMFÍ.

Með hliðsjón af ofangreindu og með vísan til 3. mgr. 8. gr. laga nr.

61/1942 um málflytjendur veitir stjórn LMFÍ Sigurði Georgssyni hrl. áminningu af þessu tilefni.

Úrskurðarorð:

Sigurður Georgsson hrl. sæti áminningu.

Þriðjudaginn 6. október 1992.

Nr. 498/1991. **Almenna verkfræðistofan hf.**

gegn

Iðnlánasjóði,
Ábyrgð hf. og
Verslunarlánasjóði.

Kærumál. Verðtrygging. Úthlutun uppboðsandvirðis. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála frá 1. júlí 1992. Málið er skriflega flutt og dæmt af fimm dómurum samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að við úthlutun söluverðs fasteignarinnar Fossháls 1 verði honum greiddar aðallega 9.331.816 krónur til viðbótar þegar greiddum 6.629.586 krónum, en til vara 6.105.200 krónur. Í báðum tilvikum er krafist vaxta „samkvæmt vaxtakjörum þeim, sem umrætt fé nýtur hjá sýslumanni, frá móttökudegi fjárins til greiðsludags". Enn fremur er krafist úr hendi stefndu málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Um atvik vísast til hins kærða úrskurðar.

I.

Í málinu er um það deilt, hvort sóknaraðili eigi rétt á verðbótum á kröfu sína samkvæmt veðskuldabréfum þeim, sem lýst er í hinum kærða úrskurði, þó að við framsal bréfanna til hans hafi seljandi þeirra aðeins ritað nafn sitt, en kaupanda sé ekki getið.

II.

Í 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. segir meðal annars:

„Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum:

1. að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráð á nafn ...“

Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum segir um 1. tl. 39. gr.:

„1) Nafnskráning verðtryggðra skuldbindinga er áfram gerð að skilyrði.“

Lög nr. 13/1979 leystu af hólmi lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga (sbr. 47. gr.), sem höfðu að geyma nýmæli á þessu sviði. Í 4. gr. laga nr. 71/1966 segir meðal annars:

„Almenn skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þesum skulu vera þessi: ...

e) Verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skulu ætíð skráðar á nafn.“

Í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 71/1966 segir um e-lið 4. gr.:

„Ákvæði þetta er sett, til þess að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti með verðtryggðum kröfum og tryggja framkvæmd laganna.“

III.

Umrædd veðskuldabréf eru dagsett 30. október 1984, og þeim var þinglýst 2. nóvember sama ár. Þau voru gefin út á nafn og fullnægðu því upphaflega áskilnaði 1. tl. 39. gr. laga nr. 13/1979. Ljóst er, að samkvæmt nefndri lagagrein bar við eigandaskipti að bréfunum að skrá á þau nafn nýs eiganda.

Sóknaraðili keypti bréfin hjá verðbréfafyrirtæki, sem virðist hafa haft þau í umboðssölu. Mátti fyrirsvarsmaður sóknaraðila um viðskipti þessi ætla, að sérþekking á sviði verðbréfaviðskipta væri til staðar hjá starfsfólki Kaupþings hf. og að af hálfu fyrirtækisins myndi í hvívetna gætt fyrirmæla laga, þannig, að öryggi viðskiptanna að því leyti væri tryggt.

Á kvittun Kaupþings hf. fyrir greiðslu sóknaraðila á kaupverði bréfanna, þar sem örstutt lýsing er á þeim, kemur fram nafn sóknaraðila sem kaupanda, og þar er tekið fram, að um verðtryggð veðskuldabréf sé að ræða.

Sóknaraðili keypti bréfin viku eftir, að þau voru gefin út, og var

eigandi þeirra frá þeim tíma. Samkvæmt vottorði löggilts endurskoðanda voru bréfin færð í bókhaldi sóknaraðila á sérstakan reikning yfir verðtryggð skuldabréf og framreiknuð samkvæmt hækkun lánskjaravísitölu. Þetta verður að skilja svo, að bréfin hafi verið réttilega talin fram til skatts. Af þessu má draga þær ályktanir, að sóknaraðili hafi verið í góðri trú um, að lagaskilyrðum hefði verið fullnægt um viðhald verðtryggingarákvæðis bréfanna við stofnun eignarhalds hans á þeim, og jafnframt, að hann hafi engan hag af því haft, að bréfin væru ekki skráð á nafn hans.

Álíta verður, að áðurgreindar athugasemdir við áskilnað e-liðar 4. gr. laga nr. 71/1966 um, að verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skuli ætíð skráðar á nafn, eigi jafnt við um samsvarandi áskilnað í 39. gr. laga nr. 13/1979. Ekki er fullljóst, hvað felst nákvæmlega í orðum athugasemdanna: „til þess að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti". Líklegt er, að skatteftirlit sé haft í huga og almennt eftirlit með viðskiptum með handhafabréf. Að minnsta kosti að því er síðara atriðið varðar, kunna viðhorf að hafa breyst, frá því að lögin voru sett.

Ekki verður séð, að í reynd hafi nokkrir lögvarðir hagsmunir raskast við það, að nafnskráning sóknaraðila á umrædd veðskuldabréf fórst fyrir. Á hinn bóginn blasir það við, nái kröfur sóknaraðila ekki fram að ganga, að varnaraðilar myndu hagnast stórlega á hans kostnað miðað við hinn upphaflega tilgang skuldara.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið, þykir bera að líta svo á þrátt fyrir skilyrði 1. tl. 39. gr. laga nr. 13/1979, að vanræksla á nafnskráningu sóknaraðila á veðskuldabréfin við kaup hans á þeim eigi ekki, eins og hér stendur sérstaklega á, að hagga við verðtryggingu þeirra.

Fjárhæð aðalkröfu sóknaraðila er ekki mótmælt út af fyrir sig, og verður hún tekin til greina. Krafa sóknaraðila um vexti af þeirri fjárhæð á rétt á sér, en hins vegar er hún þannig úr garði gerð hér fyrir dómi, að hún er ekki tæk til dómsmeðferðar. Ber því að vísa henni frá Hæstarétti.

Rétt er, að varnaraðilar greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Framangreindri vaxtakröfu sóknaraðila, Almennu verkfræðistofunnar hf., er vísað frá Hæstarétti.

Úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar Fossháls 1 í Reykjavík skal verða þannig, að sóknaraðila verði greiddar af uppboðsandvirðinu 9.331.816 krónur til viðbótar þegar greiddum 6.629.586 krónum.

Varnaraðilar, Iðnlánasjóður, Ábyrgð hf. og Verslunarlánasjóður, greiði sóknaraðila samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Sératkvæði

Guðmundar Skaftasonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Verðbréfamiðlarinn og sóknaraðili gættu þess ekki, er hann keypti veðskuldabréfin, að nafnskrá þau og viðhalda með því verðtryggingu þeirra. Ákvæði 1. tl. 39. gr. laga nr. 13/1979 felur í sér fortakslaust og sjálfstætt skilyrði um nafnskráningu óháð reikningsfærslu og skattskilum viðkomandi kröfu. Með þessari athugasemd og vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Eftir atvikum telst rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 11. nóvember 1991.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 22. október sl.

Sóknaraðili er Almenna verkfræðistofan hf., 470671-0179, Fellsmúla 26, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Iðnlánasjóður, Ármúla 13 A, Reykjavík, Ábyrgð hf., kt. 410169-1699, Lágmúla 5, Reykjavík, og Verslunarlánasjóður, kt. 440581-0569, Bankastræti 5, Reykjavík.

Krafa sóknaraðila er aðallega sú, að sér verði greitt af uppboðsandvirði fasteignarinnar Fossháls 1, Reykjavík, 9.331.816 kr., en til vara 6.105.200 kr. Auk þess er krafist vaxta af fjárhæðinni, ýmist í aðalkröfu eða varakröfu, samkvæmt þeim vaxtakjörum, sem umrætt fé nýtur hjá uppboðsrétti frá móttökudegi til greiðsludags.

Greiðslur samkvæmt aðalkröfu eða varakröfu verði til viðbótar þegar greiddum hluta uppboðsandvirðis umræddrar eignar, að fjárhæð 6.629.586 kr., samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð frá 13. 5. 1991.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt mati réttarins.

Varnaraðilar hafa skilað sameiginlegri vörn í máli þessu. Kröfur þeirra fyrir réttinum eru þær, að frumvarp að úthlutun uppboðsverðs í Fosshálsi 1, þinglesinni eign Bílaborgar hf., verði lagt til grundvallar við endanlega úthlutun uppboðsverðs eignarinnar.

Krafist er vaxta af fjárhæð, úthlutaðri til varnaraðila, samkvæmt þeim vaxtakjörum, sem umrætt fé nýtur hjá uppboðsrétti, frá móttökudegi til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðilum málskostnað auk lögmæltra dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

II.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 6. nóvember 1984 keypti Almenna verkfræðistofan hf. þrjú veðskuldabréf hjá verðbréfasölu Kaupþings hf. Veðskuldabréf þessi voru öll út gefin 30. október 1984 af Bílaborg hf., hvert að fjárhæð 1.000.000 kr., tryggð með 8. veðrétti í húsinu nr. 1 við Fosshváls, Reykjavík. Bréfin eru öll samkvæmt hljóðan sinni með verðtryggingu, miðaða við lánskjaravísitölu, þ. e. grunnvísitölu 938, auk 8% ársvaxta, sem skyldi leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti. Bréfin skyldi greiða á einum gjalddaga 1. nóvember 1987. Kröfuhafi bréfanna er Kristinn Eiríksson, en Bílaborg hf. er skuldari þeirra. Við kaupin var ekki skráð nafn kaupanda á bréfin.

Með uppboðsbeiðni, dags. 26. júní 1989, óskaði Almenna verkfræðistofan hf. uppboðs á fasteigninni Fosshálsi 1, Reykjavík. Uppboðsheimildin var fjárnámsgerð, dags. 7. júní sama ár, þar sem gert er fjárnám í hinni veðsettu eign á grundvelli fyrrgreindra skuldabréfa fyrir 3.000.000 kr. með drv. og kostnaði til greiðsludags, eins og segir í endurriti fjárnámsgerðar.

Með tilkynningu til uppboðsþola, dags. 7. júlí 1989, var honum skýrt frá uppboðsbeiðninni og jafnframt, að hún yrði sameinuð þegar fram komnum uppboðsbeiðnum á eignina við fyrirtöku uppboðsmálsins í uppboðsrétti 22. september s. á. Uppboðsbeiðni þessi var hins vegar formlega lögð fram í uppboðsrétti 12. desember 1990 við sölu eignarinnar á uppboði. Hæstbjóðandi var Landsbanki Íslands, og nam uppboðsandvirðið 264.500.000 kr.

Hinn 13. desember 1990 lýsti sóknaraðili kröfu í uppboðsandvirði eignarinnar, að fjárhæð 18.461.657,28 kr. Með frumvarpi að úthlutunargerð,

dags. 14. febrúar 1991, var sóknaraðila hins vegar úthlutað 6.679.138 kr. Með bréfi, dags. 20. febrúar 1991, til uppboðshaldara gerði lögmaður sóknaraðila grein fyrir kröfu sinni, krafðist leiðréttingar og óskaði eftir fundi hjá uppboðshaldara með vísan til 34. gr. uppboðslaga.

Uppboðsafsal fyrir eigninni til handa Landsbanka Íslands var gefið út 8. apríl 1991.

Hinn 13. maí 1991 var gefið út nýtt frumvarp af uppboðshaldara, þar sem leiðrétt var úthlutun til sóknaraðila, og nam hún nú 6.629.586 kr. Jafnframt því frumvarpi féll niður frá hinu fyrra úthlutun til „óþekkts eiganda" á 7. veðrétti, 2.545.333 kr. Samkvæmt síðara frumvarpi fengu varnaraðilar úthlutað þannig, að Verslunarlánasjóður skv. 30. veðrétti fékk 30.382.931 kr., Ábyrgð hf. skv. 31. veðrétti 3.898.647 kr. og Iðnlánasjóður á 32. veðrétti 7.882.753 kr.

Hinn 21. maí 1991 voru tekin fyrir í uppboðsrétti mótmæli gegn úthlutun uppboðsandvirðis Fossháls 1. Þar var ákveðið að reka sérstakt uppboðsréttarmál um ágreining þann, sem hér um ræðir, þar sem sóknaraðili væri Almenna verkfræðistofan hf., en varnaraðilar Iðnlánasjóður, Ábyrgð hf. og Verslunarlánasjóður hf.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að Kaupþing hf. hafi haft veðskuldabréfin til sölumeðferðar í umboðssölu í þágu kröfuhafa þeirra, Kristins Eiríkssonar, sem hafi framselt þau með áritun sinni á veðskuldabréfin. Í ljós hafi komið, að láðst hafi að rita nafn kaupanda á bréf þessi samtímis kaupum sóknaraðila á þeim. Kaupin hafi hins vegar verið skráð á nafn sóknaraðila á greiðslukvittun Kaupþings hf. og þar komið fram, að kaupverðið, 2.483.000 kr., væri fyrir „Verðtr. veðskuldabréf", eins og í kvittuninni stendur. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki veitt því athygli, að nafn hans var ekki skráð á bréfin, og ekki gert sér neina grein fyrir hugsanlegri þýðingu þess. Þegar eftir móttöku bréfanna hafi sóknaraðili fært þau sem eign í bókhaldi sem verðtryggð veðskuldabréf. Hinn 20. ágúst 1987 (sic) hafi hann falið Landsbanka Íslands innheimtu bréfanna, sem þá voru í vanskilum, og hafi við innheimtuna verið miðað við, að um verðtryggð skuldabréf væri að ræða. Sóknaraðili hafi 29. mars 1989 falið lögmannsskrifstofu Jónasar Aðalsteinssonar hrl. innheimtu bréfanna, sem sendi síðan uppboðsbeiðni, svo sem áður hefur komið fram. Við sölu eignarinnar í uppboðsrétti hafi legið frammi endurrit úr veðmálabók, sem sýnt hafi, að bréfin væru verðtryggð og uppboðsbjóðendur hafi við það miðað.

Í kröfulýsingu, er send hafi verið uppboðsrétti, hafi veðskuldabréfunum verið lýst sem verðtryggðum bréfum og krafan reiknuð út á þeim grundvelli.

Krafa sóknaraðila byggist á því, að umrædd skuldabréf hafi verið nafnskráð í raun og verðtryggð óslitið allt frá útgáfu þeirra til dagsins í dag.

Verðtrygging bréfanna hafi alls ekki fallið niður við það eitt, að Kaupþingi hf. hafi láðst að færa nafn hans inn á skuldabréfin sjálf, þegar kaupin voru gerð. Varnaraðili hafi óskað eftir því að fá að rita nafn sitt á bréfin, eftir að uppboðið fór fram, en áður en til úthlutunar kom, en verið neitað um það af uppboðshaldara.

Samkvæmt lögum nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga hafi sú aðalregla verið lögfest, að fjárskuldbindingar væru ekki verðtryggðar nema í undantekningartilvikum og þá aðeins að uppfylltum nánari tilteknum skilyrðum. Til skýringar þessu hafi komið fram í athugasemdum við frumvarpið, að þetta væri til þess ætlað, að unnt væri að koma við nauðsynlegu eftirliti með verðtryggðum kröfum og tryggja framkvæmd laganna.

Í lögum nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. hafi í sérstökum kafla um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár komið fram, að eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar í peningamálum hafi verið að tryggja örugga ávöxtun sparifjár með því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Lög þessi feli í sér þá grundvallarbreytingu, að aðalreglan í viðskiptum sé sú, að þau séu verðtryggð. Um fjárhagslegar skuldbindingar sé þó enn haldið við það skilyrði, að viðskiptin séu skráð á nafn þeirra, sem hlut eiga að máli. Það sé hins vegar eingöngu gert í því skyni, að unnt sé að koma við nauðsynlegu opinberu eftirliti með hinum verðtryggðu kröfum, og tilgangur lagaákvæðisins því sá einn að tryggja opinbera hagsmuni. Lagaákvæði þetta beinist alls ekki að því að hafa önnur áhrif á viðskipti skuldara og kröfuhafa en þau, að í þeim tilvikum, sem skuldari undirgangist verðtryggða skuldbindingu, sé hún skráð á nafn tiltekins kröfuhafa. Lagaákvæðið beinist ekki að því að hafa önnur afskipti af eða breyta hinu fjárhagslega sambandi skuldara og kröfuhafa, og því sé ekki ætlað að fella niður verðtryggingu á skuld, sem upphaflega hafi verið verðtryggð á lögmætan hátt.

Seðlabanki Íslands hafi ætíð haft þann hátt á við innlausn og greiðslu skuldabréfa sinna, komi í ljós, að nafn innlausnaraðila sé ekki skráð á bréfið, að gefa honum færi á því að upplýsa og leiðrétta það atriði. Að þeim upplýsingum fengnum hafi Seðlabanki Íslands ætíð talið þær upplýsingar fullnægjandi sem staðfestingu þess, að bréfin hefðu ætíð verið skráð á nafn og nytu þannig verðtryggingar við innlausn. Á bakhlið spariskírteina ríkissjóðs sé tekið fram, að sé röð framsala gölluð, verði þau ekki innleyst, nema handhafi leiði fullar sönnur að eignarheimild sinni. Sóknaraðili telur, að hér sé staðfest leiðréttingarheimild, svo sem haldið sé fram í máli þessu. Geti sá, sem telur til réttar yfir verðtryggðu skuldabréfi, fært fram sönnur þess, að hann sé hinn rétti eigandi bréfsins sem skráður eigandi þess, fái hann það greitt út með fullri verðtryggingu. Hins vegar sé ótvírætt framsal til handhafa óheimilt.

Sóknaraðili bendir á, að séu veðskuldabréf þessi skoðuð eingöngu í ljósi viðskiptabréfareglna, mætti telja þau framseld eyðuframsali, og þar með teljist þau handhafabréf. Hins vegar þurfi að líta til fleiri atriða í því sambandi. Til dæmis hafi veðskuldabréfum þessum verið þinglýst sem verðtryggðri fjárskuldbindingu. Þá liggi fyrir, að samkvæmt gögnum um kaup þessi sé ljóst, að ekki hafi staðið til að gera skuldabréf þessi að handhafabréfum. Þau hafi ekki verið árituð um framsal til handhafa. Þau hafi óslitið verið skráð eign sóknaraðila sem verðtryggð fjárskuldbinding hjá honum sjálfum og öllum þeim aðilum, sem um bréfin hafi fjallað. Þess vegna megi halda því fram, að eignarhaldi sóknaraðila sé þannig háttað, að fullnægt sé skilyrðum 1. tl. 39. gr. laga nr. 13/1979 um nafnskráningu verðtryggðra fjárskuldbindinga.

Um fjárhæð kröfu sinnar gerir sóknaraðili þá grein fyrir henni, að annars vegar sé um að ræða kröfu um 6.105.200 kr., sem sé verðtryggingarþáttur umræddra veðskuldabréfa auk dráttarvaxta frá 26. 6. 1988 til 12. 12. 1990 og höfuðstólsfærðra vaxta ásamt höfuðstólsfærðum vaxtavöxtum og verðtryggingu auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 26. 6. 1988 til 12. 12. 1990, samtals 3.226.616 kr. Samtals nemi þessar fjárhæðir aðalkröfu sóknaraðila 9.331.816 kr.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að með lögum nr. 13/1979, VII. kafla, hafi komið til framkvæmda rýmri heimildir en áður giltu um verðtryggingu. Lagaákvæðum þessum hafi verið ætlað að stefna að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Þannig hafi verið heimilað að stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmætum með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skyldu breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 34. og 39. gr. laganna. Samkvæmt 39. gr. laganna séu sett skilyrði verðtryggingar. Eitt þeirra sé, að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráð á nafn. Með síðari lögum hafi að ýmsu leyti verið þrengt að verðtryggingarheimildum, t. d. með l. nr. 13/1989 og síðari lögum. Með ódagsettu framsali Kristins Eiríkssonar, sem sóknaraðili miði við, að hafi farið fram 6. nóvember 1984, hafi umrædd skuldabréf breyst úr því að vera skráð á nafn í að vera handhafaskuldabréf, sem fullnægi ekki skilyrðum laga um verðtryggingu. Þegar sóknaraðili hafi eignast bréfin, hafi verðtrygging þeirra verið fallin niður og hann því ekki keypt verðtryggð skuldabréf, þrátt fyrir það að hann haldi því nú fram og kvittanir og bókhald hans sýni svo. Þeirri athöfn sóknaraðila að kaupa umrædd skuldabréf verði ekki jafnað til þess, að verið sé að „verðtryggja sparifé landsmanna og lánasjóða" eða „stofna til lánsviðskipta" skv. 34. gr. laga nr. 13/1979. Til að svo væri, hefði sóknaraðili orðið að leggja peninga sína á verðtryggðan reikning við lánastofnun eða lána Kaupþingi hf. peninga. Sóknar-

aðili hafi hins vegar fjárfest í lausafé í formi kröfu stjórnarmanns Bílaborgar hf. á hendur eigin fyrirtæki, sem þá hafi verið framseld Kaupþingi hf. eyðuframsali og Kaupþing hf. seldi síðan óverðtryggt. Kvittun sóknaraðila fyrir kaupunum beri með sér, að hann hafi ekki átt viðskipti við Kristin Eiríksson, heldur Kaupþing hf. Sóknaraðili geti ekki sjö árum síðar fært nafn sitt inn á skuldabréfin og ætlast til að breyta þeim í verðtryggð skuldabréf.

Varnaraðili bendir á, að ríkisskuldabréf séu gefin út af ríkissjóði Íslands. Verðtryggingarreglur þeirra fari ekki eftir lögum nr. 13/1979, og sérstaklega sé tekið fram í heimildarlögum, að um þau gildi ekki reglur Seðlabanka, heldur lög nr. 79/1983. Þar sé sérstaklega tekið fram í 2. gr., að ríkisskuldabréf megi gefa út með verðtryggingu miðaða við vísitölu, sem fjármálaráðherra ákveður. Ekki sé áskilnaður í þeim lögum, og aldrei hafi verið, að þau séu bundin við nöfn. Reglur og framkvæmd um ríkisskuldabréf eigi því ekkert skylt við lög nr. 13/1979.

Sóknaraðili hafi ráðstafað sakarefninu þannig, að hann sætti sig við brottfall dráttarvaxta, sem í gjalddaga hafi verið fallnir ári áður en uppboðsbeiðni hans kemur fram. Sama regla eigi við samningsvexti á kröfu hans, þeir hafi fallið í gjalddaga 1. nóvember 1987, og sömu sjónarmið eigi einnig við um verðtryggingu á kröfu hans, hún hafi sama gjalddaga.

Um vexti af veðtryggðum kröfum gildi lög nr. 23/1901. Þar sé skýrt tekið fram, að forgangsréttur til veðs fyrir vöxtum gagnvart síðari veðhöfum haldist eigi lengur en eitt ár, frá því að þeir féllu í gjalddaga. Sóknaraðili heldur því fram, að hann hafi ekki falið lögmanni sínum innheimtu skuldabréfa sinna fyrr en 29. mars 1989. Lögmaðurinn telji sig síðan veita skuldara þriggja mánaða frest á greiðslu, og uppboðsbeiðnin sé dagsett 26. júní 1989. Forgangsréttur sóknaraðila fyrir vöxtum, þ. m. t. verðtryggingu, sé því fallinn niður gagnvart síðari veðhöfum, þ. m. t. varnaraðilum.

III.

Niðurstaða.

Með lögum nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála var heimilað að stofna til lánsviðskipta með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skyldu breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris. Lög þessi komu í stað laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Meginstefna laga nr. 13/1979 var, að tekin yrði upp sem almennust verðtrygging á inn- og útlánum. Með samþykkt þeirra væru því sett almenn lagaákvæði um ákvörðun verðtryggingar, bæði í viðskiptum innlánsstofnana og utan þeirra, en nánari reglur um verðtryggingu yrðu settar af Seðlabankanum með sama hætti og vextir yrðu ákvarðaðir.

Heimild til verðtryggingar er samkvæmt lögum þessum bundin ákveðnum

skilyrðum. Samkvæmt 1. tl. 39. gr. laganna er það skilyrði verðtryggingar, að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráð á nafn og að getið sé verðtryggingar, þegar skuldbindingar eru færðar í veðmálaskrá og í veðbókarvottorð. Tilgangur þessa er að auðvelda eftirlit með verðtryggðum fjárskuldbindingum.

Veðskuldabréf þau, sem sóknaraðili styður kröfu sína við, liggja frammi í málinu. Kröfuhafi bréfanna er Kristinn Eiríksson, en skuldari Bílaborg hf. Veðskuldabréfin eru öll framseld með ódagsettu eyðuframsali af Kristni Eiríkssyni, og var svo gert, áður en sóknaraðili festi á þeim kaup hjá verðbréfasölu Kaupþings hf. 6. nóvember 1984. Eyðuframsal var fólgið í nafnritun framseljandans einni saman á bréfin. Við það breyttust umrædd skuldabréf úr því að vera nafnbréf, sem tilgreindu ákveðinn kröfuhafa, í það að vera handhafabréf og lutu eftir það reglum, sem um slík bréf gilda. Við uppboðssölu eignarinnar Fossháls 1 lágu frumrit veðskuldabréfanna því frammi til staðfestingar á uppboðsheimild sóknaraðila, svo sem áskilið er í 6. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987 um breytingar á þeim lögum.

Það er álit uppboðsréttar, að hin umdeildu veðskuldabréf fái ekki samrýmst fortakslausu ákvæði 1. tl. 39. gr. laga nr. 13/1979 um nafnskráningu verðtryggðra skuldbindinga. Þá verður ekki heldur talið, að þau sönnunargögn, sem sóknaraðili rökstyður með kaup bréfanna og óslitna eignaraðild sína á þeim, fái vikið til hliðar almennum reglum um gildi framsals kröfuréttinda.

Þegar þetta er virt, er það niðurstaða réttarins, að ekki hafi stofnast réttur til handa sóknaraðila til að binda skuld samkvæmt umdeildum veðskuldabréfum verðvísitölu. Þá standa skýr ákvæði skuldabréfanna því í vegi, að reiknaðir verði aðrir vextir á skuldina en þar eru tilgreindir. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila í máli þessu.

Uppboðsbeiðni sóknaraðila er dags. 26. júní 1989. Vextir, þ. e. hvorki samnings- né dráttarvextir, sem eldri eru en eitt ár þaðan í frá, njóta því forgangs gagnvart síðari veðhöfum, sbr. lög nr. 23/1901.

Samkvæmt því reiknast krafa sóknaraðila þannig:

Höfuðstóll þriggja veðskuldabréfa	kr.	3.000.000
Dráttarvextir 26. júní 1988 til 26. febrúar 1991	kr.	3.328.313
Innheimtulaun m/vsk.	kr.	295.654
Beiðnir o. fl.	kr.	5.618
Samtals	kr.	6.629.585

Upphæð þessa hefur sóknaraðili þegar fengið greidda ásamt vöxtum. Frumvarp að úthlutun uppboðsverðs vegna Fossháls 1, Reykjavík, ber að

staðfesta, að því er varðar úthlutun uppboðsverðs eignarinnar til handa sóknaraðila. Hins vegar verður frumvarpið, að því er varðar varnaraðila, ekki staðfest í máli þessu, þar sem rekið er fyrir réttinum annað ágreiningsmál vegna þess.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Almennu verkfræðistofunnar hf., í máli þessu er hafnað.

Frumvarp að úthlutun uppboðsverðs í Fosshálsi 1, Reykjavík, dags. 13. maí 1991, er staðfest, að því er sóknaraðila varðar.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 6. október 1992.

Nr. 382/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Hilmari Ögmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Hinum kærða úrskurði hefur verið skotið til Hæstaréttar bæði af hálfu ákæruvalds og ákærða. Ákærði lýsti kæru sinni við uppkvaðningu úrskurðarins 30. september sl., en af hálfu ákæruvaldsins var úrskurðurinn kærður með bréfi til héraðsdómarans 1. október sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákæruvaldið krefst þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða verði markaður tími til 30. júní 1993.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhald verði að hámarki ákveðið til 29. október 1992. Þá gerir hann kröfu um kærumálskostnað.

Brot það, sem ákærði var dæmdur fyrir hinn 30. september sl., er í dóminum talið varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Talsmaður ákærða byggir aðalkröfu sína meðal annars á því, að héraðsdómarinn, sem kvað upp gæsluvarðhaldsúrskurðinn, hafi verið vanhæfur til þess, þar eð hann hafi kveðið upp efnisdóm í máli ákærða. Vísar hann um þetta til 6. gr. laga nr. 19/1991, þar sem svo er mælt fyrir, að dómari skuli „víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru, ef hann hefur úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr.“. Á þetta ákvæði ekki við hér, og er þessari málsástæðu hafnað.

Framangreindur dómur var birtur ákærða og verjanda hans við dómsuppkvaðningu 30. september sl., og var fulltrúi ákæruvaldsins einnig viðstaddur. Ákærði tók sér frest til ákvörðunar um áfrýjun dómsins, en samkvæmt 153. gr. laga nr. 19/1991 ber honum að segja til um áfrýjun innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Af

hálfu ákæruvalds hefur ekki verið lýst yfir áfrýjun dómsins. Þannig liggur ekki fyrir, hvort honum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Fallast ber á kröfu ákæruvaldsins um áframhaldandi gæsluvarðhald ákærða samkvæmt 2. mgr. 103. gr. og 106. gr. laga nr. 19/1991. Í 106. gr. segir, að dómari geti eftir dómsuppkvaðningu að kröfu ákæranda úrskurðað, „að gæsluvarðhald skuli haldast, meðan á fresti skv. 1. mgr. 153. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir æðra dómi, ef því er að skipta". Eins og hér stendur á, þykir bera að túlka ákvæði þetta svo, að gæsluvarðhaldstíma ákærða beri að takmarka við framangreindan fjögurra vikna áfrýjunarfrest. Samkvæmt þessu verður ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 29. október 1992, nema fullnusta dóms geti hafist fyrr. Staðfesta ber ákvæði hins kærða úrskurðar um tilhögun gæsluvarðhaldsins.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að samkvæmt orðalagi hins kærða úrskurðar er farið út fyrir kröfur ákæruvaldsins og gæsluvarðhaldstími ekki afmarkaður. Er þetta aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Ögmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til 29. október 1992.

Staðfest er ákvæði hins kærða úrskurðar um tilhögun gæsluvarðhalds ákærða.

Úrskurður héraðsdóms Reykjaness 30. september 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 30. september, er á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í dag var kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1175/1992: Ákæruvaldið gegn Hilmari Ögmundssyni, og var dómþola gert að sæta fangelsi í fjögur ár að frádreginni gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 3. apríl til 30. september 1992.

Dómþola var við dómsuppsögu birtur dómurinn. Tók hann sér frest til að taka afstöðu til áfrýjunar.

Í beinu framhaldi af birtingunni var af ákæruvaldsins hálfu gerð krafa um, að dómþoli yrði með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19, 1991, úr-

skurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur í málinu til fullnustu (sic), en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 30. júní nk.

Af hálfu dómþola er kröfunni um gæsluvarðhald mótmælt og þá einkum tímalengdinni í kröfunni og lögð á það áhersla, að mikill málafjöldi fyrir dómstóli og málatími megi ekki ráða lengd gæsluvarðhaldstíma.

Fram kom hjá ákæranda í málinu, að yrði dóminum áfrýjað til Hæstaréttar, væri þess ekki að vænta, að málið kæmist þar á dagskrá fyrr en í júní 1993, miðað við, hvernig málum hafi nú verið raðað þar niður til meðferðar fyrir dóminum.

Fallast verður á það, að brot það, sem ákærði er sakfelldur fyrir í framangreindum dómi, sé svo alvarlegt, að nauðsynlegt sé með tilliti til almennra hagsmuna, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi, þangað til fullnusta refsingar samkvæmt dóminum eða dómi Hæstaréttar getur hafist.

Með vísan til 2. mgr. 103. gr. og með hliðsjón af 106. gr. laga nr. 19, 1991, ber að úrskurða dómþola til að sæta gæsluvarðhaldi, og þykir rétt að afmarka tímann þannig, að gæsluvarðhaldið vari allt fram til 30. apríl 1993 eða þar til er fullnusta á framangreindum dómi kemur til eða þá þar til er fyrir liggur í málinu dómur Hæstaréttar, komi til áfrýjunar.

Rétt þykir að verða við kröfu ákærða um, að á gæsluvarðhaldstímanum skuli hann njóta þess hagræðis að sæta sömu reglum og gilda almennt um fanga í afplánun.

Úrskurðarorð:

Dómþoli, Hilmar Ögmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt fram til 30. apríl nk. eða þar til dómur Hæstaréttar liggur fyrir í málinu.

Dómþoli skal á gæsluvarðhaldstímanum njóta sömu reglna og gilda um afplánunarfanga.

Miðvikudaginn 7. október 1992.

Nr. 485/1991. **Lýsing hf.**
gegn
Iðnlánasjóði,
Verslunarlánasjóði og
Ábyrgð hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Úthlutun uppboðsandvirðis. Tryggingarbréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. desember 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og sér úthlutað af uppboðsandvirði fasteignarinnar Fossháls 1, Reykjavík, 1.680.000 krónum auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. desember 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar sér til handa úr hendi sóknaraðila.

Í tryggingarbréfi því, sem sóknaraðili byggir á í málinu og gefið var út af Bílaborg hf. 28. apríl 1988, er sóknaraðila veðsett með 29. veðrétti fasteignin Fossháls 1 „til tryggingar skilvísum og skaðlausum greiðslum á skuld að fjárhæð kr. 15.000.000,-, ... bundinni lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1989 ...“. Engin skírskotun er í bréfi þessu til víxilskulda eða nánari lýsing skuldarinnar, t.d. að því er varðar gjalddaga. Með hliðsjón af þessu verður að hafna því, að bréf þetta tryggi greiðslur af umræddu veði á fram lögðum víxilkröfum sóknaraðila. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilum kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Lýsing hf., greiði varnaraðilum, Iðnlánasjóði, Verslunarlánasjóði og Ábyrgð hf., sameiginlega 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 14. nóvember 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 24. október sl.

Sóknaraðili er Lýsing hf., kt. 491086-1229, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Iðnlánasjóður, Ármúla 13 A, Reykjavík, Ábyrgð hf., kt. 410169-1699, Lágmúla 5, Reykjavík, og Verslunarlánasjóður, kt. 440581-0569, Bankastræti 5, Reykjavík.

Endanleg kröfugerð sóknaraðila er sú, að við úthlutun á uppboðsandvirði fasteignarinnar Fossháls 1, Reykjavík, sem seld var á nauðungaruppboði 12. desember 1990, komi í hlut sinn 1.934.000 kr. auk 565.848 kr. í dagvexti til 24. október 1991. Þá er þess krafist, að varnaraðilar verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar auk dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Varnaraðilar hafa skilað sameiginlegri vörn í máli þessu. Kröfur þeirra fyrir réttinum eru þær, að frumvarp að úthlutun uppboðsverðs í Fosshálsi 1, þinglesinni eign Bílaborgar hf., verði lagt til grundvallar við endanlega úthlutun uppboðsverðs eignarinnar.

Krafist er vaxta af fjárhæð, úthlutaðri til varnaraðila, samkvæmt þeim vaxtakjörum, sem umrætt fé nýtur hjá uppboðsrétti, frá móttökudegi til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðilum málskostnað auk lögmæltra dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

II.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 12. desember 1990 var fasteignin Fossháls 1, Reykjavík, seld á nauðungaruppboði. Hæstbjóðandi var Landsbanki Íslands, og nam uppboðsandvirðið 264.500.000 kr.

Á 29. veðrétti eignarinnar hvíldi tryggingarbréf, dags. 28. apríl 1988, þar sem sóknaraðila var veðsett fasteignin til tryggingar skilvísum og skaðlaus-

um greiðslum á skuld, að fjárhæð 15.000.000 kr., bundinni lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1989 stigum.

Með ódagsettri kröfulýsingu sóknaraðila var lýst kröfu í uppboðsandvirði eignarinnar, að fjárhæð 3.140.000 kr., á grundvelli tryggingarbréfs þessa. Með úthlutunargerð, dags. 13. maí 1991, hlaut sóknaraðili ekkert upp í kröfu sína, enda þótt boðið hefði verið upp fyrir veðrétt hans. Af hans hálfu var 20. febrúar sl. mótmælt frumvarpi uppboðshaldara.

Hinn 21. maí 1991 voru tekin fyrir í uppboðsrétti mótmæli gegn úthlutun uppboðsandvirðis Fossháls 1. Þar var ákveðið að reka sérstakt uppboðsréttarmál um ágreining þann, sem hér um ræðir, þar sem Lýsing hf. væri sóknaraðili, en varnaraðilar Verslunarlánasjóður hf., Ábyrgð hf. og Iðnlánasjóður sem veðhafar á 30., 31. og 32. veðrétti. Samkvæmt frumvarpi uppboðshaldara var Verslunarlánasjóði úthlutað á 30. veðrétti 30.382.932 kr., Ábyrgð hf. samkvæmt 31. veðrétti 3.898.647 kr. og Iðnlánasjóði samkvæmt 32. veðrétti 7.882.753 kr.

Krafa sóknaraðila í máli þessu er ekki svo há, að hún geti haft áhrif nema á kröfu Iðnlánasjóðs. Fyrir réttinum var hins vegar rekið annað uppboðsréttarmál, U 9/1991, milli Almennu verkfræðistofunnar hf. og sömu aðila. Úrskurður hefur verið kveðinn upp í því máli, en áfrýjunarfrestur er ekki liðinn. Skýrir þetta aðild allra varnaraðila að þessu máli.

Í greinargerð sóknaraðila segir svo um tilurð umrædds tryggingarbréfs, að á fyrri hluta árs 1988 hafi stjórn Lýsingar hf. ákveðið að veita Bílaborg hf. lánafyrirgreiðslu gegn fasteignaveðstryggingu. Síðan segir svo í greinargerðinni: „Þegar Lýsing hf. hafði fengið tryggingarbréfið í sínar hendur, veitti félagið Bílaborg hf. umbeðna fyrirgreiðslu, að fjárhæð 15.000.000 kr. Fyrirgreiðslan fólst í því, að Bílaborg hf. afhenti Lýsingu hf. víxla, út gefna af Bílaborg hf., en samþykkta af þriðja aðila, í flestum tilvikum sameignarfélaginu Hagbæ sf. (sic). Hagbær sf. var félag eigenda Bílaborgar hf. og hafði þann tilgang að kaupa til endursölu af Bílaborg hf. notaða bíla, er hið síðargreinda félag tók upp í nýja bíla. Með þessu móti stofnaðist til 15.000.000 kr. skuldar Bílaborgar hf. við Lýsingu hf., þar sem Bílaborg hf. varð ávallt að leysa til sín á gjalddaga þá víxla, sem greiddust ekki. Viðskipti þessi milli Bílaborgar hf. og Lýsingar hf. stóðu óslitið fram að gjaldþroti Bílaborgar hf. 6. mars 1990. Vegna eðlis þessara viðskipta hefur skuldin hins vegar verið að minnka frá þeim degi, og standa nú aðeins eftir ógreiddar 2.930.588 kr. ....."

Sóknaraðili hafi ekki lýst kröfu í þrotabú Bílaborgar hf. vegna þessarar skuldar, enda ekki talið þess þörf.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á þeim málsástæðum og lagarökum, að hann og forsvarsmenn Bílaborgar hf. hafi gert með sér sérstakan lánssamning þess efnis, að sóknaraðili hafi lánað Bílaborg tiltekna fjárhæð

gegn afhendingu víxla, sem gefnir hafi verið út af Bílaborg hf., en samþykktir af þriðja aðila, og jafnframt veðtryggingu fyrir verðtryggðri skuld. Þetta hafi verið einu viðskipti þessara aðila, og þau megi rekja frá mánuði til mánaðar í bókum sóknaraðila. Samkvæmt samkomulagi aðila hafi Bílaborg hf. verið skuldbundin til að leysa til sín víxla, er í gjalddaga féllu og ekki greiddust. Það hafi ýmist gerst með framlengingu eldri víxla eða með afhendingu nýrra. Tryggingarbréfið, sem hafi verið til tryggingar hinni lánuðu fjárhæð, hafi verið haft verðtryggt, þar sem hér hafi verið stofnað til lánveitingar af hálfu sóknaraðila til langs tíma. Viðskipti þessi hafi gengið snurðulaust fram til gjaldþrots Bílaborgar hf. 6. mars 1990.

Sóknaraðili kveður tryggingarbréfið fullnægja öllum form- og efnisreglum íslensks réttar og vísar í því sambandi einkum til 23. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að ljóst hafi verið um langan tíma, að veðtryggðum kröfum verði að setja tiltekin mörk til tryggingar hagsmunum síðari veðhafa, svo að óveðtryggðum kröfum verði ekki komið undir veðtrygginguna á þeirra kostnað.

Sú krafa hafi því verið sett fram, að tilgreina þurfi hina veðtryggðu skuld. Þessi regla, „tilgreiningarreglan", hafi verið lögfest með 23. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Þar sé áskilið, að efni bréfs sé endanlega ákveðið og feli það í sér, að bréfið beri með sér, hvaða kröfu það tryggi og hvert efni þeirrar kröfu sé. Með þessum hætti séu settar skorður við því, að óveðtryggðum kröfum sé smeygt undir veðtrygginguna. Krafa sú, sem sóknaraðili, Lýsing hf., geri til hlutdeildar í uppboðsandvirði fasteignarinnar Fosshálsi 1, Reykjavík, byggist á víxlum, út gefnum á mismunandi tímum af Bílaborg hf., en samþykktum til greiðslu af Hagbæ sf. á mismunandi tímum. Það gæti mikils misskilnings hjá sóknaraðila, ef hann telji, að þessar víxilkröfur megi heimfæra undir tryggingarbréf það, sem tryggt sé með 29. veðrétti í Fosshálsi 1, Reykjavík. Samkvæmt texta tryggingarbréfsins sé það til tryggingar á skuld, að fjárhæð 15.000.000 kr., sem sé bundin lánskjaravísitölu 1989 stigum. Af texta bréfsins verði ekki annað séð eða ályktað en hér sé um að ræða bréf til tryggingar ákveðinni skuld, eins og bréfið greini, hvorki lægri né hærri en tilgreindur textinn hljóðar um. Enga frekari tilgreiningu er að finna í texta bréfsins, um hvers konar skuld sé að ræða. Sóknaraðili hefur lýst allt öðrum skuldum, sem að baki bréfinu búi, víxilskuldum, sem á engan hátt sé hægt að heimfæra eða samrýma texta tryggingarbréfsins, hvorki að því er lýtur að fjárhæð né efnislega. Hefði það verið ætlun sóknaraðila að tryggja víxilkröfur þær, sem hann nú lýsir, eða víxilkröfur almennt, hefði honum verið í lófa lagið að setja það ákvæði í tryggingarbréfið. Það gerði hann ekki. Því hafi sóknaraðili ekki sannað, að veðréttur sá, sem tryggingarbréfið veiti, fylgi

víxilkröfunum, enda skorti bréfið alla tilgreiningu til, að svo verði ályktað. Af þessu verði sóknaraðili að bera hallann.

III.

Niðurstaða.

Ljósrit tryggingarbréfs þess, er sóknaraðili reisir kröfugerð sína á, liggur frammi í máli þessu. Samkvæmt því veðsetti Bílaborg hf. sóknaraðila fasteignina að Fosshálsi 1 til tryggingar skilvísum og skaðlausum greiðslum á skuld við hann, að fjárhæð 15.000.000 kr. Skuld þessi er bundin lánskjaravísitölu og breytist til samræmis við breytingar á henni til uppgjörs á viðskiptum Bílaborgar hf. annars vegar og sóknaraðila hins vegar.

Af greinargerð sóknaraðila má helst ráða, að sóknaraðili hafi lánað Bílaborg hf. 15.000.000 kr. gegn afhendingu tryggingarbréfs þessa svo og gegn afhendingu víxla, í flestum tilvikum samþykktra af Hagbæ sf., en út gefinna af Bílaborg hf. Skuld Bílaborgar hf. við sóknaraðila samkvæmt tryggingarbréfinu hafi svo lækkað eftir því, sem þessir víxlar greiddust. Sóknaraðili hefur í máli þessu lagt fram ljósrit sjö víxla, samtals að fjárhæð 3.140.000 kr., en það voru víxilskuldir, sem í gjalddaga voru fallnar, þegar hann lýsti kröfu sinni í uppboðsandvirðið. Síðan þá hafa nokkrir víxlar verið greiddir, og stóð krafa sóknaraðila við munnlegan málflutning málsins í 1.934.000 kr. auk vaxta. Í kröfulýsingu sóknaraðila kemur fram, að upphaflega hafi verið um fleiri víxla í vanskilum að ræða, sem Hagbær sf. hafi greitt. Síðan segir í kröfulýsingu: „Eru m. a. í innheimtu hjá Lýsingu hf. skuldabréf á þriðja aðila, sem eiga að ganga sem greiðsla inn á víxlana, ef af þeim greiðist. Þar sem úthlutun til veðhafa tekur alltaf nokkurn tíma, vill undirritaður því óska þess, að haft verið frekara samband og samráð við sig um endanlegar skuldir, tryggðar með veði í Fosshálsi 1, áður en til úthlutunar kemur.“ Af bréfi þessu má ráða, að víxilgreiðslur Hagbæjar sf. séu tryggðar sérstaklega með skuldabréfum í vörslu sóknaraðila.

Í umdeildu tryggingarbréfi er ekki getið um, hvers konar skuld veðið eigi að tryggja. Þá er þar ekki heldur vísað til annarra skjala um skuldina, svo sem er eðli slíkra veðbréfa. Tryggingarbréf þetta er því í eðli sínu skuldabréf, þrátt fyrir það að það beri annað heiti.

Það er álit uppboðsréttar, að víxilskuldir Hagbæjar sf. verði ekki felldar undir umrætt „tryggingarbréf“, hvorki samkvæmt efni þess né af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila í máli þessu.

Eftir þessari niðurstöðu ber sóknaraðila að greiða varnaraðilum málskostnað, sem hæfilega þykir ákveðinn 50.000 kr.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Lýsingar hf., um breytingu á frumvarpi að úthlutunargerð eignarinnar Fosshála 1, dags. 14. febrúar 1991, er hafnað. Frumvarpið er staðfest varðandi varnaraðila, Iðnlánasjóð, Ábyrgð hf. og Verslunarlánasjóð.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum 50.000 kr. í málskostnað innan fimmtán daga frá uppkvaðningu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá 15. degi frá deginum í dag til greiðsludags.

Miðvikudaginn 7. október 1992.

Nr. 177/1992. **Jón Guðmundsson,**
Leó Löve,
Birgir P. Jónsson og
Guðjón Sverrir Rafnsson
gegn
Teppabúðinni hf.

Kærumál. Innsetning. Eignarréttarfyrirvari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðilar gera þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð matsgerð Þórólfs Halldórssonar héraðsdómslögmanns og fasteignasala og Hilmars Pálssonar framkvæmdastjóra, dagsett 25. maí 1992, en þeir voru dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur 4. maí 1992 að beiðni sóknaraðila „til þess að leggja mat á það, hvort gólfteppi á svölum sýningarsalar og kjallara hússins nr. 22 B við Austurstræti í Reykjavík teljist hluti fasteignarinnar eða ekki skv. almennum skilningi, eins og nánar greinir í matsbeiðni.

Nánar tiltekið er átt við, að gefa skuli um það álit, hvort gólfteppin, eins og þau liggja, séu orðin hluti fasteignarinnar, og verði þá m. a. höfð í huga mörk þau, sem tryggingafyrirtæki draga um, hvenær gólfteppi séu hluti fasteignar, svo og starfsvenjur fasteignasala".

Fyrir matsmönnum voru reifuð sjónarmið þau, sem aðilar töldu,

að gæta bæri við matið, og matsmenn skoðuðu teppin í húsakynnum sóknaraðila. Er lýsing þeirra svohljóðandi:

„Næst var gengið um vettvang, fyrst um svalir sýningarsalar og skoðað teppi af gerð Hekla-rautt/yrjótt 6, klætt horn í horn á laust filt og lagt á lista við útjaðra, á tröppum og fest framan á lóðréttum flötum. Síðan var skoðað teppi í kjallara hússins, Askja-brúnt 588-136, lagt á filt og lista við útjaðra. Teppin voru á báðum stöðum tilsniðin sérstaklega á gólffleti. Fram kom og ekki mótmælt, að fyrri teppi voru límd á tréplötur (spónaplötur) og sáust um það ummerki."

Í matsgerðinni segir síðan svo um niðurstöður matsmannanna: „Samkvæmt almennum skilningi vátryggingaskilmála fyrir fasteignir teljast gólfteppi eins og þau, sem hér um ræðir, ekki hluti fasteignar, nema sérstaklega sé um það samið. Samkvæmt almennum vátryggingaskilmálum Húsatrygginga Reykjavíkur, 3. tölulið, nær vátryggingin einungis til teppa, sem eru límd eða negld niður og eru í sameign eigenda fjölbýlishúss. Önnur teppi fást því ekki bætt úr vátryggingunni. Sömu reglur gilda hjá öðrum vátryggingafélögum, sem brunatryggja fasteignir.

Samkvæmt venju í fasteignaviðskiptum, sem m. a. kemur fram í stöðluðum kaupsamningseyðublöðum um íbúðarhúsnæði, eru tilsniðin teppi talin með hefðbundnu fylgifé fasteignar, hafi þau verið þar til staðar. Það er álit matsmanna, að það sé einnig venjuhelgað, að tilsniðin teppi í atvinnuhúsnæði séu hefðbundið fylgifé fasteignar með sama hætti og um íbúðarhúsnæði væri að ræða. Í fasteignaviðskiptum er litið svo á, að ef teppi eru tilsniðin á gólf, teljist þau hefðbundið fylgifé, hvort sem þau eru varanlega skeytt við gólfið, t. d. límd, eða liggja laus á gólfinu.

Niðurstaða matsmanna er sú, að þau teppi, sem hér um ræðir, séu ekki orðin hluti fasteignarinnar, þar sem þau eru ekki varanlega skeytt við hana. Teppin myndu hins vegar teljast eðlilegt fylgifé fasteignarinnar, þar sem þau eru sérstaklega tilsniðin á gólf þessa tiltekna húsnæðis."

Auk skriflegra kaupsamninga liggur fyrir í málinu yfirlýsing Björns Baldurssonar, fyrirsvarsmanns Silfureyjunnar hf., sem kom fram af hálfu félagsins við kaup teppanna af varnaraðila. Lýsir hann því þar yfir, að ekki hafi verið hægt að standa í skilum við

varnaraðila og verði ekki hægt, þar sem félagið hafi hætt starfsemi. Kemur og fram, að svo hafi verið um samið, er teppin voru pöntuð, að varnaraðili ætti teppin, þar til þau væru að fullu greidd, og væri honum frjálst að taka þau, ef greiðslufall yrði. Ekki hafi verið unnt að afhenda teppin, þar sem hann hafi ekki lengur lyklavöld að húsnæði því, sem tekið var á leigu af sóknaraðilum.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram, hvernig umrædd teppi eru lögð á gólfin í húsnæði sóknaraðila, og sú niðurstaða þeirra, að teppin séu ekki varanlega skeytt við húseign þeirra. Engar líkur eru að því leiddar, að brottnám teppanna valdi teljandi tjóni á húsakynnum sóknaraðila.

Sóknaraðilar hafa ekki sýnt fram á, að skilmálar leigusamnings um húsnæðið eða reglur um traustfang standi í vegi fyrir rétti varnaraðila.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilum gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Jón Guðmundsson, Leó Löve, Birgir P. Jónsson og Guðjón Sverrir Rafnsson, greiði varnaraðila, Teppabúðinni hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. apríl 1992.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 9. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Teppabúðin hf., kt. 500588-2769, Reykjavík.

Gerðarþolar eru eigendur fasteignarinnar nr. 22 B við Austurstræti, þeir Jón Guðmundsson, Óðinsgötu 4, Reykjavík, Leo Löve, Þingholtsstræti 5, Reykjavík, og Birgir P. Jónsson, Víðihlíð 8, Reykjavík, og leigutaki að hluta fasteignarinnar Guðjón Sverrir Rafnsson, Miðtúni 24, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi gerir kröfu um, að eftirtaldir munir verði teknir úr umráðum gerðarþola:

Vörunúmer	*Vöruheiti*	*Magn*
1. 100ASKJA08	ASKJA-BRÚNT 588-136	35,20
2. 190OLUMPUS	TEPPAFILT 137 cm oly	35,20
3. 130GADDAR	GADDALISTAR MEÐ DURA	148,00
1. 100HEKLA05	HEKLA-RAUTT/YRJÓTT 6	175,00
1. 100ASKJA08	ASKJA-BRÚN5-T 588-136	150,00
2. 190OLUMPUS	TEPPAFILT 173 cm oly	325,00
3. 130GADDAR	GADDALISTAR MEÐ DURA	333,50
4. 1901916-270	GULUR ENDALISTI M/GÖ	5,40

Varningur þessi er teppaflísar (auðk. sem 1) með fylgihlutum, svo sem filti (auðk. sem 2) og gaddalistar o. fl. (auðk. sem 3 og 4).

Þá krefst gerðarbeiðandi þess, að gerðarþolar verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar auk dráttarvaxta frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar.

Gerðarþoli gerir þá kröfu, að synjað verði um framgang gerðarinnar og gerðarbeiðanda gert að greiða sér málskostnað að mati réttarins.

Málavextir.

Silfureyjan hf., kt. 421190-1789, hafði á leigu húsnæði að Austurstræti 22 frá gerðarþolum í máli þessu og rak þar skemmtistað undir nafninu Lídó. Síðari hluta árs 1990 keypti Silfureyjan hf. teppi ásamt ýmsum fylgihlutum af gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi mældi fyrir teppunum, sneið þau niður, og urðu þannig til svokallaðar teppaflísar. Verktaki sá síðan um að leggja teppaflísarnar á hluta hins leigða húsnæðis. Kaupin voru gerð í tvennu lagi, og voru gerð um þau tveir kaupsamningar, dagsettir 27. desember 1990 og 11. mars 1991. Í báðum þessum kaupsamningum eru ákvæði um eignarréttarfyrirvara þess efnis, að seljandi sé eigandi hinna seldu muna, þar til að kaupandi hafi að fullu staðið í skilum með greiðslu kaupverðs. Fram að þeim tíma hafi kaupandi einungis heimild til að nýta sér hlutina. Kaupverðið var í báðum tilfellum að mestu greitt með útgáfu skuldabréfa. Gerðarbeiðandi hefur lagt fram ljósrit skuldabréfanna, rskj. nr. 5 og 8, og sýndi hann frumrit bréfanna í þinghaldinu 9. mars, og báru þau (sic), að ekkert hefur verið greitt af þeim.

Sumarið 1991 var Silfureyjunni hf. bægt úr húsnæðinu vegna vanskila á leigugreiðslum.

Í framhaldi af þessu fóru fram einhverjar viðræður milli gerðarbeiðanda og gerðarþola um kaup gerðarþola á hinum umdeildu munum. Samkomulag náðist ekki. Aðilar eru ekki sammála um, hvort gerðarbeiðandi hafi krafist þess að fá hina umdeildu muni afhenta frá gerðarþola, áður en til innsetningarmáls þessa kom.

Gerðarbeiðandi reisir kröfur sínar á því, að hann sé eigandi hinna umdeildu muna, þar til kaupverð þeirra hefur verið að fullu greitt, sbr. kaupsamningana, með eignarréttarfyrirvara, rskj. nr. 3 og 5.

Þá byggir gerðarbeiðandi á því, að gerðarþoli hafi ekki andmælt því, að eignarréttarfyrirvarinn sé gildur. Einnig nefnir hann máli sínu til stuðnings, að varan sé ógreidd, þrátt fyrir það að gefin hafi verið út skuldabréf vegna viðskiptanna. Ekkert hafi hins vegar verið greitt af bréfunum, og því teljist varan ógreidd. Gerðarþoli hafi ekki sýnt fram á, að hann eigi nokkurn rétt til vörunnar, enda hafi hann ekki greitt fyrir hana og ekki heldur viljað semja um kaup á hinum umdeildu munum. Gerðarbeiðandi telur því nauðsynlegt fyrir sig að fá hina umdeildu muni afhenta til endursölu, með þeim hætti geti hann takmarkað tjón sitt.

Gerðarþoli reisir sína kröfu á því, að gerðarbeiðandi eigi ekki ótvíræðan rétt til munanna. Hann byggir á því, að gerðarbeiðandi hafi ekki snúið sér til kaupanda munanna og því sé spurning, hvort fógetarétturinn geti fjallað um málið, eins og það sé rekið. Þá bendir hann á, að gerðarbeiðandi hafi ekki sannað, að munirnir séu ógreiddir. Gerðarþoli nefnir einnig máli sínu til stuðnings, að teppin séu föst og því fylgifé fasteignarinnar og því verði þau ekki fjarlægð bótalaust. Einnig nefnir gerðarþoli, að teppin hafi rýrnað mjög í verði við það, að þau voru sniðin á gólf, og verðgildi þeirra sé nú mun minna en ef þau væru ný, og því sé sennilegt, að með málatilbúnaði sínum sé gerðarbeiðandi að reyna að knýja fram greiðslu hjá gerðarþola, sem sé ekki hinn eiginlegi skuldari.

Við munnlegan flutning málsins hélt gerðarþoli því fram, að samningar milli gerðarþola og Silfureyjunnar um eignarréttarfyrirvara séu of seint gerðir, þ. e., eftir að afhending hlutanna fór fram, og því séu þessir samningar ógildir. Þessu til stuðnings leggur gerðarþoli fram auglýsingar úr Morgunblaðinu 21. og 22. desember 1990, þar sem fram kemur, að skemmtistaðurinn var opinn dagana, sem auglýsingarnar birtust (rskj. nr. 13 og 14), og einnig vísar hann til Hrd. 1965, 18. Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni.

Niðurstaða.

Telja verður, að kröfu um innsetningu sé réttilega beint gegn gerðarþolum, enda eru þeir vörslumenn munanna.

Í málinu er óumdeilt, hvaða muni er um að ræða.

Í greinargerð gerðarþola koma ekki fram nein mótmæli gegn því, að samningar gerðarbeiðanda og Silfureyjunnar hf. hafi verið gildir, og teljast mótmæli þau, er fram komu við munnlegan flutning málsins varðandi þessa málsástæðu gegn mótmælum gerðarbeiðanda, því of seint fram komin. Þá verður ekki séð af gögnum málsins, að neitt óeðlilegt sé við gerð þessara samninga.

Gerðarþoli reisir einnig rétt sinn á því, að munirnir séu fylgifé fasteignarinnar. Þegar af þeirri ástæðu, að teppin eru ekki varanlega skeytt við fasteignina, heldur liggja laus, er ekki unnt að fallast á þessa málsástæðu.

Það er mat réttarins, að gerðarbeiðanda hafi tekist að sýna fram á með öruggum hætti, að hann sé eigandi munanna, og því rétt að fallast á kröfu hans um innsetningu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir hæfilegt, að gerðarþolar greiði gerðarbeiðanda in solidum 30.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaður dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðarins.

Halldór Halldórsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Teppabúðarinnar hf., að neðangreindir munir:

1. 100ASKJA08	ASKJA-BRÚNT 588-136	35,20
2. 190OLUMPUS	TEPPAFILT 137 cm oly	35,20
3. 130GADDAR	GADDALISTAR MEÐ DURA	148,00
1. 100HEKLA05	HEKLA-RAUTT/YRJÓTT 6	175,00
1. 100ASKJA08	ASKJA-BRÚN5-T 588-136	150,00
2. 190OLUMPUS	TEPPAFILT 173 cm oly	325,00
3. 130GADDAR	GADDALISTAR MEÐ DURA	333,50
4. 1901916-270	GULUR ENDALISTI M/GÖ	5,40

skuli teknir úr umráðum gerðarþola, er tekin til greina.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 30.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaður dráttarvexti fimmtán dögum eftir uppkvaðningu úrskurðarins.

Miðvikudaginn 7. október 1992.

Nr. 354/1992. **Jósúa Magnússon**

gegn

Erlu Gunnarsdóttur.

Kærumál. Búskipti við skilnað. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. júlí 1992 samkvæmt 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl., sbr. 2. mgr. 153. gr. sömu laga. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og aðalkröfu varnaraðila hafnað, en getur fallist á varakröfu varnaraðila að frátalinni kröfu um sanngjarna greiðslu að mati réttarins. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Til vara krefst hún þess, verði úrskurði skiptaréttar hrundið, að fá í sinn hlut við skiptin „alla hjúskarpareign sína, auk þess íbúðina að Stórageröi 16, 4. hæð t.v., Reykjavík, með öllu innbúi, bifreið Mazda 323 EZ-170, að viðbættri sanngjarnri fjárgreiðslu að mati réttarins". Þá krefst hún og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands hefur mál þetta verið flutt munnlega fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Jósúa Magnússon, greiði varnaraðila, Erlu Gunnarsdóttur, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 30. júní 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 16. júní 1992.

Kröfur sóknaraðila, Erlu Gunnarsdóttur, kt. 120730-7469, eru þær, að skiptaréttur skipti eignum búsins, eins og þær voru 28. júlí 1991, samkvæmt helmingaskiptareglu 18. gr. l. 20/1923, þannig, að hvort hjóna fái í sinn hlut helming af hreinni hjúskapareign beggja hjónanna.

Til vara krefst sóknaraðili þess að fá í sinn hlut við skiptin alla hjúskapareign sína, auk þess íbúð að Stórageröi 16, 4. h. t. v., bifr. EZ-170 auk sanngjarnrar fjárgreiðslu að mati réttarins og alls innbús að Stórageröi 16.

Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila skv. gjaldskrá LMFÍ eða að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla l. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar til greiðsludags.

Varnaraðili, Jósúa Magnússon, kt. 300823-3279, krefst þess, að aðalkröfu sóknaraðila verði hafnað og honum gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar til greiðsludags. Varnaraðili kveðst geta fallist á varakröfu sóknaraðila að frátalinni kröfu um sanngjarna fjárgreiðslu að mati réttarins, en eftir sem áður gegn framangreindri málskostnaðarkröfu.

Sáttaumleitanir hafa orðið án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að aðilar málsins gengu í hjónaband 22. desember 1949. Hjónin slitu samvistir á árinu 1977 eða 1978, og fluttist þá varnaraðili af heimili þeirra að Stórageröi 16. Frá þeim tíma hafa hjónin ekki búið saman. Þau voru þó skráð með sama lögheimili allt fram til 30. júní 1981.

Hinn 28. 7. 1991 var hjónaskilnaðarmál aðilanna fyrst tekið fyrir hjá bæjarþingi Reykjavíkur. Sótti þá konan þing og krafðist skilnaðar vegna langvarandi samvistaslita á grundvelli 35. gr. l. nr. 60/1972. Í næstu fyrirtöku fyrir bæjarþingi 27. ágúst 1991 samþykkti maðurinn skilnaðarkröfuna, en málinu var vísað til dómsmálaráðuneytis og skiptaréttar, þar sem ágreiningur var um skiptingu eigna. Leyfi til lögskilnaðar var veitt 7. 10. 1991.

Sóknaraðili óskaði 2. 9. 1991 eftir, að skiptaréttur Reykjavíkur tæki búið til opinberra skipta. Varnaraðili mótmælti því, þar sem hann taldi, að skipti hefðu þegar farið fram, og var rekið sérstakt skiptaréttarmál, nr. 26/1991, um þann ágreining. Úrskurður skiptaréttar var kveðinn upp 13. 1. 1992,

og sagði í úrskurðarorði: „Krafa sóknaraðila, Erlu Gunnarsdóttur, um, að félagsbúi málsaðila verði skipt opinberum skiptum, er tekin til greina."

Við áframhaldandi meðferð búsins fyrir skiptarétti kom í ljós, að ósættanlegur ágreiningur var milli aðilanna um búskiptin. Því var í þinghaldi 13. maí 1992 ákveðið að reka skiptaréttarmál það, sem hér er til meðferðar.

III.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á helmingaskiptareglunni svokölluðu og krefst þess, að eignir búsins skiptist þannig, að hvort hjóna fái í sinn hlut helming af hreinni hjúskapareign beggja. Sóknaraðili vísar í þessu sambandi til 2. mgr. 18. gr. og 49. gr., sbr. 48. gr., laga nr. 20/1923 auk VII. kafla sömu laga.

Að mati sóknaraðila eru engin sanngirnisrök eða lagagrundvöllur til annars en helmingaskiptareglunni verði beitt við búskiptin. Sóknaraðili telur ljóst, að undantekningarreglu 57. gr. l. 60/1972 verði ekki beitt hér. Í ákvæðinu séu tilgreind tvö meginskilyrði, sem þurfi að vera fullnægt, svo að ákvæðinu verði beitt, þ. e., að annar makinn hafi að mestu leyti komið með eignirnar inn í búið og að beiting helmingaskiptareglunnar sé bersýnilega ósanngjörn. Einnig þurfi að vera þau meginatriði, að hjúskapur hafi staðið skamma stund og að veruleg fjárhagsleg samstaða hafi ekki verið með hjónunum. Það er skoðun sóknaraðila, að engu þessara skilyrða sé hér til að dreifa, og bendir hann á, að aðilar málsins hafi búið saman í hjónabandi í 28 ár, áður en til samvistaslita kom, fjárhagsleg samstaða hafi verið með þeim og að eignir búsins hafi orðið til fyrir tilverknað beggja. Að því er varðar þá eignamyndun, sem varð í búinu frá samvistaslitum til formlegs skilnaðar, telur sóknaraðili, að þær (sic) hafi myndast vegna arðs af þeim eignum, sem um var að ræða við samvistaslitin, og því engan veginn ósanngjarnt að skipta helmingaskiptum.

Sóknaraðili telur, að úrskurður skiptaréttar 13. 1. 1992 staðfesti, að skipti hafi ekki farið fram á búi aðilanna. Óumdeilt sé, að enginn samningur um skilnaðarkjör hafi verið staðfestur fyrir yfirvaldi, og ósannað sé, að nokkur slíkur samningur hafi verið gerður. Samkvæmt 55. gr. laga nr. 60/1972 eigi skipti að fara fram á búi hjóna við skilnað, og eigi sóknaraðili lögvarinn rétt til þess, að skipti fari fram.

Sóknaraðili segir, að varnaraðila hafi verið í lófa lagið að hafa frumkvæði að formlegum skilnaði þeirra, ef hann teldi sig skaðast af drætti á honum.

Sóknaraðili hafnar því, að varnaraðili hafi afhent sér eignir eftir samvistaslitin. Hún hafi aðeins fengið að hafa afnot tiltekinna eigna, þ. á m. íbúðarinnar að Stóragerði, en hún sé þinglýst eign varnaraðila.

Þá mótmælir varnaraðili því, að hún hafi glatað rétti til helmingaskipta fyrir tómlæti.

Varakröfu sína styður sóknaraðili þeim rökum, að eðlilegt sé, að hún fái þær eignir, sem hún hefur haft til afnota undanfarin ár. Að því er varðar sanngjarna fjárgreiðslu að mati réttarins, styður sóknaraðili hana þannig, að sanngjarnt sé, að hún fái fjárgreiðslu úr hendi varnaraðila, þar sem hann hafi haft umráð verulegs hluta eignanna allt frá samvistaslitum og hún því ekki notið þeirra. Einnig hafi varnaraðili skotið sér undan þeirri gagnkvæmu framfærsluskyldu, sem hvíli á hjónum, og þeirri skyldu að deila með maka sínum efnalegum gæðum, en varnaraðili hafi eftir samvistaslitin haft verulega hærri tekjur en sóknaraðili.

IV.

Varnaraðili telur, að hafna eigi kröfu sóknaraðila um helmingaskipti á búinu, og vísar til þeirra sjónarmiða, sem fram koma í reglu 57. gr. laga nr. 60/1972. Þar komi fram sú meginregla, að víkja megi frá helmingaskiptareglunni, ef beiting hennar telst bersýnilega ósanngjörn. Varnaraðili telur aðalkröfu sóknaraðila vera afar ósanngjarna. Við samvistaslitin hafi fjárhagsstaða varnaraðila verið bágborin og hann í raun á barmi gjaldþrots. Síðan þá hafi hann bætt eignastöðu sína, og telur hann, að sóknaraðili eigi ekki tilkall til hlutdeildar í þeim verðmætum, sem hann hefur aflað frá samvistaslitum. Varnaraðili telur, að grunnrök 57. gr. laga nr. 60/1972 eigi hér við samkvæmt rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun, þó að hér sé um að ræða eignir, sem til komu eftir stofnun hjúskaparins. Ekki séu í nefndri grein tæmandi talin þau tilvik, sem heimili beitingu hennar.

Það er mat varnaraðila, að einnig komi fram í 54. gr., að ekki eigi að beita helmingaskiptareglunni, ef beiting hennar telst bersýnilega ósanngjörn. Því telur hann, að hefðu aðilar málsins í júlí 1991 gert samkomulag um helmingaskipti eignanna, hefði mátt fá slíkt samkomulag lýst óskuldbindandi með dómi með vísan til 54. gr. laga nr. 60/1972, þar sem það hefði verið bersýnilega ósanngjarnt.

Varnaraðili telur, þar sem samvistaslitin voru að frumkvæði sóknaraðila, að hún hafi átt að hafa frumkvæði að formlegum skilnaði. Hann telur, að þessi vanræksla sóknaraðila eigi ekki að verða sér til tjóns.

Varnaraðili telur, að við samvistaslitin hafi verið gert munnlegt samkomulag um skiptingu eigna búsins og samkvæmt því samkomulagi hafi sóknaraðili fengið íbúðina að Stórageröi, aðra bifreið búsins auk helmings andvirðis stálgrindahúss. Varnaraðili hafi fengið í sinn hlut tvö fyrirtæki, Bílaskoðun og Ryðvörn, og helming andvirðis stálgrindahúss. Varnaraðili telur, að þetta samkomulag sé sóknaraðila hagstætt, og bendir á, að frá samvistaslitum hafi nýting eignanna verið í samræmi við samkomulag þetta

og þannig hafi sóknaraðili í raun samþykkt það samkomulag með aðgerðaleysi sínu. Varnaraðili telur, að gildur samningur hafi legið fyrir, þótt ekki hafi hann verið staðfestur af yfirvaldi. Samningurinn sé gildur samkvæmt almennum reglum fjármunaréttar, aðeins skorti á staðfestingu yfirvalds, til að hann hafi gildi út á við. Það er mat varnaraðila, að úrskurður skiptaréttar 13. 1. 1992 ákveði aðeins, að búið skuli taka til opinberra skipta, en girði ekki fyrir, að fallist verði á í þessu máli, að bindandi samningur um skiptin hafi komist á.

Varnaraðili kveðst geta fallist á varakröfu sóknaraðila að frátalinni kröfu um fjárgreiðslu. Hann telur, að slík krafa eigi ekki undir skiptarétt og því verði að vísa henni frá réttinum ex officio. Þar fyrir utan sé hér í raun um að ræða kröfu um framfærslueyri, og hún sé of seint fram komin. Kröfu sóknaraðila um virðisaukaskatt á málskostnað mótmælir varnaraðili sem of seint fram kominni.

V.

Mál þetta snýst um, hvort helmingaskiptaregla 18. gr. l. 20/1923 eigi við sem skiptagrundvöllur í máli þessu.

Í úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 13. 1. 1992 var því hafnað, að bindandi samkomulag um eignaskipti vegna skilnaðar hafi komist á milli aðila málsins. Ekki verður því í úrskurði þessum fjallað um það efni.

Helmingaskiptareglan er grunnregla við skipti á búi hjóna við skilnað, og þarf lagaheimild til að víkja frá henni. Í 57. gr. l. 60/1972 er að finna undantekningu frá helmingaskiptareglunni, en samkvæmt henni þarf um tvö skilyrði að vera að ræða, til þess að heimilt sé að beita henni. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á, að eignir búsins hafi aðallega stafað frá öðru hjóna, en varnaraðili kveðst hafa bætt eignastöðu sína mikið frá samvistaslitum og kveður ósanngjarnt, að sóknaraðili fái hlutdeild í þeirri eignaaukningu í krafti helmingaskiptareglunnar. Varnaraðili vill, að reglu 57. gr. verði beitt með rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun um þær eignir, sem komu til, eftir að til hjúskapar var stofnað. Þar sem 57. gr. l. 60/1972 er undantekningarregla frá aðalreglu, verður að skýra hana þröngt, og því verður ekki fallist á það með varnaraðila, að henni megi beita um þær eignir, sem mynduðust, eftir að til hjúskapar var stofnað. Þar sem samkvæmt framansögðu er ekki um að ræða fyrra skilyrðið, sem sett er í 57. gr., er ekki nauðsynlegt að fjalla um hið síðara, þ. e., hvort beiting helmingaskiptareglunnar sé bersýnilega ósanngjörn í þessu máli, þar sem það eitt dugir ekki til, að víkja megi frá helmingaskiptareglunni. Ljóst er, að ákvæði 54. gr. l. 60/1972 um ógildingu samninga um skilnaðarkjör tekur ekki til samninga um helmingaskipti, og er því ekki fallist á það með

varnaraðila, að sú grein feli það í sér, að víkja megi frá helmingaskiptareglunni, ef beiting hennar telst bersýnilega ósanngjörn.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina þá aðalkröfu sóknaraðila, að félagsbúi aðila málsins eigi að skipta helmingaskiptum. Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðila 60.000 kr. í málskostnað með vöxtum, svo sem greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðurinn var kveðinn upp af Eyrúnu Guðmundsdóttur, fulltrúa yfirborgarfógeta.

Úrskurðarorð:

Fallist er á kröfu sóknaraðila, Erlu Gunnarsdóttur, að eignum félagsbús hennar og varnaraðila, Jósúa Magnússonar, eins og þær voru 28. 7. 1991, eigi að skipta helmingaskiptum, þannig, að hvort hjóna fái í sinn hlut helming af hreinni hjúskapareign beggja.

Varnaraðili, Jósúa Magnússon, greiði sóknaraðila í málskostnað 60.000 kr. innan fimmtán daga frá birtingu úrskurðarins, og ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla l. 25/1987 frá 15 degi eftir uppsögu úrskurðarins til greiðsludags.

Fimmtudaginn 8. október 1992.

Nr. 93/1990. **Bæjarsjóður Ísafjarðar**

gegn

Hans W. Haraldssyni.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Gatnagerðargjald. Lögveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1990. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála frá 1. júlí 1992, og hefur það verið skriflega flutt.

Sóknaraðili krefst þess, að fasteignin Urðarvegur 28 á Ísafirði, þinglýst eign varnaraðila, verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar B-gatnagerðargjaldi, á lögðu 1987, og sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar uppboðsréttar, málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Aðilar deila um það, hvort sóknaraðila hafi verið heimilt að leggja svokallað B-gatnagerðargjald á varnaraðila vegna gangstéttar, sem lögð var meðfram lóð hans við Urðarveg 28 á Ísafirði sumarið 1987. Voru þá lagðar gangstéttar við nokkrar götur og heildarkostnaði jafnað niður á eigendur húsa við þær án tillits til kostnaðar af framkvæmdum við hverja götu fyrir sig.

Sóknaraðili byggir álagningu umræddrs gatnagerðargjalds á 3. - 5. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld og samþykkt nr. 381/1987 um B-gatnagerðargjöld fyrir Ísafjarðarkaupstað. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveðsréttur í viðkomandi fasteign samkvæmt 7. gr. laganna. Málsaðila greinir á um ýmis efnisatriði, er varða forsendur gjaldsins og álagningu þess, svo sem skilmerkilega er rakið í hinum kærða úrskurði. Veldur þessi ágreiningur óvissu um réttmæti þeirrar lögveðskröfu, sem uppboðsbeiðni sóknaraðila byggist á. Við svo búið skortir fullnægjandi lagaskilyrði til þess, að áðurnefnd fasteign varnaraðila verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar þessari kröfu samkvæmt e-lið 1. tl. 1. gr. þágildandi laga nr.

57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. nú. 5. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991, sbr. Hrd. 1990, bls. 322 og 329.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Eftir atvikum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 35.000 krónur í kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, bæjarsjóður Ísafjarðar, greiði varnaraðila, Hans W. Haraldssyni, 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Ísafjarðar 14. febrúar 1990.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum aðalflutningi 24. janúar 1990, höfðaði bæjarsjóður Ísafjarðar gegn Hans W. Haraldssyni, kt. 280636-7899, Urðarvegi 28, Ísafirði, með beiðni til uppboðsréttar Ísafjarðar 12. október 1989 um nauðungarsölu á fasteign hans, Urðarvegi 28 á Ísafirði, vegna ógreiddra B-gatnagerðargjalda 1987. Samhliða þessari beiðni var óskað nauðungaruppboðs af sömu ástæðum á fasteignunum Dalbraut 9, þinglesinni eign Kristjáns Friðbjarnarsonar, Heiðarbraut 3, þinglesinni eign Ólafs Friðbjarnarsonar, Heiðarbraut 7, þinglesinni eign Byggingarsjóðs verkamanna, en talinni eign Halldórs Helgasonar, Hjallavegi 8, efri hæð, þinglesinni eign Birgis Valdimarssonar, Urðarvegi 16, þinglesinni eign ríkissjóðs, og Urðarvegi 17, þinglesinni eign Hauks Eggertssonar. Beiðni um uppboð á Urðarvegi 16 var afturkölluð nær samstundis, en beiðni um uppboð á Hjallavegi 8 var afturkölluð 7. nóvember 1989.

Þar sem vitað var, að ágreiningur yrði um þessar uppboðsbeiðnir, ákvað uppboðshaldari að leysa úr honum, áður en til auglýsinga í Lögbirtingablaði kæmi, svo sem þó er venja. Málin voru því öll þingfest með samþykki aðila án undangenginna auglýsinga 24. október 1989. Ákveðið var að reka málin saman, en taka að lokum eitt þeirra til úrskurðar sérstaklega, en fresta öðrum um óákveðinn tíma. Í þinghaldi 24. janúar 1990 varð það mál fyrir valinu, sem hér er fjallað um.

I.

Réttarkröfur uppboðsbeiðanda, bæjarsjóðs Ísafjarðar, eru þær, að fasteignin Urðarvegur 28 á Ísafirði, þinglesin eign Hans W. Haraldssonar, verði

seld á nauðungaruppboði til lúkningar B-gatnagerðargjöldum 1987 ásamt á föllnum dráttarvöxtum, samtals að fjárhæð 64.223 kr., auk kostnaðar og dráttarvaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Réttarkröfur uppboðsþola, Hans W. Haraldssonar, eru þær, að umbeðið uppboð fari eigi fram og sér verði úrskurðuð málsvarnarlaun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

II.

Tildrög mála eru þau, að á árinu 1987 ákvað bæjarstjórn Ísafjarðar að láta leggja gangstéttir á þau svæði í bænum, þar sem slíkt hafði eigi áður verið gert. Vegna þessa gerði bæjarstjórn með heimild í lögum nr. 51/1974 sérstaka samþykkt um B-gatnagerðargjöld fyrir Ísafjarðarkaupstað, og var hún staðfest af félagsmálaráðuneyti 29. júlí 1987 og gefin út sem samþykkt nr. 381/1987. Samþykktin var birt í Stjórnartíðindum, B-41, 20. ágúst 1987.

— — —

IV.

Með 3. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld er sveitarstjórnum veitt heimild til þess að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta. Uppboðsbeiðandi nýtti sér þessa heimild með setningu samþykktar nr. 381/1987 um B-gatnagerðargjöld fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem öðlaðist gildi við birtingu í Stjórnartíðindum 20. ágúst 1987. Álagning þessara gjalda, sem njóta lögveðs í viðkomandi fasteignum samkvæmt 7. gr. laganna, sætir þó ýmsum takmörkunum.

Í fyrsta lagi er heimild til þess að leggja á hin svonefndu B-gatnagerðargjöld bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af viðkomandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a. m. k. að hluta til bundins slitlags, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1974. Ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að þessu lagaskilyrði sé ekki fullnægt í því máli, sem hér er til úrlausnar.

Í öðru lagi verður að athuga, að í 4. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, segir beinlínis, að gjald samkvæmt 3. gr. megi innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar. Þetta ákvæði verður að skýra svo, að ekki sé heimilt að jafna kostnaði við tilteknar framkvæmdir samkvæmt 3. gr.

niður á alla íbúa sveitarfélags, heldur megi einungis innheimta hin sérstöku gjöld af fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar. 1. gr. samþykktar nr. 381/1987, sem heimilar innheimtu B-gatnagerðargjalda af öllum húsum á Ísafirði, hvort sem þau eru á eignar- eða leigulóðum, verður að skilja með hliðsjón af framangreindri takmörkun á 4. gr. laga nr. 51/1974.

Í þriðja lagi má eigi lengri tími vera liðinn en fimm ár, frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð, þar til gjald er lagt á, sbr. 4. gr. laganna, eins og henni var breytt með lögum nr. 31/1975. Ekki skiptir hér máli, þótt hús hafi verið reist fyrir gildistöku laga nr. 51/1974, enda er hin afturvirka álagningarheimild almenn og án annarra takmarkana en í lögunum sjálfum greinir eða leiddar verða af 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þá skiptir ekki heldur máli, þótt samþykktir um B-gatnagerðargjöld séu settar, eftir að framkvæmdir eru hafnar eða eftir að þeim lýkur, en tímamörk miðast við gildistöku samþykkta. Ekki er ágreiningur um, að þær framkvæmdir, sem þetta mál er sprottið af, séu innan þannig settra marka.

Í fjórða lagi mega á lögð B-gatnagerðargjöld ekki nema hærri fjárhæð en meðalkostnaði við framkvæmdir, sbr. 4. gr. laga nr. 51/1974. Þetta ákvæði verður að skýra þannig, að átt sé við meðalkostnað vegna framkvæmda við hlutaðeigandi götu, sbr. og 2. mgr. 6. gr. sömu laga. Við álagninguna verður hins vegar að taka tillit til allra þeirra þátta, sem haft gætu áhrif til lækkunar gjalda einstakra fasteignaeigenda, svo sem óbyggðra lóða eða frestunar innheimtu hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 381/1987. Samkvæmt framburði fjármálastjóra uppboðsbeiðanda fyrir réttinum var ekki gert ráð fyrir tekjum vegna óbyggðra lóða við niðurjöfnun gjalda 1987. Gjöld á óbyggðar lóðir hefði þó mátt áætla miðað við ætlað rúmmál fyrirhugaðra bygginga og fresta gjaldtöku, þar til byggingarleyfi væri gefið út. Þá er ljóst, að ekki er heimilt að gera ráð fyrir öðrum kostnaði en þeim, sem beinlínis leiðir af gangstéttarlagningu. Því verður kostnaður við að bæta úr því, sem vangert kann að hafa verið við undirbyggingu gatna, ekki felldur undir framkvæmdakostnað í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 2. gr. laganna. Í fram lagðri útboðslýsingu segir í lýsingu verksvæða um Heiðarbraut: „Skipta þarf um jarðveg í allri götunni." Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en kostnaður vegna þessa sé inni í þeim heildarkostnaði, sem á lögðum gjöldum er ætlað að mæta, þ. á m. á lögðum gjöldum á eigendur fasteigna við Urðarveg, svo sem uppboðsþola.

Í fimmta lagi skal við ákvörðun B-gatnagerðargjalda miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt, sbr. 5. gr. laga nr. 51/1974. Í 2. gr. samþykktar nr. 381/1987 er kveðið

svo á, að B-gatnagerðargjöld skuli miðast við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra. Þessi álagningarregla verður ekki talin brjóta í bága við 5. gr. laga nr. 51/1974, sbr. dóm Hæstaréttar frá 12. apríl 1984 í máli Vestmannaeyjakaupstaðar gegn Kaupfélagi Vestmannaeyja. Hún er hins vegar háð þeirri takmörkun samkvæmt 4. gr. laganna, að gjaldið má ekki fara fram úr meðalkostnaði við framkvæmdir.

Í sjötta lagi er þess að gæta, að B-gatnagerðargjöld skulu þá fyrst gjaldkræf, þegar lagningu bundins slitlags eða gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974. Samkvæmt 3. gr. samþykktar nr. 381/1987 falla þessi gatnagerðargjöld á Ísafirði í gjalddaga einum mánuði eftir, að framkvæmdum lýkur. Í ákvæði 4. gr. laga nr. 51/1974 felst það, að sérstakt gjald samkvæmt 3. gr. verður ekki lagt á, fyrr en verki er lokið og allur kostnaður liggur fyrir, svo að unnt sé að gæta þess, að á lögð gjöld fari ekki fram úr hámarki samkvæmt lokamálslið 4. gr. Af hálfu uppboðsbeiðanda er fram komið, að þeirri gangstéttarlagningu, sem boðin var út í mars 1987, hafi ekki verið að fullu lokið fyrr en í nóvember s. á. Engu að síður var uppboðsþola fyrst sent kröfubréf 15. september 1987. Ekki verður séð, að lagaskilyrði hafi á þeim tíma verið til álagningar og innheimtu hinna umdeildu gatnagerðargjalda.

Auk þess, sem fram er komið um takmarkanir á álagningu B-gatnagerðargjalda samkvæmt lögum nr. 51/1974, er á það að líta, að uppboðsþola virðist í upphafi ekki hafa verið gerð viðhlítandi grein fyrir forsendum og útreikningi álagningar á hann sérstaklega. Úr þessu hefur ekki verið bætt með nægjanlegri nákvæmni við meðferð málsins, og misræmi er í fram lögðum gögnum um tekjur uppboðsbeiðanda af B-gatnagerðargjöldum árið 1987.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að uppboðsbeiðandi hefur ekki að öllu leyti gætt þeirra sjónarmiða, sem gæta bar við álagningu og innheimtu hins sérstaka gatnagerðargjalds á uppboðsþola. Þótt heildarálagning gjalda hafi ekki farið fram úr raunverulegum kostnaði við gangstéttarlagningu á Ísafirði árið 1987, er skylda uppboðsþola til greiðslu hins umkrafða gatnagerðargjalds ekki svo skýr og ótvíræð, eins og málið liggur fyrir, að beitt verði heimild laga nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks. Verður því að synja um framgang hins umbeðna uppboðs.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að uppboðsbeiðandi greiði uppboðsþola málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 80.000 kr.

Af hálfu lögmanns uppboðsþola hefur þetta mál verið rekið með þeim hætti, að mjög er aðfinnsluvert. Í þinghaldi 7. nóvember 1989 lagði hann fram greinargerð, sem varðaði umfram allt annan gjaldanda en uppboðsþola, auk þess sem frágangi hennar var stórlega ábótavant. Í næsta þinghaldi, 21. nóvember, var eftirfarandi bókað: „Þar sem greinargerð lög-

manns uppboðsþola fullnægir ekki ákvæðum réttarfarslaga, er honum með samþykki uppboðsbeiðanda gefinn kostur á að bæta úr því.“ Lögmaðurinn lagði fram nýja greinargerð 28. nóvember 1989. Frágangur hennar var enn til vansa og tilvísanir í réttarskjöl rangar og ófullnægjandi. Þá er verulegt misræmi milli þeirra sjónarmiða uppboðsþola, sem fram koma í aðilaskýrslu hans, og þeirra málsástæðna og lagaraka, sem lögmaðurinn teflir fram í greinargerð sinni. Allur þessi framgangur brýtur mjög í bága við ákvæði réttarfarslaga um skýran og ótvíræðan málflutning, en hefur þó eftir atvikum eigi verið látinn varða uppboðsþola réttarspjöllum.

Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er um framgang uppboðs á fasteigninni Urðarvegi 28 á Ísafirði.

Uppboðsbeiðandi, bæjarsjóður Ísafjarðar, greiði uppboðsþola, Hans W. Haraldssyni, 80.000 kr. í málskostnað innan fimmtán daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

1569

Fimmtudaginn 8. október 1992.

Nr. 306/1992. **Íslenska umboðssalan hf.**

gegn

Granda hf.

Kærumál. Kyrrsetning. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1992, sem barst réttinum 10. júlí sl. Um kæruheimild vísar hann til 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Verður með málið farið eftir ákvæðum þessara laga, sbr. 1. mgr. 167. gr. laga nr. 90/1991 um meðferð einkamála.

Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. júní 1992 um löghald í eignum sóknaraðila til tryggingar kröfu varnaraðila eftir dómi bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1991, sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar. Einnig eru kærðar ákvarðanir aðalfulltrúa borgarfógetans í Reykjavík í þinghaldi 26. júní sl., annars vegar að synja kröfu sóknaraðila um endurupptöku úrskurðarins, og hins vegar að lýsa yfir löghaldi í eignarhlutum sóknaraðila í Seljavegi 2 og Eyjagötu 9.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður og ákvarðanir fógetans í þinghaldi 26. júní verði úr gildi felld. Hann krefst og málskostnaðar fyrir fógetaréttinum og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili kveður kæruheimild skorta fyrir kröfum sóknaraðila. Hann telur kæruna tilefnislausa og krefst því ríflegs kærumálskostnaðar.

Samkvæmt a- og c-liðum 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 varð kyrrsetningargerð ekki skotið til Hæstaréttar með kæru, og ber að vísa kærunni frá Hæstarétti að þessu leyti.

Synjun fógeta við kröfu gerðarþola um endurupptöku kyrrsetningargerðar var kæranleg samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949. Ekki er sýnt, að skilyrði 2. mgr. 25. gr. laganna hafi

verið uppfyllt, og var fógetanum því rétt að synja kröfu sóknaraðila um að taka kyrrsetningargerðina upp að nýju.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Kæru sóknaraðila á úrskurði 22. júní 1992 og ákvörðun fógeta um löghald 26. sama mánaðar er vísað frá Hæstarétti.

Krafa sóknaraðila um endurupptöku gerðarinnar er ekki tekin til greina.

Sóknaraðili, Íslenska umboðssalan hf., greiði varnaraðila, Granda hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. júní 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 3. júní sl.

Gerðarbeiðandi er Grandi hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði 1, Reykjavík.

Gerðarþoli er Íslenska umboðssalan hf., kt. 600970-0469, Seljavegi 2, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst þess í gerðarbeiðni, dags. 18. maí 1992, að lagt verði löghald á svo mikið af eignum gerðarþola, að nægi til tryggingar fullnustu dómskuld skv. bæjarþingsdóminum nr. 15019/1989, 5.248.960 kr., auk dráttarvaxta til greiðsludags, eins og nánar greinir í löghaldsbeiðni, og málskostnaðar, að fjárhæð 560.000 kr., sem beri dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og nauðungarsölu, ef til kemur.

Gerðarþoli gerir þá kröfu, að synjað verði kröfu gerðarbeiðanda um kyrrsetningu eigna hans og að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða gerðarþola málskostnað með hliðsjón af gjaldskrá LMFÍ samkvæmt ákvæði 1. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936. Þá gerir gerðarþoli þá kröfu, að ef fógeti fellst á kröfu gerðarbeiðanda, verði það skilyrði sett, að hann setji tryggingu fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, að fjárhæð 20.000.000 kr., áður en löghald verður á lagt, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 18/1949.

— — —

Anna M. Karlsdóttir, aðalfulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Krafa gerðarbeiðanda, Granda hf., um löghald í eignum gerðarþola til tryggingar kröfu, að fjárhæð 5.248.960 kr., auk dráttarvaxta frá 15. 12. 1986 til greiðsludags og málskostnaðar, að fjárhæð 560.000 kr., sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. 1. 1991, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og nauðungarsölu, ef til kemur, er tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.

Bókun í fógetarétti Reykjavíkur 26. júní 1992.

Hinn 22. júní sl. var kveðinn upp hér í réttinum úrskurður í máli þessu á þá leið, að löghald það, sem krafist er með gerðarbeiðni, dags. 18. maí sl., skyldi ná fram að ganga.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Valgarð Briem hrl. og krefst löghalds í samræmi við ofangreindan úrskurð, þ. e. fyrir 5.248.960 kr., auk dráttarvaxta frá 15. 12. 1986 til greiðsludags og málskostnaðar, að fjárhæð 560.000 kr., sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. 1. 1991, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og nauðungarsölu, ef til kemur.

Fyrir gerðarþola er mættur Sveinn Snorrason hrl. Hann mótmælir því, að gerðinni verði haldið áfram að sinni, þar sem hann hyggist kæra úrskurð fógetaréttar til Hæstaréttar. Hann mótmælir fjárhæð kröfunnar, sem krafist er löghalds fyrir, telur hana ranga, og einnig óskar hann, að bókað sé, að nú sé liðið nærri hálft annað ár frá útgáfu hæstaréttarstefnu í málinu, og hafi gerðarbeiðandi einnig áfrýjað af sinni hálfu. Kröfu hans um löggeymslu, sem sett hafi verið fram ári eftir uppkvaðningu dóms, hafi verið hafnað af fógetarétti 27. janúar 1992.

Hvorki 6. gr. laga nr. 18/1949 né ákvæði nýju réttarfarslaganna sé beitt vegna mála, sem eru undir áfrýjun, heldur löggeymsluúrræðinu. Þar sem hann hafi ákveðið að kæra úrskurð réttarins frá 27. 6. sl., krefst hann þess, að frestað verði framkvæmd gerðarinnar, þar til að niðurstaða Hæstaréttar liggur fyrir, og vísar í því sambandi til niðurlags 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að löghaldið fari nú fram. Hann telur, að það, sem að framan greinir, sé aðeins lýsing háttvirts andstæðings á því, sem hann hyggist gera, en geti ekki orðið til þess að fresta málinu.

Fógeti ákveður, að gegn mótmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda séu ekki efni til þess, eins og á stendur, að fresta framkvæmd gerðarinnar.

Fógeti skorar á umboðsmann gerðarþola að benda á eignir gerðarþola til löghalds.

Umboðsmaður gerðarþola lýsir nú yfir því í réttinum, að hann muni kæra þessa ákvörðun fógetaréttar. Hann krefst þess, að bókað verði, að hann óski eftir endurriti bókunar í dag, þar sem hann hyggist leggja fram kæru mánudaginn 29. 6. 1992.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola í Seljavegi 2 og eignarhluta gerðarþola í Eyjagötu 9.

Föstudaginn 9. október 1992.

Nr. 345/1988. **Ólafur Ragnarsson**

gegn

Brunabótafélagi Íslands,
Fjárfestingarfélagi Íslands hf.,
Heildversluninni Vöku hf.,
Hjalta Steinþórssyni,
Hveragerðisbæ,
Höfðadekki hf.,
Kaupþingi hf.,
Mávanesi hf. og
Ævari Axelssyni.

Kærumál. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1988. Það var þingfest 2. desember það ár, en síðan tekið fyrir á þremur dómþingum, síðast í október 1989 og þá frestað til flutnings. Hæstarétti barst á sínum tíma bréf, undirritað af sóknaraðila og Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. allra varnaraðila. Bréf þetta er dagsett 16. janúar 1991, og er meginmál þess þannig: „Aðilar málsins eru sammála um að biðja Hæstarétt um að fresta flutningi ofangreinds máls um ótiltekinn tíma, þar sem aðilar eiga í viðræðum um lausn á ágreiningsefninu með sérstöku samkomulagi. - Þetta tilkynnist yður hér með." Eftir þetta var málið ekki tekið fyrir á dómþingi fyrr en við uppsögu dóms þessa. Hinn 1. júlí sl. gengu í gildi nýjar réttarfarsreglur, og samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu hefur verið farið með málið sem kærumál eftir þann dag.

Fram er komin greinargerð lögmanns sóknaraðila, dagsett 28. fyrra mánaðar. Þar er þess krafist aðallega að hinum kærða úrskurði verði hrundið og „málinu verði vísað heim til löglegrar meðferðar, en til vara og verði eigi fallist á aðalkröfur kæranda um heimvísun málsins, verði synjað um framgang hins kærða

nauðungaruppboðs að öllu leyti og nauðungaruppboðið úr gildi fellt og ómerkt". Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Verðbréfasjóðurinn hf. var aðili máls þessa í héraði. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, hefur sjóðurinn framselt Fjárfestingarfélagi Íslands hf. þau 13 veðskuldabréf, sem sjóðurinn byggði á kröfur sínar. Hefur félagið tekið við aðild málsins skv. 53. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 22. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 1. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Fyrsta uppboð á Austurmörk 24 í Hveragerði fór fram 14. janúar 1988. Ekki eru haldbær rök til að hnekkja því uppboði.

Málið var tekið fyrir í uppboðsrétti 16., 17. og 24. febrúar, 7., 14., 28. og 30. mars, 15. apríl, 12. og 23. ágúst, 5. september og 30. september 1988. Á öllum þessum dómþingum var uppboðsþolinn, Ólafur Ragnarsson, nema 17. febrúar og 30. september, en á þeim þingum kvað héraðsdómari upp úrskurði, og var þá enginn af hálfu aðila uppboðs viðstaddur.

Engin efni eru til að telja, að undirbúningur uppboðsmeðferðar hafi verið með þeim hætti, að annmarkar séu á, að henni verði fram haldið.

Sóknaraðili telur, að uppboðsheimildir nái aðeins til lóðarinnar Austurmarkar 24 í Hveragerðisbæ, en ekki til bygginga, sem þar hafa verið reistar. Í veðskuldabréfum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, segir, að lóðin sé veðsett „ásamt öllum þeim mannvirkjum, sem lóðinni tilheyra". Verður því ekki orðið við kröfum sóknaraðila á grundvelli þessarar málsástæðu.

Að þessu athuguðu verður hið umdeilda uppboð heimilað.

Málskostnaðarákvæði hins kærða úrskurðar er staðfest. Sóknaraðili greiði kærumálskostnað, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ólafur Ragnarsson, greiði varnaraðilum, Brunabótafélagi Íslands, Fjárfestingarfélagi Íslands hf., Heild-

versluninni Vöku hf., Hjalta Steinþórssyni, Hverageröisbæ, Höfðadekki hf., Mávanesi hf. og Ævari Axelssyni, 50.000 krónur samtals í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Árnessýslu 30. september 1988.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 5. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili málsins, Ólafur Ragnarsson, gerir þá kröfu, að synjað verði um framgang nauðungaruppboðs á fasteigninni Austurmörk 24, Hveragerði. Við munnlegan flutning málsins gerði sóknaraðili kröfu um, að varnaraðilar yrðu dæmdir til að greiða sér málskostnað að skaðlausu, en þeirri kröfu mótmæltu varnaraðilar sem of seint fram kominni.

Varnaraðili, Verðbréfasjóðurinn hf., gerir þá kröfu, að annað og síðara nauðungaruppboð á fasteigninni Austurmörk 24, Hveragerði, nái fram að ganga. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu réttarfarssektar.

Af hálfu varnaraðila Hjalta Steinþórssonar, Mávaness hf., Brunabótafélags Íslands, Hverageröisbæjar, Ævars Axelssonar, Höfðadekks hf., Heildverslunarinnar Vöku hf. og Kaupþings hf. verður ekki séð, að gerðar séu kröfur í þessum þætti uppboðsins.

II.

Uppboðshaldaranum í Árnessýslu bárust á árinu 1987 þrjár beiðnir um nauðungaruppboð á fasteigninni Austurmörk 24 í Hveragerði, eign sóknaraðila máls þessa.

Málið var tekið fyrir á dómþingi uppboðsréttar 14. desember 1987. Sótt var þing af hálfu uppboðsbeiðenda, en ekki af hálfu uppboðsþola. Var málinu frestað til 14. janúar 1988. Á dómþingi þann dag fór fyrsta sala á eigninni fram. Sótt var þing af hálfu uppboðsbeiðenda, en ekki af hálfu uppboðsþola. Er þá m. a. bókað í þingbók: „Stefán Á. Þórðarson bað um aðra sölu ..... Var ákveðið, að annað og síðara uppboð skyldi fara fram fimmtudaginn 16. febrúar 1988 .....“ Við fyrirtöku málsins þann dag sótti uppboðsþoli þing og mótmælti framgangi hins umbeðna uppboðs. Var ákveðið að reka sérstakt uppboðsréttarmál um fram komin mótmæli uppboðsþola. Lögðu aðilar fram greinargerðir sínar í því máli og hugðust síðan flytja það munnlega 15. apríl sl. Þann dag er hins vegar bókað m. a. í þingbók: „ ..... Af hálfu sóknaraðila (uppboðsþola) sótti þing Ólafur

Ragnarsson hrl. Af hálfu varnaraðila (uppboðsbeiðenda) sótti þing Sigurður G. Guðjónsson hrl. Samkomulag er um það með aðilum máls þessa, að önnur sala á fasteigninni Austurmörk 24, Hveragerði, fari fram þriðjudaginn 2. ágúst 1988 kl. 14.00. ....."

Í samræmi við framangreint samkomulag aðila auglýsti uppboðshaldari söluþing, sem þó skyldi háð föstudaginn 12. ágúst 1988. Var uppboðsmálið tekið fyrir þann dag. Af hálfu uppboðsþola var sótt þing og skrifleg mótmæli við framgangi uppboðsins lögð fram. Af hálfu uppboðsbeiðenda var þess hins vegar krafist, að umbeðið uppboð næði fram að ganga. Ákvað uppboðshaldari, að um ágreiningsefni það, sem upp var komið, skyldi rekið sérstakt uppboðsréttarmál. Að lokinni gagnaöflun var málið munnlega flutt og það síðan tekið til úrskurðar 5. þ. m., eins og áður greinir.

III.

Uppboðsþoli, sem er sóknaraðili máls þessa, krefst þess, að synjað verði um framgang nauðungarsölu á fasteigninni nr. 24 við Austurmörk í Hveragerði. Styður hann þessa kröfu sína m. a. þeim rökum, að verulegir gallar séu á meðferð málsins hjá uppboðshaldara. Bendir hann á í því sambandi, að uppboðshaldari hafi þrívegis auglýst nauðungaruppboð á umræddri fasteign í Lögbirtingablaðinu á tímabilinu frá 30. október til 20. nóvember 1987 og í öllum þeim auglýsingum sé Skemmtigarðurinn sf. sagður eigandi fasteignarinnar. Þá heldur sóknaraðili því fram, að uppboðshaldari hafi ekki tilkynnt sér um uppboðið með ábyrgðarbréfi eða öðrum tryggum hætti, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57, 1949. Tekur sóknaraðili sérstaklega fram, að tilkynning um uppboðsþing 12. ágúst sl. hafi verið ófullnægjandi.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að með áðurgreindu samkomulagi í uppboðsrétti 15. apríl 1988 hafi hann með engu móti fallið frá þeim málsástæðum sínum, er lúta að meðferð málsins hjá uppboðshaldara, og séu þær nú ítrekaðar.

Kröfu sína um synjun á framgangi hins umbeðna uppboðs styður sóknaraðili enn fremur eftirfarandi rökum:

1. Krafist sé uppboðs á eignarlóð sóknaraðila ásamt húsi því, er hann hefur reist á lóðinni. Umrædd bygging geti ekki fallið undir uppboðsandlagið. Svokölluð viðskeyting eigi ekki við í máli þessu. Þegar uppboðsheimildin (skuldabréf Verðbréfasjóðsins hf.) hafi orðið til, hafi engar fyrirætlanir verið um byggingar á lóðinni Austurmörk 24 og síst af öllu, að byggt yrði yfir hana alla. Aðstæður allar í máli þessu séu þess eðlis, að fráleitt sé að gera ráð fyrir því, að nánar tilgreint ákvæði uppboðsheimildar verði skýrt þannig, að byggingin falli undir umrætt samningsveð, enda um að ræða staðlað smáletursákvæði, sem skýra verði þröngt.

2. Umrædd bygging standi á lóðunum Austurmörk 24 og Austurmörk

22 A. Gefin hafi verið út stefna, þar sem sóknaraðili krefjist dómsviðurkenningar á einkaafnotarétti að allri lóðinni Austurmörk 22 A. Uppboðsmálið verði að bíða, þar til er dómur hafi gengið um stefnukröfur sóknaraðila. Endanlegur dómur í málinu um Austurmörk 22 A geti hugsanlega leitt til þess, að lóðarhafar, Hveragerðisbær og Bragi Einarsson, geti krafist þess, að sóknaraðili fjarlægi hluta byggingarinnar eða að þeir öðlist eignareða umráðarétt yfir hlutanum. Fyrr verði ekki ljóst, hvernig eignarrétti að lóðinni Austurmörk 22 A sé háttað, og þar með, hver sé eigandi uppboðsandlagsins. Bendir sóknaraðili á frestunarheimildir dómara í 2. mgr. 117. gr., sbr. 238. gr. einkamálalaga.

3. Verðbréfasjóðurinn hf. sé ekki réttur aðili að málinu. Heldur sóknaraðili því fram, að Fjárfestingarfélag Íslands hf. sé eigandi uppboðsheimildanna.

4. Sóknaraðili telur kaup Verðbréfasjóðsins hf. á umræddum skuldabréfum vera refsiverð, þar sem með þeim hafi verið brotin svonefnd okurlög nr. 58 frá 1960. Þar sem ljóst sé, að endurgreiðsla á skuldabréfunum kunni að lenda á sóknaraðila sem veðeiganda, hafi hann skýra hagsmuni af því, að lögmæti ofangreindra viðskipta verði kannað og þá sérstaklega varðandi oftekna vexti, því að uppboðskrafan lækki að sama skapi. Af þessu sé ljóst, að uppboðskrafan sé svo óljós, að því er upphæð varði, að hún geti ekki orðið grundvöllur fyrir uppboðsheimild.

IV.

Varnaraðili, Verðbréfasjóðurinn hf., krefst þess, að hið umbeðna uppboð nái fram að ganga. Styður hann þá kröfu sína m. a. þeim rökum, að með samkomulagi sóknaraðila og Sigurðar G. Guðjónssonar í uppboðsrétti 15. apríl 1988, sem áður er getið, hafi sóknaraðili fallið frá öllum mótmælum sínum, er lúti að grundvelli uppboðsmálsins og meðferð þess hjá uppboðshaldara, fram að þinghaldi þann dag. Þá mótmælir varnaraðili því, að formgalli hafi verið á tilkynningu um uppboðsþing 12. ágúst sl. Fram komi í mótmælum sóknaraðila, að tilkynning um uppboðið hafi verið send að Klapparási 6, Reykjavík, og að sóknaraðili hafi verið fluttur þaðan. Honum hafi engu að síður borist tilkynningin í hendur, og hafi því ákvæðum 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57, 1949, sbr. 4. gr. laga nr. 12, 1987, verið fullnægt.

Verði ekki fallist á, að sóknaraðili hafi fallið frá frekari mótmælum gegn grundvelli uppboðsins á dómþingi 15. apríl 1988, kveðst varnaraðili byggja á eftirfarandi:

1. Í texta þeirra veðskuldabréfa, sem uppboðsbeiðnir varnaraðila eru grundvallaðar á, segi svo: „A. Fasteign: Lóðin nr. 24 v/Austurmörk 24, Hveragerði, Árnessýslu, sem afmarkast að norðan af Austurmörk, að

austan af Grænumörk, að sunnan af Sunnumörk og að vestan af lóðarmörkunum nr. 20 og 22 að Austurmörk, ásamt öllum þeim mannvirkjum, sem lóðinni tilheyra.“ Komi þannig skýrt fram í veðskuldabréfunum, að lóðin Austurmörk 24, Hverageröi, auk allra mannvirkja, sem fylgja lóðinni hverju sinni, sé veðsett kröfuhafa. Sé sú skýring í fullu samræmi við viðurkennda skilgreiningu lögfræðinnar á hugtakinu fasteign.

2. Þeirri kröfu sóknaraðila, að uppboðsmálinu verði frestað, þar til að niðurstaða fáist í dómsmáli um afnot lóðarinnar nr. 22 A við Austurmörk, er mótmælt. Samkvæmt texta veðskuldabréfanna, sem varnaraðili reisir kröfur sínar á, sé skýrt fram tekið, til hvaða verðmæta veðið nái, og enda þótt talið yrði, að mannvirki á lóðinni Austurmörk 24 skagi að litlum hluta inn á lóðina Austurmörk 22 A, þá sé ekki rétt að fresta nauðungaruppboði vegna þessa, enda óeðlilegt, að sóknaraðili geti frestað uppboði á eign sinni um langan tíma með því að færa mannvirki að litlum hluta yfir mörk lóðar sinnar.

3. Þá er mótmælt þeirri málsástæðu sóknaraðila, að veðskuldabréf varnaraðila séu ekki viðskiptabréf. Umrædd bréf fullnægi öllum skilyrðum þar að lútandi. Þá verði þeirri málsástæðu, að vextir hafi verið ofteknir, ekki haldið fram gegn varnaraðila í máli þessu samkvæmt reglum um viðskiptabréf, sbr. og meginreglur XVII. kafla laga nr. 85, 1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57, 1949.

4. Loks mótmælir varnaraðili því, að um aðildarskort af sinni hálfu sé að ræða. Samkvæmt skýrum framsalsáritunum á bréfin sjálf sé varnaraðili löglegur eigandi umræddra skuldabréfa.

Varnaraðili kveðst gera þá kröfu, að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu réttarfarssektar skv. 2. og 3. tl. 188. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 4. gr. laga nr. 57, 1949. Styðjist sú krafa við þau rök, að með máli þessu sé sóknaraðili að hindra enn einu sinni, að lánardrottnar hans fái greiðslu á kröfum sínum, sem tryggðar séu með veði í eignum hans.

V.

Sóknaraðili (uppboðsþoli) máls þessa reisir kröfu sína um synjun á framgangi umbeðins uppboðs m. a. á því, að við meðferð uppboðsmálsins hafi ekki verið fullnægt ákvæðum 22. gr. laga nr. 57, 1949, sbr. 4. gr. laga nr. 12, 1987, að því er varðar auglýsingar um uppboðið og sérstakar tilkynningar um það til uppboðsþola.

Af gögnum málsins verður ráðið, að sá galli er á uppboðsauglýsingum fram að auglýsingu um uppboðsþing 12. ágúst 1988, að tilgreining uppboðsþola er röng. Þá bera skjöl málsins það eigi með sér, að uppboðshaldari hafi tilkynnt sóknaraðila um fyrirtökur í málinu með ábyrgðarbréfi eða öðrum tryggum hætti, svo sem boðið er í 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57, 1949, og eftir atvikum 29. gr. sömu laga.

Það er hins vegar álit réttarins, að með samkomulagi sóknaraðila og Sigurðar G. Guðjónssonar hrl. f. h. Verðbréfasjóðsins hf. í uppboðsrétti 15. apríl 1988 hafi sóknaraðili með formlegum hætti fallið frá þeim mótmælum sínum, er lúta að meðferð málsins hjá uppboðshaldara, fram að þinghaldi 12. ágúst sl., en þá var málið tekið fyrir að nýju. Auglýsing um fyrirtöku málsins þá fullnægir ákvæðum uppboðslaga, og sóknaraðili, sem er hæstaréttarlögmaður, sótti uppboðsþing þann dag. Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, og gegn mótmælum varnaraðila, Verðbréfasjóðsins hf., verður eigi synjað um framgang uppboðsins vegna framangreindra annmarka á almennum og sérstökum tilkynningum um það eftir uppboðslögum, enda verður eigi séð, að sóknaraðili hafi orðið fyrir réttarspjöllum af þessum sökum.

Varnaraðili, Verðbréfasjóðurinn hf., styður kröfu sína um nauðungaruppboð á umræddri fasteign við þrettán veðskuldabréf. Varnir þær, sem sóknaraðili styðst við í máli þessu og lúta að gildi skuldabréfanna sem uppboðsheimilda, eru óljósar og fá auk þess með engu móti komist að í uppboðsmáli þessu samkvæmt sérreglum XVII. kafla laga nr. 85, 1936, sem ekki verður hjá komist, að gildi einnig um meðferð mála í uppboðsrétti, sbr. 4. gr. laga nr. 57, 1949.

Verðbréfasjóðurinn hf. er lögmætur eigandi að framangreindum veðskuldabréfum samkvæmt ótvíræðum framsalsáritunum á bréfin sjálf. Krafa sóknaraðila um synjun á framgangi uppboðsins, byggð á aðildarskorti Verðbréfasjóðsins hf., fær því engan veginn staðist.

Þá þykir ekki fært að sinna fram kominni kröfu sóknaraðila um, að uppboðsmálinu verði slegið á frest, þar til að úrslit í almennu einkamáli sóknaraðila, er að framan getur, liggja fyrir.

Það er því niðurstaða máls þessa, að hið umbeðna uppboð skal ná fram að ganga.

Í lögfræði gildir sú meginregla, að veðréttindi ná til hvers konar verðhækkunar, sem verður á hinni veðbundnu eign. Í samræmi við þessa meginreglu er litið svo á, að veðréttindi yfir lóð eða landi taki einnig til mannvirkja, sem reist hafa verið síðar. Samkvæmt þessu lítur rétturinn svo á, að umbeðið uppboð nái ekki eingöngu til umræddrar lóðar nr. 24 við Austurmörk í Hveragerði, heldur og til þeirra mannvirkja, sem eru varanlega við hana skeytt. Er sú niðurstaða og í samræmi við ákvæði í veðskuldabréfum Verðbréfasjóðsins hf.

Eigi þykja efni til að dæma sóknaraðila til greiðslu réttarfarssektar, svo sem krafist hefur verið.

Svo sem kröfugerð varnaraðila hér fyrir dómi er háttað og eftir framangreindum málsúrslitum, verður sóknaraðili dæmdur til að greiða Verðbréfasjóðnum hf. málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 30.000 krónur.

Úrskurð þennan kvað upp Þorgeir Ingi Njálsson dómarafulltrúi. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist sökum mikilla embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna uppboð skal ná fram að ganga.

Sóknaraðili, Ólafur Ragnarsson, greiði Verðbréfasjóðnum hf. 30.000 krónur í málskostnað innan fimmtán daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. október 1992.

Nr. 326/1990. **Þrotabú Jóns Friðrikssonar vegna Gellis sf.**

gegn

Búnaðarbanka Íslands.

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstarétardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hann settur inn í umráð 47 hlutabréfa þrotabúsins í Sæplasti hf., að nafnverði 3.728.000 krónur, sem eru í vörslum ábyrgðardeildar varnaraðila að Austurstræti 7 í Reykjavík. Hann krefst og málskostnaðar fyrir fógetarétti og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með aðilum er uppi ágreiningur um efnislegan rétt yfir hlutabréfum þeim, sem krafist er innsetningar í, og var eigi á valdi fógeta að taka afstöðu til hans. Var af þeirri ástæðu rétt að synja um hina umbeðnu innsetningargerð.

Samkvæmt því verður niðurstaða fógetaréttar staðfest svo og ákvörðun hans um málskostnað.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. september 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. ágúst sl.

Gerðarbeiðandi er þrotabú Jóns Friðrikssonar, kt. 121244-3149, v/Gellis sf., kt. 521266-0159, Seltjarnarnesi.

Gerðarþoli er Búnaðarbanki Íslands, Austurstræti 7, Reykjavík.

Krafa gerðarbeiðanda er sú, að 47 hlutabréf í Sæplasti hf., að nafnvirði 3.728.000 kr., verði tekin úr vörslu gerðarþola og fengin sér. Gerðin fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola. Þá er krafist málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að synjað verði um gerðina. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins, þar með talinna dráttarvaxta og virðisaukaskatts.

II.

Málavextir eru þessir helstir: Með yfirlýsingu gerðarþola, dags. 10. mars 1988, móttók hann 47 hlutabréf í Sæplasti hf., að nafnverði 3.728.000 kr., til tryggingar skuldbindingum Jóns Friðrikssonar og Gellis sf. Í yfirlýsingu þessari segir, að hlutabréfin séu móttekin, þar til að frekari tryggingar hafi verið lagðar fram. Hinn 23. maí 1989 ritaði gerðarþoli stjórn Sæplasts hf. bréf og skýrir henni frá því, að umrædd hlutabréf hafi verið veðsett sér. Jafnframt var óskað eftir samþykki stjórnar Sæplasts hf. til veðsetningarinnar, en samkvæmt samþykktum félagsins var óheimilt að veðsetja hlutabréf í félaginu án samþykkis stjórnar. Gerðarþoli leitaði eftir slíku samþykki, en var synjað, sbr. bréf stjórnar Sæplasts hf., dags. 19. júní 1989. Í bréfinu eru ástæður til synjunar stjórnarinnar gefnar þær, að staðið hafi til að gefa öll viðskipti með hlutabréf í félaginu frjáls. „Þykir rétt, að eitt gangi yfir alla í þeim efnum," segir í niðurlagi bréfsins.

Bú Jóns Friðrikssonar var tekið til gjaldþrotaskipta 24. janúar 1990, eftir því sem fram kemur í gögnum gerðarþola. Gerðarbeiðandi fór þess á leit við gerðarþola með bréfi, dags. 29. mars 1990, að fá hlutabréfin afhent, þar sem handveðið væri ógilt vegna vöntunar á samþykki stjórnar Sæplasts hf. Við því var ekki orðið af hálfu gerðarþola.

Í málinu hefur verið lögð fram yfirlýsing Jóns Friðrikssonar, dags. 25. júlí 1988, þess efnis, að hann skuldbindi sig til að afhenda lögmanni systur sinnar, Erni Clausen hrl., til geymslu hlutabréf sín í Sæplasti hf., þegar eða ef hann taki þau úr vörslu gerðarþola. Þá sé sér óheimilt að taka bréfin út úr bankanum án þess að afhenda lögmanninum þau. Á sama hátt sé sér óheimilt að selja bréfin án samþykkis systur sinnar eða lögmanns hennar, enda skuli andvirðinu varið til að aflétta veði, sem hún hafi heimilað, að hvíldi á ákveðinni fasteign.

Á aðalfundi Sæplasts hf., sem haldinn var 5. júlí sl., var ákveðið að auka hlutafé félagsins með útgáfu jöfnunarhlutabréfa svo og útgáfu nýrra hlutabréfa. Jafnframt var samþykktum félagsins breytt á þann veg, að „framvegis verða engar viðskiptahömlur lagðar á meðferð hlutabréfa í félaginu milli íslenskra aðila og forkaupsréttarákvæði félagsins og hluthafa afnumin," eins og segir í bréfi framkvæmdastjóra Sæplasts hf., dags. 6. júlí 1990, til Hlutafélagaskrár.

Í gerðarbeiðni byggir gerðarbeiðandi algerlega á því, að umrædd hlutabréf hafi verið handveðsett gerðarþola. Samkvæmt samþykktum Sæplasts hf. hafi verið óheimilt að veðsetja hlutabréf í félaginu án samþykkis stjórnar þess. Gerðarþoli hafi leitað eftir slíku samþykki, en fengið synjun. Því sé réttur hans til hlutabréfanna ótvíræður.

Við munnlegan málflutning rökstuddi gerðarþoli kröfu sína um synjun gerðarinnar með því, að mál þetta ætti ekki undir fógetarétt. Ef ekki væri á það fallist, væri gerðarþola óheimilt að afhenda hlutabréfin vegna yfirlýsingar Jóns Friðrikssonar frá 25. júlí 1988. Vísar gerðarþoli máli sínu til stuðnings á 22. gr. laga nr. 28/1976, 2. mgr. 24. gr. og 57. gr. laga nr. 6/1978, auk þess sem hann vísar til laga nr. 32/1978.

III.

Niðurstaða.

Samkvæmt yfirlýsingu gerðarþola, dags. 10. mars 1988, móttók gerðarþoli 47 hlutabréf í Sæplasti hf. til tryggingar skuldbindingum Jóns Friðrikssonar og Gellis sf., þar til er frekari tryggingar væru lagðar fram, eins og segir í yfirlýsingunni. Í yfirlýsingu þessari segir ekki, hver sé eigandi hlutabréfanna, og ekki er það berum orðum sagt í gerðarbeiðni. Bú Jóns Friðrikssonar mun hafa verið úrskurðað gjaldþrota, og krefst nú skiptastjóri afhendingar hlutabréfanna „f. h. þb. Jóns Friðrikssonar v/Gellis sf.", eins og segir í gerðarbeiðni.

Í málinu liggur frammi sýnishorn hlutabréfa í Sæplasti hf. Samkvæmt því er skráð á bakhlið hlutabréfa í félaginu útdráttur úr samþykktum þess. Þar á meðal er 9. gr. samþykktanna, þar sem segir, að óheimilt sé að veðsetja hlutabréf í félaginu án samþykkis stjórnar þess. Þar sem slíkt samþykki lá ekki fyrir, verður að álykta, að við móttöku gerðarþola á umræddum hlutabréfum 10. mars 1988 hafi ekki stofnast gildur handveðsréttur honum til handa. Beiðni gerðarþola til stjórnar Sæplasts hf. um samþykki til veðsetningarinnar var síðan hafnað 23. maí 1989. Á aðalfundi Sæplasts hf. 5. júlí 1990 var hins vegar gerð m. a. sú breyting á samþykktum félagsins, að afnumdar voru allar viðskiptahömlur á meðferð hlutabréfa í félaginu milli íslenskra aðila, auk þess sem forkaupsréttarákvæði félagsins og hluthafa voru afnumin. Með þessari breytingu á samþykktum félagsins telst

hafa verið rutt úr vegi þeirri hindrun, að til fullgilds handveðs hafi ekki mátt stofnast í umræddum hlutabréfum til handa gerðarþola án samþykkis stjórnarinnar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir gerðarbeiðandi ekki hafa sýnt fram á, að réttur hans til að fá umrædd hlutabréf afhent sér með beinni fógetagerð sé skýr, og ber því að hafna kröfu hans.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað, sem hæfilegur þykir 45.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda, þb. Jóns Friðrikssonar v/Gellis sf., að 47 hlutabréf í Sæplasti hf. verði tekin úr vörslu gerðarþola, Búnaðarbanka Íslands, er hafnað.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 45.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðarins.

Föstudaginn 9. október 1992.

Nr. 427/1990. **Matthías Einarsson,**
Ingibjörg Matthíasdóttir og
Ragnhildur Matthíasdóttir
gegn
Bæjarsjóði Keflavíkur,
Arnmundi Backman,
A. G. Broone Camp. Inc.,
Brynjólfi Kjartanssyni,
Flugleiðum hf.,
Gjaldheimtunni í Garðabæ,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Helga Aðalsteinssyni,
Helgu Rósantsson,
Hf. Eimskipafélagi Íslands,
Íslandsbanka hf.,
Jónasi Björnssyni,
Landsbanka Íslands,
Matthíasi Matthíassyni,
Pétri Péturssyni,
Póst- og símamálastofnun,
Prentsmiðjunni Odda hf.,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Skuldaskilum hf.,
Sparkassen SDS.,
tollstjóranum í Reykjavík,
Útilífi hf.,
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.,
Þorbirni Einarssyni,
þrotabúi Kaupfélags Berufjarðar og
þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1990. Áfrýjað er þriðja og síðasta uppboði á 75% af eignarhluta á annarri hæð í húsinu nr. 17 við Laufásveg í Reykjavík, þinglesinni eign sóknaraðila. Undanskilin er tveggja herbergja íbúð á sömu hæð. Uppboðið fór fram í uppboðsrétti Reykjavíkur 6. júlí 1990. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992, og er það skriflega flutt.

Í Hæstarétti hafa áður verið kveðnir upp dómar í uppboðsmálinu 11. apríl 1989 og 8. júní 1990.

Fjárfestingarfélagið Skandia hf. hefur vegna yfirtöku á rekstri Verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins hf. gerst aðili að málinu í hans stað.

Sóknaraðilar krefjast þess, að framangreint uppboð verði dæmt ógilt og „uppboðið fellt úr gildi í heild sinni". Krafist er óskipt kærumálskostnaðar úr hendi þeirra varnaraðila, sem kröfur gera fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilarnir bæjarsjóður Keflavíkur, Arnmundur Backman, Fjárfestingarfélagið Skandia hf., Gjaldheimtan í Reykjavík, Helga Rósantsson, Landsbanki Íslands, Matthías Matthíasson, Pétur Pétursson, tollstjórinn í Reykjavík, Þorbjörn Einarsson og þrotabú Verslunarinnar Víðis sf. krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs. Þessir varnaraðilar, að frátöldum Helgu, Matthíasi og Pétri, krefjast kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Varnaraðilarnir bæjarsjóður Keflavíkur og Þorbjörn Einarsson krefjast kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðila og lögmanns þeirra, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns.

Af hálfu varnaraðilans Íslandsbanka hf. er því lýst yfir, að hvorki séu gerðar kröfur né hafðar uppi varnir í málinu, þar sem uppboðskröfur hans séu að fullu greiddar.

Af hálfu annarra varnaraðila en að framan eru taldir hafa ekki borist greinargerðir í kærumálinu.

Eftir að annað og síðara uppboð á framangreindri eign fór fram 17. apríl 1990, var óskað þriðja og síðasta uppboðs á eigninni. Ákveðið var, að það færi fram 9. maí sama ár. Með úrskurði uppboðsréttar, er kveðinn var upp þann dag, var þriðja og síðasta uppboð fellt niður ex officio vegna mistaka við birtingu tilkynningar

til eins sóknaraðila. Þessi úrskurður var kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm í kærumálinu 8. júní 1990, sbr. Hrd. 1990, bls. 836. Með dómi þessum var lagt fyrir uppboðshaldara að boða að nýju þriðja og síðasta uppboð.

Sóknaraðilar reisa kröfur sínar á því, að samkvæmt forsendum í nefndum dómi Hæstaréttar hefði þriðja og síðasta uppboð átt að fara fram innan fjögurra vikna frá fyrr auglýstum uppboðsdegi 9. maí 1990. Uppboðið hafi hins vegar ekki farið fram fyrr en 6. júlí, er rúmlega átta vikur voru liðnar. Það sé því ljóst, að hið kærða uppboð hafi ekki farið fram í tæka tíð.

Þeir varnaraðilar, sem kröfur gera í málinu og halda uppi vörnum, reisa kröfur sínar á því, að túlkun sóknaraðila á fyrrnefndum dómi Hæstaréttar sé fjarstæð. Fjórar vikur frá fyrr auglýstum uppboðsdegi 9. mai hafi verið liðnar, áður en dómur Hæstaréttar var kveðinn upp. Augljóst sé, að fjögurra vikna frestinn beri að reikna frá uppsögudegi dómsins.

Í niðurlagi forsendna dóms Hæstaréttar, sem lögmaður sóknaraðila vitnar til, var kveðið á um það, hvernig uppboðshaldari átti að bregðast við vegna mistaka, sem urðu við birtingu fyrri tilkynningar til eins af sóknaraðilum um þriðja og síðasta uppboð á umræddri eign, en ekki um málsmeðferð hans eftir uppkvaðningu dómsins. Sú ályktun, sem lögmaður sóknaraðila dregur af dóminum og er eina málsástæða hans í kærumáli þessu, er því út í hött. Samkvæmt því ber að staðfesta hið kærða uppboð.

Uppboðsmál þetta hófst 27. febrúar 1985. Það hefur því verið að hrekjast fyrir dómstólum á áttunda ár. Lögmaður sóknaraðila, Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður, gætti upphaflega hagsmuna varnaraðilanna Helgu Rósantsson og Péturs Péturssonar samkvæmt þrem uppboðsbeiðnum frá 28. nóvember 1984, en tók síðar að sér rekstur málsins fyrir sóknaraðila. Er ámælisvert, að lögmaður taki að sér með þeim hætti málflutningsstörf í einu og sama dómsmáli, og framganga hans nú í málinu hefur bersýnilega beinst að því að torvelda eðlilegan rekstur þess. Hefur hann með þessu stuðlað að því, að málalok drægjust svo óhæfilega á langinn sem raun ber vitni. Ber að víta þessi vinnubrögð.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðilunum bæjarsjóði Keflavíkur, Arnmundi Backman, Fjárfestingarfélaginu Skandia

hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Þorbirni Einarssyni og þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf. kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Þriðja og síðasta uppboð á 75% af eignarhluta á annarri hæð hússins nr. 17 við Laufásveg í Reykjavík, að undanskilinni tveggja herbergja íbúð á sömu hæð, er staðfest.

Sóknaraðilar, Matthías Einarsson, Ingibjörg Matthíasdóttir og Ragnhildur Matthíasdóttir, greiði hverjum eftirtalinna varnaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað: bæjarsjóði Keflavíkur, Arnmundi Backman, Fjárfestingarfélaginu Skandia hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Þorbirni Einarssyni og þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf. Sóknaraðilar greiði varnaraðilunum bæjarsjóði Keflavíkur og Þorbirni Einarssyni kærumálskostnaðinn in solidum.

Föstudaginn 9. október 1992.

Nr. 190/1991. **Hreinn Sigurðsson**
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
Skúla J. Pálmasyni,
Vátryggingafélagi Íslands hf.,
Iðnlánasjóði og
Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. apríl 1991. Málinu var upphaflega áfrýjað 26. júlí 1990, en var fellt niður með dómi Hæstaréttar 8. apríl 1991 vegna útivistar áfrýjanda. Því var enduráfrýjað á grundvelli 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteign hans Aðalgötu 20, iðnaðarhúsi, Sauðárkróki, sem fram fór 12. júlí 1990, verði ómerkt auk meðferðar uppboðsmálsins frá upphafi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðilarnir fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Vátryggingafélag Íslands hf. og Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs og uppboðsmeðferðar auk kærumálskostnaðar. Varnaraðili Iðnlánasjóður krefst staðfestingar uppboðsins. Varnaraðilinn Skúli J. Pálmason hæstaréttarlögmaður setur ekki fram kröfur í málinu.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, Halldór Þ. Jónsson, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar vegna greinargerðar kæranda fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta var þingfest að beiðni Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki 27. ágúst 1982. Fyrri sala fór fram 10. nóvember 1982, eftir

að málinu hafði verið frestað þrem sinnum. Annað og síðara nauðungaruppboð fór svo ekki fram fyrr en 14. júní 1990, en málinu hafði þá verið frestað 38 sinnum í uppboðsrétti að beiðni eða vegna fjarvista sóknaraðila. Frá 12. október 1989 til 5. apríl 1990 var málinu frestað vegna greiðslustöðvunar hjá sóknaraðila.

II.

Þriðja og síðasta nauðungaruppboð á hinni umræddu eign fór fram 12. júlí 1990, og var þá eftirfarandi bókað í þingbók uppboðsréttar:

„Ár 1990, fimmtudaginn 12. júlí, var uppboðsréttur Sauðárkróks settur að Aðalgötu 20, Sauðárkróki, og haldinn af Halldóri Þ. Jónssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Uppboðsmálið nr. 1/1982:

Nauðungaruppboð á Aðalgötu 20, Sauðárkróki, iðnaðarhúsi, þingl. eign Hreins Sigurðssonar. Þriðja og síðasta sala.

Skjöl málsins liggja frammi.

Uppboðshaldari leggur fram: tilkynningu, augl. í Morgunblaði og veðbókarvottorð, svohljóðandi ///.

Af hálfu uppboðsbeiðanda sækja þing fyrir Íslandsbanka Þorvaldur Einarsson hdl., fyrir Sparisj. V.-Hún. og Iðnlánasjóð Sveinn Sveinsson hdl., fyrir Helga V. Jónsson hrl. Sigríður Friðjónsdóttir, lögfræðingur.

Annað og síðara uppboð fór fram 14. júní sl. og var Sparisj. V.-Hún. hæstbjóðandi, kr. 2.500.000,00.

Uppboðshaldari kynnti nú uppboðsskilmála og veðbókarvottorð og upplýsti, að áhvílandi lögveðskröfur væru samtals kr. 591.715.30.

Uppboðsþoli er sjálfur mættur.

Uppboðshaldari spurðist fyrir um, hvort athugasemdir væru við undirbúning og framkvæmd uppboðsins, og var það ekki.

Uppboðshaldari upplýsti, að lóðarréttindi væru sameiginleg fyrir iðnaðar- og verslunar- og íbúðarhús, og myndu lóðarréttindi fylgja hverri eign hlutfallslega.

Uppboðshaldari leitaði nú boða í eignina. Sveinn Sveinsson f. h. Sparisjóðs V.-Hún. býður 3,6 milljónir og krefst útlagningar.

Frekari boð bárust ekki.

Eignin var slegin hæstbjóðanda. Tók uppboðshaldari sér frest í 2 vikur til að taka afstöðu til boðsins.“

III.

Samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru meðal aðila uppboðs veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1991. Ráða má af því veðbókarvottorði, sem lagt var fram í uppboðsrétti Sauðárkróks við þriðja og síðasta nauðungaruppboð hinnar umræddu fasteignar, að eigi hafi verið stefnt til varna í Hæstarétti Íslandsbanka hf. sem fjórða og sjötta veðréttarhafa, er naut að hluta til betri veðréttar en hæstbjóðandi, og Sigurði Kárasyni sem níunda veðréttarhafa. Af hálfu Íslandsbanka hf. var mætt við þriðja og síðasta nauðungaruppboð, eins og fram er komið.

Með hliðsjón af framansögðu verður eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Vátryggingafélagi Íslands hf. og Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

IV.

Þær athugasemdir, sem sóknaraðili ber fyrir sig fyrir Hæstarétti til ómerkingar uppboðsins, varða einkum tilkynningar og auglýsingar um fyrirtökur málsins og frest milli annarrar og þriðju sölu. Öllum þessum mótbárum gat hann í síðasta lagi hreyft við þriðja og síðasta nauðungaruppboð á eigninni. Það gerði hann ekki, þótt uppboðshaldari leitaði sérstaklega eftir athugasemdum við undirbúning og framkvæmd uppboðsins. Þetta er aðfinnsluvert og rennir stoðum undir það, að málskot hans til Hæstaréttar sé að ófyrirsynju og til þess eins að tefja frekar framgang málsins í uppboðsrétti Sauðárkróks, sem þó hafði dregist úr hömlu af tillitssemi veðhafa við sóknaraðila.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hreinn Sigurðsson, greiði varnaraðilunum fjár-

málaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Vátryggingafélagi Íslands hf. og Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu 30.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.

Föstudaginn 9. október 1992.

Nr. 191/1991. **Hreinn Sigurðsson**

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,
Vátryggingafélagi Íslands hf.,
Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu,
Búnaðarbanka Íslands,
Víði Finnbogasyni hf. og
Jóni Brynjólfssyni hf.

Kærumál. Nauðungarppboð. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. apríl 1991. Málinu var upphaflega áfrýjað 26. júlí 1990, en var fellt niður með dómi Hæstaréttar 8. apríl 1991 vegna útivistar áfrýjanda. Því var enduráfrýjað á grundvelli 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteign sinni, Aðalgötu 20, verslunar- og íbúðarhúsi, Sauðárkróki, sem fram fór 12. júlí 1990, verði ómerkt auk meðferðar uppboðsmálsins frá upphafi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðilarnir fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Vátryggingafélag Íslands hf., Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu og Búnaðarbanki Íslands krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs og uppboðsmeðferðar auk kærumálskostnaðar. Varnaraðilarnir Víðir Finnbogason hf. og Jón Brynjólfsson hf. setja ekki fram kröfur í málinu.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, Halldór Þ. Jónsson, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar vegna greinargerðar kæranda fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta var þingfest að beiðni Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki 27. ágúst 1982. Fyrri sala fór fram 10. nóvember 1982, eftir að málinu hafði verið frestað þrem sinnum. Annað og síðara nauðungaruppboð fór svo ekki fram fyrr en 14. júní 1990, en málinu hafði þá verið frestað 38 sinnum í uppboðsrétti að beiðni eða vegna fjarvista sóknaraðila. Frá 12. október 1989 til 5. apríl 1990 var málinu frestað vegna greiðslustöðvunar hjá sóknaraðila.

II.

Þriðja og síðasta nauðungaruppboð á hinni umræddu eign fór fram 12. júlí 1990, og var þá eftirfarandi bókað í þingbók uppboðsréttar:

„Ár 1990, fimmtudaginn 12. júlí, var uppboðsréttur Sauðárkróks settur að Aðalgötu 20, Sauðárkróki, og haldinn af Halldóri Þ. Jónssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Uppboðsmálið nr. 2/1982.

Nauðungaruppboð á Aðalgötu 20, verslunar- og íbúðarhúsnæði, Sauðárkróki, eign Hreins Sigurðssonar. Þriðja og síðasta sala.

Skjöl málsins liggja frammi.

Lagt er fram: tilkynning, auglýsing í Morgunblaðinu, veðbókarvottorð og leigusamningur, svohljóðandi ///.

Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Þorvaldur Einarsson hdl. fyrir Búnaðarb. Ísl., Sigríður Friðjónsdóttir lögfr. fyrir fjármálaráðuneytið og Helgi V. Jónsson hrl., Sveinn Sveinsson hdl. fyrir Sparisjóð V.-Hún.

Uppboðsþoli er sjálfur mættur.

Annað og síðara uppboð fór fram 14. júní sl., og var hæstbjóðandi Búnaðarbanki Ísl., kr. 1.000.000,00.

Uppboðshaldari kynnti nú veðbókarvottorð og uppboðsskilmála og upplýsti, að áhvílandi lögveðskröfur væru samtals 219.770,50 kr. Þá kynnti hann einnig leigusamning.

Uppboðshaldari spurðist fyrir um, hvort athugasemdir væru við undirbúning og framkvæmd uppboðsins, og var svo ekki.

Uppboðshaldari upplýsti, að lóðarréttindi væru sameiginleg fyrir iðnaðar-, verslunar- og íbúðarhús, og myndu lóðarréttindi fylgja hverri eign hlutfallslega.

Uppboðshaldari leitar nú boða í eignina.

Þorvaldur Einarsson bauð f. h. Búnaðarb. Ísl. kr. 4.200.000 og krafðist útlagningar sem ófullnægður veðhafi.

Sigríður Friðjónsdóttir bauð 4.500.000 f. h. fjármálaráðuneytis og krefst útlagningar sem ófullnægður veðhafi.

Frekari boð bárust ekki.

Eignin var slegin hæstbjóðanda. Tók uppboðshaldari sér frest í 2 vikur til að taka afstöðu til boðsins."

III.

Samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru meðal aðila uppboðs veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1991. Ráða má af því veðbókarvottorði, sem lagt var fram í uppboðsrétti Sauðárkróks við þriðja og síðasta nauðungaruppboð hinnar umræddu fasteignar, að eigi hafi verið stefnt til varna í Hæstarétti Hans Petersen hf. og Pennanum hf. sem þriðju veðréttarhöfum, Sigurði Kárasyni sem sjötta veðréttarhafa, Glitni hf. sem sjöunda veðréttarhafa, Eini sf. sem áttunda veðréttarhafa og Hljómbæ hf. sem tíunda veðréttarhafa.

Með hliðsjón af framansögðu verður eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Vátryggingafélagi Íslands hf., Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu og Búnaðarbanka Íslands kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

IV.

Þær athugasemdir, sem sóknaraðili ber fyrir sig fyrir Hæstarétti til ómerkingar uppboðsins, varða einkum tilkynningar og auglýsingar um fyrirtökur málsins og frest milli annarrar og þriðju sölu. Öllum þessum mótbárum gat hann í síðasta lagi hreyft við þriðja og síðasta nauðungaruppboð á eigninni. Það gerði hann ekki, þótt uppboðshaldari leitaði sérstaklega eftir athugasemdum við undirbúning og framkvæmd uppboðsins. Þetta er aðfinnsluvert og rennir stoðum undir það, að málskot hans til Hæstaréttar sé að ófyrirsynju

og til þess eins að tefja frekar framgang málsins í uppboðsrétti Sauðárkróks, sem þó hafði dregist úr hömlu af tillitssemi veðhafa við sóknaraðila.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hreinn Sigurðsson, greiði varnaraðilunum fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Vátryggingafélagi Íslands hf., Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu og Búnaðarbanka Íslands 30.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.

Mánudaginn 12. október 1992.

Nr. 339/1992. **Bóas Emilsson**
gegn
Selfosskaupstað.

Kærumál. Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. ágúst 1992, sem barst skrifstofu réttarins 21. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til 4. mgr. 84. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess, að bifreiðin X-6226, Dodge P/U, árgerð 1975, eign sín, verði tekin úr vörslum varnaraðila og sér fengin umráð hennar með innsetningargerð. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Hinn 14. maí 1992 birtist í tveim blöðum, út gefnum á Selfossi, auglýsing bæjarstjóranna í Hveragerði og á Selfossi með svohljóðandi feitletraðri fyrirsögn: „Tilkynning um hreinsunarátak vegna óskráðra ökutækja."

Í texta þessarar tilkynningar segir meðal annars: „Selfosskaupstaður og Hveragerðisbær í samvinnu við heilbrigðisfulltrúa og lögreglu munu á næstu dögum framkvæma sameiginlegt hreinsunarátak, sem miðar að því að fjarlægja óskráð ökutæki í bágbornu ástandi af götum bæjanna, opinberum lóðum og einkalóðum ..."

II.

Samkvæmt vottorði frá Bifreiðaskoðun Íslands hf. 7. júlí sl. voru númeraspjöld bifreiðarinnar X-6226 lögð þar inn 4. janúar 1991, en sóknaraðili heldur því fram, að bifreiðin hafi áfram verið á ökutækjaskrá, og hafi svo enn verið, er hún var fjarlægð af lóð hans 16. júní sl. Af nefndu vottorði verður og ekki annað ráðið. Þess

sér ekki heldur stað í gögnum málsins, að fullyrðingu sóknaraðila um þetta hafi verið mótmælt af hálfu varnaraðila.

III.

Sóknaraðili greinir frá því í aðfararbeiðni, að bifreiðin hafi verið til viðgerðar á umræddum tíma, en hlé hafi orðið á viðgerðinni, meðan beðið var varahluta, sem panta hafi þurft erlendis. Þeir hafi komið til landsins nokkrum dögum eftir að bifreiðin var fjarlægð af lóð hans. Hann kveður plastdúk hafa verið breiddan yfir bifreiðina, þar sem hún stóð á lóð hans, og hafi viðvörunarmiði lögreglu um væntanlegan brottflutning bifreiðarinnar verið límdur undir yfirbreiðsluna.

Upphafsorð prentaðs texta á þenna viðvörunarmiða voru svohljóðandi: „Samkvæmt ákvæðum í lögreglusamþykkt Selfossbæjar og í umferðarlögum er skylt að fjarlægja þessa bifreið nú þegar ...“

Í hvorugri þessara réttarheimilda er ákvæði, sem mælir fyrir um skyldu til að fjarlægja bifreið af lóð eiganda, og þar er raunar ekki heldur að finna ákvæði, er heimili sveitarstjórn slíkt.

IV.

Samkvæmt framansögðu var X-6226 ekki meðal þeirra bifreiða, sem umrætt hreinsunarátak varnaraðila beindist að. Þegar af þeirri ástæðu voru ekki lagaskilyrði til þess, að flytja mætti bifreiðina af lóð sóknaraðila án samþykkis hans. Ber því að taka til greina kröfur sóknaraðila í málinu, sbr. 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Eftir atvikum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, en krafa sóknaraðila um málskostnað í héraði kom ekki fram fyrr en í greinargerð hans fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Bifreiðin X-6226 skal tekin úr vörslum varnaraðila, Selfosskaupstaðar, og sóknaraðila, Bóasi Emilssyni, fengin umráð hennar með innsetningargerð.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður héraðsdóms Suðurlands 31. júlí 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 28. þ. m.

Gerðarbeiðandi er Bóas Emilsson, kt. 170620-3139, Reynivöllum 6, Selfossi.

Gerðarþoli er Selfosskaupstaður, kt. 560269-3159, Austurvegi 10, Selfossi.

Gerðarbeiðandi gerir þær dómkröfur, að bifreiðin X-6226, Dodge P/U, árgerð 1975, verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþola og fengin gerðarbeiðanda í hendur honum að kostnaðarlausu. Krafist er málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola eru gerðar þær dómkröfur, að umbeðin gerð nái eigi fram að ganga, en eigi er krafist málskostnaðar.

II.

Við meðferð málsins kom það fram hjá gerðarþola, að málið væri vel upplýst af hálfu gerðarbeiðanda með fram lögðum sóknargögnum, og fram kom, að málsaðilar eru í öllum aðalatriðum sammála um málsatvik. Málsatvikum verður því þannig lýst:

Hinn 14. maí sl. auglýstu bæjarstjórar Selfoss og Hveragerðis hreinsunarátak í blaðinu Dagskránni og í Sunnlenska fréttablaðinu. Efnisatriði auglýsingarinnar komu greinilega fram í fyrirsögn, en þar sagði, að tilkynnt væri um hreinsunarátak vegna óskráðra ökutækja. Í meginmáli kom fram, að Selfosskaupstaður og Hveragerðisbær myndu á næstu dögum í samvinnu við heilbrigðisfulltrúa og lögreglu framkvæma sameiginlegt hreinsunarátak, sem miðaði að því að fjarlægja óskráð ökutæki í bágbornu ástandi af götum bæjanna, opinberum lóðum og einkalóðum. Miðar yrðu límdir á viðkomandi ökutæki, þar sem fram kæmi frestur eigenda til að fjarlægja ökutækin. Jafnframt var tilkynnt, að starfsmenn áhaldahúsa bæjanna myndu fram til 1. júní fjarlægja ökutækin eigendum að kostnaðarlausu, ef þess væri óskað. Eftir þann tíma yrðu þau ökutæki, sem eftir stæðu, fjarlægð af starfsmönnum áhaldahúsa bæjanna og síðar seld á opinberu uppboði til greiðslu á fallins kostnaðar.

Hinn 16. júní 1992 stóð bifreið gerðarbeiðanda við Gagnheiði 9, en þar rekur gerðarbeiðandi fiskverkun. Óumdeilt er, að þá komu starfsmenn Selfossbæjar og fjarlægðu bifreið hans og fluttu til geymslu að Völlum í Ölfusi. Að ósk bæjarverkstjóra var lögregla viðstödd. Ekki sætir það andmælum af hálfu gerðarbeiðanda, að bifreiðin var í óökuhæfu ástandi og hafði verið tekin af ökutækjaskrá af eiganda 4. janúar 1991. Yfir bifreiðina var breiddur segldúkur, og þar var límdur viðvörunarmiði sá, er í auglýsingu

greindi. Á meðan hún stóð óhreyfð við Gagnheiði, munu hafa verið unnar einhverjar skemmdir á bifreiðinni, þar á meðal brotnar í henni rúður.

Gerðarbeiðandi bendir á, að bifreiðin hafi verið fjarlægð, er hún hafi staðið á bifreiðastæði á einkalóð sinni, og telur hann, að starfsmenn gerðarþola hafi ekki haft heimild til að fjarlægja bifreiðina. Hann sjálfur hafi ekki gefið heimild til þess, og aðgerðirnar hafi ekki haft lagastoð.

Af hálfu gerðarþola er því hins vegar haldið fram, að á engan hátt hafi verið brotinn réttur á gerðarbeiðanda. Viðvörun um væntanlega aðgerð hafi verið vandlega auglýst og tilkynnt. Það sé á misskilningi byggt hjá gerðarbeiðanda, að aðgerðirnar og þar með afskipti gerðarþola af bifreið hans eigi sér ekki lagastoð. Í hvívetna hafi verið farið eftir heimildum í heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, sem sett sé með stoð í lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nánar tiltekið 2. gr. þeirra laga. Í 14. gr. sé skýrt tekið fram, að bannað sé að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt, að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Gildi þetta jafnt um stærri sem smærri hluti og í dæmaskyni nefnt í því sambandi kerrur, bílflök, skipsskrokkar og því um líkt. Í sömu grein sé nefnt, að heilbrigðisnefnd sé heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök að undangenginni viðvörun, t. d. með álímingarmiða með viðvörunarorðum. Hér hafi því í öllu verið farið að lögum.

III.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að gerðarbeiðandi er eigandi bifreiðarinnar X-6226. Eins og að framan greinir, er ágreiningurinn hins vegar fólginn í ólíkum skilningi á því, hvort aðgerðir gerðarþola gagnvart gerðarbeiðanda fái staðist að lögum.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit segir:

„Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir um atriði, þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi."

Í 2. mgr. nefndrar lagagreinar segir, að í heilbrigðisreglugerð skuli vera almenn ákvæði, sem tiltekin eru í 28 töluliðum, og þar á meðal er tilgreint í 1. tl., að í reglugerðinni skuli vera ákvæði um hreinlæti og þrifnað utan húss. Í 25. tl. þessarar sömu lagagreinar segir, að reglugerðin skuli enn fremur geyma ákvæði um valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

Fram lögð gögn gerðarbeiðanda leiða ekki í ljós, svo að óyggjandi sé, að Selfosskaupstaður hafi ekki farið að lögum, er hann lét fjarlægja bifreið gerðarbeiðanda 16. júní sl. Ákvæði 14. gr. heilbrigðisreglugerðarinnar nr.

149/1990 virðist því eiga sér stoð í 1. tl. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Því síður verður að telja, að ljóst liggi fyrir, að með aðgerðum sínum hafi gerðarþoli gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt gerðarbeiðanda skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Með því að réttur gerðarbeiðanda er því hvorki augljós né skýr, verður að telja, að réttarfarsskilyrði bresti til umbeðinnar innsetningargerðar. Gerðarþoli hefur ekki krafist málskostnaðar, og verður hann því eigi dæmdur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Bóasar Emilssonar, kt. 170620-3139, að bifreiðin X-6226, Dodge P/U, árgerð 1975, verði með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum gerðarþola, Selfosskaupstaðar, og fengin honum í hendur, skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður dæmist ekki.

Þriðjudaginn 13. október 1992.

Nr. 351/1992. **Stafholtstungnahreppur**
gegn
landbúnaðarráðherra,
Ásdísi Jóhannesdóttur og
Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Kærumál. Frávísunardómur. Forkaupsréttur. Jarðalög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómarar.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. júlí 1992 samkvæmt heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. b-lið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran barst Hæstarétti 2. september 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Í máli þessu lýtur aðalkrafa sóknaraðila að því, að hnekkt verði úrskurði landbúnaðarráðherra frá 19. júlí 1991, þar sem felld var úr gildi „ákvörðun hreppsnefndar Stafholtstungnahrepps frá 26. maí 1991 um að neyta forkaupsréttar að jörðinni Efranesi í Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu, í tilefni af kaupsamningi Ólafs Þ. Þórðarsonar og Ásdísar Jóhannesdóttur og endursala jarðarinnar til Jóns Magnúsar Katarínussonar og Hrafnhildar Björnsdóttur á sama fundi".

Ekki verður talið, að ákvæði 33. gr. jarðalaga nr. 65/1976 um málshöfðunarfrest eigi við um framangreinda kröfu. Verður því eigi hjá því komist að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál þetta er risið af kaupum um jörðina Efranes í Stafholtstungum, sem gerð voru með kaupsamningi 14. maí 1991 milli varnaraðilanna Ásdísar Jóhannesdóttur, þáverandi eiganda jarðarinnar, og Ólafs Þ. Þórðarsonar. Í samræmi við ákvæði IV. kafla jarðalaga nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, var hreppsnefnd sóknaraðila boðinn forkaupsréttur að jörðinni, með bréfi 15. sama mánaðar. Í því erindi var ekki sérstaklega óskað eftir samþykki nefndarinnar við þessum aðilaskiptum að eigninni, sbr. 6. gr. sömu laga, og ekki er fram komið, að kaupin hafi um þær mundir verið tilkynnt jarðanefnd Mýrasýslu með ósk um samþykki af hennar hálfu samkvæmt þeirri lagagrein. Á fundi 26. maí ákvað hreppsnefndin að neyta forkaupsréttar og enn fremur að endurselja jörðina þeim Jóni M. Katarínussyni og Hrafnhildi Björnsdóttur. Gerði hreppsnefndin við þau kaupsamning og greiddi jafnframt varnaraðilanum Ásdísi gjaldfallna útborgun á kaupverði jarðarinnar, en hún tók við greiðslunni með fyrirvara um „...., að lögformlega hafi verið staðið að samþykkt hreppsnefndar um að neyta forkaupsréttar". Einnig var leitað samþykkis jarðanefndar Mýrasýslu við sölunni til Jóns og Hrafnhildar, og var það veitt á fundi nefndarinnar 4. júní. Fengu þau umráð jarðarinnar og hófu þar búskap um mánaðamótin maí-júní 1991, að gerðum kaupum við fráfarandi leiguliða um vélar og bústofn.

Með bréfi 21. júní 1991 kærði varnaraðilinn Ólafur Þ. Þórðarson til landbúnaðarráðuneytisins ákvarðanir hreppsnefndar og málsmeðferð varðandi forkaupsréttinn með vísan til kæruheimildar í 17. gr. jarðalaga. Kvað ráðuneytið upp þann úrskurð 19. júlí 1991, að ákvarðanirnar yrðu felldar úr gildi, eins og um getur í hinum kærða dómi.

Með vísan til þessa úrskurðar lýsti varnaraðilinn Ásdís Jóhannesdóttir því síðan yfir við hreppsnefndina í bréfi 31. júlí 1991, að hún myndi ekki efna kaup um jörðina við sóknaraðila samkvæmt forkaupsrétti hans, heldur teldi hún sig bundna af kaupsamningi sínum við varnaraðilann Ólaf Þ. Þórðarson. Hafnaði hún um leið fram boðinni lokagreiðslu kaupverðs frá sóknaraðila og kallaði eftir afhendingu jarðarinnar til sín. Í samræmi við þessa afstöðu jarðareigandans gerði varnaraðilinn Ólafur ráðstafanir til þess að koma fram rétti sínum sem kaupandi að jörðinni án tillits til forkaupsréttarins. Leitaði hann 20. ágúst 1991 eftir samþykki jarðanefndar Mýrasýslu við sölunni til sín, og var það veitt á fundi nefndarinnar 18. september. Taldi hún sér skylt vegna fyrrgreinds úrskurðar að taka efnislega ákvörðun um erindið þrátt fyrir fyrri samþykkt. Með bréfi 26. september var leitað sama samþykkis af hálfu hreppsnefndar sóknaraðila, en hún neitaði um það á fundi 16. október með vísan til fyrri aðgerða sinna og þess viðhorfs, að salan væri ekki í samræmi við hagsmuni sveitarfélagsins. Jafnframt ákvað hreppsnefndin að skjóta ágreiningi við jarðanefnd um samþykkið til úrskurðar landbúnaðarráðuneytis á grundvelli 3. mgr. 6. gr. jarðalaga. Leysti ráðuneytið úr því erindi með úrskurði 26. nóvember 1991, þar sem lýst var yfir samþykki við aðilaskiptum að jörðinni milli varnaraðilanna Ásdísar og Ólafs. Hefur sá úrskurður ekki verið sérstaklega vefengdur í máli þessu. Varnaraðilinn Ólafur fékk síðan afsal fyrir jörðinni 19. febrúar 1992, og við útburðargerð í marsmánuði 1992 náði hann umráðum yfir henni.

Þegar sóknaraðili höfðaði mál þetta í febrúar 1992 beindi hann því einkum að landbúnaðarráðherra f. h. landbúnaðarráðuneytisins og gerði þá aðalkröfu, að úrskurði ráðuneytisins frá 19. júlí 1991 yrði hnekkt, en varnaraðilunum Ásdísi Jóhannesdóttur og Ólafi Þ. Þórðarsyni jafnframt gert að þola þá niðurstöðu. Hins vegar var ekki gerð bein krafa á hendur hinum síðarnefndu um ógildingu á kaupum þeirra.

Ástæðum sóknaraðila til málshöfðunarinnar er lýst í meginatriðum í hinum kærða dómi. Fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili aukið við þeirri málsástæðu, að landbúnaðarráðuneytið hafi með öllu brostið vald til að fjalla um hinar umdeildu ákvarðanir hreppsnefndar, þar sem kæruheimild 17. gr. jarðalaga nái ekki til ákvarð-

ana sveitarstjórna um nýtingu forkaupsréttar samkvæmt IV. kafla laganna, heldur sé hún einskorðuð við ákvarðanir jarðanefnda og sveitarstjórna um þau málefni, sem þeim eru falin eftir II. kafla laganna. Almennar reglur um stjórnlega kæru geti og ekki réttlætt málskotið til ráðuneytisins, þar sem málefni sveitarstjórna heyri undir félagsmálaráðuneyti samkvæmt 4. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands og reglugerð á grundvelli þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. jarðalaga á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim fasteignarréttindum í sveitarfélaginu, sem lögin taka til, sbr. 3. gr., með nokkrum undantekningum í þágu annarra aðila. Ákvæði um þetta efni voru áður í lögum nr. 40/1948 um kauprétt á jörðum, og kom IV. kafli jarðalaga í þeirra stað. Í þessum kafla er ekki kveðið á um það fremur en í fyrri lögum, hver efnisleg skilyrði sveitarstjórn séu sett um nýtingu forkaupsréttar, né áskilnaður gerður um sérstakan rökstuðning fyrir ákvörðun í þá átt. Ætla verður, hvað sem því líður, að ákvörðunin þurfi að uppfylla almenn skilyrði stjórnsýsluréttar um málefnalega beitingu þess opinbera valds, er sveitarstjórn hefur á hendi, auk þess, sem líta megi til ákvæða um tilgang jarðalaga í 1. gr. þeirra.

Í II. kafla jarðalaga eru ákvæði um störf jarðanefnda og sveitarstjórna varðandi ráðstöfun fasteignarréttinda og aðilaskipti að þeim. Þar segir í 17. gr., að heimilt sé að skjóta ákvörðunum sveitarstjórna og jarðanefnda innan eins mánaðar til úrskurðar landbúnaðarráðuneytisins. Tekur þetta meðal annars til ákvarðana eftir 6. gr. laganna varðandi samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar við aðilaskiptum að fasteign, auk þess sem sérstakt málskotsákvæði er í fyrrnefndri 3. mgr. þeirrar greinar um þau tilfelli, þar sem sveitarstjórn og jarðanefnd greinir á um samþykkið. Í kaflanum er enn fremur að finna í 18. gr. heimild til þess handa sveitarstjórn, með samþykki jarðanefndar og landbúnaðarráðherra, að höfða mál til ógildingar ráðstöfun á fasteign, sem fram fari andstætt ákvæðum laganna, með kröfu um, að sveitarfélagið fái þau umráð og not fasteignar, sem ráðstöfunin laut að. Er þar áskilinn þriggja mánaða frestur til málshöfðunar, frá því að jarðanefnd barst vitneskja um ráðstöfunina.

Í IV. kafla jarðalaga um forkaupsrétt er ekki vikið að kæruheimildum hans vegna. Hins vegar er þar í 33. gr. kveðið á um

heimild til málshöfðunar, þegar fasteignarréttindum er ráðstafað andstætt fyrirmælum laganna um forkaupsrétt. Getur forkaupsréttarhafi, sem órétti er beittur, krafist þess, að sala verði ógilt, enda sé málsókn hafin „innan sex mánaða, frá því að hann fékk vitneskju um misfelluna". Er þetta hliðstætt því, sem áður átti við eftir 6. gr. laga nr. 40/1948, og gildir jafnt um sveitarstjórnir og aðra forkaupsréttarhafa.

Í jarðalögum er ekki mælt um það sérstaklega, hvernig afstöðu eigi að vera háttað í framkvæmd milli aðildar sveitarstjórnar samkvæmt II. kafla laganna og heimilda hennar samkvæmt forkaupsréttarákvæðum IV. kafla. Einnig veltur það á lögskýringu fremur en beinum orðum laganna, hvort kæruheimild 17. gr. geti átt við um nýtingu sveitarstjórnar á forkaupsrétti. Á hinn bóginn er það ljóst, að kvöðin á hendur sveitarstjórn samkvæmt málshöfðunarákvæðum 17. gr. og 33. gr. er samofin þeim réttindum, sem ákvæðin eiga að vernda.

Í máli þessu lá það fyrir hinn 31. júlí 1991, að eigandi Efraness myndi ráðstafa jörðinni andstætt ákvörðun sóknaraðila um að neyta forkaupsréttar samkvæmt 1. mgr. 30. gr. jarðalaga. Í ljósi þeirrar staðreyndar var sóknaraðila nauðsynlegt að gæta ákvæða 33. gr. jarðalaga og krefjast þess með málsókn fyrir dómi, að sala til varnaraðilans Ólafs Þ. Þórðarsonar yrði ógilt, ef hann vildi ná fram rétti sínum. Þurfti hann að hefjast handa innan sex mánaða frá þessum tíma. Verður það ekki talið skipta máli í þessu tilliti, hvort afstaða eigandans var mótuð af úrskurði landbúnaðarráðuneytisins eða öðrum forsendum eða hvort sá úrskurður var háður bresti á lögmætri kæruheimild eða öðrum annmörkum.

Það raskar ekki þeim áhrifum 33. gr., sem hér um ræðir, að eigandinn hafði áður búist við að þurfa að hlíta forkaupsrétti sóknaraðila og þannig í fyrstu fengið umráð jarðarinnar í hendur þeim aðilum, er sóknaraðili hugðist ráðstafa henni til, en það hafði hún gert með fyrirvara. Það seinkaði og ekki því, að fresturinn byrjaði að líða, að sala á jörðinni til varnaraðilans Ólafs var enn háð samþykki jarðanefndar Mýrasýslu og hreppsnefndarinnar sjálfrar samkvæmt 6. gr. jarðalaga, þegar fyrrgreint bréf jarðareigandans var ritað. Loks hafði það ekki áhrif á frestinn, að sóknaraðili ákvað sjálfur í október 1991 að leggja afgreiðslu jarðanefndar

í það sinn undir úrskurð landbúnaðarráðuneytis, eins og fyrr greinir.

Í máli þessu hefur sóknaraðili ekki gert kröfu um ógildingu á kaupsamningi varnaraðilanna Ásdísar og Ólafs. Samkvæmt því, sem fyrr var rakið, yrði málið og að teljast of seint höfðað í því skyni. Þar sem þeirri ógildingu verður ekki lengur fram komið vegna ákvæða 33. gr. jarðalaga, hefur sóknaraðili ekki slíka hagsmuni af viðurkenningu þess, hvort úrskurður landbúnaðarráðuneytisins um forkaupsrétt að jörðinni hafi verið ómerkur eða rangur, að efni séu til að sinna kröfu hans um, að úrskurðinum verði hnekkt með dómi. Samkvæmt því verður að fallast á það með héraðsdómara, að máli þessu beri að vísa frá héraðsdómi. Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Aðalkrafa sóknaraðila á hendur landbúnaðarráðherra f. h. landbúnaðarráðuneytisins er, að hnekkt verði úrskurðinum frá 19. júlí 1991 og varnaraðilum Ásdísi Jóhannesdóttur og Ólafi Þ. Þórðarsyni verði gert að hlíta því. Málinu var skotið til ráðuneytisins með heimild í 17. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 2. gr. sömu laga. „Ákvörðunum sveitarstjórna eða jarðanefnda" verður almennt skotið þessa leið á stjórnsýslustigi eftir orðum 17. greinar. Engin undanteking er frá því gerð í IV. kafla laganna um forkaupsrétt, sem hindrar, að svo verði gert, ef aðilar kjósa. Í 18. gr. jarðalaganna er veittur almennur frestur til málshöfðunar fyrir dómstólum sveitarstjórn til handa, þrír mánuðir, frá því er jarðanefnd fékk vitneskju um þá ráðstöfun, sem andstæð er jarðalögunum. Í 33. gr. jarðalaganna er síðan ákveðið, að forkaupsréttarhafi, sem órétti er beittur, geti krafist þess, að salan verði ógilt, „enda sé málsókn til þess hafin innan sex mánaða, frá því hann fékk vitneskju um misfelluna ..." Er málshöfðunarfrestur þessi undantekning frá almennu reglunni í 18. gr. laganna og óháður kærufresti til stjórnvalda samkvæmt 17. gr. þeirra.

Svo sem greinir í hinum kærða frávísunardómi, hefur sóknaraðila eigi síðar en 31. júlí 1991 verið kunnugt um úrskurð ráðuneytisins frá 19. sama mánaðar. Með bréfi, dagsettu 31. júlí, tilkynnti selj-

andi jarðarinnar sóknaraðila, að hún teldi sig bundna af samningi sínum um jarðakaupin við kaupandann, Ólaf Þ. Þórðarson. Leitað var síðan að nýju eftir samþykki jarðanefndar á sölunni, sem hún veitti á fundi sínum 18. september 1991. Sóknaraðili skaut ákvörðun hennar til landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt 6. gr. jarðalaga. Landbúnaðarráðuneytið kvað upp úrskurð sinn 26. nóvember 1991 og samþykkti jarðakaupin milli greindra aðila. Varnaraðilinn Ólafur Þ. Þórðarson fékk síðan 19. febrúar 1992 afsal fyrir jörðinni, og með útburðargerð í marsmánuði sl. fékk hann umráð hennar.

Kröfugerð sóknaraðila í málinu felur ekki í sér, ,,að salan verði ógilt", eða það, sem eftir fylgdi og að framan er rakið. Leiðir kröfugerð þessi ekki til aðfararhæfs dóms á hendur varnaraðilum Ásdísi og Ólafi. Þar sem málshöfðunarfrestur samkvæmt 33. gr. jarðalaga er löngu liðinn, verður ekki séð, að sóknaraðili hafi þá hagsmuni af ógildingu úrskurðar landbúnaðarráðuneytisins frá 19. júlí 1991, að efni séu til að sinna kröfu hans. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða dóm um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 30. júní 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 16. júní sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með stefnu, birtri 17. og 18. febrúar 1992, af Stafholtstungnahreppi, kt. 620269-0349, Hjarðarholti, Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu, á hendur Halldóri Blöndal landbúnaðarráðherra f. h. landbúnaðarráðuneytis, kt. 710169-0559, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, Ásdísi Jóhannesdóttur, kt. 211025-2989, Silfurteigi 2, Reykjavík, og Ólafi Þ. Þórðarsyni alþingismanni, kt. 081240-3539, Vilmundarstöðum, Reykholtsdal, Borgarfjarðarsýslu.

Á hendur stefnda landbúnaðarráðherra f. h. landbúnaðarráðuneytis er gerð sú krafa, að hnekkt verði úrskurði ráðuneytisins frá 19. júlí 1991, þar sem felld var úr gildi ,,ákvörðun hreppsnefndar Stafholtstungnahrepps frá 26. maí 1991 um að neyta forkaupsréttar að jörðinni Efranesi í Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu, í tilefni af kaupsamningi Ólafs Þ. Þórðarsonar og Ásdísar Jóhannesdóttur og endursala jarðarinnar til Jóns Magnúsar Katarínussonar og Hrafnhildar Björnsdóttur á sama fundi".

Dómkröfur stefnanda á hendur stefndu Ásdísi og Ólafi eru þær aðallega, að þeim verði gert með dómi að þola, að framangreindum úrskurði landbúnaðarráðuneytis verði hnekkt, — til vara, að hnekkt verði þeim hluta

úrskurðar landbúnaðarráðuneytis, sem fellir úr gildi ákvörðun hreppsnefndar um endursölu jarðarinnar til Jóns og Hrafnhildar.

Stefndi landbúnaðarráðherra krefst aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, og málskostnaðar að mati réttarins. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar.

Stefndu Ásdís og Ólafur krefjast aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda. Bæði í aðal- og varakröfu krefjast stefndu hvort um sig málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefndu til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun. Þá er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn ári eftir upphafsdag vaxta.

Eins og að framan greinir, var málið flutt um frávísunarkröfu stefndu 16. júní sl., og er sá þáttur málsins hér til úrlausnar.

Lögmaður stefnanda mótmælir frávísunarkröfu og krefst þess, að efnisdómur gangi í málinu.

II.

Málavextir eru þeir, að 14. maí 1991 var undirritaður kaupsamningur milli stefndu Ásdísar Jóhannesdóttur sem seljanda og stefnda Ólafs sem kaupanda, þar sem kaupandi keypti alla jörðina Efranes, Stafholtstungnahreppi, ásamt mannvirkjum. Kaupverð var 10.250.000 kr., sem greiða skyldi í peningum, 8.000.000 kr. 28. maí 1991, en 2.500.000 kr. skyldi greiða fyrir 1. ágúst 1991.

Á fundi hreppsnefndar Stafholtstungnahrepps 22. maí 1991 var fyrrgreind sala tekin fyrir til að ræða forkaupsrétt stefnanda. Á þessum fundi var mættur stefndi Ólafur Þ. Þórðarson, og gerði hann grein fyrir áformum sínum um búrekstur á jörðinni. Á fundi stefnanda 26. maí 1991 var ákveðið að neyta forkaupsréttar að jörðinni. Á sama fundi ákvað stefnandi að selja jörðina Jóni M. Katarínussyni og Hrafnhildi Björnsdóttur, og var gengið frá kaupsamningi við hina nýju kaupendur næsta dag, þ. e. 27. maí 1991. Ákvörðun um að neyta forkaupsréttar var tilkynnt með símskeyti Atla Vagnssyni hdl. f. h. seljanda sama dag og ákvörðunin var tekin, og jafnframt var tilkynnt, að greiðsla á 8.000.000 kr., sem þá var gjaldfallin, hefði verið lögð inn á reikning Atla Vagnssonar hdl. f. h. stefndu Ásdísar.

Með heimild 17. gr. jarðalaga nr. 65/1976 kærði stefndi Ólafur Þ. Þórðarson málsmeðferð og ákvörðun stefnanda um að neyta forkaupsréttar og ráðstöfun stefnanda á jörðinni til landbúnaðarráðuneytisins. Hinn 19. júlí 1991 kvað stefndi landbúnaðarráðuneytið upp svofelldan úrskurð:

„Felld er úr gildi ákvörðun hreppsnefndar Stafholtstungnahrepps frá 26. maí 1991 um að neyta forkaupsréttar að jörðinni Efranesi, Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu, í tilefni af kaupsamningi Ólafs Þ. Þórðarsonar og Ásdísar Jóhannesdóttur og endursala jarðarinnar til Jóns Magnúsar Katarínussonar og Hrafnhildar Björnsdóttur á sama fundi."

— — —

IV.

Með jarðalögum er sveitarstjórnum veitt heimild til afskipta af sölu á fasteignum utan þéttbýlissvæða til að tryggja þannig, að búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélags og þeirra, sem landbúnað stunda. Í sömu lögum er landbúnaðarráðuneyti jafnframt veitt úrskurðarvald um ýmis ágreiningsefni, er upp kunna að koma. Eins og fyrr greinir, var ákvörðun hreppsnefndar um að neyta forkaupsréttar að jörðinni Efranesi í Stafholtstungnahreppi kærð til landbúnaðarráðuneytisins með heimild í 17. gr. laga nr. 65/1976. Hinn 19. júlí 1991 felldi landbúnaðarráðuneytið úr gildi beitingu forkaupsréttar sveitarfélagsins. Ekki er upplýst í málinu, hvenær hreppsnefnd var kunnur sá úrskurður, en á fundi hreppsnefndar 31. júlí 1991 kemur fram, að hreppsnefndinni var þá orðinn kunnur úrskurðurinn. Sala jarðarinnar samkvæmt kauptilboði 14. maí 1991 til stefnda Ólafs hefur verið staðfest af jarðanefnd og landbúnaðarráðuneyti.

Í 33. gr. laga nr. 65/1976 er kveðið á um sex mánaða málshöfðunarfrest forkaupsréttarhafa til ógildingar á sölu á hendur þeim, sem ráðstafað hefur fasteign andstætt fyrirmælum jarðalaga. Er það ákvæði í lögunum augsýnilega sett til verndar jarðareiganda og viðsemjanda hans til að koma í veg fyrir langvarandi réttaróvissu. Í máli þessu verður að telja, að beita beri ákvæði þessarar greinar jarðalaga.

Stefna í máli þessu var birt 17. og 18. febrúar 1992, þegar sex mánuðir og átján dagar voru liðnir, frá því er hreppsnefnd í síðasta lagi var kunnugt um úrskurð ráðuneytisins, þ. e. a. s. átján dagar voru liðnir frá lokum málshöfðunarfrests 33. gr. laga 65/1976. Þar sem málshöfðunarfrestur samkvæmt 33. gr. laga nr. 65/1976 er liðinn, verður að líta svo á, að stefnandi hafi ekki lengur hagsmuni af að fá úrskurði ráðuneytisins hnekkt. Verður því ekki lagður efnisdómur á málið, hvorki aðalkröfu né varakröfu, og ber að vísa máli þessu frá dómi.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu skal stefnandi greiða stefnda landbúnaðarráðherra 25.000 kr. í málskostnað og stefndu Ásdísi Jóhannesdóttur 15.000 kr. og stefnda Ólafi Þ. Þórðarsyni 15.000 kr. í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar til handa stefndu Ásdísi og Ólafi var tekið tillit til þeirrar skyldu stefndu að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, settur dómari skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Stafholtstungnahreppur, greiði stefnda landbúnaðarráðherra 25.000 kr. í málskostnað. Stefnandi greiði stefnda Ólafi Þ. Þórðarsyni 15.000 kr. í málskostnað og stefndu Ásdísi Jóhannesdóttur 15.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags. Heimilt er að leggja á fallna dráttarvexti við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn ári eftir upphafsdag vaxta.

Miðvikudaginn 14. október 1992.

Nr. 111/1992. **Burstagerðin hf.**
gegn
Sigurplasti hf.

Kærumál. Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og kröfu varnaraðila um innsetningu hafnað. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, er sóknaraðili eigandi umræddra móta, en varnaraðili telur sig lögmætan vörslumann þeirra samkvæmt samningi aðilanna. Er hér um að ræða réttarágreining, sem ekki verður skorið úr í innsetningarmáli á grundvelli Norsku laga Kristjáns konungs V. frá 15. apríl 1687, VI. bók, 14. kapítula, 6. grein, um ofríki og herverk, sbr. nú 78. gr. laga nr. 90/1989. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Sigurplast hf., greiði sóknaraðila, Burstagerðinni hf., 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Garðakaupstaðar 21. febrúar 1992.

I.

Gerðarbeiðandi er Sigurplast hf., kt. 570269-6829, Völuteigi 3, Mosfellsbæ.

Gerðarþoli er Burstagerðin hf., kt. 410565-0139, Garðabæ.

Gerðarbeiðandi gerir þær kröfur, að eftirtalin mót fyrir plastflöskur verði tekin úr umráðum gerðarþola, en þau séu nú á athafnasvæði sápugerðarinnar Friggjar að Lyngási 1, Garðabæ, og fengin gerðarbeiðanda með fógetagerð:

— — —

Af hálfu gerðarþola eru þær kröfur gerðar, að innsetningarbeiðni gerðarbeiðanda verði hafnað og gerðarþola úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

— — —

II.

Aðilar máls þessa gera með sér samkomulag 27. júní 1991 þess eðlis, að Burstagerðin hf. lofar að taka ekki framangreind mót úr vörslu Sigurplasts hf., nema eitthvert þeirra skilyrða komi fram, sem tiltekin eru í 3. gr. samkomulags aðila frá 27. júní 1991.

Gerðarþoli hefur látið að því liggja, að skilyrði 4. tl. 3. gr. samkomulagsins hafi verið brotið, þ. e., að illa hafi verið farið með mótin, svo að þau liggi undir skemmdum. Ekki hefur þó verið lögð fram lögfull sönnun þess, að gerðarbeiðandi hafi farið svo illa með mótin, að gerðarþola sé heimilt að halda þeim í vörslum sínum eða fá þau öðrum en gerðarbeiðanda til vörslu gegn vilja gerðarbeiðanda. Því er talið, að samkomulag aðila sé enn í fullu gildi og gerðarbeiðandi því réttur vörslumaður þeirra móta, sem tiltekin eru í 2. gr. samkomulags aðila frá 27. júní 1991. Því ber að taka innsetningarbeiðni þessa til greina að ofangreindu marki.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreind innsetningarbeiðni skal ná fram að ganga gagnvart mótum þeim, sem tiltekin eru í 1. til 12. tölulið innsetningarbeiðninnar:

1. Mót fyrir 300 ml Sápukrems-flösku.
2. Mót fyrir 250 ml Króka-flösku.
3. Mót fyrir 550 ml Þvol-flösku.
4. Mót fyrir 750 ml Þvol-flösku.
5. Mót fyrir 600 ml Bón-flösku.

6. Mót fyrir 700 ml Úða-flösku, Rúðuúða-flösku og Sparr-flösku.
7. Mót fyrir 920 ml Klór-flösku og Blautsápu-flösku.
8. Mót fyrir 500 ml Dorfa-flösku.
9. Mót fyrir 1000 ml Dorfa-flösku.
10. Mót fyrir 1 ltr. flatan brúsa með handfangi.
11. Mót fyrir 2 ltr. flatan brúsa með handfangi.
12. Mót fyrir 4 ltr. Dropa-brúsa.

Miðvikudaginn 14. október 1992.

Nr. 383/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðlaugi Agnari Pálmasyni.

Kærumál. Viðurlagaákvörðun úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. september 1992 samkvæmt heimild í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann ónýtingar á ákvörðun héraðsdómara á Norðurlandi eystra hinn 15. september 1992 um refsingu ákærða og sviptingu ökuréttinda.

Ákærða var birt krafa ríkissaksóknara 13. október sl., og kvaðst hann hvorki gera athugasemdir né vilja nýta sér rétt samkvæmt 3. mgr. 145. gr. laga nr. 19/1991.

Hinn 1. ágúst 1992 gaf sýslumaðurinn á Akureyri út ákæru á hendur ákærða, þar sem honum var gefið að sök „að aka laugardaginn 13. júní 1992 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A-10858 um götur Akureyrar, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Skipagötu, Akureyri". Var brot ákærða talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 23. janúar 1992, hefur hann á árunum 1990 og 1991 fjórum sinnum hlotið skilorðsbundna refsidóma í sakadómi Eyjafjarðarsýslu sem hér segir: Hinn 14. desember 1990 var hann dæmdur í fangelsi í 2 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hinn 18. sama mánaðar var hann dæmdur til 3ja mánaða fangelsis, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn sömu greinum almennra hegningarlaga auk 2. mgr. 257. gr. sömu laga. Með dómi 9. janúar 1991 var hann dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Var hann jafnframt sviptur ökuleyfi í 6 mánuði. Loks hlaut hann dóm hinn 15. júlí sama ár, 3ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244.

gr., sömu grein, sbr. 20. gr., og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Í tveim hinum síðastnefndu dómum var hinna tveggja fyrri ekki getið.

Mál þetta var tekið fyrir í héraðsdómi Norðurlands eystra hinn 15. september sl. Ákærði mætti í dóminum, og einnig var viðstaddur fulltrúi sýslumanns af hálfu ákæruvalds. Bókað var meðal annars:

„Aðspurður viðurkennir ákærði þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali, að öllu leyti. Ákærða eru kynnt öll skjöl málsins, og eftir að hafa yfirfarið þau, gerir hann ekki athugasemdir og staðfestir nafnritanir.

Með vísan til sakarferils og dómaframkvæmdar, sbr. og 124. gr. oml., krefst fulltrúi ákæruvalds, að refsing ákærða verði sekt, að fjárhæð kr. 35.000, málskostnaður kr. 5.253 og svipting ökuleyfis í 12 mánuði frá 3. júlí 1992, er ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Ákærði gerir ekki athugasemdir við kröfur ákæruvaldsins og vísar til þess, að hann hafi að mestu hætt neyslu áfengis eftir áfengismeðferð.

Með vísan til ofangreinds og skv. 100. gr. umfl. nr. 50, 1997, er málinu lokið með ofangreindum hætti, og sæti ákærði 10 daga varðhaldi, greiðist sektin eigi fyrir 15. október nk.“

Ríkissaksóknari kærir þessi málalok, og segir svo m. a. í kæru hans:

„Með broti sínu rauf ákærði skilorð 2ja skilorðsdóma sakadóms Akureyrar, upp kveðinna 9. janúar og 15. júlí 1991. Í báðum dómunum voru sakarefni, að því er ákærða varðar, m. a. ölvun við akstur. Enda þótt ekki sé um bein ítrekunaráhrif að ræða að lögum frá fyrri ölvunarakstursdómum, sbr. 1. mgr. 71. gr. i. f. laga nr. 19, 1940, bar við ákvörðun viðurlaga í þessu máli ákærða að taka jafnframt afstöðu til áðurgreindra skilorðsdóma og þeirra refsinga, sem samkvæmt þeim voru skilorðsbundnar. Refsiákvörðun í máli ákærða nú, án tillits til fyrrnefndra skilorðsdóma og án þess að tillit sé tekið til sakferlis ákærða, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, verða að teljast fjarstæð málalok ...“

Í bréfi sínu til Hæstaréttar 30. september 1992 setur Ólafur Ólafs-

son, héraðsdómari á Norðurlandi eystra, fram svofelldar athugasemdir, sbr. 1. mgr. 145. gr. laga nr. 19/1991:

„Við ákvörðun viðurlaga í ofannefndu dómsmáli var m. a. litið til ákvæða 60. gr. og 4. og 5. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Að athuguðu máli var fallist á sjónarmið fulltrúa ákæruvalds, m. a. vegna ungs aldurs ákærða, að dæma ákærða refsingu sér í lagi í þessu máli, en láta skilorðsdómana haldast."

Brot það, sem ákærða var gefið að sök samkvæmt ákæru sýslumannsins á Akureyri 1. ágúst 1992, var framið á skilorðstíma samkvæmt framangreindum dómum. Verður að telja, að eins og hér stóð á, hafi ekki mátt ljúka málinu með ákvörðun samkvæmt 124. gr. laga nr. 19/1991, heldur hafi átt að kveða upp dóm í því, sbr. 125. gr. sömu laga, þar sem ákærða yrðu ákveðin viðurlög, meðal annars með hliðsjón af 60. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að fallast á kröfu ríkissaksóknara og fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun er úr gildi felld.

Miðvikudaginn 14. október 1992.

Nr. 502/1991. **Kristján Guðmundsson**
gegn
Kjalarneshreppi.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Fasteignaskattur. Lögveð. Jafnræðisregla. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála frá 1. júlí 1992, og hefur það verið skriflega flutt.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að nauðungaruppboð á fasteigninni Hrafnhólum í Kjalarneshreppi nái ekki fram að ganga. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt nýjum gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, greiddi sóknaraðili 12. október sl. þann hluta umkrafins fasteignaskatts, sem hann telur sér skylt að greiða.

Málsaðilar deila um það, hvort varnaraðila hafi verið heimilt að leggja á sóknaraðila fasteignaskatt vegna jarðarinnar Hrafnhóla í Kjalarneshreppi samkvæmt b-lið 2. mgr. 3. gr. þágildandi laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt 7. gr. laganna fylgir fasteignaskatti lögveð í fasteigninni. Sóknaraðili skírskotar meðal annars til 40. og 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og jafnræðisreglu íslensks réttar. Ágreiningur þessi veldur óvissu um réttmæti lögveðskröfunnar og þar með lagagrundvöll fyrir nauðungarsölu á fasteigninni. Að svo vöxnu máli skortir fullnægjandi lagaskilyrði til þess, að fasteignin verði við svo búið seld á nauðungaruppboði til lúkningar umræddri kröfu samkvæmt e-lið 1. tl. 1. gr. þágildandi laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. nú 5. tl.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991, sbr. Hrd. 1990, bls. 322 og 329, og 8. október 1992.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en að varnaraðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Kjalarneshreppur, greiði sóknaraðila, Kristjáni Guðmundssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Kjósarsýslu 29. nóvember 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 4. október að loknum munnlegum málflutningi.

Uppboðsbeiðandi, sveitarsjóður Kjalarneshrepps, kt. 690169-1779, Fólkvangi, Kjalarneshreppi, gerir þær kröfur, að umbeðið nauðungaruppboð á fasteigninni Hrafnhólum, Kjalarneshreppi, nái fram að ganga. Þá er gerð sú krafa, að uppboðsþoli verði úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti frá fimmtán dögum eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags skv. III. kafla vaxtalaga.

Uppboðsþoli, Kristján Guðmundsson, kt. 140427-3149, Melási 2, Garðabæ, gerir þær kröfur, að synjað verði um framgang uppboðsins og það verði fellt niður. Jafnframt krefst hann þess, að uppboðsbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða uppboðsþola málskostnað að skaðlausu og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Málavextir.

Atvik málsins eru þau, að uppboðsþoli keypti á árinu 1977 jörðina Hrafnhóla, Kjalarneshreppi. Allt frá því að hann keypti jörðina, hefur hann stundað þar hrossarækt, en ekki er hann með skráð lögheimili þar né fasta búsetu. Frá því að hann eignaðist jörðina, var á hana lagður árlegur fasteignaskattur, sem nam 0,5% af fasteignamati jarðarinnar, og var álagningin í samræmi við a-lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, en í stað þeirra laga komu lög nr. 73/1980. Hinn 6. janúar 1988 ákvað hreppsnefnd Kjalarneshrepps að leggja fasteignagjöld skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 á allar jarðir í hreppnum, þar sem enginn íbúi var skráður og enginn búskapur stundaður né önnur starfsemi, sem

gaf tekjur til hreppsins. Uppboðsþoli skaut ákvörðun hreppsnefndar til yfirfasteignamatsnefndar í febrúar 1988. Nefndin staðfesti ákvörðun hreppsnefndar með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 320/1972, og er úrskurður nefndarinnar dagsettur 20. apríl 1988. Hinn 26. október 1989 var uppboðsþola sent lögveðsbréf skv. 1. gr. laga nr. 49/1951 um sölu nauðungarveða, og var þá skorað á uppboðsþola að greiða vangoldin og gjaldfallin fasteignagjöld innan 30 daga frá dagsetningu bréfsins, ella yrði fasteignin Hrafnhólar, Kjalarneshreppi, seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuldinni. Uppboðsbeiðni var síðan send 2. mars 1992, og var uppboðið auglýst í 63., 72. og 78. tölublaði Lögbirtingablaðs 1990. Hinn 22. júní 1990 var málið fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Kjósarsýslu. Það þinghald sótti Ingvar Björnsson hdl. fyrir Sigurð G. Guðjónsson hrl., þáverandi lögmann uppboðsþola, og fékk frest til 7. september 1991. Þann dag var þing ekki sótt af hálfu uppboðsþola, en uppboðsbeiðandi samþykkti frest í málinu til 28. september 1990. Þann dag var að kröfu uppboðsbeiðanda ákveðið, að fyrri sala færi fram 21. nóvember. 1990 kl. 14.50. Í því þinghaldi var málinu frestað enn til 21. janúar 1991 kl. 14.20 og þá aftur til 26. mars 1991 kl. 14.35. Í þinghaldi þann dag var lögmaður uppboðsþola, og mótmælti hann framgangi uppboðsins með framlagningu greinargerðar. Uppboðsbeiðandi mótmælti fram komnum andmælum. Málinu var síðan frestað til 18. júní 1991 til framlagningar greinargerðar uppboðsbeiðanda. Í því þinghaldi var umrædd greinargerð lögð fram og öflun gagna lýst lokið.

Málið var síðan flutt 4. október 1991.

Niðurstaða réttarins.

Uppboðshaldari sker úr ágreiningi um það, hvort uppboð skuli fara fram eða ekki, og þá einnig um það, hvort uppboðsbeiðanda sé heimilt að krefjast uppboðs. Uppboðshaldari er hins vegar ekki bær um að skera úr ágreiningi aðila um efnisrétt þeirra umfram það, sem nauðsynlegt er til að leysa úr hinum fyrrgreinda ágreiningi.

Aðila greinir á um álagningu fasteignaskatts á jörð uppboðsþola, Hrafnhóla. Þeim ágreiningi skaut uppboðsþoli til yfirfasteignamatsnefndar. Úrskurður nefndarinnar gekk 20. apríl 1988, og var álagning skattsins staðfest með honum. Um þriggja ára skeið hefur uppboðsþoli ekki sinnt því að bera úrskurð þennan undir dómstóla, svo sem hann átti kost á. Eru því ekki efni til annars hér í þessu uppboðsréttarmáli en telja fasteignaskattinn réttilega á lagðan, enda fær uppboðshaldari ekki séð, að álagningin brjóti í bága 40. eða 67. gr. stjórnarskrárinnar, né heldur, að jafnræðisreglan hafi verið brotin.

Uppboðsþoli telur sig eiga að greiða fasteignaskatt samkvæmt a-lið 2.

mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 fyrir tímabilið 1988-1990. Hann hefur þó ekki greitt né gert tilraun til að greiða fasteignaskattinn, hvorki álagningu samkvæmt a- né b-lið áðurnefndrar greinar, en auk þess er á lagður fasteignaskattur af árinu 1987 ógreiddur. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki tilefni til að synja um framgang uppboðsins, þar sem fallist er á greiðsluskyldu að hluta.

Uppboðsbeiðandi sendi uppboðsrétti Kjósarsýslu uppboðsbeiðni, dagsetta 2. mars 1990, þar sem krafist var uppboðs á jörðinni Hrafnhólum vegna vangoldinna fasteignagjalda fyrir árin 1987, 1988 og 1989. Meðfylgjandi beiðninni var ljósrit af lögveðsbréfi, dagsettu 26. október 1990. Rétturinn telur, að með þessum gögnum sé fullnægt skilyrðum laga nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengis lögtaks, en því hefur ekki verið mótmælt af hálfu uppboðsþola. Lög nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks eru uppboðsheimild í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs er fallist á, að umbeðið nauðungaruppboð á fasteigninni Hrafnhólum, Kjalarneshreppi, þinglýstri eign Kristjáns Guðmundssonar, nái fram að ganga. Uppboðsþoli skal greiða uppboðsbeiðanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn 60.000 kr.

Ólafur Þ. Hauksson, fulltrúi sýslumannsins í Kjósarsýslu, kvað upp úrskurð þenna. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist sökum embættisanna uppboðshaldara.

Úrskurðarorð:

Umbeðið nauðungaruppboð á fasteigninni Hrafnhólum, Kjalarneshreppi, þinglýstri eign Kristjáns Guðmundssonr, til fullnustu fasteignagjaldsskuldar skal fram fara.

Uppboðsþoli, Kristján Guðmundsson, skal greiða uppboðsbeiðanda, Kjalarneshreppi, 60.000 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurðurinn var lesinn upp í réttinum að aðilum fjarstöddum.

Miðvikudaginn 14. október 1992.

Nr. 327/1989. **Sparisjóðurinn í Keflavík**
gegn
Vatnsleysustrandarhreppi.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Úthlutun uppboðsandvirðis. Lögveð. Gatnagerðargjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði uppboðsréttar Gullbringusýslu um lögveðskröfu varnaraðila í uppboðsandvirði fasteignarinnar Ægisgötu 41 í Vogum á Vatnsleysuströnd verði hrundið og breytt á þá leið, að kröfunni og greiðslu hennar af andvirðinu verði hafnað. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og um getur í hinum kærða úrskurði, á krafa varnaraðila rætur að rekja til gatnagerðargjalds, sem á var lagt í Vatnsleysustrandarhreppi vegna lagningar bundins slitlags á götur og gangstéttar í Vogum á árunum 1986 og 1987. Var álagningin byggð á reglugerð nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi, sem samin var og staðfest á grundvelli laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 um gatnagerðargjöld. Um tilhögun á greiðslu gjaldsins, sem hér er ágreiningsefni, var kveðið á í 13. gr. þessarar reglugerðar með stoð í 2. mgr. 6. gr. laganna. Ákvæði um lögveð voru í 14. gr. hennar, sbr. 7. gr. laganna.

Gjaldið í máli þessu varðar fasteignina Ægisgötu 41 í Vogum, sem að voru tveir eigendur. Hinn 22. janúar 1987 gáfu þau út skuldabréf vegna gjaldsins til varnaraðila. Skuld eigendanna var

ekki greidd, og með beiðni 29. mars 1988 bar varnaraðili gjaldkröfuna fram á nauðungaruppboði á fasteigninni, sem þá var að hefjast af öðru tilefni. Varðar málið úthlutun söluandvirðis á uppboðinu, en ekki framkvæmd gerðarinnar.

Í málinu er ekki deilt um efnislegar forsendur að álagningu gatnagerðargjaldsins eða réttmæti þess, heldur um hitt, hvort lögveð fyrir gjaldinu sé fallið niður vegna þeirrar tilhögunar, sem á var höfð um greiðslu gjaldkröfunnar, og framgöngu varnaraðila við innheimtu á henni. Meðal annars er því haldið fram, að verðtrygging á kröfunni sé ósamrýmanleg lögveðsrétti, en verðbótaþætti kröfunnar er ekki mótmælt fremur en fjárhæð hennar að öðru leyti.

Telja verður, að ákvæði 13. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um greiðslu gatnagerðargjaldsins á 4 ára tímabili hafi átt næga stoð í lögum nr. 51/1974. Taki það meðal annars til þess, að höfuðstóll gjaldsins átti að vera verðtryggður þennan tíma með sama hætti og lán til varnaraðila frá Byggðasjóði. Náði greiðslukostur þessi til allra gjaldenda og gat stuðlað að jöfnuði milli þeirra. Um útgáfu skuldabréfa vegna dreifingarinnar á greiðslu gjaldsins var mælt í reglugerðinni sjálfri. Voru þau gefin út á nafn varnaraðila í samræmi við almennar reglur um verðtryggingu fjárskuldbindinga, auk þess sem skýrt var á kveðið, að þau væru gerð um gjaldskuldina.

Ákvæði 7. gr. laga nr. 51/1974 um lögveð fyrir gatnagerðargjaldi verður að skilja svo, að veðrétturinn geti haldist í þeim tilvikum, þegar greiðslu er dreift, eins og heimilað er í lögunum. Er ekki unnt að líta svo á, að lögveð varnaraðila í Ægisgötu 41 hafi fallið niður við afhendingu á skuldabréfum með þeim ummerkjum, sem hér voru á, og hið gagnstæða var áskilið í bréfunum sjálfum. Lögveðsrétturinn var ekki fyrndur við uppboðið á eigninni, og ekki skiptir máli, eins og hér stóð á, að það fór fram án undanfarandi lögtaks.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir uppboðsrétti falli niður, en gera ber sóknaraðila að greiða varnaraðila kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákvæði frumvarps að úthlutunargerð um uppboðsandvirði fasteignarinnar Ægisgötu 41 í Vogum varðandi lögveðskröfu varnaraðila, Vatnsleysustrandarhrepps, á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Sparisjóðurinn í Keflavík, greiði varnaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 20. júlí 1989.

I.

Í máli þessu, sem var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þess 19. þ. m., gerir sóknaraðili, Sparisjóðurinn í Keflavík, þær kröfur, að lögveðskröfu Vatnsleysustrandarhrepps í uppboðsandvirði fasteignarinnar Ægisgötu 41, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, verði hafnað. Frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði fasteignarinnar verði breytt þannig, að krafa Vatnsleysustrandarhrepps, liður I 3, greiðist ekki af uppboðsandvirðinu. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi varnaraðila, og beri hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Varnaraðili, Vatnsleysustrandarhreppur, gerir þær kröfur, að lögveðskrafa sín verði tekin til greina. Einnig krefst hann málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi sóknaraðila.

II.

Fasteignin Ægisgata 41, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, þinglýst eign Sigurðar Haukssonar og Vigdísar Helgu Jónsdóttur, var á þriðja og síðasta nauðungaruppboði 26. október 1988 slegin hæstbjóðanda, Byggingarsjóði ríkisins, á 1.890.000 kr.

Efni frumvarps að úthlutunargerð, sem lagt var fram 2. desember 1988, er, að því er varðar úrlausnarefni máls þessa, þannig:

„1. Lögveð: 1. Fasteignagjald til Vatnsleysustrandarhrepps greiðist að fullu með 46.556 kr. 2. Brunabótaiðgjald til Brunabótafélags Íslands greiðist að fullu með 8.184 kr. 3. B-gatnagerðargjöld greiðast að fullu með 280.810 kr.

II. Veðskuldir: _____ Samtals 1.890.000 kr.

Afmá skal úr veðmálabókum Gullbringusýslu eftirtaldar veðskuldir og aðfararveð: 1. Veðbréf Sparisjóðsins í Keflavík, út gefið 7. 4. 1988, höfuðstóll 250.000 kr.------"

Uppboðsbeiðnir varnaraðila máls þessa vegna krafna, sem um er deilt í málinu, eru dagsettar 29. mars 1988, og fylgdu þeim tvö skuldabréf sem uppboðsheimildir, bæði út gefin 22. janúar 1987, annað af Sigurði Haukssyni, að höfuðstól 60.591 kr., en hitt af Vigdísi Helgu Jónsdóttur, að höfuðstól 60.590 kr. Skuldabréfin eru að öðru leyti samhljóða.

Samkvæmt uppboðsbeiðnunum var öll skuldin samkvæmt skuldabréfunum gjaldfelld, þar sem ekki hafði verið staðið við umsamda greiðslu á afborgunum og vöxtum, og þess krafist, að hin lögveðssetta eign yrði seld á nauðungaruppboði. Kröfulýsingar í uppboðsandvirðið hljóða um lögveð samkvæmt skuldabréfum.

Í skuldabréfunum segir: Um tilurð skuldar: „Skuld þessi er gatnagerðargjöld B samkvæmt reglugerð, dags. 1. júlí 1985, um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi." Um greiðsluskilmála: „ Skuldin greiðist á fjórum árum með jöfnum afborgunum á fjögurra mánaða fresti. Fyrsta afborgun er 15. janúar 1987." Um vísitölu: „Skuldin er bundin lánskjaravísitölu, og skal grunnvísitala vera sú, sem í gildi er í ágúst 1986." Um veð:„Samkvæmt heimild í 14. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 1. júlí 1985, fylgir gatnagerðargjöldunum lögveð í fasteign þeirri, sem þau eru lögð á. Gjöldin ásamt vöxtum ganga fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og lögveðið nær einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Lögveðsheimild er í 7. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld. Heimilt er að taka gjöldin lögtaki skv. lögum nr. 29/1885." Meðal annarra skilmála er, að skuldari viðurkennir með undirskrift sinni að skulda sveitarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps tilgreinda fjárhæð og skuldbindur sig til að endurgreiða hana á tilskildum gjalddögum.

III

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að óljóst sé, hvort varnaraðili reisi kröfur sínar á lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 eða skuldabréfum, en eðli máls samkvæmt geti lögveðsréttur ekki stofnast með skuldabréfi. Því er haldið fram, að kröfunum fylgi ekki lögveðsréttur, og í því efni bent á, að synjað hafi verið um framgang nauðungaruppboða á fasteignum fyrir B-gatnagerðargjöldum þeim, sem hér um ræðir, einnig, að fyrir aukadómþingi Gullbringusýslu séu rekin mörg mál, þar sem deilt sé um réttmæti álagningar gjaldsins. Því er haldið fram, að jafnvel þótt lögveð hafi stofnast, sé það niður fallið, því að sú krafa hafi verið greidd með skuldabréfum, og að lokum, að ætlaður lögveðsréttur virðist fyrndur samkvæmt meginreglu 2. gr. lögtakslaga nr. 29/1885, sbr. 7. gr. laga nr. 73/1980.

Varnaraðili byggir á því, að með útgáfu skuldabréfanna hafi aðeins verið samið um fjárhæð gatnagerðargjaldsins og greiðsluskilmála. Ekki hafi verið um það að ræða, að hann félli frá lögveðsrétti, en beina yfirlýsingu þyrfti til, að fallið yrði frá hinum lögbundna veðrétti. Þar sem nefnt sé veð í skuldabréfunum, sé aðeins hnykkt á því, að um lögveð sé að ræða og að það sé fyrir gjöldum þeim, sem greinir í bréfunum. Varnaraðili andmælir að öðru leyti röksemdum sóknaraðila og sérstaklega um fyrningu: Ekki eigi hér við tilvísun til laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, 7. gr.,

en hún er í II. kafla laganna, sem á við um fasteignaskatt. Fyrning lögveðsréttar hljóti að miðast við gjalddaga þeirrar kröfu, sem hann eigi að tryggja, sem hafi í því tilviki, sem hér um ræðir, verið í fyrsta sinn 15. janúar 1987 og síðan á fjögurra mánaða fresti í fjögur ár. Innheimtubréf hafi verið ritað uppboðsþolum 14. mars 1988 og uppboðsbeiðni dagsett 29. mars s. á.

IV.

Á árinu 1986 lét varnaraðili leggja varanlegt slitlag á flestar götur, þ. á m. Ægisgötu, í Vogum. Gangstéttir voru lagðar á árinu 1987.

Með heimild í l. nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld var gefin út reglugerð um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 1. júlí 1985, nr. 284/1985. Í 3. og 4. gr. nefndra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, sbr. og 10. gr. nefndrar reglugerðar, er sveitarstjórnum heimilað að innheimta sérstakt gjald af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hafi verið sett á og gangstéttir lagðar. Í reglugerðinni er mælt fyrir um útreikning gjaldsins, og í 13. gr. hennar segir, að greiða megi 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðist með jöfnum afborgunum á fjórum árum. Samkvæmt 7. gr. tilvitnaðra laga fylgir gatnagerðargjaldi lögveð í viðkomandi fasteign, og er það áréttað í 14. gr. tilvitnaðrar reglugerðar.

V.

Útgáfa skuldabréfa, sem um ræðir, fól í sér samning um fjárhæð gatnagerðargjalds og um greiðsluskilmála, sem voru rýmri uppboðsþolum en þau gátu krafist. Í skuldabréfunum er ekki einungis kveðið á um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar, heldur nánar skuldar vegna gatnagerðargjalda B samkvæmt reglugerð, dags. 1. júlí 1985, um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi. Í skuldabréfunum er tekið fram, að veð fyrir skuldinni sé lögveð. Það er áréttað í uppboðsbeiðnum og kröfulýsingum. Verður ekki ályktað, að varnaraðili hafi afsalað sér lögveðsrétti sínum, og ekki verður talið, að hann sé fyrndur.

Samkvæmt framangreindu ber að hafna kröfum sóknaraðila. Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila málskostnað, sem ákveðst 35.000 kr.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan. Hefur hann annast meðför hins sérstaka uppboðsréttarmáls frá og með munnlegum flutningi þess, en ekki haft önnur afskipti af uppboðinu.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Sparisjóðsins í Keflavík, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Vatnsleysustrandarhreppi, málskostnað, 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 15. október 1992.

Nr. 61/1992. **Sigurjón Ragnarsson**

gegn

Pétri Þór Sigurðssyni.

Kærumál. Fjárnámsgerð felld úr gildi. Kröfuaðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1992 að undangenginni útivist í málinu 3. sama mánaðar. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Sóknaraðili krefst þess, að hið kærða fjárnám „verði fellt úr gildi eða ómerkt eða synjað verði um hið umbeðna fjárnám". Hann krefst málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Hann krefst kærumálskostnaðar.

Fjárnámsgerð sú í fógetarétti Garðabæjar, sem um er deilt í máli þessu, hófst á heimili sóknaraðila að honum viðstöddum 25. mars 1991. Hvorki benti hann þá á ákveðna eign til fjárnáms né hafði uppi efnislegar varnir. Að kröfu sóknaraðila (gerðarþola) var gerðinni frestað til framhalds í skrifstofu fógeta kl. 8.30 næsta dag. Á þeim stað og tíma var sóknaraðili ekki mættur, og var gerðinni frestað „til framhalds í fógetarétti Reykjavíkur", en gerðarbeiðandi hafði bent á eignir gerðarþola í Reykjavík. Er sóknaraðili mætti að þinghaldi loknu kveðst fógetafulltrúinn hafa tjáð honum þessa ákvörðun réttarins. Í fógetarétti Reykjavíkur var gerðinni haldið áfram samdægurs, og lýsti fógeti yfir að kröfu varnaraðila (gerðarbeiðanda) fjárnámi „í eignarhluta gerðarþola (sóknaraðila) í Pósthússtræti 11, 7,17% hluti, og eignarhluta hans í Einholti 2, 1. hæð

eystri enda og eystri enda 2. hæðar". Sóknaraðili var ekki sjálfur mættur við gerðina.

Gerðir fógetaréttar í Garðabæ og Reykjavík, sem hér um ræðir, höfðu sætt kæru til Hæstaréttar á grundvelli 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, áður en máli þessu var stefnt hingað, sbr. dóma réttarins 3. maí 1991 og 22. nóvember 1991 í málum nr. 171/1991 og 452/1991. Er málavöxtum einnig lýst að nokkru í þeim dómum. Krafa varnaraðila um frávísun málsins er tengd þessari fyrri meðferð, og eru ekki efni til að sinna henni.

Fjárnámsheimildin er áskorunarstefna, sem gerð var aðfararhæf með áritun 2. febrúar 1987 fyrir þremur víxlum, að fjárhæð 500.000 krónur hver. Samþykkjandi víxlanna var sóknaraðili, en útgefandi var Helgi Þór Jónsson. Stefnandi í málinu var Landsbanki Íslands. Sóknaraðili telur, að Landsbankinn hafi verið dómhafi samkvæmt lögum nr. 19/1887 um aðför og varnaraðili hafi aldrei orðið það þrátt fyrir svofellt framsal bankans á áskorunarstefnunni 2. september 1987: „Kröfur samkvæmt þessari árituðu áskorunarstefnu eru hér með framseldar til Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., Tryggvagötu 26, Reykjavík. Skal hann njóta allra þeirra réttinda sem framseljandi á skv. stefnunni, allt án ábyrgðar framseljanda."

Í bréfi sýslumannsins á Selfossi 1. október sl. segir: „Hinn 2. september 1987 var Helga Þór Jónssyni veitt greiðslustöðvun í þrjá mánuði og hún síðan framlengd með úrskurði skiptaráðandans í Reykjavík til 2. febrúar 1988. Hinn 23. ágúst 1988 fékk Helgi Þór Jónsson síðan heimild frá skiptaráðandanum í Árnessýslu til að leita nauðasamninga. Leyfið afturkallaði hann síðan 8. nóvember 1988. Hinn 30. nóvember 1988 gaf Helgi Þór Jónsson sig og einkafirmu sín, Hótel Örk og Vélaleigu Helga Þórs Jónssonar, upp til gjaldþrotaskipta." Var varnaraðili Helga Þór Jónssyni til aðstoðar á greiðslustöðvunartíma samkvæmt 7. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 6/1978. Beiðni um greiðslustöðvun var lögð inn hjá skiptarétttinum 31. ágúst.

Sóknaraðili færir fram þau rök fyrir dómkröfu sinni fyrir Hæstarétti, að aðfarargrundvöllurinn samkvæmt áritunardóminum hafi verið fallinn niður, er fjárnámið var gert, þar sem fjárkrafan hafi

verið gerð upp með kaupum á veðskuldabréfum í eigu samskuldara hans, útgefanda víxlanna. Hafi því framsal kröfunnar til varnaraðila ekki verið gilt eða málamyndagerningur. Varnaraðili andmælir sjónarmiðum sóknaraðila varðandi aðfarargrundvöllinn. Vísar hann þar til framsals kröfunnar og mótmælir öllum staðhæfingum sóknaraðila sem röngum.

Í yfirlýsingu lögfræðideildar Landsbanka Íslands frá 2. október 1992 segir: „Það staðfestist hér með, að undirritaður lögmaður framseldi fyrir hönd Landsbanka Íslands áritaða áskorunarstefnu í málinu: Landsbanki Íslands gegn Sigurjóni Ragnarssyni, nnr. 7967-3005, Austurstræti 20, Reykjavík, sem árituð var 2. 2. 1987, vegna þriggja víxla, hvers að fjárhæð kr. 500.000,- með gjalddögum 01.05. 1986, 17.05. 1986 og 01.06. 1986, til lögmannsins Péturs Þórs Sigurðssonar hdl. vegna Helga Þórs Jónssonar, nnr. 5978-7489, Grænuhlíð 17, Reykjavík. Ofangreindir víxlar voru greiddir með kaupum á veðskuldabréfi af Helga Þór Jónssyni, en um leið voru nokkrar aðrar viðskiptaskuldir hans gerðar upp."

Auk yfirlýsingar þessarar hafa málsaðilar lagt fram yfirlýsingar lögfræðideildarinnar frá 8. og 16. maí 1991 um sama efni. Hins vegar liggja ekki fyrir í málinu kvittanir frá bankanum eða önnur bein gögn um greiðslu við það uppgjör, sem var undanfari hins umdeilda stefnuframsals.

Þegar atvik málsins eru virt, svo sem umsvifamikil lögfræðistörf varnaraðila fyrir Helga Þór Jónsson, greiðslustöðvun hins síðarnefnda, ofangreind yfirlýsing Landsbankans frá 2. október 1992, viðskipti hans sem lögmanns varðandi kröfukaup og að skuldbindingar samkvæmt áskorunarstefnunni voru greiddar „með kaupum á veðskuldabréfi af Helga Þór Jónssyni", þykir á skorta, að varnaraðili hafi fært að því fullnægjandi rök, að hann hafi ekki komið fram sem umboðsmaður Helga Þórs Jónssonar við framsal áskorunarstefnunnar þrátt fyrir orðalag á því.

Fallist er þannig á það með sóknaraðila, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hafi verið niður fallinn, er hin kærða fjárnámsgerð fór fram. Ber því að fella hana úr gildi.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin kærða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Varnaraðili, Pétur Þór Sigurðsson, greiði sóknaraðila, Sigurjóni Ragnarssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Föstudaginn 16. október 1992.

Nr. 389/1992. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Eiríki Rúnari Oddssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. október 1992 samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvist hans verði verulega stytt.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa, sbr. 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Frá því að hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 11. þessa mánaðar, var rannsókn málsins haldið áfram hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Meðal annars hefur verið tekin frekari skýrsla af kæranda og skýrslur af vitnum, er gátu borið um ferðir hennar og varnaraðila aðfaranótt 10. október sl., áður en til atburða þeirra kom, sem greint er frá í hinum kærða úrskurði. Þá liggur fyrir vottorð læknis um skoðun á kæranda. Gögn þessi lágu fyrir 14. þessa mánaðar.

Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald er byggð á því, að varnaraðili sé undir rökstuddum grun um að hafa framið verknað, sem fangelsisrefsing er lögð við samkvæmt almennum hegningarlögum, sbr. upphafsákvæði 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, svo og á því, að rannsóknarnauðsyn krefjist þess, sbr. a-lið sömu málsgreinar, þar sem sett er það skilyrði fyrir beitingu gæsluvarðhalds, ,,að ætla megi, að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka".

Þegar litið er til þeirrar rannsóknar, sem liggur fyrir í málinu samkvæmt framansögðu, þykja lagaskilyrði til gæsluvarðhalds

eigi lengur vera fyrir hendi. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður til handa talsmanni varnaraðila í Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði, verði greiddur úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður til handa talsmanni varnaraðila í Hæstarétti, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, 25.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 1992.

Ár 1992, sunnudaginn 11. október, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigríði Norðmann fulltrúa, kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert kröfu um, að Eiríki Rúnari Oddssyni, kt. 240846-4529, Brákarbraut 1, Borgarnesi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. október 1992 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Kærði hefur mótmælt kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Málavextir eru þeir, að X, [fædd 1938], Reykjavík, hefur lagt fram kæru á hendur kærða um, að hann hafi reynt að þröngva henni til kynferðismaka í kirkjugarðinum við Suðurgötu snemma að morgni laugardagsins 10. október 1992. Kærði hefur neitað að hafa framið þann verknað.

— — —

Með vísan til framanritaðs og rannsóknargagna málsins verður að telja, að kominn sé fram rökstuddur grunur um, að kærði hafi framið það brot, sem hann er sakaður um. Brot þetta getur varðað kærða fangelsisrefsingu samkvæmt 194. gr. eða 194. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Rannsókn málsins er enn á frumstigi, og verður að telja, að veruleg hætta sé á því, að kærði geti torveldað rannsóknina með því að spilla sakargögnum, verði hann frjáls ferða sinna.

Þykir því með skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1940 verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er

sett fram, en samkvæmt því skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 28. október 1992 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Eiríkur Rúnar Oddsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 28. október 1992 kl. 16.00.

Föstudaginn 16. október 1992.

Nr. 387/1991. **Leó E. Löve**

gegn

tollstjóranum í Reykjavík.

Kærumál. Lögtaksgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 24. september 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 6. sama mánaðar. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir mál þetta kærumeðferð eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst ómerkingar hinnar kærðu lögtaksgerðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu lögtaksgerðar og málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Hinn 25. mars 1991 gerði Gylfi Gautur Pétursson, fulltrúi yfirborgarfógeta, lögtak í fógetarétti Reykjavíkur hjá sóknaraðila vegna ógreidds launaskatts fyrir árið 1987. Bókað var:

„Fyrir var tekið: Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að endurupptaka lögtak hjá Leó E. Löve, 250348-2909, fyrir: launaskatti 1987, kr. 1.059.277,00 (LT-14.3. 1990), samtals kr. 1.059.277,00, auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram lögtaksbeiðni, rskj. nr. 1 (nr. 1 fylgir í ljósriti), en lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur á lögmætan hátt.

Fyrir gerðarþola mætir Sigurður Aðalsteinsson, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki geta greitt. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýnir fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Var þá bent á og skrifað upp: bifreiðin BD-171, Mercedes Benz, 220 SE, 1963, eign gerðarþola.

Samkvæmt beiðni lögmanns gerðarbeiðanda heimilar fógeti vörslusviptingu hins fjárnumda. Lögm. gerðarbeiðanda samþykkir, að gerðarþoli haldi hinu fjárnumda um stundarsakir.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangreindri bifreið gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, á fallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum."

Lögtaksbeiðni sú, sem lögð var fram í fógetaréttinum, var dagsett 28. mars 1990. Samkvæmt þeirri beiðni var lögtaksskuldin ásamt dráttarvöxtum og kostnaði 900.611 krónur, en strikað hafði verið yfir þá tölu og í staðinn skrifuð talan 1.059.277 krónur. Í lögtaksbeiðninni er þess ekki getið, að um endurupptöku máls sé að ræða, en á tveimur stöðum á bréfið hefur verið stimplað orðið „ENDURUPPTEKIÐ".

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit lögtaksgerðar, sem sögð er hafa farið fram hjá sóknaraðila 14. mars 1990. Var þar gert lögtak fyrir ógreiddum launaskatti fyrir árið 1987, 775.975 krónum. Gerðarþoli var ekki mættur, en fyrir hann mætti að tilhlutan fógeta Sigurður Aðalsteinsson. Fógeti lýsti yfir lögtaki í bifreiðinni FD-915, G-888, Mercedes Benz, árgerð 1977. Eftir að lögtak þetta hafði farið fram, kom í ljós, að framangreind bifreið var ekki eign gerðarþola.

II.

Sóknaraðili heldur því fram, að lögtaksrétturinn hafi verið fyrndur, þegar hin kærða lögtaksgerð fór fram 25. mars 1991. Um hafi verið að ræða launaskatt vegna ársins 1987 og dráttarvexti frá gjalddögum, sem voru 15. dag mánaðanna mars, maí, júlí, september og nóvember 1987 og janúar 1988 með eindögum mánuði síðar. Dráttarvextir séu reiknaðir af hverri fjárhæð fyrir sig, og dráttarvaxtareikningurinn miðist við fyrrgreinda gjalddaga, svo að elsta skuldin hafi verið meira en fjögurra ára gömul, þegar hin kærða lögtaksgerð fór fram, en sú yngsta meira en þriggja ára.

Sóknaraðili telur, að lögtaksrétturinn hafi einnig verið fyrndur, þegar lögtakið 14. mars 1990 var gert, þar sem yngsta gjaldið, sem lögtaks var krafist fyrir, var með gjalddaga 15. janúar 1988, rúmum tveimur árum fyrir lögtaksgerðina.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því, að lögtaksrétturinn hafi ekki verið fyrndur í mars 1991, þar sem tveggja ára frestinum samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sbr. 1. gr. laga nr. 83/1947, hafi verið slitið með lögtaksgerð þeirri, sem fram fór til tryggingar skuldinni 14. mars 1990. Álagningardagur skattkröfunnar hafi verið 21. júlí 1988, og miða verði upphaf fyrningarfrests á lögtaksréttinum við þann dag.

III.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 1. gr. laga nr. 83/1947, helst lögtaksréttur, þangað til tvö ár eru liðin frá gjalddaga kröfu. Nóg er, að lögtaksgerð sé byrjuð innan frestsins, enda sé lögtakinu haldið áfram með hæfilegum hraða. Séu gjalddagar kröfu fleiri en einn, skal telja frestinn frá síðari eða síðasta gjalddaga. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 115/1989, skulu launagreiðendur ótilkvaddir greiða launaskatt innheimtumanni ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra, og eru gjalddagar sex, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 151/1986. Hinn 15. apríl 1987 voru lagðir á dráttarvextir fyrir fyrsta tímabil launaskattsins 1987 og 15. febrúar 1988 fyrir hið síðasta tímabil. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885 ber að miða fyrningarfrestinn við síðasta gjalddagann, sem var samkvæmt þessu 15. febrúar 1988. Lögtaksrétturinn var því fyrndur, er hin umræddu lögtök voru gerð. Ber þegar af þeirri ástæðu að ómerkja hina kærðu lögtaksgerð.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hin kærða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Varnaraðili, tollstjórinn í Reykjavík, greiði sóknaraðila, Leó E. Löve, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 21. október 1992.

Nr. 289/1992. **Sigurður Kárason**

gegn

Birni Ólafi Hallgrímssyni og

Sigurði Magnússyni.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1992. Áfrýjað er öðru og síðara uppboði á fasteigninni Suðurgötu 22 á Sauðárkróki, þinglesinni eign sóknaraðila, sem fram fór í uppboðsrétti Sauðárkróks 4. júní 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992 og hefur verið skriflega flutt.

Í greinargerð kveðst sóknaraðili kæra „til niðurfellingar uppboðsmeðferð á fasteigninni Suðurgötu 22, Sauðárkróki, sem fram fer að kröfu Björns Ólafs Hallgrímssonar hrl".

Af hálfu varnaraðilans Björns Ólafs Hallgrímssonar er aðallega krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti, en til vara er krafist sýknu af dómkröfum sóknaraðila. Hann krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðilinn Sigurður Magnússon hefur ekki gert kröfur í málinu né skilað greinargerð.

Annað og síðara uppboð fór fram á hinni umræddu eign 4. júní 1992, og var eftirfarandi bókað í þingbók uppboðsréttar:

„Fyrir var tekið: ....

Uppboðsmálið nr. 30/1990.

Nauðungaruppboð á Suðurgötu 22, Sauðárkróki,

eign

Sigurðar Kárasonar.

Skjöl málsins liggja frammi í réttinum.

Lagt er fram:

Tilkynning og auglýsing í Morgunblaðinu.

Skjölin eru svohljóðandi: ....

Af hálfu uppboðsbeiðenda sækir þing Þorbjörn Árnason hdl., en af hálfu uppboðsþola er þing eigi sótt.

Fór nú fram önnur og síðari sala eignarinnar.

Að kynntum uppboðsskilmálum var leitað boða í eignina.

...

Sigurður Magnússon bauð kr. 1.250.000. Frekari boð bárust ekki, en Þorbjörn Árnason f. h. umbjóðanda síns óskaði þriðju og síðustu sölu.

Þriðja og síðasta sala er ákveðin þriðjudaginn 30. júní nk. kl. 10.00."

Í staðfestu ljósriti úr fasteignabók 8. október 1992 kemur fram, að 28. janúar 1991 er þinglýst á eignina veðskuldabréfi Halldórs Þ. Snælands á 3. veðrétt, 1.500.000 krónum, og fjárnámi Bakarís Friðriks Haraldssonar 10. febrúar 1992 á 4. veðrétt, 20.603 krónum. Samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru meðal aðila uppboðs veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1991. Af áfrýjunarstefnu kemur fram, að ofangreindum veðhöfum hefur ekki verið stefnt til varna í Hæstarétti.

Með hliðsjón af framansögðu verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila Birni Ólafi Hallgrímssyni kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sigurður Kárason, greiði varnaraðila, Birni Ólafi Hallgrímssyni 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 22. október 1992.

Nr. 388/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Steini Ármanni Stefánssyni.

Kærumál. Réttarfar í opinberum málum. Framlagning skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. október 1992 með vísan til 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Er það krafa hans, að hinn kærði úrskurður „verði úr gildi felldur og ákæruvaldinu verði gert skylt að draga til baka öll utanréttarvottorð þeirra manna, sem skylt er að koma fyrir dóm sem vitni í málinu". Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara er lýst því viðhorfi, að ekki sé heimilt að skjóta máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sbr. upphaf 3. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991, og beri því að vísa kærunni frá Hæstarétti. Verði svo ekki gert, er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur að niðurstöðu til.

Í 3. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 segir, að úrskurður dómara verði ekki kærður til Hæstaréttar, „ef athöfn, sem kveðið er á um í úrskurðinum, hefur þegar farið fram eða ástand, sem leitt hefur af ákvæðum úrskurðarins, er þegar um garð gengið". Ákvæði þetta þykir ekki girða fyrir kæru framangreinds úrskurðar til Hæstaréttar.

Kröfugerð af hálfu ákærða fyrir Hæstarétti, þar sem skírskotað er til „utanréttarvottorða", verður að skilja í samræmi við það, sem bókað var eftir verjanda hans í þinghaldi í héraðsdómi Reykjavíkur 7. október sl., en þar kvað hann með sams konar kröfu átt við „allar lögregluskýrslur í málinu aðrar en vettvangslýsingar og sambærileg gögn".

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 9. október 1992.

Ár 1992, föstudaginn 9. október, er dómþing héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Fyrir héraðsdómi Reykjavíkur er til meðferðar mál ákæruvaldsins gegn Steini Ármanni Stefánssyni. Á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur 7. þ. m., er þingað var í málinu, en ákært er fyrir brot gegn 173. gr. a, 168., 219., 4. mgr. 220. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga auk brota gegn umferðarlögum, kom fram krafa verjanda ákærða þess efnis, að ákæruvaldið yrði skyldað til að draga til baka öll utanréttarvottorð, og var í þessu sambandi vísað til 48. og 3. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991. Verjandinn kvaðst með þessari kröfugerð eiga við það, að allar lögregluskýrslur í málinu yrðu dregnar til baka nema vettvangslýsingar og sambærileg gögn.

Fram kom í máli verjandans á dómþingi 7. þ. m., að hann teldi lög nr. 19/1991 leiða til þess, að ákæruvaldi væri ekki heimilt að leggja fram utanréttarvottorð, en verjandi taldi þau skjöl, er kröfugerðin tekur til, vera slík skjöl. Í þessu sambandi vísaði verjandi til 48. og 3. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991.

Kröfunni er mótmælt af hálfu ákæruvaldsins, sem telur engin lagaskilyrði koma til greina til að verða við kröfugerð verjandans.

Niðurstöður.

Mál þetta var þingfest 18. september sl. og þá lögð fram þau skjöl, er dóminum bárust með ákæruskjali málsins, svo sem venja hefur verið. Næst var þingað í málinu 1. þ. m. og þá lögð fram skjöl, og loks var þingað í málinu 7. þ. m. og þá enn lögð fram ný skjöl.

Lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála höfðu í för með sér ýmsar breytingar á opinberu réttarfari. Samkvæmt ofanrituðu er úrlausnarefnið hér það, hvort lögin feli það í sér, að ákæruvaldið beri að skylda til að draga hluta fram lagðra skjala til baka, en í því fælist þá viðurkenning þess, að framlagningin af hálfu ákæruvaldsins hefði verið óheimil.

Verður nú vísað í nokkur ákvæði laga nr. 19/1991 til rökstuðnings því áliti dómsins, að engin breyting að þessu leyti hafi orðið við gildistöku laganna, hvorki með vísan til ákvæða, er verjandi tiltók, né með vísan til annarra ákvæða laganna.

Í 3. mgr. 48. gr. er vikið að skýrslum, er gefnar hafa verið við frumrannsókn máls hjá lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila. Dómurinn skilur þetta ákvæði svo, að skjöl þessi verði lögð fram af hálfu ákæruvalds við meðferð málsins, svo sem tíðkast hefur, en í niðurlagi þessarar lagagreinar

kemur fram, að dómari meti sönnunargildi slíkra skýrslna, ef ekki er unnt af einhverjum ástæðum að yfirheyra fyrir dómi þá aðila, er slíkar skýrslur hafa gefið.

Í 3. mgr. 59. gr. laganna er beinlínis gert ráð fyrir því, að skýrslur vitna og annarra, er gefið hafa skýrslu hjá lögreglu, verði lagðar fram í dómi, enda gert ráð fyrir því, að dómari kynni þessum aðilum skýrslurnar, svo sem nánar er lýst í þessu ákvæði. Dómurinn telur því utanréttarvottorð, sem lýst er í síðara málslið 3. mgr. 59. gr., ekki eiga við um skýrslur vitna og annarra hjá lögreglu.

Í 67. gr. laganna er lýst markmiði frumrannsóknar, þar sem segir, að gagna skuli aflað, m. a. til undirbúnings málsmeðferðar. Dómurinn skilur það ákvæði svo, að þessi skjöl, sem aflað hefur verið, verði af ákæruvaldsins hálfu lögð fram við málsmeðferðina, svo sem tíðkast hefur, og í 2. mgr. 119. gr. segir, að ákæra og gögn málsins skuli send héraðsdómi í nægilega mörgum eintökum.

Í 3. mgr. 119. gr. er kveðið á um skyldu dómara til að athuga, hvort ágallar séu á málatilbúnaði ákæruvaldsins, svo að máli beri að vísa frá dómi af sjálfsdáðum. Í lagagreininni er m. a. rætt um þann ágalla, að rannsókn hafi verið svo áfátt, að augljóslega fari í bága við 67. gr. laganna. Ógerlegt væri fyrir dómara að gegna þessari skyldu sinni, ef ekki fylgdu ákæru sams konar skjöl og verjandi ákærða hefur krafist, að numin verði úr máli þessu. Svipað ákvæði er í 3. mgr. 122. gr. laganna.

Þá segir í 122. gr. laganna, að mál sé þingfest, er dómari leggur fram á dómþingi ákæru og önnur gögn málsins. Ef skilningur verjanda ákærða yrði ofan á, þá yrðu í mjög mörgum sakamálum ekki lögð fram önnur skjöl en ákæra og e. t. v. sakavottorð. Þessi skilningur fær ekki staðist, t. d., ef 125. gr. laganna er skoðuð. Þar segir, hvernig ljúka megi málum, er þar eru greind, með tilteknum skilyrðum. Eitt þeirra er, að dómari telji ekki ástæðu til að draga í efa, að játning sé sannleikanum samkvæm. Dómari gæti í þessum málum ekki lagt á þetta mat, nema svipuð gögn fylgdu málinu og verjandi ákærða hefur nú krafist, að verði dregin til baka úr máli þessu.

Þá má nefna 2. mgr. 128. gr., þar sem gert er ráð fyrir gagnaöflun, m. a. í formi skjala.

Loks segir í 3. mgr. 129. gr., að ákærandi geri í upphafi aðalmeðferðar grein fyrir því, hvaða gögnum ákæran sé studd. Oft er ekki öðrum gögnum til að dreifa í sakamálum en þeim, er verjandi ákærða krefst, að dregin verði til baka í máli þessu. Augljóst er, að ákærandi gæti í slíkum tilfellum ekki gert grein fyrir ákærunni, þar sem hún væri þá ekki studd neinum gögnum, er heimilt væri að leggja fram.

Ekki er langur tími liðinn frá gildistöku laga nr. 19/1991, og þess vegna

verður tæplega sagt, að skapast hafi venjur um framkvæmd þeirra. Hins vegar má benda á það, að engin breyting hefur orðið á framlagningu dómskjala af hálfu ákæruvalds frá gildistöku laganna, enda telur dómurinn, að ekki hafi verið ætlast til þess með hinum nýju lögum, svo sem rakið hefur verið.

Þegar ofangreind ákvæði eru skoðuð, telur dómurinn einsýnt, að ekki hafi staðið til að breyta reglum um framlagningu skjala, svo sem verjandi ákærða hefur haldið fram. Þótt dómurinn telji ákæruvaldið hafa allfrjálsar hendur um það, hvaða skjöl það lætur fylgja ákæru til stuðnings málatilbúnaði sínum, virðist ljóst, er framangreind lagaákvæði eru skoðuð, að ákæruvaldinu er ekki einungis rétt, heldur beinlínis skylt að leggja fram þau skjöl, er verjandi ákærða hefur krafist, að dregin verði til baka úr máli þessu, ella er vandséð, hvernig ákæruvaldið gæti sinnt þeim skyldum, er á það eru lagðar í lögunum. Vikið hefur verið að ástæðum þessa hér að framan. Hafi vakað fyrir löggjafanum að breyta reglunum um framlagningu skjala, hefði þurft að kveða skýrt á um það. Þá telur dómurinn, eins og áður greinir, að fráleitt sé að túlka lögin svo sem verjandi ákærða hefur krafist, því að þá hefðu lögin að geyma fjölmargar þversagnir, svo sem áður er getið. Þessu til viðbótar má benda á, að í almennum athugasemdum, er fylgdu frumvarpinu að í lögunum, eru taldar upp þær meginbreytingar, er lögin hefðu í för með sér á meðferð opinberra mála. Ekkert er þar, sem bendir til þess, að kröfu verjanda ákærða beri að taka til greina. Í athugasemdum þessum segir m. a.: „Ákærandi skal að jafnaði vera viðstaddur málsmeðferð. Hann mælir fyrir um það, hvaða gögn verði fram færð af hálfu ákæruvalds, en ekki dómari. Þó athugast, að dómara ber að gæta þess, að fram verði færð næg gögn, til þess að rétt niðurstaða fáist í máli ....."

Rétt er að taka fram, að reglur um sönnunarbyrði og frjálst mat dómara á sönnunargögnum eru óbreyttar frá eldri lögum um sama efni. Þá hefur ákæruvaldið óskað eftir því, að lögreglumenn og aðrir, er komu við sögu við frumrannsókn máls þessa o. fl., verði yfirheyrðir fyrir dóminum við aðalmeðferðina. Verjandinn hefur nú fengið frest til að nefna vitni, er óskast leidd af hálfu ákærða. Dómara, ákæranda og verjanda gefst því kostur á að spyrja alla þessa aðila við dómsmeðferðina, svo sem verið hefur við meðferð opinberra mála.

Þegar allt ofanritað er virt, telur dómurinn, að hvorki þau lagaákvæði, sem verjandi vitnaði til vegna kröfu sinnar, né önnur ákvæði laga nr. 19/1991 verði skilin svo, að rétt eða skylt sé að verða við kröfu verjandans, þess efnis, að ákæruvaldinu verði gert að draga hluta fram lagðra skjala til baka.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu verjanda ákærða um, að ákæruvaldinu verði gert skylt að draga hluta fram lagðra skjala máls þessa til baka.

Fimmtudaginn 22. október 1992.

Nr. 157/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Petru Sigríði Gunnarsdóttur
(Ólafur B. Árnason hrl.).

Þjófnaður. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. mars 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið „staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar refsiákvörðun, en jafnframt frávísunar á skaðabótakröfu og niðurstöðu dóms um skaðabætur".

Kröfur ákærðu eru hinar sömu og kröfur ákæruvalds hér fyrir dómi.

Eins og kröfugerð ákæruvaldsins er háttað, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en skaðabótakröfur Heyrnleysingjaskólans. Þær eru eigi studdar nokkrum gögnum, og ber því að vísa þeim frá héraðsdómi.

Kröfugerð ákæruvalds og ákærðu fyrir Hæstarétti er samhljóða og beinist eingöngu að því, að vísað verði frá héraðsdómi bótakröfu, sem héraðsdómari tók til greina, án þess að nokkur gögn henni til stuðnings lægju fyrir, eins og fyrr segir. Með hliðsjón af þessu þykir rétt, að áfrýjunarkostnaður málsins falli á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um refsingu ákærðu, Petru Sigríðar Gunnarsdóttur, og sakarkostnað.

Skaðabótakröfu Heyrnleysingjaskólans er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 14. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. janúar sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru, út gefinni 17. janúar 1992, á hendur Petru Sigríði Gunnarsdóttur, Háteigi, Akureyri, fæddri 18. ágúst 1973, fæðingarnúmer 562, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt sunnudags 21. júlí 1991 brotist inn í Heyrnleysingjaskólann í Vesturhlíð í Reykjavík í félagi við X og Y, unnið þar spjöll og stolið símtæki, hljóðnema, magnara og segulbandi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Ákærða hefur hér fyrir dóminum játað brot sitt, eins og því er lýst í ákæru, og er sú játning hennar í samræmi við framburð hennar fyrir lögreglu og önnur gögn málsins. Telst sök hennar því nægjanlega sönnuð, og varðar brotið við 244. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, svo sem í ákæru greinir.

Ákærða hefur samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins sætt refsingum sem hér segir:

Nr. 28 Ákærufrestun, skb. 2 ár frá 25.1. 1990, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

1990 21.6. Fíkniefnadómur. Nr. 3837. Sátt: 18.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

1991 1.8. Eyjafjarðars., Aey. Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umfl. Svipt ökul. 12 mán. frá 1. 8. 1991.

1991 8.8. Eyjafjarðars., Aey. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað, skb. 2 ár, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

Til viðbótar framangreindu var ákærða dæmd hér í sakadómi Akureyrar í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, 12. nóvember 1991.

Refsing ákærðu samkvæmt 60. og 78. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, en rétt þykir, að fullnustu refsingar verði frestað og hún falli niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Í málinu liggur fyrir bótakrafa, að fjárhæð 490.000 kr., frá Heyrn-

leysingjaskólanum. Ákærða hefur vefengt fjárhæð kröfunnar, en fallist á að greiða sanngjarnar bætur. Krafan þykir nægjanlega rökstudd í skjölum málsins, og ber að dæma ákærðu til greiðslu hennar. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærða, Petra Sigríður Gunnarsdóttir, sæti fangelsi í 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði Heyrnleysingjaskólanum 490.000 kr. í skaðabætur.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. október 1992.

Nr. 200/1990. **Eric Earnest Burgeson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Brauðbæ
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Verksamningur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. maí 1990. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 702.000 krónur með 4,1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af 211.000 krónum frá 16. september 1988 til 30. sama mánaðar, 2,8% dráttarvöxtum af 394.000 krónum frá þeim degi til 4. október 1988, sömu vöxtum af 702.000 krónum frá þeim degi til loka þess mánaðar, með 27,6% ársvöxtum fyrir nóvembermánuð 1988 og 24% ársvöxtum fyrir desembermánuð 1988, en með 21,6% ársvöxtum frá 1. janúar 1989 til 28. febrúar sama ár og 24% frá þeim degi til 31. mars sama ár, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987, þó þannig, að á hverju 12 mánaða tímabili bætist dráttarvextir fyrir það tímabil við höfuðstól og beri sömu dráttarvexti og hann, í fyrsta sinn 16. september 1989. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að kominn hafi verið á fullgildur samningur milli aðila málsins um ræstingu í Viðeyjarstofu. Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir þeim tvennum drögum að samningi, sem fyrir liggja í málinu. Síðari drögin höfðu að geyma ýmsar breytingar frá hinum fyrri, að því er varðaði umfang og tilhögun verksins. Er upplýst, að þær breytingar voru gerðar að frumkvæði stefnda. Þar var og í fyrstu gert ráð fyrir 5 klukkustundum á dag sem hámarkstíma til verksins, eins og verið hafði í fyrri drögum. Áfrýjandi breytti síðan einhliða tímafjöldanum

þannig, að hámarkstími varð 15 klukkustundir að með töldum ferðatíma. Í hvorum tveggja drögunum var gert ráð fyrir því, að endurgjald fyrir hverja klukkustund væri 1000 krónur.

Þegar virt eru framangreind samningsdrög og það, sem fram hefur komið um tilurð þeirra, verður ekki fallist á það með áfrýjanda, að fyrir hafi legið samkomulag um fjölda vinnustunda við ræstingu dag hvern. Á hinn bóginn hefur stefnda ekki tekist að hrekja þá fullyrðingu áfrýjanda, að af hálfu beggja hafi verið við það miðað, að endurgjald fyrir hverja klukkustund skyldi vera 1000 krónur. Ber því við það að miða.

Viðbrögð stefnda við kröfugerð áfrýjanda urðu þau að fá Helga G. Þórðarson verkfræðing til að gera tímamælingu á ræstingu í Viðeyjarstofu, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjanda var í lófa lagið af þessu tilefni að fá dómkvadda matsmenn til að meta verk sitt og renna stoðum undir kröfugerð sína. Þetta gerði hann ekki. Þykir því eðlilegt, að um tímafjölda verði byggt á mælingu verkfræðingsins, sem er eina haldbæra gagnið í málinu um þetta efni, en niðurstaða hans varð sú, að umrætt verk tæki sex klukkustundir og þrjá stundarfjórðunga á dag að meðaltali. Reikningsgerð áfrýjanda í málinu er fyrir 33 daga, þ. e. frá 1. september til 3. október 1988. Verður vinnustundafjöldinn á því tímabili þannig 222 klukkustundir og 45 mínútur. Þar við ber að bæta 33 klukkustundum vegna ferða, svo að í heild ber að greiða 1000 krónur fyrir 255 klukkustundir og 45 mínútur, samtals 255.750 krónur.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans, að því er varðar endurgjald fyrir tímabilið 18. til 31. ágúst 1988, svo og um sýknu stefnda af kröfu áfrýjanda um bætur fyrir ólögmæta brottvikningu.

Dráttarvextir verða dæmdir á framangreinda fjárhæð eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Brauðbær, greiði áfrýjanda, Eric Earnest Burgeson, 255.750 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. nóvember 1988 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. febrúar sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 6. apríl 1989, af Eric Earnest Burgeson, Síðumúla 21, Reykjavík, kt. 290955-7779, á hendur firmanu Brauðbæ, Óðinstorgi, Reykjavík, kt. 520165-0299, en f. h. firmans er stefnt Bjarna Ingvari Árnasyni, Haukanesi 23, Garðabæ, til greiðslu skuldar og skaðabóta, að fjárhæð 702.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu. Þá er einnig krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættu söluskattsálagi og að málskostnaðarfjárhæð ber dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst að beiðni stefnda hafa tekið að sér ræstingarstörf í Viðey og hafið þau 18. ágúst 1988. Kveðst hann áður hafa unnið hjá stefnda um alllangt skeið við ræstingar og hreingerningar, og hafi stefnda því verið kunnugt um hæfni sína, starfsaðferðir, vandvirkni og samviskusemi. Kveðst hann hafa unnið sem verktaki. Starfslok hafi orðið 3. október 1988, en sér hafi verið fyrirvaralaust vísað úr starfi. Er hann hóf störf, hefði verið nokkuð á reiki, hvað stefnandi ætti að vinna. Gerð hefðu verið tvenn drög að vinnusamningi. Í hinum síðari er tekið fram, að vinnutilhögun verði tilgreind nánar, þegar reynsla liggi fyrir. Telur stefnandi, að þessi reynsla hafi legið fyrir, þegar hann framvísaði reikningi fyrir tímabilið 18.-31. ágúst 1988, að fjárhæð 146.000 kr.

Stefndi hafi greitt reikning þennan í tvennu lagi, 13. september 1988 70.000 kr. og 20. s. m. 76.000 kr. Hafi þessar greiðslur báðar verið inntar af hendi athugasemda- og fyrirvaralaust af hálfu stefnda. Engar nánari skilgreiningar hafi verið gerðar á vinnutilhögun. Verði þessi framkoma stefnda ekki skilin á annan veg en þann, að þar með hafi fullt samkomulag orðið með aðilum um það, hvern veg skyldi staðið að umræddu starfi stefnanda og hvert endurgjaldið skyldi vera. Engum andmælum hafi heldur verið hreyft, þegar stefnandi framvísaði reikningi sínum fyrir tímabilið 1.-15. september 1988, að fjárhæð 211.000 kr. Stefndi hafi dregið að greiða, og hafi stefnandi ekki talið það óeðlilegt miðað við dráttinn á greiðslu fyrsta

reikningsins. Var óbreytt vinnutilhögun stefnanda þegin áfram athugasemdalaust sem og fyrir tímabilið 16.-30. september 1988, en við framvísun reikningsins fyrir það tímabil, að fjárhæð 183.000 kr., kveðst hann hafa gert ákveðna kröfu um, að fyrri reikningur yrði greiddur. Hafi það verið 3. október 1988, en þá hafi hann unnið dagana 1.-3. október 1988. Stefnandi segir, að þegar þessi ákveðna krafa um greiðslu hafi komið fram af sinni hálfu, hafi sér umsvifalaust verið vísað á dyr og sagt að koma ekki aftur. Hafi þetta atvik orðið í skrifstofu stefnda við Óðinstorg 3. október 1988, er hann hafði lokið störfum fyrir stefnda þann dag. Telur stefnandi, að hér hafi verið um fyrirvaralausan brottrekstur úr starfi að ræða, og hafi hann orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Kveður hann starfa þann, er hann tók að sér í Viðey, hafa reynst það tímafrekan, að hann hafi orðið að losa sig við öll önnur verkefni, sem hann þá hafi haft með höndum, enda hafi þá þegar komið fram í samtölum, að þarna væri um framtíðarstarf að ræða, og af fyrri kynnum sínum hafi stefnandi enga ástæðu haft til þess að draga í efa þessar yfirlýsingar stefnda. Það hafi verið sérstakt við þennan vinnustað, að yfir sjó hafi verið að sækja. Hafi sér verið vísað á ferðir með þeim aðila, sem séð hafi um flutninga á fólki og varningi að og frá Viðey. Stefnandi kveðst hafa haft samband við þennan aðila og fengið þær upplýsingar, að engar fastar áætlunarferðir væru út í Viðey, en farið væri að jafnaði um tíuleytið að kvöldi. Væri óvarlegt fyrir stefnanda að treysta á síðari ferð þangað. Kveðst stefnandi því jafnan hafa farið með þessari ferð, enda hafi með engu móti mátt bregðast, að hann hefði lokið störfum sínum, áður en gestir kæmu þar næsta dag um hádegi. Hafi stefndi allan tímann vitað um þessa tilhögun og verið henni algjörlega samþykkur, og sama hafi átt við um ferð stefnanda til lands að afloknu starfi sínu, en það hafi ekki verið fyrr en báturinn kom næsta dag, sem hafi getað verið á ýmsum tímum, allt eftir því, hvernig stóð á í landi og hvern veg gestakomu háttaði þann dag. Beri stefnda að greiða allan þann kostnað, sem af þessum sérstöku aðstæðum á vinnustað leiði, enda hafi það út af fyrir sig aldrei sætt andmælum af hálfu stefnda. Af þessu sé ljóst, að vinna stefnanda hafi að nær öllu leyti verið unnin að nóttu til, enda hafi endurgjald það, sem aðilar hafi orðið sammála um í drögunum, að sjálfsögðu miðast við þá staðreynd.

Stefnandi kveður hina fyrirvaralausu brottvísun hafa komið sér mjög illa. Ekkert hafi verið á lausu, og hafi stefnandi því verið tekjulaus með öllu. Áætlar hann tjón sitt vegna þessa 270.000 kr. Hefur hann áætlað, að hefði hann starfað áfram hjá stefnanda, hefði hann farið í átján skipti út í Viðey og haft í endurgjald 270.000 kr. Sé hér í raun um mjög lága áætlun að ræða, ekki síst þegar þess sé gætt, að á tímabilinu 18.-31. ágúst hafi stefnandi farið alla daga nema einn til vinnu í eyjunni, alla daga september-

mánaðar svo og alla daga októbermánaðar, sem liðnir voru, þegar sér hafi verið vikið úr starfi. Sé kröfu sinni að þessu leyti því mjög í hóf stillt.

Dómkrafa stefnanda sé þannig fram sett: Störf fyrir tímabilið 1.-15. september 211.000 kr., fyrir tímabilið 16.-30. s. m. 183.000 kr., fyrir tímabilið 1.-3. október 38.000 kr. og loks bætur vegna ólögmætrar brottvikningar, 270.000 kr. Samtals nemi þessar fjárhæðir stefnukröfunni, 702.000 kr.

Stefnandi kveður kröfu sína setta fram með vísan til laga nr. 28/1930, laga nr. 7/1936, nr. 16/1958 (sic) og nr. 25/1987.

Stefndi hafi verið krafinn um greiðslu með bréfum, dags. 28. október 1988 og 22. nóvember s. á., en greiðslu hafi verið hafnað af hálfu stefnda með bréfi, dags. 1. des. 1988. Í svarbréfinu segi, að fenginn hafi verið verkfræðingur til að meta kostnað við þrif á Viðeyjarstofu. Mat þetta sé augljóslega unnið eftir einhliða upplýsingum stefnda, enda hafi við framkvæmd þess ekki verið gætt þeirrar lágmarksskyldu að gefa stefnanda kost á því að leggja þar orð í belg, því að sér hafi ekki verið tilkynnt um mat þetta.

Stefnandi telur, að drög þau að vinnutilhögun, sem lögð hafa verið fram í málinu, með þeim breytingum, sem stefnandi hafi gert á þeim, hafi orðið grundvöllur samnings aðila um störf stefnanda. Hafi þetta verið staðfest með hinum nákvæmlega sundurliðaða reikningi stefnanda, sem stefndi hafi síðan greitt athugasemdalaust. Verði að telja, að stefnda hafi verið ljóst, að stefnandi hafi álitið, að með þessu væri kominn á samningur um starfssviðið, tilhögun verksins og endurgjald fyrir það. Stefnda hafi því borið skylda til, ef hann hafi viljað framkvæmd starfans með einhverjum öðrum hætti, að tjá stefnanda það án dráttar, en hann hafi enga athugasemd gert. Með því að þiggja athugasemdalaust áframhaldandi vinnu stefnanda hafi stefndu augljóslega skuldbundið sig til þess að greiða sér áfram í samræmi við fyrsta reikning sinn, sem greiddur hafi verið án athugasemda eða óska um breytta tilhögun.

Af hálfu stefnda er málavöxtum svo lýst, að er stefndi hafi hafið veitingarekstur í Viðey 18. ágúst 1988 í samvinnu við Reykjavíkurborg, hafi stefndi spurt stefnanda, hvort hann vildi taka að sér ræstingar í Viðey. Hafi honum jafnframt verið tjáð, að líklega yrði töluvert að gera í ágúst og ef til vill í september. Um veturinn yrði veitingastaðurinn ekki opinn nema þá hugsanlega um helgar og þegar Reykjavíkurborg óskaði. Hafi stefnandi samþykkt þegar í stað að taka að sér ræstingarnar. Honum hafi jafnframt verið tjáð, að umfang þeirra væri ekki þekkt og því ekki vitað, hvað greitt yrði fyrir þær. Hins vegar ætti að vinna ræstingarnar í dagvinnu, eins og kostur væri. Hafi stefnanda í því sambandi verið kynntur samningur stefnda við Reykjavíkurborg þess efnis, að borgin ábyrgðist, að starfsfólk og aðföng

yrðu flutt til og frá eynni. Einnig hafi stefndi afhent stefnanda drög að samkomulagi um ræstingar í Viðey, dskj. nr. 3, sem byggð hafi verið á hugmynd stefnanda um greiðslur. Stefnandi hafi síðan hafið störf 18. ágúst 1988. Strax í byrjun september 1988 hafi stefnandi komið með reikning sinn á dskj. nr. 5. Þvert á venju hafi honum ekki verið greiddur reikningurinn, heldur hafi verið gerð athugasemd við fjárhæð hans. Hafi stefnanda jafnframt verið sagt, að til stæði að láta verkfræðing gera úttekt á því, hvað greiða ætti fyrir ræstingarnar. Stefnandi hafi komið að meðaltali einu sinni á dag til að vitja um greiðslu, og hafi honum loks verið greitt inn á reikninginn 13. september 1988 70.000 kr. Hafi honum verið tjáð við það tækifæri, að ekki væri verið að samþykkja reikninginn, enda væri hann óeðlilega hár, og næði fjárhæð hans raunar ekki nokkurri átt. Hafi honum jafnframt verið bent á, að reikningur sem þessi stæðist enga kjarasamninga né sanngirni. Stefnandi hafi komið áfram daglega og sagt, að sig vantaði sárlega peninga. Ekki hafi verið ætlunin að greiða honum afgang reikningsins, en starfsstúlka stefnda hafi samt gert það í góðri trú 20. september 1988. Það hafi verið tveir starfsmenn stefnda, fjármálastjóri og framkvæmdastjóri, sem báðir hefðu mótmælt fjárhæð reikningsins við stefnanda og tilkynnt honum, að hann væri greiddur með fyrirvara. Þegar stefnandi hafi komið með reikning á dskj. nr. 6, hafi hann verið kallaður til stefnda og spurður að því, hvort hér væri ekki fulllangt gengið, og í framhaldi af því, hvort ekki væri hægt að komast að samkomulagi um sanngjörn kjör fyrir ræstingarnar. Kvaðst stefndi ekki geta greitt 211.000 kr. í laun fyrir skúringar í hálfan mánuð. Hafi svör stefnanda verið á þá leið, að stefndi græddi nóg á áfengissölu og sín laun væru smánarlaun. Í hálfan mánuð kveðst stefndi hafa reynt ásamt yfirmatreiðslumanni sínum, Stefáni Sigurðssyni, að komast að samkomulagi við stefnanda, en án árangurs. Að lokum hafi stefnanda verið sagt, að stefndi gæti ekki greitt þvílík laun og það gengi ekki, að stefnandi ákvæði laun sín sjálfur. Hafi stefnandi ekki mætt til vinnu eftir þetta, og hafi stefnda fundist það eðlilegt. Hafi hann ráðið þriðja aðila í skúringarnar og greitt fyrir það skv. mati, dskj. nr. 14, 80.000 kr.

Rökstuðning sinn fyrir aðalkröfu og varakröfu kveður hann vera eftirfarandi: Kveðst hann halda því fram, að reikningar stefnanda séu ekki sanngjarnir, og því beri sér ekki að greiða þá að fullu. Vísar hann til kaupalaga nr. 39/1922 í því sambandi, einkum 5. og 6. gr. Þau laun, sem stefnandi hafi ætlað að skammta sér fyrir ræstingar í Viðey, hafi numið 211.000 kr. fyrir hálfan mánuð, 422.000 kr. fyrir einn mánuð. Þessir reikningar séu bersýnilega ósanngjarnir. Ekki hafi verið búið að semja um kaup og kjör við stefnanda, hvorki skriflega né munnlega, en það þýði ekki, að hann hafi átt að hafa sjálfdæmi um kaupið. Reyndar sjáist á þeim drögum,

er stefnanda hafi verið afhent strax í upphafi, sbr. dskj. nr. 3, að hugmynd stefnanda um greiðslu á dag þá daga, sem opið hafi verið, hafi verið um það bil 4-5 þúsund krónur. Stefnandi rukki stefnda hins vegar um 15.000 kr. fyrir hvert skipti. Hafi stefnandi því hækkað sig um 200%, frá því að hann tók að sér skúringarnar. Vert sé að hafa í þessu sambandi í huga gildandi taxta fyrir tímamælt ákvæði í ræstingarvinnu skv. launatöxtum Verkakvennafélagsins Framsóknar í september 1988. Hann hafi verið frá 314,52 kr. til 379,35 kr. eftir því, hvort um dag- eða eftirvinnu hafi verið að ræða.

Gerðar hafi verið athugasemdir við stefnanda, strax og hann framvísaði fyrsta reikningnum, enda hafi hann ekki fengið þann reikning greiddan þvert á venju. Honum hafi strax verið tilkynnt, að stefndi ætlaði sér ekki að greiða svo gífurlega fyrir skúringar. Jafnframt hafi verið að því fundið við hann, að hann vann verk sitt í næturvinnu, en honum hafi verið sagt að vinna það, eins og kostur væri, í dagvinnu. Að sögn starfsfólks stefnda hafi stefnandi gjarnan komið út í Viðey um kl. 22 á kvöldin og „hékk yfir gestunum, þangað til þeir síðustu fóru". Hafi hann oftast lesið bækur þangað til. Þó hafi komið fyrir, að hann svæfi. Því mun furðulegri sé þessi vinnutími stefnanda, þegar það sé virt, að ferðir hafi verið út í eyju, bæði þegar síðustu gestir voru sóttir um kl. 1 eða síðar og einnig alla morgna þann tíma, er stefnandi skúraði fyrir stefnda, sbr. dskj. nr. 17 og nr. 20. Hafi verið ætlast til þess, að stefnandi notaði sér þær ferðir. Ef einhver annar tími hentaði stefnanda, hafi honum verið sagt að hafa samband við Hafstein Sveinsson, ferjuaðilann, því að Reykjavíkurborg hafði skuldbundið sig til þess að koma honum út í eyju, þegar hann vildi, sbr. dskj. nr. 17.

Ferjan hafi farið út í eyju nær undantekningarlaust kl. 8 á morgnana, og ef það hafi brugðist, þá kl. 9 eða 10. Stefnandi hafi vitað það, að það átti að skúra í dagvinnu, ekki næturvinnu. Honum hafi verið tilkynnt það, er hann hóf störf, og einnig hafi hann átt að vita það eftir störf sín á Hótel Óðinsvéum, en þar sé skúrað á morgnana.

Stefnandi reyni í greinargerð sinni að gera lítið úr mati Helga G. Þórðarsonar verkfræðings og segi matið unnið eftir einhliða upplýsingum stefnda og að stefnandi hafi ekki átt þess kost að leggja orð í belg. Hér verði að líta til þess, að ekki var verið að leggja mat á flókið ágreiningsefni, heldur var beðið um tímamælingu á ræstingu í Viðeyjarstofu. Sé það reiknað út frá stærð þess svæðis, sem um sé að ræða, og tegund gólfefnis. Hvort tveggja hafi verið látið í té, eins og sést á matinu. Hér þurfi því ekki vitnaleiðslur eða framsögu. Helgi G. Þórðarson verkfræðingur sé alvanur matsgerð sem þessari, og hafi Verkakvennafélagið Framsókn bent á hann sem réttan aðila til að gera mat sem þetta.

Stefnandi segi í greinargerð sinni, að hann hafi þurft að losa sig við öll önnur verkefni, þegar hann hafi tekið til starfa í Viðey. Hann krefjist síðan bóta vegna „fyrirvaralausrar uppsagnar", 270.000 kr. Þessi krafa eigi ekki við nein rök að styðjast. Í fyrsta lagi hafi stefnandi verið verktaki hjá stefnda, og í öðru lagi hafi stefnanda verið sagt þegar í upphafi, að ekki væri vitað, hversu mikil aðsókn yrði út í Viðey. Honum hafi einnig verið tjáð, að líklega yrði lítið opið um veturinn, þó hugsanlega um helgar og þegar Reykjavíkurborg æskti þess. Hvort stefnandi hafi sagt upp öðrum störfum, sé algerlega hans mál. Það hafi verið algjör óvissa um það, hvenær yrði opið í Viðey, og stefndi hafi því engan hag haft af því að segja stefnanda eitthvað annað.

Niðurstaða

Aðilar eru sammála um, að stefnandi hafi unnið verkið sem verktaki, og verður því við það miðað, þótt tilhögun líkist meira vinnusamningi að ýmsu leyti.

Endanlegur samningur um verklaun hafði ekki verið gerður með aðilum, en lögð hafa verið fram í málinu tvenn drög að samningi. Upplýst er, að þau hafa verið unnin á tölvu stefnda að fyrirsögn stefnanda, og er hið fyrra skjal með skriflegum athugasemdum Bjarna I. Árnasonar. Þessar breytingar hafa verið færðar inn á tölvuna og skjalið síðan prentað út aftur og er þannig svohljóðandi:

„Ræstingar vegna Viðeyjar.
Hvað á að þrífa.
a. Jarðhúsið (kjallarinn): Þar á að þrífa almenningssalernin, fatahengið, stigann og ganginn að vinnuherbergjum þjónustufólks, fataherbergi, snyrtingar og vinnuherbergi.
b. Veitingasalurinn á fyrstu hæð: Þar á að þrífa veitingasalina, aðalinnganginn og hátíðarinnganginn og stigann upp á ris, eldhúsið, þjónaherbergið og inngang í eldhús.
c. Ráðstefnusalurinn: Þar á að þrífa allt gólfplássið.

Hvenær þrif eiga að fara fram.

Jarðhúsið þarf að þrífa á hverjum degi frá 1. júní til 30. september, nema húsið hafi verið lokað. Á öðrum tíma árs þarf að þrífa jarðhúsið þá daga, sem húsið hefur verið notað.

Veitingasalinn þarf að þrífa eftir lokun veitingasalarins föstudaga til sunnudaga 1. júní til 30. september, mánudaga til fimmtudaga einungis, ef salurinn hefur verið notaður eftir kaffitímann (þ.e. frá 2-6).

Ráðstefnusalurinn: Eftir ráðstefnur og veislur og aðrar samkomur, sem þar eru, svo að næstu gestir komi að salnum hreinum.

Hvernig haga á hreingerningum.
Verður skilgreint nánar, þegar reynsla liggur fyrir.

Kvaðning.
Vinnuplan liggi fyrir að mestu fyrir hálfan mánuð fram í tímann í senn. Breytingar séu tilkynntar með viku fyrirvara, sé þess nokkur kostur.

Endurgjald.
Jarðhúsið: Áætl. vinnutími 1-2 klst. Áætl. endurgjald 1.000 kr. til 2.000 kr.
Veitingasalurinn: Áætl. vinnutími 1 klst. Áætl. endurgjald 1.000 kr.
Ráðstefnusalurinn: Áætl. vinnutími 1. klst. Áætl. endurgjald 1.000 kr.
Ferðagjald 1.000 kr.“

Á dómskjali því, sem liggur frammi í málinu með þessum samingsdrögum og lagt er fram af stefnanda, hefur síðasta kafla verið breytt af stefnanda þannig;

„Endurgjald.
Jarðhúsið: Áætl. vinnutími 3-5 klst. Áætl. endurgjald 1.000 kr. til 5.000 kr.
Veitingasalurinn: Áætl. vinnutími 4 klst. Áætl. endurgjald 4.000 kr.
Ráðstefnusalurinn: Áætl. vinnutími 3 klst. Áætl. endurgjald 3.000 kr.
Ferðagjald 3.000 kr.“

Samkvæmt þessu telur stefnandi ræstinguna taka 10-12 klst. og áætlar endurgjald 11.000 kr. til 15.000 kr. að meðtöldu ferðagjaldi, 3.000 kr. fyrir hvert skipti. Stefnandi sagði í skýrslu sinni fyrir dóminum, að þessar breytingar væru þannig til komnar, að hann hefði vanmetið umfang verksins, þegar hann fór fyrst á staðinn til þess að líta á aðstæður, en hefði gert þessar leiðréttingar og komið þeim á framfæri við starfsmann Brauðbæjar, strax og sér hafi orðið ljóst, hversu langan tíma þetta tæki.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi verið kominn á samningur við stefnanda, óskað hafi verið eftir tilboði, en hvorugt þeirra tilboða, sem hér er frá greint, hafi verið samþykkt, hafi tímafjöldi og endurgjald verið talið of hátt.

Af framburði stefnanda sjálfs fyrir dóminum er ljóst, að reikningi stefnanda vegna vinnu í ágúst var mótmælt af hálfu stefnda sem of háum. Með

vísan til þessa framburðar stefnanda verður ekki á það fallist, að stefndi hafi með greiðslu reikningsins samþykkt áætlun stefnanda um endurgjald fyrir verkið.

Upplýst telst, að umfang verksins hafi verið óljóst í byrjun og að reynslan hafi átt að leiða það í ljós, hversu mikið það væri. Af hálfu stefnda var ekki fallist á hugmyndir stefnanda, er hann framvísaði reikningi eftir fyrsta hálfa mánuðinn. Hins vegar þykir ósannað, að Bjarni I. Árnason hafi gert athugasemd við tíma og greiðsluáætlun stefnanda, er hann yfirfór fyrra tilboð hans, fjárhæðina 1.000 kr. fyrir hvern unninn tíma miðað við, að verkið tæki 3-4 tíma, að viðbættu ferðagjaldi, er samsvaraði einni klukkustund, eða sem svarar 5.000 kr. fyrir hvert skipti, væri allt unnið samkvæmt verklýsingu. Miðað við þær upplýsingar, er fyrir liggja um stærð húsnæðisins og umfang verksins og þegar hliðsjón er höfð af úttekt Helga G. Þórðarsonar verkfræðings, þar sem heildarákvæðistími við ræstingu Viðeyjarstofu er talinn vera að meðaltali 6 3/4 klst. á dag með handverkfærum, en 5 1/4 klst. á dag, sé notuð vél til gólfþvotta, þykir ljóst, að verkið hafi tekið lengri tíma en stefnandi áætlaði í upphafi. Verk stefnanda sem slíkt var ekki metið með ofangreindri úttekt. Stefnandi bar sjálfur fyrir dóminum, að þegar allt hafi verið þrifið, hefðu farið 8 til 10 klukkustundir í verkið sjálft, sem er nokkru minna en sú áætlun, er hann byggir reikninga sína á. Stefnandi vann áður hjá stefnda við ræstingar á veitingastaðnum Óðinsvéum, og telst upplýst, að hann hafi þá fengið greitt fyrir hvert skipti 3.255 kr., sem hafi verið áætlað miðað við 600 kr. til 700 kr. á tímann fyrir 5-6 tíma vinnu ásamt ferðapeningum.

Reikningar stefnanda eru ekki sundurliðaðir, hvorki getið tímafjölda né tímakaups, en krafist ákveðinnar fjárhæðar fyrir hvert skipti, að jafnaði 15.000 kr., en stundum 8.000 kr. Í ljósi þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja um verkið og umfang þess, og þeirrar úttektar, sem gerð var á ræstingu Viðeyjarstofu af Helga G. Þórðarsyni verkfræðingi, þykir ljóst, að reikningar stefnanda séu ósanngjarnir, og verða þeir því ekki lagðir til grundvallar fyrir því, sem ógreitt er, skv. meginreglu 5. gr. laga 39/1922.

Þegar allt það, sem hér að framan er rakið, er haft í huga og það að auki, að stefndi lét það viðgangast, að stefnandi ynni áfram, eftir að ljóst var, að ágreiningur var um endurgjald fyrir vinnuna, án þess að gengið væri frá endanlegum samningi við hann, og að ósannað er, að stefndi hafi lagt fyrir stefnanda, að verkið skyldi unnið í dagvinnu, þykir eftir atvikum rétt að ákveða stefnanda endurgjald fyrir verkið frá 1. september 1988 til 3. október 1988 þannig; 700 kr. á klst. í 8 tíma 24 sinnum, en í 4 tíma 9 sinnum, og eru reikningar stefnanda þá lagðir til grundvallar varðandi unna daga og full þrif eða að hluta auk 33 tíma vegna ferða, samtals 182.700 kr.

Þótt ekki hafi verið á það fallist, að stefndi hafi með greiðslu reiknings vegna ágústmánaðar samþykkt kröfu stefnanda, verður, þar sem greiðslurnar eru inntar af hendi án skriflegs fyrirvara, að líta svo á, að um endanlegt uppgjör vegna ágústmánaðar hafi verið að ræða, enda er það tekið fram á síðari greiðslukvittun, að greitt sé vegna vinnu við ræstingu í ágúst.

Þar sem stefnandi vann verkið sem verktaki, þykir hann þegar af þeirri ástæðu ekki eiga rétt á launum þann tíma, sem hann beið eftir að geta hafið störf úti í Viðey.

Af sömu ástæðu átti hann ekki rétt á uppsagnarfresti. Samkvæmt framburði stefnanda sjálfs hótaði hann oftar en einu sinni að hætta störfum, fengi hann ekki greitt það, sem hann setti upp. Telja verður, að honum hafi mátt vera ljóst frá 1. september 1988, er hann framvísaði fyrsta reikningi sínum, að stefndi var ekki reiðubúinn til samninga á þeim grundvelli, er þar var krafist. Þykir eigi sannað, að stefnda verði kennt um verkslitin, svo að bótaskyldu varði. Enn fremur hefur stefnandi ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra.

Dráttarvextir reiknast á tildæmda fjárhæð frá 3. nóvember 1988 til greiðsludags skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Þegar atvik máls þessa og niðurstaða eru virt, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Brauðbær, greiði stefnanda, Eric Earnest Burgeson, 182.700 kr. ásamt vöxtum frá 3. nóvember 1988 samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. október 1992.

Nr. 232/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jónínu Sigríði Guðmundsdóttur
(Árni Guðjónsson hrl.).

Manndráp. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar 25. maí sl. að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds. Gerir ríkissaksóknari kröfu um staðfestingu héraðsdóms, að því er varðar sakfellingu og greiðslu sakarkostnaðar, en jafnframt um þyngingu refsingar. Af hálfu ákærðu er krafist sýknu, en til vara skilorðsbundinnar refsingar, hinnar lægstu sem lög leyfa.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að refsing ákærðu verði 6 ára fangelsi. Gæsluvarðhald hennar frá 11. janúar 1992 kemur til frádráttar, en frá þeim degi hefur hún sætt varðhaldi óslitið.

Um áfrýjunarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærða, Jónína Sigríður Guðmundsdóttir, sæti fangelsi 6 ár, en gæsluvarðhald hennar frá 11. janúar 1992 komi refsingunni til frádráttar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærða synjar fyrir að hafa ætlað að svipta sambýlismann sinn lífi, þegar hún veittist að honum með hnífi inni í stofu á heimili þeirra, í ákafri geðshræringu. Á það ber að fallast, eins og gert er í héraðsdómi, að hún hafi ekki búið yfir áformum í þá átt, áður en til atlögunnar kom. Af frásögnum gesta í stofunni verður ekki ályktað, að hún hafi beitt hnífnum af markvísi, né heldur, að maðurinn hafi setið undir atlögunni án þess að bregðast við. Virðist tilviljun ótvírætt hafa ráðið því, að hnífurinn gekk inn í brjóst manninum og hitti hann í hjartastað. Að virtum öllum upplýsingum í málinu verður að telja ósannað, að ákærða hafi hlotið að sjá fyrir banvæni atlögunnar með svo eindregnum hætti, að 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við um verknað hennar. Hins vegar verður hún talin sek um líkamsárás, er varði við 2. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Við refsiákvörðun ber að líta til hinnar sérstöku hættu, sem af hnífnum stafaði, og þeirra annarra atriða, sem rakin eru í héraðsdómi. Eru ekki efni til að breyta niðurstöðu hans um refsingu í málinu, er verði þannig fangelsi 4 ár að frádreginni varðhaldsvist.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. apríl 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að undangengnum munnlegum málflutningi 4. þ. m., er höfðað hér fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 2. mars 1992 og 11. desember 1991. Í ákærunum eru ákæruatriði og dómkröfur ríkissaksóknara tilgreind með eftirgreindum hætti:

I.

Dómkröfur.

A. Ákæra, út gefin 2. mars 1992, „fyrir manndráp með því að hafa laugardaginn 11. janúar 1992 laust eftir kl. 7.00 svipt sambýlismann sinn, Hafstein Smára Halldórsson, fæddan 5. febrúar 1970, lífi á heimili þeirra á efri hæð íbúðarhússins Fífilsgötu 3, Vestmannaeyjum, með því að stinga hann með flökunarhníf í hjartastað. Hnífstungan fór í gegnum vinstri slegil hjartans, og blæddi Hafsteini Smára út innvortis, og var hann úrskurðaður látinn á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja kl. 7.30.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Þess

er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

B. Ákæra, út gefin 11. desember 1991, „fyrir tékkafals með því að hafa í janúar 1991 notað í viðskiptum í Vestmannaeyjum eftirtalda 12 tékka til handhafa, sem ákærða útfyllti á eyðublöð úr tékkhefti Hafsteins S. Halldórssonar, sambýlismanns síns, Áshamri 30 A, á reikning nr. 160875 við Íslandsbanka hf., Þarabakka 3, Reykjavík, og falsaði nafn reikningseiganda sem útgefanda á tékkana. [Tilgreindir 12 tékkar.]

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Dómarinn sameinaði málin.

— — —

II.

Málsatvik.

A.

Laugardagsmorguninn 11. janúar sl. kl. 7.17 hringdi maður í lögregluna í Vestmannaeyjum, og án þess að kynna sig bað hann lögregluna að koma þegar í stað, því að maður hefði verið stunginn með hnífi í brjóstið. Manninum var mikið niðri fyrir, og gleymdi hann að segja, hvar atburðurinn varð. Þótt tilkynnandi hefði hvorki látið upp nafn sitt né sagt, hvar hann var staddur, þekkti sá, er tók við tilkynningunni, lögregluvarðstjórinn Jóhannes Ólafsson, rödd tilkynnandans og vissi, að það var vitnið Þórir Þorsteinsson, sem hringt hafði. Lögregluvarðstjórinn gerði þegar í stað ráðstafanir til þess, að sinnt væri tilkynningunni, og stóðst það á endum, að í þann mund, sem hann var að gefa fyrirmæli í þá veru, hringdi ákærða og bað um sjúkrabíl. Ákærða, sem segir, að í ákæru sé háttseminni rétt lýst, hefur við meðferð málsins ekki treyst sér til að lýsa þeim verknaði, sem hún í ákæru er sökuð um að hafa framið. Að öðru leyti hefur hún sjálfstætt lýst málsatvikum, og reyndist það, sem þar kom fram, vera í fullu samræmi við framburð hennar við lögreglurannsókn málsins. Þegar í frásögninni var komið að sjálfum verknaðinum, mundi hún, að hún var komin með hnífinn í höndina og stóð með hann fyrir framan Hafstein Smára, sem hló að henni. Við meðferð málsins treysti hún sér ekki til að rekja frásögnina frekar og brast í grát, er hér var komið sögu í frásögninni. Ákærða, sem staðfest hefur, að rétt sé eftir sér haft við lögreglurannsókn málsins, rakti málsatvik þar frekar, og verður þeim lýst í samræmi við það, sem þar kemur fram, með tilvitnunum í vitnaframburð, þar sem það á við.

Föstudaginn 10. janúar sl. fóru ákærða og sambýlismaður hennar, Haf-

steinn Smári Halldórsson, út að skemmta sér, en ákærða hafði fengið systur sína, ungling á 16. ári, vitnið Sigurást Guðmundsdóttur, til að gæta tveggja barna þeirra, drengs á fjórða ári og telpu á öðru ári. Síðar um kvöldið hittust ákærða og Hafsteinn á dansleik, en fóru hvort í sína átt eftir dansleikinn, sem lauk um þrjúleytið um nóttina. Fór Hafsteinn heim til sín, en hafði áður boðið nokkrum kunningjum sínum þangað. Ákærða fór með öðru fólki í samkvæmi í annan bæjarhluta. Ákærða telur, að hún hafi farið áleiðis heim til sín klukkan hálfsjö um morguninn. Er heim kom, sátu Hafsteinn og fjórir kunningjar hans í stofunni og drukku heimabruggað áfengi, er Hafsteinn átti og hafði skenkt gestum sínum, og var þar einnig barnfóstran, systir ákærðu, og eldra barnið. Þótt frásögn ákærðu sé nú nokkuð samhengislaus, þykir mega ráða af framburði hennar eftirgreinda málsatvikalýsingu: Ákærða bað menn þessa að fara út, en Hafsteinn aftók það með öllu. Eftir þetta kveður ákærða, að komið hafi til orðaskipta milli þeirra Hafsteins, en ekki mundi ákærða, hvort þau hefðu slegist, þótt hana rámaði í slíkt og fyndi til eymsla í hálsi, og marin væri hún á fæti. Staðfest er í málinu, að ákærða hringdi tvisvar í lögreglu og bað um aðstoð við að koma mönnunum út. Vegna aðstæðna var illmögulegt fyrir lögreglu að fara strax á staðinn. Vitnið Jóhannes Ólafsson lögregluvarðstjóri kvað ákærðu hafa verið mjög æsta, er hún hringdi í síðara skiptið. Eftir tilraunir ákærðu við að fá lögreglu á staðinn sagði hún, að aftur hefði komið til orðaskipta milli sín og Hafsteins, og kvaðst hún þá hafa látið þau orð falla, að réttast væri að drepa hann fyrir að láta drenginn vera viðstaddan. Í þessu sambandi nefnir hún, að hún hafi séð hasspípu í stofunni. Þau Hafsteinn hafi verið búin að tala um að drekka ekki áfengi fyrir framan börnin og helst ekki reykja fyrir framan þau. Hafsteinn hafi þá ögrað sér með því að segja, að hún skyldi þá bara gera það og hvort hún þyrði það ekki. Kvaðst hún nú hafa gengið fram í eldhús og tekið hníf úr vaskinum og gengið síðan með hann í hægri hendi í stofuna og að Hafsteini, þar sem hann sat í tágastól og hvíldi fæturna í stólnum. Ákærða kvaðst hafa komið framan að Hafsteini, hann hefði hlegið að sér og hún þá misst stjórn á sér og lagt til hans með hnífnum. Ekki mundi ákærða, hvar hnífurinn lenti í Hafsteini, en hins vegar, að hann lá í gólfinu og að hún hringdi þá eftir hjálp. Sértaklega spurð kvaðst hún nú ekki muna, hvort það var ætlun sín að hræða Hafstein, eins og fram hafði komið í framburði sínum við lögreglurannsókn, en fannst þó eins og það hefði verið svo. Ekki var ákærða viss um, hvort Hafsteinn hefði haft annan eða báða fætur uppi í setunni.

Ákærða gaf við lögreglurannsókn tvisvar skýrslu um málsatvik. Í fyrra skiptið, síðdegis sama dag og ætlað brot var framið (11/1 1992), var ákærða yfirheyrð af löglærðum fulltrúa í sakadómi Reykjavíkur, áður en

fram kom fyrsta krafa RLR, sem að beiðni bæjarfógetans í Vestmannaeyjum fór með lögreglurannsókn málsins, í síðara skiptið 21. janúar sl., er ákærða var nánar yfirheyrð um málsatvik af deildarfulltrúa hjá RLR. Rétt þykir að taka hér upp orðrétt þann hluta í framburði ákærðu við fyrri yfirheyrslu, þar sem eftir henni er ritað um sjálfan verknaðinn, en þar segir:

„Eftir þetta hafi hún farið fram í eldhús íbúðarinnar og sótt þar hníf, en einungis fimm skref séu frá þeim stað, er Hafsteinn sat í stofu íbúðarinnar, og að þeim stað, er hún sótti hnífinn, sem lá við eldhússvaskinn, sem er við dyrnar að eldhúsinu. Kærða skýrir svo frá, að þetta hafi allt gerst mjög snögglega. Hafi hún gengið fram í stofuna og að Hafsteini, þar sem hann sat í körfustól með fætur uppi í stólnum. Kveðst hún hafa komið framan að honum, og hafi hann séð, að hún var með hníf í höndunum. Kærða kveður Hafstein hafa hlegið að sér, er hún hafi komið þarna að honum með hnífinn í höndunum, en síðan hafi hún lagt til hans með hnífnum. Kærða skýrir svo frá, að með þessu framferði sínu hafi hún einungis ætlað að hræða Hafstein, en ekki stinga hann með hnífnum. Við það, að hann skyldi hlæja að sér, hafi hún misst stjórn á sér. Hún hafi þá ætlað að ota hnífnum að fæti hans eða hné, en hann sat í stólnum þannig, að fætur voru krepptir og að honum, og hafi fæturnir verið næstir henni. Kærða kveðst ekki muna eftir því, er hún stakk Hafstein, og ekki, hvar lagið lenti..... Kærða tekur fram, að það hafi ekki verið ætlun sín að stinga Hafstein og vinna honum mein, og getur ekki skýrt frekar, hvers vegna hún gerði það."

Við síðari fyrirtöku, 21. janúar sl., er einnig rituð eftir henni frásögn að þessu leyti eða eins og hér greinir:

„Ég man eftir því, að gestirnir sátu í hornsófanum í stofunni, en Hafsteinn í körfustól gegnt sófanum og sneri hægri hlið fram á gang og að eldhúsinu. Ég man, að ég sá undir sófaborðinu hasspípu og sagði við Hafstein, að best væri að „ kála honum" fyrir að láta drenginn sjá þetta. Við vorum búin að tala um það að drekka ekki áfengi fyrir framan börnin, helst ekki reykja fyrir framan þau. Hafsteinn svaraði mér og sagði, að sér væri sama, þótt ég kálaði sér.

Ég gekk fram í eldhús, þar sem ég tók einhvern hníf úr vaskinum og gekk með í hægri hendi inn í stofuna að Hafsteini. Hann sat þá með báða fætur uppi í stólnum, svo að hné námu við brjóst, og brosti að mér. Ég missti þá stjórn á mér og lagði með hnífnum til hans. Ég man hins vegar ekki, hvar hnífurinn lenti í honum, og man reyndar ekki neitt, fyrr en Hafsteinn liggur í gólfinu og ég þá búin að hringja eftir sjúkrabifreið..... Mætta kveðst muna það, að þegar hún hafði sagt við Hafstein Smára inni í stofu, að réttast væri að kála honum, að þá hefði hún hugsað með sér, að réttast væri að sækja hníf fram í eldhús til þess að sjá viðbrögð hans við því og

athuga, hvað hann myndi gera. Hún hafi aðeins ætlað að hræða hann, en ekki stinga hann með hnífnum.“

Vitnið Guðni Yngvason, kt. 180970-4959, atvinnulaus verkamaður, kvaðst hafa komið til Eyja daginn fyrir greindan atburð að heimsækja kunningja sína, er þar bjuggu, og nafngreindi vitnið Hafstein Smára í því sambandi, en vitnið kvaðst hafa þekkt Hafstein Smára lengi. Vitnið átti vísan gististað á neðri hæð í sama húsi og ákærða og Hafsteinn bjuggu. Fljótlega eftir komu til Eyja hóf vitnið að neyta áfengis með Hafsteini Smára og tveimur öðrum í fyrrgreindri íbúð, sem var, eins og áður segir, fyrir neðan íbúð ákærðu og Hafsteins Smára. Um hálfellefuleytið um kvöldið fór vitnið ásamt Hafsteini og þeim tveimur, er áður greinir, á veitingastaðinn Við félagarnir, og var áfengi haft þar um hönd, eins og vitnið orðaði það. Eftir dansleik var vitnið gestur Hafsteins Smára í íbúð ákærðu og Hafsteins. Vitnið kvað Hafstein Smára hafa boðið þeim heimabruggað áfengi. Vitnið sat ásamt þremur öðrum kunningjum Hafsteins í leðursófa, en Hafsteinn í tágastól. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið nýkomin heim, er hún lagði til Hafsteins. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið mjög æst, bæði við það að sjá þá, sem gestkomandi voru, og ekki síður við það að sjá barn sitt vakandi í stofunni. Það sagði, að ákærða hefði fyrirskipað öllum að fara úr íbúðinni, en Hafsteinn Smári þá sagt vitninu að fara hvergi, því að hann hefði ekki viljað, að ákærða kæmist upp með að ráða ferðinni. Hefði komið til handalögmála milli þeirra og þau deilt um, hver væri húsráðandi. Í þessu sambandi tiltók vitnið, að Hafsteinn Smári hefði tekið um hendur ákærðu og sett hana upp við vegg og hent henni síðan í gólfið. Ákærða hefði þá farið inn í eldhús og komið til baka með hníf reiddan í hægri hendi. Ákærða hefði gengið þannig að Hafsteini, þar sem hann hefði setið í tágastólnum með krosslagða fætur, þannig, að annar fótur hefði verið lagður yfir hinn um hné eða þá að hann hefði setið ofan á öðrum fæti sínum, en vitnið fullyrti, að lýsing ákærðu á því, hvernig ákærði (sic) hafði fæturna í stólnum, væri ekki rétt. Ákærða hefði komið framan að Hafsteini og kreppt höndina um hnífinn, sem hún hélt í axlarhæð. Vitnið sagði, að ákærða hefði nú beygt handlegginn um olnboga, hnefinn snúið upp, en hnífsblaðið fram úr lófanum. Ákærða hefði haldið þannig ógnandi á hnífnum og talað eitthvað um leið til Hafsteins, án þess að vitnið gripi, hvað hún sagði, en hún hefði á meðan beint hnífsoddinum að Hafsteini, en hann brosað til hennar, og þá hefði það ekki skipt neinum togum, að hún hefði stungið Hafstein Smára með hnífnum, þannig, að hnífsblaðið gekk djúpt inn í brjóstholið rétt ofan við geirvörtu vinstra megin. Ákærða hefði nú gengið frá, en ekki mundi vitnið, hvort heldur var, að ákærða settist við símann eða fór fram í eldhús, en vitnið heyrði hana segja: „Hvað hef ég gert?“ Hnífurinn hefði setið eftir í Hafsteini, en einn gestanna kippt

honum út og Hafsteinn Smári beðið vitnið að hjálpa sér, því að hann hefði verið að fjara út. Vitnið kvaðst hafa lagt hann á gólfið og á bakið og reynt að blása í hann, svo að hann andaði eðlilega, en það ekki tekist, og að mati vitnisins hefði Hafsteinn verið búinn að gefa upp öndina, er lögreglan kom á staðinn. Vitnið sagði, að þeir gestir Hafsteins Smára hefðu verið nokkuð ölvaðir og Hafsteinn Smári töluvert ölvaður.

Vitnið Sigurást Guðmundsdóttir, kt. 160576-4999, systir ákærðu, kvaðst hafa komið í íbúð ákærðu og Hafsteins um hálftólfleytið um kvöldið til að gæta barna ákærðu. Er vitnið var komið, fór ákærða ásamt vinkonu sinni. Vitnið kvaðst hafa vitað, að börnin voru sofandi, og því hefði það farið að horfa á sjónvarp. Vitnið var nýsofnað, er vinur Hafsteins, er leigði herbergi í íbúðinni, kom heim, og kvað hann Hafstein hafa slegið sig. Vitnið sagði, að pilturinn hefði farið inn í sitt herbergi, og rétt á eftir hefði Hafsteinn Smári komið með gesti sína, og hefðu þeir allir verið drukknir og drukkið heimabruggað áfengi, er í íbúðina var komið. Ekki gat vitnið séð, að fíkniefnaneysla færi þarna fram. Hafsteinn Smári hefði verið skrámaður í andliti. Eldra barn ákærðu og Hafsteins Smára hefði nú vaknað og komið fram í stofu. Er ákærða hefði komið heim, kvað vitnið hana hafa fyrirskipað gestum sínum að fara úr íbúðinni, en Hafsteinn Smári hefði sagt þeim að fara hvergi, því að það væri hann, sem væri leigutaki að íbúðinni. Það gat þess, að einn kunningja Hafsteins, er vitnið nafngreindi, hefði ekki verið reiðubúinn til að fara úr íbúðinni og haft orð á því, að hann væri gestur Hafsteins Smára og færi ekki út, nema gestgjafi sinn, Hafsteinn, segði sér að fara. Ákærða hefði þá gengið að þessum gesti Hafsteins og tekið báðum höndum um höfuð honum, en Hafsteinn þá gengið þar að og hent ákærðu út í eitt horn stofunnar. Vitnið kvaðst þá hafa flýtt sér með barnið inn í svefnherbergi, og hefði hvorki það né barnið verið í stofunni, er ákærða lagði með hnífnum til Hafsteins Smára.

Í framburði vitnisins Hermanns Þorvaldssonar, kt. 030571-5929, sjómanns, sem var eins og vitnið Guðni gestur Hafsteins Smára, kom fram, að ákærða hefði viljað fá þá út úr íbúðinni af tillitssemi við barnið, sem var vakandi. Það staðfesti, að ákærða hefði farið í símann, er til tals kom, að þeir færu út úr íbúðinni, og einnig, að þeir hefðu allir verið ölvaðir, er ákærða kom heim, og setið og drukkið heimabruggað áfengi. Vitnið sagði, að kunningi þess, Þórir, sem einnig var gestur Hafsteins Smára, hefði, er ákærða fór fram í eldhús, sagt, að vitnið skyldi vara sig, því að ákærða væri að gramsa í hnífaskúffunni. Vitnið sagði, að þótt það gæti ekki með öryggi sagt, hvernig ákærða hefði borið sig að á örlagastundu, teldi það sig geta staðfest, að það hefði séð ákærðu stinga hnífnum í brjóst Hafsteini. Þá gat vitnið þess, að það hefði tekið hnífinn úr brjósti Hafsteins, eftir

að ákærða hafði lagt til hans með hnífnum. Loks sagði vitnið, að eftir að kunningi þess, Þórir, og ákærða hefðu verið búin að hringja í lögreglu og tilkynna um atburðinn, hefði það einnig hringt til að ítreka, að lögregla kæmi eins fljótt og mögulegt væri.

Vitnið Þórir Þorsteinsson, kt. 070872-3239, sjómaður, var eins og kunningi þess, Hermann, og vitnið Guðni gestur Hafsteins Smára, staðfesti, að ákærða hefði viljað fá þá út úr íbúðinni. Vitnið sagði, að þeir hefðu allir verið ölvaðir og setið við áfengisdrykkju. Einnig staðfesti vitnið, að er ákærða kom heim, hefði eldra barnið verið vakandi í stofunni. Vitnið sagði við kunningja sinn, Hermann, að hann skyldi vara sig, er ákærða var frammi í eldhúsi að gramsa í skúffum, enda taldi vitnið, að ákærða væri að vopnast hnífi. Vitnið sá ákærðu standa fyrir framan Hafstein Smára og síðan hnífinn standa í vinstra brjósti hans. Vitnið kvaðst þá strax hafa hlaupið í símann og látið lögreglu vita um atburðinn. Vitnið kannaðist ekki við, að fíkniefnaneysla hefði farið fram í íbúðinni, en það upplýsti, að það hefði haft með sér hasspípu, er það kom á staðinn. Ekki vissi vitnið, hvort það var sú pípa, sem ákærða taldi sig hafa séð, er hún kom í íbúðina.

Í sakargögnum kemur fram, að Jóhann Freyr Frímannsson, kt. 270571-5819, sjómaður, var einnig gestur Hafsteins Smára og var í stofunni, er hinn ætlaði verknaður var framinn. Gaf vitni þetta skýrslu við lögreglurannsókn, en ekki tókst að láta vitnið staðfesta framburðinn fyrir dómi, þar sem það var við skyldustörf langt á hafi úti, er aðalrannsókn (aðalmeðferð) fór fram fyrir dóminum. Vitnið hljóp á spítalann til að sækja þangað aðstoð.

Vitnið Jóhannes Ólafsson, kt. 240558-2549, lögregluvarðstjóri, gerði í framburði sínum grein fyrir samtölum í síma, er vitnið átti við ákærðu, er hún í tvígang bað lögreglu um aðstoð við að koma mönnunum út úr íbúðinni. Vitnið gat þess, að þegar ákærða hringdi í síðara skiptið, hefði hún verið í mikilli geðshræringu og minnst á það, að börnin væru vöknuð. Vitnið kvaðst hafa metið það þannig, að ekki yrðu hjá því komist að senda lögreglumenn á staðinn, strax og sá lögreglumaður, sem með honum var á vaktinni, losnaði úr því skyldustarfi, sem hann hefði þá verið bundinn við og hefði verið það að aðstoða tollgæsluna í Vestmannaeyjum, og með honum myndu þá koma tveir lögreglumenn til viðbótar, sem hefðu verið að aðstoða tollgæslumenn við tollskoðun. Þannig gætu þrír lögreglumenn farið í þetta verkefni. Þegar lögreglumennirnir hefðu verið komnir á lögreglustöðina og verið langt komnir með að tæma lögreglubifreiðina að tollvarningnum, hefði borist fyrsta tilkynning um atburðinn, er vitnið Þórir Þorsteinsson hringdi, en það hefði verið nokkrum mínútum eftir, að ákærða bað um lögregluaðstoð við að rýma íbúðina.

Í vettvangsrannsókn RLR segir m.a.:

„Fífilsgata 3 (mynd 1 og 2) er tveggja hæða steinhús með flötu, hallandi þaki. Sérinngangur er inn í íbúðirnar á neðri og efri hæð. Gengið er upp steintröppur inn í íbúðina á efri hæð á norðurhlið hússins..... Stofan (mynd 5 til 14) er með tveggja metra dyraopi. Við norðvesturvegg er hornsófi úr leðri, og sá sófanum er sæng. Við suðurvegg er hillusamstæða úr rörum, og í henni er meðal annars sjónvarp og hljómflutningstæki. Við hillusamstæðuna stendur baststóll (mynd 7 og 8), sem snýr setunni að sófanum. Á miðju gólfi er hringlaga sófaborð úr gleri..... Á móti stofunni er eldhúsið (mynd 15 og 16). Innrétting er við suður- og vesturvegg. Við suðurvegg er eldavél og ísskápur. Við dyraopið á vesturvegg er eldhússvaskur.....".

Við meðferð málsins kom fram, að gestir Hafsteins Smára sátu í hornsófanum umrædda nótt, en Hafsteinn Smári í baststólnum, og sat vitnið Guðni þannig í sófanum, að það var næst baststólnum, sem Hafsteinn sat í. Við aðalrannsókn 4. apríl sl. gengu dómari, sækjandi og verjandi á vettvang. Umræddur hornsófi og baststóll voru þá enn í íbúðinni.

— — —

Í rannsóknargögnum eru ljósmyndir og skýrgreining á hnífi þeim, sem ákærða notaði, unnar af vitninu Kristjáni Friðþjófssyni rannsóknarlögreglumanni. Þar kemur fram eftirfarandi skýringartexti með myndum:

„Flökunarhnífur, sem fannst á gólfi við hornsófann í stofunni. Hnífurinn er 27 sm á lengd, blaðið er 13 sm á lengd, 1,9 sm á breidd og 1,8 mm þykkt."

Vitnið Einar Eysteinn Jónsson heilsugæslulæknir kvaðst hafa verið á gæsluvakt umrædda nótt. Vitnið kvaðst að beiðni lögreglu hafa farið á spítalann, og er vitnið kom þangað kl. 7.25, hefði Hafsteinn Smári og lögreglumennirnir verið komnir. Eftir athugun kvaðst vitnið hafa úrskurðað Hafstein Smára látinn. Vitnið staðfesti, að það hefði tekið þvag- og blóðsýni af ákærðu kl. 10.15.

Samkvæmt vottorði frá Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls í þvagsýni ákærðu vera yfir 3‰, en í blóðsýninu 1,46‰.

Meðal fram lagðra sakargagna er krufningarskýrsla Gunnlaugs Geirssonar prófessors, Rannsóknastofu háskólans í réttarlæknisfræði, og skýrsla Þorkels Jóhannessonar, Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði, um magn etanóls og annarra vímuefna í líki Hafsteins Smára Halldórssonar. Í krufningarskýrslunni segir m.a.:

— — —

„Ályktun: Samkvæmt því, sem fram kemur í skýrslu lögreglu svo og við krufningu og réttarefnafræðilega rannsókn, má ályktа, að maðurinn hafi látist af stungusári í hjartastað, sem honum var veitt með hnífi. Hnífstungan fór í gegnum vinstra snegil, og blæddi manninum út innvortis. Hann hafði neytt áfengis og annarra vímugjafa (amfetamín, kannabínóíðar); má ætla, að maðurinn hafi verið undir áhrifum þessara lyfja, er dauðann bar að."

Við meðferð málsins viðurkenndi ákærða að hafa lagt til Hafsteins með hnífnum, og er henni var bent á, að fyrirliggjandi rannsóknargögn sýndu, að hnífurinn hefði lent á kaf í brjóst Hafsteins, og var síðan spurð, hvort hún gæti gert sér grein fyrir, hvort svo hefði verið, svaraði ákærða því þá játandi. Ekki gat ákærða gert grein fyrir tilganginum með verknaðinum. Er ákærða var spurð, hvort hún hefði gert sér ljóst, að það að reiða flökunarhnífinn með afli í Hafstein gat verið stórhættulegt og valdið honum bana, kvaðst hún ekki hafa gert sér grein fyrir því.

Í skýrslu Þorkels Jóhannessonar prófessors segir m.a.:

„Magn etanóls í blóði var 1,64‰, í þvagi 1,94‰. ..... Í þvaginu var bæði amfetamín og kannabínóíðar, en hvorki benzódíazepínsambönd, kókaín/benzóýlekgónín né morfín eða skyld lyf. ....Magn amfetamíns í blóði var 130 ng/ml og 9 míkróg/ml í þvagi. .....Maðurinn hefur að öllum líkindum verið ölvaður, er hann lést, og hann hefur einnig að líkindum neytt kannabis nokkru fyrir andlátið. Magn amfetamíns í blóðinu svarar til töku þess í stórum lækningalegum skömmtum eða nokkru meira. Illgerlegt er að ætla, hvert hafi verið ástand mannsins eftir töku fyrrnefndra vímugjafa, þegar hann lést."

Í þágu rannsóknar málsins gerði Hannes Pétursson yfirlæknir geðheilbrigðisrannsókn á ákærðu. Þar kemur fram, að ákærða er fædd og upp alin í Vestmannaeyjum hjá foreldrum sínum. Ákærða sé næstelst fimm systkina, og segir hún ekki vera um neina geðræna kvilla að ræða hjá foreldrum né systkinum, og ekki viti hún til þess, að um slíkt sé að ræða hjá ættmennum. Samkvæmt upplýsingum frá föður hefði meðganga og fæðing ákærðu verið með eðlilegum hætti og frumþroskastig hennar svipað og hjá jafnöldrum. Ákærðu hafi gengið best að læra af þeim systkinunum. Ákærðu hafi gengið vel í skóla, engin hegðunarvandkvæði a.m.k. fram til 12 ára aldurs. Vinkona ákærðu hefði verið 2 árum eldri og búin í skóla. Komið hefði þá upp vaxandi mótþróa hjá ákærðu við áframhaldandi skólavist. Faðir hennar hefði þá fengið leyfi til, að hún sleppti 8. bekk, þar sem hann taldi, að ákærða yrði fegin að koma aftur í skólann, ef hún fengi að reyna að vinna. Þetta erfiðleikatímabil hjá henni hefði varað í tvö og hálft ár. Í kafla, er ber heitið persónusaga, kemur m. a. eftirfarandi fram:

— — —

Hannes Pétursson kemst í skýrslu sinni að eftirfarandi niðurstöðu:

„Ályktun.

Að mati undirritaðs er Jónína Sigríður Guðmundsdóttir ekki haldin formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar eru merki um persónuleikatruflanir, sem m. a. hafa lýst sér í skapgerðarbrestum, hegðunarvandkvæðum á unglingsárum og óreglulegri skólasókn. Jónína Sigríður virðist einnig á stundum fara óvarlega með áfengi, og hún komst nokkrum sinnum í kast við lögin á unglingsárum. Hugsanlegt er, að framangreindar persónuleikatruflanir séu að hluta orsakaðar af erfiðum uppeldisskilyrðum og neikvæðum félagslegum áhrifum á unglingsárum.

Framangreindar persónuleikatruflanir eru ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi þess orðs, en samfara auknum persónuleikaþroska dregur stundum úr slíkum vandkvæðum með árunum. Miðað við þá erfiðleika, sem Jónína átti við að stríða á unglingsárum, virðist ljóst, að hún hefur tekið sig á og getað eflt stöðugleika í lífi sínu og ábyrgðarkennd, eins og meðal annars kemur fram í heimilishaldi hennar og umönnun barna hennar. Í því sambandi er brýnast fyrir Jónínu að hætta með öllu neyslu áfengis..... Minnistruflanir þær, er Jónína lýsir, eru í samræmi við mikla neyslu áfengis á tiltölulega stuttum tíma, eins og niðurstöður mælinga á alkóhólmagni í blóði og þvagi benda til. Það verður því að telja líklegt, að dómgreind Jónínu hafi verið sljóvguð vegna mikilla áfengisáhrifa, þegar famangreindur atburður átti sér stað. Hins vegar verður að ályktа, að raunveruleikamat og dómgreind Jónínu Sigríðar Guðmundsdóttur sé annars með þeim hætti, að hún teljist sakhæf."

Niðurstaða.

Með játningu ákærðu, framburði vitna, sem ber saman við niðurstöðu krufningarskýrslu og staðfestar rannsóknir RLR á sakargögnum, er sannað, að ákærða, Jónína Sigríður Guðmundsdóttir, hefur gerst sek um manndráp með því að hafa laust eftir klukkan 7 laugardagsmorguninn 11. janúar 1992 svipt sambýlismann sinn, Hafstein Smára Halldórsson, lífi á heimili þeirra með því að stinga hann með flökunarhníf í hjartastað, eins og í ákæru nánar greinir, en þar er háttsemi ákærðu rétt lýst.

Málið var flutt með hliðsjón af því, að það gæti hugsanlega varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hafna verður skýringu ákærðu um, að hér hafi verið um óviljaverk að ræða, þar sem hún hafi einungis ætlað að hræða Hafstein og særa með hnífnum með því að ota honum að fæti hans og hné, en Hafsteinn hafi þá hreyft sig, svo að lagið lenti í hjartastað, enda á slík skýring sér ekki stoð í framburði vitnisins Guðna, sem var í góðri aðstöðu til að sjá, hvað

gerðist, né annarra vitna, er í stofunni voru. Ekki á hún sér heldur stoð í fram lögðum sakargögnum.

Fallast má hins vegar á það með ákærðu, að hún hafi ekki fyrir fram búið yfir áformum um að ráða Hafstein Smára af dögum. Málsatvik þykja leiða í ljós, að ákærða hafi skyndilega og í mikilli geðshræringu lagt til Hafsteins með hnífnum. Ákærða, sem var bæði mjög reið og ölvuð, er hún framdi verknaðinn, mátti gera sér ljóst, að það var stórhættulegt að leggja með flökunarhnífnum í hjartastað Hafsteini og gat leitt til dauða hans. Hér var því um ásetningsverk að ræða, sem varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B.

Á tímabilinu frá 15. til 23. janúar 1991 ritaði ákærða með eigin hendi nafn sambýlismanns síns, Hafsteins Smára Halldórssonar, sem útgefanda á 12 tékka og vísaði um greiðslu á þeim á ávísanareikning nr. 160875 í Íslandsbanka hf., Þarabakka 3, Reykjavík, sem Hafsteinn Smári var eigandi að. Tékkarnir, sem gefnir voru út til handhafa, voru samtals að fjárhæð 66.500 krónur, en fjárhæð hvers tékka var frá 1.000 krónum upp í 10.000 krónur. Ákærða hafði fengið vinkonu sína til að framselja þrjá tékkana, en flestir voru tékkarnir notaðir til matvörukaupa. Tékkareikningnum var lokað 28. janúar 1991.

Við meðferð málsins hefur ákærða viðurkennt að hafa ritað tékkana, eins og í ákæru greinir, en kveðst ekki líta svo á, að um fölsun hafi verið að ræða. Í þessu sambandi heldur ákærða því fram, að hún hafi haft samþykki sambýlismanns síns til að rita nafn hans á tékkana og nota þá síðan. Með þessari athugasemd kveður ákærða ákæruna vera rétta, og tékkana hafi hún notað að öllu leyti eins og í ákæru greini. Ákærða segir, að Hafsteinn Smári hafi heimilað sér að nota tékkhefti hans, til að hún gæti keypt mat handa börnum þeirra. Ákærða kvað Hafstein hafa farið frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur um miðjan janúar 1991. Er í ljós hafi komið, að Hafsteinn Smári hafði skilið tékkhefti sitt eftir, hafi hún fengið heimild hans til að fylla út og nota tékkana með þeim hætti, sem í málinu greini. Alls kveðst ákærða hafa ritað 24 tékka úr tékkhefti Hafsteins Smára, en eins og að framan greinir, tekur kæruefnið einungis til notkunar á 12 framangreindum tékkum.

Mál þetta sætti lögreglurannsókn hjá RLV. Af hálfu ákærðu hefur verið bent á, að miklir annmarkar séu á rannsókninni og annmarkarnir slíkir, að ætluð sök ákærðu verði ekki sönnuð með henni. Í þessu sambandi þykir rétt að rekja helstu þætti rannsóknarinnar.

Rannsókn RLV byggist á 11 lögregluskýrslum, og er fyrsta skýrslan dag-

sett 22. janúar 1991, en hin síðasta 15. mars s. á. Málið var 22. maí 1991 sent til framhaldsrannsóknar hjá RLR, sem tók 21. október 1991 framburðarskýrslu af framseljandanum, Guðrúnu Magnúsdóttur.

— — —

Þegar litið er til þess, hve lögreglurannsóknin er í veigamiklum atriðum gölluð, og með hliðsjón af því, að vafaatriði, sem upp koma vegna ófullnægjandi rannsóknar, verða skýrð ákærðu í hag, sbr. 108. gr. laga 74/1974, þykir mega taka sýknukröfu ákærðu til greina, enda ljóst, að ekki er lengur hægt að bæta úr ágöllunum með nýrri ákæru. Með því að ósannað er, að ákærða hafi falsað tékkana, verður hún sýknuð af því broti.

Framangreind niðurstaða leiðir til þess, að ákærða verður ekki, sbr. 2. mgr. 146. gr. laga 74/1974, dæmd til að greiða fram komnar skaðabótakröfur í málinu, en þær eru eftirfarandi:

III.

Refsiákvörðun.

Með hliðsjón af álitsgerð Hannesar Péturssonar yfirlæknis telst ákærða vera sakhæf, en ákærða, Jónína Sigríður Guðmundsdóttir, er fædd 13. mars 1972 og hefur sætt refsingum sem hér segir:

„1988 28/7 Sakadómur Rvík. Dómur: Fangelsi 3 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 244. og 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.
1990 13/2 Vestmannaeyjar. Dómur: Fangelsi 30 daga, skb. 2 ár, hegningarauki, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.“

Af gögnum málsins má ráða, að sambúð ákærðu og Hafsteins hafi verið stirð á köflum, sem einkum stafaði af því, hve háður Hafsteinn var fíkniefnum og oft og tíðum kærulaus gagnvart sómasamlegu heimilishaldi og barnauppeldi, en ákærðu var annt um hvort tveggja. Þótt samlífið hafi því ekki verið árekstralaust, er ljóst, að þau gátu af hvorugu séð, og svo virðist sem ákærðu hafi fundist, að sambúðin við Hafstein tryggði sér og tveimur ungum börnum þeirra visst fjárhagslegt öryggi. Þetta þykir verða að hafa í huga, þegar litið er til hinna örlagaríku atburða laugardagsmorguninn 11. janúar sl.

Skert dómgreind ákærðu vegna mikillar áfengisneyslu verður ekki virt henni til málsbóta. Hins vegar hlýtur að vega hér þungt, þegar refsing ákærðu er ákvörðuð, að Hafsteinn misbauð henni, þegar hann afdráttarlaust synjaði réttmætrar beiðni hennar um, að gestir sínir færu úr íbúðinni. Það, hversu lögreglan var illa í stakk búin til að koma henni í þessu sambandi til aðstoðar, jók á reiði hennar sem og, að því er virðist, kæruleysisleg viðbrögð Hafsteins við yfirvofandi hættu. Full reiði og í mikilli geðs-

hræringu, sem Hafsteinn með særandi framkomu sinni átti sinn þátt í að skapa, lagði ákærða til hans með hnífnum. Strax eftir verknaðinn var ákærða full iðrunar. Hún kallaði á hjálp og leitaðist þannig við að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar verksins. Hún hefur hreinskilnislega játað brot sitt og í engu reynt að draga úr ábyrgð sinni á því. Við refsiákvörðun ber því að hafa hliðsjón af 75. gr. sem og 4., 8. og 9. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber að taka tillit til ungs aldurs ákærðu, en hún var aðeins 19 ára, er hún framdi bort sitt. Ákærða beitti hættulegu vopni við framkvæmd verksins, og þegar hún framdi hið alvarlega brot sitt, rauf hún skilorð eins mánaðar fangelsisdómsins frá 13. febrúar 1990. Ber því nú, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að taka bæði málin til meðferðar og dæma í einu lagi eftir reglum 77. gr. laga 19/1940.

Refsing ákærðu, Jónínu Sigríðar Guðmundsdóttir, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Ákærða hefur frá kl. 20.47 laugardaginn 11. janúar 1992 setið óslitið í gæsluvarðhaldi, og skal þessi gæsluvarðhaldsvist koma að fullri dagatölu dæmdri refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af því, að ákærða var, eins og að framan greinir, sýknuð af broti samkvæmt ákæru, dagsettri 11. desember 1991, verður sakarkostnaði skipt, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ber ákærðu að greiða 4/5 hluta alls sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, sem greiða skal 1/5 hluta kostnaðarins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, en af hálfu ákæruvalds flutti málið Björn Helgason saksóknari, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Andra Árnasonar hdl., 200.000 krónur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta. Rétt þykir að geta þess, að dómstörf lágu niðri vikuna 5. til 11. apríl sl., á meðan dómarinn sótti námskeið vegna væntanlegrar nýrrar réttarfarslöggjafar, og einnig um páska 16. til 20. apríl sl. Að öðru leyti hafa dómstörf gengið eðlilega.

Dómsorð:

Ákærða, Jónína Sigríður Guðmundsdóttir, sæti fangelsi í fjögur ár, en gæsluvarðhaldsvist ákærðu óslitið frá 11. janúar 1992 komi að fullri dagatölu refsivist hennar til frádráttar.

Ákærða greiði 4/5 hluta alls sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, sem greiði 1/5 hluta kostnaðarins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Andra Árnasonar hdl., 200.000 krónur.

Föstudaginn 23. október 1992.

Nr. 153/1992. **Garðskagi hf.**

gegn

Arctic Fish Ltd.,
Brunabótafélagi Íslands,
Byggðastofnun,
Fiskveiðasjóði Íslands,
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,
Gerðahreppi,
Gjaldheimtu Suðurnesja,
H-Borg hf.,
Hf. Eimskipafélagi Íslands,
Hitaveitu Suðurnesja,
Íslandsbanka hf.,
Kæli- og frystivélum hf.,
Landsbanka Íslands,
Lífeyrissjóði Suðurnesja,
Oddgeiri og Ásum sf.,
Plastprenti hf.,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Sæplasti hf.,
Umbúðamiðstöðinni hf.,
Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerðahrepps,
Verkfræðistofu Braga Þorsteinssonar og
Eyvindar Valdimarssonar hf.,
Vélsmiðju Heiðars,
þrotabúi Rekstrartækni hf. og
þrotabúi Þ. Skaftasonar hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungar-

sölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992, og hefur það verið skriflega flutt.

Sóknaraðili gerir svofelldar kröfur fyrir Hæstarétti:

„1. Að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði nauðungarsölu á eigninni Fiskverkunarstöð í landi Kothúsa I ásamt vélum og tækjum, Garði.

2. Að uppboðsbeiðnum þeirra uppboðsbeiðenda, Plastprents hf. og Hitaveitu Suðurnesja, sem byggja á fjárnámsgerðum í Kothúsavegi 12, verði sérstaklega hafnað og vísað frá uppboðsréttinum.

3. Að uppboðsbeiðendum, hverjum um sig, verði gert að greiða umbj. m. málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skv. gjaldskrá LMFÍ og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna."

Varnaraðilarnir Arctic Fish Ltd., Brunabótafélag Íslands, Byggðastofnun, Fiskveiðasjóður Íslands, Gerðahreppur, Hf. Eimskipafélag Íslands, Íslandsbanki hf., Landsbanki Íslands, Lífeyrissjóður Suðurnesja, Sæplast hf. og Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Aðrir stefndu hafa ekki gert kröfur eða skilað greinargerð.

Varnaraðilarnir Plastprent hf. og Hitaveita Suðurnesja eru aðilar uppboðsins, en ekki uppboðsbeiðendur samkvæmt 14. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Koma kröfur þeirra því til úrlausnar við úthlutun uppboðsandvirðis.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum samtals 100.000 krónur í kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Garðskagi hf., greiði varnaraðilum Arctic Fish Ltd., Brunabótafélagi Íslands, Fiskveiðasjóði Íslands, Gerða-

hreppi, Hf. Eimskipafélagi Íslands, Íslandsbanka hf., Landsbanka Íslands, Lífeyrissjóði Suðurnesja, Sæplasti hf. og Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerðahrepps samtals 100.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 10. mars 1992.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 11. f. m., hefur sóknaraðili, Garðskagi hf., krafist þess í fyrsta lagi, að synjað verði nauðungarsölu á eigninni Fiskverkunarstöð í landi Kothúsa I ásamt vélum og tækjum, Garði, í öðru lagi, að uppboðsbeiðnum þeirra uppboðsbeiðenda, sem byggja á fjárnámsgerðum í Kothúsavegi 12, verði hafnað og vísað frá uppboðsréttinum, og í þriðja lagi, að uppboðsbeiðendum, hverjum um sig, verði gert að greiða sóknaraðila, Garðskaga hf., málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Auk þess er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir uppboðsdag vaxtanna.

Varnaraðilar, sem sótt hafa þing í málinu, eru Íslandsbanki hf., Byggðastofnun, Lífeyrissjóður Suðurnesja, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps, Sæplast hf., Eimskipafélag Íslands hf., Brunabótafélag Íslands og Fiskveiðasjóður Íslands, og eru dómkröfur þeirra, að öllum kröfum sóknaraðila í málinu verði hrundið og úrskurðað verði, að fram skuli fara nauðungaruppboð á fasteignum Garðskaga hf. í landi Kothúsa I, Garði, ásamt vélum og tækjum og búnaði, en eignir þessar séu ýmist nefndar Hraðfrystihús eða Fiskverkunarstöð Garðskaga hf.

Varnaraðilar krefjast einnig ríflegs málskostnaðar úr hendi sóknaraðila málsins, Garðskaga hf.

Málavextir eru þeir helstir, að uppboðsréttarmáli, sem rekið var við embættið og hófst í lok árs 1989 að kröfu sóknaraðila máls þessa, lauk með því, að uppboðshaldari hóf uppboðið af sjálfsdáðum í þinghaldi 17. janúar 1990.

Að liðnum áfrýjunarfresti hóf uppboðshaldari síðan uppboðsaðgerðir að nýju á grundvelli uppboðsbeiðna, sem höfðu ekki verið afturkallaðar. Uppboðið var auglýst í 164. tbl. Lbbl. árið 1990 og í 2. og 5. tbl. sama blaðs árið 1991 og var þingfest 1. febrúar 1991. Í auglýsingu var þess getið, að selja ætti Fiskverkunarstöð í landi Kothúsa I ásamt vélum og tækjum, Garði, þinglýstur eigandi Garðskagi hf. Uppboðsbeiðendur voru meðal

annarra Fiskveiðasjóður ásamt öðrum varnaraðilum þessa máls og fleiri aðilum. Við þingfestingu málsins var ákveðin sala á eigninni 7. mars 1991 kl. 10 fyrir hádegi. Fór sú sala fram þann dag, og var þá hæstbjóðandi Fiskveiðasjóður Íslands með 1.000.000 kr., en uppboðsaðilar fóru fram á annað og síðara uppboð á eigninni, og var ákveðið, að það færi fram 26. apríl 1991. Í því þinghaldi var uppboðsaðgerðum mótmælt af hálfu sóknaraðila máls þessa, þ. e. a. s. uppboðsþola, Garðskaga hf., og var aðalkrafa hans, að uppboðshaldari viki sæti í málinu.

Með úrskurði, upp kveðnum 17. október 1991, hafnaði uppboðshaldari kröfu sóknaraðila málsins um sætisvikningu. Með úrskurði Hæstaréttar 28. nóvember sl. var sá úrskurður staðfestur. Hafði sóknaraðili þá uppi efnislegar kröfur í málinu, og er mál þetta nú rekið vegna þeirra, og var það tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 11. febrúar 1992.

Málsástæður sóknaraðila eru aðallega þær, að ekki sé nægilega tilgreint í auglýsingum, hvað selja eigi. Eitt af grundvallaratriðum nauðungaruppboðs sé það, að ótvírætt sé, hvað selja eigi, og vísar sóknaraðili til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987, og 1. tl. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949. Telur sóknaraðili, að auglýsingar um eignina hafi ekki verið í samræmi við uppboðsheimildir. Þá liggi ekki fyrir tæmandi upptalning um það, hvaða vélar, tæki og búnað eigi að selja á uppboðinu. Þá bendir sóknaraðili á það, að þær uppboðsbeiðnir, sem hafi legið til grundvallar uppboði því, sem hafi verið hafið ex officio 17. janúar 1990, hafi ekki verið endurnýjaðar með formlegum hætti. Hins vegar séu þær allar lagðar fram við þingfestingu málsins 1. febrúar 1991. Þá bendir sóknaraðili á það, að þeim uppboðsbeiðendum, sem hafa krafist uppboða á grundvelli fjárnáma í Kothúsavegi 12, hafi mátt vera það ljóst, að slík kröfugerð fengi ekki staðist.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að undirbúningur uppboðsmálsins sé í samræmi við lög nr. 57/1949. Fasteignirnar séu auglýstar svo sem þær séu tilgreindar í veðmálabókum. Bendir varnaraðili á, að t. d. í uppboðsbeiðnum Íslandsbanka hf. sé skýrlega tekið fram, að uppboðs sé beiðst á fasteignum, vélum og tækjum, og hafi sóknaraðili fengið afrit af þessum beiðnum og ekki hreyft neinum athugasemdum við þeim. Varnaraðilar benda á það, að uppboðshaldari eigi mat á því, hvernig hann tilgreini söluandlagið í auglýsingum skv. 22. gr. uppboðslaga, og geri hann það með þeim hætti, að væntanlegir bjóðendur megi vita, hvað selja skuli. Varnaraðilar halda því fram, að auglýsingar allar séu í samræmi við venjur. Telja varnaraðilar, að nægilega skýrt komi fram um, hvað selja skuli, og rétt hafi verið staðið að undirbúningi uppboðsins, að því er þetta atriði varðar.

Það er álit réttarins, að þær málsástæður, sem sóknaraðili færir máli sínu til stuðnings, fái ekki staðist.

Rétturinn telur, að fasteign sú, sem selja skal á nauðungaruppboði, sé nægilega og réttilega tilgreind í auglýsingum bæði í Lögbirtingablaði og í Víkurfréttum, þegar þær hafa verið auglýstar þar. Eignin er auglýst á þann hátt, sem veðmálabækur segja til um, sbr. veðbókarvottorð, og skv. uppboðsheimildum eru vélar og tæki einnig auglýst til sölu, sbr. veðbréf Fiskveiðasjóðs Íslands og Íslandsbanka hf. Það skal tekið fram, að ljóst er, að lóð sú, er fasteignir sóknaraðila standa á, er 5935 fermetrar á stærð, eins og sést á veðbókarvottorði, dskj. nr. 106 í málinu.

Þar sem öllum kröfum sóknaraðila, Garðskaga hf., í máli þessu er hrundið, er ákveðið, að önnur og síðari sala á fasteigninni Fiskverkunarstöð í landi Kothúsa I ásamt vélum og tækjum í Garði fari fram að undangenginni auglýsingu í Víkurfréttum.

Rétt þykir, að sóknaraðili, Garðskagi hf., greiði þeim varnaraðilum, sem sótt hafa þing í málinu, þ. e. a. s. Íslandsbanka hf., Byggðastofnun, Lífeyrissjóði Suðurnesja, Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerðahrepps, Sæplasti hf., Eimskipafélagi Íslands hf., Brunabótafélagi Íslands og Fiskveiðasjóði Íslands, sameiginlegan málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Jón Eysteinsson sýslumaður kveður upp úrskurð þennan, en uppkvaðning hans hefur dregist vegna mikilla anna við önnur störf.

Úrskurðarorð:

Annað og síðara nauðungaruppboð á fasteigninni Fiskverkunarstöð í landi Kothúsa I ásamt vélum og tækjum, Garði, þinglýst eign Garðskaga hf., skal fara fram að undangenginni auglýsingu í Víkurfréttum.

Sóknaraðili, Garðskagi hf., greiði varnaraðilum Fiskveiðasjóði Íslands, Íslandsbanka hf., Byggðastofnun, Lífeyrissjóði Suðurnesja, Verkalýðs- og sjómannafélagi Gerðahrepps, Sæplasti hf., Eimskipafélagi Íslands hf. og Brunabótafélagi Íslands 100.000 kr. í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. október 1992.

Nr. 87/1992. **Ragnhildur Einarsdóttir**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Lögveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. febrúar 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði kröfu varnaraðila um nauðungaruppboð á Sogavegi 119 í Reykjavík. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn 13. nóvember 1989 leitaði varnaraðili eftir úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar um gjaldskyldu og gjaldstofn fasteignarinnar nr. 119 við Sogaveg. Yfirfasteignamatsnefnd vísaði málinu frá sér 8. mars 1990 með þeim rökstuðningi, að ekki væri deilt um gjaldstofn og gjaldskyldu vegna fasteignarinnar.

Ágreiningur málsaðila snýst um réttindi samkvæmt erfðafestusamningi frá 10. ágúst 1929 og lögfylgjur uppsagnar hans. Þessi ágreiningur veldur óvissu um réttmæti þeirrar lögveðskröfu, sem uppboðsbeiðni varnaraðila byggist á, sbr. 7. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. áður lög nr. 73/1980. Við svo búið skortir fullnægjandi lagaskilyrði til þess, að fasteign sóknaraðila verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar umræddri kröfu samkvæmt e-lið 1. tl. 1. gr. þágildandi laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. nú 5. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að rétt var, að varnaraðili væri sóknaraðili í héraði, þar sem hann krafðist uppboðs, sem andmælt var.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði sóknaraðila, Ragnhildi Einarsdóttur, 75.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 29. janúar 1991.

I. Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 8. þessa mánaðar.

Sóknaraðili er Ragnhildur Einarsdóttir, Sogabletti II, Reykjavík.

Varnaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að krafa varnaraðila um uppboð á Sogabletti II nái ekki fram að ganga. Þá verði sóknaraðila úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að uppboð á eigninni Sogavegi 119, Reykjavík, eign sóknaraðila, nái fram að ganga til lúkningar eftirstöðvum fasteignagjalda 1988 og 1989 og áranna 1990 og 1991, samtals 21. nóvember 1991 113.762 kr., auk dráttarvaxta. Krafist er málskostnaðar að mati réttarins.

II. Með uppboðsbeiðnum, dags. 6. júní 1988, 1. júní 1989, 5. júní 1990 og 11. mars 1991, óskaði Gjaldheimtan í Reykjavík nauðungaruppboðs á fasteigninni Sogavegi 119, Reykjavík, til lúkningar eftirstöðvum fasteignagjalda af þeirri eign.

Í uppboðsrétti 9. október sl. komu fram mótmæli Ragnhildar Einarsdóttur gegn sölu eignarinnar. Mótmælin voru tekin fyrir í réttinum 29. sama mánaðar, og var þar ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt uppboðsréttarmál, þar sem Ragnhildur Einarsdóttir væri sóknaraðili, en uppboðsbeiðandi væri varnaraðili.

Málsaðilar hafa báðir skilað greinargerðum. Í greinargerð sóknaraðila segir svo, að sóknaraðili hafi allt síðan á árinu 1936 átt réttindi tengd erfðafestulandinu Sogabletti II, Reykjavík. Á áttunda áratugnum muni skipulagi Reykjavíkurborgar hafa verið breytt án samþykkis sóknaraðila, að því er varðar Sogablett II. Eftir það hafi hús sóknaraðila verið nefnt í bókum Reykjavíkurborgar Sogavegur 119 og fasteignagjalda krafist af þeirri eign, en ekki sérstaklega af Sogabletti II. Því sé heimildarlaust að krefjast nauðungaruppboðs á Sogabletti II, þar sem engin gjöld séu þar í vanskilum.

Sóknaraðila beri engin skylda til að greiða fasteignagjöld af fasteigninni

Sogavegi 119, enda sé þar að nokkru um aðra eign að ræða en Sogablett II. Heimildarlaust sé af hálfu borgaryfirvalda og Gjaldheimtunnar í Reykjavík að breyta skráningu eigna þvert á þinglýstar heimildir.

Af hálfu varnaraðila er sjónarmiðum sóknaraðila mótmælt. Beðið hafi verið um uppboð á fasteigninni nr. 119 við Sogaveg, en skipulag þess efnis hafi verið samþykkt í skipulagsnefnd og borgarráði árið 1972. Ágreiningur um mörk þessarar lóðar og erfðafestulandsins Sogabletts II eigi ekkert erindi fyrir uppboðsrétti. Fasteignagjöld hafi verið greidd af Sogavegi 119 a. m. k. síðan 1975. Engin fasteignagjöld hafi hins vegar verið lögð á Sogablett II, og hafi því gíróseðlar, sem hafi borist frá sóknaraðila, verið færðir sem greiðsla fasteignagjalda af fasteigninni Sogavegi 119. Innborganir á gjöld gangi fyrst til lækkunar á elstu gjöldum, enda sé sú regla hagstæðust gjaldanda. Gjaldandi geti ekki ákveðið sjálfur, hvaða fasteignagjöld hann eigi að greiða fyrir tiltekin ár. Fasteignagjöld séu lögð á umrædda eign í samræmi við lög nr. 90/1991 um tekjustofna sveitarfélaga.

III. *Niðurstaða.*

Hinn 10. ágúst 1929 var gerður leigusamningur um erfðafestuland til ræktunar, sem nefnt var Sogablettur II. Sóknaraðili öðlaðist með framsali 23. mars 1936 réttindi samkvæmt leigusamningi þessum, enda hafði bæjarráð Reykjavíkur þá hafnað forkaupsrétti.

Með bréfi, dags. 4. apríl 1959, var sóknaraðila tilkynnt, að samkvæmt ályktun bæjarráðs yrði Sogablettur II tekinn úr erfðafestu vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda, og yrði endurgjald greitt skv. erfðafestubréfinu. Í 7. gr. erfðafestusamningsins er ákvæði þess efnis, að leigutaka sé skylt, hvenær sem leigusali telji sig þarfnast landsins til eigin þarfa, að láta erfðafesturétt sinn af hendi gegn tilteknu endurgjaldi af landi í fullri túnrækt. Annað land skuli greitt eftir mati dómkvaddra matsmanna.

Í kjölfar þessa var erfðafestulandið skipulagt og það skipulag samþykkt í skipulagsnefnd. Samkvæmt því skipulagi varð Sogablettur II gerður að tveimur lóðum, annars vegar Sogavegur 119 og hins vegar Borgargerði 7. Sóknaraðili mun ekki hafa sætt sig við þetta fyrirkomulag, og hefur ekki enn verið gerður við hann nýr lóðarsamningur.

Allt frá árinu 1975 hafa fasteignagjöld verið lögð á eignir þessar, þ. e. annars vegar á lóðina Sogaveg 119 og hús á þeirri lóð, sem er hús sóknaraðila, og hins vegar á lóðina Borgargerði 7, sem er án húss og er eign Reykjavíkurborgar. Sóknaraðili hefur neitað að greiða fasteignagjöld af húsi sínu á lóð nr. 119 við Sogaveg. Á hinn bóginn hefur sóknaraðili sent varnaraðila greiðslu með gíróseðlum, þar sem tiltekið er, að greidd séu fasteignagjöld vegna Sogabletts II, og jafnframt tiltekið, fyrir hvaða ár. Ágreiningslaust er í máli þessu, að þær greiðslur hafa allar verið tekju-

færðar hjá varnaraðila á fasteignagjöld vegna Sogavegar 119. Sóknaraðili hefur haft það fyrirkomulag við greiðslu að afla sér upplýsinga frá borgaryfirvöldum um upphæð fasteignagjalda og sent varnaraðila að frádreginni lóðarleigu, eftir því sem fram kom við munnlegan flutning málsins. Varnaraðili hefur síðan ráðstafað greiðslum þannig, að fyrst er greitt inn á eldri skuldir af Sogavegi 119. Myndaðist þannig mismunur, auk þess sem til féll kostnaður vegna uppboðsmeðferðar fasteignarinnar.

Það er álit uppboðsréttar, að sóknaraðila hafi verið það ljóst, að honum bæri að greiða fasteignagjald af eign sinni, svo sem lög um tekjustofna sveitarfélaga geri ráð fyrir. Ágreiningur sá, sem hér er um, fjallar í raun um það, hvort sóknaraðila sé skylt að greiða fasteignagjöld af fasteign sinni, sem í skjölum varnaraðila ber annað heiti en sóknaraðili sættir sig við.

Það er ekki uppboðsréttar að endurskoða uppsögn borgaryfirvalda á erfðafestusamningi sóknaraðila né heldur samþykkt skipulagsyfirvalda um skipulag á Sogabletti II, enda ekki séð, að það sé bersýnilega rangt. Leiðir þetta af þeirri aðalreglu um málsmeðferð fyrir uppboðsrétti, að henni ber að hraða og gagnaöflun verður þar ekki leyfð nema að takmörkuðu leyti.

Af hálfu sóknaraðila er ekki gerður efnislegur ágreiningur í máli þessu á útreikningum á uppboðskröfu varnaraðila. Þar sem krafa varnaraðila telst að öðru leyti fullnægja skilyrðum laga til að teljast traustur uppboðsgrundvöllur, skal hið umbeðna nauðungaruppboð fara fram.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 35.000 kr. í málskostnað.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Ragnhildar Einarsdóttur, um, að uppboð á fasteigninni Sogavegi 119 nái ekki fram að ganga, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 35.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 27. október 1992.

Nr. 396/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Jóni Grétari Ingvasyni.

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. október 1992. Krefst hann þess, að sú ákvörðun dómsformanns í máli þessu, Péturs Guðgeirssonar héraðsdómara í Reykjavík, sama dag, „að (sækjanda gefist þess kostur) að reifa kröfu sína skriflega og leggja hana fram í þinghaldi kl. 11.55 á morgun", verði úr gildi felld. Um kæruheimild er vísað til almennrar kæruheimildar samkvæmt 1. málslið 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. einnig 5. mgr. 128. gr. sömu laga.

Ekki eru hafðar uppi kröfur af hálfu ákærða fyrir Hæstarétti.

Í þinghaldi í héraðsdómi Reykjavíkur í máli þessu 21. október sl. gerði Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari þá kröfu af hálfu ákæruvalds, að sérfróðir meðdómendur, sem dómsformaður hafði kvatt til starfa í dóminum, vikju sæti, en dómsformaður hafði tilkynnt sækjanda og verjanda málsins skipan dómsins í bréfi 22. september sl. Dómsformaðurinn beindi því til sækjandans „að rökstyðja kröfuna með bókun eða að öðrum kosti að skila skriflegri greinargerð kl. 11.55 á morgun um kröfu þessa".

Verjandi ákærða lýsti því yfir að hann gerði ekki athugasemdir við skipan dómsins.

Bókað var eftir sækjanda, að hann krefðist þess að „fá hér og nú í þessu þinghaldi að reifa fram komna kröfu ákæruvalds og rökstyðja munnlega samkvæmt fortakslausu ákvæði 1. mgr. 128. gr. laga nr. 19/1991, svo að ekki verði ófyrirsjáanleg töf á því, að dómsformaður taki fram komna kröfu til úrskurðar skv. 6. gr., 1. og 2. mgr., laga nr. 91/1991. Skriflegur málflutningur um þessa kröfu leiðir, að því er ætla verður, til skriflegra greinargerða beggja málsaðila og andsvara þá væntanlega einnig í skriflegum málflutningi".

Dómsformaður ákvað í framhaldi þessa að gefa ákæruvaldinu kost á því að reifa kröfu sína skriflega og leggja hana fram í þinghaldi kl. 11.55 næsta dag. Af hálfu ákæruvalds var því þá lýst yfir, að framangreind ákvörðun væri kærð til Hæstaréttar sem réttarneitun.

Samkvæmt f-lið 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 sætir ákvörðun dómara um skriflegan eða munnlegan málflutning ekki kæru til Hæstaréttar. Önnur ákvæði laganna, sem ákæruvaldið vitnar til, hagga ekki þessu ótvíræða ákvæði. Heimild skortir því til að kæra framangreinda ákvörðun héraðsdómara, og ber að vísa kærunni frá Hæstarétti.

Átelja ber bersýnilega óheimila kæru af hálfu ákæruvalds svo og endurtekin óviðeigandi ummæli í greinargerð þess til Hæstaréttar um „úrslitakosti" héraðsdómarans.

D ó m s o r ð:

Kæru ákæruvaldsins í máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 27. október 1992.

Nr. 378/1992. **Sigurjón Birgir Ámundason**

gegn

Ábyrgð hf.,
Byggingarsjóði ríkisins,
Fjárheimtunni hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
Kaupþingi hf.,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Lífeyrissjóði múrara,
Múrarameistarafélagi Reykjavíkur,
Óðinsvéum - Brauðbæ,
Ólöfu G. Söebech og
tollstjóranum í Reykjavík.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Ómerking. Frávísun frá sýslumanni. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Þórhallur Einarsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, hélt öll uppboðsþing í máli þessu frá og með 22. september 1989 til og með 10. júní 1991 að undanskildu þinghaldi 8. október 1990, en því ásamt þriðja og síðasta uppboði stjórnaði Brynjar Níelsson, fulltrúi yfirborgarfógeta. Vanefndauppboð hélt Ingvar Haraldsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, og hann kvað og upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1992, sem barst Hæstarétti fyrst 29. september, en í endanlegu horfi 13. október. Hann gerir svofelldar dómkröfur:

„Aðallega, að hinum kærða úrskurði, upp kv. 29. júní 1992, verði hrundið og breytt á þá leið, að nauðungaruppboð á fasteigninni Heiðarási 15, Reykjavík, verði fellt niður.

Til vara, að þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Heiðarási 15, Reykjavík, er fram fór 5. júlí 1991, svo og vanefndauppboð, er fram fór 29. júní 1992, verði ómerkt og lagt verði fyrir uppboðshaldara að auglýsa uppboðið að nýju með lögmætum hætti.

Til þrautavara, að „vanefndauppboð“, sem fram fór 29. júní 1992, verði ómerkt og lagt verði fyrir uppboðshaldara að auglýsa uppboðið að nýju með lögmætum hætti.“

Enn fremur krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa ekki borist greinargerðir, og af þeirra hálfu hafa ekki verið gerðar kröfur í málinu.

Frestur til að skjóta til Hæstaréttar þriðja og síðasta uppboði á framangreindri eign, sem fram fór 5. júlí 1991, var fjórar vikur, sbr. 2. mgr. 4. gr. þágildandi laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Var hann því löngu liðinn, þegar kært var.

I.

Hinn 11. maí 1989 var mál þetta þingfest og þá ákveðið, að nauðungarsala færi fram 8. júní. Að lokinni sölutilraun þann dag var annað og síðara uppboð ákveðið 22. september. Var málinu eftir það frestað fjórum sinnum, uns sölutilraun fór fram 27. ágúst 1990, eftir að beiðni umboðsmanns uppboðsþola um frest hafði verið synjað. Eitt boð var gert í eignina, 300.000 krónur. Ekki var annað fært til bókar að lokinni sölutilraun en að ákveðið væri að fresta uppboðinu til 8. október. Þann dag gerðist það eitt í málinu, að öðru og síðara uppboði var frestað til 12. desember. Því var enn frestað þrisvar, en 10. júní 1991 fór fram öðru sinni sölutilraun á öðru og síðara uppboði, eftir að synjað hafði verið um frest. Eitt boð var gert í eignina. Var það eins og við fyrri sölutilraun 300.000 krónur. Af hálfu uppboðsþola var þá óskað eftir þriðja og síðasta uppboði, og var ákveðið, að það færi fram 5. júlí. Í auglýsingu um þetta uppboð í dagblaði var greint frá þriðja og síðasta uppboði á fasteigninni Heiðarási 15, þinglesinni eign Sigurjóns Ámundasonar og Hálfdáns Sveinssonar. Með þessu var ranglega gefið til kynna, að nauðungarsala færi fram á allri fasteigninni, en ekki eignarhluta Sigurjóns eins, þ.e. 62% eignarinnar. Samkvæmt endurriti úr uppboðsbók var hins vegar glöggt greint frá því í bókun við fyrirtöku málsins í þinghaldinu 5. júlí, að eingöngu væri boðinn upp eignarhluti hans í Heiðarási 15.

Nokkur boð komu fram á þriðja og síðasta uppboði, og var hið hæsta 12.000.000 krónur. Ekki tók uppboðshaldari þá afstöðu til fram kominna boða, en með fram lögðum breytingum á söluskilmálum, eftir að sölutilraunum var lokið, áskildi hann sér 12 vikur

til þess. Í gögnum málsins sér þess hvergi stað, að afstaða uppboðshaldara til boða í eignina hafi nokkurn tíma komið fram.

Hinn 8. janúar 1992 sendi uppboðshaldari hæstbjóðanda skeyti, þar sem skorað var á hann að greiða uppboðsverðið fyrir hádegi 24. sama mánaðar, ella færi fram vanefndauppboð. Í skeyti þessu er skírskotað til sölu allrar eignarinnar á uppboðinu 5. júlí. Af gögnum málsins verður ekki séð, að hæstbjóðandi hafi sýnt nokkur viðbrögð við þessari áskorun. Hinn 10. mars 1992 lá fyrir frumvarp að úthlutun uppboðsverðs eignarinnar, en þá voru rúmlega átta mánuðir liðnir, frá því að þriðja og síðasta uppboð fór fram.

Hinn 29. júní 1992 fór fram vanefndauppboð á eigninni. Auglýsing um þetta uppboð er ekki í gögnum málsins. Samkvæmt endurriti úr uppboðsbók var uppboðið haldið vegna vanefnda hæstbjóðanda á þriðja og síðasta uppboði. Í þinghaldi þessu var eigninni rétt lýst. Af hálfu sóknaraðila mætti við uppboðið Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður og krafðist þess, að uppboðið færi ekki fram, þar sem á þriðja og síðasta uppboði hefði öll fasteignin Heiðarás 15 verið boðin upp, þótt eignarhluti uppboðsþola væri einungis 62%. Þá vakti lögmaðurinn athygli á því, að uppboðshaldari hefði ekki tekið afstöðu til boða á því uppboði innan tilskilins frests samkvæmt uppboðsskilmálum. Lögmaðurinn krafðist úrskurðar um kröfu sína, og var þá hinn kærði úrskurður kveðinn upp. Síðan var uppboðinu haldið áfram, og komu fram nokkur boð í eignina. Hilmar Ingimundarson var meðal þeirra, sem boð gerðu, og átti hæsta boð, 7.900.000 krónur, vegna Hálfdáns Sveinssonar.

II.

Þegar fyrri sölutilraun á öðru og síðara uppboði 27. ágúst 1990 mistókst, hafði annað og síðara uppboð verið haldið samtals sex sinnum á 11 mánuðum. Eftir að þessi sölutilraun hafði farið fram, voru ekki lagaskilyrði til að halda áfram öðru og síðara uppboði. Framhald málsins gat ekki að lögum orðið annað en þriðja og síðasta uppboð, er fram færi innan fjögurra vikna frá 27. ágúst 1990, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987. Allt að einu var öðru og síðara uppboði frestað áfram samtals fimm sinnum til 10. júní 1991, er sölutilraun á öðru og síðara uppboði fór fram öðru sinni, níu og hálfum mánuði eftir fyrri sölutilraunina.

Þessi afbrigði frá réttri málsmeðferð voru svo stórvægileg, að eigi verður hjá því komist þegar af þeirri ástæðu að ómerkja ex officio hinn kærða úrskurð og málsmeðferðina í heild og vísa málinu frá sýslumanninum í Reykjavík.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Ýmsir annmarkar aðrir eru á meðferð máls þessa fyrir uppboðsrétti, svo sem fram kemur í atvikalýsingunni hér að framan, og er þar þó ekki allt talið, sem aflaga fór. Ber að átelja þetta.

Skúli Sigurðsson héraðsdómslögmaður mætti fyrir sóknaraðila á þriðja og síðasta uppboði, en bauð síðan í eignina fyrir annan aðila. Hið sama gerði Hilmar Ingimundarson á vanefndauppboðinu. Þetta fór í bága við starfsskyldur þeirra sem málflutningsmanna og er aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður og málsmeðferðin í heild eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá sýslumanninum í Reykjavík.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. október 1992.

Nr. 394/1992. **Íslandsbanki hf.**

gegn

Braga Kristiansen.

Kærumál. Útburðargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. október 1992, er barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 20. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. lög nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðili verði borinn út úr húsnæði því að Suðurlandsbraut 16, sem lýst er í úrskurðinum. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili hefur ekki látið kærumál þetta til sín taka.

Málsaðilar deila um gildi húsaleigusamnings. Byggist krafa sóknaraðila á því, að samningurinn sé ógildur, en af hálfu varnaraðila er haldið fram hinu gagnstæða. Við svo búið brestur lagaskilyrði til þess, að krafa sóknaraðila um útburðargerð samkvæmt 78. gr. laga nr. 90/1989 megi ná fram að ganga.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 24. september 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 16. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík, en gerðarþoli Bragi Kristiansen, kt. 110550-3249, Suðurlandsbraut 16, Reykjavík.

Krafa gerðarbeiðanda er, að dómurinn úrskurði, að gerðarþoli verði

ásamt öllu, sem honum tilheyrir, borinn út úr húsnæðinu Suðurlandsbraut 16 hér í borg, það er vesturhluta eignarinnar, sem er lagerhúsnæði, u. þ. b. 80 fm, ásamt efra lofti og lofti yfir sal, u. þ. b. 60 fm, og skrifstofuhúsnæði, sem er 90 fm. Gerðarbeiðandi krefst málskostnaðar að mati dómsins og að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Krafa gerðarþola er, að synjað verði um útburð og að sér verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Málið var tekið fyrir 21. ágúst sl. Aðilar lýstu gagnaöflun lokið 31. ágúst sl., og var málið síðan munnlega flutt 16. þ. m., eins og áður segir.

II.

Málavextir eru: Með húsaleigusamningi, dagsettum 15. júní 1991, en mótteknum til þinglýsingar 19. desember sl., leigja B.K.-Verktakar hf. gerðarþola húsnæðið, sem hér um ræðir. Húsnæðið er selt á nauðungaruppboði 20. desember sl. Á uppboðsþinginu er gildi leigumálans mótmælt, án þess að föstum uppboðsskilmálum sé breytt. Gerðarbeiðanda er lögð út eignin sem ófullnægðum veðhafa 3. apríl sl. Í símskeyti 1. júlí sl. skorar gerðarbeiðandi á gerðarþola að rýma húsnæðið eigi síðar en 6. s. m., vilji hann komast hjá dómsúrskurði um útburð. Aðfararbeiðni, dagsett 23. júlí sl., er síðan send héraðsdómi Reykjavíkur.

III.

Gerðarbeiðandi telur sig ekki vera bundinn við leigumála B.K.-Verktaka hf. við gerðarþola, Braga Kristiansen. Hann hafi fengið hluta Suðurlandsbrautar 16, þinglýstri eign B.K.-Verktaka hf., úthlutað sem ófullnægðum veðhafa, en leigumálinn hafi staðið að baki veðréttindum hans í þinglýsingaröð, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 39, 1978.

Í annan stað heldur gerðarbeiðandi fram, að bindandi leigusamningur hafi ekki komist á, þar sem ákvæði um leigufjárhæð sé ekki nægilega ákveðið og ekki verið þinglýst kvittunum um leigugreiðslur, eins og 2. mgr. 31. gr. laga nr. 39, 1978 áskilji.

Gerðarbeiðandi telur leigumálann tortryggilegan. Bragi Kristiansen gerðarþoli sé stjórnarmaður og nánast eigandi alls hlutafjár B.K.-Verktaka hf. Fyrirsjáanlegt hafi verið, að B.K.-Verktakar hf. voru að missa húsnæði sitt að Suðurlandsbraut 16 vegna vanskila við kröfuhafa. Þess vegna hafi verið hagkvæmt fyrir gerðarþola að leggja þennan leigumála fram við uppboðið og gera þannig tilraun til að ýta til hliðar þinglýstum veðréttindum kröfuhafa.

Gerðarbeiðandi segir, að þinglýst veðréttindi sín, sem hann hafi reynt að verja með því að bjóða í hina veðsettu eign á nauðungaruppboði, séu stórlega skert, ef hann eigi nú sem uppboðskaupandi að bera skatta og skyldur af húsnæðinu að Suðurlandsbraut 16 gildistíma leigumálans allt til ársins 2003 án þess að fá leigutekjur; raunar sé það með ólíkindum, ef leigumáli, sem

„dúkkar upp" með ófyrirsjáanlegum hætti við þriðju og síðustu sölu á nauðungaruppboði, geti varnað uppboðskaupanda réttar til að nýta eignina, þ. á m. til að selja hana, þar sem hún sé óseljanleg með þessari kvöð.

Gerðarþoli telur engan réttargrundvöll fyrir því að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina, þó að gerðarbeiðandi geti ef til vill sýnt fram á að hafa orðið fyrir óþægindum og heimild hans til að ráðstafa húsnæðinu að Suðurlandsbraut 16, sem hann eignaðist með uppboðsafsali, hafi ekki fyllilega staðist væntingar. Hann heldur fram, að umræddur leigusamningur sé í fullu gildi milli aðila bæði formlega og efnislega, og mótmælir öllum staðhæfingum gerðarbeiðanda í aðra veru.

Gerðarþoli telur, að B.K.-Verktökum hf. hafi verið frjálst að ráðstafa eign sinni að Suðurlandsbraut 16 með öllum heimildum eiganda allt til þess tíma, er eignin var seld á uppboði, og tengsl gerðarþola við félagið breyti engu í því sambandi, þó að gerðarbeiðandi haldi öðru fram. Hitt telur gerðarþoli svo annað mál, sem ekki sé til skoðunar eða meðferðar í þessu útburðarmáli, hvort unnt sé að hnekkja leigumálanum á grundvelli þess, að annar aðili hans hafi hagnast óeðlilega.

IV.

Gerðarþoli reisir rétt sinn til veru í húsnæði gerðarbeiðanda að Suðurlandsbraut 16 á leigusamningi, sem áður er getið. Gerðarbeiðandi lítur hins vegar svo á, að þessi samningur sé ógildur gagnvart sér sem uppboðskaupanda eignarinnar. Samningsskjalið var móttekið til þinglýsingar 19. desember sl. og innfært 2. janúar sl. Við þriðja og síðasta uppboð á eigninni 20. desember sl. var ljósrit samningsins lagt fram. Uppboðsafsalið er gefið út 3. apríl sl. Þar er samningsins að engu getið, en á ljósriti af blaði úr veðmálaskrá, sem staðfest er 6. ágúst sl. (fylgiskjal með dskj. nr. 7), kemur fram, að uppboðshaldari hefur ekki látið afmá þessa kvöð af skrá eignarinnar. Verður því að álykta, að leigusamningurinn sé kvöð á eigninni, sem hafi ekki fallið niður við uppboðið.

Gerðarbeiðandi hefur að öðru leyti ekki sýnt fram á nein þau vanhöld gerðarþola við hann, sem réttlæti tafarlausa brottvikningu gerðarþola úr húsnæði gerðarbeiðanda með beinni aðfarargerð skv. 78. gr. laga um aðför nr. 90, 1989. Ber því að hafna kröfu gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað, sem hæfilegur þykir 25.000 kr., og er þá tekið tillit til virðisaukaskatts.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda er hafnað.

Gerðarbeiðandi, Íslandsbanki hf., greiði gerðarþola, Braga Kristiansen, 25.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 192/1992. **Skífan hf.**

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Uppboðsandlag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 lýtur málið nú meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992, og hefur það verið skriflega flutt hér fyrir réttinum.

Sóknaraðili krefst þess, „að uppboðsmeðferð á eignarhlutum Skífunnar hf. í Skeifunni 17 í Reykjavík, sem er vesturhluti 1. hæðar forhúss og tengibyggingar og vesturhluti 2. hæðar forhúss, alls 30% forhússins, skv. kröfu Lögrúnar sf., f.h. Sjóvá-Almennra hf., verði ómerkt og uppboðið fellt niður". Til vara krefst hann þess, „að uppboðsmeðferð á framangreindum eignarhlutum Skífunnar hf. í Skeifunni 17 verði frestað, þar til fyrir liggur úthlutun uppboðsandvirðis annarra samveðsettra eignarhluta Skeifunnar 17". Hann krefst kærumálskostnaðar og málskostnaðar fyrir uppboðsrétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, „þó með þeim hætti, að í stað 2. og 3. nauðungarsölu, sem kveðið er á um í úrskurðinum, verði uppboðinu fram haldið með byrjun og eftir atvikum framhaldi uppboðs skv. 31. - 35. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, sbr. 2. mgr. 96. gr. s. l.". Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Ætla verður, að þá skiptingu á hinni veðsettu húseign til uppboðssölunnar, er fram kom í uppboðsauglýsingu í Lögbirtingablaðinu, 73. tbl., þegar hinn 19. júní 1991, hafi uppboðshaldari ákveðið í því skyni, að hærra söluverð fengist en ef eignin væri seld í einu lagi. Jafnframt hafi hann litið til ákvæða 2. tl. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð og til hagsmuna sóknaraðila og

annarra, sem gerst höfðu kaupendur að tilteknum hlutum húseignarinnar. Veðhafinn var samþykkur þessari ákvörðun, og ekki liggur fyrir í máli þessu, að aðrir uppboðsbeiðendur hafi gert athugasemdir hennar vegna. Réttur sóknaraðila til veðsins er til orðinn löngu eftir, að uppboðsheimildinni, - veðskuldabréfinu, - var þinglýst, og víkur því fyrir henni. Sóknaraðili bar ekki fram mótmæli sín, fyrr en önnur og síðari nauðungarsala átti að fara fram. Þingað hafði verið í málinu 1. ágúst og nauðungarsalan farið fram 14. október, eins og lýst er í hinum kærða úrskurði. Sóknaraðili hafði þá ekki lengur tækifæri til að koma að andmælum sínum samkvæmt 3. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. einnig 2. mgr. 25. gr. sömu laga til hliðsjónar. Skal því ákvörðun uppboðshaldara um söluna, svo sem hún var auglýst í 73., 77. og 79. tölublaði Lögbirtingablaðsins, standa óbreytt. Ekki liggur fyrir í málinu ákvörðun uppboðshaldara um, hvernig úthlutun uppboðsandvirðis verði hagað, og verður því ekki um það fjallað að svo komnu. Þykir því ekki unnt að sinna kröfu sóknaraðila um að fresta uppboði, þar til hún liggi fyrir.

Eftir atvikum telst rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Kröfum sóknaraðila, Skífunnar hf., er hafnað. Nauðungarsala á eignarhluta sóknaraðila í 1. hæð forhúss og tengibyggingar og vesturhluta 2. hæðar forhúss í Skeifunni 17 í Reykjavík fari fram að undangenginni auglýsingu.

Kærumálskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 253/1992. **Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 20 hf. og dr. Gunnlaugur Þórðarson**

gegn

Lögbergi hf.

Kærumál. Fjárnám. Þinglýsing. Kröfu vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir mál þetta kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Sóknaraðilar gera þær dómkröfur, að hin kærða fjárnámsgerð í 3. hæð, austurenda, fasteignarinnar Suðurlandsbrautar 20, Reykjavík, verði ógilt og felld úr gildi. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi varnaraðila. Varnaraðili krefst þess í fyrsta lagi, að kröfum sóknaraðilans dr. Gunnlaugs Þórðarsonar verði vísað frá Hæstarétti. Í öðru lagi krefst hann staðfestingar hinnar kærðu fjárnámsgerðar og loks kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Framangreint fjárnám var gert 18. mars 1992 og er svohljóðandi:

„Ár 1992, miðvikudaginn 18. mars, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skógarhlíð 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Halldóri Halldórssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 886/1992:

Lögberg hf.

gegn

Ólafi Thoroddsen, 141045-4319.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, aðfararhæfa áskorunarstefnu, nr. 3, afrit úr firmaskrá, nr. 4, veðbókarvottorð. ...

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Benedikt Ólafsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 300.000,00 með hæstu lögl. drv. skv. 10. gr. l. 25/1987 af kr. 150.000,00 frá 20/9 1991, af kr. 300.000,00 frá þ. d. til greiðsludags, kr. 42.300,00 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ

auk drv. af málsk. án vsk. frá 14.03 1992, kr. 2.828,00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki mættur þrátt fyrir löglega boðun.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í fasteigninni Suðurlandsbraut 20, 3ju hæð, austurenda, hluta Eignavers sf. Félaginu hefur verið slitið, sbr. dskj. nr. 4, en gerðarþoli var annar sameigenda þess.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið."

II.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, yfirtók Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 20 hf. rekstur sameignarfélagsins Eignavers 11. september 1986. Eigendur sameignarfélagsins voru Ólafur Thoroddsen og Árni Einarsson, og átti hvor um sig 50% eignarhluta. Meðal eigna, sem lögfræðiskrifstofan yfirtók, var eignarhluti Eignavers sf. í austurenda þriðju hæðar fasteignarinnar nr. 20 við Suðurlandsbraut í Reykjavík, en eignarhluti Eignavers sf. var 2/3 á móti 1/3 eignarhluta dr. Gunnlaugs Þórðarsonar. Hluthafar í Lögfræðiskrifstofunni Suðurlandsbraut 20 hf. eru fimm, þar af eiga Árni Einarsson 46% hlutafjár og Ólafur Thoroddsen 49% hlutafjár. Eignaver sf. var afmáð úr firmaskrá 27. janúar 1991, en tilkynning um breytingu á eignaraðild fasteignarinnar Suðurlandsbrautar 20 var ekki móttekin til þinglýsingar fyrr en 5. maí 1992.

Hinn 18. mars 1992, þegar hin kærða fjárnámsgerð fór fram, lá fyrir veðbókarvottorð, en samkvæmt því var Eignaver sf. þinglýstur eigandi umræddra hluta fasteignarinnar Suðurlandsbrautar 20 að 2/3 hlutum, en Gunnlaugur Þórðarson var þinglesinn eigandi að 1/3 hluta. Fógeti gerði því réttilega fjárnám í eignarhluta gerðarþolans Ólafs Thoroddsen, sem var annar sameigenda Eignavers. Réttindum sóknaraðilans Lögfræðiskrifstofunnar Suðurlandsbraut 20 hf. yfir fasteigninni var ekki þinglýst samkvæmt framansögðu fyrr en eftir, að fjárnámið fór fram. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 þarf að þinglýsa eignarréttindum, sem reist eru á samningi, til þess að þau njóti verndar gegn skuldheimtumönnum rétt-

hafa að eign. Verður því réttur sóknaraðilans Lögfræðiskrifstofunnar Suðurlandsbraut 20 hf. að víkja fyrir kröfum varnaraðila, og ber að staðfesta hina kærðu fjárnámsgerð.

Fallast ber á það með varnaraðila, að sóknaraðilinn dr. Gunnlaugur Þórðarson hafi ekki hagsmuna að gæta í máli þessu, en ljóst er, að fjárnám var ekki gert í eignarhluta hans. Er kröfum hans því vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðilinn Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 20 hf. greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Kröfum sóknaraðilans dr. Gunnlaugs Þórðarsonar er vísað frá Hæstarétti.

Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest.

Sóknaraðilinn Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 20 hf. greiði varnaraðila, Lögbergi hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 254/1992. **Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 20 hf. og dr. Gunnlaugur Þórðarson**
gegn
Lögbergi hf.

Kærumál. Fjárnám. Þinglýsing. Kröfu vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir mál þetta kærumeðferð eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðilar gera þær dómkröfur, að hin kærða fjárnámsgerð í 3. hæð, austurenda, fasteignarinnar Suðurlandsbrautar 20, Reykjavík, verði ógilt og felld úr gildi. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess í fyrsta lagi, að kröfum sóknaraðilans dr. Gunnlaugs Þórðarsonar verði vísað frá Hæstarétti. Í öðru lagi krefst hann staðfestingar hinnar kærðu fjárnámsgerðar og loks kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Framangreint fjárnám var gert 18. mars 1992 og er svohljóðandi:

„Ár 1992, miðvikudaginn 18. mars, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skógarhlíð 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Halldóri Halldórssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 887/1992:

Lögberg hf.

gegn

Ólafi Thoroddsen, 141045-4319.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, aðfararhæfa áskorunarstefnu, nr. 3, afrit úr firmaskrá, nr. 4, veðbókarvottorð. ...

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Benedikt Ólafsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 264.614,26 með hæstu lögl. drv. skv. 10. gr. l. 25/1987 frá 2/12 1991 til greiðsludags, kr. 40.000,00 í málskostnað

skv. gjaldskrá LMFÍ auk drv. af málsk. án vsk. frá 1.4. 1992 kr. 2.828,00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki mættur þrátt fyrir löglega boðun.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í fasteigninni Suðurlandsbraut 20, 3ju hæð, austurenda, hluta Eignavers sf. Félaginu hefur verið slitið, sbr. dskj. nr. 4, en gerðarþoli var annar sameigenda þess.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið."

II.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, yfirtók Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 20 hf. rekstur sameignarfélagsins Eignavers hinn 11. september 1986. Eigendur sameignarfélagsins voru Ólafur Thoroddsen og Árni Einarsson, og átti hvor um sig 50% eignarhluta. Meðal eigna, sem lögfræðiskrifstofan yfirtók, var eignarhluti Eignavers sf. í austurenda þriðju hæðar fasteignarinnar nr. 20 við Suðurlandsbraut í Reykjavík, en eignarhluti Eignavers sf. var 2/3 á móti 1/3 eignarhluta dr. Gunnlaugs Þórðarsonar. Hluthafar í Lögfræðiskrifstofunni Suðurlandsbraut 20 hf. eru fimm, þar af eiga Árni Einarsson 46% hlutafjár og Ólafur Thoroddsen 49% hlutafjár. Eignaver sf. var afmáð úr firmaskrá 27. janúar 1991, en tilkynning um breytingu á eignaraðild fasteignarinnar Suðurlandsbrautar 20 var ekki móttekin til þinglýsingar fyrr en 5. maí 1992.

Hinn 18. mars 1992, þegar hin kærða fjárnámsgerð fór fram, lá fyrir veðbókarvottorð, en samkvæmt því var Eignaver sf. þinglýstur eigandi umræddrs hluta fasteignarinnar Suðurlandsbrautar 20 að 2/3 hlutum, en Gunnlaugur Þórðarson var þinglesinn eigandi að 1/3 hluta. Fógeti gerði því réttilega fjárnám í eignarhluta gerðarþolans Ólafs Thoroddsen, sem var annar sameigenda Eignavers. Réttindum sóknaraðilans Lögfræðiskrifstofunnar Suðurlandsbraut 20 hf. yfir fasteigninni var ekki þinglýst samkvæmt framansögðu fyrr en eftir, að fjárnámið fór fram. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 þarf að þinglýsa eignarréttindum, sem reist eru á samningi, til þess að þau njóti verndar gegn skuldheimtumönnum rétt-

hafa að eign. Verður því réttur sóknaraðilans Lögfræðiskrifstofunnar Suðurlandsbraut 20 hf. að víkja fyrir kröfum varnaraðila, og ber að staðfesta hina kærðu fjárnámsgerð.

Fallast ber á það með varnaraðila, að sóknaraðilinn dr. Gunnlaugur Þórðarson hafi ekki hagsmuna að gæta í máli þessu, en ljóst er, að fjárnám var ekki gert í eignarhluta hans. Er kröfum hans því vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðilinn, Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 20 hf., greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Kröfum sóknaraðilans dr. Gunnlaugs Þórðarsonar er vísað frá Hæstarétti.

Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest.

Sóknaraðilinn Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 20 hf. greiði varnaraðila, Lögbergi hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 74/1990. **Eðvarð Björgvinsson**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Smára Arnarssyni
(Othar Örn Petersen hrl.).

Verksamningur. Gallar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1990. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara verulegrar lækkunar á þeim. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðilar deila um tvo liði í kröfugerð stefnda, annars vegar 43.800 krónur fyrir handlang og hins vegar 60.000 krónur fyrir tímavinnu, akstur og leigu á sög. Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefnda ekki tekist sönnun þess, að um sérstaka greiðslu fyrir handlang hafi verið samið. Þá hefur hann ekki sýnt fram á, að svo afdráttarlaus venja sé fyrir því, að greiða beri sérstaklega fyrir slíkt eða fyrir tímavinnu, akstur og leigu tækja, þegar sambærilegt verk og hér ræðir um er unnið í uppmælingu, að taka beri þessa kröfuliði til greina á þeim grundvelli. Verður áfrýjandi því sýknaður af þeim.

Með vísan til röksemda héraðsdóms ber að hafna kröfu áfrýjanda um skaðabætur úr hendi stefnda og endurgreiðslu 30.000 króna.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 171.748 krónur (731.748 krónur að frádregnum áður greiddum 560.000 krónum) með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. júlí 1987 til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Eðvarð Björgvinsson, greiði stefnda, Smára Arnarssyni, 171.748 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. júlí 1987 til greiðsludags og samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., hefur Smári Arnarsson, nnr. 8189-7980, Seljavegi 27, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með þingfestingu málsins 8. mars 1988 á hendur Eðvarði Björgvinssyni, nnr. 1690-8533, Lyngbarði 3, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 307.298 kr. auka [nánar tilgreindra dráttarvaxta og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir dómsins reyndust árangurslausar.

Er aðalmeðferð máls þessa átti að fara fram 2. febrúar sl., féll niður þingsókn af hálfu stefnda, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnanda. Áður en dómur var upp kveðinn á grundvelli 118. gr. 1. 85/1936, bárust tilkynningar frá lögmanni stefnda, fyrst munnlega, en síðan skriflega, að þingsókn af sinni hálfu hefði fallið niður vegna veikinda sinna, og krafðist hann endurupptöku málsins. Hinn 10. júlí sl. var málið endurupptekið, og 3. október sl. var úrskurðað á þá leið, að forföll af hálfu stefnda hefðu verið lögmæt, er þingsókn af hans hálfu féll niður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi sem húsasmíðameistari tekið að sér uppslátt á fasteigninni nr. 14 við Hvammabraut í Hafnarfirði. Fyrir verkið hafi hann átt að fá greidda uppmælingu auk 20% gjalds vegna handlangs, sem sérstaklega hafi verið samið um. Hann hafi síðan unnið það verk, sem fyrir hann var lagt. Verkframkvæmdin hafi hins vegar ekki gengið með þeim hætti sem skyldi vegna atvika, er vörðuðu stefnda. Stefndi hafi útvegað kranamann, en viðvera mannsins hafi ekki verið með þeim hætti, að hann gæti sinnt starfi sínu. Vegna þessa hafi oft skapast vannýttur tími, sem ekki sé innifalinn í mælingunni. Þá hafi oft verið tafir vegna þess, að efni, sem stefndi útvegaði, kom ekki á réttum tíma, og megi m. a. nefna steypu. Þá hafi orðið tafir vegna bilana á tækjum stefnda, t. d. vibratorum.

Af hálfu stefnda er málavaxtalýsingu stefnanda mótmælt í nokkrum atriðum. Því er mótmælt, að samið hafi verið um aukaálag á mælingu vegna handlangs, en stefndi hafi lagt til byggingarkrana og vanan kranamann. Þá standi venja til þess, og eins sé það í samræmi við samninga, þegar unnið sé með kerfismót með krana, að ekki sé greitt fyrir handlang. Þá kveður stefndi, að verulega vanti á, að verkið hafi verið unnið með þeim hætti, að hann þurfi að sætta sig við það. Því hafi hann á dskj. 8 lagt fram lista yfir óunnin, ófrágengin verk og/eða gölluð verk. Þessi verkefni hafi stefndi sjálfur orðið að vinna og bera kostnað af. Stefnandi hafi ekki sinnt kröfum um að vinna að þessum úrbótum, en fyrir þessi verk hafi stefnandi hins vegar þegar gert kröfur á grundvelli mælinga. Þá hafi stefndi greitt sérstaklega fyrir verkþáttinn neglingu á glugga með samkomulagi, 30.000 kr. Fyrir þetta verk sé nú enn fremur gerð krafa, þar sem mæling taki til þessa verkþáttar, og beri því að lækka eftirstöðvar ætlaðrar skuldar um þá fjárhæð. Þá er kröfum stefnanda um greiðslu fyrir tímavinnu mótmælt, þar sem samningar aðila hafi byggst á mælingu, og leiði þar af, að ekki skuli greitt fyrir tímavinnu. Þá er því mótmælt, að kranamaður hafi ekki staðið í stykki sínu.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði tekið að sér að slá upp umræddu húsi fyrir stefnda samkvæmt uppmælingu. Stefndi hefði átt að leggja til krana og kranamann og sjá um alla efnisaðdrætti. Eftir að verk var hafið, hefðu þeir síðan samið um, að hann fengi greitt fyrir handlang vegna stigahúss, 20% ofan á 30% af uppmælingunni, en stigahúsið hefði verið talið 30% af heildarverkinu. Hann kvað einhverja tímavinnu ávallt vera samhliða uppmælingarvinnu. Hann kvað miklar tafir hafa orðið vegna kraftleysis krana, ef hvasst var í veðri, en krani sá, er stefndi hefði lagt til, hefði verið gamall og kraftlaus. Þá hefðu oft orðið tafir vegna þess, að vibratorar biluðu, en steypt hefði verið að jafnaði annan hvern dag. Þá hefðu tafir einnig stafað af því, að ekki var hægt að tvöfalda veggi eða loka uppslætti, þar sem staðið hefði á rafvirkja og járnabindingamanni. Hann kvað stefnda hafa verið múrarameistara hússins, og í upphafi hefði ekki verið gert ráð fyrir því, að stefnandi sæi um niðurlögn steypu, en að beiðni stefnda hefði hann hins vegar tekið það að sér. Stefndi hefði hins vegar átt að sjá um pöntun steypunnar eins og aðra efnisaðdrætti. Hann kvað stokkateikningar hafa skort að húsinu, og hefði því verið lítið um stokka í því. Þær teikningar hefði stefndi ekki útvegað þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Reyndar hefði stefndi haft á orði, að hann myndi útbúa stokka eftir á með kjarnabor. Hann kvað stefnda aldrei hafa kvartað yfir verkinu, meðan á því stóð. Stefnandi vísaði á bug flestum aðfinnslum stefnda samkvæmt dskj. 8. Hann kvað þá stefnda hafa samið í upphafi um, að stefndi greiddi sér 30.000 kr. fyrir að slá upp hleðslugrindum. Hann

kannaðist ekki við, að þeir hefðu samið um 30.000 kr. fyrir áneglingu á glugga. Hann kvaðst hafa skráð vinnulista daglega, og hefðu stefnda verið sýndir þeir í hvert sinn, er borgað var inn á mælinguna.

Stefndi kvaðst hafa samið um það við stefnanda, að hann tæki verkið að sér sem verktaki, að verkið yrði greitt samkvæmt uppmælingu, að stefndi legði til kranamann, sem einnig annaðist handlang. Hann kvað kranann hafa verið gott tæki, sem enn væri í notkun. Hann kvaðst fyrst hafa verið krafinn um greiðslu reikninganna eftir verklok. Hann hefði aldrei verið krafinn um greiðslur samkvæmt vinnulistum, meðan á verki stóð. Hann kvaðst hafa afhent stefnanda allar teikningar, sem til þurfti, og hefði stefnandi aldrei óskað eftir frekari teikningum. Hann kvað verk hafa borið þess merki, að þarna hefði ekki verið um vana fagmenn að ræða. Hann lýsti þeim göllum, sem hann taldi hafa verið á verkinu, sbr. dskj. 8, lið fyrir lið. Hann kvað flutt hafa verið inn í húsið í desember 1987.

Jens Ágúst Jóhannesson húsasmíðanemi, f. 9. 7. 1959, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði starfað hjá stefnanda á sínum tíma. Hann kvaðst hafa orðið vitni að því, er málsaðilar sömdu um, að stefndi greiddi stefnanda handlang á hefðbundinn uppslátt, t. d. á stigahúsi og vegna undirsláttar lofta. Hann minnti, að samið hefði verið um 20-25% álag á mælingu af þessum verkþáttum. Hann kvað þetta samkomulag hafa verið gert í vinnuskúr á staðnum. Hann kvaðst hafa verið á prósentukaupi hjá stefnanda, en einnig hefði hann fengið greitt tímakaup, er tafir urðu á verki. Hann kvað hvassviðrasamt hafa verið á þessum tíma, og hefði vinna oft fallið niður, þar sem krani hefði ekki ráðið við veðrið. Þó hefði verið reynt að gera eitthvað annað, ef unnt var, þegar svona stóð á. Þá kvað hann tafir oft hafa orðið vegna þess, að bið varð á steypubílum eða að þeir höfðu ekki verið pantaðir.

Af hálfu stefnanda er málsókn á því reist, að óumdeilt sé, að stefndi hafi óskað eftir því við stefnanda, að hann ynni umrætt verk. Þá hafi stefndi jafnframt viðurkennt að skulda stefnanda eftirstöðvar mælingarinnar, þ.e. 731.748 kr. að frádreginni innborgun, 560.000 kr., eða 171.748 kr., en ekki greitt þrátt fyrir innheimtu lögmanns. Þá hafi um það verið samið, að stefndi greiddi 20% álag vegna handlangs. Eðlilegt hafi verið að greiða handlang ofan á mælingu, m. a. vegna þess, að hefðbundinn uppsláttur hafi verið undir plötu og stefndi hafði ekki það aðstoðarfólk, sem oft sé við slík störf. Þá hafi orðið tafir á verkinu, eins og algengt sé, vegna atvika, er vörðuðu stefnda, en rétt sé að gera sér grein fyrir því, að stefnandi var ekki með heildstætt verk, og hafi stefndi því borið ábyrgð á efni, bilun í krana, bilun í rafmagni o. fl.

Af hálfu stefnda eru dómkröfur á því reistar, að ekki hafi verið samið um sérstakt álag vegna handlangs, enda hafi verkið verið unnið með krana-

mótum, og í slíkum verkum sé ekki venja að krefjast handlangs. Þá hafi ekki verið samið um greiðslur fyrir tímavinnu, enda um uppmælingarverk að ræða. Þá hafi ýmsir gallar komið í ljós á verkinu, eins og rakið sé á dskj. 8, og eigi stefndi því rétt á afslætti, sem leiði til þess, að krafa stefnda (sic) sé niður fallin.

Í munnlegum málflutningi var af hálfu stefnanda mótmælt öllum kröfum stefnda vegna galla á verkum stefnanda. Athugasemdir um þá hafi komið allt of seint fram. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við verklok og stefnanda aldrei gefinn kostur á að bæta úr hinum ætluðu göllum. Þá hafi engin gögn verið lögð fram um gallana, engar teikningar og engin matsgerð, þrátt fyrir áskilnað stefnda í greinargerð í þeim efnum. Þá hafi stefndi ekki sýnt fram á neitt tjón vegna hinna ætluðu galla. Nú sé búið í umræddu húsi. Þá séu gallarnir ekki metnir til fjár eða verðlagðir af hálfu stefnda, en slíka kröfu verði að gera til hans. Ekki verði ætlast til þess, að dómurinn hafi frumkvæði að því að meta hina ætluðu galla. Kröfugerð stefnda vegna þessa sé því svo óskýr og órökstudd, að ekki sé unnt að taka hana til greina. Þá hvíli sú skylda á stefnda að sanna tjón sitt.

Af hálfu stefnda var því haldið fram í málflutningi, að ekki væri verið að krefjast skaðabóta vegna gallanna á verkinu, heldur afsláttar, þar sem verkið uppfyllti ekki áskilda kosti. Þá verði að telja dóminn geta metið gallana til verðs, en sumir þeirra séu óverulegir eða ósýnilegir, en aðrir sýnilegir og metanlegir.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur þannig sundurliðaðar:

Uppmæling:		
Nr. 11557	kr. 165.751	
— 11558	— 227.601	
— 11644	— 338.396	kr. 731.748
Handlang:		
20% af 30% af kr. 731.748		— 43.800
Tímavinna:		
2/2-19/3 90 tímar á kr. 500	— 45.000	
28/3-7/4 86 tímar á kr. 500	— 43.000	
Akstur	— 2.000	
Leiga á sög	— 1.750	— 91.750
Alls		kr. 867.298
Innborgað fyrir 1.5. 1987		— 560.000
		kr. 307.298

Í upphaflegri kröfugerð sinni krafðist stefnandi 146.349 kr. vegna handlangs, en lækkaði þá kröfu í 43.800 kr., þar sem upphaflega fjárhæðin hafði verið miðuð við alla uppmælinguna í stað 30% af uppmælingunni.

Niðurstaða dómsins.

Í máli þessu er ekki deilt um fjárhæð uppmælingarinnar sem slíkrar, en stefndi telur á hinn bóginn, að frá uppmælingarfjárhæðinni beri að draga 30.000 kr., sem stefndi hafi greitt sérstaklega fyrir áneglingu á glugga, og sé sá verkþáttur inni í mælingunni. Þessum skilningi er mótmælt af hálfu stefnanda og því haldið fram, að umræddar 30.000 kr. hafi verið greiddar af stefnanda vegna uppsláttar hleðslugrinda, sem séu ekki inni í mælingunni.

Aðalágreiningsefni málsaðila er hins vegar, eins og að framan er rakið, hvort stefnandi eigi rétt á álagi á hluta uppmælingarinnar vegna handlangs, tímavinnukaups vegna tafa og hvort stefndi eigi rétt til afsláttar vegna galla á verki stefnanda.

Dómurinn telur rétt með hliðsjón af atvikum að taka kröfu stefnanda vegna handlangs að fullu til greina, enda miðast það við verkþætti, þar sem ekki var hægt að notast við krana og kranamót.

Dómurinn fellst á það sjónarmið stefnanda, að samhliða mælingarvinnu sé einhver tímavinna af ýmsum ástæðum, sem venja sé, að greidd sé sérstaklega, en á hinn bóginn telur dómurinn, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á þær ástæður, er réttlæti jafnmarga tíma og hann krefst greiðslu fyrir. Dómurinn telur hæfilegt eftir atvikum, að stefnandi fái greiddar 60.000 kr. vegna tímavinnu, aksturs og leigu á sög.

Eins og að framan greinir, ber stefndi fyrir sig galla, sem raktir eru á dskj. 8 í 22 liðum og stefndi telur, að eigi að valda því, að allar kröfur stefnanda á hendur sér skuli niður falla. Af hálfu stefnda hefur á hinn bóginn ekki verið sýnt fram á kostnað við að bæta úr þeim eða það tjón, er stefndi hafi orðið fyrir vegna þeirra. Þegar dómendur gengu á vettvang við aðalmeðferð málsins, hafði verið búið í umræddu stigahúsi frá því í desember 1987, og var því ekki unnt að gera sér grein fyrir ætluðum göllum nema að litlu leyti. Af hálfu stefnda var í greinargerð hafður uppi áskilnaður um að dómkveðja matsmenn til að meta umrædda galla. Ekkert slíkt mat fór fram, og hafa engin gögn verið lögð fram af stefnda hálfu, er staðfesti tilvist umræddra galla á sínum tíma eða kostnað eða tjón vegna þeirra. Þykir málatilbúnaður stefnda varðandi þetta atriði svo óskýr og vanreifaður, að ekki sé af dómsins hálfu unnt að leggja dóm á kröfu stefnda að þessu leyti, og er því krafa stefnda um afslátt vegna galla ekki tekin til greina.

Kröfu stefnda um lækkun stefnukrafna vegna ofangreindra 30.000 kr.,

sem hann telur sig hafa greitt sérstaklega og séu inni í mælingunni, er hafnað, þar sem hún er órökstudd og styðst ekki við fram lögð gögn.

Samkvæmt framanskráðu er niðurstaða dómsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 275.548 kr. með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaður, er stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr., þ. m. t. söluskattur af málflutningsþóknun.

Dóm þennan kveða upp Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Agnar Ástráðsson tæknifræðingur og Bergmundur Elli Sigurðsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Eðvarð Björgvinsson, greiði stefnanda, Smára Arnarssyni, 275.548 kr. með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. 5. 1987 til 1. 6. s. á., 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. 7. s. á., 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. 8. s. á., 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. 9. s.á., 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. 10. s. á., 3,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. 11. s. á. 3,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. 12. s. á., 4,1% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. 1. 1988, 4,3% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. 3. 1988, 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 8. 3. s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. nr. 9/1989, frá þeim degi til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur af málflutningsþóknun.

Höfuðstólsfæra skal vexti frá 1. 5. 1987, í fyrsta sinn 1. 5. 1988.

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 314/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hannesi Oddssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Kynferðisbrot. Börn. Áfengislagabrot. Klám. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómarar.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1992 að ósk ákærða, en jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar refsingar. Af hálfu ríkissaksóknara er ekki gerð athugasemd við frávísun héraðsdómara á þeim hluta II. kafla ákæru, sem varðar við 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að refsing ákærða, Hannesar Oddssonar, skal vera fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómara um sakfellingu ákærða og færslu brota hans til refsiákvæða, en tel, að ákveða beri refsingu hans fangelsi þrjú ár.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. júní 1992.

Ár 1992, mánudaginn 22. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 316/1992: Ákæruvaldið gegn Hannesi Oddssyni, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. apríl sl., á hendur Hannesi Oddssyni, Laugavegi 161, Reykjavík, kt. 190149-3429, „fyrir eftirgreind skírlífisbrot og áfengislagabrot, sem ákærði framdi á heimili sínu á tímabilinu frá mars til ágúst 1991:

I.

Veitt eftirgreindum unglingsstúlkum, sem sóttu hann heim, áfengi og jafnframt í flest skipti sýnt þeim klámmyndir:

1. B, fæddri [...] 1978, margsinnis allt tímabilið,
2. N, fæddri [...] 1979, margsinnis allt tímabilið,
3. H, fæddri [...] 1977, í 5 skipti á ofangreindu tímabili,
4. C, fæddri [...] 1978, í 7 skipti á ofangreindu tímabili,
5. D, fæddri [...] 1978, í 2 skipti um sumarið, og
6. E, fæddri [...] 1978, í 1 skipti snemma sumars.

Telst þetta varða við 3. mgr. 16. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, og 3. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Í nokkur framangreindra skipta haft samræði við eftirgreindar stúlknanna, er þær voru orðnar ölvaðar:

Við B í samtals 5-6 skipti og N í samtals 6 skipti á ofangreindu tímabili og við H í 1 skipti seinni hluta sumars.

Telst þessi háttsemi ákærða gagnvart B og N varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, og háttsemi hans gagnvart H telst varða við 2. mgr. sömu greinar.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

Málavextir.

Um hádegisbil 19. nóvember sl. kom D inn á lögreglustöðina við Drafnarfell og óskaði eftir að fá að hringja. Hún fékk það og hringdi í móður sína. Lögreglumaður heyrði hluta af samtalinu, og snerist það um

kynferðislega áreitni manns nokkurs gagnvart D og öðrum stúlkum. Þetta varð til þess, að lögreglumennirnir fóru að spyrja D nánar um þessi mál og síðar einnig þær H og N, sem voru með henni. D og H skýrðu lögreglumönnunum frá áreitni mannsins, en N kannaðist ekki við neitt slíkt. Þeim þóttu hins vegar viðbrögð hennar ,,undarleg, því að skömmu eftir að Pétur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður hafði tekið skýrslu af henni, féll hún saman og tók að skjálfa og gráta. Tókst að róa hana, og eftir að hún hafði jafnað sig um stund, kvað hún mál þetta hafa rifjað upp óskemmtilega reynslu, sem hún hefði orðið fyrir. Kvaðst hún ásamt H hafa heimsótt mann fyrir um tveim mánuðum, og heiti sá Hannes og búi á Laugavegi nálægt Hlemmi. Hannes þessi hafi gefið þeim vín og þær orðið mjög drukknar. Kvað hún þær hafa farið í rúmið með Hannesi, og hafi hún horft á, þegar hann hafði samfarir við H, en síðan hafi hann haft samræði við sig. Kvaðst hún áður hafa farið til Hannesar, sem hefði gefið sér vín. ..... Í framhaldi af þessum framburði tókum við H tali, og staðfesti hún frásögn N. Kvað hún Hannes hafa hellt þær fullar og síðan farið með þær inn í rúm, þar sem hann hefði haft samfarir við þær báðar. Kvað hún manninn vera 36-37 ára og búa einan. H kvaðst ekki hafa komið í íbúð Hannesar eftir þetta, en N hafi sagt sér, að hún hefði áður haft samfarir við Hannes, og þá hefði B tekið þátt í leiknum".

Málið var sent Rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag, og 21. nóvember yfirheyrði hún þær B, N og H, og D, C og E voru yfirheyrðar nokkrum dögum síðar. Allar báru þær fyrir lögreglu, að ákærði hefði veitt þeim áfengi og sýnt þeim klámkvikmyndir. Þá báru þær B, N og H, að hann hefði haft samfarir við þær.

Ákærði var handtekinn að kvöldi 21. nóvember og yfirheyrður. Daginn eftir var þess krafist, að hann yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann var úrskurðaður sama dag í gæsluvarðhald til 1. desember, en var látinn laus 29. nóvember. Við lögregluranns6kn málsins kannaðist ákærði við, að umræddar stúlkur hefðu komið í heimsókn til sín og þegið þar áfengi og horft á klámkvikmyndir, en neitaði algerlega að hafa haft samfarir við þær.

Nú verður rakin rannsókn málsins fyrir dómi (sic), fyrst framburður stúlknanna, þá annarra vitna og loks framburður ákærða.

B skýrir svo frá fyrir dómi, að hún hafi kynnst ákærða, þegar hún var 12 ára, í febrúar eða mars 1991, hafi eins getað verið í apríl. Hún kvaðst hafa verið á tónleikum niðri í bæ með N, sem hafi verið undir áhrifum áfengis. B kveður sig einnig hafa langað í vín, og þegar hún hafi verið á leið heim til sín með strætisvagni, hafi hún spurt ákærða, er sat fyrir aftan hana, hvort hann ætti vín, og hafi hann játað því. Þau hafi farið út á næstu biðstöð og tekið leigubíl að Hlemmi, þar sem hún kvaðst hafa beðið eftir honum, enda ekki þorað að fara með honum heim til hans.

Ákærði hafi síðan fært henni vín á bjórflösku, sem hún hafi farið með heim til sín og drukkið. Daginn eftir eða þar næsta dag kvaðst hún hafa farið heim til ákærða og taldi N hafa verið með sér. Tilgangurinn hafi verið að fá vín, sem þær fengu, og fóru við svo búið. Upp úr þessu hafi hún síðan farið að heimsækja ákærða ásamt N og stundum einnig H, C og D. Hún kvað sér hafa fundist þetta spennandi að fá vín, sígarettur og horfa á sjónvarp. Ekki mundi B, hvenær þessum heimsóknum lauk né hversu oft hún heimsótti ákærða.

B kveður allar stúlkurnar, sem vildu, hafa fengið áfengi hjá ákærða. Hafi það verið vodka, sem þær hafi ýmist drukkið heima hjá honum eða farið með annað. Stundum hafi þær fundið til áhrifa af áfenginu. Hún kvað hann hafa spurt þær um aldur og þær svarað honum rétt til um hann.

Þá ber B, að þær hafi horft á klámkvikmyndir hjá ákærða, og hafi þær sýningar hafist einum til tveim mánuðum, eftir að þær hófu að heimsækja hann. Um hafi verið að ræða þrjár myndir og þær sýndar nokkrum sinnum á tveggja mánaða tímabili. Ekki er B viss um það, hvort þessar sýningar hafi hafist að frumkvæði ákærða eða hvort þær hafi sjálfar átt það. Hún kvað þær allar hafa horft á þær nema E, sem hún kvaðst ekki kannast við.

B kveður ákærða hafa haft samfarir við sig, að hana minnti sex sinnum. Þær hafi hafist þremur eða fjórum mánuðum eftir að hún kynntist honum. N hafi verið viðstödd í öll skiptin. Þá kveðst hún hafa verið viðstödd, er ákærði hafði samfarir við N í sex skipti. Hún kvaðst ekki hafa verið viðstödd, er ákærði hafði samfarir við aðrar stúlkur, en H og N hafi sagt sér, að ákærði hafi einnig haft samfarir við H. B kvað sig og N hafa verið drukknar í öll skiptin, sem ákærði hafði við þær samfarir.

Fyrir dómi ber N, að hún hafi kynnst ákærða í gegnum B í mars eða apríl á sl. ári, en ekki man hún mánaðardaginn. Þær hafi farið að venja komur sínar til hans ásamt fleiri stúlkum, H, C, D og P auk tveggja annarra, sem ekki er getið í ákærunni. N kveðst ekki kannast við E. Ákærði hafi veitt þeim áfengi, oftast vodka. Hún kveður þær hafa sagt honum, hvað þær væru gamlar, og hann svarað því til í fyrstu, að hann væri 25 ára, en síðan, að hann væri 30 ára. Ekki mundi N, hvenær heimsóknum hennar til ákærða lauk og ekki hversu oft hún kom þangað.

N kveðst hafa séð klámkvikmyndir hjá ákærða, og hafi þær sýningar hafist um viku eftir að hún kynntist honum. Í fyrsta skipti hafi hún og B verið hjá honum og verið orðnar ölvaðar. Þær hafi farið fram, og þegar þær hafi komið aftur, hafi hann verið búinn að setja myndband í tækið. Hún kveður ákærða hafa verið með þrjár myndir og sýnt þær oft, en ekki man hún, á hve löngu tímabili. Hún kannast ekki við, að þessar sýningar hafi hafist að frumkvæði stúlknanna.

N kveður ákærða hafa haft samfarir við sig í fimm til átta skipti, og

hafi B verið viðstödd í öll skiptin nema einu sinni, þegar H var viðstödd. Hún kveðst hafa verið viðstödd, er ákærði hafði samfarir við B, og hafi það verið næstum jafnoft og þegar hann hafði samfarir við hana sjálfa. Þá hafi hún verið viðstödd einu sinni, þegar ákærði hafði samfarir við H. Hún kveðst hafa verið ölvuð, er ákærði hafði við sig samfarirnar.

H kveðst hafa kynnst ákærða í vetrarlok á sl. ári. Hún hafi verið á leiðinni á lokaball í skóla og hitt B. B hafi farið með hana til ákærða, og var erindið að útvega henni áfengi, sem tókst. Eftir þetta kveðst H hafa heimsótt ákærða, en mundi ekki, hversu oft. Auk sín hafi verið þarna B, N, E, sem kölluð er P, auk annarra, sem ekki eru nefndar í ákærunni. Í heimsóknunum hafi þær verið að talast við, drekka áfengi og horfa á myndbönd. H kveðst hafa fengið áfengi, oftast vodka, hjá ákærða, en mundi ekki nákvæmlega, hversu oft, hafi getað verið á milli 15 og 20 sinnum. Hinar stúlkurnar hafi einnig fengið áfengi hjá honum, og hafi hann alltaf hellt í glös handa þeim, þótt þær væru ekkert að biðja um það sérstaklega. Hún kveður ákærða hafa vitað, hversu gömul hún var, hún hafi sagt honum það. Þá kveðst hún hafa orðið ölvuð hjá honum.

H kveðst hafa séð klámkvikmyndir hjá ákærða. Áður en hún hafi séð þær, hafi hann verið búinn að sýna þeim B og N slíkar myndir, og hafi þær sagt sér frá því. Hún kveðst alltaf hafa séð klámkvikmyndir, er hún heimsótti ákærða, án þess að biðja nokkurn tíma um það.

H kveður ákærða hafa einu sinni haft samfarir við sig, en ekki mundi hún, hvenær það var. N hafi verið viðstödd, og hafi ákærði einnig haft samfarir við hana við sama tækifæri. Var þetta í eina skiptið, sem H var vitni að samförum ákærða við aðra stúlku. Hún kveðst ekki heldur hafa heyrt aðrar stúlkur tala um, að hann hafi haft samfarir við þær. H kveðst hafa verið ölvuð, er ákærði hafði við sig samfarir.

C kveðst hafa kynnst ákærða í gegnum B einhvern tíma á sl. ári, en ekki man hún nákvæmlega hvenær. Hún kveðst hafa heimsótt hann 11 til 12 sinnum og alltaf fengið áfengi hjá honum, það er að segja, hún kveðst alltaf hafa beðið hann um það og hann þá hellt handa henni í fullt glas, en hún hafi aldrei drukkið það, kveðst ekki hafa getað það. Auk hennar og B heimsóttu ákærða þær N og D, og hafi þær einnig fengið áfengi hjá honum, sem hann hafi hellt og blandað í glös. Hún kveðst kannast við E, sem kölluð er P, en ekki vita, hvort hún hafi heimsótt ákærða.

C kveðst hafa séð klámkvikmyndir hjá ákærða, nánast alltaf þegar hún heimsótti hann. Í fyrsta skipti hafi B spurt: „Er til klámmynd?“ og hann svarað: „Jú, jú.“ B hafi síðan látið mynd í tækið. Í önnur skipti hafi ákærði sjálfur sett myndir í tækið, en B hafi eiginlega alltaf beðið um það. Framangreindar stúlkur hafi einnig séð myndirnar.

C kveður þær B, N og H hafa sagt sér, að ákærði hafi haft samfarir

við þær. B og N hafi sagt, að það hafi gerst sjö til átta sinnum. C kveðst aldrei hafa verið viðstödd samfarir og ekki heyrt ákærða ræða um, að hann hafi verið með stúlkunum. C kveðst hafa haft ágirnd á fuglum, er ákærði átti, og falað þá. Hún kveður hann hafa svarað því til, að hún gæti fengið þá gegn því að hafa við sig samfarir, en það hafi hún ekki viljað. C kveður ákærða hafa sagt hinum stúlkunum að koma ekki með sig, þar eð hún vildi ekki drekka áfengi, en hún hafi verið hin eina, sem það gerði ekki. Eftir það kveðst hún hafa hætt að heimsækja ákærða. C kannast við að hafa tekið 50 krónur ófrjálsri hendi frá ákærða, en það hafi verið, eftir að hann hafi sagt, að hann vildi hana ekki í heimsókn. Það hafi ekkert komið því við, að hún hætti að heimsækja hann.

D er að eigin sögn fædd [...] 1978, en ekki [...] 1978. Fyrir dómi kveður hún villuna stafa af því, að Hagstofan hafi lesið skakkt úr flutningsvottorði sínu, er hún fluttist hingað til lands frá Bandaríkjunum.

D ber fyrir dómi, að hún hafi heimsótt ákærða þrisvar á sl. ári, en ekki man hún nákvæmar hvenær. Með sér hafi heimsótt hann þær B, N, C og H auk P, en ekki vissi D, hvort hún heitir E. Hún kveður stúlkurnar hafa sagt sér, að hann gæfi þeim áfengi og þær gætu drukkið með honum. D kvaðst tvisvar hafa fengið áfengi hjá ákærða, en ekki orðið ölvuð. Hún kveðst ekki hafa beðið ákærða um áfengi, heldur hafi B spurt, hvort þær mættu ekki fá sér, og hann jánkað því. B hafi þá sótt áfengi og hellt í glös. Hún kveðst hafa hætt að heimsækja ákærða, eftir að hafa heyrt, að hann hafi haft samfarir við B og N.

D kveðst hafa séð klámmyndaspólur hjá ákærða í tvö skipti, en ekki horft á þær. Í annað skiptið hafi mynd verið í tækinu, þegar hún kom í heimsókn, en í hitt skiptið hafi ákærði sett myndina í tækið.

D kveður þær B, N og H hafa sagt sér, að ákærði hafi haft samfarir við þær. Hún kveður ákærða aldrei hafa falast eftir samförum við sig eða haft uppi tilburði í þá átt.

E, sem kvaðst vera kölluð P, ber fyrir dómi, að hún hafi einu sinni heimsótt ákærða. Ekki man hún nákvæmlega hvenær, telur það hafa getað verið sl. sumar. Hún hafi komið þangað með H, og hafi tilgangurinn verið að fá áfengi. Þær hafi sjálfar fengið að fara í ísskápinn að fá sér í glas. Síðar hafi þær B, D og N komið og allar verið að drekka. E kveðst ekki hafa orðið drukkin, en hinar stúlkurnar hafi orðið það. Hún kveðst hafa séð klámkvikmynd í þessari heimsókn, en ekki man hún, hver átti upptökin að sýningunni, hvort H eða ákærði hafi sett myndina í tækið. E kveðst ekkert geta borið um ætlaðar samfarir ákærða við einhverjar af þessum stúlkum, en í heimsókninni hafi H lagst í rúmið, og hafi þá ákærði gengið að henni og farið með fót sinn í klof hennar.

Í kjölfar þess, að mál þetta kom upp, hóf Félagsmálastofnun Reykjavíkur að hafa afskipti af þeim B, H og N.

Stefanía Sörheller ráðgjafi kveður þær H og N vera skjólstæðinga sína. Hún ber fyrir dómi, að þær hafi báðar verið í áhættu, áður en málið kom upp, bæði í skóla og eins í félagslegu umhverfi sínu. Í skóla hafi þær farið halloka, bæði hvað varðaði skólasókn og námsárangur. Fjölskyldur þeirra hafi beðið um aðstoð, eftir að málið kom upp, og hafi henni verið haldið áfram. Stefanía kveður stúlkurnar hafa verið mjög uppteknar af málinu og verið hræddar við að hitta ákærða. Þá hafi sjálfsvirðing þeirra beðið hnekki, og þær séu fullar vantrausts út í fullorðið fólk. Hún kvað þær hafa leitað til ákærða til að útvega sér áfengi, sem þær hafi báðar misnotað, og eins hafi það stafað af spenningi. Þær hafi verið í stuðningshópum á vegum Félagsmálastofnunar, og gert sé ráð fyrir, að H vistist á hennar vegum. N hafi þegar verið í slíkri vist.

Anna Jóhannsdóttir fulltrúi kveður B vera skjólstæðing sinn. Hún ber fyrir dómi, að málið hafi haft töluverð áhrif á B, en hún loki á það og vilji ekki ræða um það. B gefi ekki aðrar skýringar en þær, að erfitt sé að ræða það. Hún hafi aldrei minnst á það við sig, að ákærði hafi misnotað hana. Anna kveðst því ekki geta útskýrt nákvæmar þau áhrif, er það hafi haft á B, en móðir hennar hafi sagt sér, að hún hafi sofið illa vegna þess. Anna kveður frekari meðferð ráðgerða, væri B tilbúin til að þiggja hana. Engu sé hægt að spá um framtíðarhorfur hennar, en ljóst sé, að hún þyrfti töluverða hjálp.

Að beiðni Félagsmálastofnunar voru þær B, N og H skoðaðar af þeim Jóni R. Kristinssyni barnalækni og Þóru Fischer kvensjúkdómalækni. Í vottorðum þeirra, sem Þóra hefur staðfest fyrir dómi, kemur fram um þær allar, að kynþroski svari til aldurs. Engin merki séu um áverka á kynfærum eða kringum þau, og séu ytri og innri kynfæri eðlileg. Um N og H segir, að meyjarhaft sé rofið eins og hjá stúlkum, er margsinnis hafi haft samlíf. Um B segir, að meyjarhaft sé rofið. Tekið var strok úr stúlkunum til ræktunar, og kom í ljós, að H og N voru með chlamydiu-sýkingu.

Fyrir dómi bar Þóra Fischer, að ekki væri vitað, hversu lengi væri hægt að ganga með chlamydiu-bakteríu án þess að taka eftir því. Stúlkurnar hafi verið einkennalausar, en bakterían valdi móðurlífsbólgum. Hún kvað það vera mögulegt, að karlmaður gæti haft samfarir við konu, sem smituð er af bakteríunni, án þess að smitast sjálfur. Um þessa bakteríu gildi hið sama og um aðrar, fólk þurfi ekki að smitast, þótt það komist í snertingu við hana.

N ber fyrir dómi, að hún hafi ekki vitað af þessari sýkingu, fyrr en hún fór í læknisskoðunina. H kveðst hvergi hafa getað fengið smit nema frá ákærða.

Að beiðni rannsóknarlögreglunnar var ákærði rannsakaður með tilliti til þess, hvort hann væri með kynsjúkdóma. Í vottorði Rannveigar Pálsdóttur, læknis á Göngudeild húð- og kynsjúkdóma, segir, að öll próf hafi verið eðlileg, þ. e. a. s., ekki hafi verið hægt að sýna fram á neitt kynsjúkdómasmit. Hún túlkaði niðurstöðurnar þannig, að mjög litlar líkur hafi verið á, að ákærði hafi verið smitaður af chlamydiu.

Rannveig hefur staðfest vottorð sitt fyrir dómi. Enn fremur ber hún, að mjög ólíklegt hafi verið, að ákærði hafi verið smitaður af chlamydiu, en það hafi þó ekki verið fullkomlega öruggt. Ákærði hafi þó engin einkenni haft, er bent gætu til smits. Ekki hafi verið mögulegt fyrir sig að sjá, hvort ákærði hafi verið smitaður af chlamydiu á fimm til sjö mánaða tímabili, áður en hún skoðaði hann, hafi hann fengið meðferð við henni fyrir skoðunina. Hún kveður mögulegt, að karlmaður geti haft samfarir við konu, sem sé smituð, án þess að smitast sjálfur. Rannveig ber, að þótt ákærði hafi ekki verið smitaður af kynsjúkdómi, segi það ekkert um það, hvort hann hafi haft samfarir eða ekki. Líkur á því, að fólk smitist, aukist eftir því, sem samfarir séu hafðar oftar við sýktan einstakling, og eftir fimm til sex skipti séu þær orðnar mjög miklar. Hún kvað það mögulegt, að karlmaður bæri smit á milli tveggja kvenna, sem hann hefur samfarir við hvora á eftir annarri, ef hvorki sé notaður smokkur né gætt hreinlætis. Rannveig kvað ógerlegt að segja til um, hvenær stúlkurnar hefðu smitast, en ungar konur séu almennt næmari fyrir kynsjúkdómasmiti en eldri konur.

Ákærði bar fyrir dómi, að hann hefði einu sinni fengið kynsjúkdóm, árið 1973.

Ákærði var fyrst yfirheyrður fyrir dómi við þingfestingu málsins 27. maí sl. Hann kannaðist þá við, að stúlkurnar, sem nefndar eru í ákærunni, hefðu komið á heimili sitt á sl. ári, nema E, sem hann kvaðst ekki kannast við. Hann kvað heimsóknirnar hafa hafist 29. apríl, en ekki í mars, og kvaðst byggja það á því, hvenær hann skipti um vinnu. Ákærði viðurkenndi að hafa veitt þessum fimm stúlkum áfengi og að sér hefði verið ljóst, að þær væru undir lögaldri, þótt sér hefði ekki verið nákvæmlega ljós aldur þeirra. Hann kvaðst ekkert geta um það borið, í hversu mörg skipti hann veitti hverri þeirra áfengi. Stúlkurnar hefðu ekki orðið ölvaðar, enda hefðu þær staðið stutt við, nema hvað H hefði einu sinni orðið ölvuð.

Ákærði kveðst hafa verið með myndbandstæki á heimili sínu mestan hluta þess tímabils, sem hér um ræðir, og einnig hafa verið með klámmyndir. Stúlkurnar hafi horft á þær, en ekki kveðst hann hafa sýnt þeim þær, heldur hafi þær sjálfar tekið myndirnar og sett í tækið. Þetta hafi hafist þannig, að B og N hafi komið heim til hans á mánudegi og orðið eftir, þegar hann fór í vinnu. Er hann kom heim aftur, hafi þær verið að

horfa á klámmynd í tækinu, sem þær hafi fundið, enda hafi þær greinilega gramsað í öllum skápum.

Ákærði neitaði með öllu að hafa haft samræði við B, N og H, eins og honum er gefið að sök í II. kafla ákæru. Honum var bent á framburð stúlknanna hjá rannsóknarlögreglu, og ítrekaði hann neitun sína.

Ákærði var aftur yfirheyrður fyrir dómtöku málsins 16. júní sl. Hann kvaðst ekki kannast við, að stúlka að nafni P hefði komið í heimsókn til sín, en kvaðst ekki bera á móti því, að svo hefði verið. Hann kvað B og N hafa komið 10 til 15 sinnum í heimsókn til sín, en hann hefði ekki veitt þeim áfengi í öll skiptin. Hann kvaðst ekki gera athugasemdir við fjölda heimsókna annarra stúlkna, sem nefndar eru í ákærunni, og áfengisveitingar til þeirra. Hann kvaðst hafa neytt áfengis með stúlkunum og orðið ölvaður, en ekki ofurölvi. Heimsóknunum hefði lokið í ágústmánuði 1991.

Ákærða var kynntur framburður stúlknanna, sem nefndar eru í II. kafla ákæru, að hann hefði haft samfarir við þær, en hann neitaði því sem fyrr.

Niðurstaða.

Með framburði ákærða og stúlknanna, sem nefndar eru í ákæru, er sannað, að þær hafi heimsótt hann á heimili hans á sl. ári. Þegar litið er til reikuls framburðar stúlknanna um það, hvenær þessar heimsóknir hafi hafist, verður að leggja framburð ákærða til grundvallar um það atriði og telja þær hafa hafist 29. apríl, en ekki í mars, eins og í ákæru segir, og lokið í ágúst. Þá er einnig sannað með framburði N, H og E, að E hafi heimsótt hann, enda hefur ákærði ekki gert athugasemdir við, að svo hafi verið. Þetta styðst og við framburð annarra stúlkna, er þekkja E undir nafninu P, sem er gælunafn E.

Með játningu ákærða, sem styðst við framburð stúlknanna, er sannað, að hann hafi veitt þeim áfengi og honum hafi verið ljóst, að þær væru undir lögaldri. Á þetta einnig við um E og styðst við framburð hennar og annarra stúlkna. Ákærði hefur borið, að B og N hafi heimsótt sig í 10 til 15 skipti, en ekki hafi hann alltaf veitt þeim áfengi. Hann hefur ekki gert athugasemdir við, hversu oft hann veitti hinum stúlkunum áfengi. B og N hafa ekki borið greinilega um, hversu oft þær fengu áfengi hjá ákærða, en ráða má af framburði þeirra og hinna stúlknanna, að það hafi verið æðioft. Þykir því ekki óvarlegt að telja, að ákærði hafi margsinnis veitt þeim áfengi, eins og í ákæru segir.

Með játningu ákærða og framburði stúlknanna er einnig sannað, að í flestum heimsóknunum hafi verið sýndar klámkvikmyndir í myndbandstæki. Ákærði hafði yfirráð yfir bæði tækinu og myndunum. Verður því að telja, að hann hafi sýnt stúlkunum myndirnar, þótt þær kunni í einhverjum tilvikum að hafa átt upptökin að sýningunum.

Með framburði þeirra B, H og N er sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi haft við þær samfarir, eftir að hafa veitt þeim áfengi og þær voru orðnar ölvaðar, eins og í ákæru greinir. Þá er einnig sannað með framburði stúlknanna, að þær hafi sagt honum rétt til um aldur sinn og honum hafi því verið hann ljós.

Í ákæru eru samfarir ákærða við H taldar varða við 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 2. mgr. 202. gr. sömu laga, sbr. 10. gr. laga nr. 40, 1992, er breyttu XXII. kafla almennra hegningarlaga. Í lagaákvæðinu er, bæði fyrir og eftir breytingu, lögð refsing við að tæla ungmenni á aldrinum 14 til 16 ára til samræðis. Í ákærunni er ákærða ekki gefið að sök að hafa tælt H til samræðis, heldur sagt um allar stúlkurnar, að hann hafi haft við þær samræði, „er þær voru orðnar ölvaðar". Við munnlegan flutning málsins hélt ákæruvaldið því fram, að ákærði hefði tælt H til samræðis með áfengisveitingum. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, má aldrei dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, og þar eð ákærða er ekki gefið að sök í ákærunni að hafa tælt H til samræðis, verður þessu atriði hennar vísað frá dómi.

Brot ákærða samkvæmt I. kafla ákæru varða við 3. mgr. 16. gr. áfengislaga og 3. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga. Brot hans samkvæmt II. kafla ákæru varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 1. mgr. 202. gr. sömu laga, eins og henni var breytt með 10. gr. laga nr. 40, 1992, er tóku gildi 10. júní sl.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann fjórum sinnum sæst á sektargreiðslur, 1973 fyrir ölvunarakstur, 1975 fyrir umferðarlagabrot og áfengislagabrot og 1977 fyrir fjársvik. Refsing hans nú verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og er hún hæfileg tveggja ára fangelsi, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans í sjö daga.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 100.000 kr., og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 kr. Af hálfu ákæruvaldsins flutti Egill Stephensen málið.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Oddsson, sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar komi sjö daga gæsluvarðhaldsvist.

Vísað er frá dómi því atriði ákærunnar, er varðar samfarir ákærða við H.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 100.000 krónur, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 57/1990. **Sverrir Hreiðarsson og**
Ragnar V. Gunnarsson
vegna sín og Pastels sf.
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Skífunni hf.
(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Húsaleigusamningur. Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1990. Dómkröfur þeirra eru þessar:

„1. Að öll meðferð málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur verði ómerkt og málinu annaðhvort vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur eða vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

2. Að áfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda eða að stefnukröfurnar verði lækkaðar verulega.

3. Að stefnda verði gert að greiða ... málskostnað fyrir Hæstarétti."

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandanum Ragnari V. Gunnarssyni var stefnt inn í mál þetta með sakaukastefnu í héraði, en eigi framhaldsstefnu, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

I.

Af gögnum málsins og málflutningi lögmanna fyrir Hæstarétti er ljóst, að lýsing málavaxta og málsástæðna í stefnu í héraði er ónákvæm og að sumu leyti röng. Kröfugerð stefnda um ógreidda húsaleigu byggist eingöngu á húsaleigusamningi um aðra hæð hússins nr. 33 við Laugaveg í Reykjavík (í húsaleigusamningi nefnd fyrsta hæð), en ekki jarðhæðina jafnframt, eins og þar greinir. Þar sem lögmenn aðila lýstu því yfir, að ekki væri ágreiningur þeirra í milli um kröfufjárhæð, verður þessi missmíð eigi látin koma að sök.

II.

Skilja verður ómerkingarkröfu áfrýjenda svo, að hún taki auk málsmeðferðar til hins áfrýjaða dóms. Krafan er byggð á því, að dómarar málsins í héraði hafi ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart þeim, en þeir eru ólöglærðir. Þegar málið var til meðferðar á reglulegu bæjarþingi, var í þau fimm skipti, er áfrýjendur mættu þar, annar eða báðir, bókað í þingbók með svofelldum hætti: „Dómarinn gætti leiðbeiningarskyldu sinnar, þ. á m. brýndi hann fyrir mætta (mættu), hverju það varðaði, ef þingsókn félli niður af hans (þeirra) hálfu.“ Eftir að málið var komið í hendur þess dómara, er kvað upp hinn áfrýjaða dóm, skeyttu áfrýjendur ekki kvaðningu hans, er þeim var send með símskeytum.

Áfrýjendur hafa ekki fært fram haldbær rök fyrir kröfu sinni um ómerkingu, og verður henni ekki sinnt.

III.

Það er ósannað, að áfrýjendur hafi tilkynnt stefnda, að þeir myndu fara úr umræddu húsnæði um mánaðamótin október/nóvember 1988 og að þeir hafi afhent umboðsmanni hans lykla að húsnæðinu í desember sama ár.

Í málinu er bréf stefnda frá 22. nóvember 1988, þar sem áfrýjendum er tilkynnt, að leigusamningur renni út 31. janúar 1989 og þeir verði að greiða leigu fram að þeim tíma, nema nýr leigjandi fáist áður. Í mars kom svo til riftunar leigumála af hálfu stefnda og kröfu um útburð í apríl, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Telja verður ósannað, að stefndi hafi fengið virk umráð húsnæðisins fyrr en með atbeina fógeta 7. apríl 1989, en áfrýjendur verða að bera halla af þeirri óvissu, sem ríkir um þessi lögskipti. Ber því að taka kröfur stefnda til greina.

Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að í stefnu og reifun dómkröfu í hinum áfrýjaða dómi er miðað við 68.282 krónur sem leigugjald á mánuði í stað 63.282 króna, eins og gögn málsins bera með sér. Framsetning vaxtakröfu, sem fallist er á í dóminum, er því röng, en niðurstöðutala höfuðstóls í dómsorði er hins vegar rétt.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Sverrir Hreiðarsson og Ragnar V. Gunnarsson vegna sín og Pastels sf., greiði stefnda, Skífunni hf., 253.128 krónur auk 24% ársvaxta af kr. 63.282 frá 1. desember 1988 til 1. janúar 1989, 21,6% af 136.564 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 1989, 21,6% af 204.846 krónum frá þeim degi til 1. mars 1989, 24% af 253.128 krónum frá þeim degi til 1. apríl 1989, 33,6% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1989 og 38,4% af sömu fjárhæð frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1989.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Skífan hf., Borgartúni 24, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 29. maí 1989, á hendur Sverri Hreiðarssyni, Háholti 3, Reykjavík, persónulega og f. h. Pastels sf., innrömmun, Laugavegi 33, Reykjavík, og með framhaldsstefnu, birtri 25. ágúst 1989, á hendur Ragnari V. Gunnarssyni, Æsufelli 4, Reykjavík, nú búsettum í Svíþjóð, persónulega og f. h. Pastels sf., öllum að óskiptu, til greiðslu húsaleiguskuldar, að fjárhæð 253.128 kr., auk 24% ársvaxta af 68.282 kr. frá 1. desember 1988 til 1. janúar 1989, 21,6% af 136.564 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1989, af 204.846 kr. frá þeim degi til 1. mars 1989, 24% af 253.128 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1989, 33,6% frá þeim degi til 1. maí 1989, 38,4% frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 29/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Hinn 14. ágúst 1985 gerði stefnandi sem leigusali tvo leigusamninga um atvinnuhúsnæði á götuhæð og 1. hæð að Laugavegi 33, Reykjavík. Síðar gekk Pastel sf. inn í leigusamningana. Hinn 13. mars 1989 rifti stefnandi samningunum vegna vangoldinnar leigu fyrir tímabilið frá 1. desember 1988 til 31. mars 1989, samtals að fjárhæð 253.128 kr., krafðist síðan útburðar og fékk umráð húsnæðisins 7. apríl 1989.

Sverrir og Ragnar hafa sótt þing í málinu, krafist sýknu og málskostnaðar og haldið uppi vörnum fyrir sig persónulega. Báðir og hvor um sig lýsa þeir málavöxtum þannig, að þeir hafi keypt eignir hlutafélagsins Pastels hf., sem hafi haft leiguafnot af húsnæðinu. Samkomulag hafi verið um tímabundin

afnot svo lengi sem leiga væri greidd, en Sverrir hafi tilkynnt stefnanda um mánðamótin október/nóvember 1988, að Pastel sf. myndi fara úr húsnæðinu um næstu mánaðamót á eftir. Stefnandi hafi síðan tekið við lyklum athugasemdalaust í byrjun desember. Málsástæður stefndu eru aðallega aðildarskortur, en að auki, að þeir hafi engin afnot haft af húsnæðinu á því tímabili, sem leigu er krafist fyrir. Af hálfu Ragnars er það sérstaklega borið fyrir, að hann hafi gengið úr sameignarfélaginu og tilkynnt það til firmaskrár 17. nóvember 1988. Af hálfu sameignarfélagsins hefur ekki verið haldið uppi vörnum, og er því þó löglega stefnt. Verður þá gagnvart því að dæma málið eftir kröfum sækjanda og málsútlistun skv. 2. mgr. 118. gr. 1. 85/1936, en gagnvart stefndu persónulega er málið dæmt eftir fram komnum kröfum, skilríkjum, sókn sækjanda og með tilliti til varna verjenda.

Af hálfu stefnanda er því andmælt, að samningssambandi aðila hafi lokið fyrir lögmæta uppsögn leigutaka og að stefnandi hafi tekið við lyklum. Sérstaklega er því andmælt, að Ragnar hafi getað losnað undan samningsskyldum sínum með einhliða yfirlýsingu.

Eftir því, sem komið hefur fram í málinu af hálfu aðila, þykir verða að leggja til grundvallar, að komist hafi á samningssamband milli stefnanda og Pastels sf. um húsaleigu, að ósannað sé, að því sambandi hafi lokið fyrir uppsögn leigutaka, heldur hafi samningslok orðið fyrir riftun stefnanda, sem hafi fengið hið leigða úr umráðum sameignarfélagsins í apríl 1989, og að þá hafi leigutaki skuldað stefnanda stefnufjárhæðina í húsaleigu. Samkvæmt þessu og enn fremur þar sem fram lögð skjöl eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda á hendur sameignarfélaginu.

Sem sameignarfélagar báru stefndu ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins og því, að samningsskyldur þess væru efndar. Ljóst er, að Sverrir var enn félagi í sameignarfélaginu, þegar vanskilin urðu. Tilkynning Ragnars til firmaskrárinnar var ekki móttekin fyrr en 25. janúar 1989, eftir að vanskil voru hafin. Hann þykir því bera ábyrgð á þeim vanefndum og afleiðingum þeirra, sem voru missir afnota af eigninni í fjóra mánuði. Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda á hendur stefndu.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 50.000 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sverrir Hreiðarsson og Ragnar V. Gunnarsson, greiði stefnanda, Skífunni hf., persónulega og f. h. Pastels sf., að óskiptu 253.128 kr. og 50.000 kr. í málskostnað auk dráttarvaxta og vaxtavaxta skv. III. kafla laga nr. 25/1987, eins og nánar greinir í forsendum.

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 344/1989. **Hreiðar Eiríksson og**
Eiríkur Hreiðarsson
(Gunnar Sólnes hrl.,
Árni Pálsson hdl.)
gegn
bæjarsjóði Akureyrar vegna
Hitaveitu Akureyrar
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.,
Ólafur Garðarsson hdl.).

Fasteignir. Jarðhiti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1989. Þeir gera þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að afhenda þeim án endurgjalds 2,5 sekúndulítra af 90°C heitu vatni eða samsvarandi vatnsmagn með öðru hitastigi svo lengi sem stefndi vinnur heitt vatn af núverandi vinnslusvæðum sunnan Akureyrar. Áfrýjendur krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, seldi landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs áfrýjandanum Hreiðari jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi með afsali 12. nóvember 1954. Undanskilin sölunni voru „vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir", án þess að nánar væri tilgreint, hvert það vatns- eða varmamagn væri, sem þyrfti til heimilis kaupanda.

Fram er komið, að árið 1970 var á vegum áfrýjenda borað eftir heitu vatni í landi jarðarinnar. Í skýrslu, sem þeir Sigmundur Einarsson, Þorsteinn Thorsteinsson, Axel Björnsson og Kristján Sæmundsson sömdu á vegum Orkustofnunar 1981 um laugar og volgrur í Hrafnagilshreppi, kemur fram, að úr þeirri holu, sem

boruð var, hafi verið dælt 0,3 l/s af 43°C heitu vatni, en við örari dælingu hafi dæla dregið inn kalt vatn.

Landbúnaðarráðherra veitti stefnda hinn 28. júní 1977 leyfi til að leita jarðhita og bora eftir honum í landi jarðarinnar Grísarár. Var og tekið fram, að samið skyldi síðar um nýtingu stefnda á hitaréttindum jarðarinnar, þegar séð yrði, hvaða árangur jarðboranirnar bæru. Ekki var síðar gengið til samninga um réttindi stefnda í landi Grísarár.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir borun á vegum stefnda eftir heitu vatni í landi jarðarinnar og árangri af henni.

Að fengnu áliti Búnaðarfélags Íslands tilkynnti landbúnaðarráðuneytið áfrýjendum 6. mars 1978, að vatns- og jarðhitaréttindi til heimilisþarfa á jörðinni væru samkvæmt mati sérfróðra manna hæfilega ákveðin 2,5 sekúndulítrar af 90°C heitu vatni að hámarki eða samsvarandi vatnsmagn með öðru hitastigi. Í áliti Búnaðarfélagsins var tekið tillit til þess, að um væri að ræða garðyrkjubúskap á jörðinni.

Leyfi það, sem landbúnaðarráðherra veitti stefnda til að leita jarðhita og bora eftir honum í landi jarðarinnar Grísarár var ekki bundið skilyrði um að láta áfrýjendum í té heitt vatn án endurgjalds. Ósannað er, að við þær aðstæður, sem voru, er stefndi hóf að bora í landi jarðarinnar, hafi verið fyrir hendi meira en 0,3 l/s af 43°C heitu vatni til nota fyrir áfrýjendur. Eins og kröfugerð stefnda er háttað fyrir Hæstarétti, ber að dæma hann til að standa skil til áfrýjenda á því magni af heitu vatni eða vatni með hærra hitastigi, en samsvarandi orkugildi. Eiga áfrýjendur ekki frekari kröfu á hendur stefnda um, að hann láti þeim í té endurgjaldslaust heitt vatn.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, afhendi endurgjaldslaust og óskipt áfrýjendum, Hreiðari Eiríkssyni og Eiríki Hreiðarssyni, 0,3 lítra á sekúndu af 43°C heitu vatni eða annað vatnsmagn með hærra hitastigi, en til-

svarandi að orkugildi, meðan stefndi vinnur heitt vatn úr núverandi vinnslusvæðum sunnan Akureyrar.

Stefndi greiði áfrýjendum óskipt 75.000 krónur í málskostnað í héraði.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, er höfðað með stefnu, út gefinni á Akureyri 14. janúar 1988, af Jóni Kr. Sólnes hrl. f. h. stefnenda, Hreiðars Eiríkssonar, nnr. 4356-3769, Grísará, Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu, og Eiríks Hreiðarssonar, nnr. 1868-0882, s. st., og þingfestri sama dag, á hendur Sigfúsi Jónssyni, nnr. 7538-9388, bæjarstjóra á Akureyri, f. h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar til afhendingar á heitu vatni í samræmi við eftirfarandi kröfugerð:

Aðalkrafa stefnenda er sú, að stefndi afhendi stefnendum óskipt 2,5 sekĺtra af 90°C heitu vatni án endurgjalds, og til vara, að stefndi afhendi stefnendum óskipt sama orkumagn í formi heits vatns með öðru lægra hitastigi án endurgjalds. Þá er áskilinn réttur til að höfða sjálfstætt skaðabótamál á hendur stefnda, verði aðal- og/eða varakrafa stefnenda í máli þessu ekki tekin til greina.

Stefndi gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og sér verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins eða samkvæmt fram lögðum reikningi, og til vara, að sér verði einungis dæmt að afhenda stefnendum jafngildi 5 til 10 lítra á mínútu af 80°C heitu vatni. Í þessum kröfulið er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Með dómi, upp kveðnum 14. desember 1988, voru stefnendum dæmdar bætur fyrir jarðrask, en kröfu þeirri, er hér er nú til dómsálagningar, vísað frá ex officio, en með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 14. mars 1989, var frávísunarákvæðinu hrundið og málinu vísað heim að því leyti, sem það var ódæmt.

Málsatvik eru þau, að stefnandi Hreiðar Eiríksson kaupir ríkisjörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu af ríkissjóði með afsalsbréfi, dagsettu 12. nóvember 1954 og 25. nóvember s. á. Í afsalsbréfinu segir svo: „Námaréttindi í landi jarðarinnar svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir eru undanskilin sölu jarðarinnar.“ Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dagsettu 6. mars 1978, til stefnanda Hreiðars Eiríkssonar segir svo: „Eins og segir í afsali til yðar fyrir jörðinni Grísará, dags. 12. nóvember 1954, eru við söluna undantekin m. a. „vatns- og jarðhitaréttindi

umfram heimilisþarfir". Ráðuneytið lítur svo á, að samkvæmt ofanskráðu séu vatns- og jarðhitaréttindi til heimilisþarfa samkvæmt mati sérfróðra manna hæfilega ákveðin að hámarki 2,5 sek-l. af 90°C heitu vatni eða samsvarandi vatnsmagn af öðrum hitagráðum". Með bréfi sama ráðuneytis, dags. 28. júní 1977, til stefnda, bæjarstjórans á Akureyri, segir svo: „Hér með veitir ráðuneytið Hitaveitu Akureyrar leyfi til hitaleitar og jarðborana í landi jarðarinnar Grísarár í Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu, en jarðhitaréttindi jarðarinnar umfram heimilisþarfir kaupanda, Hreiðars Eiríkssonar, voru undanskilin, þegar ríkissjóður seldi honum jörðina með afsali, dagsettu 12. nóvember 1954. Um nýtingu Hitaveitu Akureyrar á fyrrgreindum hitaréttindum verður samið síðar, þegar séð verður, hvaða árangur jarðboranir gefa."

Árið 1977 boraði Hitaveita Akureyrar 1338 metra djúpa borholu á jörðinni Grísará, auðkennda GG-1. Árangur af borun varð lítill, og þótti ekki borga sig að virkja holuna fyrir veituna. Aðeins tvær æðar voru í holunni á 530 m og 1230 m dýpi og e. t. v. smáæðar á 650 m og 900 m dýpi. Rennsli úr holu GG-1 á Grísará hófst 5. ágúst 1977 á 530 m dýpi. Það mældist 8 lítrar á sek. fyrst í stað, en minnkaði í 2 lítra á sek. á næstu níu dögum. Holan skar aðra vatnsæð á 1230 metra dýpi, og var þá heildarrennsli eftir þrepadælingu í lok borunar 4,5 lítrar/sek. Lokunarþrýstingur, mældur 16.-19. september 1977, var 11,0 kg/cm^2, hitastig efri æðar var um 72°C, en hinnar neðri um 84°C. Frjálst rennsli var úr holunni fram til 27. janúar 1978, og mældist þá 3,64 lítrar/sek. Þar af fóru 1,72 lítrar til gróður- og íbúðarhúsa að Grísará. Sama dag var lokað að hluta fyrir holuna, svo að rennsli varð um 2,5 lítrar/sek., en þrýstingur á holutoppi hafði hækkað og var mestur 4,3 kg/cm^2 9.-24. febrúar 1978. Þrýstingur fór síðan lækkandi með óbreyttri stillingu á holutoppsventli. Hann var 2,85 kg/cm^2 12. janúar 1979, þegar hann var lækkaður í 1,80 kg/cm^2 í febrúar 1980. Barkadælu var komið fyrir við holuna í mars 1980 og vatnsborðið dregið niður um 5-6 metra. Vatnsmagn fór enn minnkandi, og í marslok 1981 var vatnsborð í holunni á nokkurra metra dýpi og laugar, sem uppi höfðu verið á jörðinni, alveg horfnar. Stefnendur halda því fram, að borholan á Grísará hafi gefið 2,4 lítra af 72°C heitu vatni, þ. e. a. s. lítra/sek., eftir að jafnvægi hafi verið komið á rennsli hennar, og hafi hún gert það um þriggja ára skeið, þar til dælingar hófust austan megin Eyjafjarðar á Syðra-Laugalandi í Öngulsstaðahreppi. Hafði verið talið á þessum tíma, að með dælingum úr borholunni mætti fá allt að 10 lítrum/sek. Eftir að dælingar á Laugalandi hófust, hafi smátt og smátt minnkað rennsli úr borholunni og nánast horfið um eða eftir mitt sumar 1981, eins og áður greinir.

Í júlí 1981 hafi komið frá Orkustofnun greinargerð um laugar og volgrur í Hrafnagilshreppi, unnin af Sigmundi Einarssyni, Þorsteini Thorsteinsson,

Axel Björnssyni og Kristjáni Sæmundssyni. Þar segir í niðurstöðum: „Ekki hafa komið fram í mælingum tengsl milli rennslis og vatnsstöðu í laugum og borholum í Hrafnagilshreppi og vatnsvinnslu í austanverðum Eyjafirði úr borholum við Syðra-Laugaland og Ytri-Tjarnir. Slík minni háttar tengsl er þó ekki alveg hægt að útiloka, því að mælingar voru ófullkomnar og stopular frá 1975, er borun hófst í Öngulsstaðahreppi, og fram til 1978, er reglubundnar athuganir hófust. Nærtækara er að leita orsakar minnkandi rennslis til vatnsvinnslu í hreppnum sjálfum. Má þá í fyrsta lagi benda á rennsli í holu GG-1 við Grísará síðan í september 1977, í öðru lagi úr holu RW-7 við Reykhús síðan í júlí 1979 og vatnsvinnslu með djúpdælu, 2,6 lítrar/sek., frá janúar 1981. Í þriðja lagi ná nefna holu HN-10 við Botn, en rennsli úr henni var 17,3 lítrar/sek. 20. janúar 1981, en var minnkað í 2,25 lítra/sek. í febrúar 1981."

Hinn 22. apríl 1983 voru á aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu dómkvaddir sem matsmenn þeir Axel Björnsson jarðeðlisfræðingur og Sverrir Þórhallsson verkfræðingur til þess að meta eftirfarandi atriði:

1. Hvað olli því, að jarðhiti, heitt vatn við Hrafnagilslaug ytri, fór sí-minnkandi allt árið 1979 og fram á 1980, en þvarr þá með öllu á síðustu mánuðum þess árs?
2. Hve mikill jarðhiti var þarna nýttur?

Segir m. a. svo í niðurstöðu matsmanna: „Síðla árs 1977 var borað við Grísará. Í fyrstu runnu 4,5 l/s úr holunni, og lokunarþrýstingur var 11 kg/cm^2. Holan var nýtt, fyrst einungis sjálfrennslið, en frá mars 1980 var notuð sogdæla. Voru teknir fáeinir sekúndulítrar úr henni. Þrýstingur féll jafnt og þétt, og var vatnsborð komið á nokkurra metra dýpi árið 1981. Árið 1979 var boruð djúp hola við Reykhús. Þá hafði orðið vart minnkunar í eldri grunnum holum og laugum. Í fyrstu runnu 1,8 l/s úr holunni, en það minnkaði fljótlega. Undanfarin ár hefur verið dælt 2,6 l/s úr holunni með vaxandi niðurdrætti. Væntanlega eru jarðhitasvæðin við Hrafnagil, Grísará og Reykhús öll tengd sama ganginum, en við borun hefur hann reynst vera lélegur vatnsleiðari. Verulegar líkur eru á því, að vatnsvinnsla við Grísará og Reykhús hafi því flýtt fyrir rénun vatns og þrýstingslækkun að Hrafnagili. Algjörlega samsvarandi sveiflur í vatnsborði holu 9 við Hrafnagil og Grísarárholunni síðustu tvö árin sýna náin tengsl þessara svæða. Djúpborun eftir heitu vatni hófst við Laugaland í árslok 1975, og voru boraðar 7 holur fram í ársbyrjun 1978. Þrýstingur í jarðhitakerfinu var í upphafi mjög hár, 15-20 kg/cm^2, en féll fljótlega vegna sjálfrennslis og einkum þegar vatnsvinnsla hófst með djúpdælum í ársbyrjun 1978. Veturinn 1978-79 var ein hola boruð til viðbótar að Laugalandi. Við vatnsvinnsluna hefur vatnsborð að Laugalandi fallið niður á um það bil 200 m. Það er þó ekki stöðugt, og undanfarin ár hefur vatnsborð sveiflast í takt við

dælingu og verið hærra á sumrin en á veturna. Að Ytri-Tjörnum voru boraðar 4 djúpar holur á árunum 1978 til 1980. Sama máli gegnir um það svæði og Laugaland. Vatnsþrýstingur var í upphafi hár, en hefur fallið við vinnslu niður á um það bil 290 m. Vatnsvinnsla að Ytri-Tjörnum hefur verið árstíðabundin eins og að Laugalandi. Síðustu ár hefur greinileg árstíðabundin sveifla komið fram í vatnsborði í holum við Hrafnagil og eins í holunni við Grísará. Einfaldasta skýring á þessu er sú, að vatnsvinnsla að Laugalandi og/eða Ytri-Tjörnum hafi áhrif á djúpæðar jarðhitakerfanna á þessum stöðum. Það verður því að telja nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs á vinnslusvæðunum austan til í Eyjafirði á árunum 1976-1980 hafi lækkað vatnsþrýsting í aðfærsluæðum jarðhitakerfisins að Hrafnagili og þar með valdið rénun heita vatnsins þar. Auk ofannefndra staða hafa verið boraðar tvær holur við Botnslaug, hin fyrri haustið 1981. Þrátt fyrir verulega vatnsdælingu hefur þrýstingur í jarðhitakerfinu við Botnslaug haldist hár. Vatnsvinnsla við Botnslaug hefur verið nokkuð stöðug sumar og vetur nema sumarið 1982, en þá var ekki dælt um tíma. Það eru því minni líkur á, að dæling þar hafi haft veruleg áhrif við Hrafnagil, enda var vatnsþurrðin þar komin fram að mestu, áður en renna tók úr fyrri Botnsholunni."

Í ljósi þessarar niðurstöðu gerðu stefnendur kröfu á hendur stefnda, síðast skriflega 17. desember 1986, að stefnendum yrði afhent sem svarar 1,5 l/s af 90°C heitu vatni endurgjaldslaust, á meðan Hitaveita Akureyrar hefði yfir að ráða heitu vatni framan Akureyrar. Þessum kröfum hafi ekki verið sinnt. Jafnframt hafi það gerst, að í desember 1986 hafi stefndi gengið til samninga við Hrafnagilshrepp og Hjalta Jósepsson, bónda á Hrafnagili í þeim hreppi, um jarðhitaréttindi, án þess að gerð væri tilraun af hálfu stefnda til þess að leysa mál stefnenda samtímis. Þetta hafi gerst í kjölfar þess, að 13. júní 1984 hafi verið gerður samningur milli dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs annars vegar og stefnda hins vegar um heimild til jarðborunar eftir heitu vatni í landi Syðra-Laugalands í Öngulsstaðahreppi og til þess að virkja og nýta þann jarðhita, sem fengist með borun, án þess að fjallað væri um hagsmuni stefnenda þrátt fyrir fyrirheit þar um.

Málsástæður stefnenda eru þær, að þeir reisa kröfur sínar (sic) á því, að vatns- og jarðhitaréttindi á Grísará hafi verið fyrir hendi allar götur frá árinu 1954 þeim til handa. Þessi vatns- og jarðhitaréttindi hafi verið skert með ólögmætum hætti af stefnda. Stefndi hafi borað eftir heitu vatni á Syðra-Laugalandi og dæli þar upp heitu vatni, sem ótvírætt skerði vatns- og jarðhitaréttindi stefnenda með ólögmætum hætti. Stefnendur reisa málsókn sína á 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, orkulögum nr. 58/1967, einkum III. kafla, og III., IV. og V. kafla ábúðarlaga nr.

64/1976, en með byggingarbréfi, dags. 22. október 1963, byggði stefnandi Hreiðar Eiríksson syni sínum, Eiríki Hreiðarssyni, jörðina Grísará á erfðaleigu samkvæmt þágildandi ábúðarlögum nr. 116/1943.

Málsástæður stefnda eru þær, að jafnvel þótt stefnendur ættu hugsanlega rétt á endurgjaldslausri afhendingu heits vatns, sé krafa þeirra allt of há, þ. e. a. s. um afhendingu á 2,5 l/s af 90°C heitu vatni. Stefnendur hafi haft, áður en borun hófst á Grísará, e. t. v. 0,1 l/sek. af 40°C heitu vatni, og hafi mátt með dælingu og borun 10 m djúprar holu auka rennslið í 0,3 s/l. Því miður hafi borun á Grísará ekki gefið góða raun og vatnið ekki nýtanlegt fyrir stefnda. Stefnendur hafi hins vegar sjálfir tekið sér það vald að nýta vatn það heimildarlaust og leitt það í byggingar sínar. Hafi þessi háttsemi þeirra orðið til þess, að þeim var sent bréf 12. júní 1980, þar sem þessu var mótmælt og þess óskað, að teknar yrðu upp viðræður um gjaldtöku fyrir þetta vatn og hugsanlega vatnssölu, en á þessum árum og þeim á undan stóðu yfir miklar borunarframkvæmdir beggja vegna Eyjafjarðarár í Öngulsstaða- og Hrafnagilshreppum. Nokkrar viðræður hafi farið fram þar á eftir, sem hafi reyndar tengst þeim samningatilraunum, er vörðuðu hreppsnefnd Hrafnagilshrepps og mannvirki hreppsins á Hrafnagili, en stefnandi Eiríkur Hreiðarsson hafi á þeim árum átt sæti í hreppsnefnd. Hafi náðst um síðir bráðabirgðalausn með samningi, dagsettum 11. janúar 1982, við stefnendur, en það átti aðeins að standa til 1. júlí það ár. Á þessum tíma hafi hreppsnefnd Hrafnagilshrepps höfðað mál á hendur stefnda og Hjalta Jósepssyni á Hrafnagili til ógildingar samningi þeirra á milli um jarðhitaleit og vatnsvinnslu í landi Hrafnagils, og var því allt í mikilli óvissu um, hvern rétt stefndi hefði til vatnstöku eða möguleika á vatnsöflun, en á þessum tíma hefði einnig komið í ljós, að ekki var í Eyjafirði um slíkt vatnsmagn að ræða, að fjárhagslega væri viðráðanlegt að bora miklu meira en orðið var. Hefðu svo hvor tveggja þessi málaferli og óvissa í því sambandi og mikil tregða stefnenda að greiða fyrir vatn, sem þeir hafi fengið, valdið því, að ekki var endanlega hægt að ganga frá málum. Að loknum málaferlum við hreppsnefnd og samningum í framhaldi af þeim málaferlum hafi stefnendur með bréfi, dags. 17. desember 1986, farið þess á leit að fá afhent heitt vatn, 1,5 s/l af 90°C heitu vatni endurgjaldslaust. Þetta hafi verið óaðgengilegt fyrir stefnda og þær viðræður, sem á eftir fóru, verið árangurslausar.

Stefndi telur kröfugerðina að ýmsu leyti óskýra. Til að mynda sé hvergi rökstutt, á hvaða grundvelli sú krafa er gerð, að sér beri að afhenda endurgjaldslaust 2,5 s/l af 90°C heitu vatni eða eitthvað minna magn. Stefnendur telji, að vatns- og jarðhitaréttindi hafi verið skert með ólögmætum hætti af stefnda. Hins vegar sé það ekki rökstutt nánar, hver sú ólögmæta aðgerð sé, nema vera skyldi borun og vinnsla á Syðra-Laugalandi, sem er hinum

megin Eyjafjarðarár. Á grundvelli leyfis landbúnaðarráðuneytis frá 28. júní 1977 hafi stefndi hafið boranir í landi Grísarár. Hvergi í leyfinu sé orðað, að hafa beri samráð eða samstarf við jarðeiganda, enda þótt vissulega hafi átt að ganga vel um og valda sem minnstu ónæði. Landbúnaðarráðuneytið hafi þarna verið að heimila vatnsleit samkvæmt þeim umráðum, sem ríkissjóður hafi yfir jarðhita og undanskilinn var við sölu jarðarinnar umfram heimilisþarfir, eins og segir í leyfinu án nánari útskýringar. Borunin virtist í fyrstu gefa allgóðan árangur, en því miður hefði vatn reynst óstöðugt og þorrið að mestu, eins og fram hefur komið og lýst er í stefnu. Síðan hafi stefnendur tekið án leyfis vatn úr holunni, meðan það var uppi, og aldrei greitt neitt fyrir. Alla tíð, síðan samskipti stefnenda og stefnda hófust, hafi verið vilji til þess að láta af hendi vatn, t. d. sem svaraði til þess, er uppi var, áður en borun hófst, og stefndi bendir á, að öll þessi ár, frá 1977, hafi Grísarárbýlið fengið vatn frá 30-90 l/m í senn, og nú hafi um langa hríð stöðugt runnið til húsa á jörðinni minnst 30 l/m og tímunum saman mun meira. Því miður hafi orðið árekstrar út af þessu og ýmis bréf gengið á milli, og m. a. hafi 19. nóvember 1982 verið krafist innsetningar í hús á Grísará, til að stilla mætti niður vatnsmagn, en það mál hafi þó verið hafið, m. a. vegna þess, að ríkissjóður hefði að sínu leyti lagt til vatn frá Syðra-Laugalandi í Öngulsstaðahreppi í tengslum við bráðabirgðasamning þann, sem gerður var 11. janúar 1982. Hefði því einnig vegna óvissu um úrslit málaferla við Hrafnagilshrepp verið ákveðið að hafast ekki frekar að um sinn, og mun um það hafa verið samkomulag milli stefnda og ríkisins. Svo sem gögn málsins beri með sér, hafi ekki verið um neins konar viðurkenningu að ræða gagnvart eigendum jarðarinnar um vatnsafhendingu, heldur aðeins verið að firra tjóni og láta ekki málaferlin bitna á þeim. Á þessu geti því stefnendur ekki reist kröfugerð sína. Hins vegar megi helst ráða, að rök fyrir aðal- og varakröfu á hendur stefnda séu bréf landbúnaðarráðuneytisins, dags. 6. mars 1978, og bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 28. september 1977 og 5. október s. á., sbr. dskj. nr. 5 og 6. Hvað sem þessu líði, liggi fyrir, að engir samningar lágu fyrir né liggja fyrir við eigendur Grísarár né ríkissjóð, að stefnda beri að afhenda um krafið vatnsmagn né nokkuð annað, nema þá það, sem í raun hefur staðið til boða frá stefnda og svarar til þess, sem virðist hafa verið uppi á jörðinni, áður en borun stefnda hófst. Sé slík afstaða í fullu samræmi við þá samninga, sem gerðir hafi verið við ýmsa þá, sem selja stefnda vatn, en í þeim sé skilgreint og samið um, hvert vatnsmagn hafi verið uppi á viðkomandi jörð. Hins vegar séu engir samningar við stefnda, sem liggi að baki yfirlýsingu landbúnaðarráðuneytisins á dskj. nr. 7, heldur einhliða álit þess, og slíkt skapi stefnda enga skyldu að afhenda þetta vatnsmagn til jarðarinnar, þar sem ekkert slíkt vatnsmagn var eða er að finna á jörðinni. Sú fullyrðing

stefnenda, að borun og nýting vatnsins á Syðra-Laugalandi hinum megin fjarðarins valdi vatnsþurrð á Grísará, sé ósönnuð og talin afar ósennileg í skýrslu Orkustofnunar frá 1982 á dskj. nr. 31, enda þá orðin spurning um, hvern rétt hver og einn landeigandi eigi í gjörvöllum Eyjafirði til heits vatns, því að vafalaust liggi berggangar með heitu vatni víða um lönd jarða.

Eftir samningsgerð við Hrafnagilshrepp 6. desember 1986 hafi svo um samist milli stefnda og hreppsins, að hreppurinn sæi um alla dreifingu á heitu vatni í hreppnum frá 19. júní 1987. Undantekning var þó búið á Hrafnagili, sem hefur sérstakan samning við Reykhús, en úr holu þar fær m. a. Kristnesspítali heitt vatn. Sökum takmarkaðs vatnsmagns er þó aðeins unnt að dreifa vatni um næsta nágrenni Hrafnagils, svo sem íbúðabyggð, skóla og hreppsmannvirki, en Grísará er þarna á þessu svæði, og liggi því beinast við, að stefnendur semji um vatnskaup við hreppinn umfram þá 5-10 l/m, sem stefndi er tilbúinn að afhenda endurgjaldslaust af sínum hluta. Rökstuðning fyrir varakröfu sinni reisir stefnandi á þeim skýrslum á dskj. nr. 10 og 31, sem sérfræðingar Orkustofnunar hafa látið frá sér fara, svo og þeim sáttaboðum, er stefndi hefur gert. Þann sáttavilja hafi stefndi m. a. sýnt með því að leggja sérstaka aðveituæð til stefnenda á sinn kostnað og afhenda, svo sem áður er getið, frá 30-90 l/m til býlisins að Grísará, sem aldrei hefur fengist nokkur greiðsla fyrir, þó að eftir hafi verið leitað. Komi til þess, að stefnendum verði dæmt eitthvert magn af heitu vatni úr hendi stefnda, áskilur hann sér rétt til þess að krefja stefnendur um greiðslu fyrir það vatnsmagn, sem á undanförnum árum hefur til þeirra runnið og kann að vera umfram það magn, er þeim yrði dæmt eftirleiðis.

Verða nú rakin gögn þau, er fyrir liggja í málinu um jarðhita í landi jarðarinnar Grísarár.

Á dskj. nr. 10 er greinargerð Orkustofnunar, jarðhitadeildar, frá júlí 1981 um laugar og volgrur í Hrafnagilshreppi, höfundar Sigmundur Einarsson, Þorsteinn Thorsteinsson, Axel Björnsson og Kristján Sæmundsson.

— — —

Niðurstöður.

„Ekki hafa komið fram í mælingum tengsl milli rennslis og vatnsstöðu í laugum og borholum í Hrafnagilshreppi og vatnsvinnslu í austanverðum Eyjafirði úr borholum við Syðra-Laugaland og Ytri-Tjarnir. Slík minni háttar tengsl er þó ekki alveg hægt að útiloka, því að mælingar eru ófullkomnar og stopular frá 1975, er borun hófst í Öngulsstaðahreppi, og fram til 1978, er reglubundnar athuganir hófust. Nærtækara er að leita orsaka fyrir minnkandi rennsli til vatnsvinnslu í hreppnum sjálfum. Má þá í fyrsta lagi benda á rennsli úr holu GG-1 við Grísará síðan í september 1977, í

öðru lagi rennsli úr holu RW-7 við Reykhús síðan í júlí 1979 og vatnsvinnslu með djúpdælu, 2,6 l/s, frá janúar 1981. Í þriðja lagi má nefna holu HN-10 við Botn, en rennsli úr henni var 17,3 l/s 27. janúar 1981, en var minnkað í 2,25 l/s í febrúar 1981."

Á dskj. nr. 16 er úttekt dómkvaddra matsmanna á Hrafnagilslaug, þeirra Axels Björnssonar jarðeðlisfræðings og Sverris Þórhallssonar verkfræðings, dags. í Reykjavík í mars 1984, og segir þar m. a.: „Talið hefur verið, að Hrafnagilslaug væri tengd berggangi, sem liggur norður-suður eftir Hrafnagilshreppi. Gangurinn liggur um hlaðið á Laugaborg, og má rekja hann til suðurs, þangað til hann verður óaðgengilegur mælingum í mýrinni austur af Hrafnagilsbýli og Botnslaug. Gangurinn liggur til norðurs um Grísará og þaðan norður fyrir Reykhús. Líklegt er, að Hrafnagilslaug, Grísarárlaugar og Reykhússlaugar séu á einn eða annan hátt allar tengdar þessum gangi. Líklegt er, að efsti hluti gangsins sé aðfærsluæð heits vatns til lauganna. Allar boranir í ganginn á ofannefndum jarðhitasvæðum hafa þó gefið litla raun og sýnt, að vatnsæðar við hann eru þröngar og rennsli tregt eftir honum. Hugsanlegt er, að umræddur gangur sé ekki vatnsleiðari nema nálægt yfirborði og fái vatn úr annarri öflugri vatnsrás, sem liggi til hliðar við hann. Hitamælingar í borholum við Hrafnagilslaug benda til þess, að meginvatnsrásin á þeim slóðum geti verið austar en umræddur gangur eða á milli þjóðvegar og Hrafnagilsskóla."

Síðan segir í skýrslunni: „Jarðhitakerfin í Eyjafirði eru mörg og tengsl þeirra innbyrðis flókin. Sum svæði eru nátengd, svo að breytingar í vatnsvinnslu á einu þeirra koma fram í greinilegum breytingum í þrýstingi á öðru svæði innan fárra daga eða vikna. Önnur svæði eru minna tengd, þ. e. gagnkvæm áhrif eru lítil eða koma ekki fram fyrr en eftir margra mánaða eða ára vatnsvinnslu. Einnig eru til jarðhitasvæði, sem engin mælanleg tengsl hafa fundist á milli til þessa. Þar sem tengsl jarðhitasvæða eru margbreytileg, er erfitt að tengja þrýstingslækkun í djúpkerfinu við Hrafnagil á óyggjandi hátt við vatnsvinnslu á öðrum svæðum. Gögn um vatnsvinnslu (dælt magn og vatnsstaða) voru frekar gloppótt framan af, en nú liggja fyrir allýtarleg gögn, sem gætu gefið svör um tengsl einstakra svæða. Ekki hefur verið unnið nema lauslega úr þessum gögnum. Heildarúrvinnsla þeirra væri margra mánaða eða ársverk. Engu að síður má þó benda á nokkur atriði, sem líklega skýra þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu á Hrafnagili.

Síðla árs 1977 var borað við Grísará. Í fyrstu runnu 4,5 l/s úr holunni, og lokunarþrýstingur var 11 kg/cm^2. Holan var nýtt, fyrst einungis sjálfrennslið, en frá mars 1980 var notuð sogdæla. Voru teknir fáeinir sekúndulítrar úr henni. Þrýstingur féll jafnt og þétt, og var vatnsborð komið á nokkurra metra dýpi árið 1981. Árið 1979 er boruð djúp hola við Reykhús.

Þá hafði orðið vart minnkunar í eldri grunnum holum og laugum. Í fyrstu runnu 1,8 l/s úr holunni, en það minnkaði fljótlega. Undanfarin ár hefur verið dælt 2,6 l/s úr holunni með vaxandi niðurdrætti. Væntanlega eru jarðhitasvæðin við Hrafnagil, Grísará og Reykhús öll tengd sama ganginum, en við boranir hefur hann reynst vera lélegur vatnsleiðari. Verulegar líkur eru á því, að vatnsvinnsla við Grísará og Reykhús hafi því flýtt fyrir rénun vatns og þrýstingslækkun á Hrafnagili. Algjörlega samsvarandi sveiflur í vatnsborði holu 9 við Hrafnagil og Grísarárholunni síðustu tvö árin sýna náin tengsl þessara svæða.

Djúpborun eftir heitu vatni hófst við Laugaland í árslok 1975, og voru boraðar 7 holur fram í ársbyrjun 1978. Þrýstingur í jarðhitakerfinu var í upphafi mjög hár, 15-20 kg/cm^2, en féll fljótlega vegna sjálfrennslis og einkum þegar vatnsvinnsla hófst með djúpdælum í ársbyrjun 1978. Veturinn 1978-79 var ein hola boruð til viðbótar að Laugalandi. Við vatnsvinnsluna hefur vatnsborð að Laugalandi fallið niður á um það bil 200 m. Það er þó ekki stöðugt, og undanfarin ár hefur vatnsborðið sveiflast í takt við dælingu og verið hærra á sumrin en á veturna.

Að Ytri-Tjörnum voru boraðar 4 djúpar holur á árunum 1978 til 1980. Sama máli gegnir um það svæði og Laugaland. Vatnsþrýstingur var í upphafi hár, en hefur fallið við vinnslu niður á um það bil 290 m. Vatnsvinnsla að Ytri-Tjörnum hefur verið árstíðabundin eins og að Laugalandi.

Síðustu ár hefur greinileg árstíðabundin sveifla komið fram í vatnsborði í holum við Hrafnagil og eins í holunni við Grísará. Einfaldasta skýring á þessu er sú, að vatnsvinnslan að Laugalandi og/eða Ytri-Tjörnum hafi áhrif á djúpæðar jarðhitakerfanna á þessum stöðum. Það verður því að telja nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs á vinnslusvæðunum austan til í Eyjafirði á árunum 1976-1980 hafi lækkað vatnsþrýsting í aðfærsluæðum jarðhitakerfisins að Hrafnagili og þar með valdið rénun heita vatnsins þar."

Á dskj. nr. 31 er greinargerð Orkustofnunar, jarðhitadeildar, 1982 um jarðhita við Grísará í Hrafnagilshreppi. Segir þar m. a. svo: „Samkvæmt þessum heimildum hefur því náttúrlegt varmarennsli við Grísará samsvarað um 0,1 l/s af 40°C heitu vatni. Með borun 10 m holu og dælingu mátti auka rennslið þrefalt.

Orsakir rennslisminnkunar.

Ekki hafa komið fram í mælingum tengsl milli rennslis og vatnsstöðu í laugum og borholum í Hrafnagilshreppi og vatnsvinnslu í austanverðum Eyjafirði úr borholum við Syðra-Laugaland og Ytri-Tjarnir. Slík minni háttar eða langtímatengsl er þó ekki alveg hægt að útiloka, því að mælingar eru ófullkomnar og stopular frá 1975, er borun hófst í Öngulsstaðahreppi,

og fram til 1978, er reglubundnar athuganir hófust. Nærtækara er að leita orsaka minnkandi rennslis að Grísará til vatnsvinnslu í hreppnum sjálfum. Má þá í fyrsta lagi benda á rennsli úr holu GG-1 við Grísará síðan í september 1977, í öðru lagi á rennsli úr holu RW-7 við Reykhús síðan í júlí 1979 og vatnsvinnslu með djúpdælu, 2,6 l/s, frá janúar 1981, í þriðja lagi dælingu úr holu H-6 framan við Laugaborg að Hrafnagili, en úr henni var dælt talsverðu, en óþekktu vatnsmagni til upphitunar þar á árunum 1975 til 1978. Ofannefndir jarðhitastaðir, Reykhús, Grísará og Hrafnagil, taka væntanlega vatn úr sama vatnsleiðaranum, þ. e. berggangi, sem liggur norður-suður um þessa staði. Vatnsvinnsla á einum staðnum er því háð vatnsminnkun á hinum. Að lokum má benda á borun við Botnslaug, en nýlega hafa komið fram tengsl milli Grísarárholunnar og rennslis úr holum við Botn. Þessi tengsl eru ókönnuð enn.''

Og síðan segir um holu GG-1: ,,Lauslegt mat var gert á því 1980, hversu miklu vatnsmagni mætti dæla úr GG-1. Niðurstaðan var sú, að dæla mætti um 5 l/s úr holunni með djúpdælu og með vatnsborð á allt að 200 m dýpi. Var þá gert ráð fyrir, að Grísarársvæðið væri ótengt öðrum jarðhitasvæðum, sem ekki er raunin á.''

Einnig liggur fyrir í málinu á dskj. nr. 35 mat á vatnsmagni og tengslum við önnur jarðhitakerfi varðandi jarðhitasvæðið við Grísará í Hrafnagilshreppi eftir dr. Axel Björnsson jarðeðlisfræðing, dags. 22. apríl 1988, og segir þar:

— — —

,,Orsakir vatnsminnkunar.

,,Jarðhitakerfin í Eyjafirði eru mörg og tengsl þeirra innbyrðis flókin. Sum svæði eru nátengd, svo að breytingar í vatnsvinnslu á einu þeirra koma fram í greinilegum breytingum í þrýstingi á öðru svæði innan fárra daga eða vikna. Önnur svæði eru minna tengd, þ. e. gagnkvæm áhrif eru lítil og koma ekki fram fyrr en eftir margra mánaða eða ára vatnsvinnslu. Einnig eru til jarðhitasvæði, sem engin mælanleg tengsl hafa fundist á milli til þessa.

Djúpborun eftir heitu vatni hófst við Laugaland í árslok 1975, og voru boraðar 7 holur fram í ársbyrjun 1978. Veturinn 1978-1979 var ein hola boruð til viðbótar. Þrýstingur í jarðhitakerfinu var í upphafi mjög hár, 15-20 kg/cm^2, en féll fljótlega vegna sjálfrennslis og djúpdælingar, er hófst í ársbyrjun 1978. Við vatnsvinnsluna féll vatnsborð niður á allt að 200 m á árunum 1982-1984, en hefur hækkað síðan. Vatnsborðið er ekki stöðugt, heldur sveiflast í takt við vatnsvinnsluna og er hærra á sumrin en veturna (Ólafur G. Flóvenz og Þorsteinn Thorsteinsson, 1984; Sverrir Þórhallsson og Axel Björnsson, 1984 a og 1984 b).

Sama máli gegnir um jarðhitakerfið að Ytri-Tjörnum. Þar voru boraðar 4 djúpar holur. Vatnsþrýstingur hefur fallið mikið og sveiflast nú í takt við vinnslu. Einnig hafa verið boraðar tvær vinnsluholur í landi Botns og Hrafnagils. Þrátt fyrir verulega vatnsdælingu þar hefur þrýstingur fallið lítið.

Síðustu ár hefur greinileg árstíðabundin sveifla komið fram í vatnsborði borholu GG-1 við Grísará og í borholum við Hrafnagil. Þessi sveifla er í takt við vatnsborðsbreytingar í borholum á Laugalandi og að Ytri-Tjörnum. Það verður því að telja nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs í vinnslusvæðunum austan til í Eyjafirði hafi lækkað vatnsþrýsting í aðfærsluæðum jarðhitakerfisins á Grísará og þar með valdið hvarfi lauganna og lækkun vatnsborðs í holu GG-1. Dæling úr holu GG-1 hefur væntanlega flýtt fyrir þrýstifallinu, en þau áhrif eru að öllum líkindum hverfandi miðað við vinnsluna austan til í firðinum á Laugalandi og Ytri-Tjörnum.

Eðlisviðnám í jörðu við Grísará er tiltölulega hátt, sem bendir til frekar lélegrar vatnsgengdar í jarðhitakerfinu miðað við önnur svæði í Eyjafirði. Eru því litlar líkur á, að umtalsvert sjálfstætt vatnskerfi sé að finna á Grísará. Hins vegar er ljóst, að kerfið er þrýstingslega tengt vinnslusvæðum í firðinum.

Efnainnihald í jarðhitavatni í Eyjafirði bendir til þess, að vatn á einstökum svæðum geti verið upprunnið á mismunandi stöðum. Það skiptir þó ekki máli fyrir vinnslueiginleika hvers svæðis og tengsl á milli svæða. Þar ræður mestu staðbundin vatnsgengd innan hvers svæðis og lekt á milli þeirra."

Lögð hefur verið fram á dskj. nr. 45 skýrsla jarðhitadeildar Orkustofnunar, unnin fyrir stefnda, Hitaveitu Akureyrar, út gefin í Reykjavík í nóvember 1988 og ber heitið: Vatnsöflun Hitaveitu Akureyrar, staða og horfur 1988, höfundar Guðni Axelsson, Helga Tulinius, Ólafur G. Flóvenz og Þorsteinn Thorsteinsson. Kemur þar fram, að spá um vinnslugetu einstakra jarðhitasvæða í Eyjafirði til næstu 10 ára, miðað við nýtingu 40°C og óbreyttan niðurdrátt, gefi Botn 29 l/s, einnig, að Hitaveita Akureyrar nýti eftirgreindar vinnsluholur: BN-1 og HN-10 við Botn (HN-10 er reyndar í landi Syðra-Hrafnagils), LJ-5, LJ-7 og LN-12 við Syðra-Laugaland, TN-4 við Ytri-Tjarnir, GY-7 á Glerárdal og RWN-7 við Reykhús. Árin 1986 og 1987 var að meðaltali dælt um 30 l/s af um 85°C heitu vatni á Botnssvæðinu (83°C úr HN-10, en 96°C úr BN-1), um 33 l/s af 94-96°C heitu vatni á Laugalandi og um 20 l/s af 80°C heitu vatni á Ytri-Tjörnum, eru nú 17 l/s af 60°C heitu vatni á Glerárdal og um 2 l/s af 76,5°C á Reykhúsum. Dæling á Reykhúsum er einungis til að bæta upp það vatn, sem hvarf úr heitum lindum þar við dælingu af öðrum svæðum í Eyjafirði.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt dskj. nr. 16, er hér að framan er rakið, segir, að væntanlega séu jarðhitasvæðin við Hrafnagil, Grísará og Reykhús öll tengd sama ganginum, er við borun hafi reynst vera lélegur vatnsleiðari, og eru því verulegar líkur á því, að vatnsvinnsla við Grísará og Reykhús hafi flýtt fyrir rénun vatns og þrýstingslækkun að Hrafnagili. Einnig segir í sama dskj., að telja verði nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs á vinnslusvæðum austan til í Eyjafirði á árunum 1976-1980 hafi lækkað vatnsþrýsting á aðfærsluæðum jarðhitakerfisins að Hrafnagili og þar með valdið rénun heita vatnsins þar. Á dskj. nr. 31 segir einnig, að ofannefndir jarðhitastaðir, þ. e. a. s. Reykhús, Grísará og Hrafnagil, taki væntanlega vatn úr sama vatnsleiðaranum, þ. e. a. s. berggangi, sem liggur norður-suður um þessa staði. Vatnsvinnsla á einum stað er því háð vatnsminnkun á hinum. Og á dskj. nr. 35 segir, að ógerlegt sé að segja til um, hve mikið hola GG-1 gæfi né hve djúpt vatnsborðið félli, en það mætti finna með dæliprófum á holunni. Engu að síður megi telja líklegt út frá þeim ófullkomnu gögnum, sem til séu, að vinna mætti 2-3 l/s úr holunni með djúpdælu á svipaðan hátt og nú er gert að Reykhúsum. Síðan segir: „Það verður því að telja nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs í vinnslusvæðum austan til í Eyjafirði hafi lækkað vatnsþrýsting í aðfærsluæðum jarðhitakerfisins á Grísará og þar með valdið hvarfi lauganna og lækkun vatnsborðs holu GG-1. Dæling úr holu GG-1 hefur væntanlega flýtt fyrir þrýstifallinu, en þau áhrif eru að öllum líkindum hverfandi miðað við vinnsluna austan til í firðinum, á Laugalandi og Ytri-Tjörnum."

Svo sem rakið er á dskj. nr. 35, telur dr. Axel Björnsson jarðeðlisfræðingur, að fengist hafi við dælingu 0,3 l/s af 43°C heitu vatni úr borholu þeirri, er heimamenn boruðu 1970, en við örari dælingu hafi dælan dregið inn kalt vatn.

Telja verður samkvæmt þessu, að sannað sé, að þetta vatnsmagn hafi verið uppi á jörðinni, er stefndi, Hitaveita Akureyrar, hóf boranir á Grísará, 1977. Kemur það fram í gögnum málsins, að vatn þetta var notað til heimilisþarfa.

Dómurinn telur það sannað, að vatnsvinnsla stefnda, Hitaveitu Akureyrar, hafi valdið því, að vatn það, sem uppi var á jörðinni, hvarf, og beri stefnda þess vegna að skila stefnendum því eða öðru vatnsmagni með hærra hitastigi, en tilsvarandi að orkugildi.

Varðandi frekari kröfur um afhendingu á heitu vatni til heimilisþarfa telur dómurinn, að stefnendur verði að beina kröfum sínum á hendur ríkissjóði, sem hefur veitt þeim afnotaréttinn að hinu heita vatni og ákvarðað hámarksnot þess, en er að öðru leyti eigandi grunnjarðhitaréttinda á jörðinni.

Samkvæmt þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnendum málskostnað, 75.000 kr., og hefur þá tillit verið tekið til þess við ákvörðun hans, að stefndi hefur áður í þessu máli verið dæmdur til greiðslu 125.000 kr. í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, afhendi óskipt stefnendum, Hreiðari Eiríkssyni og Eiríki Hreiðarssyni, 0,3 lítra á sekúndu af 43°C heitu vatni eða annað vatnsmagn með hærra hitastigi, en að tilsvarandi orkugildi, svo og greiði stefndi stefnendum 75.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 231/1992. **Kristján G. Ragnarsson**
gegn
Arnari H. Gestssyni.

Kærumál. Fjárnám. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hin kærða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar á fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara þess, að hann falli niður.

Í fógetarétti Hafnarfjarðar var 28. apríl 1992 gert fjárnám að beiðni varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Austurgötu 27 í Hafnarfirði, sem er íbúð á rishæð eignarinnar. Fjárnámsheimildin var áskorunarstefna, sem árituð var 6. janúar 1987 um aðfararhæfi stefnukrafna og málskostnaðar. Hinn 24. mars 1992 var birt greiðsluáskorun frá lögmanni varnaraðila vegna þessara krafna, sem þar voru sundurliðaðar og taldar nema samtals 889.540 krónum. Fjárnámið fór fram í skrifstofu fógeta að sóknaraðila fjarstöddum. Þess var ekki getið í fógetabók, hvort sóknaraðili hefði verið boðaður til gerðarinnar, og réttargæslumaður var ekki kvaddur til fyrir hans hönd. Tók fógeti að sér að tilkynna honum um fjárnámið.

Kröfu sína um ómerkingu þessarar fjárnámsgerðar styður sóknaraðili meðal annars þeim rökum, að undirbúningur og framkvæmd fjárnámsins hafi ekki verið með löglegum hætti. Fyrrnefnd greiðsluáskorun hafi verið birt að Austurgötu 27 í Hafnarfirði fyrir konu, sem búi í annarri íbúð en sóknaraðili eigi þar. Sjálfur hafi hann ekki búið í húsinu, heldur sé lögheimili sitt að Hraunhálsi í Helga-

fellssveit í Snæfellsnessýslu. Fjárnáms hafi verið beiðst hjá bæjarfógeta í Hafnarfirði og gerð byrjuð þar, en ekki á þessu heimilisvarnarþingi sóknaraðila. Jafnframt hafi hann ekki fengið neina boðun um þinghald til fjárnámsins, svo að hann gæti verið þar viðstaddur. Loks hafi fjárnámsbeiðni varnaraðila ekki verið í samræmi við þá aðfararheimild, sem á var byggt, að því er varði vexti og málskostnað, og fjárnám verið gert fyrir öðrum fjárhæðum en þeim, er mælt var um í stefnunni og áritun á hana.

Íbúðina að Austurgötu 27 kveðst sóknaraðili hafa átt um árabil. Hafi hún verið í útleigu mestallan eignarhaldstíma sinn, en þó staðið auð við lok marsmánaðar 1992.

Varnaraðili mótmælir öllum málsástæðum sóknaraðila og telur meðal annars, að greiðsluáskorun hafi verið löglega birt að Austurgötu 27, þar sem telja megi hann eiga heimili þar. Hefur varnaraðili lagt fram gögn því til staðfestingar, að sóknaraðili hafi verið skráður fyrir síma í íbúð sinni frá því á árinu 1980. Þá hefur varnaraðili lagt fram endurrit af símskeyti frá lögmanni sínum, þar sem sóknaraðili er kvaddur til fjárnámsins, og segir það hafa legið frammi við gerðina. Samkvæmt endurriti þessu var skeytið stílað til sóknaraðila að Austurgötu 27 og sent frá Reykjavík rúmlega 3 sólarhringum fyrir áðurnefnt þinghald, en viðtöku á því er ekki lýst.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands 19. maí 1992 úr þjóðskrá var sóknaraðili þá skráður til heimilis að Hraunhálsi í Helgafellssveit og hafði verið skráður með lögheimili þar a. m. k. síðan á árinu 1977. Í vottorði frá bæjarskrifstofum í Hafnarfirði 21. sama mánaðar kemur og fram, að hann hafi ekki verið meðal skrásettra íbúa að Austurgötu 27 þar í bæ á þeim tíma, er hér skiptir máli. Í ljósi þessa verður varnaraðili ekki talinn hafa sýnt fram á, að lögmætt hafi verið að byrja fjárnám á hendur sóknaraðila í skrifstofu bæjarfógeta í Hafnarfirði, eins og hér var gert, sbr. 2. mgr. 33. gr. þágildandi laga nr. 19/1887 um aðför, sbr. 2. gr. laga nr. 15/1988. Ber þegar af þeirri ástæðu að ómerkja hina kærðu fjárnámsgerð.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hin kærða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Varnaraðili, Arnar H. Gestsson, greiði sóknaraðila, Kristjáni G. Ragnarssyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Mánudaginn 2. nóvember 1992.

Nr. 363/1992. **Pizzasmiðjan hf.**

gegn

Sanitas hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pizzasmiðjan hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. nóvember 1992.

Nr. 399/1992. **Axel Eiríksson,**
Jón Sigurjónsson,
Ólafur Björnsson og
Sigurjón Stefánsson
gegn
Fríðu Valdimarsdóttur,
Björk Harðardóttur,
Guðjóni Egilssyni og
Óskari S. Björnssyni.

Kærumál. Endurupptaka. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. október 1992, sem móttekin var 27. sama mánaðar. Þeir kæra með vísun til i-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá ákvörðun Sigríðar Ólafsdóttur, héraðsdómara í Reykjavík, að synja þeim um endurupptöku á máli nr. 1319/1992, sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur milli aðila kærumáls þessa. Sóknaraðilar krefjast þess, að synjunin verði felld úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að endurupptaka málið. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hin kærða ákvörðun héraðsdómara verði staðfest og sóknaraðilar verði óskipt dæmdir til að greiða sér kærumálskostnað.

I.

Hinn 14. september 1992 kl. 11.24 sendi héraðsdómari lögmanni sóknaraðila, Gunnari Sólnes hæstaréttarlögmanni, bréf um myndsendi, þar sem boðað var til þinghalds í málinu þriðjudaginn 29. október 1992. Kl. 15.03 sama dag barst skrifstofu lögmannsins símbréf frá héraðsdómara til Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns með boðun til þinghalds í öðru máli 29. september. Var þar og leiðrétting á fyrri boðun í því máli 29. október. Haft var samband við héraðsdómara frá skrifstofu lögmannsins, til þess að þessi boðun

gæti komist í réttar hendur. Enn kom símbréf frá héraðsdómara kl. 16.04, og þar var lögmaður sóknaraðila boðaður til þinghalds í þessu máli þriðjudaginn 29. september 1992. Í bréfinu sagði jafnframt: „Leiðréttist hér með fyrri boðun, þar sem ranglega var boðað til réttarhaldsins þriðjudaginn 29. október nk."

Þriðjudaginn 29. september 1992 var mál þetta tekið fyrir á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur. Virðist þetta hafa verið fyrsta þinghald í málinu, eftir að fyrrgreindur héraðsdómari hafði fengið það til meðferðar. Í endurriti úr þingbók segir meðal annars:

„Af hálfu stefnanda sótti þing Þórólfur Kristján Beck hrl.

Af hálfu stefnda var ekki mætt og forföll voru ekki boðuð. Dómarinn leggur fram nr. 11, afrit af myndskeyti.

Lögmaður stefnanda óskar eftir fresti til að dómkveðja matsmenn til að meta dráttarvagninn og leggja fram matsgerð og sókn.

Málinu er frestað til miðvikudagsins 25. nóvember nk. kl. 9.30 ..."

Hinn 1. október 1992 óskaði lögmaður sóknaraðila eftir því með bréfi til héraðsdómara, að mál þetta yrði endurupptekið, með vísun til 4. tl. 97. gr. laga nr. 91/1991, þar sem hann hefði haft lögmæt forföll í þinghaldinu 29. september. Héraðsdómari synjaði beiðninnar með bréfi til lögmannsins 6. október 1992.

II.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Þar segir meðal annars:

„Lögmaður stefndu sótti um endurupptöku málsins vegna útivistar með bréfi, dags. 1. október 1992, með vísan til 4. tl. 97. gr. l. nr. 91/1991. Var beiðnin borin undir lögmann stefnenda, sem hafnaði samkomulagi um beiðnina. Að svo búnu synjaði undirritaður dómari beiðni þessari (sic) með bréfi, dags. 6. október sl., og eru ástæður synjunarinnar skýrðar þar.

Var þessi háttur hafður á, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að synjun eða samþykki á endurupptöku skv. 4. tl. 97. gr. l. nr. 91/1991 séu ákveðin með úrskurði skv. XXIII. kafla laganna, þótt öðru máli gegni, þegar farið er fram á endurupptöku í máli, sem hefur þegar verið dæmt í héraði, sbr. 4. tl. 96. gr. s. l."

III.

Samkvæmt 1. mgr. 112. gr. einkamálalaga tekur dómari afstöðu til atriða, sem varða rekstur máls, fram að dómtöku og ágreiningur er ekki um, „með ákvörðun, sem verður eftir atvikum skráð í þingbók. Slík atriði má einnig leiða til lykta með ákvörðun, þótt ágreiningur sé um þau, ef ágreiningsefnið sætir ekki kæru til æðra dóms“. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið svo á, að dómari leysi úr öðrum atriðum með úrskurði. Úrskurðir héraðsdómara um „synjun um endurupptöku máls vegna lögmætra forfalla frá þinghaldi“ sæta kæru til Hæstaréttar, sbr. i-lið 1. mgr. 143. gr. laganna.

Varnaraðilar andmæltu beiðni sóknaraðila um endurupptöku málsins. Héraðsdómara bar því að kveða upp úrskurð um ágreiningsefnið. Við svo búið verður að ómerkja hina kærðu ákvörðun, sem tekin var utan réttar og kynnt lögmanni sóknaraðila í bréfi 6. október 1992.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun er ómerkt.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 3. nóvember 1992.

Nr. 472/1991. **Jónas Ragnarsson**

gegn

Goða hf..

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1991. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hin kærða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar á fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í fógetarétti Keflavíkur var 19. september 1991 gert fjárnám í eignum sóknaraðila til tryggingar skuld samkvæmt áskorunarstefnu, sem árituð hafði verið á bæjarþingi Keflavíkur 27. ágúst sama ár. Með henni var sóknaraðila gert að greiða varnaraðila skuld, að fjárhæð 1.477.417,72 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 2. maí 1991 til greiðsludags og 21.885 krónum í bankakostnað svo og 160.672 krónur í málskostnað. Til grundvallar stefnunni lá skuldabréf, er sóknaraðili hafði gefið út 2. apríl 1991 fyrir hönd Stórmarkaðarins í Keflavík, sem var skrásett einkafyrirtæki hans, en einnig hafði hann ritað á það sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Heildarkrafa varnaraðila var sundurliðuð í fjárnámsbeiðni 13. september 1991 og þar talin nema 1.902.804,82 krónum.

Fjárnámsgerðin hófst í skrifstofu bæjarfógeta, og hafði sóknaraðili verið kvaddur þangað með símskeyti, en var ekki mættur og hafði ekki tilkynnt um forföll. Var rétturinn fluttur að Iðuvöllum

14 B í Keflavík, þar sem Stórmarkaðurinn var til húsa. Var þar lýst yfir fjárnámi eftir ábendingum umboðsmanns varnaraðila í efri og neðri hæð fasteignarinnar Hringbrautar 92 í Keflavík og í óskiptum 12,5% eignarhlut sóknaraðila í hluta nr. 3 af fasteigninni Iðuvöllum 14 B svo og í 4 sérbúnum afgreiðsluborðum og 4 búðarkössum, sem voru á staðnum og í notkun í versluninni. Samhliða þessari gerð fór fram fjárnám til tryggingar skuld sóknaraðila við varnaraðila samkvæmt annarri áskorunarstefnu og þá í sömu fasteignum, en öðru lausafé.

Forföll sín við fjárnámsgerðina skýrir sóknaraðili með því, að hann hafi verið fjarverandi þennan dag af eðlilegum ástæðum, þar sem hann átti fertugsafmæli. Krefst hann ómerkingar á gerðinni með vísan til þess, að fjárnám hafi verið gert í mörgum eignum, án þess að virðing færi fram til að ganga úr skugga um, hvort skuld sín væri nægilega tryggð án aðfararveðs í þeim öllum, sbr. 23. gr. og 1. mgr. 45. gr. þágildandi laga nr. 19/1887 um aðför. Hafi enginn verið viðstaddur til að kveða á um það, hvort falla mætti frá virðingu sín vegna. Jafnframt hefði fógeti átt að gæta þess, að fjárnám væri ekki gert í fyrrgreindum lausafjármunum, þar sem þeir væru meðal nauðsynlegustu áhalda verslunarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1887, enda hefði í þess stað verið unnt að ganga að öðru lausafé á staðnum, svo sem vörubirgðum í versluninni. Telur sóknaraðili, að fógeta hafi skýlaust borið að kveðja réttargæslumann til að taka málstað sinn við gerðina samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1887, sbr. 3. gr. laga nr. 15/1988, og vísar að því leyti til 24. gr. laga nr. 19/1887 og 25. gr. þeirra, sbr. 1. gr. laga nr. 15/1988.

Varnaraðili mótmælir þessum málsástæðum og heldur því fram meðal annars, að starfsfólk sóknaraðila í versluninni hafi færst undan áskorun frá fógeta um að taka málstað hans. Segir varnaraðili það hafa verið kunnugt við gerðina, að fjárnám í eignarhlutunum að Hringbraut 92 væri að líkindum vonlaust, þar sem þeir væru báðir undir nauðungaruppboði og mjög hátt veðsettir. Um eignarhlutinn í Iðuvöllum 14 B hafi það og legið fyrir samkvæmt veðbókarvottorði frá 13. september 1991, að á honum hvíldi há veðskuld. Hafi því verið vafalaust, að leita þyrfti fjárnáms í fleiri eignum. Virði hinna fjárnumdu eigna hafi að engu leyti verið um-

fram þá skuld, sem tryggja átti, og hafi sóknaraðili ekki reynt að sýna fram á annað. Um hin fjárnumdu verslunaráhöld hafi það og átt við, að auðvelt væri fyrir sóknaraðila að útvega annan búnað í þeirra stað.

Fram er komið í málinu, að efri og neðri hæð húseignarinnar að Hringbraut 92 voru seldar á nauðungaruppboðum 27. nóvember 1991, og var fjárnámskrafa sóknaraðila fjarri því að hljóta þar fullnustu. Þá er og upplýst, að sóknaraðili seldi áðurgreint fyrirtæki sitt 1. október 1991 félaginu Iðuvöllum 14 B hf.

Í máli þessu hefur sóknaraðili ekki lagt fram gögn um virði þeirra eigna, sem fjárnámi var lýst í við hina kærðu fjárnámsgerð. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hinir fjárnumdu lausafjármunir væru svo ómissandi fyrir atvinnu sína, að brýnt væri að sneiða hjá þeim við gerðina. Ekki verður heldur séð, að hann hafi reynt að koma málstað sínum á framfæri með því að leita endurupptöku á gerðinni, sbr. 52. gr. laga nr. 19/1887. Þegar litið er til þessa og til fyrrgreindra upplýsinga, verður sóknaraðili ekki talinn hafa leitt líkur að því, að hlutur hans við gerðina hafi verið fyrir borð borinn með neinum hætti, er varði ógildingu hennar. Ber því að staðfesta gerðina, eins og varnaraðili hefur krafist.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Jónas Ragnarsson, greiði varnaraðila, Goða hf., 25.000 krónur í kærumálskostnað.

1745

Þriðjudaginn 3. nóvember 1992.

Nr. 473/1991. **Jónas Ragnarsson**

gegn

Goða hf.

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1991. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hin kærða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar á fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í fógetarétti Keflavíkur var 19. september 1991 gert fjárnám í eignum sóknaraðila til tryggingar skuld samkvæmt áskorunarstefnu, sem árituð hafði verið á bæjarþingi Keflavíkur 27. ágúst sama ár. Með henni var sóknaraðila gert að greiða varnaraðila skuld, að fjárhæð 2.900.195,91 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 2. maí 1991 til greiðsludags og 44.295 krónum í bankakostnað svo og 311.950 krónur í málskostnað. Til grundvallar stefnunni lá skuldabréf, út gefið 2. apríl 1991 af Nonna og Bubba hf., er sóknaraðili hafði áritað sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Heildarkrafa varnaraðila var sundurliðuð í fjárnámsbeiðni 13. september 1991 og þar talin nema 3.632.294,81 krónum.

Fjárnámsgerðin hófst í skrifstofu bæjarfógeta, og hafði sóknaraðili verið kvaddur þangað með símskeyti, en var ekki mættur og hafði ekki tilkynnt um forföll. Var rétturinn fluttur að Hringbraut 92 í Keflavík og þar lýst yfir fjárnámi eftir ábendingum umboðs-

manns varnaraðila í efri og neðri hæð þeirrar fasteignar og í óskiptum 12,5% eignarhlut sóknaraðila í hluta nr. 3 af fasteigninni Iðuvöllum 14 B í Keflavík svo og í 2 búðarkössum, sem voru á staðnum. Samhliða þessari gerð fór fram fjárnám til tryggingar skuld sóknaraðila við varnaraðila samkvæmt annarri áskorunarstefnu og þá í sömu fasteignum, en öðru lausafé.

Forföll sín við fjárnámsgerðina skýrir sóknaraðili með því, að hann hafi verið fjarverandi þennan dag af eðlilegum ástæðum, þar sem hann átti fertugsafmæli. Krefst hann ómerkingar á gerðinni með vísan til þess, að fjárnám hafi verið gert í mörgum eignum, án þess að virðing færi fram, til að ganga úr skugga um, hvort skuld sín væri nægilega tryggð án aðfararveðs í þeim öllum, sbr. 23. gr. og 1. mgr. 45. gr. þágildandi laga nr. 19/1887 um aðför. Jafnframt hefði fógeti átt að gæta þess, að fjárnám væri ekki gert í fyrrgreindum lausafjármunum, þar sem þeir væru nauðsynleg áhöld verslunar sinnar sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1887, enda hefði í þess stað verið unnt að ganga að öðru tiltæku lausafé. Bendir sóknaraðili á, að hann hafi ekki átt neinn málsvara við gerðina.

Varnaraðili mótmælir þessum málsástæðum og segir það hafa verið kunnugt við gerðina, að fjárnám í eignarhlutunum að Hringbraut 92 væri að líkindum vonlaust, þar sem þeir væru undir nauðungaruppboði og mjög hátt veðsettir. Um eignarhlutinn í Iðuvöllum 14 B hafi það og legið fyrir samkvæmt veðbókarvottorði frá 13. september 1991, að á honum hvíldi há veðskuld. Hafi því verið vafalaust, að leita þyrfti fjárnáms í fleiri eignum. Virði hinna fjárnumdu eigna hafi að engu leyti verið umfram þá skuld, sem tryggja átti, og hafi sóknaraðili ekki reynt að sýna fram á annað. Um hin fjárnumdu verslunaráhöld hafi það og átt við, að auðvelt væri fyrir sóknaraðila að útvega annan búnað í þeirra stað.

Fram er komið í málinu, að efri og neðri hæð húseignarinnar að Hringbraut 92 voru seldar á nauðungaruppboðum 27. nóvember 1991, og var fjárnámskrafa sóknaraðila fjarri því að hljóta þar fullnustu. Þá er og upplýst, að sóknaraðili seldi verslun sína 1. október 1991 félaginu Iðuvöllum 14 B hf.

Í máli þessu hefur sóknaraðili ekki lagt fram gögn um virði þeirra eigna, sem fjárnámi var lýst í við hina kærðu fjárnámsgerð. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hinir fjárnumdu lausafjármunir væru

svo ómissandi fyrir atvinnu sína, að brýnt væri að sneiða hjá þeim við gerðina. Ekki verður heldur séð, að hann hafi reynt að koma málstað sínum á framfæri með því að leita endurupptöku á gerðinni, sbr. 52. gr. laga nr. 19/1887. Þegar litið er til þessa og til fyrrgreindra upplýsinga verður sóknaraðili ekki talinn hafa leitt líkur að því, að hlutur hans við gerðina hafi verið fyrir borð borinn með neinum hætti, er varði ógildingu hennar. Ber því að staðfesta gerðina, eins og varnaraðili hefur krafist.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Jónas Ragnarsson, greiði varnaraðila, Goða hf., 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 4. nóvember 1992.

Nr. 398/1990. **Haraldur Gunnarsson**
gegn
Óskari Kristjánssyni.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Uppboðsheimild. Tryggingarbréf. Víxilréttur. Fyrning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. október 1990. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Líta verður svo á, að krafa um nauðungaruppboð jafngildi lögsókn í skilningi 71. gr. víxillaga nr. 93/1933, þá er hún berst uppboðshaldara, sbr. 11. og 12. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Eins og það tryggingarbréf, sem um ræðir í málinu og lýst er í hinum kærða úrskurði, er úr garði gert, telst það vera fullnægjandi uppboðsheimild samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 um veð, sbr. 39. gr. lögræðislaga nr. 68/1984.

Með þessum athugasemdum verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest um annað en málskostnað.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Haraldur Gunnarsson, greiði varnaraðila, Óskari Kristjánssyni, 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Hinn kærði úrskurður gekk 18. október 1990.

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. laga nr. 33/1933 um víxla fyrnast kröfur víxilhafa á hendur samþykkjanda á þremur árum frá gjalddaga. Í 71. gr. víxillaga er tæmandi talið, með hverjum hætti fyrningu víxilréttar verði slitið. Víxilmál var ekki höfðað til heimtu víxilfjárhæðarinnar, og ekkert annarra þeirra tilvika, sem lagaákvæði þessi tilgreina, eiga hér við. Krafa að víxilrétti á hendur samþykkjanda var því fallin niður vegna fyrningar 25. ágúst 1990, og átti varnaraðili eftir það ekki kröfu að víxilrétti á hendur sóknaraðila. Ég tel, að ákvæði um 11. og 12. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda verði ekki beitt með lögjöfnun um sérákvæði víxillaga.

Tryggingarbréf það, sem varnaraðili byggir á kröfu sína um uppboð án undanfarins dóms og aðfarar, er til tryggingar ótilteknum kröfum, þótt þar sé einnig um að ræða kröfu samkvæmt víxli þeim, sem fjallað er um í máli þessu. Ég tel tryggingarbréfið ekki veita heimild til nauðungaruppboðs samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 um veð, sbr. ákvæði 39. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Ég tel því, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi og hafna kröfu varnaraðila um nauðungaruppboð.

Úrskurður uppboðsréttar Seltjarnarness 18. október 1990.

Sóknaraðili í máli þessu er Haraldur Gunnarsson, kt. 140459-4379, Melabraut 33 (áður nr. 71), Seltjarnarnesi, en varnaraðili er Óskar Kristjánsson, kt. 300721-2499, Ægisíðu 105, Reykjavík.

Málið er þingfest 1. október sl. með framlagningu grg. sóknaraðila, en varnaraðili lagði fram grg. sína 4. okt. sl. Munnlegur málflutningur fór fram í gær, og var málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

Sóknaraðili krefst þess, að fyrirhugað nauðungaruppboð á fasteign sinni, Melabraut 33 (áður Melabraut 71), Seltjarnarnesi, nái ekki fram að ganga,

að veðréttur, sem fylgir uppboðskröfu varnaraðila, verði framseldur sér og að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði með öllu hafnað og að uppboð á fasteigninni Melabraut 33, Seltjarnarnesi, nái fram að ganga. Hann krefst þess einnig, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri hann dráttarvexti skv. lögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar. Enn fremur krefst varnaraðili þess með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 54/1988, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér álag á málskostnað.

Með uppboðsbeiðni, dags. 5. maí 1987, beiddist Ólafur Axelsson hrl. þess f. h. Ríkisútvarpsins, að haldið yrði opinbert nauðungaruppboð á framangreindri fasteign. Virðist uppboðsmál skv. beiðni þessari hafa verið þingfest 11. sept. 1987, en skjöl þess hefur uppboðshaldari ekki undir höndum, og ekki er vitað um lok þess annað en það, að nýtt uppboðsmál er byrjað á grundvelli sömu beiðni, auglýst í 145., 148. og 156. tbl. Lögbirtingablaðs 1988 og þingfest 27. janúar 1989. Fleiri uppboðsbeiðnir bárust frá samtals fimm aðilum. Þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni átti að fara fram 4. júlí 1989. Þá var bókað í uppboðsbók: „Uppboðsþoli mótmælir því, að uppboðið fari fram, þar sem hann hafi ekki fengið senda tilk. um þetta þriðja og síðasta uppboð og fékk ekki vitneskju um það fyrr en fyrir nokkrum dögum og vissi þá ekki, að um þriðja og síðasta uppboð væri að ræða. Fer hann fram á það við uppboðsbeiðendur, að þeir afturkalli uppboðsbeiðnir sínar. Uppboðsbeiðendur lýsa nú yfir, að þeir afturkalli uppboðsbeiðnir sínar." Þannig lauk því uppboðsmáli, án þess að uppboðsbeiðendur fengju nokkuð greitt upp í kröfur sínar. Þeir endurnýjuðu síðan uppboðsbeiðnir sínar, og var án tafar hafið enn nýtt uppboðsmál. Það var auglýst í 121., 127. og 133. tbl. Lögbirtingablaðs 1989 og þingfest 10. nóvember það ár. Fyrri sala fór fram 31. janúar 1990, og var þá ákveðið annað og síðara uppboð 1. mars 1990, en þá var því frestað til 14. maí 1990. Á því uppboðsþingi lagði lögmaður uppboðsþola, þ. e. sóknaraðili þessa máls, fram tékka, að fjárhæð 1.250.000 kr., út gefinn 17. nóv. 1987 af varnaraðila, Óskari Kristjánssyni, f. h. Laugaveitinga hf. og framseldan af honum persónulega. Var þess krafist af sóknaraðila, að tékkafjárhæðinni væri skuldajafnað móti uppboðskröfu varnaraðila. Af hálfu varnaraðila var kröfunni um skuldajöfnuð mótmælt. Var rekið sérstakt uppboðsréttarmál um þann ágreining, sem lauk með því, að málið var hafið með samkomulagi aðila 28. júní 1990. Í kjölfar þess var ákveðið, að annað og síðara uppboð á fasteigninni skyldi fara fram 1. október sl. Á uppboðsþinginu þá komu fram þau mótmæli sóknaraðila, sem þetta mál snýst um.

Með beiðni, dags. 28. október 1988, beiddist varnaraðili nauðungaruppboðs á fasteigninni Melabraut 33 (áður nr. 71), Seltjarnarnesi. Eftir afturköllunina 4. júlí 1989 endurnýjaði hann uppboðsbeiðni sína án tafar. Heimild hans til að beiðast nauðungaruppboðs á fasteigninni er í tryggingarbréfi, út gefnu 24. febrúar 1987 af sóknaraðila og samþykktu af þáverandi þinglýstum eiganda 89,34% eignar, Hansínu Þórarinsdóttur. Í bréfinu lýsir útgefandi yfir því, að hann veðsetji handhafa þess með sjötta veðrétti fasteignina Melabraut 71, Seltjarnarnesi. (Þinglýsingardómari bætir inn í texta bréfsins: „89,34% eignar".) Veðsetningin er til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á víxilskuldum útgefanda við handhafa bréfsins, „sem er skuld, að fjárhæð krónur ein milljón (kr. 1.000.000), samkvæmt neðangreindum víxli, að fjárhæð ein milljón, með gjalddaga 24. ágúst 1987. Samþykkjandi er Bragi Ólafsson, nnr. 1409-3311, Melabraut 71, Seltjarnarnesi. Útgefandi er Óskar Kristjánsson, nnr. 6934-9838, Ægisíðu 105, Reykjavík". Nánari ákvæði eru í bréfinu um vexti og kostnað. Í bréfinu eru og ágreiningslaus ákvæði um, að handhafa sé heimilt að láta selja veðið á opinberu uppboði án dóms og aðfarar, ef skuldin fellur í gjalddaga af nánar tilgreindum ástæðum.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um það, að tryggingarbréfið hafi verið gild uppboðsheimild. En sóknaraðili heldur því fram, að svo sé ekki lengur. Kröfur sínar reisir hann á því, að krafan, sem tryggingarbréfið átti að tryggja, sé fyrnd. Víxillinn, sem tryggingarbréfið átti að tryggja greiðslu á, sé með gjalddaga 24. ágúst 1987. Hinn 24. ágúst sl. hafi víxilkrafan skv. honum á hendur samþykkjanda fyrnst, sbr. 70. gr. víxillaga nr. 93/1933. Engar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu varnaraðila til að rjúfa fyrningarfrest fyrir þann tíma, sbr. 71. gr. sömu laga. Sóknaraðili heldur því fram, að með orðinu víxilmál í upphafi 71. gr. víxillaga sé eingöngu átt við mál, sem rekið er fyrir almennum dómstóli skv. ákvæðum víxillaga og 17. kafla laga nr. 85/1936.

Því er jafnframt haldið fram af hálfu sóknaraðila, að engin skuld standi að baki víxlinum. Þessu hafi sóknaraðili ávallt haldið fram. Þegar víxilkrafan sé fyrnd og að baki víxlinum sé ekki krafa, sé tryggingarbréfið ekki lengur uppboðsheimild. Vilji varnaraðili halda öðru fram, verði hann að sanna, að krafa sé að baki víxlinum, og það geti hann ekki gert öðruvísi en fá dóm fyrir kröfunni.

Varnaraðili mótmælir því, að engin skuld standi að baki víxlinum. Hann sé einn sér nægileg skuldaviðurkenning. Hann andmælir því einnig, að víxillinn sé fyrndur. Hann hafi þvert á móti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að slíta fyrningarfresti. Vísar hann í því sambandi til 12. gr. laga um fyrning nr. 14/1905 og einnig til 71. gr. víxillaga. Telur hann, að orðið víxilmál í upphafi þeirrar greinar hljóti að taka til uppboðsmáls sem þessa.

Telur hann, að 71. gr. verði að skýra með hliðsjón af aðalreglu 11. og 12. gr. fyrningarlaga, og vísar í því sambandi til Hrd. 1969, 131.

Varnaraðili heldur því fram, að krafan, sem tryggingarbréfið átti að tryggja, sé ófyrnd, jafnvel þótt víxilrétturinn á hendur samþykkjanda væri fyrndur, og tryggingarbréfið sé nægileg uppboðsheimild. Þessu til stuðnings vitnar hann til Hrd. 1969, 225.

Þá mótmælir varnaraðili þeirri kröfu sóknaraðila, að hann fái veðréttinn, sem uppboðskröfunni fylgir, framseldan til sín, enda sé sú krafa með öllu órökstudd.

Samkvæmt texta tryggingarbréfsins er það út gefið til tryggingar tiltekinni víxilskuld. Á það ber að fallast með sóknaraðila, að tryggingarbréfið sé ekki uppboðsheimild, ef víxilrétturinn er fyrndur og sóknaraðili (uppboðsþoli) mótmælir fjárkröfunni, nema því aðeins, að varnaraðili (uppboðsbeiðandi) hafi áður sannað kröfuna fyrir dómi. Úrslit þessa máls velta þess vegna á því, hvort víxillinn er fyrndur.

Í lögum nr. 14/1905 er að finna almenn ákvæði um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Í 11. gr. þeirra laga eru ákvæði um, að byrjuð sókn kröfu fyrir almennum dómstóli slíti fyrningu. Í 12. gr. segir: „Þar sem lögtak eða fjárnám má gera án undanfarins dóms eða sáttar, er krafan sótt í tæka tíð, þegar fjárnámið eða lögtaksgerðin eða nauðungaruppboðið, - þar sem ganga má fram hjá fjárnámi, - er byrjað, áður en fyrningarfrestur er liðinn." Í 70. og 71. gr. víxillaga nr. 93/1933, eru sérákvæði um fyrningu krafna samkvæmt víxli. Skv. 1. mgr. 70. gr. fyrnast allar kröfur samkvæmt víxli á hendur samþykkjanda á þremur árum frá gjalddaga. Í upphafi 71. gr. segir: „Fyrningu víxils er slitið, er stefna er birt í víxilmáli, ..., víxilkröfunni lýst í bú skuldunauts, sem tekið hefir verið til opinberra skipta..." Í greininni er ekki tekið fram berum orðum, að byrjað nauðungaruppboð slíti fyrningu. Tilvitnað ákvæði í upphafi 71. gr. er efnislega samhljóða ákvæði 80. gr. eldri víxillaga nr. 1/1882, en þar segir: „Fyrning víxils stöðvast, ef stefna er birt eða sagt til víxilkröfunnar í bú skuldunauts, ef það hefir verið tekið til opinberra skipta, ..." Í grg. með l. nr. 1/1882 segir um 80 gr., að samkvæmt henni verði „fyrning rofin með málsókn".

Ákvæði 1. mgr. 71. gr. víxillaga eiga við um þann ágreining, sem hér verður skorið úr. Sérákvæði þessi ber að skýra með hliðsjón af aðalreglunni í 11. og 12. gr. fyrningarlaga, þeirri, að byrjuð málsókn slíti fyrningu. Að áliti réttarins merkir orðið *víxilmál* í upphafi 71. gr. víxillaga ekki einungis mál, sem höfðað er fyrir almenna dómstólnum til sóknar víxilkröfu, heldur getur það tekið til málsóknar víxilkröfu fyrir öðrum dómstólum og þá m. a. til máls sem þessa, þar sem víxilkrafa er sótt í uppboðsmáli, sem reka má án undangengins fjárnáms, dóms eða sáttar. Þykir skýring þessi hafa

nokkurn stuðning af sögu ákvæðis 71. gr. víxillaga, einkum orðalagi grg. með frv. til 80. gr. laga nr. 1/1882.

Samkvæmt framanrituðu er víxillinn, sem í máli þessu er um deilt, ekki fyrndur. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila, en verða við kröfu varnaraðila um, að uppboð fari fram.

Varnaraðili hefur gert þá kröfu, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér álag á málskostnað, sbr. 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 54/1988. Í málflutningi lét lögmaður varnaraðila að því liggja, að aðgerðir sóknaraðila miðuðu að því að tefja framgang uppboðsmálsins. Þessi krafa varnaraðila þykir ekki alveg nægilega rökstudd.

Úrskurða ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, sem ákveðst 55.000 kr., auk virðisaukaskatts. Beri fjárhæð þessi dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa, sbr. lög nr. 25/1987.

Gísli Gíslason hdl. flutti mál þetta fyrir sóknaraðila, en Þorsteinn Einarsson hdl. fyrir varnaraðila.

Úrskurðarorð:

Umbeðið uppboð á fasteigninni Melabraut 33, Seltjarnarnesi, skal fara fram.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 55.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts. Beri fjárhæð þessi dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa skv. lögum nr. 25/1987.

Úrskurði þessum ber að framfylgja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. nóvember 1992.

Nr. 401/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Hilmari Þór Arnarsyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákæruvaldið skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 28. október sl., sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er af hálfu ákærða krafist kærumálskostnaðar.

Ákæruvaldið krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði, sem kveðinn var upp í héraðsdómi Reykjavíkur 24. ágúst 1992, var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 16. september sl. fyrir brot, sem lýst er í hinum kærða úrskurði. Samkvæmt úrskurði, upp kveðnum þann dag, var gæsluvarðhald varnaraðila framlengt til 28. október sl.

Í fyrrnefnda úrskurðinum er málsatvikum lýst svo:

„Kærði er grunaður um að hafa aðfaranótt 23. ágúst sl. ráðist á X á heimili hennar og þröngvað henni til kynferðismaka. Kærði hefur viðurkennt að hafa tekið X með valdi, rifið af henni fötin, slegið hana með flötum lófa í andlitið og víða um líkamann með belti. Einnig hefur kærði viðurkennt að hafa farið höndum um hana. Kærði hefur hins vegar ekki viðurkennt að hafa haft við hana samfarir."

X gekkst samdægurs undir læknisskoðun hjá Arnari Haukssyni kvensjúkdómalækni. Í ýtarlegu vottorði hans, dagsettu 23. ágúst, er meðal annars svofelld áverkalýsing:

„Hún sýnir ytri merki um áverka, verulega bólgin og marin í andliti eftir högg og löðrunga, sömuleiðis á hálsi bæði framan og aftan og gæti verið að hluta eftir þéttingsfast tak um háls. Þá eru smáhúðblæðingar um og við vi. gagnauga og eyra. För aftan á baki gætu stutt sögu um, að brjóstahaldari hafi verið slitinn af henni.

Sömuleiðis er hún með e-s konar svipuför á skrokk, sem koma heim við sögu um barsmíð með ól/belti... Það finnst ekki með vissu sæði við smásjárskoðun og ekki áverkar við kynfæri...“

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 27. október 1992.

Af hálfu ríkissaksóknara hefur í dag verið gerð sú krafa fyrir dóminum, að Hilmari Þór Arnarsyni, kt. 030571-3479, Skeljagranda 4, Reykjavík, sem sætir nú gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 28. þ. m. kl. 16, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, allt þar til dómur gengur í málinu, en þó eigi lengur en til 28. desember nk. kl. 16.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að fram kominni kröfu verði hafnað, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður u. þ. b. helmingi styttri tími en krafist er.

Ákærða hefur nú í dag verið birt ákæra ríkissaksóknara, dags. 26. okt. 1992, fyrir eignaspjöll, fyrir brot gegn valdstjórninni og fyrir nauðgun. Eru brotin talin varða við 1. mgr. 257. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 106. gr. alm. hegningarlaga., sbr. 11. gr. 1. nr. 101/1976 og 1. mgr. 194. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 2. gr. 1. nr. 40/1992.

Ákæran er studd ýtarlegum rannsóknargögnum og mun innan skamms koma til dómsmeðferðar. Þykja skilyrði 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991 vera fyrir hendi, og verður fallist á kröfu ákærandans um framlengingu gæsluvarðhalds ákærða, allt þar til dómur gengur í málinu, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. desember nk. kl. 16.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Hilmar Þór Arnarson, skal sæta gæsluvarðhaldi, allt þar til dómur gengur í málinu, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. desember nk. kl. 16.

Fimmtudaginn 5. nóvember 1992.

Nr. 132/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurði Þór Sigurðssyni
Jón Magnússon hrl.).

Þjófnaður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu ákærða.

Verjandi ákærða hefur við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafist þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur. Reisir hann þá kröfu á því, að meðferð málsins fyrir sakadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hafi verið ábótavant. Vitnið Daníel Jónsson hafi ekki komið fyrir dóm, en vísað sé til framburðar þess hjá lögreglu í hinum áfrýjaða dómi. Sé þetta andstætt 75. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Þá hafi ákærða ekki verið kynnt öll skjöl málsins, áður en það var tekið til dóms, sbr. 78. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómara hefði verið rétt að kalla Daníel Jónsson fyrir dóm sem vitni. Af bókun í þinghöldum verður ekki ráðið, að ákærða hafi verið kynnt önnur gögn málsins en ákæra. Þessir annmarkar á meðferð málsins eru aðfinnsluverðir, en þykja ekki eiga að valda ómerkingu hins áfrýjaða dóms og málsmeðferðar, enda er ljóst, að þeir hafa ekki valdið ákærða réttarspjöllum.

Ákærði hefur viðurkennt afdráttarlaust fyrir dómi að hafa tekið gúmbát úr mb. Stapatindi í ágúst 1991, og hafi hann afhent hann Daníel Jónssyni, sem áður hafi verið að kvarta yfir því við ákærða, að sig vantaði gúmbát. Jafnframt viðurkenndi ákærði, að til tals hefði komið, að Daníel greiddi sér fyrir bátinn. Með framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi framið verknað þann, sem hann er ákærður fyrir, og

er hann réttilega heimfærður í héraðsdómi til 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi fangelsi í 2 mánuði.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, og dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 26. nóvember 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 26. nóvember, er á dómþingi sakadóms Snæfellsness- og Hnappadalssýslu / Ólafsvíkur kveðinn upp dómur þessi af Margréti Heinreksdóttur, settum héraðsdómara, í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Sigurði Þór Sigurðssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. nóvember sl., var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 9. 10. 1991:

„..... á hendur Sigurði Þór Sigurðssyni, Hellisbraut 9, Hellissandi, fæddum 19. desember 1952, fæðingarnúmer 543, fyrir þjófnað með því að hafa í ágúst 1991 stolið gúmmíbát úr mb. Stapatindi, SH - 17, á hafnarsvæðinu í Rifi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar...“

Samkvæmt sakavottorði, dags. 26. september 1991, hefur ákærði á árabilinu 1969 til 1988 sætt refsingum 29 sinnum skv. 17 dómum og 12 sáttum. Þar af eru eftirfarandi fimm dómar vegna brota á 244. gr., 244. gr., sbr. 20. gr. og 245. gr. [þrír dómar frá árinu 1977, einn frá 1978 og einn frá 1985].

Niðurstaða

Ákærði, sem er sakhæfur, hefur frá upphafi rannsóknar játað brot þetta. Þar sem játning hans er í samræmi við gögn málsins svo og framburð Ásbjörns Óttarssonar og Daníels Jónssonar, verður að teljast fullsannað, að

ákærði hafi gerst sekur um brot það, er í ákæru greinir, og því unnið sér til refsingar skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þar sem liðin eru meira en fimm ár, frá því að ákærði sætti síðast refsingu fyrir brot sama eðlis, verður ekki talið, að það hafi ítrekunaráhrif á brot það, er hér um ræðir. Við ákvörðun refsingar þykir hins vegar verða að hafa sakaferil ákærða í heild til hliðsjónar, sbr. 72. gr. og 255. gr. alm. hgl. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Ákærði greiði sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Þ. Sigurðsson, kt. 191252-5439, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað.

Fimmtudaginn 5. nóvember 1992.

Nr. 191/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ólafi Sævarssyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Þjófnaður. Hylming.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1992 að ósk ákærða, sem krefst sýknu af 2. tölulið 1. kafla ákæru, en að öðru leyti vægustu refsingar, sem lög leyfa. Af ákæruvalds hálfu er áfrýjað „til staðfestingar á sakfellingu og skilorðsrofi reynslulausnar, en jafnframt þyngingar á refsingu".

Meðákærðu í héraði una héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er ákærða, Ólaf Sævarsson, varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. mars 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 31. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 160-163/1992: Ákæruvaldið gegn X, Ólafi Sævarssyni, Y og Z, sem dómtekið var 27. sama mánaðar.

Málið er annars vegar höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. febrúar 1992, á hendur ákærðu, X, Ólafi Sævarssyni, Hábergi 5, fæddum 1. október 1965, fæðingarnúmer 449, Y og Z, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í júlí 1991:

I. Ákærðu X, Ólafi og Z er gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt mánudagsins 22. júlí brotist í félagi inn í Ofnasmiðju Kópavogs, Smárahvammi 200, Kópavogi, og stolið 112.637 krónum í tékkum, 5.400 krónum í reiðufé og tveimur tékkheftum frá Breiðholtsútibúi Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Í framhaldi af ofangreindum þjófnaði fengið ákærða Y til að selja tékka, sem hann gaf út í eigin nafni á eyðublöð úr öðru tékkhefti, sem þeir komust yfir samkvæmt ákærulið I, og þegið allt að 60.000 kr. af andvirðinu, þrátt fyrir það að þeir vissu, að hann ætti ekki innstæðu fyrir andvirði tékkanna.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

— — —

Málavextir.

I.

Ákærðu X, Ólafur og Y hafa allir viðurkennt að hafa brotist inn í Ofnasmiðju Kópavogs við Smárahvamm og stolið þeim verðmætum, sem í ákæru segir. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærðu X, Ólafur og Y hafa viðurkennt að hafa þegið peninga og sígarettur af meðákærða Z, enda þótt þeir vissu, að þetta væri fengið með útgáfu innstæðulausra tékka, sbr. III. kafla hér á eftir. Telur X þetta hafa verið um 30.000 krónur í peningum og ef til vill annað eins í sígarettum. Y telur þetta hafa getað verið 40-50.000 krónur í peningum og sígarettum, en Ólafur um 60.000 krónur. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og ákæru er háttað, kemur ekki til álita, hvort ákærðu hafi gerst sekir um önnur brot.

— — —

Ákærði Ólafur, sem hlaut ákærufrestun í maí 1983 fyrir þjófnað, hefur til þessa hlotið þrjá refsidóma fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Þá hefur hann verið sektaður fimm sinnum fyrir ýmisleg brot.

Ákærða var veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár í september 1990 undan 195 daga fangelsisrefsingu. Hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnarinnar, sem nú ber að dæma upp samkvæmt 42. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsingin þannig hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði.

— — —

Dæma ber ákærða Ólaf til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun og ákærða Y til þess að greiða verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt.

Dómsorð:

— — —

Ákærði Ólafur Sævarsson sæti fangelsi í tíu mánuði.

— — —

Ákærði Ólafur greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun og ákærði Y verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt.

Fimmtudaginn 5. nóvember 1992.

Nr. 361/1992. **Björn Ingvarsson**

gegn

Þóru Björk Kristinsdóttur,
Dagrúnu Kristjánsdóttur,
Laufeyju Kristjánsdóttur,
Theodóri Kristjánssyni,
Baldri H. Kristjánssyni,
Svövu Kristjánsdóttur,
Bjartmari Kristjánssyni,
Valgarði Kristjánssyni,
Hrund Kristjánsdóttur,
Friðriki Kristjánssyni,
Silviu Florens Simpson,
Roy Herluf Holm,
Robert L. K. Holm og
Osvald Kristjáni Holm.

Kærumál. Erfðaskrá. Búskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili kærði 19. ágúst sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 30. júní sl. Um kæruheimild vísar hann til 2. mgr. 153. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Hann kveðst hafa fengið vitneskju um úrskurðinn 6. ágúst. Sóknaraðili krefst þess, að helmingur allra eigna Jónínu Björnsdóttur og Benjamíns Kristjánssonar falli til sín, þó ekki handrit, bréf og ræður. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi annarra varnaraðila en Þóru Bjarkar Kristinsdóttur.

Bjartmar Kristjánsson gerir ekki kröfur í málinu.

Varnaraðilinn Þóra Björk Kristinsdóttir krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að í sinn hlut komi þriðjungur eigna Jónínu og Benjamíns að frátöldum handritum, bréfum og ræðum.

Af hálfu annarra varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Mál þetta var munnlega flutt.

Fallast ber á það með skiptaráðanda, að með erfðaskránni frá 14. júlí 1961 hafi þau Benjamín og Jónína nýtt sér ákvæði 34. gr., sbr. 35. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og arfleitt það, sem lengur lifði, að 1/3 hluta búshluta síns.

Þá ber og að fallast á það með skiptaráðanda, að skýra skuli erfðaskrána þannig, að Þóra Björk taki helming arfs eftir Benjamín heitinn.

Eftir lát Jónínu 9. desember 1977 fóru ekki fram skipti. Ekki óskaði Benjamín þó leyfis til setu í óskiptu búi, en sýnist hafa haft umráð eignanna með sama hætti og verið hefði, ef hann hefði fengið slíkt leyfi, allt þar til hann andaðist 3. apríl 1987. Í lögum er ekki að finna ákvæði um, hvernig með skuli fara, ef búskipti fara ekki fram og langur tími líður. Í H. 1980, 833, stóð svo á, að kona lést 1949, en ekkillinn sat í búinu eftir það án búsetuleyfis. Talið var í dóminum, að fara yrði með búið, eftir að opinberra skipta hafði verið krafist, eins og ekkillinn hafði setið í óskiptu búi eftir lát konunnar. Skyldi skrifa upp eignir og skuldir, eins og búið var þá, og miða skiptin við þá gerð. Í málinu, sem nú er til úrlausnar, liðu tæp 10 ár, án þess að skipt væri eða búsetuleyfis óskað. Í erfðaskránni frá 1961 er mælt fyrir um arf til þess hjónanna, sem lengur lifði, og til fósturdóttur þeirra, varnaraðilans Þóru Bjarkar, en ekki er vikið að öðrum. Þegar alls þessa er gætt, þykir eiga að beita 2. mgr. 19. gr. erfðalaga við skiptin.

Ágreiningslaust er með aðilum, að miða beri skiptin við eignir þær, sem fram komu við lát Benjamíns.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar kemur helmingur eignanna og að auki sem bréfarfur þriðjungur hins helmingsins í hlut erfingja Benjamíns.

Ber því að skipta þannig, að sóknaraðilinn Björn Ingvarsson hljóti 1/3 hluta eignanna. Til erfingja Benjamíns heitins renni 2/3 hlutar. Af þeim hluta renni helmingur til Þóru Bjarkar, þ. e. þriðjungur eignanna, en þriðjungur falli til annarra erfingja Benjamíns eftir reglu 3. mgr. 3. gr. erfðalaga, en ekki er ágreiningur milli þeirra innbyrðis.

Málskostnaður í héraði fellur niður.
Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Eignum Jónínu Björnsdóttur og Benjamíns Kristjánssonar skal, að frátöldum handritum, bréfum og ræðum, skipt þannig:

Sóknaraðili, Björn Ingvarsson, hljóti 1/3 hluta eignanna.

Varnaraðilinn Þóra Björk Kristinsdóttir hljóti 1/3 hluta eignanna.

Lögerfingjar Benjamíns Kristjánssonar hljóti 1/3 hluta eignanna.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Péturs Kr. Hafstein.

Samkvæmt skýru orðalagi 19. gr. erfðalaga nr. 8/1962 er leyfi til setu í óskiptu búi forsenda þess, að 2. mgr. verði beitt við búskipti eftir lát langlífari maka. Atvik málsins geta að okkar dómi ekki réttlætt það, að þessu ákvæði verði nú beitt með þeim hætti, sem meiri hluti dómenda telur rétt.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann og láta kærumálskostnað falla niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 30. júní 1992.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 25. júní 1992.

Tildrög málsins og málavextir eru eftirfarandi:

Hjónin séra Benjamín Kristjánsson og frú Jónína Björnsdóttir gengu í hjónaband á árinu 1928. Þá átti Jónína fyrir ellefu ára son, Björn Ingvarsson, einn aðila máls þessa. Ólst hann að mestu leyti upp á heimili þeirra hjóna upp frá því. Benjamín og Jónína eignuðust ekki börn saman, en áttu

eina fósturdóttur, sem þau ólu upp frá ungaaldri til fullorðinsára, Þóru Björk Kristinsdóttur, sóknaraðila máls þessa.

Varnaraðilarnir Dagrún, Laufey, Theodór, Svava, Baldur, Valgarður, Hrund og Friðrik eru systkini Benjamíns, en Silvia, Osvald, Roy og Robert eru börn látinnar systur hans. Börn Bjartmars, bróður Benjamíns, sem er látinn, eru ekki aðilar að málinu.

Hinn 14. júlí 1961 gerðu þau Jónína og Benjamín erfðaskrá, og þykir rétt að taka hana hér orðrétt upp:

„Við undirrituð hjón, ég, Benjamín Kristjánsson prestur, nú til heimilis að Syðra-Laugalandi, sem á engan lífserfingja, og ég, Jónína Björnsdóttir, sama stað, sem á einn son, Björn Ingvarsson lögreglustjóra, nú til heimilis að Sunnuvegi 11, Hafnarfirði, gerum hér með svohljóðandi

ARFLEIÐSLUSKRÁ:

1. Hvort okkar, sem lengur lifir, skal taka arf eftir það, sem andast fyrr, eins og framast er heimilað í lögum, með þeim undantekningum, sem á eftir getur.

2. Ég, Benjamín Kristjánsson, arfleiði Landsbókasafnið í Reykjavík að öllum handritum mínum, sem nýtileg kunna að þykja, þar með bréfasöfnum og ræðum. Einnig áskil ég mér rétt til að ráðstafa bókasafni mínu á sérstakan hátt, ef mér sýnist svo. En hafi ég ekki gert það, áður en ég andast, skal helmingur eigna minna renna til Þóru Bjarkar Kristinsdóttur, nú til heimilis að Kirkjubraut 2, Akranesi, fósturdóttur okkar.

3. Þessi erfðaskrá bindur þó á engan hátt hendur okkar að gefa gjafir úr búi okkar, meðan við erum bæði lifs.

Akureyri, 14. júlí 1961.
Jónína Björnsdóttir (sign.),
Benjamín Kristjánsson (sign.).“

Erfðaskráin er notarialvottuð, og þykir ekki ástæða til að taka vottorðið hér upp, þar sem ágreiningslaust er í málinu, að formlega hafi verið rétt að erfðaskránni staðið.

Fyrr á árinu 1961, þ. e. 23. maí það ár, hafði Benjamín einn gert erfðaskrá, þar sem voru ákvæði um ráðstöfun eigna hans eftir hans dag í því tilfelli, að hann andaðist á undan konu sinni. Erfðaskrá þessi er óvottuð, og hefur því ekki verið haldið fram, að leggja eigi hana til grundvallar skiptum eftir hann. Rétt er þó, að fram komi, að í erfðaskrá þessari var sonum sóknaraðila, Þorgeiri og Benjamín Jósefssonum, ætlað að erfa bókasafn Benjamíns og að Jónína, kona hans, átti að erfa hann að öðru leyti að frátöldum handritum, bréfasöfnum og ræðum, sem ráðstafað var til Landsbókasafns.

Jónína Björnsdóttir lést 9. desember 1977. Ekki var neitt aðhafst um skipti á dánarbúi hennar, en Benjamín sat að eignum dánar- og félagsbús þeirra óskiptum. Benjamín lést síðan 3. apríl 1987, og var á árinu 1988 óskað eftir opinberum skiptum á dánar- og félagsbúi hjónanna. Síðasta sameiginlegt heimili þeirra var að Glaðheimum 18, Reykjavík, og þar bjó Benjamín eftir lát Jónínu allt til dauðadags.

Lögð hafa verið fram í málinu endurrit allra þinghalda í hinni opinberu skiptameðferð dánarbúsins. Fram kemur, að skrifaður hefur verið upp kaupsamningur, þar sem seld var íbúð dánarbúsins að Glaðheimum 18, og að enn fremur voru skrifaðar upp bækur, sem voru geymdar annars vegar að Hátúni 8, Reykjavík, og hins vegar á Akranesi.

Handrit, bréfasöfn og ræður hafa verið afhent Landsbókasafni í samræmi við 2. gr. erfðaskrárinnar frá 14. júlí 1961, og var ekki ágreiningur um það atriði.

Fljótlega eftir að búið var tekið til opinberra skipta, varð ljóst, að ágreiningur var um túlkun erfðaskrárinnar og framkvæmd skiptanna. Það var þó ekki fyrr en í þinghaldi 9. mars 1992, að ákvörðun lá fyrir af hálfu sóknaraðila að sækja rétt sinn samkvæmt erfðaskránni í sérstöku skiptaréttarmáli. Í endurriti þess þinghalds kemur fram, að af hálfu sóknaraðila yrði erfðaskráin vefengd, en þar var um misskilning að ræða, eins og ljóst má vera. Af hálfu varnaraðilans Björns Ingvarssonar var ekki ákveðið að taka til varna í málinu, fyrr en fyrir lá greinargerð varnaraðilanna Dagrúnar Kristjánsdóttur o. fl., og var honum því skipað meðal varnaraðila í máli þessu. Aðilar voru á einu máli um að láta skera úr þeim ágreiningi, sem hér er til umfjöllunar, í einu skiptaréttarmáli.

Kröfur aðila eru þessar:

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að helmingur eigna Benjamíns Kristjánssonar skuli falla til sín. Hún krefst málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ úr hendi varnaraðilanna Dagrúnar Kristjánsdóttur o. fl., en gerir ekki kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðilans Björns Ingvarssonar.

Varnaraðilarnir Dagrún Kristjánsdóttir o. fl., þ. e. lögerfingjar Benjamíns, gera eftirfarandi kröfur: Aðalkrafa þeirra er, að viðurkennt verði, að Benjamín Kristjánsson hafi ráðstafað bókasafni sínu í lifanda lífi og að 7/9 hlutar eigna í dánarbúi hans og Jónínu Björnsdóttur skuli falla til þeirra.

Fyrsta varakrafa er, að staðfest verði, að 7/18 hlutar eigna í búinu falli til þeirra, og verði þá bókasafn Benjamíns talið meðal eigna búsins.

Önnur varakrafa er, að viðurkennt verði, að Benjamín hafi ráðstafað bókasafninu í lifanda lífi og að helmingur eigna búsins falli til þeirra.

Þriðja varakrafa er, að staðfest verði, að 1/4 hluti eigna í búinu falli til þeirra, og verði þá bókasafn Benjamíns talið meðal eigna búsins.

Krafist er málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðilinn Björn Ingvarsson gerir þær kröfur, að helmingur eigna dánarbús Jónínu og Benjamíns falli til sín. Hann krefst einnig málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi varnaraðilanna Dagrúnar Kristjánsdóttur o. fl.

Allir aðilar viðurkenna, að handrit, bréfasöfn og ræður falli til Landsbókasafns Íslands.

Sáttaumleitanir dómarans voru án árangurs.

Við flutning málsins kom Björn Ingvarsson fyrir réttinn og gaf aðilaskýrslu, og af hans hálfu var einnig lögð fram skrifleg aðilaskýrsla hans. Enn fremur liggur frammi skrifleg aðilaskýrsla Þóru Bjarkar Kristinsdóttur.

Málsástæður og lagarök aðila:

Tilkall sitt til arfs reisir sóknaraðili á 2. gr. erfðaskrárinnar frá 14. júlí 1961.

Af hálfu hennar er byggt á því, að við andlát Jónínu Björnsdóttur hafi borið að taka bú hennar til skipta, og breyti andlát Benjamíns út af fyrir sig engu þar um. Því eigi að skipta dánarbúi Jónínu eftir ákvæðum erfðaskrárinnar frá 14. júlí 1961. Þannig erfi dánarbú Benjamíns, með vísan til 35. gr. erfðalaga 8/1962, 1/3 af búshluta Jónínu samkvæmt ákvæði 1. gr. erfðaskrárinnar, en afgangi búshluta Jónínu eigi að skipta þannig, að 1/3 renni til dánarbús Benjamíns, en 2/3 til varnaraðilans Björns Ingvarssonar. Þannig eigi 5/9 hlutar af búshluta Jónínu að falla til dánarbús Benjamíns, en 4/9 hlutar af búshluta Jónínu að falla til varnaraðilans Björns Ingvarssonar. Sóknaraðili telur, að miða eigi við, að búshluti Jónínu sé helmingur af heildareignum búsins. Því eigi 2/9 hlutar heildareignarinnar að falla til Björns Ingvarssonar, en 7/9 hlutar til dánarbús Benjamíns. Krafa sóknaraðila er sú að fá helming eigna þess dánarbús, þ. e. 7/18 hluta heildareignanna.

Ef ekki verður fallist á þessi rök sóknaraðila, byggir hún til vara á því, að Benjamín hafi í raun setið í óskiptu búi eftir andlát Jónínu með þeim réttaráhrifum, að lögerfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara falli niður með vísan til 2. mgr. 19. gr. erfðalaga. Sóknaraðili byggir á, að erfðaréttur samkvæmt erfðaskrá falli hins vegar ekki niður samkvæmt 2. mgr. 19. gr., og því sé hlutur dánarbús Benjamíns helmingur af heildareignum búsins auk 1/3 hlutar af hinum helmingnum samkvæmt 1. gr. erfðaskrárinnar. Krafa sóknaraðila um helming eigna Benjamíns verði því í þessu tilviki krafa um, að í hennar hlut komi 1/3 hluti heildareignarinnar.

Samkvæmt 2. gr. erfðaskrárinnar tekur sóknaraðili aðeins arf, hafi Benjamín ekki ráðstafað bókasafni sínu fyrir andlát sitt. Sóknaraðili byggir á, að það hafi hann ekki gert. Hún bendir í fyrsta lagi á, að erfðaskrá

sú, sem Benjamín gerði 23. maí 1961, þar sem bókasafnið var ætlað sonum sóknaraðila, teljist afturkölluð með erfðaskrá þeirri, sem gerð var 14. júlí 1961. Það sé líka ljóst, að enginn dánargjafagerningur liggi fyrir um bókasafn þetta. Um það, hvort um lífsgjöf til sömu aðila hafi verið að ræða, telur sóknaraðili, að svo hafi ekki verið. Ekkert skuldbindandi gjafaloforð þess efnis hafi verið gefið, og þar að auki hafi bókasafn Benjamíns verið á heimili hans að Glaðheimum 18, þegar hann andaðist. Þar sem hér sé um lausafé að ræða, skipti afhending miklu máli, og þar sem afhending fór ekki fram fyrir andlátið, hvíli sönnunarbyrðin fyrir því, að hann hafi ráðstafað safninu með lífsgjöf, á þeim, sem því halda fram, þ. e. varnaraðilunum Dagrúnu Kristjánsdóttur o. fl. Sóknaraðili segir í skriflegri aðilaskýrslu sinni, að við andlát Benjamíns hafi bókasafnið verið á heimili hans að Glaðheimum 18 utan hluti þess, sem hafi verið í geymslu að Hátúni 8, Reykjavík. Hún kveðst hafa tekið það, sem var að Glaðheimum, í sínar vörslur eftir andlát Benjamíns í samkomulagi við Björn Ingvarsson, enda hafi þau talið, að sú ráðstöfun væri í samræmi við vilja Benjamíns. Sóknaraðili segir, að ummæli sín og eiginmanns síns á skiptafundi 6. febrúar 1990 í dánarbúi Jónínu og Benjamíns beri að skilja svo, að eftir andlát Benjamíns hafi orðið samkomulag með erfingjunum þess efnis að ráðstafa bókasafninu til sona hennar.

Varnaraðilarnir Dagrún Kristjánsdóttir o. fl., þ. e. lögerfingjar Benjamíns, reisa tilkall sitt til arfs eftir hann á 3. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Aðalkrafa þeirra er reist á því, að þar sem skipti hafi ekki farið fram eftir Jónínu og Benjamín hafi ekki fengið leyfi til setu í óskiptu búi, eigi erfingjar, sem leiða rétt sinn frá Benjamín, að erfa 7/9 hluta af heildareign dánarbús beggja hjónanna. Þetta hlutfall er reiknað út á sama hátt og útlistað er hér að ofan um kröfu sóknaraðila og verður því ekki endurtekið.

Af hálfu lögerfingja Benjamíns er tekið fram, að ekki séu skilyrði til að beita 6. gr. erfðalaga við skiptin og að bréfarf til Landsbókasafns eigi að draga frá þeim hluta, sem er til skipta handa þeim erfingjum, sem erfa Benjamín.

Af hálfu lögerfingjanna er byggt á því, að þar sem Benjamín hafi ráðstafað bókasafni sínu í lifanda lífi, eigi ekkert af eignum dánarbúsins að renna til sóknaraðila. Þeir vísa til 2. gr. erfðaskrárinnar frá 14. júlí 1961, þar sem segir, að hafi bókasafninu ekki verið ráðstafað, áður en Benjamín andast, skuli sóknaraðili erfa helming eigna hans. Bent er á ummæli, sem bókuð voru eftir sóknaraðila og eiginmanni hennar, sem er löglærður, á skiptafundi í dánarbúinu 6. febrúar 1990, þar sem þau sögðu, að Benjamín hefði ráðstafað bókasafni sínu fyrir andlát sitt til tveggja elstu sona þeirra, en þau gætu þó ekki sannað það með skriflegum hætti. Einnig hafi eigin-

maður sóknaraðila sagt á skiptafundi 5. október 1988, að Benjamín hafi fyrir andlátið ráðstafað hluta bókasafnsins.

Lögerfingjar Benjamíns telja, að vilji hans hafi ótvírætt staðið til að ráðstafa bókasafninu á þennan hátt, og komi það m. a. fram í erfðaskrá þeirri, sem gerð var 23. maí 1961. Í skriflegri aðilaskýrslu Björns Ingvarssonar komi einnig fram, að hann telji líklegt, að bókasafninu hafi verið ráðstafað á þennan hátt, þótt ekki finnist gögn þar að lútandi. Lögerfingjar Benjamíns telja rétt, að aðilaskýrsla sóknaraðila sé metin með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem hún hafi af því, að litið verði svo á, að Benjamín hafi ekki ráðstafað því fyrir andlát sitt.

Um það, hvort erfðaskráin hafi orðið annars efnis en ætlast var til, telja lögerfingjar Benjamíns slíkt vera ósannað, og þeir, sem slíku haldi fram, þurfi að sanna það. Engin haldbær gögn séu fyrir öðru en orðalag erfðaskrárinnar verði látið ráða. Aðilaskýrsla Björns Ingvarssonar geti ekki verið nægileg sönnun í ljósi þeirra hagsmuna, sem hann hefur að gæta. Þeir telja, að Björn hafi aðeins lögerfðarétt eftir Jónínu, móður sína, og honum sé ekki ætlaður bréfarfur í erfðaskránni.

Lögerfingjar Benjamíns byggja á því, að Benjamín hafi ekki setið í óskiptu búi eftir lát konu sinnar. Hann hafi ekki óskað eftir slíku leyfi, og seta hans að eignum búsins eftir andlát Jónínu hafi ekki sömu réttaráhrif og formlegt búsetuleyfi. Þeir telja, að ekkert liggi fyrir um, að Benjamín hafi talið sig sitja í óskiptu búi, og að tilvist hinnar gagnkvæmu erfðaskrár hjónanna komi í veg fyrir, að hægt sé hér að tala um ígildi búsetuleyfis.

Fyrsta varakrafa lögerfingja Benjamíns byggist á sömu rökum um það hlutfall, sem til skipta eigi að koma milli þeirra erfingja, sem leiða rétt sinn frá Benjamín, en er sett fram, ef litið verði svo á, að bókasafnið sé meðal eigna búsins og sóknaraðili verði þar með talinn erfingi að helmingi eigna Benjamíns. Þá beri sóknaraðila og lögerfingjum Benjamíns að fá hvorir sinn helming þess hlutar heildareignanna, sem falla eigi til erfingja Benjamíns, þannig, að sóknaraðili fengi 7/18 hluta heildareignarinnar, en lögerfingjar 7/18.

Önnur varakrafa þeirra byggist á, að 6. gr. erfðalaga yrði beitt við skiptin og að jafnframt yrði fallist á með þeim, að sóknaraðili hefði ekki erfðarétt samkvæmt erfðaskránni, þar sem bókasafninu hefði verið ráðstafað í lifanda lífi.

Þriðja varakrafan miðast einnig við, að 6. gr. erfðalaga verði beitt við skiptin og að fallist verði á erfðarétt sóknaraðila samkvæmt erfðaskránni, þar sem bókasafninu teldist ekki hafa verið ráðstafað í lifanda lífi.

Varnaraðilinn Björn Ingvarsson reisir kröfu sína á því, að erfðaskráin frá 14. júlí 1961 hafi ekki verið orðuð í samræmi við arfleiðsluvilja hjónanna Benjamíns og Jónínu, en með vísan til 2. mgr. 37. gr. erfðalaga eigi

að framkvæma erfðaskrár með tilliti til arfleiðsluviljans. Hann telur, að vilji hjónanna hafi verið sá, að hann og sóknaraðili erfðu allar eignir þeirra til helminga, enda hafi Benjamín litið á hann sem eigin son sinn, og jafnframt hafi sóknaraðili verið þeim hjónum sem eigin dóttir þeirra. Alveg sé ljóst, að það hafi ekki verið vilji þeirra hjóna, að eftir andlát beggja fengi hann 2/9 hluta eignanna, en 7/9 hlutar rynnu til lögerfingja Benjamíns. Erfðaskráin frá 14. júlí 1961 er að mati varnaraðilans Björns Ingvarssonar um margt ófullkomin og þarfnast því túlkunar og skýringar. Hann telur, að þau hjónin hafi álitið, að helmingur eigna þeirra rynni til sín á grundvelli skylduerfðaréttar og að í 2. gr. sé verið að ráðstafa hinum helmingnum til sóknaraðila eftir lát beggja. Hann telur því, að 1. gr. fjalli um erfðarétt hjónanna innbyrðis, en skýra eigi 2. gr. erfðaskrárinnar þannig, að verið sé að tala um bú þeirra hjóna eftir andlát beggja.

Einnig er á því byggt af hálfu varnaraðilans Björns Ingvarssonar, að þar sem Benjamín hafi í raun setið í óskiptu búi eftir lát Jónínu, eigi að beita 2. mgr. 19. gr. erfðalaga með lögjöfnun við skiptin, þannig, að lögerfðaréttur Benjamíns eftir Jónínu verði talinn niður fallinn og hann sem einkaerfingi Jónínu fengi helming eigna búsins. Rök hans fyrir því, að Benjamín hafi í raun setið í óskiptu búi, eru þau, að eftir lát Jónínu hafi hann setið að búinu, rétt eins og hann hefði búsetuleyfi. Björn var hinn eini, sem hafði hagsmuni af því, að skipt væri eftir Jónínu, en hann gerði aldrei kröfu um það, enda taldi hann það þeirra vilja, að ekki yrði skipt, fyrr en bæði væru fallin frá. Hann vísar einnig til dómafordæmis máli sínu til stuðnings og nefnir þar Hrd. 1983, 701, og dóm í Rettens gang 1983, bls. 856. Í báðum þeim dómum hafi verið fallist á að fara með bú, þar sem svona stóð á, eins og um óskipt bú væri að ræða. Af hálfu Björns Ingvarssonar er litið svo á, að erfðaskráin frá 14. júlí 1961 geti í mesta lagi orðið til þess, að 1/3 hluti af búshluta Jónínu rynni til dánarbús Benjamíns.

Niðurstaða réttarins.

Í máli þessu er deilt um, hvernig fara skuli um arf eftir hjónin Benjamín Kristjánsson og Jónínu Björnsdóttur. Rétt þykir að fjalla fyrst um þá kröfu varnaraðilans Björns Ingvarssonar, að arfurinn eftir þau hjón skiptist jafnt milli hans og sóknaraðila, þar sem vilji þeirra hafi staðið til þess. Af hálfu sóknaraðila málsins hefur ekki verið byggt á þeirri málsástæðu, þrátt fyrir það að fram komi í skriflegri aðilaskýrslu hennar, að hún líti svo á, að vilji arfleifenda hafi verið þessi.

Við skýringu og fyllingu erfðaskráa er aðalregla að túlka erfðaskrá í samræmi við vilja arfleifanda, og kemur sjónarmið þetta fram í 37. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Erfðaskráin frá 14. júlí 1961 er um margt ófullkomin og býður upp á

deilur. Í erfðaskránni er ekkert ákvæði, sem fjallar um ráðstöfun eignanna eftir lát beggja, og ekkert í erfðaskránni sjálfri bendir til, að vilji arfleifendanna hafi verið annar en sá, að lögerfðareglur tækju við, þar sem erfðaskránni sleppti.

Í aðilaskýrslu Björns Ingvarssonar kemur fram, að þau Benjamín og Jónína hafi um sumarið 1961 tjáð honum, að þau hygðust arfleiða sóknaraðila að helmingi eigna sinna á móti honum. Hann telur ljóst, að hjónin hafi viljað, að eignirnar skiptust þannig eftir lát beggja, og sóknaraðili segir í sinni aðilaskýrslu, að hún telji þetta rétt hjá Birni. Ekki er til að dreifa öðrum aðila- eða vitnaskýrslum þessu til stuðnings. Það kemur fram í yfirlýsingu á dskj. nr. 23, sem stafar frá lögerfingjum Benjamíns, að enginn þeirra kannast við að hafa heyrt hjónin ræða um, hvernig þau hygðust ráðstafa eignum sínum.

Texti erfðaskrárinnar er í raun skýr og orkar ekki tvímælis. Í 2. gr. er aðeins Benjamín að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag, og ekkert bendir til, að ákvæðið eigi við um eignir beggja. Ekki er heldur neitt, sem bendir til, að sú grein eigi aðeins við eftir andlát beggja. Því þykir það ekki hafa verið sannað á fullnægjandi hátt, að arfleiðsluviljinn hafi verið sá, sem varnaraðilinn Björn Ingvarsson heldur fram. Er því hafnað kröfu hans um, að helmingur heildareigna dánarbús Benjamíns og Jónínu renni til hans á þeim grundvelli.

Verður nú fjallað um, með hverjum hætti arfurinn skiptist milli erfingja Jónínu annars vegar og erfingja Benjamíns hins vegar.

Hér er deilt um, hvort haga beri skiptum á dánarbúi þessu með þeim hætti, að lögmæltur erfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara falli niður. Af niðurstöðunni ræðst, hver verður hlutur erfingja hvors hjóna. Þegar Jónína lést 1977, bar annaðhvort að taka bú hennar til skipta eða veita Benjamín búsetuleyfi. Hvorugt gerðist, og það var ekki fyrr en eftir lát Benjamíns árið 1987, sem dánarbú þeirra kom til opinberra skipta. Ekki hefur þótt neitt því til fyrirstöðu að fara með skiptin eins og um eitt dánarbú væri að ræða.

Benjamín sat að eignum hjónanna eftir andlát Jónínu. Ekkert er til vitnis um það, hvort hann hafi talið sig sitja í óskiptu búi eða hvort hann hafi litið svo á, að skiptin væru ófrágengin. Samþykki Björns Ingvarssonar hefði verið forsenda fyrir veitingu búsetuleyfis.

Ekki er í erfðalögum nr. 8/1962 neitt ákvæði, sem heimilar, að seta að eignum án formlegs búsetuleyfis geti jafnast á við setu í óskiptu búi og þannig orðið til þess, að við skipti eftir hið langlífara falli niður lögmæltur erfðaréttur eftir hið skammlífara. Ákvæði 2. mgr. 19. gr. erfðalaga á aðeins við, þegar veitt hefur verið leyfi til setu í óskiptu búi. Af hálfu Björns Ingvarssonar hefur verið bent á dómafordæmi til stuðnings því, að við

skiptin megi líta svo á, að Benjamín hafi setið í óskiptu búi eftir Jónínu. Í Hrd. 1980, 833, var ekki beint fjallað um, hvort til greina kæmi að beita 2. mgr. 19. gr. erfðalaga eftir lát beggja við þær aðstæður, sem þar var lýst.

Niðurstaðan er því sú, að ekki sé samkvæmt íslenskum rétti heimild til að beita 2. mgr. 19. gr. erfðalaga nr. 6/1962 um skipti á dánarbúi því, sem hér um ræðir, og er því hafnað kröfu Björns Ingvarssonar um, að helmingur eigna búsins falli til hans á þeim forsendum.

Samkvæmt ofansögðu fellur ekki niður erfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara, og verður dánarbú Benjamíns erfingi í dánarbúi Jónínu. Rétt er að miða við það, að helmingur heildareigna búsins sé arfur eftir Jónínu, enda hefur ekkert komið fram, sem bendir til annars en í hjónabandi þeirra hafi ríkt hjúskapareignarfyrirkomulag. Af þeim hluta fellur 1/3 til dánarbús Benjamíns samkvæmt 1. gr. erfðaskrárinnar, sbr. 35. gr. erfðalaga nr. 8/1962, auk 1/3 hluta þess, sem eftir stendur. Samtals falla því 5/9 hlutar (1/3 + 2/3 × 1/3) (sic) til dánarbús Benjamíns. Hlutur Björns Ingvarssonar verður því 4/9 hlutar af helmingi heildareignanna eða sem samsvarar 2/9 hlutum af heildareign dánarbús Benjamíns og Jónínu.

Að lokum verður leyst úr því, hverjir taka arf eftir Benjamín, en samkvæmt ofansögðu er þar um að ræða 7/9 hluta af heildareign dánarbús Benjamíns og Jónínu.

Samkvæmt skýru orðalagi 2. gr. erfðaskrárinnar frá 24. júlí 1961 er það skilyrði sett fyrir arftöku sóknaraðila, að Benjamín hafi ekki ráðstafað bókasafni sínu fyrir andlát sitt, og hefur verið leitast við af hennar hálfu að sýna fram á, að slík ráðstöfun hafi ekki verið gerð.

Ekki liggja fyrir í málinu neins konar skriflegir löggerningar um ráðstöfun bókasafnsins. Ekki var gengið formlega frá þeirri erfðaskrá, sem hann gerði 23. maí 1961. Fram kemur í aðilaskýrslu sóknaraðila, að við andlát Benjamíns hafi bókasafn hans verið á heimili hans að Glaðheimum 18, Reykjavík, fyrir utan einhvern hluta þess, sem hafi verið í geymslu að Hátúni 8, Reykjavík, og hefur þessu ekki verið mótmælt. Bókasafnið var skrifað upp sem eign í dánarbúinu við hina opinberu skiptameðferð þess. Ekki eru því efni til annars en telja það meðal eigna búsins, eins og málum er nú háttað, enda hafa þeir synir sóknaraðila, sem jafnan hafa verið tilnefndir sem hinir meintu gjafþegar, ekki gert kröfu um að fá bókasafn þetta afhent úr búinu, a. m. k. ekki enn sem komið er. Ummæli sóknaraðila og eiginmanns hennar á skiptafundi 6. febrúar 1990 eru ekki sönnun fyrir því, að gjafaloforð hafi verið gefið.

Samkvæmt þessu skiptast eignir dánarbús Benjamíns Kristjánssonar, sem eru, eins og áður sagði, 7/9 hlutar af heildareignum búsins, jafnt milli sóknaraðila annars vegar og lögerfingja Benjamíns hins vegar. en að frá-

töldum handritum, bréfasöfnum og ræðum, sem hann ráðstafaði til Landsbókasafns Íslands.

Eðlilegt er, að hver beri sinn kostnað af málarekstri þessum.

Úrskurð þennan kvað upp Eyrún Guðmundsdóttur, fulltrúi yfirborgarfógeta.

Úrskurðarorð:

Arfur eftir Jónínu Björnsdóttur og Benjamín Kristjánsson skal falla til erfingja þeirra þannig:

Erfingi Jónínu Björnsdóttur, Björn Ingvarsson, skal erfa 2/9 hluta af heildareignum búsins.

Til erfingja Benjamíns Kristjánssonar falla 7/9 hlutar af heildareignum búsins. Skiptist sá arfur jafnt á milli Þóru Bjarkar Kristinsdóttur annars vegar og lögerfingja hans hins vegar að frátöldum handritum, bréfasöfnum og ræðum.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 5. nóvember 1992.

Nr. 293/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
G
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Kynferðisbrot. Barn. Sönnunargögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins. Eru það kröfur þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt þeirri verknaðarlýsingu og heimfærslu til refsiákvæða, sem greinir í ákæru, en refsing hans þyngd frá því, sem á var kveðið í héraðsdómi.

Ákærði krefst sýknu í málinu, en til vara þess, að refsing verði milduð og skilorðsbundin.

Í máli þessu er ákærði sakaður um kynferðismök við dóttur konu, sem hann bjó með í óvígðri sambúð og átti með 3 syni. Eru þau talin hafa átt sér stað í eitt skipti, þegar telpan var 5 ára gömul, meðan ákærði sá einn um heimilið í fjarveru konunnar. Telpan skýrði frá atvikinu þremur árum síðar, fyrst móður sinni og síðan sálfræðingi hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Gerðist það skömmu eftir að sambúð ákærða og móðurinnar hafði slitnað að fullu. Deila stóð þá um forræði sona þeirra. Hefur það síðan verið fengið móðurinni, en ákærði nýtur umgengnisréttar við drengina.

Sálfræðingurinn og móðir telpunnar hafa gefið skýrslu um viðtöl sín við hana fyrir dómi. Eru þær skýrslur grundvöllur ákærunnar ásamt myndbandsupptöku af fyrra viðtali sálfræðingsins við telpuna. Fór viðtalið fram í skrifstofu hans að móðurinni viðstaddri, áður en málið var kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins, og var ekki rætt við telpuna á hennar vegum. Dómari málsins í héraði reyndi

ekki að yfirheyra telpuna sjálfstætt eða ræða við hana um ákæruefnið beint eða með aðstoð sérfróðra aðila, og ákærða eða verjanda hans var ekki gefinn kostur á slíku. Má telja þetta til galla á meðferð málsins, einkum að því er varðar skyldu dómarans til sjálfstæðrar skoðunar á málavöxtum, sbr. meginreglu 1. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976. Ákærði hefur ekki viljað rengja frásögn telpunnar, heldur hefur hann lýst því bæði fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann geti hvorki játað henni né neitað. Jafnframt hefur hann skýrt frá því, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, að hann hafi orðið ofurölvi á heimilinu eitt kvöld á þeim tíma, er atvikið hafi getað gerst samkvæmt frásögn telpunnar.

Telja verður, eins og hér stendur á, að rétt sé að leggja dóm á málið eftir fram komnum gögnum, og séu ekki efni til að hafna því, að byggt verði á umræddu myndbandi sem sönnunargagni, en krafa þess efnis hefur ekki komið fram. Dómendur í Hæstarétti hafa horft á myndbandið ásamt sækjanda og verjanda. Að virtum öllum sakargögnum ber að fallast á það með héraðsdómara, að ákærði hafi orðið sekur um brot gegn þágildandi 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga, en brotið varðar nú við 1. mgr. 201. gr. laganna, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 40/1992. Jafnframt hafi hann orðið brotlegur við 45. og 47. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

Staðfesta ber ákvörðun dómarans um refsingu ákærða og um sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, G, sæti fangelsi tólf mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1992.

Ár 1992, föstudaginn 5. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 262/1992: Ákæruvaldið gegn G, sem tekið var til dóms 20. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 12. mars sl., á hendur G[.....],,fyrir skírlífisbrot með því að hafa aðfaranótt 26. mars 1988 á þáverandi heimili sínu að H...götu 1... í B..., látið fimm ára stjúpdóttur sína horfa með sér á klámkvikmynd, látið hana fara höndum um getnaðarlim sinn og sjálfur farið höndum um og sleikt kynfæri hennar og síðan farið með hana upp í hjónarúm, farið þar höndum um kynfæri hennar og haft samræði við hana.

Telst þetta varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 45. og 47. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Dómsorð:

Ákærði, G, sæti fangelsi í tólf mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., 100.000 kr., og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

1777

Föstudaginn 6. nóvember 1992.

Nr. 33/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Þorsteini Gíslasyni.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. janúar 1992. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Varnaraðili kom fyrir héraðsdóm Vesturlands 16. september 1992 og var kynnt kæra ríkissaksóknara. Hann gerir ekki athugasemd við kröfu ákæruvaldsins.

Með hinni kærðu dómsátt gekkst varnaraðili undir greiðslu sektar, að fjárhæð 50.000 krónur, og að sæta sviptingu ökuleyfis í þrjú ár. Var brot hans talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. og 3. mgr. 102. gr. sömu laga.

Varnaraðili gekkst undir dómsátt vegna sams konar brots 16. mars 1990. Hann var þá 17 ára gamall. Varnaraðili hefur eigi sætt öðrum refsingum.

Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hefur fyrra brot varnaraðila ekki ítrekunaráhrif á það brot, er hin kærða dómsátt tók til. Fallast verður á það með ríkissaksóknara, að varnaraðili hafi gengist undir fjarstæð málalok með henni, sbr. 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga. Ber því að fella dómsáttina úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 199. gr. núgildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Þriðjudaginn 10. nóvember 1992.

Nr. 233/1992. **Loftur Jónsson**
gegn
Olíufélaginu hf.

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. maí 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kærumeðferð eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að varnaraðila verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða fjárnáms og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Hin kærða fjárnámsgerð, sem fram fór 10. desember 1991, var gerð á grundvelli áskorunarstefnu, sem árituð var í bæjarþingi Reykjavíkur 9. júlí 1986. Greiðsluáskorun var birt sóknaraðila 14. október 1991. Áskorunarstefnan var gefin út á hendur sóknaraðila og fleirum til greiðslu skuldar samkvæmt víxli, sem JL Byggingavörur sf. höfðu ábekt, en sóknaraðili og þrír stefndu aðrir ráku það firma með ótakmarkaðri ábyrgð, þegar til skuldarinnar var stofnað.

Varnir sóknaraðila beinast að hinni árituðu áskorunarstefnu, birtingu hennar og meðferð í bæjarþingi Reykjavíkur, en því máli var ekki áfrýjað. Reisir sóknaraðili kröfur sínar einkum á því, að sér hafi sjálfum ekki verið birt áskorunarstefna þessi og því geti áritun á hana ekki skapað aðfarargrundvöll gagnvart sér.

Hin áritaða áskorunarstefna og meðferð hennar í bæjarþingi Reykjavíkur eru ekki til efnislegrar umfjöllunar í máli þessu. Stefnan með áritun dómara ber nægilega með sér, að sóknaraðili sé einn þeirra, er greiða átti þargreinda skuld. Er hún því gild fjárnámsheimild, enda var greiðsluáskorun birt á lögmætan hátt. Engar varnir eru uppi, er beinast að fjárnámsgerðinni sjálfri, og verður hún staðfest.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Loftur Jónsson, greiði varnaraðila, Olíufélaginu hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1992.

Nr. 163/1990. **Bjarni Friðriksson og**
Bragi Sveinsson
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Othar Örn Petersen hrl.).

Varnir í víxilmáli. Víxilmál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1990. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnda. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjendur báru fram þá varnarástæðu í héraði, að stefndi hefði ekki eignast þann víxil, sem kröfur hans byggjast á, með lögmætri heimild og gæti því ekki átt aðild að innheimtu hans fyrir dómi. Slíka varnarástæðu má hafa uppi í víxilmáli samkvæmt a-lið 1. mgr. 208. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú a-lið 1. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lögmenn aðila hafa fjallað um þessa varnarástæðu í flutningi málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og málið er að fullu skýrt, að því er hana varðar. Við svo búið þykir eftir atvikum rétt að leggja efnisdóm á málið í Hæstarétti.

II.

Aðilar málsins eru sammála um það, hvernig til hafi staðið að verja andvirði hins umræddu víxils. Í fyrsta lagi átti að greiða upp andvirði víxils, er Úlfar Rafnsson, sem þá var látinn, hafði gefið

út til veitingahússins Bakka, er áfrýjendur ráku, en sá víxill var kominn í vanskil. Í öðru lagi átti að lækka yfirdráttarskuldir Bakka hf. við Alþýðubankann hf. Í þriðja lagi átti að greiða upp skuld á tékkareikningi áfrýjandans Bjarna Friðrikssonar í Alþýðubankanum hf. Fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður stefnda því yfir, að yrði fallist á dómkröfur hans, myndi stefndi ekki jafnframt innheimta þær skuldir, er greiða átti með andvirði víxilsins.

III.

Sá víxill, er dómkröfur stefnda byggjast á, fullnægir formskilyrðum fyrsta kapítula víxillaga nr. 93/1933. Hann var afhentur stefnda með eyðuframsali áfrýjandans Braga Sveinssonar. Áfrýjendum hefur eigi tekist að leiða sönnur að því, að víxillinn hafi verið afhentur stefnda með tilteknum skilyrðum, er hann hafi síðar virt að vettugi. Þykir stefndi því vera réttur víxilhafi samkvæmt 1. mgr. 16. gr. víxillaga. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

IV.

Af dómsgerðum má ráða, að skýrslutaka af vitninu Stefáni Þormar Guðmundssyni fyrir héraðsdómi hefur farið úr böndum. Lögmaður stefnanda í héraði, Guðjón Ármann Jónsson héraðsdómslögmaður, lagði hvað eftir annað spurningar sínar fyrir vitnið í löngu máli og með útlistunum, er verða að teljast afar leiðandi. Þessi háttur brýtur í bága við 3. mgr. 133. gr. þágildandi laga nr. 85/1936, sbr. 4. mgr. sömu greinar, sbr. nú 2. mgr. 56. gr. laga nr. 91/1991, og er ámælisverður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bjarni Friðriksson og Bragi Sveinsson, greiði óskipt stefnda, Íslandsbanka hf., málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. mars 1990.

Mál þetta , sem dómtekið var 5. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 11. og 12. janúar 1989. Málið var upphaflega höfðað af Alþýðubankanum hf., kt. 420171-0139, Laugavegi 31, Reykjavík, gegn Bjarna Friðrikssyni, nafnnr. 1209-3985, Kaplaskjólsvegi 41, Reykjavík, og gegn Braga Sveinssyni, nafnnr. 1414-0085, Skógarlundi 6, Garðabæ. Þar sem Alþýðubankinn hf. hefur nú verið lagður niður og allur rekstur bankans færst yfir til Íslandsbanka hf., tók Íslandsbanki hf. við rekstri málsins, og var nafni málsins breytt til samræmis við það.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 385.000 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Af hálfu stefndu eru þær kröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til virðisaukaskatts af lögmannsþóknun.

Málsástæður.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt víxli, að fjárhæð 385.000 kr., út gefnum í Reykjavík 5. nóvember 1987 af stefnda Braga og samþykktum af stefnda Bjarna til greiðslu 5. febrúar 1988 í Alþýðubankanum hf., Reykjavík, ábektum af útgefanda án afsagnar.

Stefnandi höfðar málið á grundvelli víxillaga nr. 93/1933 og rekur það skv. 17. kafla laga nr. 85/1936.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að stefnandi sé ekki réttur aðili að hinum umstefnda víxli, og beri því að sýkna stefndu af kröfum hans.

Í nóvember 1987 hafi stefndu óskað eftir því, að stefnandi keypti af þeim umstefndan víxil. Farið hafi verið með víxilinn til stefnanda og víxillinn skilinn þar eftir hjá starfsmanni stefnanda, Stefáni Þormar. Ekki hafi orðið af því, að bankinn keypti víxilinn. Í stað þess að skila víxlinum hafi stefnandi haldið honum og sé nú að innheimta víxilinn sem kröfueigandi.

Sé á því byggt, að víxillinn hafi einvörðungu verið skilinn eftir hjá stefnanda vegna beiðni um kaup á víxlinum, en stefnanda hvorki verið afhentur víxillinn sem neins konar trygging eða greiðsla né hafi stefnanda verið falin nokkur innheimtumeðferð á víxlinum. Innheimta stefnanda á víxlinum sé því heimildarlaus með öllu, enda eigi stefnandi ekki víxilinn, heldur stefndu. Hvíli sönnunarbyrði um ætlaða aðild stefnanda að víxlinum á honum sjálfum, en aðildarskortur sé vörn, sem komist að í víxilmáli, sbr. 208. gr. eml.

Af hálfu stefnanda var lögð fram greinargerð, eftir að greinargerð var lögð fram af hálfu stefndu. Þar er því mótmælt, að varnir þær, er fram koma í greinargerð stefndu, komist að í máli þessu, sem rekið sé sem víxilmál. Stefnandi haldi því fram, að vörn stefndu, sem lúti að atvikum við afhendingu á víxli þeim, er stefnt sé til greiðslu á í máli þessu, komist ekki að í málinu vegna ákvæða 17. kafla laga nr. 85/1936. Ekki sé í málinu deilt um formlega heimild stefnanda að víxlinum, enda sé víxillinn framseldur eyðuframsali og stefnandi óumdeildur handhafi hans. Sé vörn stefndu því ekki vörn, sem eigi undir 208. gr. laga nr. 85/1936. Fyllyrðingu stefndu þess efnis, að sönnunarbyrði um aðild stefnanda að víxlinum hvíli á honum sjálfum, sé algerlega hafnað, enda víxillinn framseldur eyðuframsali og stefnandi víxilhafi.

Verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, sé dómkröfum stefndu mótmælt á þeim grundvelli, að stefndu hafi ekki sýnt fram á nein þau atvik, er leiði til vafa um réttmæti innheimtu stefnanda á víxlinum. Við afhendingu víxilsins hafi það verið skilningur beggja aðila, að andvirði hans skyldi ganga til lækkunar á skuldum Bakka hf. við stefnanda, en stefndu hafi verið aðaleigendur þess félags, og hafi stefndu sjálfir viðurkennt, að andvirði víxilsins hafi átt að verja til greiðslu á skuldum Bakka hf. við stefnanda. Hafi þeir ekki haldið því fram, að þeir hafi sjálfir persónulega átt að fá andvirðið í hendur. Virðist því kröfur og málatilbúnaður stefndu gersamlega tilhæfulaus og ekki til annars en tefja innheimtu á skuld þeirra samkvæmt víxlinum.

Við munnlegan málflutning bar lögmaður stefndu fram þá málsástæðu, að stefnandi hefði sett greiðslustimpil á bakhlið víxilsins, yfirlýsingu um, að víxillinn væri greiddur.

Af hálfu stefnanda var þessari nýju málsástæðu mótmælt sem rangri og of seint fram kominni.

Niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á víxli, sem er í samræmi við lýsingu hans í stefnu, með formlegri heimild sér til handa, og er víxillinn lögformlegur, sbr. 1. kafla laga nr. 93/1933.

Gegn andmælum stefnanda verður ekki komið að í máli þessu öðrum vörnum um efni máls en þeim, er greinir í 208. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu stefndu hafa slíkar varnir ekki komið fram í málinu, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öðru leyti en því, að krafa um bankakostnað er ekki tekin til greina, þar sem fjárhæð hans er ekki tilgreind í kröfugerð.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 109.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til

söluskatts og virðisaukaskatts af lögmannsþóknun í því hlutfalli, sem um getur í kröfugerð. Vextir af málskostnaði dæmast frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1992.

Nr. 189/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Bárði Sigurðs Magnússyni
(Guðmundur Kristjánsson hdl.).

Ölvunarakstur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl sl. Hann krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar svo og sviptingar ökuréttinda.

Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi svo og vettvangskönnun, sem dómari fór ásamt öðrum lögreglumannanna og verjanda ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis, þá er lögreglumenn höfðu afskipti af honum, þar sem hann sat undir stýri bifreiðar. Skömmu áður höfðu þeir séð bifreiðinni ekið og veitt henni eftirför. Ber lögreglumönnunum saman um, að þeir hafi séð ákærða undir stýri bifreiðarinnar, áður en henni var ekið spöl þann, sem lýst er í ákæru. Fyrir lögreglu bar ákærði, að maður að nafni Rúnar, sem hann þekkti lítillega, hefði ekið bifreiðinni, en hann verið farinn af vettvangi, þá er lögreglumennirnir höfðu afskipti af ákærða. Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt, að þetta hafi verið „rugl", en hefur haldið fast við, að hann hafi ekki ekið bifreiðinni, heldur ókunnur maður, sem hafi farið burt. Lögreglumennirnir hafa borið, að svo skammur tími hafi liðið, frá því er þeir sáu bifreiðinni ekið, að ókleift hefði verið fyrir nokkurn að hverfa frá bifreiðinni á þeim tíma. Vettvangskönnun héraðsdómara styður þann framburð. Héraðsdómari segir í niðurstöðu sinni, að frásögn ákærða af atvikum hafi ekki verið trúverðug. Gögn málsins styðja það álit hans. Verður því að telja, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. nú VII. kafla laga nr.

19/1991, að nægileg sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði hafi brotið gegn þeim ákvæðum, sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og þykir hún hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal sektin innt af hendi innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 12 daga. Þá hefur ákærði unnið sér til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga í eitt ár.

Árétta ber athugasemd héraðsdómara um frumrannsókn máls þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns.

Dómsorð:

Ákærði, Bárður Sigurðs Magnússon, greiði 40.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki innt af hendi innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dómsins fyrir ákærða að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 80.000 krónur, og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 21. febrúar 1992.

Mál þetta var tekið til dóms 13. þessa mánaðar. Það var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 20. nóvember 1991, gegn Bárði Sigurðs Magnússyni, kt. 021269-5069, til heimilis nú í Hrafnhólum 6, Reykjavík, en áður á Hverfisgötu 40, Hafnarfirði, „fyrir að aka að morgni sunnudagsins 23. júní 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-79801 frá bænum Öndverðarnesi í Grímsnesi í Árnessýslu um vegarslóða stuttan spöl norður fyrir Biskupstungnabraut.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af lögbroti því, sem honum er gefið að sök í ákæru. Til vara krefst hann þess, að ákvörðun um refsingu verði skilorðsbundin, ef til sakfellingar kemur, eða að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög frekast leyfa, og að hún verði þá skilorðsbundin, og krefst hann þá þess einnig, að svipting ökuleyfis verði svo væg sem kostur er.

Þá krefst ákærði þess, að allur sakarkostnaður, þar með talin málflutningslaun verjanda að viðbættum virðisaukaskatti skv. lögum nr. 50/1988, verði felldur á ríkissjóð, hver sem úrslit málsins kunna að verða.

Málavextir.

Um sexleytið að morgni sunnudagsins 23. júní 1991 voru lögreglumennirnir Guðmundur Sigurðsson og Valgeir Vilmundarson á eftirlitsferð á lögreglubíl í landi Öndverðarness í Grímsnesi. Þeir óku afleggjarann frá Biskupstungnabraut í áttina heim að bænum. Á krossvegamótum skammt sunnan Biskupstungnabrautar sáu þeir kyrrstæðan bíl, Subaru-fólksbíl, bláan að lit, og veittu athygli manni, sem sat í honum undir stýri. Þeir höfðu ekki afskipti af bílnum þá, en óku lengra til suðurs í átt að bænum til að athuga annan bíl. Þeir sneru síðan við, og á leiðinni til baka sáu þeir, að bifreiðinni, sem staðið hafði við krossvegamótin, hafði verið ekið af stað í átt að Biskupstungnabraut. Lögreglumennirnir eltu bifreiðina. Þeir misstu sjónar á henni, en henni var tekið yfir Biskupstungnabraut og inn á svonefndan Kóngsveg, sem liggur til norðurs beint á móti Öndverðarnessafleggjara. Bifreiðin var stöðvuð u. þ. b. 10 m frá Biskupstungnabraut, og þar komu lögreglumennirnir að henni.

Þegar lögreglumennirnir komu að bifreiðinni, sat ákærði þar undir stýri. Drepið hafði verið á vélinni. Annar lögreglumannanna fór út úr lögreglubílnum og hafði tal af ákærða, sem greinilega var undir áhrifum áfengis. Var hann færður yfir í lögreglubílinn og síðan ekið með hann á lögreglustöðina á Selfossi, þar sem læknir tók úr honum blóðsýni. Reyndist alkóhólmagn í blóði með gasgreiningu á súlu vera 1,83 o/oo.

Fleiri menn en ákærði voru í Subaru-bifreiðinni, en ekki er víst, hve margir þeir voru, þrír eða fjórir karlmenn, lögreglumönnunum ber ekki saman um töluna. Ekki höfðu þeir tal af öðrum en ákærða, og ekki skrifuðu þeir upp nöfn mannanna. Vitni í máli þessu eru ekki önnur en lögreglumennirnir tveir.

Skýrslur fyrir dómi og fyrir lögreglu.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglumannanna neitaði ákærði, þegar er þeir komu að honum, að hafa ekið bifreiðinni. Segir í skýrslunni, að lyklar að kveikjulás bílsins hafi verið fjarlægðir, og hafi þeir hvergi fundist.

Ákærði var að lokinni blóðsýnistöku og skýrslutöku varðstjóra settur í fangageymslu lögreglunnar á Selfossi, en síðdegis sama dag, kl. 16.55, var tekin af honum skýrsla og hann síðan látinn laus. Hann hefur gefið skýrslu hér fyrir dómi. Samkvæmt frásögn hans var hann ásamt eiginkonu (sambýliskonu) sinni og tengdaföður í sumarbústað í Öndverðarnesslandi um þessa helgi. Á laugardagskvöldið var haldin skemmtun í hlöðunni í Öndverðarnesi. Fóru þau þrjú á skemmtunina, og ók konan þeim þangað á Subaru-bílnum. Konan og faðir hennar fóru fljótlega af skemmtuninni á bílnum, en ákærða dvaldist þar lengur. Ákærði kveðst hafa hitt þar mann, sér ókenndan, og hafi þeir farið tveir saman af skemmtuninni og gengið að sumarbústaðnum. Þar hafi hann tekið bíllyklana úr úlpuvasa konu sinnar, og hafi þeir síðan farið á bifreiðinni að leita að „partýi" í „Múraralandinu", og hafi hinn óþekkti maður ekið bílnum. Í skýrslu sinni fyrir lögreglu nafngreindi ákærði mann þennan: „Ég hitti pilta þarna, þegar ég var að ganga út úr húsinu þarna (hlöðunni, þar sem skemmtunin var haldin. - Innskot dómara.), sem kallaður er Rúnar, en ég þekki hann mjög lítið og veit ekki, hvers son hann er eða hvar hann á heima." Þegar þessi ummæli voru borin undir ákærða hér fyrir dómi, sagði hann um þau: „Þetta er eitthvert rugl bara." Kvaðst hann ekki kannast við mann með þessu nafni og ekki muna eftir að hafa hitt mann með þessu heiti á skemmtuninni.

Frásögn ákærða fyrir dómi af akstursleið Subaru-bílsins var ruglingsleg, en honum sagðist svo frá, að þeir, hann og bílstjórinn, hefðu stansað til að taka fólk upp í. Bílstjórinn hefði ekið inn á hliðarveg í Þjónaland, sem hann kveðst halda, að heiti svo. Þar hefði hann stöðvað bílinn og síðan farið út. Kvaðst ákærði ekki vita, hvað af bílstjóranum hefði orðið, hann hefði ekki séð hann síðan. Bíllyklarnir hefðu fundist daginn eftir í hanskahólfi bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hafa setið í aftursæti bifreiðarinnar, en fært sig í bílstjórasætið, þegar bílstjórinn var farinn, til þess að hringja í bílsímann. Stuttu síðar, kannski um hálfri mínútu síðar, hafi lögreglan komið að bílnum. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við hana, fyrr en hún barði á bílrúðuna. Þegar þetta gerðist, hefðu auk sín verið þrír karlmenn í bílnum, ungir menn. Kvaðst hann ekki vita nöfn þeirra og ekki kunna á þeim nein skil. Hann hefði ekki séð þá á ballinu.

Ýtarlega spurður sagði ákærði, að verið gæti, að Subaru-bíllinn, hefði verið stöðvaður við krossvegamótin í Öndverðarnesslandi til að taka menninа upp í. Hann tók fram, að hann hefði verið drukkinn, þegar þetta gerðist, og væri ekki viss um, hvar þeir hefðu verið teknir upp í.

Lögreglumennirnir Valgeir Vilmundarson og Guðmundur Sigurðsson gáfu báðir skýrslu fyrir lögreglu, Valgeir 4. júlí og Guðmundur 5. júlí. Þeir hafa báðir komið fyrir dóminn sem vitni.

Vitninu Valgeiri sagðist svo frá, að þeir lögreglumennirnir hefðu ekið inn á Öndverðarnessveg til að kanna umferð þar. Þar við heimreið af Öndverðarnessvegi hefðu þeir tekið eftir kyrrstæðum bíl. Vitnið kvaðst hafa gefið honum gaum og tekið vel eftir þeim, sem undir stýri sat. Það kvaðst ekki hafa getað séð, hvort annað fólk hefði verið í bifreiðinni, svo margt fólk hefði verið í kringum hana. Hann hefði bara horft á „ökumann". Þeir hefðu þá ekki haft afskipti af bíl þessum, en ekið áfram í átt að bænum til að athuga annan bíl. Þeir hefðu síðan snúið við og þá séð, að kyrrstæða bílnum hafði verið ekið af stað í átt að Biskupstungnabraut. Þá hefðu verið um 100 m milli bíla. Bifreiðinni hefði verið ekið fremur greitt miðað við aðstæður að Biskupstungnabraut og yfir hana og inn á hliðarveg beint á móti Öndverðarnessvegi. Þar hefði bíllinn horfið þeim, að því er vitnið taldi, í nokkrar sekúndur. Þeir hefðu síðan séð bílinn aftur, þegar þeir komu upp á Biskupstungnabrautina, og hefði hann þá staðið kyrr u. þ. b. 10 m inni á hliðarveginum. Vitnið kvaðst hafa farið út úr lögreglubílnum til að athuga um ökumann. Maðurinn, sem undir stýri sat, hefði greinilega verið ölvaður. „Ökumaður" hefði að beiðni sinni komið yfir í lögreglubílinn. Maðurinn hefði neitað því að hafa ekið og sagt, að ökumaður hefði farið úr bílnum. Vitnið kvaðst vera visst um að hafa þekkt „ökumanninn" aftur. Þetta hefði verið sami maður og sat undir stýri á bifreiðinni, þegar þeir fóru fyrst fram hjá henni. Vitnið sagði, að fimm manns hefðu verið í Subaru-bílnum, þegar það kom að honum, með ökumanni. Þeir lögreglumennirnir hefðu ekki skráð neitt um þetta fólk, þar sem þeir hefðu verið vissir um, að ákærði, Bárður, hefði ekið. Þá sagði vitnið, að bíllyklar hefðu ekki verið í kveikjulásnum, og þegar hann hefði spurt „ökumann" og aðra í bifreiðinni, hefði enginn virst vita neitt um þá. Það hefði gáð að þeim í hanskahólfi og á gólfi, en ekki leitað meira.

Vitnið Guðmundur Sigurðsson bar, að þeir lögreglumennirnir hefðu ekið inn á Öndverðarnessveg. Á honum, smáspotta frá Biskupstungnabraut, þar sem vegur greinist, hefðu þeir veitt athygli kyrrstæðri Subaru-bifreið. Þeir hefðu ekið fram hjá henni á hægri ferð. Vitnið kvaðst hafa séð, að fjórir menn hefðu verið í bifreiðinni að með töldum þeim, sem undir stýri sat. Það kvaðst hafa séð þann mann vel. Það minnti, að ekki hefði verið fólk fyrir utan bifreiðina. Vitnið bar, að þeir hefðu ekið áfram í átt að Öndverðarnessbæ. Þeir hefðu farið í hvarf við kyrrstæða bílinn, og er þeir komu úr því, hefðu þeir séð í baksýnisspeglum, að Subaru-bifreiðin var að fara af stað í átt að Biskupstungnabraut. Þeir hefðu þá snúið við og ekið á eftir henni, og hefðu verið um 100-150 m á milli bíla. Subaru-bíllinn hefði

horfið þeim aftur smástund, en þeir hefðu séð hann, þegar hann kom að Biskupstungnabraut. Bílnum hefði verið ekið yfir hana og inn á hliðarveg á móti Öndverðarnessvegi. Þar hefði hann staðið, um 10 m frá Biskupstungnabraut, þegar þeir komu að honum. Vitnið sagði, að lögreglumaðurinn Valgeir hefði farið út til að hafa tal af ökumanni. Hann hefði komið með þann, sem undir stýri sat, yfir í lögreglubifreiðina. Það hefði verið sami maður og þeir sáu fyrst sitja undir stýri við Öndverarnessveg. Vitnið kvaðst hafa verið alveg visst um það. Sá, sem þeir töldu vera ökumann, hefði verið undir áhrifum áfengis. Hann hefði neitað að hafa ekið og sagt, að einhver annar maður hefði gert það, sem horfið hefði á braut.

Framburður vitnisins Guðmundar fyrir dómi, sem hér hefur verið rakinn, er nokkuð á annan veg en í skýrslu hans fyrir lögreglu. Þykir dómara ástæða til að taka hér upp kafla úr lögregluskýrslunni:„Þar sem þessi bifreið (þ.e. Subaru-bifreiðin R-79801. -Innskot dómara.) var kyrrstæð, er við fórum þarna fram hjá, sáum við, hvar annarri bifreið var ekið þarna skammt frá, og fórum við að þeirri bifreið ... Við snerum síðan lögreglubifreiðinni við í sömu átt og við komum. Þá sáum við, hvar bifreiðinni R-79801 var ekið í átt að Biskupstungnabraut og fór hratt. Við veittum bifreið þessari eftirför og flýttum för okkar á eftir henni og sáum, hvar henni var ekið norður yfir Biskupstungnabrautina, og var bilið á milli lögreglubifreiðarinnar og R-79801 ekki meira en 100 metrar. Nokkur brekka er af Biskupstungnabraut og norður vegarslóða beint á móti Öndverðarnessvegi, og hvarf bifreið þessi sjónum okkar aðeins smástund."

Vitninu var bent á, að framburður þess fyrir dómi væri ekki í öllum greinum samhljóða lögregluskýrslunni, en það kvaðst ekki vilja breyta neinu í framburði sínum. Hann væri samkvæmt því, sem það myndi best.

Vettvangskönnun.

Dómari fór á vettvang í Öndverðarnesslandi 16. janúar ásamt þingvotti og vitninu Guðmundi Sigurðssyni og verjanda ákærða. Þetta er bókað í sakadómsbókina á vettvangi:

„Staldrað er við á vegamótum Biskupstungnabrautar og Öndverðarnessafleggjara. Á móti honum er afleggjari til norðurs og heitir Kóngsvegur skv. vegvísi. Land þar er þýft og vestan Kóngsvegar vaxið lágu kjarri, sem varla nær nokkurs staðar eins metra hæð. Næst er staldrað við á krossvegamótum inni á Öndverðarnessafleggjara, þar sem Subaru-bíllinn mun hafa staðið. U. þ. b. 150-200 m norðar, nær Biskupstungnabraut, er áberandi hæð eða aflangur hóll, og sér ekki norður til Biskupstungnabrautar."

Niðurstöður.

Frásögn ákærða af atvikum er ekki sennileg. Dómara þykir með ólíkindum, að hinn óþekkti maður, sem ákærði segir, að ekið hafi bifreiðinni R-79801, hafi horfið á braut óséður á svo skömmum tíma sem það hlaut að hafa tekið lögreglumennina að komast að Subaru-bifreiðinni, þar sem hún hafði verið stöðvuð á Kóngsvegi. Þá er á það að líta, að lögreglumönnunum tveimur ber saman um, að maðurinn, sem sat undir stýri í bifreiðinni R-79801 kyrrstæðri við krossvegamót á Öndverðarnessvegi, hafi verið hinn sami og sat í ökumannssæti bílsins á Kóngsvegi, þ.e. ákærði. Síst eykur það á trúverðugleika frásagnar ákærða, að hann nafngreinir ökumann í skýrslu sinni fyrir lögreglu, en kannast ekki við það fyrir dómi.

Þrátt fyrir þetta verða úrslit þessa máls þau, að ákærði verður sýknaður af ástæðum, sem nú verða raktar:

Ákærði hefur staðfastlega neitað því að hafa ekið bifreiðinni R-79801 í umrætt sinn. Lögreglumennirnir tveir sáu hann ekki gera það, en þeir eru einu vitnin í málinu. Frásögnum vitnanna fyrir dómi um aðdraganda þess, að þau komu að ákærða í ökumannssæti bifreiðarinnar á Kóngsvegi, ber ekki fyllilega saman. Þykir dómara framburður vitnisins Guðmundar Sigurðssonar koma betur heim við staðhætti, sbr. framanskráða lýsingu af vettvangi. Samkvæmt þeim framburði og í samræmi við staðháttalýsinguna hefur bifreiðin R-79801 horfið sjónum lögreglumannanna tvisvar, eftir að þeir hófu eftirför, fyrr bak við aflanga hæð og síðar, er hún hvarf norður af Biskupstungnabraut inn á Kóngsveg. Að mati dómara er ekki unnt að þvertaka fyrir, að annar maður en ákærði hafi ekið bifreiðinni. Telur dómari, að sök ákærða skv. ákæru hafi ekki verið sönnuð, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Beri því að sýkna hann.

Allur sakarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 40.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti.

Athugavert er, að frumrannsókn þessa máls var ekki sem skyldi. Þykir dómara einkum skorta á, að lögreglumennirnir tveir, sem handtóku ákærða, hefðu tal af þeim mönnum, sem með honum voru í bifreiðinni, og skráðu deili á þeim.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Bárður Sigurðs Magnússon, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 40.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1992.

Nr. 242/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Bergi Þór Rögnvaldssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Sýkna. Verjandi. Málsvarnarlaun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1992 á hendur ákærða og skipuðum verjanda hans í héraði, Róbert Árna Hreiðarssyni héraðsdómslögmanni. Er af ákæruvalds hálfu krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar svo og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101., sbr. 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Enn fremur er þess krafist, „að málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði komi til endurskoðunar til lækkunar og þá samsvarandi endurgreiðslu og/eða skipaður verjandi í héraði sæti ex officio viðurlögum samkvæmt 187. eða 188. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. nú 161. og 162. gr. laga nr. 19, 1991".

Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns er þess aðallega krafist, að kröfum ákæruvalds, að því er hann varðar, verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um ákvörðun málsvarnarlauna. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar „úr hendi embættis ríkissaksóknara í þessum þætti málsins".

I.

Málsatvikum er ræki lega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Verulega ber á milli í frásögnum þeirra, sem komið hafa fyrir dóm í málinu. Annars vegar er samhljóða framburður lögreglumannanna tveggja, er höfðu afskipti af ákærða, en þeir bera, að þeir hafi haft bifreið ákærða í augsýn, frá því að hún var stöðvuð og þar til er þeir komu að

henni, og hafi enginn yfirgefið hana á þeim tíma. Hins vegar er framburður ákærða og fimm vitna, sem segjast hafa verið með honum í bifreiðinni, að annar maður en ákærði hafi ekið bifreiðinni, og hafi sá yfirgefið hana. Jafnframt kom fram hjá sumum vitnanna, að ekki hefði verið sjónlína milli bifreiðar ákærða og lögreglubifreiðarinnar allan tímann, eftir að hin fyrrnefnda var stöðvuð.

Frumrannsókn máls þessa var verulega ábótavant. Enginn reki var að því gerður að sannreyna frásögn ákærða um ökumann, en samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar sagði hann strax á vettvangi, að maður að nafni Páll hefði ekið, en farið út úr bifreiðinni. Af framburði lögreglumannanna og fleiri vitna má einnig ráða, að nokkur mannsöfnuður hafi verið á ferð á veginum, þar sem bifreið ákærða var ekið og hún síðan stöðvuð. Var ærin ástæða til þess, að lögreglumennirnir hlutuðust til um öflun upplýsinga á vettvangi, þar á meðal um nöfn vitna, sem unnt hefði verið að yfirheyra, á meðan ákærði var í haldi lögreglunnar.

Sá galli er og á dómsmeðferð málsins, að við vettvangsgöngu dómara var enginn viðstaddur af hálfu ákærða. Þykir ekki unnt að byggja á einhliða lýsingu lögreglumannanna á vettvangi, meðal annars um það, hvar bifreið ákærða stóð.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu ákærða. Samkvæmt því ber að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

II.

Ákærða var skipaður verjandi í málinu 20. janúar 1992, enda hafði hann fyrst komið á framfæri ósk um slíkt 16. sama mánaðar. Áður hafði hann lýst yfir því, að hann óskaði ekki skipunar verjanda, og var hann þá yfirheyrður um sakarefnið. Einnig höfðu lögreglumennirnir tveir verið yfirheyrðir fyrir dóminum á dómþingi, sem háð var á lögreglustöðinni á Selfossi 16. janúar, án þess að mætt væri af hálfu ákærða, en honum hafði verið send boðun með símskeyti dómara. Fór dómari á vettvang sama dag með lögreglumönnunum tveimur og þingvotti.

Eftir að Róbert Árni Hreiðarsson héraðsdómslögmaður var skipaður verjandi ákærða, var þinghald háð tvisvar, þar sem vitni voru

yfirheyrð, þ. e. 30. janúar og 12. febrúar 1992. Hvort tveggja þinghaldið sótti fulltrúi lögmannsins, Gunnar Viðar lögfræðingur, fyrir hans hönd. Munnleg vörn í málinu var flutt á dómþingi 18. mars 1992, og flutti hinn skipaði verjandi hana sjálfur.

Telja verður, að ákæruvaldinu hafi verið heimil kröfugerð fyrir Hæstarétti gagnvart skipuðum verjanda ákærða í héraði, sbr. 3. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974. Verður því ekki fallist á kröfu Róberts Árna Hreiðarssonar um frávísun kröfu ríkissaksóknara á hendur honum.

Fallast má á það með ríkissaksóknara, að miðað við framlag hins skipaða verjanda við meðferð málsins í héraði og venju um ákvörðun málsvarnarlauna sé fjárhæð sú, er héraðsdómari ákvarðaði verjandanum, í hærra lagi. Ekki þykir þó næg ástæða til að hnekkja þessari ákvörðun.

Svo sem fyrr segir, lét hinn skipaði verjandi í héraði fulltrúa sinn vera við vitnayfirheyrslur í málinu, er fram fóru eftir skipun hans, en mætti fyrst sjálfur við flutning munnlegrar varnar. Yfirheyrsla vitna er að jafnaði þáttur í flutningi máls. Skipun verjanda er persónubundin, og er honum skylt að annast sjálfur flutning málsins. Verður því að finna að því, sbr. XI. kafla laga nr. 74/1974, sbr. nú 41. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að verjandinn rækti ekki skyldur sínar að þessu leyti. Bar dómara málsins að grípa hér í taumana.

Ekki þykja efni til að taka til greina kröfu Róberts Árna Hreiðarssonar um málskostnað sér til handa úr hendi ríkissaksóknara.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Garðabæjar 1. apríl 1992.

Mál þetta var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 21. nóvember 1991, á hendur Bergi Þór Rögnvaldssyni, kt. 050664-6949, Faxatúni 19, Garðabæ, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 23. júní 1991 undir

áhrifum áfengis bifreiðinni R-63966 stuttan spöl í landi bæjarins Öndverðarness í Grímsnesi í Árnessýslu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að hann verði dæmdur til mildustu löglegu refsingar. Krafist er málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs, jafnt í aðalkröfu sem varakröfu, að mati réttarins, þ. m. t. virðisaukaskattur. Dráttarvaxta er krafist á dæmda málflutningsþóknun skv. vaxtalögum.

Málsatvik.

Helgina 22.-23. júní 1991 var margt fólk í sumarbústöðum og tjöldum í landi Öndverðarness og þar í grennd. Ákærði var þessa helgi gestur í sumarbústað í Öndverðarnesi ásamt Kristínu Kristjánsdóttur, þáverandi unnustu sinni. Laugardagskvöldið 22. júní og eitthvað fram eftir nóttu sunnudagsins var haldinn dansleikur í hlöðu á Öndverðarnessbæ. Ákærði var þar ásamt unnustu sinni. Hafði hann umráð yfir bifreiðinni R-63966, af tegundinni Volkswagen Golf, eign bróður síns.

Um kl. 4.00 á sunnudagsmorgun voru tveir lögreglumenn úr lögreglunni í Árnessýslu á eftirlitsferð um Öndverðarnessland, þeir Hlöðver Magnússon, nr. 1, og Guðmundur Sigurðsson, nr. 18. Þeir óku lögreglubíl eftir veginum í átt heim að bænum. Segir svo í frumskýrslu, sem Hlöðver ritaði: „Er við vorum staddir á veginum heim að Öndverðarnesi í Grímsnesi, veittum við athygli bifreiðinni R-63966, sem ekið var á móti okkur. Á hæðarbrún skammt frá var bifreiðin stöðvuð úti í vegkanti, ljósin slökkt og aflvél tekin úr gangi. Við fylgdumst með bifreiðinni og fólkinu, sem í henni var, og sátu allir í sætum sínum, er við komum að henni. Í ökumannssæti nefndrar bifreiðar sat Bergur Þór Rögnvaldsson, og er við ræddum við hann, fundum við greinilegan áfengisþef leggja frá vitum hans."

Lögreglumennirnir fluttu ákærða á lögreglustöðina á Selfossi, og tók Guðjón Axelsson aðstoðarvarðstjóri þar af honum skýrslu. Síðan var hann færður til blóðsýnistöku og að því loknu vistaður í fangaklefa fram á síðdegið. Alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu sýndi alkóhólmagn í blóði 1,76‰.

Ákærði neitaði þegar við handtöku að hafa ekið bifreiðinni, sagði, að maður að nafni Páll hefði gert það, en hann hefði farið úr bifreiðinni til að útvega áfengi. Hið sama bar hann fyrir aðstoðarvarðstjóra og enn í skýrslu, sem tekin var af honum síðla sunnudagsins.

Bifreiðin, sem ákærði sat í, þegar lögreglumenn komu að honum, var troðfull af fólki. Lögreglumennirnir höfðu ekki tal af neinum þar á staðnum nema ákærða.

Skýrslur fyrir dómi.

Ákærði hefur margneitað því bæði fyrir lögreglu og hér fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreiðinni R-63966 umrætt sinn. Hann skýrði svo frá, að hann hefði farið af dansleiknum á fjórða tímanum á sunndagsnóttina. Fyrir utan hlöðuna hefði hann hitt margt fólk. Það hefði vantað vín. Til hefði staðið að halda „partý" í sumarbústaðnum. Í skýrslu lögreglu, sem tekin var af honum síðdegis 23. júní, segist hann ekki hafa þekkt þetta fólk, en hér fyrir dómi rifjaði hann upp nöfn nokkurra manna. Ákærði kvaðst hafa viljað ganga heim, ef enginn væri án áfengisáhrifa. Leiðin hefði verið stutt, u. þ. b. sjö mínútna gangur. Hann hefði þá verið orðinn verulega drukkinn. Þá hefði skotið upp kollinum ökumaður, sem ákærði kvaðst engin deili vita á, nema hvað hann hefði heyrt hann nefndan Palla. Palli þessi hefði síðan ekið bifreiðinni. Á leiðinni hefði ökumaður þessi ætlað að útvega áfengi. Í því skyni hefði hann stöðvað bifreiðina, tekið með sér bíllyklana og farið í átt að tjöldum þar nærri. Þar sem þröngt hefði verið í bifreiðinni, hefði hann (ákærði) þá sest í ökumannssætið. Þá hefði hann séð lögreglubifreiðina í fjarlægð, og hefði hún þá átt eftir að fara upp tvær hæðir til að komast að bifreiðinni R-63966. Hann kvaðst hafa sagt lögreglumönnunum, að ökumaður hefði hlaupið aðeins frá bifreiðinni í nálægt tjald og að hann kæmi, ef þeir biðu aðeins.

Lögreglumennirnir Hlöðver Magnússon og Guðmundur Sigurðsson hafa báðir gefið skýrslu fyrir lögreglu og síðar hér fyrir dómi. Bar þeim saman um að hafa séð bifreiðinni R-63966 ekið á móti lögreglubílnum, að hún hefði verið stöðvuð úti í vegkanti eða hægra megin á veginum. Þeir báru, að eftir að bíllinn var stöðvaður, hefðu þeir getað séð, ef einhver hefði farið út úr bílnum eða inn í hann, og einnig, að þeir hefðu getað séð, ef fólk inni í bílnum hefði skipt um sæti. Þá bar þeim saman um, að fólk hefði drifið að lögreglubílnum, eftir að ákærði var færður yfir í hann. Það hefði verið með æsing og þeir lögreglumennirnir því talið réttast að hverfa af svæðinu.

Vitnið Hlöðver bar, að fólksbíllinn hefði verið í á að giska 100-200 m fjarlægð frá lögreglubílnum, þegar honum var ekið út á vegkant á hæðarbrún, ljós slökkt, og þegar þeir lögreglumennirnir hefðu komið að, hefði verið búið að drepa á vélinni. Fólksbíllinn hefði farið í hvarf í lægð einu sinni, eftir að þeir sáu hann fyrst, en ekki eftir að hann var stöðvaður í vegkantinum, og frá því hefðu þeir fylgst vel með honum. Vitnið treystist ekki til að segja til um, hve margt manna hefði verið í bílnum, en sagði, að það hefði verið setið aftur í og frammi í.

Vitnið Guðmundur kvaðst halda, að fólksbíllinn hefði verið í 200-300 m fjarlægð frá lögreglubifreiðinni, þegar þeir sáu hann fyrst. Hann hefði horfið örskotsstund, en síðan komið upp á hæð og verið stöðvaður hægra megin á veginum. Þá hefði verið mjög stutt á milli bíla, líklega 15-20 m.

Eftir ábendingu ákærða hafa komið fyrir dóm sem vitni Kristín Kristjánsdóttir, kt. 241070-2989, Díana Bjarnadóttir, kt. 010569-5839, Hilmar Viðarsson, kt. 291270-5739, Unnar Þór Gunnarsson, kt. 110168-5519, og Ingibjörg Bjarnadóttir, kt. 191070-4619.

Þessi vitni báru öll, að þau hefðu verið á hlöðuballinu og farið af því í bifreiðinni R-63966 með ákærða. Þeim bar saman um, að ákærði hefði ekki ekið bifreiðinni. Ekkert þeirra kunni nein skil á ökumanni. Þau voru samsaga um, að ökumaður hefði stöðvað bílinn á leiðinni af dansleiknum, hann hefði farið úr bílnum til að útvega áfengi í tjöldum þar nærri. Bílstjórinn hefði ekki komið aftur, og ekkert vitnanna kvaðst hafa séð hann síðan.

Þessum fimm vitnum bar saman um, að fólksbíllinn hefði verið troðfullur af fólki, en mundu misjafnlega, hve margt fólk var í honum, nefndu tölurnar sjö til níu. Þeim bar saman um, að ákærði Bergur hefði setið í framsæti, en framburður þeirra var nokkuð á reiki um það, hvar hann sat í framsæti, við hlið bílstjóra eða við dyr farþega megin, áður en hann færði sig í bílstjórasætið að ökumanni brott gengnum.

Vitnin kváðust ekki vita, hvað varð um bíllyklana, nema vitnið Hilmar Viðarsson. Það bar, að bílstjórinn hefði tekið þá með sér.

Vitnið Kristín Kristjánsdóttir kvaðst hafa tekið eftir lögreglubílnum, þegar fólksbíllinn hafði verið stöðvaður. Þá hefðu verið 200-300 m milli bíla. Lögreglubíllinn hefði horfið sjónum vitnisins tvisvar, eftir að það sá hann fyrst. Vitnið Díana Bjarnadóttir bar, að nokkru eftir, að bíll þeirra hefði verið stöðvaður, hefðu þau tekið eftir lögreglubíl fram undan, sem ekið hefði verið í átt að þeirra bíl. Vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hve langt hefði verið milli bíla, en það hefðu verið einhver hundruð metra. Vitnið Unnar Þór Gunnarsson kvaðst hafa tekið eftir lögreglubíl einhvern tíma, eftir að bíll þeirra hafði verið stöðvaður, og hann hefði komið á móti þeim. Töluverður spotti hefði verið í hann, en vitnið gat ekki greint frá því nánar. Bíll þeirra hefði verið nýkominn upp úr lægð, er hann var stöðvaður. Vitnisburður Hilmars og Ingibjargar var óglöggur um þessi atriði.

Vitnin voru öll meira eða minna undir áhrifum áfengis, þegar atvik gerðust.

Vettvangsganga.

Dómari fór á vettvang í Öndverðarnesslandi fimmtudaginn 16. janúar sl. ásamt þingvotti og vitnunum Hlöðver Magnússyni og Guðmundi Sigurðssyni. Þá var bókað:

„Staldrað var fyrst við á krossvegamótum á Öndverðarnessafleggjara, en skv. framburði vitna, lögreglumannanna Hlöðvers Magnússonar og Guðmundar Sigurðssonar, voru þeir að koma af vegarslóða að austan (til vinstri, þegar horft er að bænum Öndverðarnesi) og óku inn á Öndverðarnessveg í átt að bænum, þegar þeir mættu bíl þeim, er ákærði var í. Ekið er nú í átt að bænum og stansað þar, sem fyrrgreind vitni segja vera hæðarbrún þá, er bíll ákærða hafi verið stöðvaður á, og er hún skv. stikun viðstaddra tæplega 150 m sunnan við krossvegamótin. Sunnan við hæðarbrúnina er allmikil lægð, en handan hennar hæð rétt norðan bæjar, og skv. vegmæli bílsins eru um 550 m milli hæða."

Niðurstöður.

Framburður lögreglumannanna tveggja, Hlöðvers Magnússonar og Guðmundar Sigurðssonar, er að verulegu leyti samhljóða um atriði, sem benda til sektar ákærða.

Frásögn ákærða og vitnanna fimm, sem með honum voru í bifreiðinni R-63966, um ökumanninn, sem hvarf á brott og ekkert þeirra veit nein deili á, nema hvað ákærði kvaðst hafa heyrt hann nefndan Palla, þykir dómara vera með ólíkindum.

Vitnisburður þeirra fimm vitna, sem kváðust hafa verið með ákærða í bifreiðinni, leiðir þó til þess, að óhjákvæmilegt er að telja, að sekt ákærða hafi ekki verið sönnuð, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Ber svo að gera, þrátt fyrir það að framburður þessara fimm vitna, hvers fyrir sig, þyki dómara ekki sem áreiðanlegastur, þar sem þau voru öll meira eða minna undir áhrifum áfengis, þegar atvik gerðust. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sá annmarki er á frumrannsókn málsins, að lögreglumennirnir tveir, sem afskipti höfðu af ákærða í Öndverðarnesi, höfðu ekki tök á að fá að vita deili á fólki því, sem var með ákærða í bifreiðinni R-63966, né neinum öðrum, sem nærri henni voru. Voru því ekki teknar af því skýrslur af lögreglu.

Eftir úrslitum málsins verður allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., og þykja þau hæfilega ákveðin 60.000 kr. auk virðisaukaskatts. Ekki standa lög til að dæma dráttarvexti á málflutningsþóknun, svo sem verjandi ákærða hefur krafist.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Bergur Þór Rögnvaldsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., 60.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Föstudaginn 13. nóvember 1992.

Nr. 223/1992. **Eyþór Þórarinsson**

gegn

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,
Byggingarsjóði ríkisins,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða,
Guðmundi Aðalsteinssyni,
Búnaðarbanka Íslands,
Húsasmiðjunni hf.,
Íslandsbanka hf.,
Brunabótafélagi Íslands,
Vátryggingafélagi Íslands hf.,
innheimtumanni ríkissjóðs í Garðabæ,
bæjarsjóði Garðabæjar og
uppboðshaldaranum í Garðabæ.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. maí 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að annað og síðara nauðungaruppboð á fasteigninni Eskiholti 1 í Garðabæ, sem fram fór 28. apríl 1992, verði fellt úr gildi og meðferð uppboðsmálsins í heild ómerkt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila in solidum.

Varnaraðilarnir Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Íslandsbanki hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða krefjast staðfestingar hinnar kærðu uppboðsgerðar og kærumálskostnaðar. Þá krefst Gjaldheimtan í Garðabæ og staðfestingar, en ekki kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Búnaðarbanki Íslands krefst frávísunar málsins frá Hæstarétti og kærumálskostnaðar.

Kröfur hafa ekki borist frá öðrum varnaraðilum.

I.

Mál þetta var þingfest að beiðni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 27. apríl 1990. Fyrri sala fór fram 25. júní sama ár. Annað og síðara nauðungaruppboð fór fram 28. apríl 1992, eftir að málinu hafði verið frestað sex sinnum. Eftirfarandi var þá bókað í þingbók uppboðsréttar:

„Ár 1992, þriðjudaginn 28. apríl, er uppboðsréttur Garðakaupstaðar settur á skrifstofu embættisins og haldinn af Ólafi Þ. Haukssyni fulltrúa með undirrituðum votti.

Fyrir er tekið: 1) Að selja á nauðungaruppboði fasteignina Eskiholt 1, Garðakaupstað, sem er þinglesin eign Eyþórs Þórarinssonar.

Skjöl málsins nr. 1-91 liggja frammi, en uppboðshaldari leggur nú fram sem réttarskjöl nr. 93-94, tilkynningar, endursendar tilkynningar og auglýsing.

Af hálfu uppboðsþola mætir enginn.

Af hálfu uppboðsbeiðenda mæta Ingvar Björnsson hdl. fyrir Baldur Guðlaugsson hrl., Andra Árnason hdl., Íslandsbanka hf., Sigríði Thorlacius hdl., Brynjólf Kjartansson hrl., Búnaðarbanka Íslands og Eggert B. Ólafsson hdl., Ingi H. Sigurðsson hdl. fyrir Steingrím Eiríksson hdl., Reyni Karlsson hdl., veðdeild Landsbanka Íslands og Gjaldheimtuna í Garðabæ, og krefjast þeir þess, að sala fari fram hér og nú. Eftir að uppboðsskilmálar og veðbókarvottorð hafa verið kynnt viðstöddum, var leitað boða í eignina.

Þessi boð komu fram: kr. 200.000 frá Ingvari Björnssyni hdl. fyrir Baldur Guðlaugsson hrl.

Ákveðið er að halda þriðja og síðasta uppboð á eigninni sjálfri mánudaginn 25. 5. 1992 kl. 13.00."

Eins og fram kemur í ofangreindri bókun, var ekki mætt af hálfu sóknaraðila við þetta uppboð. Í því sambandi er þess að gæta, að í næsta þinghaldi á undan, 20. janúar 1992, þar sem sóknaraðili var mættur, var uppboðsaðgerðum frestað til 25. maí 1992. Þeirri ákvörðun virðist hafa verið breytt utan réttar. Gögn málsins bera það hins vegar með sér, að sóknaraðila var send tilkynning um þinghaldið 28. apríl í ábyrgðarbréfi, sem ekki virðist hafa verið vitjað. Þá var sóknaraðila einnig send tilkynning í ábyrgðarbréfi dagsettu 29. apríl 1992 um fyrirhugaða þriðju sölu fasteignarinnar hinn 25. maí sama ár.

II.

Varnaraðilinn Búnaðarbanki Íslands byggir kröfu sína um frávísun á því, að uppboðsmálinu hafi ekki verið lokið, þar sem ákveðið hafi verið þriðja og síðasta uppboð. Hann telur, að áfrýjun málsins hafi farið í bága við c-lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Ekki eru efni til þess að taka frávísunarkröfu þessa til greina.

III.

Sóknaraðili byggir ómerkingarkröfu sína á þeim ástæðum, að uppboðsauglýsingu í Lögbirtingablaði hafi verið ábótavant, sér hafi ekki verið send tilkynning um uppboðsþingið 28. apríl 1992, uppboðshaldari hafi ekki skorað á menn þrisvar að gera yfirboð né látið hamar sinn falla, uppboðshaldari hafi verið vanhæfur til meðferðar málsins, þar sem hann hafi jafnframt verið innheimtumaður ríkissjóðs og sem slíkur aðili uppboðsins, ólöglærður maður hafi margsinnis mætt í málinu fyrir uppboðsbeiðendur, og ekki hafi verið nema einn vottur við fyrirtöku málsins í uppboðsrétti utan einu sinni.

IV.

Sóknaraðili mætti sjálfur sex sinnum í uppboðsrétti Garðakaupstaðar og hreyfði aldrei athugasemdum við meðferð málsins. Honum var send tilkynning um fyrirhugað annað og síðara uppboð með fullnægjandi hætti og átti þess því kost að gæta réttar síns þar. Við svo búið og þar sem önnur atriði leiða ekki til ómerkingar uppboðsmálsins, verður hin kærða uppboðsgerð staðfest.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Búnaðarbanka Íslands, Íslandsbanka hf., Vátryggingafélagi Íslands hf. og Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin kærða uppboðsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Eyþór Þórarinsson, greiði varnaraðilunum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Búnaðarbanka Íslands,

Íslandsbanka hf., Vátryggingafélagi Íslands hf. og Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða 30.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.

Mánudaginn 16. nóvember 1992.

Nr. 403/1992. **Umsjónarfélag einhverfra**
vegna sjálfs sín og
Árna Hjartarsonar,
Hallgerðar Gísladóttur,
Lúðvíks Baldurssonar og
Þóreyjar Aspelund
gegn
Guðmundi J. Guðjónssyni,
Guðrúnu V. Sverrisdóttur,
félagsmálaráðherra og
Helgu Ingólfsdóttur
fyrir hönd Páls Helga Arnarsonar.

Kærumál. Kæruheimild. Meðalganga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. október 1992 samkvæmt heimild í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðfeð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér heimiluð meðalganga. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilarnir Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar um annað en málskostnað. Þau krefjast málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðilinn félagsmálaráðherra krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðilinn Helga Ingólfsdóttir fyrir hönd Páls Helga Arnarsonar gerir ekki sjálfstæðar kröfur hér fyrir dómi, en lýsir stuðningi sínum við kröfur sóknaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður að fallast á þá niðurstöðu, að sóknaraðili eigi ekki að lögum rétt til meðalgöngu í málinu vegna sjálfs sín.

Eins og þetta mál liggur fyrir, eru ekki heldur lagaskilyrði til þess, að sóknaraðili geti farið með meðalgöngusök í því vegna félagsmanna sinna.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð um annað en málskostnað.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Aðrir varnaraðilar hafa ekki krafist málskostnaðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Umsjónarfélag einhverfra vegna sjálfs sín og Árna Hjartarsonar, Hallgerðar Gísladóttur, Lúðvíks Baldurssonar og Þóreyjar Aspelund, greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur 60.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Í 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eru heimildir til kæru til Hæstaréttar tæmandi taldar. Þar er ekki að finna sérstaka heimild til þess að kæra synjun héraðsdómara um að heimila meðalgöngu. Í 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sem felld var úr gildi með fyrrnefndum lögum, var hins vegar bæði að finna heimild til þess að kæra úrskurð héraðsdómara um, að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi, og um synjun að heimila meðalgöngu, sbr. b-lið og i-lið 1. tl. 1. mgr. Í frumvarpi til laga nr. 91/1991 er ekki að finna skýringu á því, hvers vegna sá háttur er ekki hafður á í þeim lögum.

Frávísun á kröfu til efnisdóms verður eigi lögð að jöfnu við synjun um aðgang að máli, sem rekið verður áfram að efni til milli annarra aðila, en í slíkri synjun felst ekki endanlega úrlausn um réttmæti dómkröfu. J-liður 143. gr. laga nr. 91/1991 verður ekki

talinn fela í sér kæruheimild vegna synjunar um meðalgöngu. Brestur því heimild til kæru í máli þessu, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, ber mér samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1973 að greiða atkvæði um efni máls, og er ég þá samþykkur atkvæði meiri hlutans.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 14. október 1992.

1.0.

Meðalgöngumál þetta, sem tekið var til úrskurðar þriðjudaginn 29. september sl., hefur Umsjónarfélag einhverfra, kt. 700179-0289, Laufásvegi 4, Reykjavík, vegna félagsins sjálfs og vegna Árna Hjartarsonar, kt. 140649-2959, og Hallgerðar Gísladóttur, kt. 280952-4869, Ljósvallagötu 12, Reykjavík, foreldra Sigríðar Árnadóttur, kt. 250775-5479, Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, og vegna Lúðvíks Baldurssonar, kt. 250350-3929, og Þóreyjar Aspelund, kt. 250955-5899, Gerðavöllum 48 B, Sandgerði, foreldra Lindu Rósu Aspelund Lúðvíksdóttur, kt. 070876-3109, Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir bæjarþingi Seltjarnarness með stefnu, birtri 15. maí 1992, á hendur Guðmundi J. Guðjónssyni, kt. 190733-2629, og Guðrúnu V. Sverrisdóttur, kt. 110343-2059, báðum til heimilis að Sæbraut 3, Seltjarnarnesi, og félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, kt. 041042-4869, félagsmálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, og Helgu Ingólfsdóttur, kt. 280946-2579, Ferjubakka 6, Reykjavík, vegna ólögráða sonar hennar, Páls Helga Arnarsonar.

Mál þetta var til meðferðar á bæjarþingi Seltjarnarness til 1. júlí 1992.

Aðalkrafa meðalgöngustefnanda, sem snýr að bæði stefnendum og stefndu í málinu, er sú, að meðalganga verði heimiluð í héraðsdómsmálinu nr. HE-605/1991.

Aðalkrafa meðalgöngustefnanda, sem snýr að stefnendum, er, að héraðsdómsmálinu nr. HE-605/1991 verði vísað frá dómi.

Til vara krefst meðalgöngustefnandi, að viðurkenndur verði réttur Umsjónarfélags einhverfra til að starfrækja meðferðarheimili eða sambýli fyrir fatlaða að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi að fengnu starfsleyfi félagsmálaráðuneytisins.

Til þrautavara er þess krafist, að stefndi félagsmálaráðherra verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda í héraðsdómsmálinu nr. HE-605/1991.

Í öllum tilvikum krefst meðalgöngustefnandi málskostnaðar að með töldum virðisaukaskatti samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur meðalgöngustefndu Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur eru eftirgreindar: aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að synjað verði kröfu meðalgöngustefnanda um meðalgöngu, til þrautavara, að öllum kröfum meðalgöngustefnanda verði hafnað að efni til, þ. m. t. verði meðalgöngustefndu Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir sýknuð af kröfu um viðurkenningu á rétti Umsjónarfélags einhverfra „ til að starfrækja meðferðarheimili að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi að fengnu starfsleyfi félagsmálaráðuneytisins".

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómkröfur félagsmálaráðherra eru eftirgreindar: aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að synjað verði kröfu meðalgöngustefnanda um heimild til meðalgöngu í máli því, sem Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir hafa höfðað gegn félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilis að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.

Þá er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu meðalgöngustefndu Helgu Ingólfsdóttur er gerð sú krafa, að fallist verði á kröfur meðalgöngustefnanda í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Ríkissjóður er eigandi fasteignarinnar nr. 2 að Sæbraut á Seltjarnarnesi. Frá hausti 1989 hefur verið starfrækt þar meðferðarheimili fyrir einhverfa á vegum félagsmálaráðuneytis.

Meðalgöngustefndu Guðmundur og Guðrún, sem búsett eru gegnt meðferðarheimilinu að Sæbraut 3, sættu sig ekki við starfrækslu meðferðarheimilisins á þessum stað, og höfðuðu þau mál á hendur félagsmálaráðherra á síðastliðnu ári, héraðsdómsmál nr. HE-605/1991, þar sem þau krefjast þess, að félagsmálaráðherra verði dæmt óheimilt að starfrækja meðferðarheimili eða sambýli fyrir einhverfa að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi og félagsmálaráðherra gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja niður þá starfsemi, sem fram fer í húsinu að Sæbraut 2. Jafnframt krefjast þau málskostnaðar.

Af hálfu félagsmálaráðherra er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til vara sýknu af hluta af kröfum stefnenda. Jafnframt er krafist málskostnaðar.

Með dómi Hæstaréttar 8. janúar síðastliðinn var Helgu Ingólfsdóttur fyrir hönd ólögráða sonar síns, Páls Helga, heimiluð meðalganga í umræddu máli. Af hálfu hennar er þess krafist, að hún og félagsmálaráð-

herra verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda. Hún krefst einnig málskostnaðar.

— — —

7.0.

Forsendur og niðurstaða.

Meðalgöngustefnandi, Umsjónarfélag einhverfra, er félag, sem starfar á landsgrundvelli, og eru markmið félagsins, að komið verði á fót stofnunum við hæfi einstaklinga með einhverfueinkenni, að séð verði fyrir nægri og ákjósanlegri kennslu fyrir einhverfa og eigi minni en lög kveða á um, að stuðla að því að mennta og sérþjálfa fólk í meðferð og umönnun einhverfra, að vera vettvangur fyrir gagnkvæman stuðning aðstandenda einhverfra og staðið verði fyrir reglulegum fræðslufundum fyrir félagsmenn. Félagar geta verið foreldrar, ættingjar og annað áhugafólk um velferð einhverfra.

Þótt markmið félagsins sé því að gæta hagsmuna einhverfra í hvívetna, þá er ekki saman að jafna þeim hagsmunum, sem heimilismenn meðferðarheimilis hafa af úrslitum aðalsakar, og þeim hagsmunum, sem félagið hefur af úrslitunum. Verði dómkröfur í aðalsök teknar til greina, missa heimilismenn heimili sitt. Hagsmunir félagsins eru hins vegar almenns eðlis, þ.e., varða hagsmuni einhverfra almennt. Dómur í aðalsök tekur einvörðungu til þess sakarefnis, sem þar er til efnismeðferðar, og bindur einvörðungu aðila þess máls. Þótt sá dómur hefði fordæmisgildi, getur málið samt sem áður ekki skapað rétt fyrir aðra til meðalgöngu í málinu en þeirra (sic), sem beinna hagsmuna hafa að gæta, svo sem íbúa meðferðarheimilisins. Almenn sjónarmið um stöðu einhverfra koma til skoðunar í aðalsök, en málið fer eftir almennum reglum um sakarforræði aðila.

Þegar framangreint er virt, þykir á skorta, að hagsmunir þeir, sem meðalgöngustefnandi, Umsjónarfélag einhverfra, lætur sig varða, séu svo afmarkaðir og varði með svo beinum hætti ágreininginn í aðalsök, að hann eigi rétt vegna félagsins sjálfs til meðalgöngu í því máli eftir 20. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í 17. gr. laga nr. 91/1991 og 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur eru taldir upp þeir, sem geta farið með mál fyrir dómi. Ekki er að finna í íslenskum rétti heimild til að fela samtökum eins og Umsjónarfélagi einhverfra slíka málsókn fyrir hönd annarra einstaklinga. Er það í andstöðu við áðurnefnd lagaákvæði og á sér ekki stoð í öðrum réttarheimildum. Hæstaréttardómur í hæstaréttarmálinu nr. 501/1991, Helga Ingólfsdóttir f. h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, gegn Guðmundi J. Guðjónssyni, Guðrúnu V. Sverrisdóttur og félagsmálaráðherra, verður eigi talinn veita fordæmi að þessu leyti. Þá er heimild samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 bundin við rekstur máls í eigin nafni.

Þegar af framangreindum ástæðum þykja réttarfarsskilyrði ekki vera uppfyllt fyrir meðalgöngu þessari, og ber því að synja meðalgöngustefnanda um meðalgöngu í héraðsdómsmáli nr. HE-605/1991.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Ekki verður tekin afstaða til annarra krafna málsaðila í þessu máli.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Meðalgöngustefnanda, Umsjónarfélagi einhverfra vegna félagsins sjálfs og vegna Árna Hjartarsonar, Hallgerðar Gísladóttur, Lúðvíks Baldurssonar og Þóreyjar Aspelund, er synjað um meðalgöngu í héraðsdómsmáli nr. HE-605/1991: Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir gegn félagsmálaráðherra, og meðalgöngusök Helgu Ingólfsdóttur f. h. Páls Helga Arnarsonar gegn Guðmundi J. Guðjónssyni o. fl.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. nóvember 1992.

Nr. 410/1992. **Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs**
gegn
Skarphéðni Ólafssyni.

Kærumál. Dómari. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. október 1992. Um kæruheimild vísar hann til a-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar að nýju.

Varnaraðilinn, Skarphéðinn Ólafsson, gerir sömu kröfur og sóknaraðili, en krefst að auki kærumálskostnaðar.

Héraðsdómari hefur metið það svo, að bróðir sinn, Pétur Gautur Kristjánsson, kunni að vera riðinn við ágreiningsefni aðila á þann veg, að þýðingu geti haft fyrir úrlausn málsins. Með hliðsjón af umfjöllun dómara um dómskjal, þar sem bróður hans er getið, verður að una við það mat, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 1992.

Samkvæmt gögnum málsins virðist Pétur Gautur Kristjánsson hdl., sem er bróðir dómarans, hafa verið kennari við héraðsskólann á Reykjanesi í skólastjóratíð stefnanda og átt ásamt honum mestan þátt í að stofna menntadeild við skólann, sem, eftir því sem segir í bréfi stefnanda til menntamálaráðuneytis, dags. 22. júlí 1987, „ var ekki hátt skrifuð (sic) hjá formanni skólanefndar né sumum skólanefndarmönnum". Pétur kann

þannig ekki aðeins að búa yfir vitneskju, sem gæti haft þýðingu fyrir málið, heldur jafnvel vera riðinn við ágreiningsefni aðila, sem gætu haft þýðingu um lögmæti lausnar stefnanda. Bréfið er ritað, eftir að skólanefnd hafði veitt stefnanda harða áminningu og farið þess eindregið á leit við hann, að hann segði þegar starfi sínu lausu. Stefndi styður bæði sýknukröfu sína og kröfu um lækkun öðrum þræði þeim rökum, að stefnandi hafi unnið til þess að vera vikið án bóta, enda hafi skilyrði um áminningu verið fullnægt. Hafi áminningin verið háð annmörkum, kann hún að vera gildislaus, og virðist framlagning bréfsins vart geta haft aðra þýðingu í málinu en sýna fram á, að áminningar skólanefndar hafi verið háðar annmörkum vegna óvildar einstakra nefndarmanna í garð stefnanda.

Þótt aðilar hafi ekki óskað eftir að koma að vætti Péturs, kann að verða ástæða til, að dómarinn gefi aðilum kost á því samkvæmt ákæðum 104. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 3. mgr. 101. gr. s. l. Samkvæmt f-lið 5. gr. er dómari vanhæfur til meðferðar máls, ef hann er skyldur vitni að öðrum lið til hliðar.

Þessar aðstæður þykja vera fallnar til að vekja með réttu efa um óhlutdrægni dómarans. Ber honum þá að víkja sæti í málinu.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn reglulegi héraðsdómari, Steingrímur Gautur Kristjánsson, víkur sæti í máli þessu.

Mánudaginn 16. nóvember 1992.

Nr. 34/1992. **Hjörtur Bragi Sverrisson**

gegn

Félagsstofnun stúdenta.

Kærumál. Útburður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og varnaraðili dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Í máli þessu greinir aðila meðal annars á um það, hvort tilteknum ákvæðum laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga verði beitt um skildaga samninga um leigu húsnæðis á stúdentagarði, svokölluðum hjónagarði.

Hér er um að ræða réttarágreining, sem ekki verður skorið úr í útburðarmáli á grundvelli Norsku laga Kristjáns konungs V. frá 15. apríl 1687, VI. bók, 14. kapítula, 6. grein, um ofríki og herverk, sbr. 78. gr. laga nr. 90/1989. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu eru atvik upplýst og málsástæður og lagarök aðila komin fram, svo að engin þörf er á frekari gagnaöflun. Er rétt að

taka efnislega afstöðu til þess, hvort útburður skuli fram fara á grundvelli ótvíræðra ákvæða húsaleigusamnings, eins og fógeti gerði. Tel ég, að staðfesta beri þá niðurstöðu, sem fógetinn komst að í úrskurði sínum 11. nóvember 1991 á grundvelli þess ákvæðis Norsku laga, sem nefnt er í dómi meiri hluta Hæstaréttar, sbr. nú 78. gr. laga nr. 90/1989.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 11. nóvember 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 31. október sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Félagsstofnun stúdenta, kt. 540165-6249, Reykjavík.

Gerðarþoli er Hjörtur Bragi Sverrisson, kt. 101065-3409, Suðurgötu 69, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi gerir kröfu um, að gerðarþoli verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur ásamt Lucindu Sigríði Árnadóttur haft til afnota að Suðurgötu 69, Reykjavík, tveggja herbergja íbúð, merkt 203. Við munnlegan flutning málsins gerði gerðarbeiðandi kröfu um málskostnað að mati réttarins úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli gerir kröfu um, að útburðarkröfu gerðarbeiðanda verði hafnað. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins skv. 3. mgr. 185. gr. laga 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og dráttarvaxta af málskostnaði skv. III. kafla laga nr. 25/1987.

— — —

Niðurstaða.

Gerðarþoli reisir kröfu sína um, að hafna beri fram kominni útburðarkröfu, á því í fyrsta lagi, að úthlutunarnefnd hafi verið vanhæf til að taka ákvörðun um synjun umsóknar hans. Upplýst er í málinu, að nefndin var ekki fullskipuð, þar sem enginn háskólakennari sat í henni. Ekkert liggur fyrir í málinu um, að ólögmæt sjónarmið hafi verið látin ráða, er ákvörðun var tekin um höfnun umsóknar gerðarþola. Þá verður ekki fallist á með gerðarþola, að það, að nefndin var ekki fullskipuð, eigi að hafa þau áhrif, að ákvörðun um höfnun umsóknar hans sé markleysa.

Í öðru lagi reisir gerðarþoli synjunarkröfu sína á því, að úthlutunarnefnd hafi ekki túlkað gildandi úthlutunarreglur á réttan hátt. Umsókn sín hefði átt að falla undir grein 11. 4., A-lið, í úthlutunarreglum, en ekki grein 11. 4., E-lið, eins og úthlutunarnefnd hefði gert. Ekki er fallist á þennan skilning gerðarþola á úthlutunarreglunum. Gerðarþoli gaf þær upplýsingar í umsókn, dags. 24. júní 1990, að maki sinn væri í námi, og mátti honum vera ljóst, að þær upplýsingar væru nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að umsókn

hans um húsnæði á hjónagörðum yrði tekin til greina. Úthlutunarreglurnar eru skýrar, að því er þetta varðar. Þegar afstaða var tekin til umsóknar gerðarþola um húsnæði á hjónagörðum, dagsettrar 24. júní 1991, lá fyrir, að maki hans var hættur í námi. Verður því að fallast á það með gerðarbeiðanda, að honum hafi verið heimilt að hafna umsókn gerðarþola, þar sem hann fullnægði ekki lengur skilyrðum til úthlutunar samkvæmt gildandi úthlutunarreglum.

Að lokum byggir gerðarþoli á því, að hann hafi forgöngurétt til hins leigða húsnæðis samkvæmt lögum nr. 44/1979 um húsaleigusamninga, 8. gr., sbr. lög nr. 70/1984. Gerðarbeiðanda hafi ekki verið heimilt að setja sérákvæði í leigusamning þann, sem gerður hafi verið milli hans og gerðarþola, er þrengi rétt hins síðarnefnda. Slíkt ákvæði stangist á við 2. gr. laga nr. 44/1979, og sé því ekki hægt að beita því gagnvart leigutökum. Í áðurnefndu ákvæði 13. 1. í leigusamningi aðila er kveðið á um, að ef leigutaki fullnægi ekki lengur gildandi úthlutunarreglum, þá muni leigusamningurinn ekki verða framlengdur að leigutímanum loknum. Í 3. tl., A-lið, leigumála aðila, þar sem fjallað er um leigutíma, er útdráttur úr 8. gr. laga 44/1979 og i. f. vísað í grein 13. 1.

Ekki er fallist á þann skilning gerðarþola, að grein 13. 1. í húsaleigusamningi aðila stangist á við 8. gr. laga 44/1979 um húsaleigusamninga. Verður að telja slíka niðurstöðu eðlilega með hliðsjón af eðli þeirrar starfsemi, sem gerðarbeiðandi hefur með höndum. Þá mátti gerðarþola vera fullkunnugt um þetta sérákvæði, er hann gerði leigusamning við gerðarbeiðanda.

Samkvæmt því verður að taka kröfu Félagsstofununar stúdenta um útburð á Hirti Braga Sverrissyni ásamt Lucindu Sigríði Árnadóttur til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Félagsstofnunar stúdenta, um útburð á gerðarþola, Hirti Braga Sverrissyni, og Lucindu S. Árnadóttur úr tveggja herbergja íbúð, merktri 203, sem þau hafa haft til afnota að Suðurgötu 69, Reykjavík, er tekin til greina.

Þriðjudaginn 17. nóvember 1992.

Nr. 242/1990. **Landsbanki Íslands**
gegn
Mótási sf.

Kærumál. Uppboð. Úthlutun uppboðsandvirðis. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. júní 1990. Málinu var vikið til kærumeðferðar 1. júlí 1992 samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, og hafa aðilar að nýju lagt fram greinargerðir fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili krefst þess, að sér verði greiddar 51.810.330 krónur auk dráttarvaxta af uppboðsandvirði fasteignarinnar Breiðumerkur 1 C í Hveragerði. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili hefur lagt fram nýjan útreikning á kröfu sinni í uppboðsandvirðið. Er krafan sundurliðuð þannig, að því er tekur til höfuðstóls og dráttarvaxta:

Höfuðstóll veðskuldabréfs á 3. veðrétti	kr. 19.493.574
Dráttarvextir af sama frá 30. september 1987 til 6. október 1988	kr. 9.585.891
Höfuðstóll veðskuldabréfs á 5. veðrétti	kr. 15.104.180
Dráttarvextir af sama frá 30. september 1987 til 6. október 1988	kr. 7.427.424
	Kr. 51.611.069

Í uppboðsbeiðnum sóknaraðila 30. september 1988 gerði hann kröfu um greiðslu á hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum af höfuðstól skuldabréfanna á 3. og 5. veðrétti í hinni veðsettu eign, í öðru tilvikinu frá 17. mars 1987 og hinu frá 30. sama mánaðar og til greiðsludags. Eignin var seld nauðungarsölu 6. október 1988. Með

bréfi 18. janúar 1989 lýsti sóknaraðili kröfu sinni samkvæmt veðbréfunum í uppboðsandvirðið, 51.810.330 krónum. Var útreikningur vaxta í fjárhæðinni að nokkru miðaður við samningsvexti og að öðru leyti við dráttarvexti. Með bréfi 17. febrúar 1989 lýsti hann kröfunni fyrir uppboðshaldara að nýju, og nam hún þá 52.787.998 krónum að meðtöldum innheimtukostnaði. Var nú aðeins reiknað með dráttarvöxtum frá 30. september 1987 til 6. október 1988. Uppboðshaldari gaf bréfinu frá 17. febrúar ekki gaum. Hann tók í frumvarpið til úthlutunar kröfu sóknaraðila, 51.810.330 krónur. Varnaraðili gerði kröfu um lækkun á henni.

Í málinu er ekki um það deilt, að uppboðskrafa þriðjamanns var tekin fyrir í uppboðsrétti 18. júní 1987, og var því samkvæmt ákvæðum í bréfum þeim, sem hér er fjallað um, heimilt að krefja um vexti af þeim frá 30. september 1987, sbr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Eigi hefur sóknaraðili glatað rétti til að reisa aðalkröfu sína á áðurgreindum útreikningi, svo sem hann gerði í uppboðsbeiðnum. Á hinn bóginn getur hann ekki hækkað kröfu sína frá bréfinu 18. janúar 1988.

Samkvæmt þessu verður byggt á framanskráðri sundurliðun, og fær sóknaraðili upp í innheimtukostnað 199.261 krónu.

Krafa sóknaraðila um dráttarvexti frá söludegi er ekki tekin til greina.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Við úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði fær sóknaraðili, Landsbanki Íslands, 51.810.330 krónur vegna 3. og 5. veðréttar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Árnessýslu 22. maí 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 20. f. m.

Sóknaraðili, Mótás sf., gerir þá kröfu aðallega, að við úthlutun á uppboðsandvirði fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði verði varnaraðila vegna veðskuldabréfa á 3. og 5. veðrétti ekki úthlutað hærri fjárhæð en nemur 46.927.941 kr. Til vara krefst sóknaraðili lækkunar á

úthlutun til varnaraðila að mati réttarins. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði dæmdur til greiðslu hæfilegra málflutningslauna og til greiðslu dráttarvaxta af dæmdum málflutningslaunum frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Varnaraðili, Landsbanki Íslands, gerir þá kröfu aðallega, að af uppboðsandvirði fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði verði varnaraðila úthlutað 51.810.330 kr. auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá söludegi eignarinnar til greiðsludags samkvæmt 10. gr. laga nr. 25, 1987. Til vara krefst varnaraðili þess, að úthlutun til varnaraðila verði aldrei lægri en 50.189.495 kr. og kröfu sóknaraðila um frekari lækkun verði vísað frá sem of seint fram kominni. Í báðum tilvikum krefst varnaraðili þess, að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu hæfilegra málflutningslauna og til greiðslu dráttarvaxta af dæmdum málflutningslaunum frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þeirrar skyldu varnaraðila að greiða virðisaukaskatt af keyptri lögmannsþjónustu.

Við munnlegan flutning málsins gerði sóknaraðili svofellda kröfu: „Vegna fram kominnar kröfu varnaraðila um, að krafa hans lækki aldrei meira en um 1.620.835 kr. vegna lækkunarkröfu sóknaraðila, er þess krafist, að verði rétturinn við þeirri kröfu, úrskurði hann, hve mikið hefði greiðst af kröfum sóknaraðila, hefði hún ekki verið tekin til greina, vegna hugsanlegrar skaðabótaskyldu varnaraðila gagnvart sóknaraðila."

II.

Fasteignin Breiðamörk 1 C, Hveragerði (Hótel Örk), var seld á nauðungaruppboði 6. október 1988. Uppboðshaldari samdi frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis eignarinnar að fengnum upplýsingum frá öllum veðhöfum um endanlegar fjárhæðir krafna þeirra. Þar kemur m. a. fram, að úthlutun til varnaraðila á grundvelli veðbréfa á 3. og 5. veðrétti skyldi nema 51.810.330 kr. Frumvarpið var sent öllum aðilum uppboðsmálsins og þeim gerður kostur á að skila athugasemdum við það fyrir kl. 14.00 10. febrúar 1989. Málið var síðan tekið fyrir þann dag, og lagði sóknaraðili þá fram athugasemdir við frumvarpið, sem beindust m. a. að úthlutun til varnaraðila. Ekki tókst að jafna ágreining málsaðila, og ákvað uppboðshaldari, að deiluefnið skyldi tekið til meðferðar í sérstöku uppboðsréttarmáli. Lögðu aðilar fram greinargerðir sínar og önnur skjöl, og 2. mars sl. var málið upphaflega tekið til úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi. Það var síðan endurupptekið 27. s. m. og því beint til aðila, að ákveðin viðbótargögn yrðu lögð fram. Þá var lagt fyrir sóknaraðila að upplýsa tiltekin atriði nánar. Síðan var þingað í málinu 20. f. m., það þá flutt að nýju og tekið til úrskurðar sama dag, eins og áður greinir.

III.

Rétt þykir í upphafi að gera frekari grein fyrir grundvelli málsins.

Samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði skyldi sóknaraðili fá í sinn hlut 145.446 kr. vegna níu veðbréfa á 8. og 9. veðrétti. Eigendur umræddra bréfa auk sóknaraðila voru Alþýðubankinn hf. og Lífeyrissjóður byggingarmanna. Endanleg kröfulýsing vegna bréfa þessara nemur 9.745.445 kr. Sú kröfulýsing sætti ekki andmælum.

Undir rekstri máls þessa var upplýst, að vegna breytinga á upphaflegu frumvarpi að úthlutunargerð hafi ofangreindir eigendur umræddra veðbréfa fengið í sinn hlut 8.124.610 kr. Fram kemur í greinargerð sóknaraðila, að veðbréf í eigu Alþýðubankans hf. og Lífeyrissjóðs byggingarmanna séu nú að fullu greidd, og eigi því sóknaraðili einn málsaðild gagnvart varnaraðila.

Aðalkrafa sóknaraðila felur í sér lækkun á úthlutun til varnaraðila, sem nemur 4.882.389 kr. Er þar annars vegar um að ræða mismun á lýstri kröfu samkvæmt framansögðu, 9.745.445 kr., og þeirri fjárhæð, sem greidd hefur verið upp í þá kröfu, 8.124.610 kr., alls 1.620.835 kr. Krafa sóknaraðila að öðru leyti er studd þremur veðbréfum á 9. veðrétti, sem voru ekki tekin inn í upphaflega kröfulýsingu hans, þar sem þau voru þá haðveðssett varnaraðila. Varnaraðili lýsti hins vegar kröfu í uppboðsandvirði umræddrar fasteignar vegna veðbréfa þessara, og nemur sú krafa 3.261.554 kr. Fram kemur í greinargerð sóknaraðila, að framangreindri handveðssetningu hafi nú verið aflétt. Sóknaraðili hafi sem eigandi bréfanna fengið þau í hendur að nýju, og sé endanleg krafa hans í uppboðsandvirði nefndrar fasteignar vegna þessara þriggja veðbréfa miðuð við sömu fjárhæð og varnaraðili hafði áður lýst.

Aðalkrafa sóknaraðila er samkvæmt þessu þannig fundin:

	Krónur:	Krónur:
1. Níu veðbréf á 8. og 9. veðrétti skv. endanlegri kröfulýsingu:		9.745.445
2. Þrjú veðbréf á 9. veðrétti		3.261.554
3. Innborgun fyrir ritun greinargerðar:	7.780.977	
4. Innborgun eftir ritun greinargerðar:	343.633	
Samtals	8.124.610	13.006.999
Mismunur	4.882.389	
	13.006.999	13.006.999

Til þess að tryggja fulla greiðslu veðkröfu sinnar samkvæmt framansögðu, 13.006.999 kr., hafði sóknaraðili í greinargerð sinni gert kröfu um lækkun á úthlutun til varnaraðila um 3.931.019 kr. Sú kröfugerð hefur síðan tekið breytingum af eftirgreindum ástæðum: Í fyrsta lagi greiddust 343.633 kr. upp í kröfu sóknaraðila eftir ritun greinargerðar hans. Þá er innborgun samkvæmt lið nr. 3. hér að framan ranglega tilgreind í greinargerð sóknaraðila, þ. e. 7.780.980 kr. í stað 7.780.977 kr. Loks liggur fyrir, að skipulagsgjald til ríkissjóðs, að fjárhæð 705.375 kr. (705.000 kr. í greinargerð sóknaraðila), hefur verið greitt af uppboðsandvirðinu, og raskar það því ekki kröfugerð sóknaraðila með þeim hætti, sem hann hefur gert ráð fyrir í greinargerð sinni.

Endanleg aðalkrafa sóknaraðila er samkvæmt þessu þannig fundin: Heildarkrafa að frá dregnum innborgunum (13.006.999 - 7.780.977 - 343.633) = 4.882.389 kr.

— — —

VI.

Meginágreiningsefni málsaðila lýtur að því, hvort samningsvextir, sem samkvæmt kröfulýsingu varnaraðila féllu á veðkröfu hans á árinu 1987, eigi ásamt dráttarvöxtum af þeim að koma til fullrar greiðslu á undan veðkröfum réttlægri veðhafa eða hvort ákvæði laga nr. 23, 1901, standi þeirri niðurstöðu í vegi.

Tilvitnað ákvæði laga nr. 23, 1901, um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum hljóðar svo: „Sé skuldunaut veittur gjaldfrestur á vöxtum af skuld, sem fasteignaveð er fyrir, eftir að þeir eru komnir í gjalddaga, þá helst eigi forgangsréttur til veðsins fyrir vöxtum þessum gagnvart síðari veðhöfum lengur en eitt ár frá því þeir komu í gjalddaga.“

Væri rétthærri veðhafa heimilt að veita skuldara ótakmarkaðan gjaldfrest á vöxtum af veðskuld án þess að glata forgangsrétti sínum til greiðslu þeirra af andvirði veðsins, þá gæti hann á þann hátt hækkað veðtryggða kröfu sína á kostnað síðari veðhafa, án þess að þeim þyrfti að vera það kunnugt. Telja verður, að tilgangur framangreinds lagaákvæðis sé sá að sporna við þessu með því að tryggja, að síðari veðhafi megi treysta því, að svo lengi sem rétthærri veðhafar krefjast eigi aðgerða dómstóla til fullnustu krafna sinna, þá gangi aldrei hærri veðtryggðar kröfur að viðbættum lögveðskröfum eða forgangskröfum framar veðkröfu hans en nemur höfuðstól rétthærri veðskulda að viðbættum umsömdum vöxtum af þeim, sem fallið hafa í gjalddaga á næstliðnu ári, hugsanlega að viðbættum dráttarvöxtum og kostnaði af vanskilum skuldara.

Þegar litið er til orðalags laga nr. 23, 1901, og framangreindur tilgangur laganna virtur, verður að telja, að samningsvextir falli undir ákvæði þeirra.

Samkvæmt kröfulýsingu varnaraðila í uppboðsandvirði hinnar seldu fast-

eignar féllu umdeildir samningsvextir af veðkröfum hans í gjalddaga 17. og 30. mars 1987 og 17. og 30. september sama ár, en við úrlausn málsins þykir mega styðjast við þá tilgreiningu á gjalddögum samningsvaxtanna. Þá ber að fallast á það með sóknaraðila, að varnaraðili hafi veitt uppboðsþola gjaldfrest á þeim vöxtum í skilningi laga nr. 23, 1901, en af gögnum málsins verður ekki ráðið, að varnaraðili hafi viðhaft aðrar innheimtuaðgerðir en þær, að hann sendi uppboðsréttinum uppboðsbeiðnir vegna umræddra veðkrafna sinna, sem dagsettar eru 30. september 1988.

Krafa sóknaraðila um lækkun á úthlutun til varnaraðila með vísun til laga nr. 23, 1901, er á því byggð, að réttarverkunum laganna, að því er framangreinda samningsvexti varðar, hafi eigi verið slitið innan árs frá nefndum vaxtagjalddögum, svo sem boðið er í lögunum.

Uppboðsbeiðnir varnaraðila vegna umræddra tveggja veðbréfa voru lagðar fram í uppboðsréttinum 6. október 1988. Þá fyrst mátti síðari veðhöfum í umræddri eign vera kunnugt um vanskil á greiðslu vaxta af veðbréfum varnaraðila. Samkvæmt þessu og með því að telja verður, að lög nr. 23, 1901, hafi þann tilgang, sem áður er rakinn, er það álit réttarins, að með framlagningu á uppboðsbeiðnum varnaraðila í uppboðsrétti 6. október 1988 hafi veittur gjaldfrestur á umdeildum samningsvöxtum fyrst verið rofinn og að varnaraðili njóti þar með einungis forgangs gagnvart síðari veðhöfum fyrir þeim vöxtum af höfuðstól veðkrafna hans, sem féllu í gjalddaga á næstliðnu ári þar á undan, frá og með 6. október 1987.

Með því, sem nú hefur þegar verið rakið, verður réttur varnaraðila til að fá vexti, samtals að fjárhæð 1.620.835 kr., greidda af uppboðsandvirði hinnar seldu eignar að víkja fyrir veðkröfum réttlægri veðhafa. Málsástæður varnaraðila leiða ekki til annarrar niðurstöðu. Samkvæmt þessu koma veðkröfur sóknaraðila, Alþýðubankans hf. og Lífeyrissjóðs byggingarmanna, vegna sex veðbréfa á 8. veðrétti og þriggja veðbréfa á 9. veðrétti til fullrar greiðslu af uppboðsandvirði eignarinnar. Álitaefni er eftir sem áður, hvernig fara skuli með veðkröfur sóknaraðila samkvæmt þremur veðbréfum á 9. veðrétti, samtals að fjárhæð 3.261.554 kr., en af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að athugasemdir sóknaraðila við frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis, sem lagðar voru fram í uppboðsréttinum 10. febrúar 1989, eigi ekki við um þau veðbréf.

Á þeim tíma, er umræddar athugasemdir voru gerðar, hafði varnaraðili handveðsrétt í þeim veðbréfum sóknaraðila, sem hér um ræðir. Innheimta þeirra var því í höndum varnaraðila, og lýsti hann þar að lútandi kröfu í uppboðsandvirðið með bréfi, dags. 18. janúar 1989. Uppboðsbeiðnir varnaraðila vegna veðbréfanna eru dagsettar 19. og 20. september 1988, og voru þær lagðar fram í uppboðsréttinum 6. október sama ár. Þykir verða, eins og mál þetta er vaxið að þessu leyti, að fallast á það með sóknar-

aðila, að taka beri lækkunarkröfu hans í máli þessu að fullu til efnislegrar úrlausnar, þó að frádregnum málskostnaði af umræddum veðkröfum, samtals að fjárhæð 137.450 kr. Með þeirri breytingu nemur lækkunarkrafa sóknaraðila 4.744.939 kr.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið í þessum niðurstöðukafla úrskurðarins, víkur réttur varnaraðila til að fá umdeilda samningsvexti og dráttarvexti af þeim, samtals að fjárhæð 4.624.547 kr., greidda af uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, fyrir veðkröfum réttlægri veðhafa, en tölulegur ágreiningur er ekki með aðilum málsins um þennan lækkunarlið.

VII.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að hafna beri kröfu sóknaraðila um lækkun á úthlutun til varnaraðila vegna málskostnaðar og ríkisábyrgðargjalds, þar sem hún sé of seint fram komin.

Í athugasemdum sóknaraðila, sem voru, eins og áður sagði, lagðar fram í uppboðsrétti 10. febrúar 1989, segir m.a.: „Áskilnaður er gerður um frekari mótmæli og lagarök, ef nauðsyn þykir á síðari stigum hvers máls fyrir sig.“ Sóknaraðili beindi athugasemdum sínum m. a. að varnaraðila, og frá þeim athugasemdum sínum hefur hann ekki fallið. Verður kröfu hans, að því er umrædda lækkunarliði varðar, því ekki hafnað á þeim grundvelli, að hún hafi komið of seint fram.

Sóknaraðili hefur ekki af því lögmæta hagsmuni, að kveðið verði á um frekari lækkun á kröfu varnaraðila en nemur 120.392 kr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61, 1942, um málflytjendur má eftir taxta lögmanna miða innheimtuþóknun við fjárhæð. Skilja verður ákvæðið svo, að endurgjaldið verði að vera hæfilegt endurgjald fyrir starfið. Getur því til þess komið, að meta verði, hvort innheimtutaxti lögmanna sé hæfilegur miðað við það starf, sem innt er af hendi í hvert sinn. Samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð uppboðsandvirðis þeirrar fasteignar, sem í málinu greinir, er gert ráð fyrir, að málskostnað til varnaraðila, að fjárhæð 1.208.207 kr., skuli greiða að fullu af uppboðsandvirðinu. Eins og áður greinir, verður ekki ráðið af gögnum málsins, að varnaraðili hafi viðhaft aðrar innheimtuaðgerðir en þær, að hann sendi uppboðsréttinum uppboðsbeiðnir vegna umræddra veðkrafna sinna, sem dagsettar eru 30. september 1988, en uppboð á umræddri eign fór fram 6. október sama ár. Þegar af þessum ástæðum og hvað sem líður heimild varnaraðila til að áskilja sér innheimtuþóknun með hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, ber að lækka úthlutun til varnaraðila vegna kostnaðar hans af innheimtu veðkrafna hans um 120.392 kr. Af framangreindu leiðir, að ágreiningur málsaðila varðandi svokallað ríkisábyrgðargjald kemur ekki til úrlausnar í máli þessu.

VIII.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, breytist frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði þannig, að varnaraðili fær í sinn hlut vegna veðbréfa á 3. og 5. veðrétti 47.065.391 kr.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Við úthlutun á uppboðsandvirði fasteignarinnar nr. 1 C við Breiðumörk í Hveragerði fær varnaraðili máls þessa, Landsbanki Íslands, úthlutun á 47.065.391 kr. vegna veðbréfa á 3. og 5. veðrétti.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 17. nóvember 1992.

Nr. 3/1991. **Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs**
gegn
Magneu Óskarsdóttur vegna ófjárráða dóttur hennar, Ingibjargar Þórarinsdóttur, og gagnsök.

Læknaráð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu eru Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 2. október 1984 fékk Ingibjörg Þórarinsdóttir skurð á lófa hægri handar, er hún datt á götu í Keflavík. Hún var þá 9 ára, fædd 26. nóvember 1974. Sigurjón Sigurðsson, læknir á Sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs, gerði að áverkanum. Í málinu er um það deilt, hverjar séu orsakir örorku, sem Ingibjörg býr við til frambúðar vegna bæklunar á hendinni, svo og um fébótaábyrgð á örorkutjóni af völdum hennar.

Nokkurra læknisvottorða nýtur í málinu, sem rakin eru í örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, en auk þeirra liggur fyrir ýtarleg læknisfræðileg greinargerð Rögnvalds Þorleifssonar læknis.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/1942 um læknaráð að æskja þess, að læknaráð láti uppi rökstutt álit á eftirfarandi:

1. Var læknismeðferð Sigurjóns Sigurðssonar læknis á framangreindum áverka á hægri hendi Ingibjargar Þórarinsdóttur að einhverju leyti áfátt, að því er varðar rannsókn, aðgerðina, sem framkvæmd var, eða eftirlit í kjölfar hennar?

2. Hafi svo verið, óskast álit læknaráðs á því, hvað fór úrskeiðis.

3. Verði 1. spurningu játað, er spurt, hvort fullyrt verði eða verulega líklegt talið, að örkuml Ingibjargar, sem lýst er í örorkumatinu, séu að öllu leyti eða nokkru afleiðing þeirra mistaka, sem áttu sér stað.

4. Má ætla, að Ingibjörg myndi hafa hlotið fullan bata af áverkanum, ef hún hefði notið réttrar og fullnægjandi læknismeðferðar eftir slysið?

5. Fellst læknaráð á örorkumat tryggingayfirlæknis? Ef ekki, hver telst þá rétt metin örorka Ingibjargar Þórarinsdóttur með hliðsjón af svari við 3. spurningu?

Á l y k t a r o r ð:

Læknaráð láti í té álitsgerð um framangreind álitaefni.

1825

Fimmtudaginn 19. nóvember 1992.

Nr. 414/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Trausta Róbert Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 12. nóvember 1992, en kærugögn bárust Hæstarétti 16. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með aðild máls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, en ríkissaksóknari hefur falið rannsóknarlögreglustjóra að flytja fyrir héraðsdómi Reykjavíkur mál, sem höfðað var gegn ákærða með ákæru 10. nóvember 1992, sbr. 1. mgr. 29. gr. fyrrgreindra laga. Er þess krafist af hálfu ákæruvaldsins, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 1992 var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 11. nóvember 1992 fyrir brot þau, sem lýst er í hinum kærða úrskurði. Er málavöxtum lýst í hinum fyrrgreinda úrskurði meðal annars svo:

„Málavextir eru þeir, að síðastliðna nótt, laugardaginn 10. október 1992 kl. 3.10 var óskað aðstoðar lögreglu að Reynihlíð 7, Reykjavík, en þar hafði óþekktur maður brotist inn og numið á brott 7 ára stúlkubarn. Vitni, sem búsett er í húsi nr. 11 við sömu götu, gaf sig fram við lögreglumenn og kvaðst hafa séð ungan, dökkhærðan mann hlaupa í suðurátt í átt að Garðshorni (gróðrarstöð) og kirkjugarðinum. Hafi maðurinn haldið á stúlkubarni í fanginu. Fenginn var liðsauki til að leita telpunnar í Fossvogskirkjugarði, og dreifðu lögreglumenn sér um kirkjugarðinn og svæðið við Garðshorn. Um kl. 3.44 heyrði lögreglumaður, sem var staddur syðst í kirkjugarðinum, u. þ. b. fyrir honum miðjum, við girðinguna, í barnsrödd. Kom hann þá auga á mann í svörtum leðurjakka

og bláum gallabuxum og gaf honum skipun um að nema staðar. Lagði maðurinn þá frá sér telpuna, sem hann hafði haldið á fyrir framan sig, og hljóp inn í kjarr, þar sem hann var handtekinn skömmu síðar.

Kærði er grunaður um að hafa ætlað að beita telpuna kynferðislegu ofbeldi á heimili hennar eða eftir að hafa numið hana á brott og farið með hana út í Fossvogskirkjugarð. Í frásögn telpunnar kemur fram, að hún hafi vaknað við það, að maður sat á gólfi við hliðina á rúmi hennar, og hafi hann verið að strjúka henni. Síðan kveður hún hann hafa lagst upp í rúmið við hlið hennar og sagst vera faðir hennar. Hún kveður hann þá hafa strokið sér aftur og hafi hún æpt á hann. Hafi hann þá lamið hana í höfuðið og hlaupið með hana út úr húsinu. Hún kveður hann hafa haft í frammi gagnvart henni ýmsa kynferðislega tilburði bæði á heimili hennar og í kirkjugarðinum, og vísast nánar um það til lögregluskýrslna."

Svo sem fyrr segir, hefur verið gefin út ákæra á hendur ákærða, en þar eru honum meðal annars gefin að sök brot gegn 193. gr., 1. mgr. 226. gr., 1.mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með skírskotun til framanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 11. nóvember, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingveldi Einarsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að gæsluvarðhald, sem kærða, Trausta Róbert Guðmundssyni, var gert að sæta samkvæmt úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 10. október 1992, allt til miðvikudagsins 11. nóvember 1992 kl. 16.00, verði framlengt frá lokum þeirrar gæsluvarðhaldsvistar hans allt til þess, er dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 16. desember nk. kl. 16.00.

Um málavexti vísast til úrskurðar héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 10. október sl.

Sakavottorð kærða liggur frammi i málinu, og með hliðsjón af því þykir mega fallast á með RLR, að c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1992 eigi við um mál þetta.

Meðal brota þeirra, sem kærði er hér grunaður um að hafa framið, er brot gegn 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og getur refsing samkvæmt því ákvæði verið allt að 16 ára fangelsi eða ævilangt.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. mgr., c-liðar, og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt að taka kröfu RLR um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kæri, Trausti Róbert Guðmundsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til þess, er dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til 16. desember 1992 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1992.

Nr. 195/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Gísla Árna Böðvarssyni
(Magús Norðdahl hdl.).

Sendibifreiðar. Félög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómarar.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

I.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Sakarefni máls þessa lýtur eingöngu að því að koma fram refsingu á hendur ákærða fyrir brot á ákvæðum 5. gr. laga nr. 77/1989 um leigubifreiðar um skylduaðild að stéttarfélagi. Ekki hefur komið fram við flutning málsins, að uppi séu kröfur á hendur ákærða um sviptingu atvinnuleyfis.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var það ekki fyrr en með setningu reglugerðar nr. 121/1990, að takmörkun var sett á varðandi akstur sendibifreiða. Áður en takmörkunin tók gildi, var ekki fyrir hendi lögmælt skylduaðild sendibifreiðastjóra að stéttarfélagi. Ákærði var þá félagsmaður í félaginu Afli, en ekki Trausta.

II.

Hvorki lög nr. 77/1989 né reglugerð nr. 121/1990 kveða á um skylduaðild að Trausta, félagi sendibifreiðastjóra. Er því eigi lagagrundvöllur til að dæma ákærða til refsingar fyrir að hafa stundað leiguakstur á vörum á félagssvæði Trausta án þess að vera félagsmaður í því félagi. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Magnúsar M. Norðdahl héraðsdómslögmanns, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Árni Böðvarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar M. Norðdahl héraðsdómslögmanns, 120.000 krónur.

Sératkvæði

Guðmundar Skaftasonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur I. kafla atkvæðis meiri hluta dómara.

Í reglugerð nr. 121/1990 segir ekki beinlínis, að félagið Trausti sé stéttarfélag sendibifreiðastjóra í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ, heldur er hámarkstala sendibifreiða aðeins ákveðin fyrir félagssvæði þess félags í einu lagi.

Í 1. og 2. mgr. 5. gr. laga 77/1989 segir svo:

„Á félagssvæði, þar sem takmörkun er í gildi, skulu bifreiðastjórar í sömu grein vera í sama stéttarfélagi.

Á þeim félagssvæðum stéttarfélaga vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra, þar sem takmörkun er í gildi, er öllum utanfélagsmönnum bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á vörum."

Í athugasemdum við frumvarpsgrein þessa að lögunum er tilgangi hennar lýst þannig:

„Með 1. mgr. er því slegið föstu, að allir bifreiðastjórar, sem njóta takmörkunar, skuli vera í sama stéttarfélagi á sínu svæði. ... Þetta kemur annars vegar í veg fyrir, að sama stéttin klofni í tvö eða fleiri stéttarfélög á sama svæði, og hins vegar, að einstakir bifreiðastjórar, sem takmörkunar njóta, geti staðið utan félags. Stéttarfélag á frumkvæði að því, að takmörkun verði komið á, atbeina þess þarf til að framkvæma hana, og félagið hefur á hendi nauðsynlegt fyrirsvar fyrir stéttina gagnvart hinu opinbera. Því er

óhjákvæmilegt að skylda alla bifreiðastjóra, sem njóta þessa skipulags, til að vera félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi á viðkomandi svæði, enda er hagsmunum þeirra sjálfra best borgið með þessum hætti. ...

Í 2. mgr. og 3. mgr. er það nýmæli til verndar á rétti þeirra, er takmörkunar njóta, hvort heldur er með atvinnuleyfi eða án þess, að öllum öðrum er bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi sviði."

Kemur þá til athugunar, hvort félagið Afl eða Trausti sé stéttarfélag sendibílstjóra í skilningi laganna eða hvort þau teljist það bæði. Í 3. gr. félagssamþykkta Trausta segir m.a.:

„Allir þeir sjálfseignarbifreiðastjórar, sem aka sendibifreiðum eða koma til með að fá atvinnuleyfi til aksturs sendibifreiða, skulu vera meðlimir félagsins. Nýir félagar taka á sig fullar skyldur við félagið við inngöngu í það, þeir félagsmenn, sem stunda akstur sendibifreiða sem aðalatvinnu, teljast aðalmeðlimir, en þeir, sem hafa akstur sendibifreiða sem aukastarf, aukameðlimir. ... Aukafélagar hafa atvinnuréttindi samkvæmt reglugerð um takmörkun sendibifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum, en ekki kjörgengi."

Í 3. gr. samþykkta Afls segir svo m.a.:

„Allir sendibílstjórar á viðurkenndum sendibílastöðvum, sem vilja vinna að hagsmunum félagsins og sendibílastéttarinnar, hafa rétt á inngöngu í félagið. ... Þeir félagsmenn teljast aukameðlimir, sem einnig eru félagsbundnir í öðrum hagsmunafélögum sendibílstjóra. Þeir hafa tillögurétt og málfrelsi á fundum, en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi."

Um tilgang félagsins segir í 2. gr. samþykktanna:

„Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmunum félagsmanna sinna með því að berjast gegn takmörkun á fjölda sendibílstjóra. Einnig mun Afl berjast gegn hvers konar frelsisskerðingu í sambandi við skattalög og reglugerðir, sem vinna gegn hagsmunum stéttarinnar."

Hvernig svo sem skýrgreina ber „stéttarfélag" bifreiðastjóra eftir lögum nr. 77/1989, er ljóst, að eftir 5. gr. laganna hlýtur að vera um að ræða félag, sem almennt er opið inngöngu bifreiðastjórum í viðkomandi grein sem fullgildum félögum. Á þetta virðist ekki

skorta í félagsreglum Trausta. Hins vegar þykir skerðing félagsréttinda samkvæmt samþykktum Afls, ef menn eru félagsbundnir í öðrum hagsmunafélögum sendibílstjóra, vera því til hindrunar, að félagið geti talist „stéttarfélag" í skilningi laganna. Þannig virðast félagsmenn Trausta ekki eiga þess kost að fá full félagsréttindi í Afli við inngöngu í það félag. Ekki er ráð fyrir því gert í lögum 77/1989, að tvö eða fleiri stéttarfélög geti, að því er málefni þeirra laga snertir, verið á einu svæði, er takmörkun tekur til. Þá hefur ráðherra ekki neytt heimildar samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 77/1989 um undanþágu frá 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Lögmæti takmörkunarinnar sem slíkrar hefur ekki verið vefengt í málinu að öðru leyti en því, að talið er, að hún brjóti gegn 73. og 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í hæstaréttardómi, Hrd. 1988, bls. 1534, er talið, að af 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi verði ekki dregin sú ályktun, „að óheimilt sé að gera félagsaðild að skilyrði atvinnuleyfis". Ákvæði 5. gr. laga 77/1987 er skýrt fram sett og stutt á málefnislegum grundvelli, eins og að framan er rakið. Ekki verður talið, að lögmælt aðild að almennu stéttarfélagi sé það íþyngjandi kvöð, að ákvæði stjórnarskrár séu henni til fyrirstöðu. Að því er tekur til 69. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi, eru ekki uppi kröfur á hendur ákærða um sviptingu atvinnuréttinda, heldur beinist saksóknin að því að framfylgja 5. gr. laganna um skylduaðild að stéttarfélagi með refsiúrræðum. Enda hlýtur það að vera forsenda ákæruvalds og kæranda til að koma refsikröfunni fram, að ákærði hafi við gildistöku reglugerðar nr. 121/1990 starfað samkvæmt gildu atvinnuleyfi, sbr. 6. gr. laga nr. 77/1989.

Samkvæmt framanrituðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að hann eigi að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar M. Nordahl, 40.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lagasjónarmiðum, sem eru með sama hætti og lýst er í sératkvæði í hæstaréttarmálinu nr. 274/1992, þar sem dómur var upp kveðinn í dag. Með vísan til

þeirra og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærði í máli þessu hafi orðið brotlegur við ákvæði 5. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 77/1989, eins og í ákæru er lýst. Refsing á hendur ákærða á hins vegar að falla niður á grundvelli 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en gera ber honum að greiða sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. mars 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 18. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 131/1992: Ákæruvaldið gegn Gísla Árna Böðvarssyni, sem tekið var til dóms 28. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 25. júlí sl., á hendur Gísla Árna Böðvarssyni sendibifreiðastjóra, Meistaravöllum 5, Reykjavík, fæddum 2. janúar 1971, fæðingarnúmer 413, „fyrir að hafa frá 30. mars 1990 til 20. mars 1991 tekið að sér og stundað leiguakstur á vörum á félagssvæði Trausta, félags sendibifreiðastjóra, á sendibifreiðinni G-8939 fyrir Sendibíla hf. í Reykjavík án þess að vera félagsmaður í því stéttarfélagi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 5. gr., sbr. 13. gr. laga um leigubifreiðar nr. 77, 1989, sbr. 8. gr. reglugerðar um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs, og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121, 1990.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar". Við munnlegan flutning málsins var þess enn fremur krafist, að ákærði yrði dæmdur til að greiða hæfileg saksóknarlaun til ríkissjóðs.

— — —

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um leigubifreiðar eiga allir bifreiðastjórar á félagssvæði, þar sem takmörkun er í gildi, að vera í sama stéttarfélagi. Ráðherra hefur ekki heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á svæði því, sem hér um ræðir, eins og heimilt er samkvæmt 2. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. framangreint bréf samgönguráðuneytisins til lögreglustjórans í Reykjavík. Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga er samgönguráðuneytinu m. a. heimilað eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra að takmarka fjölda sendibifreiða á félagssvæðinu. Í 2. mgr. sömu greinar segir, að þar sem takmörkun sé heimiluð, skuli hún ákveðin með reglugerð. Ákvæði 4. og

5. gr. laganna verða ekki skilin öðruvísi en svo, að ákveði samgönguráðuneytið með reglugerð að takmarka fjölda sendibifreiða í ákveðnum sveitarfélögum, þá verði það einnig að ákveða í reglugerðinni, í hvaða stéttarfélagi bifreiðastjórar á viðkomandi svæði eiga að vera. Með reglugerð nr. 121, 1990, frá 20. mars þ. á., sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda, er út kom 30. s. m., er ákveðið í 8. gr., að takmörkun skuli gilda á félagssvæði Trausta, sem er Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Ákvæði þessarar greinar reglugerðarinnar verður að skilja svo, að samgönguráðuneytið hafi með því ákveðið, að Trausti skuli vera það stéttarfélag, sem allir sendibifreiðastjórar í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ eigi að vera í, þótt ekkert sé því til fyrirstöðu, að þeir séu jafnframt í öðru stéttarfélagi, eins og á við um ákærða.

Með játningu ákærða, sem styðst við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur stundað leiguakstur á vörum á því tímabili, sem nefnt er í ákæru, á framangreindu félagssvæði Trausta án þess að vera félagi í Trausta. Með þessu hefur ákærði gerst brotlegur við 2. mgr. 5. gr. laga um leigubifreiðar, sbr. 8. gr. áður tilvitnaðrar reglugerðar, eins og honum er gefið að sök í ákæruskjali. Aðild ákærða að Afli breytir hér engu um, jafnvel þótt það hafi verið starfandi fyrir upphaf takmörkunar, enda hefur ráðherra ekki heimilað, að það skuli hafa stöðu stéttarfélags í skilningi 1. mgr. 5. gr. laganna, eins og honum er heimilt, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða sættist hann á sektargreiðslu og tveggja mánaða ökuleyfissviptingu 1989 fyrir ölvunarakstur. Refsing hans nú er hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt, er afplánast skal með tíu daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar M. Norðdahl hdl., 60.000 krónur, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Árni Böðvarsson, greiði 30.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, er afplánast skal með tíu daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar M. Norðdahl hdl., 60.000 krónur, og 60.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1992.

Nr. 274/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Gísla Grétari Kjartanssyni
(Magnús Norðdahl hdl.).

Sendibifreiðar. Félög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómarar.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1992. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og að ákærði verði dæmdur til refsingar.

I.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Sakarefni máls þessa lýtur eingöngu að því að koma fram refsingu á hendur ákærða fyrir brot á ákvæðum 5. gr. laga nr. 77/1989 um leigubifreiðar um skylduaðild að stéttarfélagi. Ekki hefur komið fram við flutning málsins, að uppi séu kröfur á hendur ákærða um sviptingu atvinnuleyfis.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var það ekki fyrr en með setningu reglugerðar nr. 121/1990, að takmörkun var sett á varðandi akstur sendibifreiða. Áður en takmörkunin tók gildi, var ekki fyrir hendi lögmælt skylduaðild sendibifreiðastjóra að stéttarfélagi. Ákærði var þá félagsmaður í félaginu Afli, en ekki Trausta.

II.

Hvorki lög nr. 77/1989 né reglugerð nr. 121/1990 kveða á um skylduaðild að Trausta, félagi sendibifreiðastjóra. Ber því þegar af þessari ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Magnúsar M. Norðdahl héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Magnúsar M. Norðdahl héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur I. kafla atkvæðis meiri hluta dómara.

Í reglugerð nr. 121/1990 segir ekki beinlínis, að félagið Trausti sé stéttarfélag sendibifreiðastjóra í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ, heldur er hámarkstala sendibifreiða aðeins ákveðin fyrir félagssvæði þess félags í einu lagi.

Í 1. og 2. mgr. 5. gr. laga 77/1989 segir svo:

„Á félagssvæði, þar sem takmörkun er í gildi, skulu bifreiðastjórar í sömu grein vera í sama stéttarfélagi.

Á þeim félagssvæðum stéttarfélaga vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra, þar sem takmörkun er í gildi, er öllum utanfélagsmönnum bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á vörum.“

Í athugasemdum við frumvarpsgrein þessa að lögunum er tilgangi hennar lýst þannig:

„Með 1. mgr. er því slegið föstu, að allir bifreiðastjórar, sem njóta takmörkunar, skuli vera í sama stéttarfélagi á sínu svæði. ... Þetta kemur annars vegar í veg fyrir, að sama stéttin klofni í tvö eða fleiri stéttarfélög á sama svæði, og hins vegar, að einstakir bifreiðastjórar, sem takmörkunar njóta, geti staðið utan félags. Stéttarfélag á frumkvæði að því, að takmörkun verði komið á, atbeina þess þarf til að framkvæma hana, og félagið hefur á hendi nauðsynlegt fyrirsvar fyrir stéttina gagnvart hinu opinbera. Því er óhjákvæmilegt að skylda alla bifreiðastjóra, sem njóta þessa skipulags, til að vera félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi á viðkomandi svæði, enda er hagsmunum þeirra sjálfra best borgið með þessum hætti. ...

Í 2. mgr. og 3. mgr. er það nýmæli til verndar á rétti þeirra, er takmörkunar njóta, hvort heldur er með atvinnuleyfi eða án þess,

að öllum öðrum er bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi sviði.“

Kemur þá til athugunar, hvort félagið Afl eða Trausti sé stéttarfélag sendibílstjóra í skilningi laganna eða hvort þau teljist það bæði. Í 3. gr. félagssamþykkta Trausta segir m.a.:

„Allir þeir sjálfseignarbifreiðastjórar, sem aka sendibifreiðum eða koma til með að fá atvinnuleyfi til aksturs sendibifreiða, skulu vera meðlimir félagsins. Nýir félagar taka á sig fullar skyldur við félagið við inngöngu í það, þeir félagsmenn, sem stunda akstur sendibifreiða sem aðalatvinnu, teljast aðalmeðlimir, en þeir, sem hafa akstur sendibifreiða sem aukastarf, aukameðlimir. ... Aukafélagar hafa atvinnuréttindi samkvæmt reglugerð um takmörkun sendibifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum, en ekki kjörgengi.“

Í 3. gr. samþykktar Afls segir svo m.a.:

„Allir sendibílstjórar á viðurkenndum sendibílastöðvum, sem vilja vinna að hagsmunum félagsins og sendibílastéttarinnar, hafa rétt á inngöngu í félagið. ... Þeir félagsmenn teljast aukameðlimir, sem einnig eru félagsbundnir í öðrum hagsmunafélögum sendibílstjóra. Þeir hafa tillögurétt og málfrelsi á fundum, en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.“

Um tilgang félagsins segir í 2. gr. samþykktanna:

„Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmunum félagsmanna sinna með því að berjast gegn takmörkun á fjölda sendibílstjóra. Einnig mun Afl berjast gegn hvers konar frelsisskerðingu í sambandi við skattalög og reglugerðir, sem vinna gegn hagsmunum stéttarinnar.“

Hvernig svo sem skýrgreina ber „stéttarfélag“ bifreiðastjóra eftir lögum nr. 77/1989, er ljóst, að eftir 5. gr. laganna hlýtur að vera um að ræða félag, sem almennt er opið inngöngu bifreiðastjórum í viðkomandi grein sem fullgildum félögum. Á þetta virðist ekki skorta í félagsreglum Trausta. Hins vegar þykir skerðing félagsréttinda samkvæmt samþykktum Afls, ef menn eru félagsbundnir í öðrum hagsmunafélögum sendibílstjóra, vera því til hindrunar, að félagið geti talist „stéttarfélag“ í skilningi laganna. Þannig virðast félagsmenn Trausta ekki eiga þess kost að fá full félagsréttindi í Afli við inngöngu í það félag. Ekki er ráð fyrir því gert í lögum

77/1989, að tvö eða fleiri stéttarfélög geti, að því er málefni þeirra laga snertir, verið á einu svæði, er takmörkun tekur til. Þá hefur ráðherra ekki neytt heimildar samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 77/1989 um undanþágu frá 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Lögmæti takmörkunarinnar sem slíkrar hefur ekki verið vefengt í málinu að öðru leyti en því, að talið er, að hún brjóti gegn 73. og 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í hæstaréttardómi, Hrd. 1988, bls. 1534, er talið, að af 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi verði ekki dregin sú ályktun, „að óheimilt sé að gera félagsaðild að skilyrði atvinnuleyfis". Ákvæði 5. gr. laga 77/1987 er skýrt fram sett og stutt á málefnislegum grundvelli, eins og að framan er rakið. Ekki verður talið, að lögmælt aðild að almennu stéttarfélagi sé það íþyngjandi kvöð, að ákvæði stjórnarskrár séu henni til fyrirstöðu. Að því er tekur til 69. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi eru ekki uppi kröfur á hendur ákærða um sviptingu atvinnuréttinda, heldur beinist saksóknin að því að framfylgja 5. gr. laganna um skylduaðild að stéttarfélagi með refsiúrræðum. Enda hlýtur það að vera forsenda ákæruvalds og kæranda til að koma refsikröfunni fram, að ákærði hafi við gildistöku reglugerðar nr. 121/1990 starfað samkvæmt gildu atvinnuleyfi, sbr. 6. gr. laga nr. 77/1989.

Samkvæmt framanrituðu er niðurstaðan sú, að ákærði hafi rétt og skyldu til að vera félagsmaður í Trausta, félagi sendibifreiðastjóra. Hann hefur neitað að ganga í félagið og með því fellt á sig refsiábyrgð samkvæmt 5. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 77/1989. Refsing telst hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Magnúsar M Nordahl, 100.000 krónur, og í saksóknarlaun til ríkissjóðs 100.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Lög nr. 77/1989 um leigubifreiðar eru heimildarlög um takmörkun atvinnufrelsis á sviði flutninga með fólksbifreiðum, vörubifreiðum og sendibifreiðum, sem í því er fólgin annars vegar að binda rekstur leigubifreiða í kaupstöðum við tilteknar afgreiðslu-

stöðvar, er njóti viðurkenningar bæjarstjórnar, og hins vegar að takmarka fjölda bifreiða og bifreiðastjóra við leiguakstur á tilteknum starfssvæðum. Um báðar heimildirnar er á því byggt, að til séu félög leigubifreiðastjóra, er bær séu um að gæta hagsmuna þeirra, þar sem bifreiðastöð verður ekki viðurkennd nema að fengnum tillögum frá slíku félagi, og takmörkun á fjölda leigubifreiða á jafnan að vera bundin við starfssvæði slíks félags og verður ekki gerð nema að beiðni þess, auk þess sem meðmæli þarf til frá hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Löggjöf þessi á sér samfellda þróunarsögu frá árinu 1953, eins og rakið hefur verið í fyrri dómum þessa réttar, þar sem oft hefur á hana reynt. Hún hefur frá öndverðu haft það að markmiði, að treysta starfsgrundvöll sjálfseignarbifreiðastjóra á kostnað hins, að leiguakstur verði stundaður frá stöðvum í eigu fyrirtækja, þar sem bifreiðastjórar séu launþegar, og jafnframt átt að stuðla að greiðri og öruggri þjónustu. Hefur sú skipan, sem mælt var um í löggjöfinni, verið talin horfa til almenningsheilla í þeirri merkingu, sem við er átt í 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt löggjöfinni hefur takmörkun á fjölda leigubifreiða verið þannig hagað á undanförnum árum, að þar sem hún er heimiluð, hefur hún verið ákveðin af samgönguráðuneytinu með reglugerð, sbr. nú rgj. nr. 121/1990, að því er mál þetta varðar. Um framkvæmd hennar gagnvart einstökum bifreiðastjórum hefur sá munur ríkt varðandi fólksbifreiðar annars vegar og vörubifreiðar og sendibifreiðar hins vegar, að réttindi vegna hinna fyrrnefndu eru staðfest með útgáfu sérstakra atvinnuleyfa frá hendi úthlutunarnefndar eða umsjónarnefndar, sem skipuð er með tilstuðlan ráðuneytisins, sbr. nú IV. kafla laga nr. 77/1989. Varðandi vörubifreiðar og sendibifreiðar hefur á hinn bóginn ekki verið byggt á atbeina opinberrar nefndar, heldur hefur framkvæmdin verið falin félögum bifreiðastjóranna sjálfra og farið fram eftir starfsreglum á vegum þeirra. Þessi síðarnefnda tilhögun hefur nú verið lögfest með 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1989, en var áður talin venjubundin, að því er ráða má af athugasemdum með frumvarpi til laganna.

Með umræddri lagagrein er gefið til kynna, að atvinnuréttindi vöru- og sendibifreiðastjóra á takmörkunartíma verði eftir atvikum háð ákvörðun stéttarfélags í starfsgrein þeirra, sem hlut hafi átt að

takmörkuninni eða aðild að því félagi. Á hinu síðarnefnda er hnykkt með ákvæðum 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna, sem á reynir í máli þessu. Mæla þau svo fyrir, að á félagssvæði, þar sem takmörkun er í gildi, skuli bifreiðastjórar í sömu grein vera í sama stéttarfélagi, og sé utanfélagsmönnum bannað að stunda leiguakstur á svæðinu.

Þessi síðastnefndu ákvæði verður að skilja svo, að sendibifreiðastjórar, er neyta vilja atvinnuréttinda á félagssvæði, þar sem takmörkun er sett vegna beiðni frá stéttarfélagi, og njóta þeirrar starfsverndar, sem af henni leiðir, þurfi að eiga aðild að því félagi eða sækja um hana. Má einnig sjá það af samanburði við 6. tl. 1. mgr. 8. gr. laganna, þar sem fólksbifreiðastjórum er gert að vera félagsmenn í hlutaðeigandi stéttarfélagi eða sækja þar um inngöngu, ef þeir vilji öðlast atvinnuleyfi. Var sýnilega talið óþarft að orða hið sama um vöru- og sendibifreiðastjóra vegna þess hlutverks, sem félög þeirra eiga að gegna samkvæmt 4. gr. laganna. Þessum skilningi á 5. gr. var lýst í athugasemdum með frumvarpi til laganna, eins og rakið er í atkvæði Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara. Var og við hann miðað í umræðu á Alþingi um frumvarpið, og leiddi umræðan til þess, að bætt var í lögin undanþáguákvæði í 2. mgr. 14. gr., sem í reynd heimilar ráðuneytinu að viðurkenna fleiri en eitt stéttarfélag bifreiðastjóra á sama takmörkunarsvæði við tilteknar aðstæður.

Mál þetta er til komið vegna takmörkunar á fjölda sendibifreiða í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ, sem á var sett í marsmánuði 1990 með 8. gr. reglugerðar nr. 121/1990 í tilefni af beiðni frá Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, en umræddir kaupstaðir eru félagssvæði þess. Mun þetta vera í fyrsta sinn, sem takmörkun er lögð á sendibifreiðar í þessum kaupstöðum, en þar eru starfræktar nokkrar afgreiðslustöðvar. Voru mörkin sett við 540 bifreiðar. Ákærði var þá starfandi við leiguakstur sendibifreiðar sem sjálfseignarbifreiðastjóri og hafði afgreiðslu á stöð Sendibíla hf. í Reykjavík. Sú stöð hefur notið viðurkenningar af hálfu borgarstjórnar Reykjavíkur samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1989 á grundvelli tillagna frá Trausta. Ákærði taldi sér heimilt að halda áfram starfsemi sinni án þess að gerast félagsmaður í Trausta, meðal annars vegna þess, að hann var félagsmaður í Afli,

félagi sendibílstjóra, sem stofnað var haustið 1989 og hafði yfir 120 félagsmenn. Það félag er hagsmunafélag sendibifreiðastjóra, sem hefur þann megintilgang að vinna gegn takmörkun á fjölda sendibifreiða, eins og lýst er í atkvæði Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Um stöðu Afls varðandi umrædda takmörkun er það upplýst, að stofnað var til viðræðna milli þess og Trausta með aðild samgönguráðuneytisins, þar sem leitað var leiða til samkomulags um starfsgrundvöll félaganna og félagsmanna þeirra. Vildi Afl meðal annars láta á það reyna, hvort ráðuneytið fengist til að viðurkenna félagið sem annað stéttarfélag á takmörkunarsvæðinu í skjóli undanþáguákvæðis 2. mgr. 14. gr. laga nr. 77/1989. Fram kemur í bréfi frá ráðuneytinu til Afls 22. apríl 1990, að ekki hafi þá verið fullreynt um árangur af þessum viðræðum. Sú staða sýnist hafa breyst síðar á sama ári, þar sem ráðuneytið lýsti því yfir 24. desember 1990 í bréfi til lögreglustjórans í Reykjavík með vísan til 5. gr. laganna og umræddrar takmörkunar, að öllum starfandi sendibifreiðastjórum á félagssvæði Trausta bæri skylda til að vera í félaginu. Bréf þetta var ritað í tilefni af kæru frá Trausta. Er ekki upplýst, hvort ráðuneytið hefur beint skriflegum erindum þessa efnis til Afls eða til ákærða í máli þessu.

Sem fyrr segir, var hin umdeilda takmörkun sett í tilefni af beiðni frá Trausta, og ætla verður, að hún njóti tilskilinna meðmæla frá hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Í ákvæði 1. tl. 8. gr. reglugerðar nr. 121/1990, þar sem takmörkunin er sett, felst ótvíræð ákvörðun samgönguráðuneytisins þess efnis, að Trausti sé það stéttarfélag í merkingu laga nr. 77/1989, sem sendibifreiðastjórar á takmörkunarsvæðinu skuli eiga aðild að. Sú ákvörðun á formlega stoð í III. kafla laganna. Jafnframt liggur það fyrir, að ráðuneytið hefur ekki neytt heimildar samkvæmt 2. mgr. 14. gr. til að viðurkenna annað stéttarfélag á svæðinu.

Ákæran í máli þessu er á því byggð, að umrædd ákvörðun sé bindandi fyrir ákærða, og séu atvinnuréttindi hans á gildistíma takmörkunarinnar háð þeim áskilnaði, að hann verði félagsmaður í Trausta, nema breyttar aðstæður komi til. Beinist saksóknin að því að framfylgja ákvörðuninni og ákvæðum laganna með refsiúrræðum, en ekki að sviptingu á atvinnuréttindum ákærða í starfs-

grein sinni. Með hliðsjón af fyrri dómum Hæstaréttar á þessu sviði verður ekki vefengt, að 13. gr. laganna veiti heimild til að neyta slíkra úrræða. Verður þeim og ekki beitt gagnvart ákærða nema á þeim forsendum, að hann eigi enn rétt til að stunda atvinnu sína og gerast aðili að umræddu félagi.

Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á málefnalegum forsendum, og er ekki unnt að hafna því eftir fram komnum upplýsingum, að efnisleg stoð hennar í lögunum sé nægileg. Má þá meðal annars líta til þess, að Trausti átti hlut að þeim ákvörðunum um bifreiðastöðvar á takmörkunarsvæðinu, sem í gildi eru samkvæmt II. kafla laganna. Verður ákæru í málinu ekki hrundið, nema svo yrði á litið, að sú skipan á starfrækslu leigubifreiða, sem fyrr er lýst, fari í bága við ákvæði 69. gr. eða 73. gr. stjórnarskrárinnar. Í fyrri dómum þessa réttar hefur við það verið miðað, að löggjafanum geti eftir atvikum verið heimilt að binda atvinnuréttindi eins og þau, sem hér um ræðir, við aðild að félagi, og einnig hitt, að heimilt geti verið að fela félagi bifreiðastjóra vald til ákvörðunar um atvinnuréttindi þeirra. Virðast ekki efni til að byggja á öðru viðhorfi í máli þessu, einkum þar sem lög nr. 77/1989 sýnast fela í sér ítrekun á vilja löggjafans í þessum efnum.

Með vísan til þessa og þeirra sjónarmiða, sem lýst er í atkvæði Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara, er ég samþykkur niðurstöðu hans, að leiguakstur ákærða eftir gildistöku reglugerðar nr. 121/1990 hafi farið í bága við 5. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 77/1989. Um refsingu þessa vegna er á hinn bóginn til þess að líta, að ákærði hafði í upphafi nokkra ástæðu til að ætla, að fyrrgreindar viðræður milli Afls og Trausta gætu leitt til þess, að skylda hans til inngöngu í síðarnefnda félagið yrði ekki virk. Sýnist þetta hafa átt við meginhlutann af því tímabili, sem ákæran tekur til. Með vísan til þessa og til 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 tel ég, að refsing á hendur ákærða eigi að falla niður, en gera beri honum að greiða sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. maí 1992.

Ár 1992, mánudaginn 25. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara,

kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 244/1992: Ákæruvaldið gegn Gísla Grétari Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 21. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. júlí 1991, á hendur ákærða, Gísla Grétari Kjartanssyni, Réttarholtsvegi 79, Reykjavík, kt. 060936-3909, „fyrir að hafa frá 30. mars 1990 til 19. mars 1991 tekið að sér og stundað leiguakstur á vörum á félagssvæði Trausta, félags sendibifreiðastjóra, á sendibifreiðinni R-23384 fyrir Sendibíla hf. í Reykjavík án þess að vera félagsmaður í því stéttarfélagi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 5. gr., sbr. 13. gr. laga um leigubifreiðar nr. 77, 1989, sbr. 8. gr. reglugerðar um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs, og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121, 1990.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Niðurstöður.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi tekið að sér að stunda leiguakstur á vörum, svo sem lýst er í ákæru. Ákærði og verjandi ákærða halda því hins vegar fram, að aksturinn hafi ekki brotið í bága við þau lagaákvæði, er í ákæru greinir.

Ákærði hefur aldrei verið félagsmaður í Trausta, félagi sendibifreiðastjóra. Ákærði gekk í Afl, félag sendibifreiðastjóra, strax við stofnun félagsins í október 1989. Frá þeim tíma og fram til gildistöku reglugerðar nr. 121, 1990, 30. mars 1990 var engin takmörkun í gildi um akstur sendibifreiða. Lög um leigubifreiðar nr. 77, 1989, hafa ekki að geyma neina takmörkun á akstri sendibifreiða. Í lögum nr. 77, 1989, er svofellt ákvæði í 2. mgr. 3. gr.: „Þar sem takmörkun er heimiluð, skal hún ákveðin af ráðuneytinu með reglugerð. Takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða, sem miðast við ákveðna hámarkstölu, framkvæma félögin sjálf." Í reglugerð nr. 121, 1990, um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs, og takmarkanir á fjölda þeirra er svofellt ákvæði í 8. gr.: „Takmarkanir á fjölda þeirra sendibifreiða gilda á eftirtöldum félagssvæðum: 1) Á félagssvæði Trausta, félags sendibifreiðastjóra, sem er Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Hámarkstala er 540 sendibifreiðar." Ekki er tekið fram í reglugerðinni, að aðild að Trausta eða öðru félagi sé skilyrði þess, að menn megi stunda akstur sendibifreiðar á því, sem kallað er félagssvæði Trausta, skv. tilvitnaðri grein reglugerðarinnar. Lögin nr. 77, 1989, kveða ekki heldur á um það, að aðild að Trausta eða öðru nafngreindu stéttarfélagi sé skilyrði þess að stunda akstur sendibifreiðar á svæði því, er ákærði gerði. Hins

vegar segir í 1. mgr. 5. gr. laganna, að á félagssvæði, þar sem takmörkun sé í gildi, skulu bifreiðastjórar í sömu starfsgrein vera í sama stéttarfélagi. Þá segir í 2. mgr. 5. gr. laganna, að á þeim félagssvæðum stéttarfélaga vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra, þar sem takmörkun sé í gildi, sé öllum utanfélagsmönnum bannað að taka að sér að stunda leiguakstur á vörum. Dómurinn telur, að ekki sé fært að túlka ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar nr. 121, 1990, svo, að eftir útgáfu hennar hafi staða ákærða breyst þannig, að hann teljist utanfélagsmaður í skilningi 2. mgr. 5. gr. laganna nr. 77, 1989, og hafi eftir það gerst brotlegur með leiguakstri sínum, vegna þess að hann var ekki félagsmaður í Trausta, félagi sendibifreiðastjóra. Dómurinn telur slíka túlkun reglugerðarákvæðisins ekki í samræmi við ríkjandi viðhorf um túlkun refsiákvæða og íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana. Fyrir útgáfu reglugerðar nr. 121, 1990, er óumdeilt, að ákærði hafði fullkomna heimild til að stunda leiguakstur frá viðurkenndri bifreiðastöð, sbr. 2. gr. laga nr. 77, 1989. Í 6. gr. laganna segir, að óheimilt sé, þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða sé veitt, að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þá er takmörkun hefst. Þetta ákvæði er í samræmi við ríkjandi viðhorf um afturvirkni laga og að ekki hafi verið ástæða til að breyta eða hrófla við réttindum þeirra aðila, er stunduðu leiguakstur við gildistöku laganna.

Því var áður lýst, að reglugerð nr. 121, 1990, kvæði ekki á um skylduaðild að Trausta, félagi sendibifreiðastjóra. Dómurinn telur engu máli skipta í þessu sambandi, þótt samgönguráðuneytið hafi talið í bréfi til lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 24. desember 1990, að öllum á félgassvæði Trausta sé skylt að vera í því stéttarfélagi. Hins vegar og jafnvel þótt reglugerðarákvæðið yrði nú túlkað svo, að aðild að Trausta væri nauðsynleg til að fá að aka sendibifreið á félagssvæði Trausta, en slík rúm túlkun ákvæðisins er andstæð ríkjandi meginsjónarmiðum um túlkun refsiákvæða og íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar, svo sem rakið var, þá telur dómurinn, að ákvæðið í 8. gr. reglugerðarinnar nr. 121, 1990, nægi ekki til að skerða atvinnuréttindi ákærða. Dómurinn telur því skylduaðild að ákveðnu stéttarfélagi til að njóta tiltekinna atvinnuréttinda vera slíkar hömlur á atvinnufrelsi manna, að þær verði ekki á lagðar nema með lögum, sbr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Dómurinn telur engu breyta í þessu efni, þótt ákærða hafi verið heimilt að vera í báðum stéttarfélögunum, er hér um ræðir. Reglugerðarákvæði nægja því ekki í þessu sambandi, en í máli því, er hér er til úrlausnar, yrði slíkt reglugerðarákvæði til að breyta eða fella niður atvinnuleyfi manns, er hefði fullkomið leyfi til starfans lögum samkvæmt fyrir útgáfu reglugerðarinnar. Dómurinn telur slíka túlkun ekki færa. En svo sem rakið var, er ekki kveðið á um skylduaðild að Trausta

í lögum nr. 77, 1989. Vegna alls þessa telur dómurinn, að ákærði hafi á löglegan hátt stundað leiguakstur á því tímabili, er í ákæru greinir, og ber því að sýkna ákærða.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 60.000 kr. í málsvarnarlaun til Nagnúsar M. Norðdahl hdl.

Dómsorð:

Ákæri, Gísli Grétar Kjartansson, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 60.000 kr. í málsvarnarlaun til Magnúsar M. Norðdahl héraðsdómslögmanns.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1992.

Nr. 13/1991. **Borgarsjóður Reykjavíkur og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Auðbjörgu Pálsdóttur
(Atli Gíslason hrl.)
og gagnsök.

Skaðabætur. Örorkubætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1991. Þeir krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hennar hendi fyrir Hæstarétti.

Gagnáfýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1991 og gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega, að aðaláfrýjendur verði óskipt dæmdir til að greiða sér 221.571 krónu með ársvöxtum eins og hér greinir: 21,9% frá 15. janúar 1988 til 1. febrúar s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 20,7% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 18,7% frá þeim degi til 1. maí s.á., 18,5% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 24,1% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 24,9% frá þeim degi til 1. september s.á., 22,5% frá þeim degi til 1. október s.á., 11,7% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 6,1% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4,4% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 3,2% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 6,8% frá þeim degi til 24. mars s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 24. mars 1990.

Fyrsta varakrafa: Að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða 206.835 krónur.

Önnur varakrafa: Að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða 155.992 krónur.

Þriðja varakrafa: Að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða 152.822 krónur.

Í öllum tilvikum er krafist sams konar vaxta og í aðalkröfu og að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum.

Fjórða varakrafa er, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur verði óskipt dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I.

Ágreiningur í máli þessu lýtur að því einu, hvort gagnáfrýjandi verði að sæta því, að fjárhæð áætlaðs tjóns hennar vegna 5% varanlegrar örorku, 587.100 krónur, var í bótauppgjöri 5. apríl 1989 vegna skattfrelsis örorkubóta lækkuð um 37,74%, sem var álagningarhlutfall opinberra gjalda á þeim tíma. Þessa lækkun, er nemur 221.571 krónu, telur gagnáfrýjandi vera óbættan hluta örorkutjóns síns, og er hún fjárhæð aðalkröfu hennar.

Ágreiningslaust er, að 37,74% staðgreiðsluskattur af þeim tekjum, sem útreikningur á áætluðu örorkutjóni gagnáfrýjanda byggist á, er 11,71%, eftir að dreginn hefur verið frá lögmæltur persónuafsláttur.

II.

Samkvæmt áratugalangri dómvenju ber meðal annars að taka tillit til þess til lækkunar við mat á bótaskyldu tjóni vegna varanlegrar örorku, að örorkubætur, sem greiddar eru í einu lagi, teljast ekki til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars, sbr. nú 2. tl. 28. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga. Lög nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda raska í engu þeirri dómvenju.

Við mat á tjóni vegna varanlegrar örorku getur reynt á ýmis fleiri atriði til lækkunar en skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi. Það fer að álitum í hverju tilviki fyrir sig, hver eigi að vera hundraðshluti slíks frádráttar í heild, en samkvæmt dómvenju er hann ákveðinn í einu lagi.

Mál þetta er lagt þannig fyrir dómstóla, að við mat á örorkutjóni gagnáfrýjanda getur ekki reynt á önnur slík álitaefni en skattfrelsi örorkubóta.

III.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og forsendna örorkuútreiknings þess, sem á er byggt í málinu um áætlaðar launatekjur gagnáfrýjanda, þykir óbætt tjón hennar vegna varanlegrar örorku, að teknu tilliti til skattfrelsis örorkubóta, hæfilega metið 135.000 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjendur óskipt til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð með vöxtum í samræmi við kröfugerð hennar, en vaxtafæti er ekki mótmælt út af fyrir sig, að frá töldum dráttarvöxtum og vaxtavöxtum af þeim.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 110,000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, borgarsjóður Reykjavíkur og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt gagnáfrýjanda, Auðbjörgu Pálsdóttur, 135.000 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 21,9% frá 15. janúar 1988 til 1. febrúar s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 20,7% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 18,7% frá þeim degi til 1. maí s.á., 18,5% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 24,1% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 24,9% frá þeim degi til 1. september s.á., 22,5% frá þeim degi til 1. október s.á., 11,7% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 6,1% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4,4% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 3,2% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 6,8% frá þeim degi til 24. mars s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 24. mars 1990.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt samtals 110.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Auðbjörgu Pálsdóttur, kt. 030365-4889, Hamri, Barðastrandarsýslu, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur og Sjóvá-Almennum tryggingum h/f, með stefnu, þingfestri 10. október 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu 221.571 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

— — —

Til vara gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á 206.835 kr. með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Til vara þar á eftir gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á 155.992 kr. með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Til þrautavara gerir stefnandi þá kröfu, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á 152.822 kr. með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Til ýtrustu þrautavara gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Enn fremur er þess krafist, að stefndu verði, hver sem úrslit málsins verða, dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í samræmi við málskostnaðarreikning og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en málskostnaður falli niður.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 19. júní sl., en endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 3. október sl.

I.

Samkvæmt málavaxtalýsingu í stefnu hóf stefnandi störf sem verkakona hjá embætti borgarverkfræðings við sorphreinsun 20. september 1987 og starfaði þar til 15. janúar 1988. Þann dag slasaðist hún við störf sín, er hún klemmdist í lyftubúnaði sorpbifreiðar með þeim afleiðingum, að hún missti framan af stóru tá á vinstra fæti. Örorka hennar af völdum slyssins var metin 100% tímabundin í fjóra mánuði og síðan 5% varanleg. Lögmaður stefnanda krafði stefnda Sjóvá-Almennar tryggingar h/f um bætur vegna slyssins með bréfi, dags. 24. febrúar 1989. Félagið taldi, að um fulla skaðabótaskyldu væri að ræða, og féllst á að greiða bætur í samræmi við útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Við uppgjör reis hins vegar ágreiningur um frádrátt vegna svonefnds skatthagræðis.

Hið stefnda vátryggingafélag gerði kröfu um 37,74% frádrátt vegna skatthagræðis, þ. e. sömu prósentu og er til viðmiðunar staðgreiðslu skatta. Þessum skilningi var mótmælt af hálfu stefnanda. Samkomulag náðist síðan milli aðila um að leggja ágreininginn fyrir dómstóla til úrlausnar, og voru bætur gerðar upp að frádregnum 37,74% vegna skatthagræðis með gagnkvæmum fyrirvara. Frádráttur þessi nam 221.571 kr., sem samsvarar fjárhæð aðalkröfu.

II.

Stefnandi byggir á því, að stefndu sé óheimilt að draga frá skaðabótum til stefnanda frádrátt vegna skatthagræðis. Samkvæmt almennum skaðabótareglum eigi skaðabætur til stefnanda að gera hana eins setta og fyrir slysið 15. janúar 1988. Það verði hún ekki, ef beitt sé frádrætti vegna skatthagræðis við uppgjör bóta. Samkvæmt 2. tölulið 28. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 23. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga teljist bætur vegna varanlegrar örorku ekki til skattskyldra eða útsvarsskyldra tekna. Það hafi ekki verið vilji löggjafans, þegar ákvæði þessi voru sett, að gera tryggingafélög betur sett við uppgjör. Tjónþolar verði ekki eins settir og löggjafinn hafi ætlast til, nema þeir njóti að fullu skattfrelsis bótagreiðslna fyrir varanlega örorku. Þá er á því byggt, að frádráttur vegna skatthagræðis við uppgjör til stefnanda sé andstæður dómvenju og að aldrei hafi tíðkast að beita frádrætti, er samsvaraði hámarksskatthlutfalli á hverjum tíma án tillits til persónuafsláttar eða annarra lögbundinna frádráttarliða við skattlagningu og hugsanlegrar ívilnunar samkvæmt 66. gr. laga nr. 75/1981.

Við útreikning örorkutjóns sé horft til aldurs tjónþola á slysdegi og væntanlegs lífaldurs hans og honum reiknaðar bætur út frá því og hlutfalli örorku. Tryggingafélög hafi síðan tekið upp þá verklagsreglu sér til hagræðis að greiða bætur út í einu lagi í stað þess að dreifa þeim og greiða þær mánaðarlega eða árlega allt til dánardægurs hlutaðeigandi tjónþola. Á móti draga félögin frá eingreiðsluhagræði. Verði talið heimilt að beita frádrætti vegna skatthagræðis, séu ýmsar viðmiðanir tiltækar. Unnt sé að miða við meðaltekjur starfsstéttar tjónþola og skatthlutfall af þeim. Þá megi miða við meðalskatthlutfall tjónþolans af heildartekjum næstu gjaldárin á undan slysdegi. Þá megi miða við skatthlutfall af heildartekjum á því ári, sem slys verður, sbr. varakröfur stefnanda.

Ljóst sé, að hið stefnda tryggingafélag hafi einhliða breytt hlutfalli frádráttar við gildistöku staðgreiðslu skatta. Engin rök liggi til grundvallar þeirri hækkun frádráttar, og það sé staðreynd, að skattbyrði hafi ekki aukist með staðgreiðslu sem nokkru nemi. Stefndu hljóti því að bera sönnunarbyrði fyrir því að beita 37,74% frádrætti, en ekki 2,51% eða 11,17%, eins og gert sé ráð fyrir undir varakröfum.

Af dómum Hæstaréttar verði ekki ráðið, hvaða reglur liggi til grundvallar niðurstöðum um frádrátt vegna eingreiðslu og ætlaðs skatthagræðis. Þó sé víst, að aldrei hafi verið beitt frádrætti, sem nemi brúttó skatthlutfalli á uppgjörsári bóta vegna varanlegrar örorku.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til meginreglna kröfu- og skaðabótaréttar, einkum almennu skaðabótareglunnar, reglna um tilgang greiðslna skaðabóta, til laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, einkum 28. gr. og 66. gr., og laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, einkum 23. gr.

Um útreikning dómkrafna er eftirfarandi tekið fram:

Aðalkrafa málsins geri ráð fyrir, að stefndu verði gert að greiða að fullu frádrátt vegna skatthagræðis, þ. e. 37,74% af 587.100 kr. varanlegri örorku, 221.571 kr.

Fyrsta varakrafa reiknist þannig:	
35,2% skattur af launatekjum 1988 skv. skattframtali eða af kr. 570.917	kr. 200.962
Persónuafsláttur 1988 til frádráttar	— (186.629)
Nettó skattur	kr. 14.333

sem er 2,51% af brúttó tekjum. 2,51% frádráttur af 587.100 kr. varanlegri örorku nemi 14.736 kr., sem eru 206.835 kr. lægri fjárhæð en nemi frádrætti við uppgjör til stefnanda og samsvari varakröfu.

Önnur varakrafa reiknist þannig:	
35,2% skattur af launatekjum 1988 eða af 570.917 kr. og af bótum fyrir tímabundna örorku eða af 205.800 kr. (255.800 ÷ 50.000 vegna launa greiddra í slysaforföllum) eða samtals af 776.717 kr.	kr. 273.404
Persónuafsláttur 1988 til frádráttar	— (186.629)
Nettó skattur	kr. 86.775

sem er 11,17% af launatekjum og greiðslu fyrir varanlega örorku. 11,17% af 587.100 kr. varanlegri örorku nemur 65.579 kr., sem eru 155.992 kr. lægri fjárhæð en nemur frádrætti við uppgjör til stefnanda og samsvarar annarri varakröfu.

Þrautavarakrafa reiknist þannig:	
Frádregið skatthagræði við uppgjör eða 37,74% af 587.100 kr. eða	Kr. 221.571
11,71% skatthagræði skv. útreikningi, dags. 2. maí 1990, af 587.100 kr. eða	— (68.749)
	Kr. 152.822

Með ýtrustu þrautavarakröfu sé gert ráð fyrir, að frádráttur verði metinn út frá heildarmati, eins og tíðkast hafi í fyrri dómum, er varði uppgjör skaðabóta vegna persónutjóns. Er gerð krafa um, að við þetta mat verði meðal annars horft til aldurs stefnanda, stöðu hennar nú sem einstæðrar móður og annarra atvika, er hana varða, enn fremur, að litið verði til meðaltekna ógiftra kvenna undanfarin ár og meðaltekna einstæðra mæðra.

Krafist er almennra sparisjóðsvaxta frá slysdegi til þess dags, er sett var fram krafa um uppgjör, 24. febrúar 1989.

III.

Af hálfu stefndu er tekið fram, að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu og aðilar hafi orðið sammála um að leggja til grundvallar fram lagðan örorkutjónsútreikning. Hafi enginn ágreiningur orðið um bætur vegna tímabundinnar örorku, en hins vegar hafi aðila greint á um frádrátt vegna skattfrelsis bóta.

Á þeim tíma, þegar útreikningurinn hafi verið gerður, hafi skattleysismörk verið 47.276 kr. á mánuði eða 567.312 kr. á ári, en greiða skyldi 37,74% af þeim tekjum, er umfram hafi verið. Tekjur stefnanda séu áætlaðar 859.500 kr. á ári, en tekjutap 43.000 kr., og sé því ljóst, að hún hefði átt að greiða fullan staðgreiðsluskatt af því, sem umfram var. Það reiknaða örorkutjón, sem henni sé bætt, hefði því aldrei nýst að fullu, heldur hefði hún greitt af því 37,74% staðgreiðsluskatt miðað við skattreglur, er í gildi voru á útreikningsdegi. Það sé grundvallarregla skaðabótaréttar, að tjónþoli eigi ekki að vera betur settur eftir tjón en fyrir tjón. Sú röksemdafærsla, er stefnandi beiti, leiði til þess, að tjónþolar myndu hagnast á tjóni sínu. Reglan um skattfrelsi örorkutjónsbóta sé til þess fallin að draga úr kostnaði þeirra, sem svo ólánsamir séu að lenda í tjóni. Jafnframt dragi reglan úr nauðsyn hærri iðgjalda og sé því í alla staði þjóðhagslega hagkvæm. Þá sé enn til þess að líta, að mjög oft sé ekki um raunverulegt tekjutjón að ræða hjá tjónþola, og er bent á, að tjón stefnanda sé hér ekki byggt á raunverulegum atvinnutekjum, heldur áætluðum tekjum.

Mótmælt er vöxtum, en það sé gegn dómvenju að dæma dráttarvexti og vaxtavexti af kröfunum.

IV.

Svo sem fram er komið, urðu aðilar sammála um það, að til grundvallar tekjutapi stefnanda vegna slyssins yrði lagður örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 20. febrúar 1989. Er sá útreikningur studdur örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, dags. 14. febrúar 1989, sem mat varanlega örorku stefnanda 5% vegna slyssins.

Samkvæmt greindum útreikningi er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda talið nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku		kr. 255.800
Vegna varanlegrar örorku		— 587.100
	Samtals	kr. 842.900

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 20. febrúar 1989 notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til launa í veikindum eða skatta.

Tjón stefnanda var gert upp 5. apríl 1989 með gagnkvæmum fyrirvara um frádrátt vegna skatthagræðis. Tjónsuppgjörið er sett upp með eftirfarandi hætti, að því er örorkubætur varðar:

Tímabundin örorka		kr. 255.800
Varanleg örorka	kr 587.100	
÷ 37,74%	— 221.571	
	kr. 365.529	
÷ 5% af „rest“	— 18.276	— 347.252
		Kr. 603.052

Ágreiningur aðila málsins varðar lækkun útreikningsfjárhæðar varanlegrar örorku um 37,74% vegna skattfrelsis örorkubóta. Byggir stefnandi á því, að óheimilt sé að draga frá skaðabótum frádrátt vegna skatthagræðis. Verður sú málsástæða stefnanda fyrst tekin til umfjöllunar.

Frá og með lögum nr. 6/1935 um tekjuskatt og eignarskatt hefur það verið lögbundið í skattalöggjöf hér á landi, að örorkubætur séu eigi skattskyldar sem tekjur. Núgildandi meginlagaboð þessa efnis er að finna í 2. tl. 28. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, en samkvæmt því ákvæði telst ekki til tekna „eignaauki, sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu“.

Við ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku hefur um áratugaskeið verið stuðst við útreikninga tryggingafræðinga um vinnutekjutap tjónþola. Þeir útreikningar sýna tekjutap án tillits til skatta, nema annað sé tekið fram. Til þess að tjónþoli sé jafnsettur og fyrir tjón, ber því m. a. við ákvörðun bóta honum til handa að taka tillit til skattfrelsis bótanna. Er það í samræmi við reglur skaðabótaréttar og staðfest af langri dómvenju. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að lækkun útreikningsfjárhæðar vegna skatthagræðis sé óheimil.

Ákvörðun frádráttar vegna skatthagræðis er eitt þeirra óvissu matsatriða, sem til athugunar koma, þegar ákveðin er bótafjárhæð vegna örorkutjóns. Raunhæfum nákvæmnisútreikningi verður þar ekki við komið. Ekki verður séð, að staðgreiðslukerfi skatta breyti þar nokkru um. Eftir sem áður er óvissa um skattalegt hagræði, þegar horft er áratugi fram í tímann. Að þessu virtu verður ekki fallist á það sjónarmið stefndu, að lækka beri útreiknað tekjutap stefnanda vegna varanlegrar örorku um hlutfall staðgreiðsluskatts samkvæmt gildandi skattareglum á útreikningsdegi. Hér er um óvisst matsatriði að ræða sem endranær.

Í tilviki því, sem hér um ræðir, er stefnandi samkvæmt gögnum máls einstæð móðir með lágar tekjur. Ber að líta til þess við ákvörðun frádráttar vegna skatthagræðis. Eftir atvikum þykir hæfilegt, að frádráttur vegna skattfrelsis bótanna sé 20% eða 117.420 kr. miðað við þann uppgjörsgrundvöll, sem stuðst er við. Sú niðurstaða samræmist ýtrustu þrautavarakröfu stefnanda, sem ein þykir koma til álita við úrlausn málsins.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda óskipt 104.151 kr. (221.571 ÷ 117.420) og með þeim vöxtum, sem í dómsorði greinir.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 70.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti. Málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, borgarsjóður Reykjavíkur og Sjóvá-Almennar tryggingar h/f, greiði óskipt stefnanda, Auðbjörgu Pálsdóttur, 104.151 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. janúar 1988 til 24. mars 1989, en dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga, frá þeim degi til greiðsludags og 70.000 kr. í málskostnað.

Málskostnaður ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1992.

Nr. 79/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðmundi Lárussyni
(Magnús Thoroddsen hrl.).

Tollalagabrot. Fyrningu hafnað. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 17. febrúar 1992.

Brot ákærða er sannað með eigin framburði hans og öðrum gögnum málsins. Varðar það við 1. mgr. 123. gr., sbr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987. Fyrrgreinda ákvæðisins er ekki getið í ákærunni, svo sem eðlilegt hefði verið, en það þykir þó ekki eiga að valda frávísun málsins, sbr. 3. mgr. 118. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. nú 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Rekstur máls þessa hjá lögreglu, ákæruvaldi og fyrir dómi er rakinn í hinum áfrýjaða dómi. Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna málsins 26. apríl 1991, er honum var boðið að ljúka því með dómsátt. Voru þá liðin um það bil 2 ár og 10 mánuðir, frá því að brot hans var framið.

Hin sérstaka fyrningarregla 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, mælir fyrir um 5 ára fyrningarfrest brota, þar sem sakborningur „kemur sér undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera". Brot ákærða laut að kaupum á varningi, sem honum var ljóst, að var ólöglega fluttur til landsins. Var reglna um greiðslu opinberra gjalda í engu gætt. Fellur þetta atferli hans undir ofangreint ákvæði, sbr. 2. mgr. 124. gr. tollalaga, og er það því ekki fyrnt.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en fjárhæð sektar. Með hliðsjón af rekstri málsins, sem dróst óhæfilega á langinn, þykir sekt ákærða nú hæfilega ákveðin

100.000 krónur, en vararefsing ákveðst 30 daga varðhald. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

Embætti ríkissaksóknara fékk mál þetta sent frá Rannsóknarlögreglu ríkisins 26. júní 1989, og lá málið þar í 14 mánuði, þar til það var sent sakadómi Reykjavíkur með dómsáttarheimild 30. ágúst 1990. Ber að átelja þennan seinagang, en hér var um einfalt mál að ræða.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Lárusson, greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. janúar 1992.

Ár 1992, mánudaginn 27. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 38/1992: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Lárussyni, sem tekið var til dóms 17. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. september sl., á hendur ákærða, Guðmundi Lárussyni, Háagerði 14, Reykjavík, kennitala 200645-3759, „fyrir að hafa um mánaðamót júní/júlí 1988 keypt 1200 0,33 l dósir (50 kassa) af Becks-bjór, sem ákærða var ljóst, að hafði verið fluttur ólöglega hingað til lands. Seljandi bjórsins var Magnús Kjærnested, kt. 290147-3289, og veitti ákærði bjórnum viðtöku að Smiðshöfða 1 í Reykjavík, flutti hann heim til sín og hafði að mestu leyti til eigin neyslu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Við yfirheyrslur hjá RLR í marsmánuði árið 1989 viðurkenndi Magnús Kjærnested, stýrimaður á ms. Mánafossi, að hafa í júní árið 1988 keypt

í Antwerpen 300 kassa af 33 cl Becks-bjór og síðan flutt bjórinn með skipinu til Íslands í vörugámi. Kvaðst Magnús hafa selt bjórinn ýmsum aðilum hér á landi, meðal annarra hefði ákærði keypt 50 kassa. Ákærði var yfirheyrður hjá RLR 30. mars 1989. Kvað ákærði Magnús hafa boðið sér bjór til kaups, og kvaðst ákærði hafa farið til fundar við Magnús í vörugeymslu á Ártúnshöfða, þar sem hann festi kaup á 50 bjórkössum. Kvaðst ákærði hafa greitt 2.500-2.700 kr. fyrir kassann, og hefði bjórinn að mestu verið ætlaður til einkanota.

Samkvæmt gögnum málsins eru rannsóknargögn send ríkissaksóknara með bréfi RLR 26. júní 1989, en með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 30. ágúst 1990, er sakadómi Reykjavíkur sent málið, þar sem heimilað er, að máli ákærða og níu annarra verði lokið með dómsátt.

Hinn 26. apríl kom ákærði fyrir dóm og var þá inntur eftir því, hvort hann féllist á að ljúka málinu með dómsátt, en áður hafði honum verið veittur frestur til að taka afstöðu til þess. Lýsti þá ákærði yfir því, að hann hafnaði sáttarboðinu, og tók fram í því sambandi, að sér þætti sektarfjárhæðin, sem nefnd var, of há, en einnig hefði hann ýmislegt annað við málið að athuga.

Ákæra í máli þessu var gefin út 11. september sl., eins og áður greinir, og var ákærða birt ákæran 8. október sl. Er ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 17. janúar sl., viðurkenndi hann ákæruefnið.

Verjandi ákærða hefur hreyft þeirri málsvörn, að sök í máli þessu sé fyrnd.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20, 1981, fyrnast tolllagabrot á fimm árum. Hefur sú túlkun verið staðfest með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 21. nóvember sl., í málinu nr. 340/1991. Telja verður, að þessi sérstaki fyrningarfrestur taki einnig til kaupenda smyglvarnings, enda ekki síður örðugleikar á að ljóstra upp um brot þeirra. Brot ákærða, sem hér er fjallað um, var framið um mánaðamót júní/júlí 1988, og er sök ákærða því ófyrnd samkvæmt framansögðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum, sem hér skipta máli.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 150.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 50 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hrl., 25.000 kr.

1857

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Lárusson, greiði 150.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 50 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hrl., 25.000 kr.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1992.

Nr. 156/1987. **Kópavogskaupstaður**
(Þórður Þórðarson hdl.,
Þórólfur Kr. Beck hrl.)
gegn
dánarbúi Þórðar Þorsteinssonar,
dánarbúi Helgu Sveinsdóttur,
Sveini Þórðarsyni,
Sigríði Lúthersdóttur
(Gunnar Guðmundsson hdl.,
Hákon Árnason hrl.)
og til réttargæslu
Halldóru Þórðardóttur,
Guðmundi Marinó Þórðarsyni
(Gunnar Sæmundsson hrl.) **og**
Þórði Erni Guðmundssyni
og
Guðmundur Marinó Þórðarson
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
dánarbúi Þórðar Þorsteinssonar,
dánarbúi Helgu Sveinsdóttur,
Sveini Þórðarsyni og
Sigríði Lúthersdóttur
(Gunnar Guðmundsson hdl.,
Hákon Árnason hrl.).

Fasteignir. Samningur. Erfðafesta. Gerhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi Kópavogskaupstaður skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi eða vísað heim til löglegrar með-

ferðar, til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu. Hann krefst þess og, að stefndu verði óskipt gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefndu eru ekki gerðar kröfur í málinu, en þeim stefnt í því skyni, að þau verði bundin af dómsniðurstöðu Hæstaréttar.

Áfrýjandi Guðmundur Marinó Þórðarson skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnda dánarbús Þórðar Þorsteinssonar í málinu og að staðfest verði að niðurstöðu til ákvæði héraðsdóms um sýknu hans af kröfum stefndu dánarbús Helgu Sveinsdóttur, Sveins Þórðarsonar og Sigríðar Lúthersdóttur. Hann krefst þess og, að stefndu öll verði in solidum dæmd til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti, en gjafsóknarleyfi var honum veitt 1. október 1987.

Stefndu gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er dánarbú Þórðar Þorsteinssonar varðar, og sér verði tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

I.

Í máli þessu er deilt um gildi samnings frá 10. september 1980 milli Kópavogskaupstaðar annars vegar og Þórðar Þorsteinssonar og Guðmundar Marinós Þórðarsonar hins vegar um niðurfellingu erfðafesturéttinda o. fl. Eru málsatvik og málsástæður aðila rækilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Að beiðni lögmanna málsaðila var í Hæstarétti kveðinn upp úrskurður 3. júlí 1991, þar sem þess var óskað, að læknaráð léti uppi rökstutt álit um eftirfarandi:

„1. Telur læknaráð læknisfræðileg gögn málsins fullnægjandi grundvöll að matsgerðum læknanna Ársæls Jónssonar og Ásgeirs Karlssonar frá 22. febrúar 1984 og 5. október 1985?

2. Fellst læknaráð á niðurstöður nefndra matsgerða?

3. Telur læknaráð, að ótvíræð læknisfræðileg vissa sé fyrir því, að andlegri heilbrigði Þórðar heitins Þorsteinssonar hafi verið svo háttað 10. september 1980, er hann undirritaði samning þann við

Kópavogskaupstað, sem um er deilt í málinu, að hann hafi þá verið ófær um að skilja efni hans og þýðingu?

4. Verði svar neikvætt, óskast umsögn læknaráðs um álitaefnið."

Svar læknaráðs barst Hæstarétti með bréfi 30. júlí 1992. Svör ráðsins voru þessi:

„Ad.1. Já.

Ad. 2. Já.

Ad. 3. og 4. Ekki verður fullyrt með vissu, að Þórður heitinn Þorsteinsson hafi verið alls ófær um að skilja efni umrædds samnings og þýðingu, en hins vegar verður að telja það mjög líklegt, að svo hafi verið.

Þannig kom í ljós strax árið 1972 við skoðun Jakobs Jónassonar geðlæknis, að Þórður var haldinn ellihrörnun um aldur fram og hafði skerta dómgreind. Við athugun Gylfa Ásmundssonar sálfræðings árið 1981 kom í ljós, að hrörnun hafði farið hraðvaxandi.

Eins og fram kemur í vottorðum læknanna Ásgeirs Karlssonar og Ársæls Jónssonar, eru sjúklingar, sem fá endurteknar æðastíflur í heila, ruglaðir á köflum og skýrari á milli. Glöggt kemur fram af gögnum málsins, að þetta átti við um Þórð Þorsteinsson."

Nokkur ný gögn hafa að auki verið lögð fyrir Hæstarétt.

II.

Kröfu sína um frávísun málsins frá héraðsdómi reisir áfrýjandi Kópavogskaupstaður á því í fyrsta lagi, að komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, að Þórður Þorsteinsson hafi eigi verið fær um að skilja efni samningsins frá 10. september 1980, hafi hann því síður verið fær um að taka ákvörðun um höfðun þessa dómsmáls. Ákvörðun um málshöfðun hafi í því tilviki verið ógild, og beri að vísa málinu frá héraðsdómi, þar sem Þórður hafi ekki verið sviptur lögræði og lögráðamanns því ekki notið við til að ákveða málshöfðunina. Í öðru lagi er byggt á því, að kröfur hinna ýmsu sóknaraðila í héraði séu eigi af sömu rót runnar. Krafa áfrýjandans um ómerkingu héraðsdóms er reist á því, að málsmeðferð dómsins hafi verið mjög ábótavant, sérstaklega að því er varðar leiðbeiningar dómsins til sóknaraðila í héraði um gagnaöflun í málinu.

Krafa um frávísun málsins var ekki gerð fyrir héraðsdómi. Lögmenn aðila fluttu málið í héraði um allar málsástæður, sem þá þóttu að fullu skýrðar. Við svo búið er rétt að leggja efnisdóm á málið

í Hæstarétti, enda þykja eigi þeir gallar á málsmeðferð í héraði, sem varða beri ómerkingu héraðsdóms.

III.

Áfrýjendur málsins, Kópavogskaupstaður og Guðmundur Marinó Þórðarson, krefjast hvor um sig sýknu af kröfum stefnda dánarbús Þórðar Þorsteinssonar. Þeir krefjast og staðfestingar á niðurstöðu héraðsdóms um sýknu þeirra af kröfum stefndu dánarbús Helgu Sveinsdóttur, Sveins Þórðarsonar og Sigríðar Lúthersdóttur. Þessi stefndu hafa ekki áfrýjað héraðsdómi fyrir sitt leyti. Ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu áfrýjenda af kröfum dánarbús Helgu Sveinsdóttur, Sveins Þórðarsonar og Sigríðar Lúthersdóttur.

IV.

Fyrsta málsástæða stefndu hér fyrir dómi, sóknaraðila í héraði, fyrir ógildi samningsins frá 10. september 1980 og sú, sem héraðsdómur byggist á, er, að samningurinn hafi verið óskuldbindandi fyrir Þórð vegna gerhæfisskorts, þar sem hann hafi verið haldinn heilabilun og með svo skerta andlega starfsemi, að hann hafi verið ófær um að skilja veigamikil atriði samningsins.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var langur aðdragandi að samningnum, þar sem samningaumleitanir hófust þegar árið 1973. Þeir Þórður og Guðmundur Marinó stóðu saman frá upphafi að viðræðunum við fyrirsvarsmenn Kópavogskaupstaðar og nutu við þær aðstoðar lögmanna, sem Þórður hafði fengið til. Af því, sem fyrir liggur um viðræðurnar, verður ekki ráðið, að þá tengdafeðga hafi greint á um stefnumið, að því er varðaði umfang endurgjaldsins frá Kópavogskaupstað fyrir þau réttindi, sem láta skyldi af hendi. Jafnframt gefa þær til kynna, að lokaniðurstaðan um þetta endurgjald hafi verið mjög í samræmi við það, sem raunhæft var talið við kröfugerð á fyrri stigum málsins. Eins og samningurinn liggur fyrir, er það í raun ágreiningslaust, að endurgjaldið sem heild hafi verið ásættanlegt frá sjónarmiði Þórðar og niðurstaðan hagfelld að því leyti, og hefur sú afstaða verið ítrekuð af hálfu stefndu við flutning málsins hér fyrir dómi. Þegar þetta er virt ásamt öðrum atvikum, er ekki unnt að líta svo á, að þeir annmarkar á heilsufari Þórðar, sem um ræðir í áliti læknaráðs og öðrum málsgögnum, hafi

í raun sett mark sitt á samninginn að þessu leyti. Verður samningurinn því ekki ógiltur í heild af þessari ástæðu. Aðrar ógildingarástæður koma ekki til greina í þessu efni, þar sem grandsemi forsvarsmanna Kópavogskaupstaðar er ósönnuð í málinu. Ber því að sýkna Kópavogskaupstað af kröfum stefndu.

Hins vegar er að skoða þá innbyrðis skiptingu milli Þórðar heitins og Guðmundar Marinós Þórðarsonar á endurgjaldinu frá Kópavogskaupstað, sem samningurinn fjallar einnig um.

V.

Upplýst er í málinu, að lokagerð samningsins bar nokkuð brátt að þrátt fyrir hinn langa aðdraganda, auk þess sem gerðar voru breytingar og viðaukar á samningsdegi. Þessar breytingar snerust fyrst og fremst um innbyrðis skiptingu endurgjaldsins. Upplýst er í málinu, að veigamikil atriði þessarar skiptingar hafi fyrst komið fram skömmu fyrir undirskrift samningsins.

Endanleg skipting endurgjaldsins frá Kópavogskaupstað varð sú í reynd, að mestur hluti þess féll til tengdasonarins Guðmundar Marinós Þórðarsonar og fjölskyldu hans. Þótt litið yrði svo á, að Þórður Þorsteinsson hafi viljað taka sérstakt tillit til dótturinnar Halldóru, eiginkonu áfrýjandans Guðmundar Marinós Þórðarsonar, og sona þeirra hjóna, hefur ekki verið skýrt, hvaða grundvöllur var fyrir því, að Guðmundur Marinó fengi í sinn hlut lóð undir fjölbýlishús og raðhús samkvæmt ákvæði b-liðar 6. gr. í samningnum. Er þó ljóst, að þau verðmæti, sem verið var að afsala Kópavogskaupstað, voru að öllu verulegu leyti leidd af erfðaleigurétti Þórðar Þorsteinssonar. Verður að fallast á það með héraðsdómi, að við þessa innbyrðis skiptingu endurgjaldsins frá Kópavogskaupstað hafi Þórður Þorsteinsson borið skarðan hlut frá borði.

Í 3. gr. samningsins er ákvæði til hagsbóta fyrir Halldóru Þórðardóttur og í a-lið 6. gr. ákvæði til hagsbóta fyrir hana og son hennar, Þórð Örn. Sóknaraðilar í héraði höfðuðu mál þetta einnig gegn þeim Halldóru og Þórði Erni, en héraðsdómur sýknaði þau. Kröfum á hendur þeim var ekki haldið til streitu með því að áfrýja málinu á hendur þeim. Er því ekki grundvöllur til að hagga þeim ákvæðum samningsins, sem þau varða.

Svo sem áður er rakið, verður að telja, að Þórður Þorsteinsson

hafi borið skarðan hlut frá borði við innbyrðis skiptingu endurgjaldsins frá Kópavogskaupstað, er áfrýjandinn Guðmundur Marinó Þórðarson hlaut lóðir undir fjölbýlishús og raðhús. Verður að telja þá ráðstöfun ósanngjarna.

Hinn 1. maí 1986 var lögfest almenn ógildingarregla í samningalögum, er hljóðar svo:

„Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga.

Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika, sem síðar komu til."

Með vísan til athugasemda, sem fylgdu frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 11/1986, verður að telja unnt að beita reglu þessari, sem varð 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, um samninginn, sem um er deilt í máli þessu. Eftir reglunni verður að telja rétt að breyta b-lið 6. gr. samningsins. Með þessu ákvæði skuldbatt Kópavogskaupstaður sig til þess að úthluta raðhúsalóð og fjölbýlishúsalóð áfrýjandanum Guðmundi Marinó Þórðarsyni.

Lögmaður Kópavogskaupstaðar hefur lýst því yfir við málflutning fyrir Hæstarétti, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að til dánarbúsins renni viðbótarlóð sú, sem skipulögð verður austar á strönd Sæbólslands, eins og greint er undir a-lið 6. gr. samningsins.

Að öllu þessu athugðu verður niðurstaðan sú, að rétt er að breyta efni b-liðar 6. gr. margnefnds samnings frá 10. september 1980 á þann veg að viðurkenna réttindi samkvæmt úthlutun þeirra lóða, sem þar eru nefndar, að hálfu milli dánarbús Þórðar Þorsteinssonar og Guðmundar Marinós Þórðarsonar.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnandans Guðmundar Marinós Þórðarsonar ákveðst 280.000 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sæmundssonar hæstaréttarlögmanns, 220.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kópavogskaupstaður, skal vera sýkn af kröfum stefndu, dánarbús Þórðar Þorsteinssonar, dánarbús Helgu Sveinsdóttur, Sveins Þórðarsonar og Sigríðar Lúthersdóttur.

Afrýjandi, Guðmundur Marinó Þórðarson, skal vera sýkn af kröfum stefndu, dánarbús Helgu Sveinsdóttur, Sveins Þórðarsonar og Sigríðar Lúthersdóttur.

Ákvæði b-liðar 6. gr. samnings Þórðar Þorsteinssonar, Guðmundar Marinós Þórðarsonar og Kópavogskaupstaðar frá 10. september 1980 er breytt á þá leið, að viðurkennd eru réttindi samkvæmt úthlutun lóða þeirra, sem þar eru tilgreindar, að hálfu til dánarbús Þórðar Þorsteinssonar og að hálfu til Guðmundar Marinós Þórðarsonar.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnandans Guðmundar Marinós Þórðarsonar ákveðst 280.000 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sæmundssonar hæstaréttarlögmanns, 220.000 krónur.

Dómur bæjarþings Kópavogs 17. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er höfðað upphaflega hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 21. maí 1981, af hjónunum Sveini Þórðarsyni og Sigríði Lúthersdóttur, 5622 Richmond Street, Garden Grove, Bandaríkjum N.-Ameríku, og hjónunum Helgu Sveinsdóttur og Þórði Þorsteinssyni, búsettum á Sæbóli í Kópavogi, gegn Guðmundi Marinó Þórðarsyni, Strönd, Sæbólslandi, Kópavogi, nú búsettum í Görtlerporten 78, Hvidovre, Kaupmannahöfn, Danmörku, og bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, Fannborg 2, Kópavogi, f. h. Kópavogskaupstaðar, og eru dómkröfur þær, að samningur Kópavogskaupstaðar annars vegar og Þórðar Þorsteinssonar og Guðmundar Marinós Þórðarsonar hins vegar, dagsettur 10. september 1980, verði ógiltur með dómi.

Enn fremur er krafist málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Með sakaukastefnu, út gefinni 15. október 1981, höfða stefnendur sakaukamál á hendur þeim Þórði Erni Guðmundssyni, Sæbólsbraut 42, Kópavogi, en áður Bústað 1, Vífilsstöðum, Kjósarsýslu, og Halldóru Þórðardóttur, Görtlerporten 78, Hvidovre, Kaupmannahöfn, Danmörku, en áður að strönd, Sæbólslandi í Kópavogi, og eru dómkröfur þær, að sakaukastefndu verði dæmd til að þola, að ógiltur verði samningur Kópavogskaupstaðar annars vegar og Þórðar Þorsteinssonar og Guðmundar Marinós Þórðarsonar, dags. 10. september 1980, hins vegar. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Við þingfestingu sakaukamálsins var það sameinað aðalmálinu. Verða því sakaukastefndu talin með aðalstefndu varnar megin hér á eftir.

Þórður Þorsteinsson á Sæbóli lést 11. júní 1983 og Helga Sveinsdóttir, kona hans, 23. júlí 1984. Dánarbú þeirra beggja eru til opinberrar skiptameðferðar við embætti bæjarfógetans í Kópavogi, og hafa þau tekið við aðild sóknar megin við hlið Sveins Þórðarsonar og Sigríðar Lúthersdóttur samkvæmt ákvörðun skiptafundar í dánarbúunum.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þær, að samningur Þórðar Þorsteinssonar, Guðmundar Marinós Þórðarsonar og Kópavogskaupstaðar frá 10. september 1980 á dskj. nr. 3 verði ógiltur með dómi.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 4. maí 1982, var stefnendum Þórði Þorsteinssyni og Helgu Sveinsdóttur veitt gjafsókn í málinu, og fyrir liggur staðfesting ráðuneytisins á því, að dánarbúin njóti gjafsóknarinnar.

Stefndu, Guðmundur Marinó Þórðarson, Halldóra Þórðardóttir og Þórður Örn Guðmundsson, gera kröfur um algjöra sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verið in solidum dæmdir til að greiða þeim hverju um sig málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda Kópavogskaupstaðar eru gerðar kröfur um sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þeir verði óskipt dæmdir til að greiða Kópavogskaupsað málskostnað að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Það er upphaf þessa máls, að 10. september 1980 er gerður samningur á milli þeirra Þórðar Þorsteinssonar á Sæbóli og tengdasonar hans, stefnda Guðmundar Marinós Þórðarsonar, annars vegar og Kópavogskaupstaðar hins vegar um nýbýlið Sæból og landspildur tengdar því. Samningurinn var undirritaður af þeim tengdafeðgum og Helgu Sveinsdóttur, eiginkonu Þórðar, og af Þórólfi Kristjáni Beck hrl., þáverandi bæjarlögmanni, f. h. Kópavogskaupstaðar. Vitundarvottar voru Ólafur Axelsson hæstaréttarlögmaður og Helga, dóttir stefndu Guðmundar Marinós og Halldóru Þórðardóttur.

Meginmál samningsins er svohljóðandi:

„1. gr.

Með gerð samkomulags þessa lýsir Þórður Þorsteinsson því yfir, að öll réttindi samkvæmt erfðaleigusamningi, út gefnum 1. desember 1937, um nýbýlalandið nr. IX úr Kópavogslandi eru að fullu og öllu niður fallin og honum að fullu bættur missir þeirra og allra mannvirkja í eigu Þórðar á löndum þessum, sem eigi er sérstaklega tilgreint í samningi þessum, að

Þórður Þorsteinsson haldi eftir. Jafnframt eru skilyrði samkvæmt gjafabréfi frá 29/3 1968 niður fallin.

Skal erfðaleigusamningi þessum aflýst nú þegar.

2. gr.

Guðmundur Marinó Þórðarson lýsir því yfir, að með gerð samkomulags þessa er úr gildi fallinn lóðarleigusamningur um 4000m² landspildu úr landi Sæbóls, dags. 11. janúar 1962, og hefur honum verið að fullu bættur missir samnings þessa með gerð þessa samkomulags, en lóðarleigusamningi þessum skal aflýst nú þegar.

3. gr.

Gefinn skal út lóðarleigusamningur fyrir lóð þeirri, sem íbúðarhúsið Sæból stendur á, til Halldóru Þórðardóttur. Um stærð lóðarinnar fer samkvæmt skipulagi, en norðurmörk lóðarinnar skulu þó hin sömu og Strandar.

4. gr.

Með gerð samkomulags þessa skuldbinda Þórður Þorsteinsson og Guðmundur Marinó Þórðarson sig til að rífa á eigin kostnað eða flytja brott svonefndan Litaskála og svonefnda Sendibílastöð, og skal því að fullu lokið innan 6 mánaða frá dagsetningardegi samnings þessa, þó Sendibílastöðin innan eins árs.

5. gr.

Þórður Þorsteinsson og Guðmundur Marinó Þórðarson lýsa því yfir, að þeir falla með gerð samnings þessa frá öllum kröfum, er þeir kunna að hafa átt á hendur Kópavogskaupstað vegna hugsanlegs tjóns á atvinnurekstri þeirra á Sæbólslandi af völdum breytinga á gatnakerfinu og umferð um landið og næsta nágrenni svo og vegna beinna eignaskemmda og röskunar vegna framkvæmda Kópavogskaupstaðar og Vegagerðar ríkisins í Sæbólslandi og nágrenni þess á síðastliðnum 15 árum.

6. gr.

Með samningi þessum skuldbindur Kópavogskaupstaður sig til að úthluta gagnaðila eftirgreindum byggingarlóðum úr landi Sæbóls með venjulegum úthlutunarskilmálum kaupstaðar, þó án A-gatnagerðargjalda og með fullri framsals- og söluheimild á byggingarrétti að lóðum:

a) Þrem einbýlishúsalóðum, þar af einni til Sveins Þórðarsonar og tveim til Halldóru Þórðardóttur, sem skipulagðar eru á ströndinni við Sæból. Af

lóð þeirri, er Sveini skal úthlutað, greiðast full gatnagerðargjöld. Mannvirki þau, sem nú eru á lóðunum, sér Þórður Þorsteinsson um að fjarlægja og kaupa upp, ef þörf krefur. Þórður Þorsteinsson skal eiga forgangsrétt að einni viðbótarlóð undir einbýlishús, ef skipulögð verður slík lóð austar á strönd Sæbólslands. Lóðin milli Strandar og Sæbóls, sem þegar hefur verið úthlutað á nafn Þórðar Guðmundssonar, skal einnig vera án A-gatnagerðargjalda. Ofangreindar lóðir skv. 6. gr. auk Sæbóls og Strandar skulu verða gatnagerðargjaldalausar, hvað varðar við- og nýbyggingar. Undanskilin er lóð Sveins.

b) Guðmundi Þórðarsyni einni lóð undir fjölbýlishús án A-gatnagerðargjalds eða nánar tiltekið nyrstu fjölbýlishúsalóðinni svo og einni raðhúsalóð. Guðmundi er kunnugt um áætlaða stærð og gerð fyrirhugaðs húss á lóðinni, en lágmarksstærð húss á lóðinni er 12 m x 20 m á tveim hæðum með 6 íbúðum og lóðarstærð 1150 m².

Gert er ráð fyrir, að ofangreindar lóðir verði byggingarhæfar eigi síðar en 1. maí 1984.

7. gr.

Á svæði því í nágrenni Hafnarfjarðarvegar, sem sérgreint er á meðfylgjandi uppdrætti bæjarverkfræðings með bókstafnum A, 1 ha að stærð, heimilar Kópavogskaupstaður Guðmundi Marinó Þórðarsyni afnot til ræktunar og til reksturs svipaðrar verslunar og nú er rekin í Blómaskála, á meðan slíkt fer eigi í bága við framkvæmd á skipulagi í Kópavogi. Afnot þessi skulu endurgjaldslaus til ársins 2000. Ef Blómaskálinn verður rifinn, er gert ráð fyrir, að heimilt sé að reisa á svæði þessu hús undir svipaðan rekstur og er í Blómaskálanum nú, allt að 300 m² að stærð, og skal eigi greiða af því gatnagerðargjald.

Kópavogskaupstaður lofar að stuðla að því af fremsta megni, að sams konar rekstur og að ofan greinir verði ekki rekinn í fyrirhugaðri verslanahöll.

8. gr.

Þórður Þorsteinsson ábyrgist, að lóðarleigusamningur, dags 15/10 1969, um 9000 m² landsvæði, leigt Byggingavöruverslun Kópavogs, sé nú úr gildi fallinn svo og lóðarleigusamningur, út gefinn af Stjórnarráði Íslands 2/9 1944 til Jóhanns Steinþórssonar (nú Byko) fyrir Kársnesbraut 2 A, 1490 m² að stærð. Ábyrgist Þórður, að öll mannvirki og girðingar á landspildu þessari skuli fjarlægð nú þegar. Hafi öll mannvirki þessi eigi verið fjarlægð innan 3ja mánaða frá undirskrift samnings þessa, falla lóðarúthlutanir til Halldóru Þórðardóttur skv. a-lið 2. gr. sjálfkrafa niður.

9. gr.

Kópavogskaupstaður greiðir kostnað sökum lögfræðiaðstoðar vegna gagnaðila sökum samningsgerðar þessarar samkvæmt úrskurði gjaldskrárnefndar LMFÍ.

10. gr.

Áhvílandi fasteignagjöld og dráttarvextir á Sæbóli (kr. 1.528.919) og á Blómaskála (kr. 467.003) falla niður með gerð samkomulags þessa svo og áður millifærð skuld vegna sama.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum til handa aðilum. Rísi ágreiningur vegna hans, skal slíkt mál rekið fyrir bæjarþingi Kópavogs án undangenginna sáttaumleitana. 8. gr. samnings þessa fellur niður. 10/9 1980. ÞKB (sign.). GÞ (sign.). Staðfestist nafnritan í votta viðurvist."

Verður nú rakið hið helsta um tildrög og málsatvik, svo sem greinir í fyrirliggjandi skjölum og gögnum.

Þórður Þorsteinsson og Helga Sveinsdóttir voru frumbyggjar í Kópavogi. Var Þórði árið 1937 byggt Sæból til erfðafestu í 99 ár. Landið var í upphafi u. þ. b. 10 hektarar að stærð. Þau Sæbólshjón komu sér upp búi, brutu land til ræktunar og stunduðu verslunarrekstur svo lengi sem kraftar og þrek entust. Þau áttu fjögur börn, og voru elst þau málsaðilarnir Halldóra og Sveinn.

Samningaviðræður bæjaryfirvalda og þeirra Þórðar á Sæbóli og Guðmundar Marinós Þórðarsonar, sem átti 4000 m² spildu úr landinu samkvæmt lóðarleigusamningi frá 1962 auk tveggja húsa, um innlausn erfðafesturéttindanna hófust 1972 eða 1973 og stóðu með hléum til 10. september 1980, er hinn umstefndi samningur var undirritaður. Er hér var komið sögu, var Sæbólsland talið vera nálægt 7 hektarar alls og Kópavogskaupstaður orðinn landsdrottnari, sbr. lög nr. 36/1967.

Frá upphafi sá Þórólfur Kristján Beck, þáverandi bæjarlögmaður, um samningsgerðina af hálfu Kópavogskaupstaðar, en þeir Þórður á Sæbóli og Guðmundur Marinó höfðu sér til fulltingis lögmennina Tómas Árnason í byrjun og síðan Vilhjálm Árnason og Ólaf Axelsson, sem þá var fulltrúi Vilhjálms, en Ólafur annaðist að mestu einn samningaviðræðurnar við hlið þeirra Sæbólstengdafeðga frá árinu 1973. Snemma í þessum viðræðum munu hafa komið fram hugmyndir af hálfu þeirra Þórðar og Guðmundar um bætur, en þær fólust í byggingarrétti á strandlóðunum nyrst í landinu, enn fremur að fá nokkrar aðrar byggingarlóðir, þ. m. t. eina undir sambýlishús, svo og skaðabætur í peningum. Þessar hugmyndir breyttust lítið í meginatriðum þrátt fyrir mjög marga fundi á greindu árabili nema að því leyti, að meira var rætt, þegar frá leið, um lóðir en fjárgreiðslur.

Þórður á Sæbóli hafði einkum orð fyrir þeim Guðmundi Marinó framan af, og marga samningafundi sat hann einn ásamt bæjarlögmanni eða einn með lögmanni sínum. Þegar á leið, urðu fundasetur hans strjálli, enda mæddu hann þá mjög alvarlegir sjúkdómar eins og sykursýki og hjartabilun í kjölfar háþrýstings. Af þessum sökum hvíldu samningaumleitanirnar meira en áður á Guðmundi Marinó síðasta árið fyrir samningsgerðina.

Þórður lá á húðsjúkdómadeild Landspítalans vegna fótasára 17. júlí til 30. ágúst 1980, er hann var fluttur heim. Á þessum tíma var ljóst, að saman var að ganga með samninga. Voru fundahöld tíð, og minnast lögmenn samningsaðila fundar á skrifstofu Vilhjálms Árnasonar, en hann sátu þeir lögmennirnir Vilhjálmur Árnason og Ólafur Axelsson auk bæjarlögmanns, Þórólfs Kristjáns Beck, svo þau Þórður og Helga á Sæbóli og Guðmundur Marinó Þórðarson. Mun þetta hafa verið daginn fyrir undirritun samningsins. Var verið að ræða endanleg samningsdrög. Að kröfu Guðmundar Marinós var kveðið á um innbyrðis skiptingu endurgjaldsins frá kaupstaðnum milli þeirra Þórðar, en efnisatriðum þeirrar skiptingar hafði Guðmundur Marinó komið til Ólafs Axelssonar þá skömmu áður símleiðis, að því er Ólafur ber. Daginn eftir, 10. september 1980, var svo fram haldið með samningsgerðina heima hjá Guðmundi Marinó á Strönd. Lágu þá fyrir vélrituð samningsdrög í 10 greinum. Var bætt við ýmsar greinarnar og öðru breytt og sett ákvæði um, að 8. greinin félli niður vegna þess, að skilmálar, sem þar greindi, höfðu verið uppfylltir. Að svo búnu var samningurinn undirritaður þarna á Strönd af öllum nema Þórði, sem lá fyrir heima á Sæbóli. Var farið þangað, og undirritaði Þórður samninginn. Áður en Þórður undirritaði, hafði heimilislæknir hans í 17 ár, Kjartan J. Jóhannsson, fyrrverandi héraðslæknir, verið kvaddur á vettvang af Guðmundi Marinó og beðinn um að gefa vottorð um andlega heilbrigði Þórðar. Eftir viðræður við Þórð, sem henti gaman að tilefninu, gaf Kjartan svolátandi vottorð:

„Þórður Þorsteinsson, Sæbóli. Viðtal við hann í dag, er hann andlega hress og með fullu ráði og rænu."

Daginn eftir samningsgerðina fór Þórður á Sæbóli aftur á húðsjúkdómadeild Landspítalans.

Í næsta mánuði á eftir kom stefnandi Sveinn Þórðarson til Íslands. Hafði hann haft fregnir af samningsgerðinni til Bandaríkjanna frá tengdafólki sínu í Kópavogi. Líkaði honum illa samningurinn og taldi m. a. hagsmunum foreldra sinna illa borgið, auk þess sem hlutur sinn væri næsta rýr og ekkert gengi til barna bróður síns, Þórðar Helga, sem lést 1963. Fékk hann foreldra sína, þau Þórð og Helgu, til að undirrita umboð til sín þess efnis, að hann fengi samningnum frá 10. september 1980 breytt á þann veg, að hann yrði milli þeirra Sæbólshjóna og kaupstaðarins og að endurgjaldinu

yrði skipt á milli erfingja þeirra hjónanna samkvæmt erfðareglum, — enn fremur, að ákveðið yrði, að Sæból yrði til ráðstöfunar fyrir Helgu Sveinsdóttur til æviloka. Þessari húseign, Sæbóli, ásamt lóðarréttindum hafði með yfirlýsingu þeirra Sæbólshjóna 29. nóvember 1979 verið afsalað stefndu Halldóru Þórðardóttur sem fyrirframgreiddum arfi, enda tæki hún að sér að þeim látnum að annast Halldór, bróður sinn, að óbreyttu ástandi hans. Eigi liggur fyrir, að Halldóra hafi formlega samþykkt þetta skilyrði.

Sveinn Þórðarson leitaði liðsinnis lögmanna um málaleitan sína. Rituðu lögmenn hans Vilhjálmi Árnasyni hrl. bréf í ársbyrjun 1981 og lýstu óskum þeirra Sveins Þórðarsonar og foreldra hans og fyrrum tengdadóttur þeirra um breytingar á 6. gr. samningsins á grundvelli yfirlýsingar, sem þau Þórður og Helga höfðu undirritað 31. október 1980. Var haldinn fundur um þetta á skrifstofu Vilhjálms Árnasonar 16. janúar 1981, en hann leiddi ekki til samkomulags. Í framhaldi af fundinum rituðu lögmenn Sveins Guðmundi Marinó bréf 27. janúar 1981 og kynntu honum nýjar hugmyndir um breytingar á samningnum. Sveinn Þórðarson kynnti bæjarstjórn Kópavogs hinar nýju hugmyndir í bréfi sama dag og óskaði samþykkis. Þar sem Guðmundur Marinó sat fastur við sinn keip og léði ekki máls á neinu samkomulagi um breytingar á samningnum, hófu stefnendur málsókn þessa með útgáfu stefnu, eins og í upphafi greinir.

Áður en mál þetta var höfðað, hafði Þórður Þorsteinsson undirritað yfirlýsingu 22. janúar 1981 þess efnis, að það hefði ekki verið vilji þeirra hjónanna að gefa allar eigur sínar með umræddum samningi, og vildi hann afturkalla allar ráðstafanir. Á þessum tíma var Þórður vistmaður á Vífilsstöðum. Hinn 23. febrúar 1981 undirritar Þórður yfirlýsingu á Vífilsstöðum að tilhlutan Halldóru, dóttur sinnar, en þar segir, að það sé hans eindregna ósk, að samningurinn frá 10. september 1980 haldi gildi sínu í einu og öllu, enda hafi hann verið gerður að vel yfirveguðu ráði. Lýsir hann og ómerkar og gildislausar allar þær yfirlýsingar, sem hann hafi og kunni að hafa verið fenginn til að gefa og/eða undirrita um breytingar á téðum samningi. Þessari síðustu yfirlýsingu er vikið í burtu með nýrri, sem tjáist undirrituð af Þórði Þorsteinssyni á Vífilsstöðum 23. júní 1981, en þar segir í upphafi, að fyrri yfirlýsingar hans frá 21. og 31. október 1980 og 22. janúar 1981 séu í fullu gildi og óafturkallanlegar og aðrar andstæðar þeim með öllu marklausar.

Stefnendur studdu málsóknina í byrjun ýmsum ógildingarástæðum í III. kafla samningalaga nr. 7/1936 svo og með tilvísun í 7. gr. laga nr. 58/1960 ásamt fleiri lagarökum. Í þinghaldi 25. febrúar 1983 var lögð fram af hálfu stefnenda matsbeiðni, dags. 21. febrúar 1983, um löggerningshæfi Þórðar Þorsteinssonar á samningsdegi 10. september 1980. Umboðsmenn aðila óskuðu eftir því, að dómkvaðning færi eigi fram, fyrr en tiltekin vitni hefðu

verið leidd fyrir dóminn. Fóru þær yfirheyrslur fram í þinghaldi 9. mars 1983. Áður en dómkvatt varð, lést Þórður Þorsteinsson. Lögmenn stefnenda rituðu nýja matsbeiðni 24. júní 1983, en þar segir svo í niðurlagi: „Þess er óskað, að matsmennirnir láti í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Var Þórður Þorsteinsson bær um að skilja, hvað hann sjálfan áhrærði, þýðingu og efnisinnihald samningsins við Kópavogskaupstað á undirskriftardegi hans hinn 10. 9. 1980?

2. Var Þórður Þorsteinsson almennt bær til að skilja almenna gerninga fjármunalegs eðlis á þeim tíma, sem hann ritaði undir samninginn við Kópavogskaupstað?

3. Er ástæða til að ætla, að Þórður Þorsteinsson hafi auðveldlega látið undan þrýstingi eða blekkingum í svipuðum viðskiptasamningum og samningurinn við Kópavogskaupstað er?

4. Hvert má ætla, að hafi verið greindarstig Þórðar Þorsteinssonar á þeim tíma, er samningurinn við Kópavogskaupstað var gerður?“

Til að framkvæma hið umbeðna mat voru dómkvaddir á bæjarþingi Kópavogs 10. nóvember 1983 læknarnir Ársæll Jónsson, sérfræðingur í almennum lyflækningum og öldrunarlækningum, og Ásgeir Karlsson, sérfræðingur í geðlækningum. Skiluðu þeir matsgerð, dags. 22. febrúar 1984. Að loknum inngangi og stuttri greinargerð um sjúkrasögu Þórðar Þorsteinssonar síðustu árin fram að andláti segir á þessa leið í matsgerðinni:

— — —

Svör við þeim fjórum spurningum, sem lagðar voru fyrir matsbeiðendur í matsbeiðni, eru eftirfarandi:

1. Rétt verður að telja, að Þórður Þorsteinsson hafi verið með greinilega skerta andlega starfsemi vegna heilabilunar 10. 9. 1980, og því engan veginn hægt að fullyrða, að hann hafi skilið þýðingu og efnisinnihald samningsins við Kópavogskaupstað.

2. Þar eð við teljum, að Þórður Þorsteinsson hafi verið með greinileg merki heilabilunar, er hann skrifaði undir fyrrnefndan samning við Kópavogskaupstað, teljum við ekki hægt að sanna eða fullyrða, að hann hafi getað skilið almenna gjörninga fjármálalegs eðlis, nema fyrir því hafi verið prófað sérstaklega.

3. Mjög er mismunandi, hversu heilabilað fólk er leiðitamt eða áhrifagjarnt, og ætla undirritaðir, að það fari frekar eftir skapgerð og persónuleika heldur en eftir stigi heilabilunar.

4. Útilokað er að áætla neinar tölur um greindarstig Þórðar, þar sem prófa þarf fyrir slíku sérstaklega.“

Læknarnir hafa báðir staðfest matsgerð sína fyrir dóminum. Í lok yfir-

heyrslna var því lýst yfir af hálfu allra stefndu, að þeir áskildu sér allan rétt til að mótmæla matsgerðinni á þeim grundvelli, að hún væri með formgöllum að því leyti, að þeim hefði ekki verið gefinn kostur á að gæta réttar síns við matið né leggja fram gögn. Af þessum sökum fóru stefnendur þess á leit, að dómurinn hlutaðist til um, að matsmálið yrði endurupptekið. Var þessi beiðni tekin fyrir í þinghaldi 13. nóvember 1984, en það sóttu auk lögmanna aðila fyrrgreindir matsmenn, sem féllust á að endurupptaka málið. Sætti það út af fyrir sig ekki mótmælum frá stefndu, en þeir kváðust draga í efa sönnunargildi væntanlegrar niðurstöðu í sérstakri bókun.

Ný matsgerð er lögð fram í þinghaldi 16. desember 1985. Að loknum inngangi um gagnaöflun og rekstur matsmálsins er greinargerð matsmanna um viðfangsefnið. Síðan segir svo:

Umsögn.

„Þessi gögn, sem rakin eru hér að ofan, benda ótvírætt til, að sjúklingur hafi haft veruleg einkenni heilabilunar strax árið 1978, og um áramót 1979/1980 er hann ófær um að gefa heilsufarssögu og gera grein fyrir sjálfum sér. Þá kemur fram, að hann hefur þurft langvinnrar umönnunar við í heimahúsi í þeim mæli, að félagslegar aðstæður hans eru að verða ófullnægjandi miðað við læknisfræðilegt ástand hans.

Þessi gögn frá Landakotsspítala upplýsa um læknisfræðilegt mat á andlegu ástandi Þórðar og eru ásamt skoðun Gylfa Ásmundssonar sálfræðings frá 1972 og skoðun annars matsmanns, Ársæls Jónssonar læknis, frá 9. 4. 1981 þær heimildir, sem gefa mestar upplýsingar um andlega hæfni Þórðar heitins Þorsteinssonar á þeim tíma, sem um ræðir. Eins og getið er í fyrri greinargerð, er einkennandi fyrir sjúklinga með æðastíflur í höfði (multi-infract dementia), að þeir hafa skýrleikatímabil á milli þess, sem þeir eru mjög ruglaðir. Að auki benti skoðun Gylfa Ásmundssonar sálfræðings til, að sjúklingur gæti einnig haft langvinnan hrörnunarsjúkdóm í miðtaugakerfi (senil dementia af Alzheimer-týpu), en eðli þess sjúkdóms er að ágerast jafnt og þétt án sveiflna í andlegu atgervi. Þessir tveir sjúkdómar fara mjög oft saman, og bendir flest til, að um slíkt hafi verið að ræða í þessu tilviki. En það er fleira, sem valdið getur sveiflukenndri áttun og minnisleysi hjá Þórði, en það er sykursýki, hjartabilun, sýkingar og flókin lyfjameðferð.

Niðurstaða.

Athugun matsmanna á fyrri og nýrri læknisfræðilegum gögnum styðja fyrri niðurstöður um, að Þórður heitinn Þorsteinsson hafi verið með greinilega skerta andlega starfsemi vegna heilabilunar um alllangt skeið, áður en hann skrifaði undir samning 10. september 1980. Jafnframt sýna gögn

þessi, að nokkrar sveiflur hafa verið á andlegu ástandi Þórðar heitins Þorsteinssonar frá einum tíma til annars sökum eðlis þeirra fjölþættu sjúkdóma, sem hann átti við að stríða. Endurmat matsmanna hefur því leitt í ljós, að það er því síður hægt að fullyrða um, hvort hann hafi skilið þýðingu og efnisinnihald samningsins við Kópavogskaupstað, sem hann skrifaði undir 10. september 1980, nema fyrir því hafi verið prófað sérstaklega á þeim tíma. Sama gildir um yfirlýsingar þær, sem Þórður mun hafa undirritað eftir þann tíma.

Viðvíkjandi þeim spurningum, sem settar eru fram af matsbeiðendum, má segja, að mjög er mismunandi, hversu heilabilað fólk er leiðitamt eða áhrifagjarnt, og ætla undirritaðir, að það fari frekar eftir skapgerð og persónuleika en stigi heilabilunar. Sömuleiðis er útilokað að áætla neinar tölur um greindarstig Þórðar, þar sem prófa þarf fyrir slíku sérstaklega. Við teljum, að heilabilun Þórðar hafi átt sér fjölþættar læknisfræðilegar orsakir og fylgikvillar þeirra sjúkdóma, sem Þórður átti við að stríða, hafi óhjákvæmilega leitt til versnunar andlegs ástands."

Stefnendur hafa lagt fram álitsgerð hæstaréttarlögmannanna Agnars Gústafssonar og Árna Stefánssonar frá 8. september sl. um þau verðmæti, sem stefndi Guðmundur Marinó Þórðarson fékk í sinn hlut með samningnum frá 10. september 1980, og hins vegar þau verðmæti, sem hann afsalaði sér. Staðfestu lögmennirnir greinargerð sína í þinghaldi 9. september sl.

Allir málsaðilar og fyrirsvarsmenn aðila nema þau Þórður og Helga á Sæbóli hafa gefið skýrslur fyrir dóminum. Þá hafa fjölmörg vitni verið leidd. Ekki þykir ástæða til að rekja hér sérstaklega úr skýrslum þessum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendurnir Sveinn Þórðarson og Sigríður Lúthersdóttir gera þá grein fyrir aðild sinni að málsókninni, að í hinum umstefnda samningi frá 10. september 1980 sé að finna ákvæði um ráðstöfun á eign þeirra án vitundar þeirra eða vilja. Til þess að greint atriði í 6. gr. samningsins um fjarlægingu mannvirkja af lóð þeirra gæti talist lögmætt, hefði þurft undirskrift þeirra sjálfra undir samninginn eða lögmætra umboðsmanna þeirra hér á landi. Hvorugu þessu hafi verið til að dreifa við samningsgerðina. Því sé hér um að ræða vanheimild eða umboðsskort.

Þau Sveinn og Sigríður vísa því á bug sem röngu, er haldið sé fram af hálfu Kópavogskaupstaðar, að þeim hafi borið að stefna Þórði Þorsteinssyni við hlið kaupstaðarins með tilvísun til vanheimildar og umboðsskorts. Dánarbú Helgu Sveinsdóttur og Þórðar Þorsteinssonar standi sameiginlega að málsókninni, og dánarbúið taki undir kröfu þeirra að þessu leyti. Þau telja kröfur allra stefnendanna reistar á nefndum samningi og því af sömu rót runnar. Þar með sé skilyrðum um samlagsaðild fullnægt.

Stefnendur reistu málsókn sína í upphafi á tilteknum greinum í samningalögum nr. 7/1936 og á 7. gr. okurlaga nr. 58/1960, eins og áður segir. Telja þeir, að stefndi Guðmundur Marinó Þórðarson hafi beitt svikum við samningsgerðina. Það liggi fyrir í skjölum málsins, að Guðmundur Marinó hafi skömmu fyrir samningsgerðina í september 1980 ranglega talið Helgu Sveinsdóttur trú um, að Kópavogskaupstaður myndi knýja fram nauðungaruppboð á öllum eigum þeirra Sæbólshjóna, skrifaði hún ekki undir. Svik þessi valdi ógildi samningsins, sbr. 30. gr. samningalaga.

Þá telja stefnendur sannað, að það hafi aldrei verið vilji Sæbólshjóna að láta allar eigur sínar af hendi á þann hátt, sem samningurinn segi fyrir um. Valdi þetta ógildi hans, sbr. 31. gr. samningalaga, sem nú er 32. gr., sbr. lög nr. 11/1986. Einnig telja þau, að ógildingarástæða í 32. gr. samningalaga (nú 33. gr.) eigi hér við. Þá bætist og við, að sýnt hafi verið fram á, að Guðmundur Marinó hafi notað sér bágindi Þórðar Þorsteinssonar vegna heilsubrests hans, tímabundna einfeldni hans og Helgu Sveinsdóttur og fákunnáttu um efni samningsins. Með samningnum við Kópavogskaupstað hafi Guðmundur Marinó aflað sér og sínum hagsmuna á þann veg, að bersýnilegur munur sé á þeim og því endurgjaldi, sem fyrir þá kom eða skyldi koma. Þetta framferði Guðmundar Marinós valdi út af fyrir sig ógildi samningsins, sbr. 7. gr. okurlaga nr. 58/1960, sem nú hafi verið felld inn í ný samningalög nr. 11/1986 sem 31. gr. þeirra. Í þessu sambandi vísa þeir til matsgerðar hæstaréttarlögmannanna Agnars Gústafssonar og Árna Stefánssonar frá 8. september sl., en þar komi fram skýrt og ótvírætt, hver reginmunur hafi verið á framlagi Guðmundar Marinós og endurgjaldi til hans í samningsgerðinni.

Í málflutningi sínum leggja stefnendur megináherslu á þá málsástæðu, að við samningsgerðina 10. september 1980 hafi Þórður Þorsteinsson ekki haft löggerningshæfi sökum heilabilunar á háu stigi. Sannað sé með matsgerð læknanna Ársæls Jónssonar og Ásgeirs Karlssonar og endurtekinni matsgerð þeirra, að Þórður Þorsteinsson hafi ekki gert sér fulla grein fyrir efni samningsins og alls ekki skilið þýðingu hans vegna heilabilunar. Beri því að dæma samninginn ógildan og það án tillits til huglægrar afstöðu annarra samningsaðila. Gildi því einu, sem alls ekki sé viðurkennt, þótt einhver teldist hugsanlega grandlaus eða í rökstuddri góðri trú. Til viðbótar matsgerðunum styðji þessa málsástæðu ýmis fram lögð gögn svo og vitnisburður fjölmargra manna og kvenna fyrir dóminum.

Varðandi ýmis mótmæli stefndu um réttarfarsatriði segja stefnendur, að málsástæðan um gerhæfi Þórðar Þorsteinssonar sé í málinu frá byrjun og að tilhlutan stefndu, enda sé að henni vikið í greinargerð af hálfu Kópavogskaupstaðar. Endurupptaka matsmálsins sé í samræmi við gott réttarfar, og matsgerð eða álitsgerð lögmannanna Agnars Gústafssonar og Árna

Stefánssonar og skýrslur þeirra fyrir dóminum hafi fullt sönnunargildi. Enginn vafi leiki á lögmæti aðildar sóknar megin.

Stefndu Guðmundur Marinó Þórðarson, Halldóra Þórðardóttir og Þórður Örn Guðmundsson mótmæla því eindregið, að nokkrum skilyrðum ógildingarástæðna þeirra, er stefnendur reisi kröfur sínar á, sé til að dreifa. Leggja þau sérstaka áherslu á sönnunarstöðuna í málinu. Telja þau hafið yfir allan vafa, að sönnunarbyrðin um það, að samningurinn frá 10. september 1980 sé haldinn ógildingarástæðum, hvíli algerlega og af fullum þunga á stefnendum. Þau benda á, að um þessar ógildingarástæður, sem stefnendur vísi til, hafi ávallt í norrænni réttarframkvæmd verið gerðar mjög strangar kröfur til sönnunar af hálfu þeirra, er á þeim vilja rökstyðja mál sitt. Stefnendum hafi ekki tekist sönnun um neina af hinum fram bornu ástæðum, enda engin haldbær rök þeim til stuðnings.

Ógildingarástæður samkvæmt samningalögum og okurlögum, nú lögum nr. 11/1986, sem stefnendur hafi reist málsókn sína á í upphafi, séu þær, að Guðmundur Marinó hafi beitt svikum í samningsgerðinni með því að viðhafa blekkingar gagnvart Helgu Sveinsdóttur til að hræða hana til undirskriftar. Einnig sé honum borin á brýn misneyting með því að notfæra sér bágindi Þórðar Þorsteinssonar vegna heilsubrests, einfeldni þeirra Sæbólshjóna og fákunnáttu um efni samningsins. Gögn málsins veiti þessum málsrökum alls enga stoð. Þvert á móti sé sannað, að þau Þórður og Helga hafi alla tíð verið vel með á nótunum í samningsgerðinni við Kópavogskaupstað, enda hafi hin endanlega samningsgerð verið í fullu samræmi við vilja þeirra hjónanna. Þetta komi berlega fram í skýrslum lögmanna hjónanna og fleiri vitna. Því beri að vísa á bug sem röngum öllum fullyrðingum stefndu um svik, misneytingu og viljaskort þeirra Helgu og Þórðar.

Þau vísa því á bug sem fjarstæðu, að það sé óheiðarlegt af sinni hálfu að bera fyrir sig, að samningurinn sé gildur. Hlutur þeirra hjóna í Sæbólslandi og þar með framlag þeirra í samningnum hafi verið miklu meira en stefnendur vilji vera láta. Þau hafi átt Blómaskálann, Litaskálann og Sendibílastöðina svo og 4000 fermetra landspildu. Auk þess hafi Halldóra átt lóðina undir einbýlishúsinu Strönd, og einnig hafði hún fengið húseignina Sæból ásamt lóðarréttindum sem fyrirframgreiddan arf. Á hinn bóginn sé því nú haldið fram af stefnendum, að hlutur Þórðar Þorsteinssonar hafi verið þar miklu stærri en raun beri vitni um. Það virðist hafa gleymst, að Þórður hafði, áður en til samninga var gengið, látið frá sér fara verulegar landspildur. Einnig hafi hann vanefnt erfðaleigusamninginn í verulegum atriðum, m. a. ráðstafað landi í heimildarleysi. Hafi það veikt samningsaðstöðu hans stórlega, eins og gefi að skilja.

Þegar allt sé virt, sem þýðingu hafi, megi fullyrða, að samningurinn hafi í heild verið hagstæður gagnvart Kópavogskaupstað og að skipting framlags

kaupstaðarins milli þeirra og Sæbólshjónanna sé eðlileg og sanngjörn. Því sé mótmælt, að svonefnd matsgerð þeirra lögmannanna Agnars Gústafssonar og Árna Stefánssonar og skýrslur þeirra fyrir dóminum hafi nokkurt réttarfarslegt gildi sem sönnunargögn í málinu.

Stefndu mótmæla því með lögmanni Kópavogskaupstaðar, að málsástæður lútandi að löggerningshæfi Þórðar Þorsteinssonar fái komist að í málinu, þar sem þær séu allt of seint fram komnar. Verði eigi fallist á það, er því mótmælt sem ósönnuðu, að Þórður Þorsteinsson hafi verið haldinn heilabilun á svo háu stigi, að hann hafi ekki skilið efni og þýðingu samningsins. Gagnvart þeim stefnendum Sveini Þórðarsyni og Sigríði Lúthersdóttur eru sýknukröfur umfram allt reistar á aðildarskorti, sbr. 45. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Því er haldið fram, að á það skorti, að stefnendur hafi sýnt fram á, að þau Sveinn og Sigríður eigi í máli þessu efnislegra hagsmuna að gæta. Aðild sína styðji þau með því, að þau hafi verið eigendur að Innra-Sæbóli og því átt að vera aðilar að samningnum frá 10. september 1980. Málsástæður þeirra byggist á umboðsskorti eða vanheimild. Í fyrsta lagi sé þess að geta, að umrætt hús hafi verið lóðarréttindalaust og Þórði því óheimilt að ráðstafa lóðarréttindum með því. Það hafi því verið ótvíræð vanheimild hjá Þórði, er hann afsalaði lóðarréttindum með téðu húsi 8. nóvember 1978. Í öðru lagi fái Sveinn þessa hina sömu lóð í sinn hlut með samningnum, svo að engir hagsmunir hans hafi verið skertir með honum. Hljóti það að leiða til sýknu af kröfum hans.

Dómkröfur af hálfu Kópavogskaupstaðar eru studdar öllum sömu málsástæðum og lagarökum og meðstefndu hafa borið fram, sbr. hér að framan. Er sérstaklega vísað til sönnunarstöðunnar í málinu og því haldið fram, að stefnendur beri án alls vafa hallann af því, að þeim hafi ekki tekist sönnun um neina af ógildingarástæðum þeim, er þeir haldi fram, að sé um að ræða.

Hér sé þess að gæta, að erfðaleigurétturinn, sem um hafi verið samið, hafi engan veginn verið ótvíræður né einsætt, hvers virði hann og afleidd réttindi væru. Húsakostur á landinu hafi sumpart verið úr sér genginn og mikill hluti landsins í órækt og óhirðu. Með tilliti til þessa megi fullyrða, að endurgjald af hálfu Kópavogskaupstaðar í uppgjörssamningnum hafi verið í eðlilegu samræmi við það, sem hinir samningsaðilarnir hafi látið á móti. Sé þetta reyndar viðurkennt af stefnendum.

Sérstök áhersla er á það lögð í málflutningi af hálfu Kópavogskaupstaðar, að stefnendur hafi sýnt mikið tómlæti í sambandi við málatilbúnað sinn og rekstur málsins. Þeir hafi látið undir höfuð leggjast að láta þau Sæbólshjón, Þórð og Helgu, koma fyrir dóminn til skýrslugjafar, þar til það var orðið um seinan. Málsástæður þeirra um vanhæfi Þórðar Þorsteinssonar á samningsdegi séu allt of seint fram komnar til að geta hlotið

efnisumfjöllun dómsins. Verði og að telja, að efnisleg réttaráhrif séu niður fallin vegna langvarandi dráttar stefnenda á að bera fyrir sig ætlaðan brest á löggerningshæfi. Hvað sem um þetta megi segja, liggi það ljóst fyrir, að ósannað sé, að Þórður Þorsteinsson hafi ekki gert sér fulla grein fyrir efni og gildi samningsins, sem hann undirritaði 10. september 1980. Það komi fram í vitnaskýrslum, að lögmenn Þórðar hafi komið með samningsdrögin fyrri hluta dags 10. september 1980 til þeirra Sæbólshjóna og kynnt þeim rækilega öll efnisatriði. Það stangist á við veigamikil gögn í málinu, þ. á m. vottorð Kjartans J. Jóhannssonar, fyrrverandi héraðslæknis, að Þórður hafi á samningsdegi verið haldinn heilabilun á háu stigi, enda sé því mótmælt, að sú hafi verið raunin.

Álit dómsins og niðurstaða.

Með gerð samningsins 10. september 1980 féll Þórður Þorsteinsson á Sæbóli frá öllum réttindum sínum samkvæmt erfðaleigusamningnum frá 1. desember 1937, jafnframt því sem stefndi Guðmundur Marinó Þórðarson afsalaði sér lóðarleigusamningi um 4000 fermetra landspildu úr landi Sæbóls, dags. 11. janúar 1962. Þeir Þórður og Guðmundur Marinó gengust auk þess undir nokkrar kvaðir. Ber þar helst að nefna skyldu til að rífa tvö timburhús, sem voru á landinu. Þá var því lýst yfir, að fallið væri frá bótum sökum ætlaðs tjóns vegna atvinnurekstrar.

Fjármál þeirra Þórðar á Sæbóli og Guðmundar Marinós virðast hafa verið samtvinnuð að ýmsu leyti á þeim tíma, sem umræddur samningur var gerður við Kópavogskaupstað. Hvernig sem því var farið, virðist það vera óumdeilt í málinu, að auk leigulands þess, sem fyrr getur, hafi Guðmundur Marinó átt tvö timburhús á landinu, svonefnt hús Sendibílastöðvarinnar og Litaskálann. Þá voru þau Guðmundur Marinó og eiginkona hans, meðstefnda Halldóra Þórðardóttir, þinglýstir eigendur Blómaskálans við Kársnesbraut og Sæbólsveg í Kópavogi ásamt lóðarréttindum samkvæmt kaupsamningi 7. nóvember 1978 og afsali 29. nóvember 1979.

Samkvæmt erfðaleigusamningi Þórðar Þorsteinssonar var land það, sem honum var upphaflega byggt, um 10 hektarar að stærð. Í tímans rás hafði hann látið spildur úr landinu af hendi við ýmsa aðila. Ekki liggur fullkomlega ljóst fyrir, hve stórt það land var, sem Þórður afsalaði sér við samningsgerðina 10. september 1980. Þó virðist mega við það miða samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum, að það hafi verið allt að 7 hekturum að stærð.

Fram kemur í málsgögnum, að nokkur náin skyldmenni Þórðar á Sæbóli höfðu öðlast ýmis réttindi úr erfðafestulandi hans og yfir mannvirkjum á því fyrir samningsgerðina 10. september 1980. Skal getið hinna helstu.

Stefnendurnir Sveinn Þórðarson og eiginkona hans, Sigríður Lúthers-

dóttir, keyptu húseignina Innra-Sæból ásamt lóðarréttindum samkvæmt afsali 20. september 1977 og afsalsyfirlýsingu 8. nóvember 1978. Í vottorði lóðaskrárritara á afsalinu er þess getið, að húsið njóti ekki sérstakra lóðarréttinda. Svo virðist sem þau hjónin hafi fengið óskoruð lóðarréttindi með samningnum frá 10. september 1980.

Stefnda Halldóra Þórðardóttir fékk í sinn hlut sem fyrirframgreiddan arf húseignina Sæból ásamt lóðarréttindum samkvæmt erfðafjárskýrslu og sérstakri yfirlýsingu, dags. 28. nóvember 1979. Í samningnum frá 10. september 1980 er gert ráð fyrir því, að Halldóra fái lóðarréttindi fyrir nefndu húsi. Þá virðist Halldóra hafa átt húsið Strönd ásamt 1600 fermetra landspildu samkvæmt lóðarleigusamningi 12. ágúst 1965 og kaupmála 30. desember 1971. Enn fremur fékk Halldóra í sinn hlut einbýlishúsalóð með fullum byggingarrétti og án gatnagerðargjalda, bæði að því er varðaði nýbyggingar og viðbyggingar á lóðinni, samkvæmt samningnum frá 10. september 1980. Um hina einbýlishúsalóðina, sem kom í hlut Halldóru, verður fjallað hér á eftir.

Stefndi Þórður Örn Guðmundsson, sonur þeirra Guðmundar Marinós og Halldóru Þórðardóttur, eignaðist lóð undir einbýlishús samkvæmt gömlu gjafaloforði frá afa sínum og ömmu, þeim Þórði á Sæbóli og Helgu Sveinsdóttur. Hinn 24. ágúst 1977 var veitt byggingarleyfi á lóðinni. Í samningnum frá 10. september 1980 við Kópavogskaupstað er vikið að þessari lóð og tekið fram, að gatnagerðargjöld falli niður, og nái það bæði til nýbygginga og viðbygginga. Magnús Elías Guðmundsson, bróðir Þórðar Arnar, fékk lóð undir einbýlishús samkvæmt gjafaloforði frá þeim Sæbólshjónum, afa sínum og ömmu, dags. 20. ágúst 1973. Þetta skjal nægði þó ekki til útgáfu byggingarleyfis á sínum tíma. Málsaðilar eru á einu máli um það, að þetta sé önnur lóðin af þeim tveimur, sem féllu í hlut Halldóru, móður þeirra bræðra, með samningnum frá 10. september 1980. Það er þess vegna nú ljóst, að byggingarleyfi hefur þar með verið veitt á þessari lóð. Gatnagerðargjöld voru hér einnig felld niður, og gildir það, hvort sem er fyrir nýbyggingar og viðbyggingar. Það er ljóst og ekki um deilt út af fyrir sig, að með margnefndum samningi við Kópavogskaupstað fékk Guðmundur Marinó Þórðarson tilteknar eignir og réttindi fyrir það framlag, sem hann innti af höndum. Þetta framlag hans og endurgjaldið hafa verið metin til peningaverðs í álitsgerð hæstaréttarlögmannanna Agnars Gústafssonar og Árna Stefánssonar. Þar var að vísu ekki um dómkvadda matsmenn að ræða, en vegna sérþekkingar þeirra lögmannanna á þessu sviði hefur álitsgerð þeirra og framburður hér fyrir dóminum sönnunargildi í málinu.

Samkvæmt þessu og öðru því, sem fram er komið í málinu, verður að telja sannað, að verulegur munur hafi verið á þessu tvennu í hag Guðmundi

Marinó Þórðarsyni. Þá er einnig ljóst, að endurgjald það, sem átti að koma fyrir framlag Þórðar Þorsteinssonar, rann að öllu verulegu leyti til Halldóru, dóttur hans, og sona hennar og Guðmundar Marinós í formi byggingarréttar og undanþágna frá gatnagerðargjöldum, ef frá er talið, að Sveinn Þórðarson fékk byggingarrétt á lóð þeirri, er hann hafði áður keypt af föður sínum. Loks liggur það ótvírætt fyrir, að Þórður Þorsteinsson á Sæbóli fékk afar lítið í sinn hlut, en það var einungis eftirgjöf af lágum og fremur óvissum fjárhæðum vegna fasteignagjaldaskulda og dráttarvaxta af þeim og ádráttur um eina lóð, ef skipulag leyfði.

Það er fram komið í málinu, að þeir Þórður á Sæbóli og Guðmundur Marinó nutu lögfræðilegrar aðstoðar í samningsgerðinni við Kópavogskaupstað allt frá upphafi viðræðna. Gögn málsins og þá sérstaklega vitnaskýrslur leiða það skýrt í ljós, að sú aðstoð hafi öðru fremur snúist um endurgjald það, sem Kópavogskaupstaður skyldi inna af höndum, en lítt eða ekkert um skiptingu þessa endurgjalds milli þeirra Þórðar og Guðmundar Marinós eða hvert endurgjaldið til Þórðar Þorsteinssonar skyldi renna. Niðurstaðan varð sú, eins og fyrr er rakið, að til Þórðar á Sæbóli féll rýr hlutur, þótt framlag hans væri mjög verulegt. Varnaraðilar hafa ekki að áliti dómsins fært fram neina viðhlítandi skýringu á þessari niðurstöðu samningsgerðarinnar.

Á hinn bóginn ber að líta til þess, að margnefndur samningur virðist hafa verið lengi í deiglunni, en þó aðeins um sum atriði, þ. e. heildarendurgjald, eins og fyrr segir. Þá verður líka að hafa í huga, að náið samband virðist hafa verið með þeim Sæbólshjónum, Þórði og Helgu, og fjölskyldu Halldóru, dóttur þeirra, jafnt í starfi sem að öðru leyti. Þessi atriði nægja þó ekki sem fullnægjandi skýring á niðurstöðum samningsins.

Í atvikalýsingu hér að framan er greint frá ýmsu úr sjúkrasögu Þórðar Þorsteinssonar á Sæbóli. Þau gögn, sem teljast skipta mestu máli í þessu sambandi, eru álitsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 22. febrúar 1984, ásamt endurmati sömu manna frá 5. október 1985 og skýrslur þeirra hér fyrir dóminum, — enn fremur geðrannsókn, dags. 5. september 1972, er Þórður Þorsteinsson gekkst undir hjá Jakobi Jónassyni geðlækni, og loks sálfræðileg skoðun á Þórði, dags. 21. júní 1972 og 21. október 1981, framkvæmd af Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi.

Það er fram komið, að Þórður Þorsteinsson hefur átt við ýmiss konar heilsubrest að stríða, bæði líkamlegan og andlegan, a. m. k. 20 síðustu æviár sín. Um eða fyrir árið 1970 er þess getið, að Þórður hafi gengið undir ýmsar skurðaðgerðir vegna líkamlegra kvilla, og einnig mun hann hafa lent í alvarlegum slysum mörgum sinnum á ævinni og oft verið vistaður á sjúkrahúsi vegna þessa. Á árinu 1972 gekkst Þórður undir geðheilbrigðisrannsókn og sálfræðilegt mat, eins og fyrr segir. Þá þegar greindust

líkleg einkenni heilabilunar, sem m. a. lýstu sér í minnistruflunum. Einnig eru talin nokkur merki þessa í bréfaskriftum Þórðar frá árunum 1976 og 1977. Á áttunda áratugnum mun Þórður hafa átt við að stríða vaxandi heilsubrest, m. a. vegna hjartabilunar samfara of háum blóðþrýstingi og sykursýki. Enn fremur er það ljóst af sjúkraskrám, að Þórður mun hafa verið kominn með veruleg einkenni heilabilunar árið 1978, og um áramót 1979-1980 er þess getið, að hann hafi þá verið ófær um að gefa heilsufarssögu og gera grein fyrir sjálfum sér. Einnig kemur það fram á þessu tímabili, að hann hafi þurft langvinnrar umönnunar við í heimahúsum, m. a. heimahjúkrunar.

Samningurinn, sem hér um ræðir, var undirritaður að Strönd og á Sæbóli 10. september 1980, eins og fyrr er sagt. Þórður Þorsteinsson var á húðsjúkdómadeild Landspítalans í júlí- og ágústmánuði þá næst á undan, en þá er lýst alvarlegum einkennum heilabilunar. Daginn eftir undirritun samningsins var Þórður aftur lagður inn á húðsjúkdómadeild Landspítalans og vistaðist eftir það á sjúkrahúsum eða hjúkrunarheimili fram til dauðadags. Á þessu tímabili er sjúkdómsferill Þórðar, að því er varðar andlega heilsu hans, í samræmi við það, sem á undan er gengið. Í nóvember 1980 er þess getið, að hann hafi verið utan við sig, „óáttaður" og borið á vaxandi máttleysi. Annar matsmanna, Ársæll Jónsson, gerði sérhæfða skoðun á Þórði 9. apríl 1981, og voru niðurstöður þær, að Þórður væri kominn með heilabilun á hæsta stigi og algerlega ófær um að skilja og ályktа um einföldustu hluti. Sömuleiðis sýndi sálfræðileg skoðun Gylfa Ásmundssonar sálfræðings 21. október 1981 (skýrslan dags. 5. nóvember 1981), að andleg geta Þórðar var orðin mjög skert umfram það, sem vænta mátti miðað við aldur hans, minni mjög gloppótt og hann illa „áttaður".

Það er álit dómsins, að fallast beri á þær meginniðurstöður hinna dómkvöddu matsmanna, að Þórður Þorsteinsson á Sæbóli hafi verið með greinilega skerta andlega starfsemi vegna heilabilunar, er hann ritaði undir samninginn 10. september 1980, og um alllangt skeið þar áður, — enn fremur það, að ekki sé unnt að fullyrða, að Þórður hafi skilið þýðingu og efnisinnihald samningsins. Þá telja dómendur, að öruggt sé, að Þórður hafi verið haldinn tveimur sjúkdómum í miðtaugakerfi, þ. e. „multi-infract dementia" vegna æðastíflna í höfði svo og langvinnum hrörnunarsjúkdómi, „senil dementia af Alzheimer-gerð".

Vottorð Kjartans J. Jóhannssonar læknis, dags. 10. september 1980, hefur ekki sönnunargildi um andlegt ástand Þórðar Þorsteinssonar, þar sem ekki voru lögð minnispróf fyrir Þórð né hann spurður nánar um eðli eða einstök atriði samningsins, sem hann undirritaði stuttu eftir heimsókn Kjartans læknis. Þrátt fyrir langan aðdraganda umræddrar samningsgerðar er upplýst, að lokagerð endanlegra samningsdraga bar nokkuð brátt að,

og auk þess voru gerðar allnokkrar breytingar og viðaukar á undirskriftardegi. Breytingar þessar snerust umfram allt um innbyrðis skiptingu endurgjaldsins frá Kópavogskaupstað, en áður hefur verið rakið, að efnisatriði þeirrar skiptingar hafi fyrst komið fram skömmu fyrir undirskrift samningsins. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er sannað, að Þórður Þorsteinsson hefur verið haldinn heilabilun 10. september 1980 og með greinilega skerta andlega starfsemi sökum hennar og að þessi sjúkdómur hefur verið að búa um sig um alllangt skeið fyrir samningsgerðina og ágerst með aldrinum. Þegar þetta er virt og það haft í huga, að fjallað var um endanleg samningsdrög mjög skömmu fyrir undirritun og allnokkrar breytingar og viðbætur gerðar á samningsdegi, telja dómendur, að Þórður Þorsteinsson hafi verið ófær um að skilja veigamikil atriði samningsins.

Þegar litið er til sjúkrasögu Þórðar Þorsteinssonar annars vegar og allra fram lagðra gagna, sem henni tengjast, og eðlis og efnis samningsins frá 10. september 1980 hins vegar, ber að telja, að umræddur samningur hafi verið óskuldbindandi fyrir Þórð og þá, sem leiða rétt sinn frá honum, vegna gerhæfisskorts hans. Ber því að ógilda samninginn í heild sinni, þar sem mikilvæg atriði hans eru mjög samofin milli aðilanna. Eigi verður talið, að þessi ógildingarástæða sé of seint fram komin, enda hefur gagnasöfnun í málinu m. a. snúist um hana frá upphafi. Verður því stefnukrafa um ógildingu margnefnds samnings tekin til greina.

Þar sem þessi er niðurstaða dómsins, þykir ekki þörf á að taka til meðferðar aðrar málsástæður stefnenda. Af því leiðir m. a., að ekki þarf að kanna nánar, hvort stefndu hafi verið í góðri trú við samningsgerð með hliðsjón af þessum málsástæðum, enda er ekkert um það sannað í málinu.

Stefnendur Sveinn Þórðarson, Sigríður Lúthersdóttir og dánarbú Helgu Sveinsdóttur voru ekki aðilar að samningi þeim, sem krafist er, að ógiltur verði. Hagsmunir þessara aðila að öðru leyti eru ekki heldur með þeim hætti, að þeir heimili sjálfstæðan rétt til málsóknar um kröfugerð í málinu. Ber því að sýkna stefndu af kröfum þessara stefnenda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður í þessum þætti falli niður.

Samkvæmt sakaukastefnu var Halldóru Þórðardóttur og Þóri Erni Guðmundssyni stefnt til að þola dómkröfur í málinu. Hvorugt þeirra var þó aðili að hinum umdeilda samningi. Ber því að sýkna þau af stefnukröfum máls þessa vegna aðildarskorts. Einnig hér þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Eftir atvikum þykir rétt, að aðrir aðilar beri hver um sig sinn kostnað af málinu.

Hinn 4. maí 1982 var Þóri Þorsteinssyni og Helgu Sveinsdóttur veitt gjafsókn hér fyrir dómi í máli þessu. Með bréfi, dags. 5. september 1986, var lýst yfir því af dómsmálaráðuneyti, að gjafsóknin næði til dánarbúa þeirra Sæbólshjóna.

Gjafsóknarkostnaður dánarbús Þórðar Þorsteinssonar og Helgu Sveinsdóttur ákveðst 462.643 kr. og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 400.000 kr.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, dómara samkvæmt umboðsskrá, ásamt meðdómendunum Hannesi Péturssyni yfirlækni og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Marinó Þórðarson, Halldóra Þórðardóttir, Þórður Örn Guðmundsson og Kópavogskaupstaður, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Sveins Þórðarsonar, Sigríðar Lúthersdóttur og dánarbús Helgu Sveinsdóttur, en málskostnaður falli niður.

Stefndu Þórður Örn Guðmundsson og Halldóra Þórðardóttir skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, dánarbús Þórðar Þorsteinssonar, og falli málskostnaður niður.

Viðurkennd er krafa stefnanda dánarbús Þórðar Þorsteinssonar á hendur stefndu, Guðmundi Marinó Þórðarsyni og Kópavogskaupstað, um ógildi samnings þeirra frá 10. september 1980. Málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnendanna dánarbús Þórðar Þorsteinssonar og dánarbús Helgu Sveinsdóttur ákveðst 462.643 kr. og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 400.000 kr.

Föstudaginn 20. nóvember 1992.

Nr. 106/1992. **Þorgrímur Eiríksson**

gegn

Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Kærumál. Lögtaksúrskurður. Áfrýjunarheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. mars 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hann sýknaður af kröfum varnaraðila. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Skilja verður kröfugerð varnaraðila svo, að hann krefjist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Hinn 27. febrúar 1992 óskaði varnaraðili þess við bæjarfógetann í Garðabæ með vísun til 2. tl. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga, að lögtak yrði gert í eignum sóknaraðila „til tryggingar meðlagsskuld með barninu ... Meðlagsskuld kr. NOK 29.321,85 + NOK ...“

Af hálfu bæjarfógeta var beiðnin árituð sama dag með svofelldum hætti: „Hér með úrskurðast lögtak til tryggingar framangreindri meðlagsskuld kr. NOK 29.321,85 + NOK auk vaxta og kostnaðar, að liðnum átta dögum frá birtingu úrskurðar þessa.“ Þetta er hinn kærði úrskurður, og var hann birtur eiginkonu sóknaraðila á heimili þeirra 3. mars 1992.

II.

Í 3. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sem í gildi var, þegar framangreindum úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar, segir svo meðal annars:

„Nú vill maður lögtaks beiðast, og skal hann um það fógeta bréf rita ... Virðist fógeta eftir fram komnum gögnum lögtak mega fram fara, ritar hann úrskurð um það á lögtaksbeiðnina, þó að því tilskildu, að lögtaksbeiðandi hafi ábyrgð á, að skuldin sé rétt og verður þeim úrskurði einum sér eigi áfrýjað...“

Samkvæmt framansögðu brast lagaskilyrði til að áfrýja máli þessu, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Þorgrímur Eiríksson, greiði varnaraðila, Innheimtustofnun sveitarfélaga, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Föstudaginn 20. nóvember 1992.

Nr. 319/1992. **Svavar Baldursson**

gegn

Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Kærumál. Lögtaksgerð. Ómerking. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1992, en hann kveðst hafa fengið vitneskju um hina kærðu lögtaksgerð 3. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að hin kærða lögtaksgerð verði dæmd ómerk og felld úr gildi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Skilja verður kröfugerð varnaraðila svo, að hann krefjist staðfestingar hinnar kærðu lögtaksgerðar og kærumálskostnaðar.

Svo sem fram kemur í hinni kærðu lögtaksgerð, fór hún fram 5. júní 1992 í skrifstofu varnaraðila að Lágmúla 9, Reykjavík. Fram var lögð gerðarbeiðni varnaraðila, undirrituð af Heiðu Gestsdóttur. Ekki var mætt af hálfu sóknaraðila, en hann hafði verið boðaður með ábyrgðarbréfi varnaraðila, og hafa gögn þar að lútandi verið lögð fyrir Hæstarétt. Var þá bókað í réttinum, að af hálfu gerðarþola, sóknaraðila hér fyrir dómi, væri mætt í réttinum að tilhlutan fógeta Heiða Gestsdóttir, sú hin sama og undirritaði gerðarbeiðni varnaraðila. Þessi háttur á hagsmunagæslu fyrir sóknaraðila brýtur gróflega í bága við grundvallarreglur um jafnræði aðila við málsmeðferð. Ber þegar af þessari ástæðu að ómerkja hina kærðu lögtaksgerð.

Samkvæmt þessu ber að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Framangreind málsmeðferð fógeta er vítaverð.

D ó m s o r ð:

Hin kærða lögtaksgerð á að vera ómerk.

Varnaraðili, Innheimtustofnun sveitarfélaga, greiði sóknaraðila, Svavari Baldurssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Föstudaginn 20. nóvember 1992.

Nr. 402/1992. **Skógar sf.**

gegn

Jóni Blöndal og

Þorsteini Júlíussyni.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Lax- og silungsveiðilög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1992 með vísan til heimildar í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og því hafnað, að dómkvaðning matsmanna fari fram. Til vara krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt þannig, að ákvörðun um dómkvaðningu verði frestað, þar til yfirmatsnefnd samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði hefur úrskurðað í yfirstandandi arðskrármáli samkvæmt kæru sinni til nefndarinnar 10. nóvember 1987. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilans Jóns Blöndals er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðilans Þorsteins Júlíussonar hafa ekki verið hafðar uppi kröfur í Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, fór fram mat á árinu 1987 til að skera úr ágreiningi um arðskrá fyrir Flókadalsá. Sóknaraðili skaut því mati til yfirmats vegna deilu um landamerki jarðanna Skóga og Brúsholts, þar sem í matinu væri gert ráð fyrir því, að arður umdeilds svæðis rynni til síðarnefndu jarðarinnar. Yfirmatsnefnd hefur ekki lokið störfum, þar sem beðið var dóms í máli vegna nefndrar landamerkjadeilu, sem rekið var fyrir dómstólum, en dómur Hæstaréttar í því máli var kveðinn upp 24. september 1991. Féll hann sóknaraðila í hag.

Upplýst er í málinu, að frá því er mat fór fram 1987, hefur verið gerður nýr fiskvegur um Stekkjarfoss í Flókadalsá. Halda varnaraðilar því fram í beiðni sinni um dómkvaðningu matsmanna, að forsendur arðskrár hafi breyst verulega af þessum sökum. Sóknar-

aðili telur hins vegar, að með gerð hins nýja fiskvegar hafi ekkert það gerst, sem ekki sé eðlilegt úrlausnaratriði yfirmatsnefndar.

Þegar litið er til þeirra tveggja atriða, sem að framan eru nefnd, þykja forsendur svo breyttar, frá því að mat fór fram 1987, að fallast beri á kröfu varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Verður ákvæði 3. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970 ekki talið standa þessu í vegi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Skógar sf., greiði varnaraðila, Jóni Blöndal, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður héraðsdóms Vesturlands 2. október 1992.

I.

Með bréfi, dagsettu 8. júlí 1992, barst héraðsdómi Vesturlands beiðni Jóns Blöndals, Langholti, Andakílshreppi, og Þorsteins Júlíussonar, Laugabæ, um það, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að gera arðskrá fyrir ána Flóku.

Eigendur jarðarinnar Skóga í Flókadal, Reykholtsdalshreppi, mótmæltu dómkvaðningunni.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 28. september sl.

II.

Matsbeiðendur rökstyðja kröfu sína um dómkvaðningu með því, að forsendur arðskrár, er gerð var 12. september 1987 og vísað var til yfirmats, hafi breyst verulega. Jarðirnar Eyri og Hrísar hafi eignast verulega aukna aðild að veiði árinnar Flóku vegna gerðar fiskvegar um Stekkjarfoss, er valdi því, að lax gangi upp fyrir fossinn.

Kröfu sinni til stuðnings vísa matsbeiðendur til IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Eigendur jarðarinnar Skóga í Flókadal, Reykholtsdalshreppi, mótmæltu dómkvaðningunni og kröfðust úrskurðar. Rökstyðja þeir mótmæli sín með því, að ekki sé lögformlegur grundvöllur til skipunar undirmatsmanna. Yfirmatsmenn veiðimála séu enn að störfum við yfirmat á mati, dagsettu 14. september 1986, skv. kæru til yfirmats, dagsettri 10. nóvember 1987,

skv. 3. mgr. 50. gr., sbr. 3. mgr. 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, að beiðni Veiðifélagsins Flóku og kröfu eigenda Skóga.

III.

Óumdeilt er, að dómkvaddir voru matsmenn til þess að gera arðskrá fyrir Flóku og að þeir luku mati sínu í september 1987. Mati þessu var skotið til yfirmats skv. heimild í lögum nr. 76/1970. Yfirmat hefur ekki enn lokið störfum.

Óumdeilt er einnig, að fiskvegur hefur verið gerður um Stekkjarfoss, eftir að undirmat fór fram.

Þar sem ætla má, að gerð þessa fiskvegar breyti í einhverju forsendum þeim, er undirmat, dags. 14. september 1986, byggðist á, og þar sem aðilar að Veiðifélaginu Flóku eru ekki sammála um, að breyting þessi verði lögð til grundvallar við yfirmat, verður að líta svo á, að matsbeiðendur hafi lögvarða hagsmuni af því, að dómkvaddir verði matsmenn til að gera nýja arðskrá fyrir Flóku, enda verður ekki séð, að yfirmatsmenn geti tekið tillit til þessara nýju forsendna.

Ber því að taka til greina þá kröfu Jóns Blöndals og Júlíusar Þorsteinssonar, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að gera arðskrá fyrir Flóku.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Umdeild dómkvaðning matsmanna skal fara fram.

Þriðjudaginn 24. nóvember 1992.

Nr. 97/1992. **Á. Sigurðsson sf.**

gegn

Hf. Eimskipafélagi Íslands.

Kærumál. Vextir. Aðför.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. mars 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hin umbeðna aðfarargerð nái fram að ganga. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Í málinu er ekki ágreiningur um fjárhæðir. Aðilar deila einungis um það, hvort heimilt sé að reikna vaxtavexti eftir 1. maí 1987 á þá fjárhæð, sem dæmd var í máli milli þeirra með dómi Hæstaréttar 16. október 1991.

Í 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 er fjallað um ákvörðun dráttarvaxta samkvæmt lögunum af fjárkröfum í íslenskum gjaldmiðli, bæði grundvöll ákvörðunar og reikningsaðferð.

12. gr. vaxtalaga hljóðar svo: „Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.“

Í athugasemdum við frumvarp að vaxtalögum kom fram, að ein meginforsendna þess væri sú „að gera vaxtareglur þannig úr garði, að þær verði einfaldari og meðfærilegri í allri framkvæmd en gildandi reglur, m.a. í dómsmálum“. Um 12. gr. frumvarpsins sagði svo: „Rétt þykir að taka af skarið í lögum um vaxtavöxtun dráttarvaxta, þó þannig að þeir leyfist fyrst eftir 12 mánaða vanskil og á 12 mánaða fresti eftir það. Ákvæði um vaxtavexti hafa verið í

auglýsingum Seðlabankans undanfarin ár, sbr. nú síðast auglýsingu 22. desember 1986, sem gerir ráð fyrir svipaðri reglu og frumvarp þetta. Með dómi Hæstaréttar 23. desember sl. var staðfest, að heimild Seðlabankans til ákvörðunar dráttarvaxta skv. 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1965, tæki til ákvarðana bæði um vaxtahæð og vaxtareikning. Kemur hið nýja ákvæði 12. gr. þannig í reynd í stað 5. gr. gildandi vaxtalaga nr. 58/1960."

Samkvæmt skýru orðalagi 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 er gert ráð fyrir því, að eftir þeirri grein skuli farið með þá dráttarvexti, sem ákveðnir eru eftir fyrirmælum 10. gr. laganna. Með hliðsjón af því og athugasemdum í frumvarpi til vaxtalaga verður að telja, að vísun til 10. gr. laganna í kröfugerð fyrir dómi um dráttarvexti feli í sér kröfu um vaxtavexti.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi, og skal hin umbeðna aðfarargerð ná fram að ganga.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og skal hin umbeðna aðfarargerð ná fram að ganga.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 11. febrúar 1992.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. janúar 1992.

Gerðarbeiðandi er Á. Sigurðsson sf., kt. 420884-0289, Ægisíðu 96, Reykjavík.

Gerðarþoli er H/f Eimskipafélag Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi gerir kröfu um, að gert verði fjárnám í eignum gerðarþola til tryggingar eftirfarandi skuld:

1. Höfuðstóll	kr.	291.505
2. Dráttarvextir frá 1.4.1986-1.5.1987	kr.	86.237
3. Dráttarvextir frá 1.5.1987-1.5.1988	kr.	124.686
4. Drv. af 502.428 kr. frá 1.5.1988-5.11.1991	kr.	813.895

5. Málskostnaður		kr. 150.000
	Samtals:	kr. 1.466.323
— inngreiðsla 5. nóv. 1991		kr. 975.688
	Samtals:	kr. 490.635

auk dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 5. nóvember 1991 til greiðsludags, 3.521 kr. fyrir fjárnámsbeiðni og alls kostnaðar við gerðina.

Gerðarþoli gerir þá kröfu, að synjað verði um hið umbeðna fjárnám og gerðarþola gert að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Hinn 16. október 1991 gekk í Hæstarétti dómur í málinu nr. 492/1989: Á. Sigurðsson sf. gegn Hf. Eimskipafélagi Íslands. Gerðarþola var þar gert að greiða gerðarbeiðanda 291.505 kr. með 2,25% drv. á mánuði frá 1. 4. 1986 til 1. 3. 1987, 2,5% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. 5. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, að fjárhæð 150.000 kr.

Aðilar náðu ekki samkomulagi um, hvernig gera bæri skuldina upp.

Hinn 5. nóvember 1991 greiddi lögmaður gerðarþola 975.687,91 kr. vegna kröfu þessarar og taldi sig þar með hafa greitt kröfuna að fullu fyrir umbjóðanda sinn. Lögmaður gerðarbeiðanda tók við greiðslunni með fyrirvara, þar sem hann taldi, að um innborgun á dómskuldina væri að ræða, sbr. dskj. nr. 6.

Gerðarþoli heldur því fram, að sér beri ekki að greiða vexti af hinni dæmdu fjárhæð á annan hátt en greinir í 10. gr. vaxtalaga, þ. e., að hann eigi ekki að greiða annað en flata vexti. Gerðarbeiðandi heldur því fram, að sér sé heimilt að leggja dráttarvextina við höfuðstól skuldarinnar og finna þannig nýjan höfuðstól, sem síðan sé heimilt að dráttarvaxtareikna. Þessa aðferð megi viðhafa á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. 5. 1988.

Lögmenn aðila lýstu báðir yfir því við munnlegan flutning málsins, að ekki væri um tölulegan ágreining að ræða milli þeirra, heldur einungis ágreining um, hvernig dráttarvextir skyldu reiknaðir.

Lögmaður gerðarbeiðanda lagði við munnlegan flutning málsins áherslu á, að með setningu vaxtalaga nr. 25/1987 hefði verið leyst úr ágreiningi um útreikning vaxta. Frá árinu 1983 hefði Seðlabankinn talið heimilt að reikna vaxtavexti og Hæstiréttur síðan á árinu 1986 staðfest þann skilning. Hann kveður 12. gr. vaxtalaga einungis til skýringar við 10. gr. og alls ekki nauðsynlegt að krefjast vaxtavaxta, heldur felist heimildin í 10. greininni. Í greinargerð sinni vitnar lögmaðurinn í 12. gr. vaxtalaga, þar sem segir:

„Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.“ Lögmaður gerðarbeiðanda telur engan vafa hér, sbr. orðalagið „skulu lagðir“, og því þurfi ekki að gera sérstaklega kröfu um að höfuðstólsfæra vexti og reikna dráttarvexti af þeirri fjárhæð.

Lögmaður gerðarþola vitnaði til þess við munnlegan flutning málsins, að vaxtalögin væru frávíkjanleg og engin skylda að reikna vaxtavexti. Aftur á móti væri nauðsynlegt að krefjast vaxtavaxta, ætluðu menn að innheimta þá. Þetta hefði gerðarbeiðandi ekki gert, hvorki í héraði né fyrir Hæstarétti, og því ekki unnt að heimila fjárnám fyrir kröfunni, sem nú sé að fullu greidd. Þá vísaði hann til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 40/1989. Í dómi þessum hefði Hæstiréttur ekki dæmt vaxtavexti, þar sem þeirra hefði ekki verið krafist fyrr en við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti.

Niðurstaða.

Í máli þessu er einungis deilt um, hvernig túlka beri 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Aðilar hafa báðir lýst yfir, að ekki sé um tölulegan ágreining að ræða, þ. e., verði krafa gerðarbeiðanda tekin til greina, skuli fjárnám gert fyrir 490.635,91 kr. auk vaxta og kostnaðar. Að öðrum kosti skuli litið svo á, að krafan sé að fullu greidd.

10. gr. vaxtalaga fjallar einungis um, hvernig finna skuli út dráttarvexti vegna fjárkrafna, bæði að því er varðar grundvöll ákvörðunar og reikningsaðferð. Greinin fjallar ekki um, hvort heimilt sé að reikna vaxtavexti. Heimildina til að reikna vaxtavexti er að finna í 12. gr. vaxtalaga.

Það er mat réttarins, að ekki sé skylt að reikna vaxtavexti, heldur sé heimild til þess í 12. gr. vaxtalaga. Rétturinn tekur undir það sjónarmið gerðarþola, að vaxtalögin séu frávíkjanleg, þannig, að unnt sé að krefjast lægri vaxta en þau heimila. Þá verður að túlka tilvitnaðan dóm Hæstaréttar á þann veg, að ef ætlun aðila sé sú, að krafa beri vaxtavexti, verði að krefjast þeirra sérstaklega.

Með hliðsjón af framangreindu þykir verða að hafna þeirri kröfu gerðarbeiðanda í máli þessu, Á. Sigurðssonar sf., að fjárnám verði gert hjá gerðarþola, Hf. Eimskipafélagi Íslands.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurð þennan kvað upp Halldór Halldórsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda, Á. Sigurðssonar sf., um, að fjárnám verði gert í eigum gerðarþola, Hf. Eimskipafélags Íslands, til tryggingar

kröfu, að fjárhæð 490,635,91 kr., auk drv. og kostnaðar, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 24. nóvember 1992.

Nr. 81/1992. **Skúli Jóhannsson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Lögtak. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1992. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, er farið með málið sem kærumál eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað lögtaks. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða lögtaksgerð verði staðfest og sóknaraðili dæmdur til að greiða sér málskostnað.

Í framhaldi hins kærða úrskurðar var lögtak gert í fógetarétti Reykjavíkur hinn 30. janúar 1992 í fasteign sóknaraðila, Bankastræti 11.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er úrskurður ríkisskattanefndar 20. maí 1992, en samkvæmt honum voru gjöld sóknaraðila fyrir árið 1990 lækkuð samtals um 545.225 krónur. Þá hefur af hálfu varnaraðila verið lögð fram tölvuútskrift af gjaldareikningi sóknaraðila 8. október 1992. Þar kemur fram, að eftirstöðvar gjalda fyrir árið 1990, sem lögð voru á sóknaraðila, voru greiddar hinn 19. maí 1992 auk málskostnaðar, sem kveðið var á um í hinum kærða úrskurði.

Fyrir liggur samkvæmt framansögðu, að umrædd skattakrafa er greidd og lögtakið þar með leyst af viðkomandi eign, sbr. 10. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sem í gildi var til 1. júlí 1992, sbr. 99. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Sóknaraðili á því ekki lengur lögmæta hagsmuni af því að fá dóm um kröfu sína, og verður málinu því vísað frá Hæstarétti.

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Skúli Jóhannsson, greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 2. desember 1991.

Lögtaksmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 28. nóvember sl.

Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, krefst þess, að heimilað verði lögtak hjá varnaraðila, Skúla Jóhannssyni, kt. 080948-3609, Fýlshólum 13, Reykjavík, til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum utan staðgreiðslu 1990, samtals að fjárhæð 1.142.400 kr. Krafa er gerð um, að lögtakið tryggi áfallandi kostnað og dráttarvexti, reiknaða í samræmi við ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, 41. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga, III. kafla vaxtalaga nr. 25/1989, sbr. lög nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum.

Sóknaraðili krefst málskostnaðar að mati fógeta.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að synjað verði um hina umbeðnu gerð og sér dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila, en til vara, að umbeðinni gerð verði frestað.

— — —

Páll Þorsteinsson borgarfógeti kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Lögtak skal ná fram að ganga eftir kröfu sóknaraðila og á hans ábyrgð.

Varnaraðili, Skúli Jóhannsson, greiði sóknaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 40.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1992.

Nr. 426/1991. **Elín Gísladóttir**

gegn

Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands,
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Húsnæðisstofnun ríkisins,
Landssmiðjunni hf.,
Lífeyrissjóði byggingamanna,
Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,
Lífeyrissjóði Sóknar,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Miklagarði hf.,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Sparisjóði Hafnarfjarðar,
Tryggingamiðstöðinni hf. og
Þrotabúi Óss hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Málskostnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu lýtur málið nú meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992 og hefur verið skriflega flutt hér fyrir réttinum.

Sóknaraðili krefst þess í áfrýjunarstefnu og síðar í greinargerðum, að þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Neðstaleiti 18 í Reykjavík, er fram fór á henni sjálfri 27. september 1991, verði fellt úr gildi. Hún krefst einnig kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilarnir Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, Fjárfestingarfélagið Skandia hf., Gjaldheimtan í Reykjavík, Húsnæðisstofnun ríkisins, Lífeyrissjóður Dagsbúnar og Fram-

sóknar, Lífeyrissjóður Sóknar, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Sparisjóður Hafnarfjarðar og Tryggingamiðstöðin hf. krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar.

Aðrir varnaraðilar málsins hafa ekki gert kröfur eða skilað greinargerð.

Í máli þessu voru samtals haldin 12 dómþing í uppboðsrétti á tímabilinu frá 11. maí 1989 og til 27. september 1991. Á söluþingi 8. júní 1989 voru uppboðsskilmálar kynntir, en ekki lagðir formlega fram sem dómskjal fyrr en við 3. sölu 27. september 1991. Sóknaraðili mætti ekki sjálf við fyrirtöku málsins í uppboðsréttinum, en dóttir hennar, hæstaréttarlögmaður, mætti hennar vegna í 5 skipti á tímabilinu frá 28. júní 1990 til 22. mars 1991. Þá var málinu frestað til 2. september sama ár, er önnur og síðari sala fór fram. Á söluþinginu 27. september mætti fyrir sóknaraðila héraðsdómslögmaður. Engar athugasemdir komu fram af hendi sóknaraðila um meðferð málsins fyrir uppboðsréttinum. Í málinu liggja fyrir tilkynningar til áfrýjanda um söluþingin 2. og 27. september.

Fyrir Hæstarétti eru meginrök lögmanns sóknaraðila þau, að uppboðsskilmálar hafi ekki verið nægilega kynntir og of seint fram lagðir í málinu. Hafi því þriðja og síðasta uppboð verið haldið, án þess að nægjanleg réttarfarsmeðferð hafi farið fram áður, og hafi þannig skort lagaheimild til að halda það uppboð. Þá bendir lögmaðurinn á, að í þingbók við fyrirtöku málsins 2. september sé bókað: „Uppboðshaldari gætti leiðbeiningarskyldu gagnvart mættum umboðsmanni uppboðsþola.“ Kveður hann enga skýringu hafa fengist á bókuninni um hinn ólöglærða umboðsmann, en hún hafi ekki veitt neinum slíkum umboð til að mæta fyrir sína hönd. Virðist því uppboðshaldari hafa ex officio tilnefnt hann án heimildar sóknaraðila. Með þessum afskiptum hafi uppboðshaldari orðið vanhæfur til að fara með málið, og beri að ógilda uppboðsþingið.

Engar athugasemdir um uppboðsskilmála komu fram í uppboðsréttinum, og ekki liggur annað fyrir í málinu en með þá hafi verið farið eins og fyrir er mælt í 4. tl. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Á uppboðsþinginu 8. júní 1989 voru þeir kynntir. Þeir eru prentaðir og í stöðluðu formi, og hafði það enga þýðingu fyrir uppboðsþola, þótt þeir væru ekki þingmerktir fyrr en við 3. sölu.

Skýringin á áðurgreindri bókun í þinghaldinu 2. september mun vera sú, að uppboðsbækur eru prentaðar í stöðluðu formi og uppboðshaldara hafi láðst að strika hana út. Af því hlaut sóknaraðili ekki réttarspjöll.

Samkvæmt framanrituðu ber að hafna viðbárum sóknaraðila, auk þess sem mótmælin varðandi uppboðsskilmála eru allt of seint fram komin.

Málsrök sóknaraðila eru sýnilega haldlaus og málskotið til þess eins fallið að tefja framgang nauðungarsölunnar. Það er á hendur 13 aðilum, og mátti sjá fyrir, að það myndi auka á „erfiðan fjárhagsvanda" sóknaraðila, sem vikið er að í greinargerð lögmanns hennar fyrir Hæstarétti. Þetta ber að átelja harðlega og dæma sóknaraðila og lögmann hennar óskipt til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, sbr. 1. og 4. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, eins og í dómsorði segir, en ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin kærða nauðungarsala skal vera óröskuð.

Sóknaraðili, Elín Gísladóttir, og Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður greiði in solidum varnaraðilunum Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, Fjárfestingarfélaginu Skandia hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík, Húsnæðisstofnun ríkisins, Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, Lífeyrissjóði Sóknar, Lífeyrissjóði verslunarmanna, Sparisjóði Hafnarfjarðar og Tryggingamiðstöðinni hf. 25.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Lögmaður sóknaraðila hér fyrir dómi er hæstaréttarlögmaður og tók að sér áfrýjun málsins fyrir hana, en hafði ekki komið við meðferð þess fyrir uppboðsrétti. Í greinargerðum sínum hafa varnaraðilar krafist málskostnaðar án þess að fara fram á, að lögmanninum verði gert að greiða kostnaðinn með skjólstæðingi sínum. Hefur lögmaðurinn ekki haft tilefni til að tjá sig um réttmæti þeirrar ráðstöfunar, enda er málið nú skriflega flutt. Með

tilliti til þessara aðstæðna og málavaxta að öðru leyti virðist mér ekki ástæða til annars en leggja kærumálskostnaðinn á sóknaraðila sjálfan. Um efnishlið málsins er ég sammála öðrum dómendum.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 161/1990. **Reynir Guðmundsson og**
Einar Harðarson
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Hróbjarti Jónatanssyni og
Jónatan Sveinssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Víxilmál. Fyrning. Stefnubirting. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. mars sama ár samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjað er áritun á áskorunarstefnu, sem gerð var á bæjarþingi Kópavogs 4. desember 1989. Áfrýjendur krefjast sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjenda.

Ráð og dáð hf. var meðal áfrýjenda, en var tekið til gjaldþrotaskipta 29. júní 1990. Skiptameðferð lauk 16. janúar 1992 með vísun til 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hefur félagið þegar verið afskráð, og féll aðild þess að málinu því niður.

Mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál með stefnu til bæjarþings Kópavogs, sem gefin var út 22. febrúar 1989. Málið var hins vegar þingfest á bæjarþingi Reykjavikur 16. mars 1989, en vísað frá dómi 30. sama mánaðar með svofelldri áritun á stefnuna: „Hið stefnda hlutafélag er samkvæmt gögnum málsins með skráð heimilisfang í Kópavogi. Greiðslustaður hins umstefnda víxils er hins vegar á Reyðarfirði. Brestur því heimild til að höfða mál þetta hér fyrir bæjarþinginu, og ber því að vísa því frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki. Máli þessu er vísað frá dómi ex officio."

Mál þetta var síðan höfðað að nýju fyrir bæjarþingi Kópavogs

með áskorunarstefnu 18. október 1989 á hendur Reyni Guðmundssyni persónulega og sem formanni stjórnar fyrir hönd Ráða og dáðar hf. og Einari Harðarsyni. Var stefnan birt 2. nóvember 1989. Gerðu stefnendur þær dómkröfur, að stefndu yrði gert að greiða þeim skuld, að fjárhæð 105.707 krónur, auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Í stefnu segir meðal annars: „Skuld þessi er skv. 1 víxli, að fjárhæð kr. 105.707, út gefnum þann 13. 6. 1988 af Einari, en samþykktum til greiðslu af stefnda Ráð og dáð hf., 13. 8. 1988 í Landsbanka Íslands hf., Reyðarfirði, og ábektur af stefnda Reyni. Víxillinn er framseldur af útgefanda og án afsagnar."

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Kópavogs 9. nóvember 1989. Þing var ekki sótt af hálfu áfrýjenda, og var málið tekið til áritunar að kröfu stefndu. Hinn 4. desember 1989 ritaði Ólafur Helgi Árnason, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, eftirfarandi á stefnuna: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 23.061 í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar."

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ljósrit af áskorunarstefnu og stefnubirtingarvottorðum máls þess, er þingfest var í Reykjavík 16. mars 1989 og vísað þar frá dómi 30. sama mánaðar. Af stefnunni sést, að ætlunin hefur verið að þingfesta málið í Kópavogi, en ekki Reykjavík, og er áfrýjendum hér fyrir dómi stefnt þar til bæjarþings. Þá kemur fram, að ekki hefur tekist að birta þessa stefnu fyrir Einari Harðarsyni og hún er samkvæmt birtingarvottorði aðeins birt fyrir Reyni Guðmundssyni fyrir hönd fyrirtækisins, en ekki persónulega.

Af hálfu áfrýjenda er því haldið fram, að samkvæmt 2. mgr. 70. gr. víxillaga nr. 93/1933 hafi víxilréttur verið fyrndur gagnvart þeim, er síðari stefnan til bæjarþings Kópavogs var birt þeim, en gjalddagi víxilsins var 13. ágúst 1988, eins og að framan greinir.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að samkvæmt 71. gr. víxillaga hafi fyrningu víxilsins verið slitið með birtingu fyrri stefnunnar. Samkvæmt 5. mgr. þeirrar greinar hafi þá hafist nýr fyrningarfrestur.

Eins og áður segir, var áfrýjendum stefnt fyrir bæjarþing Kópavogs með hinni fyrri áskorunarstefnu. Málið var hins vegar af óskýrðum ástæðum tekið fyrir og þingfest á bæjarþingi Reykja-

víkur. Þar var því svo vísað frá dómi, þar sem hið stefnda hlutafélag væri með skráð heimilisfang í Kópavogi og greiðslustaður víxilsins væri á Reyðarfirði. Í frávísunaráritun dómara var ekki vikið að því, að stefnt væri fyrir bæjarþing Kópavogs.

Þessi málsmeðferð á bæjarþingi Reykjavíkur á sér enga lagastoð og er marklaus. Það eru því ekki skilyrði til að líta svo á, að fyrningu hafi verið slitið með birtingu fyrri stefnunnar samkvæmt 1. mgr. 71. gr. víxillaga, enda kom málið ekki til meðferðar í rétti í skilningi 5. mgr. sömu greinar.

Þegar síðari áskorunarstefnan var birt, voru liðnir tæpir 15 mánuðir frá gjalddaga hins umrædda víxils. Víxilkröfur stefndu á hendur áfrýjendum voru því fyrndar samkvæmt 2. mgr. 70. gr. víxillaga. Kemur þá ekki til álita, með hvaða hætti þessar tvær áskorunarstefnur voru birtar.

Samkvæmt framansögðu verða áfrýjendur sýknaðir af kröfum stefndu. Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjendum 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Reynir Guðmundsson og Einar Harðarson, skulu vera sýknir af kröfum stefndu, Hróbjarts Jónatanssonar og Jónatans Sveinssonar.

Stefndu greiði áfrýjendum 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Fyrningu víxils er samkvæmt 1. mgr. 71. gr. víxillaga slitið með stefnubirtingu. Í atkvæði meiri hluta Hæstaréttar er frá því skýrt, að stefnubirting máls þess, er þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur 16. mars 1989, tókst ekki, að því er Einar Harðarson varðar, og var því víxilréttur fyrndur gagnvart honum, þá er síðara málið var höfðað. Hins vegar þykir ekki skipta máli, þótt vottorð stefnuvotta beri ekki með sér, að fyrra málið sé einnig höfðað gegn Reyni Guðmundssyni persónulega, þar sem hann fær samkvæmt vottorð-

inu endurrit stefnunnar, og þar kemur þetta fram. Samkvæmt 5. mgr. 71. gr. víxillaga hófst við þessa stefnubirtingu nýr fyrningarfrestur gagnvart honum, og er því víxilréttur á hendur honum ekki fyrndur. Hin áfrýjaða áritun um aðfararhæfi er því staðfest gagnvart honum.

Rétt er, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Einar Harðarson, skal sýkn af kröfu stefndu, Hróbjarts Jónatanssonar og Jónatans Sveinssonar, í máli þessu.

Hin áfrýjaða áritun um aðfararhæfi er staðfest, að því er varðar áfrýjanda, Reyni Guðmundsson, persónulega.

Hver aðila beri sinn kostnað af áfrýjun máls þessa.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 428/1990. **Karl Runólfsson**
(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.).

Víxilmál. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjað er áritun á áskorunarstefnu á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febrúar 1990.

Áfrýjandi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda samkvæmt hinni áfrýjuðu áritun, en til vara krefst hann þess, að málinu verði vísað frá dómi. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Íslandsbanki hf., sem tók við aðild málsins af Alþýðubankanum hf. 1. janúar 1990, krefst þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest og að áfrýjandi greiði sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 1. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, ber fyrst að ganga úr skugga um, hvort nokkrir gallar séu á formhlið máls. Ber því fyrst að taka varakröfu áfrýjanda til meðferðar.

Mál þetta er höfðað af stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu gegn áfrýjanda og Sæmundi Runólfssyni. Gerði stefnandi í héraði þær dómkröfur, að stefndu yrði in solidum gert að greiða sér skuld að fjárhæð 481.000 krónur auk bankakostnaðar, dráttarvaxta og málskostnaðar.

Í stefnu segir meðal annars svo: „Skuld þessi er samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 481.000,00, út gefnum í Reykjavík hinn 1.12.1988 af stefnda Karli og samþykktum af stefnda Sæmundi, til greiðslu hinn 31.12.1988 í Alþýðubankanum hf., Reykjavík, ábektum af útgefanda, og afsögn er óþörf.“

Málið var þingfest á bæjarþinginu 9. janúar 1990. Var þá bókað, að þing væri sótt fyrir stefnda og honum veittur frestur til greinargerðar til 6. febrúar sama ár. Við fyrirtöku málsins þann dag var þing ekki sótt af hálfu stefnda, og var málið tekið til áritunar að kröfu stefnanda. 27. febrúar 1990 ritaði Bergþór Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, svofellda áritun á stefnuna: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 60.300,- í málskostnað eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði reiknist frá 15. degi frá áritun þessarar (sic) skv. III. kafla vaxtalaga."

Stefnuvottar Hafnarfjarðar birtu stefnu framangreinds áskorunarmáls á hendur áfrýjanda að Hrauntungu 2, Hafnarfirði, fyrir Gunnari Arnarsyni (á að vera Árnasyni), og er fullyrt í vottorðinu, að þar sé heimili áfrýjanda. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð þrjú vottorð, vottorð Hagstofu Íslands um, að áfrýjandi hafi verið skráður með lögheimili að Sigtúni 2, Vík í Mýrdal, frá 1978, vottorð Gunnars Árnasonar og Guðnýjar Jónasdóttur, Hrauntungu 2, Hafnarfirði, um að áfrýjandi hafi aldrei átt þar lögheimili, og vottorð Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns um, að hann hafi aðeins sótt þing fyrir Sæmund Runólfsson á bæjarþingi Reykjavíkur 9. janúar 1990. Vottorð þetta er samrýmanlegt bókun í þingbók bæjarþings Reykjavíkur, enda þótt bókunin mætti vera gleggri.

Af framangreindum gögnum verður nægjanlega ráðið, að áfrýjandi hefur aldrei átt lögheimili eða fast aðsetur að Hrauntungu 2, Hafnarfirði, og þing hefur ekki verið sótt í málinu fyrir hans hönd. Málið er því ekki réttilega höfðað gegn honum, og ber að ómerkja hina áfrýjuðu áritun, að því er hann varðar, og vísa málinu að því leyti frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun um aðfararhæfi er ómerkt, að því er áfrýjanda, Karl Runólfsson, varðar, og hans hluta málsins vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 52/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Rúnari Ingva Eiríkssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.).

Þjófnaður. Fjársvik. Skjalafals. Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. janúar 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Í ákæruskjali 6. maí 1991 er innbrot ákærðu í Fossvogskirkju í Reykjavík réttilega fært til 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga. Rétt hefði verið, að innbrot ákærðu í Kópavogskirkju hefði verið fært til refsiákvæða með sama hætti.

Við ákvörðun refsingar ber að vísa til 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði játaði brot sín og skýrði hreinskilnislega frá öllum atvikum að þeim, sbr. 9. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga. Niðurstaða hins áfrýjaða dóms verður því staðfest, að því er ákærða varðar, að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist hans frá 17. til 25. mars 1991 skal koma dæmdri refsingu til frádráttar með fullri dagatölu. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Rúnar Ingva Eiríksson, að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist hans frá 17. til 25. mars 1991 skal koma dæmdri refsingu til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 12. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. nóvember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með sex ákærum, út gefnum 12. apríl 1991, 6. maí 1991, 18. júní 1991, 20. júní 1991, 5. júlí 1991 og 9. ágúst 1991, á hendur X [...], Rúnari Ingva Eiríkssyni, Norðurgötu 58, Akureyri, fæddum 29. janúar 1968, fæðingarnúmer 309, Y [...] og Z [...].

— — —

B.

I. Ákærðu X og Rúnari Ingva er gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt föstudagsins 18. janúar brotist inn í húsnæði fyrirtækisins Rúmfatalagersins, Óseyri 4, Akureyri, og stolið 32.000 krónum.

2. Aðfaranótt fimmtudagsins 14. febrúar brotist inn í barnaheimilið Sælukot, Þorragötu 1, Reykjavík, og stolið fimm tékkheftum, útvarpstæki, leifturljósi og tékka, að fjárhæð 18.000 kr.

3. Sunnudaginn 3. mars brotist inn í Setbergsskóla, Hlíðarbergi, Hafnarfirði, og stolið myndbandstæki, myndbandsupptökuvél, ljósmyndavél, aðdráttarlinsu, leifturljósi, tveimur töskum og um 20.000 krónum.

4. Aðfaranótt föstudagsins 8. mars brotist inn í Varmárskóla í Mosfellsbæ, unnið þar spjöll við leit að fjármunum og stolið um 50.000 krónum, tveimur tékkheftum og myndbandsupptökuvél.

5. Aðfaranótt sunnudagsins 10. mars brotist inn í húsnæði skipasmíðastöðvarinnar Varar hf., Óseyri 16, Akureyri, unnið þar spjöll við leit að peningum og stolið tveimur tékkheftum og um 20.000 krónum.

6. Aðfaranótt miðvikudagsins 13. mars brotist inn í húsnæði fyrirtækjanna Plastiðjunnar Bjargs, Sjálfsbjargar og Akopokans á Akureyri, unnið þar mikil spjöll í leit að fjármunum og stolið 39.954 krónum í húsnæði Sjálfsbjargar.

7. Aðfaranótt föstudagsins 15. mars 1991 brotist inn í verslunina Svarfdælu á Dalvík, brotið þar upp hurðir og fjóra afgreiðslukassa og stolið um 70.000 krónum, tvennum leðurhönskum og fimm vindlingapökkum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

8. Í framhaldi af innbrotinu samkvæmt ákærulið I, 2, staðið saman að því að nota í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda tékka, sem þeir skiptust á að gefa út til handhafa í eigin nafni á eyðublöð úr tékkheftum frá Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, sem þeir höfðu komist yfir í innbrotinu, án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði tékkanna, sem ákærðu deildu með sér.

A. Tékkar frá Melaútibúi Búnaðarbankans, gefnir út af ákærða Rúnari Ingva á reikning nr. 4114:

[16 tékkar, fjárhæð samt. 88.350 krónur].

B. Tékkar frá Miðbæjarútibúi Búnaðarbankans, gefnir út af Jóhanni Ragnari á reikning nr. 3058:

[9 tékkar, fjárhæð samt. 48.300 krónur].

9. Í febrúar staðið saman að því að nota sem greiðslu í bifreiðaviðskiptum á Aðalbílasölunni við Miklatorg í Reykjavík skuldabréf, að fjárhæð 340.000 kr., út gefið af ákærða X 6. febrúar 1991, sem ákærðu höfðu falsað með því að rita á bréfið nöfn tilgreindra ábyrgðarmanna, þeirra Björns Bjarnasonar, kt. 070753-324, og Bjarna Stefánssonar, 090641-395.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærðu X, Rúnari Ingva og Y er gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt sunnudagsins 24. febrúar brotist í þjófnaðarskyni inn í Kópavogskirkju, en horfið af vettvangi eftir árangurslausa leit að peningum.

2. Síðastgreinda nótt brotist í þjófnaðarskyni inn í Fossvogskirkju í Reykjavík og leitað þar peninga án árangurs.

3. Síðastgreinda nótt brotist inn í Heyrnleysingjaskólann við Vesturhlíð í Reykjavík og stolið um 45.000 krónum og tveimur myndavélum.

III. Ákærðu er öllum gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 27. febrúar brotist inn í Sjólastöðina hf., Óseyrarbraut 5-7, Hafnarfirði, unnið þar mikil spjöll í leit að fjármunum og stolið um 1.000 krónum og tveimur tékkheftum.

2. Síðastgreinda nótt brotist inn í söluturn að Miðvangi 41, Hafnarfirði, og stolið 10-20 vindlingalengjum, 10 vindlapökkum, sælgæti og um 5.000 krónum.

3. Brotist sömu nótt inn í Varmárskóla, Mosfellsbæ, brotið þar upp hurðir og stolið 32.665 krónum.

Telst háttsemin samkvæmt ákæruliðum II og III varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og samkvæmt lið II, 2, jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga."

— — —

D.

Á hendur ákærða X og Rúnari Ingva:

„Fyrir tékkasvik með því að hafa í febrúar 1991 gefið út og notað saman eftirtalda fjóra tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, en ákærði Rúnar Ingvi gaf út þann fyrsttalda og notaði reikningsnúmerið 4114 og ákærði X hina þrjá með reikningsnúmeri 3058. Tékkarnir eru allir til handhafa, dagsettir 16/2 1991:

1-2. Nr. 1524567, 5.000 kr., og nr. 0675220, 5.000 kr. Báðir notaðir í söluskála Esso á Blönduósi.

3. Nr. 0675222, 12.000 kr. Notaður í kjörbúð Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, Hvammstanga.

4. Nr. 0675223, 10.000 kr. Notaður í Staðarskála, Hrútafirði.
Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

E.

Á hendur ákærða Rúnari Ingva:

„Fyrir að aka að kvöldi þriðjudagsins 5. mars 1991, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Y-14418 frá Umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg 10 í Reykjavík um götur í borginni að Hraunbergi 4, þar sem lögreglan hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.“

— — —

Ákærðu hafa öll hér fyrir dóminum játað brot sín eins og þeim er lýst í ákærum og að framan er rakið. Játning þeirra er í samræmi við framburð þeirra fyrir lögreglu og önnur gögn málsins. Þykja brot þeirra því nægjanlega sönnuð, og varða þau við lagagreinar þær, er tilgreindar eru í ákærunum.

Ákærði Rúnar Ingvi hefur sætt refsingum sem hér segir:

[Sakavottorð tilgreinir eina sekt fyrir brot gegn 248. gr. hgl. og einn dóm, 2 mánaða fangelsi, fyrir þjófnað (1991), einnig dóma fyrir ölvunarakstur og 5 sektir fyrir ýmis brot].

— — —

Refsing ákærða Rúnars Ingva þykir hæfilega ákveðin fangelsi tíu mánuði.

— — —

Í málinu hafa verið lagðar fram um það bil 50 skaðabótakröfur frá ýmsum aðilum á hendur ákærðu, ýmist hverju fyrir sig eða fleirum saman, og er kröfur þessar að finna hér og hvar í gögnum málsins. Þykir skýring á kröfum þessum vera til verulegs óhagræðis í málinu og því rétt að vísa þeim frá með vísan til 145. gr. laga nr. 74, 1974.

Að lokum ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr., auk virðisaukaskatts þannig: Ákærða Z greiði 1/10 hluta málskostnaðar, en 9/10 hluta hans greiði ákærðu Rúnar Ingvi, Y og X.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði Rúnar Ingvi Eiríksson sæti fangelsi tíu mánuði.

— — —

Skaðabótakröfum er vísað frá dómi.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns J. Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti, þannig: ákærða Z að 1/10 hluta, en aðrir hinna ákærðu að 3/10 hlutum hver.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 213/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurpáli Eiríki Garðarssyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Lyf. Ökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 8. maí 1992. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fallast ber á sakarmat héraðsdóms og færslu til refsiákvæða, og verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1992 var frestað framkvæmd ökuleyfissviptingar ákærða samkvæmt hinum áfrýjaða dómi, sbr. 104. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Rétt þykir, að hún komi til framkvæmda við birtingu þessa dóms fyrir ákærða.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Svipting ökuréttinda ákærða, Sigurpáls Eiríks Garðarssonar, kemur til framkvæmda við birtingu dóms þessa fyrir honum.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 2. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 170/1992: Ákæruvaldið gegn Sigurpáli Eiríki Garðarssyni, sem tekið var til dóms 25. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. ágúst sl., á hendur Sigurpáli Eiríki Garðarssyni, Vesturgötu 33 A, Reykjavík, kennitala 261134-7569, „fyrir að aka þriðjudaginn 28. ágúst 1990 bifreiðinni R-69405 um götur í Reykjavík, enda þótt hann væri þá undir slíkum áhrifum lyfja, að hann var ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega, en lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Bæjarháls og Höfðabakka.

Telst þetta varða við 2. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101 gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, hefur ákærði viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-69405 frá sumarbústað við Rauðavatn til Reykjavíkur 28. ágúst 1990, en lögreglan stöðvaði akstur ákærða á mótum Bæjarháls og Höfðabakka. Hefur ákærði viðurkennt, að fyrir aksturinn hafi hann neytt lyfjanna mogadons og efedrins, en einungis í því magni, sem læknir hans ráðlagði honum, og hafi hann ekki fundið til áhrifa lyfjanna við aksturinn.

Í Nýju íslensku lyfjabókinni, sem gefin er út 1988, kemur fram um lyfið mogadon, að innihaldsefni þess sé nitrazepam. Sé það notað sem svefnlyf fyrir þá, sem erfitt eigi með að sofna. Verkun þess komi venjulega fram innan 30 mínútna frá töku, en það skiljist hægt út úr líkamanum. Venjulegur skammtur sé ein tafla (5 mg) fyrir svefn, en aðrir skammtar séu stundum notaðir. Notkun lyfsins hafi í för með sér ávanahættu, og það sé þríhyrningsmerkt, sem þýði, að notkun þess slævi viðbragðsflýti og eftirtekt. Akstur og önnur nákvæmnisvinna, sem hafi í för með sér slysahættu, sé því varasöm, meðan lyfið sé tekið. Þá geti verkun lyfsins verið breytileg, ef önnur lyf séu tekin samhliða.

Síðarnefnda lyfsins, sem ákærði kveðst hafa neytt, er hins vegar ekki getið í framangreindri bók, en samkvæmt upplýsingum, sem dómurinn hefur aflað sér, er það ekki á sérlyfjaskrá og mun vera lítið notað hérlendis. Lyfið er svokallað forskriftarlyf og einkum notað sem asmalyf.

Lögreglumenn þeir, sem komið hafa fyrir dóminn til skýrslugjafar, eru allir þeirrar skoðunar, að ákærði hafi ekki, eins og hann var á sig kominn, verið í ástandi til að aka bifreið greint sinn. Hafa þeir lýst ástandi ákærða, og er framburður þeirra í því efni samhljóða í veigamiklum atriðum. Þótt ekki liggi fyrir niðurstöður um lyfjainnihald í blóði ákærða og mat á því, hvað það hafi í för með sér, þykir þó mega miða við framburð lögreglu-

mannanna. Er það þekkt í ölvunarakstursmálum, að treyst sé framburði vitna um áfengisáhrif, þegar ekki liggja fyrir niðurstöður alkóhólrannsókna. Framburður lögreglumannanna er, sem fyrr segir, samhljóða í veigamiklum atriðum og ekkert það fram komið í málinu, sem veikir framburð þeirra. Telst því sannað með framburði vitnanna Gunnars Sigurðssonar, Rúnars Oddgeirssonar og Friðriks Hermannssonar, að ákærði hafi verið undir slíkum áhrifum lyfja greint sinn, að hann hafi verið ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega. Hefur ákærði með framanlýstri háttsemi brotið gegn 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða spannar sakaferill hans 40 ár. Hefur hann frá árinu 1954 alls verið dæmdur 39 sinnum, aðallega fyrir auðgunarbrot og skjalafals. Er samanlögð refsivist hans samkvæmt dómum þessum orðin tæp 15 ár, en síðast hlaut hann refsidóm 22. nóvember 1990. Þá hefur ákærði margsinnis verið sektaður fyrir áfengislagabrot og einu sinni fyrir ölvunarakstur.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Við ákvörðun hennar ber að hafa hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald sex daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 101. gr. umferðarlaga, ber að svipta ákærða ökuréttindum. Þykir hæfilegt, að sviptingin vari í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurpáll Eiríkur Garðarsson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi sex daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal vera sviptur ökuréttindum í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 391/1989. **Þorvaldur Ari Arason**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og
ríkissaksóknara
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Húsleit. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1989. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 króna, með ársvöxtum þannig: 45,6% frá 1. apríl 1988 til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi og til stefnubirtingardags og síðan hæstu lögleyfða dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1978 og að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1989. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er hann staðfestur.

Málskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fellur niður.

1915

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál þetta varðar húsleit í híbýlum áfrýjanda, sem til var stofnað af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins að tilhlutan ríkissaksóknara og tilmælum skiptaráðanda í Reykjavík vegna ábendingar til hins síðastnefnda frá ónafngreindum aðilum. Tilefni leitarinnar var grunur um refsivert undanskot bókaeignar við gjaldþrotaskipti á búi annars manns, sem þá stóðu yfir, og svo hitt, að áfrýjandi hafði látið birta í Morgunblaðinu auglýsingu þess efnis, að haldinn yrði bókamarkaður í þessum híbýlum, þar sem til sölu yrði stórt einkabókasafn með ýmsum fágætum bókum, þann dag og næstu daga. Leit þessi fór fram á þeim tíma, er áfrýjandi hafði auglýst til opnunar á markaðnum, og stóð nærfellt eina klukkustund. Var húsnæðið haft lokað á meðan og nokkrum mönnum varnað inngöngu. Í ljós kom, að engar bækur var þarna að finna úr eigu umrædds þrotamanns, og voru það bækur áfrýjanda sjálfs, sem hann hugðist hafa til sölu. Reyndist hann saklaus af tengslum við þrotamanninn eða gjaldþrotamál hans. Jafnframt varð áfrýjanda ekki gefið að sök, að til leitarinnar kom, þótt auglýsing hans hafi ekki verið birt undir nafni.

Á það má fallast með stefndu, að rannsóknarlögreglunni hafi verið rétt að bregða skjótt við og tryggja sér lögmælta heimild dómara til leitar af fyrrgreindu tilefni. Verður áfrýjanda ekki viðurkenndur bótaréttur fyrir þá sök, að skilyrði hafi brostið til úrskurðar þess, sem upp var kveðinn um heimildina í sakadómi. Á hinn bóginn var það undir atvikum komið, hver nauðsyn væri að beita heimildinni, meðal annars þar sem áfrýjandi var að opna aðgang að því, sem skoða átti. Jafnframt mátti vera ljóst, eins og aðstæðum var háttað, að misheppnuð leit gæti orðið áfrýjanda til hnekkis og vanvirðu, þótt fram væri komið af fullri kurteisi. Eins og að var farið við leitina, verður að líta svo á, að lögreglumönnum hafi mistekist að gæta þess, sem gæta þurfti í þessum efnum, og hafi aðgerðin orðið óþarflega særandi fyrir áfrýjanda. Í því sambandi skiptir ekki máli, hvort áfrýjandi bauð þeim sjálfur að leita á annarri hæð hússins, þar sem samþykki hans orkaði ekki til annars en rýmkunar á þeirri heimild dómara, sem þegar lá fyrir varðandi fyrstu hæð.

Í málinu gerir áfrýjandi kröfu um bætur fyrir miska, sem hann hafi orðið fyrir vegna húsleitarinnar, en telur ekki til fjártjóns. Þegar rannsóknarlögreglan bað um leitarheimild sína, virðist þess ekki hafa verið getið, hver stæði fyrir umræddum bókamarkaði eða réði húsum á staðnum, en ljóst mátti vera, að áfrýjandi ætti þar hlut að máli. Í beiðninni var ótvírætt miðað við, að forstöðumaður eða húsráðandi gæti átt þátt í refsiverðum verknaði auk þrotamannsins sjálfs, enda var úrskurður dómarans meðal annars orðaður svo í samræmi við hana, að heimilt yrði að handtaka þrotamanninn og aðra þá, er finnast kynnu á staðnum og tengdir væru ætluðum brotum hans. Hin umbeðna aðgerð var og sjálf til þess fallin að varpa grun á áfrýjanda í augum ókunnugra, eins og framkvæmdin varð. Vegna þessa verður að álykta, að áfrýjandi geti reist bótarétt á ákvæðum 2. tl. 151. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Að öllu athuguðu tel ég úrslit málsins eiga að vera þau, að honum verði dæmdar miskabætur úr ríkissjóði, að fjárhæð 120.000 krónur, ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 27. september 1988, af Þorvaldi Ara Arasyni hrl., kt. 110528-4779, Freyjugötu 27, Reykjavík, gegn dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og ríkissaksóknara.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

— — —

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda. Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar stefnukrafna og að málskostnaður verði felldur niður í því tilviki.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að 28. mars 1988 hafi verið gerð húsleit hjá stefnanda á lögmannsstofu hans og heimili að Freyjugötu 27, Reykjavík, á grundvelli úrskurðar sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum sama dag. Forsendur úrskurðarins hafi verið þær, að skiptaréttur Reykja-

víkur og Rannsóknarlögregla ríkisins hefðu „fengið ábendingar um, að kærði Sigurður ætlaði að selja fágætar og verðmætar bækur úr heildstæðu safni bóka. Felist ábendingarnar m. a. í því, að bækurnar muni verða til sölu á bókamarkaði, sem auglýstur hefur verið, en hann á einmitt að halda að Freyjugötu 27, 1. hæð, hér í borg".

Sigurður sá, sem nefndur er kærður, muni vera Sigurður Kristján Guðmundur Sigurðsson, en bú hans sé til gjaldþrotameðferðar í skiptarétti Reykjavíkur.

Þetta hafi verið allt og sumt, sem húsleitarkrafan og úrskurðurinn byggðist á, ábending einhvers óþekkts aðila, sem hvergi hafi fengist staðfesting á, að raunverulega sé til.

Þá hafi falist í úrskurði sakadóms Reykjavíkur heimild til handa Rannsóknarlögreglu ríkisins að handtaka m. a. stefnanda, ef því væri að skipta.

Stefnandi hafi að sjálfsögðu ekki verið að auglýsa bækur þessa Sigurðar, heldur hafi hann verið að selja eigin bækur, eins og strax hafi komið í ljós, þegar húsleitin var gerð, sem þó hafi orðið víðtækari en úrskurðurinn heimilaði, því að einnig hafi verið leitað í íbúð stefnanda á 2. hæð í sama húsi án heimildar hans.

Húsleitin hafi orðið þess valdandi, að stefnandi hætti við sölu bókanna, þar sem væntanlegir kaupendur, sem þegar hafi verið komnir á staðinn, hurfu frá, þegar Rannsóknarlögregla ríkisins meinaði þeim aðgang á auglýstum opnunartíma.

Stefnandi hafi krafið ríkissjóð um bætur, að fjárhæð 1.000.000 kr., með bréfi, dags. 19. maí 1988. Svar hafi borist frá ríkislögmanni með bréfi, dags. 2. júní 1988, þar sem bótaábyrgð hafi verið hafnað án rökstuðnings.

Krafa stefnanda sé miskabótakrafa fyrir þann miska og óþægindi, sem hann hafi orðið fyrir við húsleitina á lögmannsstofu sinni og heimili.

Ljóst sé, að hér hafi orðið hrapalleg mistök hjá ákæruvaldinu, Rannsóknarlögreglu ríkisins og sakadómi Reykjavíkur. Efnislegum grundvelli fyrir þessari aðför að stefnanda, skrifstofu hans og heimili hafi alls ekki verið til að dreifa. Stefndu hafi á engan hátt reynt að réttlæta aðförina, og telji stefnandi, að hér hafi einhver óútskýrð óskhyggja ráðið ferðinni. Hið alvarlegasta sé þó, að sakadómur Reykjavíkur skyldi kveða upp slíkan húsleitarúrskurð á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir lágu, og gefi hér raunar mjög alvarlegt og hættulegt fordæmi, sem nauðsynlegt sé að bregðast við á réttan hátt.

Bótaábyrgð stefndu í máli þessu sé ótvíræð, sbr. 149. gr. og 151. gr. laga nr. 74/1974, enda telji stefnandi, að hér hafi verið um óþarflega móðgandi og særandi aðgerð að ræða og með öllu óþarfa. Stefnandi hafi engu haft að leyna. Hann hafi auglýst bækurnar til sýnis og sölu á tiltekn-

um tíma og því handhægt fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins að sannfæra sig um, að hér væru ekki bækur „kærða Sigurðar" til sölu.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnanda því, að aðallega væri bótakrafa stefnanda reist á 151. gr. laga nr. 74/1974, en til vara á 149. gr. sömu laga.

Stefnandi hafi gjafsókn í máli þessu samkvæmt 154. gr. laga nr. 74/1974, og beri því að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, hvernig sem málið fari að öðru leyti.

Af hálfu stefndu er málavöxtum svo lýst, að 28. mars 1988 kl. 17.00-18.00 hafi farið fram húsleit á fyrstu hæð hússins að Freyjugötu 27 í Reykjavík. Hafi hún farið fram á grundvelli úrskurðar sakadóms Reykjavíkur, sem upp hafi verið kveðinn sama dag. Leita hafi átt að bókum úr bókasafni Sigurðar K. G. Sigurðssonar vegna ætlaðs undanskots eigna í tengslum við gjaldþrotameðferð á búi hans. Í úrskurði sakadóms hafi einnig verið að finna heimild til að handtaka Sigurð.

Forsenda úrskurðarins hafi verið ábending til skiptaráðandans í Reykjavík um, að áðurnefndur Sigurður hafi haft uppi fyrirætlanir um sölu verðmætra bóka. Muni þær m. a. verða „til sölu að Freyjugötu 27, fyrstu hæð, hér í borg", eins og segi í úrskurði sakadóms Reykjavíkur. Eftir að lögreglumenn komu á staðinn og höfðu gert grein fyrir erindi sínu, hefði farið fram leit í samræmi við úrskurð sakadóms. Meðan sú leit stóð yfir, hefði stefnandi boðið lögreglumönnum að leita einnig á annarri hæð hússins, sem er íbúð hans. Það hefði verið gert lauslega og án árangurs. Hefðu lögreglumennirnir síðan horfið af staðnum um kl. 18.00, þegar ljóst þótti, að ábendingin hafði ekki reynst rétt.

Ljóst sé, að allnokkurrar ónákvæmni gæti í atvikalýsingu í málatilbúnaði stefnanda. Sú fullyrðing fái þannig ekki staðist, að leitað hafi verið í íbúð stefnanda á annarri hæð án heimildar hans. Fullt samþykki stefnanda hafi legið fyrir. Sú lauslega athugun, sem fram hafi farið á annarri hæð hússins, hafi því farið fram samkvæmt boði stefnanda, en ekki á grundvelli úrskurðar sakadóms, sem einungis hafi tekið til fyrstu hæðar.

Sú staðhæfing, sem fram komi í greinargerð stefnanda, fái ekki heldur staðist, að lögreglumenn hafi vísað frá hópi væntanlegra kaupenda á bókum stefnanda, sem komnir hafi verið á staðinn kl. 17.00, er bókamarkaðurinn skyldi hefjast. Svo sem fram komi í málsskjölum, hafi aðeins örfáir aðilar drepið á útidyr þann tíma, er lögreglumennirnir stöldruðu við. Óeinkennisklæddir lögreglumennirnir hafi sagt þessum aðilum, að opnun bókamarkaðarins tefðist stutta stund. Hafi því ekki verið um það að ræða, að hópi manna hafi verið vísað frá, sem „ekki hafi litist á blikuna, þegar Rannsóknarlögregla ríkisins var mætt á staðnum með húsleitarúrskurð". Af gögnum málsins megi ætla, að þessum

aðilum hafi ekki einu sinni verið kunnugt um, að lögreglumenn væru þar á ferð.

Um ástæður fyrir þeirri húsleit, sem sé tilefni málsóknar stefnanda, vísist fyrst og fremst til skýrslu skiptaráðandans í Reykjavík.

Eins og fram komi í bréfi skiptaráðanda, hafi honum borist ábending frá einstaklingi, sem eigi verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við útkomu úr skiptum á nefndu þrotabúi. Skiptaráðandi segi, að þessi einstaklingur hafi áður reynst góð heimild við könnun á afdrifum eigna, sem skotið hafi verið undan skiptum á þrotabúi. Á það skuli lögð áhersla, sem fram komi í bréfi skiptaráðanda, að hann telji heimildarmann sinn í þessu tilviki mjög áreiðanlegan.

Í niðurlagi bréfs skiptaráðanda komi fram, að honum sé óhægt um vik að nafngreina heimildarmann, þegar um sé að ræða atvik eins og þetta. Megi augljóst vera, að því fylgi ríkir almennir hagsmunir, að menn geti beint til skiptaréttar ábendingum um, hvar eignir úr þrotabúum sé að finna, og að heimildarmenn geti treyst því, að nafni þeirra sjálfra verði haldið leyndu. Verði því að telja slíkar rannsóknaraðferðir fyllilega heimilar og lögmætar. Alveg sérstök áhersla skuli lögð á það, að í þessu sérstaka tilviki hafi dómarinn talið heimildarmann sinn mjög áreiðanlegan.

Í ljósi þessa megi ljóst vera, að fullt tilefni hafi verið til þeirrar húsleitar, sem hér var gerð. Lögmæt skilyrði fyrir leit skv. 7. kafla laga nr. 74/1974 hafi því verið fyrir hendi. Samkvæmt 2. mgr. 48. gr. megi gera leit hjá öðrum mönnum en sökuðum, ef gildar ástæður séu til að ætla, að hjá þeim finnist munir, sem hald beri að leggja á. Hér hafi vissulega verið gildar ástæður til aðgerða.

Með sama hætti hafi lögmæt skilyrði verið fyrir hendi, að því er varði 49. gr. laga nr. 74/1974. Heimild til handtöku skv. úrskurði sakadóms hafi verið bundin við Sigurð K. G. Sigurðsson og þá, sem tengdust ætluðu broti hans. Því hafi mátt handtaka, auk Sigurðar, hlutdeildarmenn hans, ef einhverjir slíkir væru. Það sé misskilningur hjá stefnanda, sem fram komi í stefnu, að í úrskurði sakadóms hafi falist heimild til að „handtaka m.a. stefnanda, ef því var að skipta". Gögn málsins renni ekki stoðum undir þann skilning.

Eins og áður greini, verði að telja, að ekkert liggi fyrir í gögnum málsins, er renni stoðum undir, að stefnandi hafi verið grunaður um hlutdeild í ætluðu undanskoti Sigurðar K. G. Sigurðssonar á eignum. Af þeirri ástæðu verði ekki talið, að 18. kafli laga nr. 74/1974 eigi hér við. Af þeirri ástæðu sýnist fyrst og fremst 149. gr. nefndra laga koma til skoðunar. Hún fjalli um leit hjá þriðja manni, sem fram fari í þágu rannsóknar opinbers máls.

Samkvæmt nefndri lagagrein eigi slíkur aðili kröfu til bóta fyrir miska, ef aðgerðir þessar hafi farið fram á óþarflega móðgandi eða særandi hátt.

Engu slíku sé hér til að dreifa. Telja verði, að fyrirliggjandi lögregluskýrslur í málinu taki af öll tvímæli um það, að þessi aðgerð fór fram af eins mikilli tillitssemi og nærgætni og kostur var. Ekkert komi fram í málatilbúnaði stefnanda, sem renni stoðum undir hið gagnstæða.

Verði hins vegar komist að þeirri niðurstöðu, að ákvæði 18. kafla eigi að koma hér til skoðunar, verði að telja, að niðurstaðan verði hin sama. Skilyrðum 150. gr., sbr. 151. gr. laganna, sé ekki fullnægt, svo að dæma megi bætur. Bæði sé um það að ræða, að lögmælt skilyrði voru til margnefndra aðgerða, svo og hitt, að nægilegt tilefni var til þeirra. Ráði það engum úrslitum, þótt ábending heimildarmanns skiptaráðanda hafi ekki reynst rétt, þegar upp var staðið. Áður sé nefnt, að því hafi farið fjarri, að aðgerðirnar hafi verið „framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt", sbr. orðalag 151. gr.

Sýknukrafa stefndu er jafnframt studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekkert tjón beðið vegna umræddra aðgerða. Augljóst sé, að fjártjón hafi hann ekki beðið. Hið sama gildi um miska. Með engu móti sé hægt að halda því fram með réttu, að hann hafi beðið miska vegna þessa atviks.

Því sé sérstaklega mótmælt, að stefnandi eigi lögbundna gjafsókn í því tilviki, að ákvæði 18. kafla laga nr. 74/1974 verði ekki talin eiga við.

Niðurstaða.

Ekki liggur fyrir, er úrskurður sakadóms Reykjavíkur var upp kveðinn, að vitað hafi verið, á hvers vegum umræddur bókamarkaður yrði haldinn. Þá þykir ekkert í nefndum úrskurði eða í gögnum þessa máls gefa vísbendingu um, að grunsemdir hafi beinst að stefnanda, Þorvaldi Ara Arasyni hrl., fyrir meint refsivert athæfi eða að rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi beinst að honum sem sökuðum manni.

Verður því með vísan til framanritaðs ekki fallist á, að stefnandi geti reist miskabótakröfu sína á 151. gr. laga nr. 74/1974, sem fjallar um bætur til handa sökuðum mönnum.

Til vara reisir stefnandi miskabótakröfu sína á 149. gr. laga nr. 74/1974. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hér hafi verið um óþarflega móðgandi og særandi aðgerð að ræða og með öllu óþarfa. Þá er því og haldið fram, að leitað hafi verið á 2. hæð hússins að Freyjugötu 27, Reykjavík, án heimildar stefnanda.

Upplýst er, að lögmæt heimild lá fyrir til leitar í húsnæði stefnanda á 1. hæð, sbr. 51. gr. laga nr. 74/1974. Um leit á annarri hæð hefur stefnandi skýrt svo frá, að þegar honum hafi verið sagt, að leita þyrfti á annarri hæð, hafi hann mótmælt og sagt, að þeir hefðu ekki úrskurð. Hafi Jón Snorrason, deildarstjóri hjá RLR, þá sagt, að ef stefnandi neitaði leit, þá biði einhver hópur lögreglumanna, þar til nýr úrskurður yrði kveðinn upp

fyrir heimild til leitar á annarri hæð. Hafi stefnandi þá fallist á að heimila leit eftir ógnun um, að nýr úrskurður yrði upp kveðinn. Þegar virtur er framburður Jóns Snorrasonar og Ragnars Halldórs Hall borgarfógeta svo og annarra, verður að telja í ljós leitt, að stefnandi hafi boðið rannsóknarlögreglumönnum að leita á annarri hæð hússins. Fullyrðingar stefnanda um, að sér hafi verið ógnað í þessu sambandi, eru ósannaðar.

Þótt leit rannsóknarlögreglumanna í húsnæði stefnanda hafi ekki borið árangur, þykir það ekki eitt sér vera grundvöllur miskabóta skv. 149. gr. laga nr. 74/1974, og kemur þá til athugunar, hvort aðgerðir rannsóknarlögreglumanna hafi farið fram á óþarflega móðgandi eða særandi hátt, sbr. áðurnefnda 149. gr.

Spurður um það fyrir dómi, hvort framkoma rannsóknarlögreglumanna hefði verið óaðfinnanleg, svaraði stefnandi því til, að svo hefði verið nema þessar ógnanir um frekari úrskurði og áður hefur verið fjallað um, auk ágreinings, er risið hefði milli sín og rannsóknarlögreglumanna um þá, sem komnir hafi verið á staðinn til þess að kaupa bækur. Fullyrðir stefnandi, að hann hafi óskað eftir því að fá að afgreiða þá, en þeim hafi verið vísað út.

Þegar virtur er framburður þeirra fjögurra rannsóknarlögreglumanna, sem vitni hafa borið, þeirra Harðar Jóhannessonar lögreglufulltrúa, Egils Bjarnasonar lögreglufulltrúa og Gunnlaugs Sigurðssonar svo og Jóns H. Snorrasonar, og með tilliti til þess, að af hálfu stefnanda hafa engin vitni verið leidd fyrir dóminn til þess að bera um þessa fullyrðingu hans, verður að telja þessa fullyrðingu stefnanda ósannaða, og má telja í ljós leitt, að enginn væntanlegur kaupandi hafi verið fyrir á staðnum, er rannsóknarlögreglumenn bar að, eða verið viðstaddur, er úrskurður til húsleitar var lesinn upp fyrir stefnanda.

Þegar litið er til þess, sem fram hefur komið í málinu, framburðar stefnanda svo og annarra, er skýrslu hafa gefið fyrir dómi, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að húsleit, er fram fór 28. mars 1988 að Freyjugötu 27, Reykjavík, hafi farið fram með þeim hætti, að bótaskylt sé skv. 149. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Ekki er fallist á, að stefnandi hafi gjafsókn skv. 154. gr. laga nr. 74/1974. Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af máli þessu.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og ríkissaksóknari, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Þorvalds Ara Arasonar hrl.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 29/1991. **Páll Björnsson**

gegn

þrotabúi Láka hf.

og þrotabúi Einars Jónssonar.

Vinnusamningar. Sjómenn. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1991. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða sér 1.084.761 krónu ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði. Þá krefst hann viðurkenningar á sjóveðsrétti í vátryggingarfé hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum vegna m/s Guðmundar B. Þorlákssonar, ÍS-62.

Með dómi Hæstaréttar 13. mars sl. var kröfu stefndu um heimild til að halda uppi vörnum í máli þessu hafnað.

Áfrýjandi hefur lagt fram ýtarlega greinargerð, en um málið fer að ákvæðum 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi og Einar Jónsson stofnuðu útgerðarfélagið Láka hf. ásamt eiginkonum sínum og venslaliði. Fram er komið, að áfrýjandi fór með framkvæmdastjórn félagsins, en Einar Jónsson hvarf frá störfum fyrir það. Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög bar honum að sjá um, að bókhald félagsins væri fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins væri með tryggilegum hætti. Staðfesta ber það álit héraðsdóms, að nægjanlega sé fram komið, að á hvor tveggja þessi atriði hafi skort hjá honum og að hann hafi því ekki sýnt fram á, að hann eigi ógoldin laun hjá hlutafélaginu. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Málskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 15. nóvember 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið 8. október 1990, hefur Páll Björnsson skipstjóri, Brekkugötu 31, Þingeyri, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 1. júní 1988, á hendur þrotabúi Láka hf., Mýrahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og þrotabúi Einars Jónssonar útvegsbónda, sama stað, til að þrotabú hlutafélagsins verði dæmt til að greiða sér 1.084.761 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum, og málskostnað].

— — —

Á hendur þrotabúi Einars er þess krafist, að viðurkenndur verði sjóveðsréttur stefnanda í m/b Guðmundi B. Þorlákssyni, ÍS-62, eign stefnda Einars Jónssonar, fyrir tildæmdri fjárhæð.

Af hálfu stefndu hefur verið krafist sýknu og málskostnaðar.

Upphaflega var sótt þing af hálfu stefndu og skilað greinargerð. Hinn reglulegi héraðsdómari, sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, vék sæti í málinu 7. mars 1990. Setudómari var skipaður 3. apríl 1990. Þrotabú Láka hf. höfðaði gagnsök með stefnu, birtri 20. júní 1990, til greiðslu bóta, að fjárhæð 2.437.117 kr., vegna hráefnis, sem varnaraðilar telja hafa verið selt, án þess að andvirði þess kæmi til skila, og vegna aflamissis, sem hafi leitt af því, að starfsmenn félagsins unnu að verkun undanskotins afla í vinnutíma. Sýslumaður vék sæti í gagnsakarmálinu 25. júlí sl., og setudómari var skipaður 8. ágúst. Gagnsök var sameinuð aðalsök 10. september. Hinn 8. október féll niður þingsókn af hálfu gagnstefnanda, og var þá gagnsök hafin, en aðalsök dómtekin. Málið er því dæmt eftir fram komnum skjölum og skilríkjum, sókn sækjanda og því, sem fram hefur komið af hálfu hinna stefndu. Engin greinargerð var komin fram af hálfu aðalstefnanda í gagnsök, þegar hún var hafin.

Láki hf. gerði út m/b Guðmund B. Þorláksson, eign Einars Jónssonar, frá upphafi árs 1987 og fram á árið 1988. Stefnandi var skipstjóri á bátnum frá upphafi til 15. febrúar 1988. Hann krefst eftirstöðva júlíuppgjörs 1987, launa fyrir tímabilið frá ágúst 1987 til janúar 1988, aflahlutar og orlofs og þriggja mánaða launa í uppsagnarfresti. Eftir að málið var höfðað, hafa stefndu orðið gjaldþrota, skipið verið selt og það síðan farist. Það var tryggt hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Sjóveð hefur færst yfir á vátryggingarverð skipsins.

Í gagnstefnu kemur fram, að Páll og Einar hafi stofnað félagið 30. desember 1985 ásamt skylduliði sínu, báðir hafi haft prókúru, en Einar verið stjórnarformaður. Einar hætti fljótlega vinnu við útgerðina. Stefnandi var í reynd framkvæmdastjóri félagsins með prókúruumboði og átti að annast bókhald félagsins fyrir árin 1987 og 1988. Varnaraðilar halda því fram, að stefnandi hafi vanrækt bókhaldið; bókhaldsgögn, sem hann hafi lagt

fram í málinu, telja varnaraðilar ófullnægjandi og tortryggileg. Þeir hafa árangurslaust skorað á stefnanda að leggja fram bókhald og ársreikninga félagsins og halda því fram, að krafa hans sé greidd og að stjórn hans á félaginu hafi verið afleit. Sérstaklega er því haldið fram, að stefnandi eigi ekki rétt á launum í uppsagnarfresti, sökum þess að hann hafi fyrirgert þeim rétti með stjórn sinni á bátnum og félaginu, auk þess sem honum hafi, að eigin sögn, verið kunnugt um uppsögn sína um áramótin 1987/88.

Í árslok 1987 var reksturinn kominn á heljarþröm. Einn af viðskiptamönnum félagsins, Jón H. Oddsson fiskverkandi á Gerðhömrum, faðir Einars, gerði upp við skipverja, aðra en stefnanda. Hinn 28. júní 1988 kærði Jón stefnanda fyrir undanskot afla og fór fram á lögreglurannsókn af því tilefni. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var með þeim hætti, að telja verður sannað, að hluti aflans hafi, að ákvörðun stefnanda, aldrei verið veginn og að skipverjar hafi verkað óveginn afla sjálfir og að hluti þessa afla hafi farið til eigin neyslu, en hluti verið seldur verslunum og öðrum, en andvirðið runnið til stefnanda og annarra skipverja, þar á meðal sonar stefnanda. Stefnandi hefur komið ófullkomnum bókhaldsgögnum til endurskoðanda, sem fært hefur reikninga eftir þeim, en ekki verður sagt, að stefnandi hafi skilað af sér löglegu bókhaldi eða ársreikningum, hæfum til endurskoðunar og samþykktum á aðalfundi. Stefnandi hefur haldið því fram, að andvirði óvegins fisks hafi verið ráðstafað upp í launagreiðslur og að til þess hafi verið tekið tillit, þegar gert var upp við skipverja. Af bókhaldsgögnum, sem komið hafa fram í málinu, verður ekki séð, að svo hafi verið, og ekki verður heldur séð af kröfugerð stefnanda, að frádráttur sé gerður vegna þessa, enda virðast viðskipti með óveginn fisk ekki hafa komið til færslu í bókhaldi. Ekki er hægt að ákveða eftir málsgögnum, hversu umfangsmikil þessi viðskipti hafa verið, en í lögregluskýrslu er haft eftir vigtarmanni, að ekki sé ósennilegt, að magn óvegins afla hafi skipt tugum tonna. Þá vekur það athygli, að samkvæmt aflaskýrslum er engin lúða í aflanum og engin ýsa árið 1988, en upplýst er, að bæði lúða og ýsa voru seldar fram hjá vigt. Félagið keypti veiðarfæri fyrir 40.000 kr. 7. febrúar 1986. Varnaraðilar staðhæfa, að veiðarfæri þessi hafi ekki fylgt, þegar skipstjórn stefnanda lauk.

Ljóst er, að ofangreindar ráðstafanir hefur stefnandi gert án heimildar stjórnar eða aðalfundar. Stefnanda bar skylda til að færa eða láta færa bókhald félagsins og ársreikninga þannig, að aðalfundur gæti tekið afstöðu til þeirra og að hægt væri að ganga úr skugga um réttmæti krafna hans. Samkvæmt 47. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 þykir stefnandi ekki eiga rétt til launa í uppsagnarfresti. Að öðru leyti þykir stefnandi, sem öll gögn hafði í höndum til uppgjörs á viðskiptum aðila, ekki hafa sýnt fram á, að hann

eigi fé inni í búi útgerðarfélagsins, og þykir því bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna umfangs málsins og embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, þrotabú Láka hf. og þrotabú Einars Jónssonar, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Páls Björnssonar.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 317/1992. **Gísli Magnússon,**
Sigurður Á. Magnússon,
Eiríkur Gíslason,
Konráð Gíslason,
Sigurður Gíslason,
Jósep Benediktsson og
Þórður Benediktsson
gegn
Stellu Guðmundsdóttur og
Ingibjörgu Ástu Hafstein.

Kærumál. Erfðaskrá. Lögarfur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðilar kærðu til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Hafnarfjarðar 29. júní sl., fyrst með kæru 9. júlí, sem eigi var metin gild, og síðan með kæru 1. september. Um kæruheimild vísa þeir til 2. mgr. 153. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Þeir krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að arfleiðsluskrá Else Margrethe Gíslason, dagsett 12. desember 1978, verði dæmd ógild og við skipti á dánarbúi hennar verði erfðaskrá frá 28. júlí 1948 lögð til grundvallar að svo miklu leyti sem unnt er, þ. e., að jafnvirði fasteignarinnar Suðurgötu 35, Hafnarfirði, í peningum verði greitt bréferfingjunum Gísla Magnússyni og Sigurði Á. Magnússyni, en eftirstöðvar dánarbúsins renni til lögerfingja beggja hjónanna Else Margrethe Gíslason og Gunnars Gíslasonar, þ.e. til sóknaraðila máls þessa. Til vara krefjast sóknaraðilar þess, að jafnvirði Suðurgötu 35, Hafnarfirði, í peningum renni til Gísla Magnússonar og Sigurðar Á. Magnússonar samkvæmt erfðaskrá frá 28. júlí 1948, helmingur eftirstöðva dánarbúsins renni til sóknaraðila samkvæmt erfðareglum, en hinn helmingur renni til bréferfingja, varnaraðila máls þessa, samkvæmt erfða-

skránni frá 12. desember 1978. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hjónin Else Margrethe og Gunnar Gíslason, sem voru barnlaus, gerðu með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá 28. júlí 1948. Þar segir, að eigur þeirra skuli það þeirra, er lifir hitt, erfa, en við lát þess, er lengur lifir, eða ef þau féllu frá samtímis, skuli eigur þeirra ganga til móður frú Else, Johanne Christine Jörgensen, Fjóni í Danmörku, „nema eigur þær, er Gunnar Gíslason á í óskiptu búi hjá föður sínum, en þær ættu að ganga til Valgeirs Óla Gíslasonar, Suðurgötu 74, og Gísla Gunnars Magnússonar, Suðurgötu 74, og Sigurðar Ágústs Magnússonar, til heimilis að sama stað, og skiptast jafnt þeirra á milli".

Móðir frú Else lést árið 1962. Faðir Gunnars, Gísli Gunnarsson, lést í desember á því ári. Við skipti á dánarbúi hans árið 1965 kom húseignin Suðurgata 35 í Hafnarfirði í hlut Gunnars. Gunnar lést 1968. Með skiptagerð 1970 fékk frú Else afhentar allar eignir dánarbús hans til eignar og fullra umráða án nokkurra kvaða. Þar með hafði frú Else full umráð eigna þeirra hjóna, eins og erfðaskráin frá 1948 hafði gert ráð fyrir. Kröfur sóknaraðila lúta að því, að hún hafi ekki mátt ráðstafa eignum sínum með erfðaskránni 12. desember 1978.

Skilja ber ákvæði hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrár frá 1948 svo, að megintilgangur hennar hafi verið að tryggja langlífari maka óskertan erfðarétt eftir hinn skammlífari, en þessu næst að veita móður frú Else stöðu einkaerfingja að þeim hjónum látnum með þeirri takmörkun, sem fólst í þeim eignum, sem Gunnar átti í óskiptu búi föður síns. Sú takmörkun gat aðeins komið til framkvæmda, ef hjónin hefðu bæði látist á undan tilgreindum foreldrum sínum og bú Gísla Gunnarssonar hefði verið óskipt við andlát langlífari makans. Þegar Gunnar fékk arfinn eftir foreldra sína 1965, voru forsendur brostnar fyrir bréfarfi þessum.

Frú Else var einkaerfingi eiginmanns síns og hafði samkvæmt 34. og 35. gr. erfðalaga nr. 8/1962 heimild til að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá, þar sem skylduerfingjum var ekki til að dreifa. Með erfðaskrá sinni 12. desember 1978 ráðstafaði hún

eignum sínum, og nær krafa sóknaraðila til arfs eftir Gunnar Gíslason á grundvelli lögerfða því ekki fram að ganga.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilar greiði varnaraðilum samtals 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Gísli Magnússon, Sigurður Á. Magnússon, Eiríkur Gíslason, Konráð Gíslason, Sigurður Gíslason, Jósep Benediktsson og Þórður Benediktsson, greiði varnaraðilum, Stellu Guðmundsdóttur og Ingibjörgu Ástu Hafstein, samtals 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Málavextir í máli þessu eru fyrir ýmissa hluta sakir óljósir. Hefði því samkvæmt heimild í 3. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála mátt gefa lögmönnum kost á að flytja málið munnlega. Yrði málið ekki fullskýrt á þann veg, kom til greina að vísa því frá héraðsdómi. Þar sem munnlegur flutningur málsins er ekki nauðsynlegur fyrir niðurstöðu meiri hluta dómenda, leitast ég við að leggja efnisúrlausn á málið, án þess að málið sé flutt á þann veg.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, er varðar arf þann, er Gunnar Gíslason átti í óskiptu búi föður síns, þá er erfðaskráin frá 28. júlí 1948 var gerð. Við skipti á dánarbúi föður Gunnars árið 1965 kom húseignin Suðurgata 35, Hafnarfirði, í hlut Gunnars. Verður ekki annað af málinu ráðið en húseignin hafi verið föður- og móðurarfur hans, að hálfu eftir hvort þeirra, sbr. 2. mgr. 19. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Samkvæmt erfðaskránni frá 1948 á því helmingur verðgildis húseignarinnar að renna til bréferfingjanna Gísla Magnússonar og Sigurðar Á Magnússonar, en erfinginn Valgeir Óli Gíslason var látinn, áður en arfurinn féll til við lát Else Margrethe Gíslason. Liggur ekki annað fyrir en húseignin sé enn til og meta megi hana á því verði, sem hún gengur kaupum og sölum á fasteignamarkaði í dag að frádregnum breyt-

ingum og endurbótum, hafi þær verið gerðar eftir sölu húseignarinnar 10. apríl 1978.

Gunnar Gíslason varð bráðkvaddur 1968, og hafði erfðaskránni frá 1948 þá ekki verið breytt. Við skipti á „dánarbúi og félagsbúi" hans og konu hans mætir hún með erfðaskrána og fær samkvæmt bókun skiptaráðanda „til fullra eigna og umráða samkvæmt erfðaskránni allar eigur dánar- og félagsbúsins". Verður við það að miða, að það hafi gerst að geymdum hugsanlegum rétti ofangreindra bréferfingja, enda er það í ágætu samræmi við erfðaskrána.

Þar sem ekkert er því til fyrirstöðu að framkvæma erfðaskrána að þessu leyti, ber að fara eftir þeirri grundvallarreglu erfðaréttar að virða arfleiðsluviljann, en ekkert í málinu bendir til þess, að skammlífari makinn hafi breytt þeim vilja sínum, að arfur eftir móður hans félli ættingjum hans í skaut. Niðurstaða mín er því sú, að virða beri erfðaskrá frú Else Margrethe Gíslason frá 12. desember 1978 með þeim takmörkunum, sem að ofan greinir. Áfrýjendurnir Gísli Magnússon og Sigurður Á. Magnússon eiga þannig að fá í sinn hlut jafnvirði hálfrar húseignarinnar að Suðurgötu 35, Hafnarfirði, og ber stefndu Stellu Guðmundsdóttur að inna þá greiðslu af hendi.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 29. júní 1992.

I.

Úrskurðarkröfur.

Mál þetta er tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi fimmtudaginn 4. júní 1992. Vegna anna í tengslum við réttarfarsbreytingar dróst uppkvaðning úrskurðarins.

Sóknaraðilar, þeir Konráð Gíslason, kt. 101003-4859, Úthlíð 4, Reykjavík, Sigurður Gíslason, kt. 300911-2939, Suðurgötu 74, Hafnarfirði, Gísli Magnússon, kt. 020632-4379, Háabarði 2, Hafnarfirði, Sigurður Á. Magnússon, kt. 220234-2239, Elliðavöllum 3, Keflavík, Jósep Benediktsson, kt. 030741-2189, Akurholti II, Rangárvallasýslu, Þórður Benediktsson, kt. 231043-2179, Varkstadsgatan 3, Dalby, Svíþjóð, og Eiríkur Gíslason, kt. 130641-4239, Heiðarholti 32 B, Keflavík, hafa gert þá kröfu aðallega, að arfleiðsluskrá Else Margrethe Gíslason, dags. 12. desember 1978, verði dæmd ógild og við skipti á dánarbúi Else Margrethe Gíslason verði arfleiðsluskráin frá 28. júlí 1948 lögð til grundvallar að svo miklu leyti sem

hægt er, þ. e., að jafnvirði fasteignarinnar að Suðurgötu 35, Hafnarfirði, verði greitt bréferfingjum, þeim Gísla Magnússyni og Sigurði Ágústi Magnússyni, en eftirstöðvar dánarbúsins renni til lögerfingja Margrethe Else Gíslason og Gunnars Gíslasonar, þ. e. til sóknaraðila máls þessa.

Til vara krefjast sóknaraðilar þess, að jafnvirði Suðurgötu 35, Hafnarfirði, renni til Gísla Magnússonar og Sigurðar Ágústs Magnússonar skv. erfðaskránni frá 28. júlí 1948, helmingur eftirstöðva dánarbúsins renni til sóknaraðila skv. erfðareglum, en hinn helmingur renni til bréferfingja, varnaraðila máls þessa skv. erfðaskránni frá 12. desember 1978.

Þá er bæði í aðal- og varakröfu krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, og beri úrskurðaður málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 15 dögum frá úrskurðardegi til greiðsludags.

Varnaraðilar, þær Stella Guðmundsdóttir, kt. 250441-2489, Eikjuvogi 25, Reykjavík, og Ingibjörg Ásta Hafstein, kt. 190453-3679, Einimel 11, Reykjavík, krefjast þess aðallega, að erfðaskrá Else Margrethe Gíslason, sem dagsett er 12. desember 1978, verði metin gild að efni til og dánarbú hennar verði framselt Stellu Guðmundsdóttur til einkaskipta.

Til vara krefjast varnaraðilar þess, að erfðaskráin frá 12. desember 1978 verði metin gild, en Stellu Guðmundsdóttur verði gert að greiða Gísla Magnússyni og Sigurði Magnússyni framreiknað söluverð húseignarinnar að Suðurgötu 35 í Hafnarfirði miðað við greiðslukjör skv. kaupsamningi á réttarskjali nr. 7.

Þá er þess krafist, að sóknaraðilar verði óskipt (in solidum) úrskurðaðir til þess að greiða varnaraðilum málskostnað að skaðlausu með hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þar með talinn virðisaukaskatt, og beri málskostnaður dráttarvexti 15 dögum frá úrskurðardegi til greiðsludags skv. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Sáttaumleitanir dómarans báru ekki árangur.

II.

Málavextir.

Aðdragandi máls þessa er sá, að 3. desember 1991 barst skiptarétti Hafnarfjarðar beiðni frá sóknaraðilum máls þessa um opinber skipti á dánarbúi Else Margrethe Gíslason, kt. 190913-2959, er lést 17. nóvember 1991, síðast til heimilis að Hólabraut 6, Hafnarfirði. Hinn 5. desember 1991 barst skiptarétti beiðni frá Stellu Guðmundsdóttur, þar sem þess er farið á leit, að henni verði afhent dánarbú Else Margrethe Gíslason til einkaskipta. Vegna fram kominna beiðna voru aðilar boðaðir til þess að mæta í skiptarétti Hafnarfjarðar 11. desember 1991. Með bókun í skiptabók 11. desember 1991 var ákveðið, að dánarbúið yrði tekið til opinberra skipta,

með vísan til 4. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Sóknaraðilar máls þessa reisa arfsrétt sinn á erfðaskrá frá 28. júlí 1948. Skúli J. Pálmason hrl. mótmælti f. h. Stellu Guðmundsdóttur, að búið væri tekið til opinberra skipta, á grundvelli þess, að þeir aðilar, sem færu fram á opinber skipti, væru ekki lögmætir erfingjar búsins, þar sem í erfðaskrá frá 12. desember 1978 hefði Else Margrethe arfleitt Stellu Guðmundsdóttur að öllum eigum sínum að undanskildum nokkrum tilgreindum eignum. Ákveðið var þá að flytja mál þetta til að leysa úr þeim ágreiningi, hver eða hverjir ættu arfstilkall í dánarbú Else Margrethe Gíslason, en jafnframt var ákveðið, að dánarbú arfláta yrði undir opinberum skiptum, meðan leyst yrði úr þeim ágreiningi. Þar sem yfirlýsing lá fyrir frá þeim erfingjum, sem gefið höfðu sig fram, um það, að þeir myndu taka á sig ábyrgð á skuldum búsins, fer meðferð þess eftir reglum um skuldaviðgöngubú. María Thoroddsen og Guðrún Ella Möller, sem hljóta eiga gjafir skv. erfðaskránni frá 12. desember 1978, eru ekki aðilar máls þessa, þar sem sóknaraðilar hafa í greinargerð lýst yfir, að verði erfðaskráin frá 12. desember 1978 dæmd ógild, muni þeir afhenda þá muni, sem Maríu og Guðrúnu eru ætlaðir í erfðaskránni.

III.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðilar reisa kröfur sínar á því, að samkvæmt sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá hjónanna Gunnars Gíslasonar og Else Margrethe Gíslason frá 28. júlí 1948, sbr. réttarskjal nr. 4, séu Valgeir Óli Gíslason, Gísli Magnússon og Sigurður Ágúst Magnússon bréferfingjar. Valgeir Óli hafi látist 20. október 1976, þ. e. á undan langlífari makanum skv. hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá, og eigi því andlag bréferfðarinnar að renna til þeirra bréferfingja, sem eftir lifa, þ. e. sóknaraðilanna Gísla Magnússonar og Sigurðar Ágústs Magnússonar, að jöfnu. Þar sem andlagið hafi verið selt, sbr. réttarskjal nr. 7, beri dánarbúinu að standa þeim bréferfingjum skil á jafnvirði þess andlags, framreiknuðu skv. verði því, er greinir í réttarskjali nr. 7, eða skv. mati. Skv. erfðaskránni á réttarskjali nr. 4 hafi Johanne Christine Jörgensen verið aðalbréferfingi eftir lát beggja hjóna, en Johanne Christine Jörgensen hafi látist í maí eða júnímánuði 1962. Skammlífari makinn, Gunnar Gíslason, hafi látist 29. júlí 1968. Telja sóknaraðilar, að langlífari makanum, Else Margrethe, hafi verið óheimilt með nýrri erfðaskrá, sbr. réttarskjal nr. 9 og 10, að brjóta gegn hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá, sbr. réttarskjal nr. 4. Telja sóknaraðilar sig lögerfingja, þar sem þeir eru afkomendur Gísla Gunnarssonar, föður skammlífari makans, Gunnars Gíslasonar, en engir lögerfingjar séu eftir langlífari makann.

Sóknaraðilar byggja á því, að þegar erfðaskráin var gerð, hafi Gunnar

Gíslason og Else Margrethe búið í húsi föður Gunnars Gíslasonar og ekki átt eigið húsnæði, þar sem þau hófu ekki að byggja fyrr en í júlí 1949, og því séu líkur á því, að arfur sá, sem Gunnar Gíslason átti í óskiptu búi föður síns, hafi verið aðaleign þeirra hjóna og með erfðaskránni hafi verið vilji þeirra, auk þess að tryggja hag hvors um sig, að þar tilgreindir erfingjar væru í raun aðalerfingjar þeirra hjóna. Ekkert annað liggi fyrir um vilja Gunnars heitins Gíslasonar en erfðaskráin frá 1948, og því hafi Else Margrethe verið óheimilt að gera nýja erfðaskrá, sem brjóti í bága við erfðaskrána frá 1948, og skuli með vísan til 38. gr. erfðalaga nr. 8/1962 meta síðari erfðaskrá ógilda. Þessu til stuðnings vísa sóknaraðilar í Hrd. V., 801, og Hrd. LIV., 318.

Sóknaraðilar telja, að nái aðalkrafan ekki fram að ganga, skuli jafnvirði Suðurgötu 35, Hafnarfirði, renna til þar tilgreindra bréferfingja skv. erfðaskránni á réttarskjali nr. 4, en helmingur eftirstöðva búsins eigi að renna til bréferfingja skv. erfðaskránni á réttarskjali nr. 10 með sömu rökum og fram komi í aðalkröfu. Reisa sóknaraðilar þessa skoðun sína á því, að verði erfðaskráin á réttarskjali nr. 10 metin gild, hafi Else Margrethe verið óheimilt að ráðstafa nema helmingi skýrrar eignar búsins, þegar tillit sé tekið til þess, að búinu beri að greiða sóknaraðilunum, þeim Gísla og Sigurði, jafnvirði Suðurgötu 35, Hafnarfirði, sem þeir séu bréferfingjar að skv. erfðaskránni á réttarskjali nr. 4.

Varnaraðilar byggja á því, að erfðaskráin frá 1948 standi því ekki í vegi, að Else Margrethe hafi verið heimilt að gera nýja erfðaskrá árið 1978. Því verði við túlkun á erfðaskránni frá 1948 í fyrsta lagi að líta til þess lagalega umhverfis, sem þá var fyrir hendi. Þá séu í gildi erfðalög frá 25. september 1850 og lög nr. 20 frá 1923, sbr. 88. gr. þeirra laga. Skv. þeim reglum (88. gr. l. nr. 20/1923) fékk eftirlifandi maki í arf helming af eignum hins látna, þegar aðstæður voru þannig, að hið látna átti ekki arfgenga niðja á lífi og faðir, móðir eða afkomendur þeirra voru á lífi. Tilgangur hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrár hafi fyrst og fremst verið sá að tryggja eftirlifandi maka óskert umráð yfir eignum þeirra hjóna og útiloka þar með erfðarétt lögerfingja skv. lögum. Fyrirmæli erfðaskrárinnar um það, hvert eignirnar skyldu renna við dauða hins langlífara, hafi vart verið þeim hjónum ofarlega í sinni, sem best sjáist á því, að þau geri engar breytingar á erfðaskránni við dauða móður frú Else, sem hafi verið einkaerfingi þeirra hjóna, en hún hafi látist á árinu 1962, sex árum á undan Gunnari. Sóknaraðilar benda á orðalag erfðaskrárinnar, þar sem segir, að „við lát þess, er lengur lifir, eða ef þau féllu frá samtímis, þá skuli eigur þeirra ganga til móður frú Else", verði að túlka á þann veg, að hjónin hafi fyrst og fremst haft í huga að tryggja afkomu móður frú Else, ef þau féllu frá samtímis með skyndilegum hætti, því að náttúrulögmál standi því almennt

í vegi, að foreldrar erfi börn sín. Við dauða móður frú Else á árinu 1962 hafi þetta skilyrði erfðaskrárinnar ekki verið lengur fyrir hendi. Því verði að skoða aðgerðaleysi þeirra hjóna um breytingar á hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá við breyttar forsendur á þann veg, að þau hafi litið svo á, að það hjóna, sem lengur lifði, hefði óskert umráð yfir eignum beggja.

Annað komi einnig til, sem skýri aðgerðaleysi hjónanna. Með erfðalögum nr. 8/1962, sbr. 3. gr. þeirra laga, hafi sú breyting orðið á, að ekki væri lengur þörf á sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá til að tryggja rétt eftirlifandi maka barnlausra hjóna, ef foreldrar beggja væru látnir. Gísli Gunnarsson, faðir Gunnars, eiginmanns Else, hafi látist í desember 1962. Þá hafi verið rutt úr vegi öllum hindrunum fyrir óskertum umráðum eftirlifandi maka, jafnvel þótt engri erfðaskrá væri til að dreifa. Erfðaskráin frá 1948 hafi því verið óþörf til að tryggja rétt eftirlifandi maka og gegndi því ekki lengur því hlutverki, sem í upphafi hafi verið stefnt að, og því hafi engin þörf verið á því að breyta erfðaskránni. Það sé því með hliðsjón af framansögðu ljóst, að frú Else hafi verið einkaerfingi eiginmanns síns og hafi því skv. 34. og 35. gr. laga nr. 8/1962 haft heimild til að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá og upphefja með þeim hætti þann rétt, sem lögerfingjar hennar og Gunnars Gíslasonar ella myndu hafa átt til erfða eftir þau hjón. Auk þessa eigi Else Margrethe bróður úti í Danmörku, sem myndi ganga til arfs eftir hana, ef erfðaskráin frá 12. desember 1978 væri ógild.

Sóknaraðilar fjalla því næst um það ákvæði í hinni sameiginlegu erfðaskrá þeirra hjóna frá 1948, að „þær eigur, er Gunnar Gíslason á í óskiptu búi hjá föður sínum, en þær ættu að ganga til Valgeirs Óla Gíslasonar, Suðurgötu 74, Gísla Gunnars Magnússonar, Suðurgötu 74, og Sigurðar Ágústs Magnússonar, til heimilis að sama stað, og skiptast jafnt þeirra á milli". Þeir benda á, að eins og áður hafi verið getið, hafi erfðaskráin frá 1948 fyrst og fremst verið gerð í þeim tilgangi að tryggja eftirlifandi maka umráð yfir eignum þeirra hjóna. Lögin frá 1962 fullnægðu þörfum þeirra að þessu leyti, og hafi því forsendur erfðaskrárinnar verið brostnar. Við skipti á dánarbúi Gísla Gunnarssonar árið 1965 hafi eignin Suðurgata 35, Hafnarfirði, komið í hlut Gunnars Gíslasonar. Þá fyrst hafi verið ljóst, hvað kæmi í hlut Gunnars við skipti á dánarbúi foreldra hans. Engin ástæða hafi þá legið til þess að breyta erfðaskránni frá 1948, enda væri réttur langlifari maka tryggður með lögum, eins og áður hafi komið fram.

Þá vilja varnaraðilar benda á, að Gunnar Gíslason hafi orðið bráðkvaddur árið 1968. Með skiptagerð, sem fram hafi farið 22. júlí 1970, hafi frú Else fengið afhentar allar eignir dánarbús hans til fullrar eignar og umráða án nokkurra kvaða, sbr. réttarskjal nr. 8. Einnig verði það að athuga

í þessu sambandi, að erfðaskráin frá 1948 hafi legið fyrir við áðurnefnda skiptagerð, en þrátt fyrir tilvist erfðaskrárinnar hafi eignir búsins engu að síður verið afhentar frú Else án nokkurra takmarkana. Hún hafi því haft fulla og óskerta heimild til að heimila sölu þeirra, ef henni hefði sýnst svo.

Varnaraðilar taka fram, að Suðurgata 35, Hafnarfirði, sé gamalt hús og úr sér gengið. Mjög kostnaðarsamt hafi verið að halda því við, og hafi leiga engan veginn staðið undir útgjöldum. Þegar Tónlistarskóli Hafnarfjarðar hafi flutt úr húsinu árið 1977 í annað húsnæði, en skólinn hafi haft húsið á leigu, hafi frú Else átt tveggja kosta völ, annars vegar að ráðast í kostnaðarsamar endurbætur á húsinu, sem hún hafi hvorki haft vilja né getu til, og hins vegar að reyna að selja það. Hún hafi valið síðari kostinn, enda hafi húsið verið henni fjárhagslegur baggi. Áður en húsið hafi verið sett á sölu, hafi það verið málað að innan og ýmsar minni háttar lagfæringar gerðar á því, sem hafi ekki kostað mikið fé, og hafi Stella Guðmundsdóttir og Pálmi Gíslason, eiginmaður hennar, unnið við það á annan mánuð að mála húsið að innan ásamt frú Else. Húsið hafi síðan verið selt með samningi, dags. 10. apríl 1978, sbr. réttarskjal nr. 7. Með sölu húseignarinnar hafi fallið niður sá réttur, sem þeir Gísli Gunnar og Sigurður Magnússynir kynnu að hafa átt til erfða eftir Gunnar heitinn Gíslason. Þeir öðlist ekki sjálfstæðan rétt til arfshluta eftir Gunnar, þar sem erfðalögin nr. 8/1962 standi því í vegi, eins og áður geti. Ráðstöfun frú Else á umræddri húseign hafi verið í alla staði eðlileg og skynsamleg, þar sem hún hafði amstur, kostnað og áhyggjur af eignarhaldi hennar. Tilgangur sölunnar hafi alls ekki verið sá að koma í veg fyrir hugsanlegan erfðarétt tilgreindra málsaðila, heldur eðlileg ráðstöfun miðað við þarfir arfleifanda. Þá hafi kenningar fræðimanna hnigið í þá átt, að óeðlilegt sé að setja umráða- og ráðstöfunarrétti eftirlifandi maka of þröngar skorður. Erfingjar verði að sætta sig við að verða af fjármunum vegna nauðsynlegra ráðstafana langlífari maka, jafnvel þegar um er að ræða eignir, sem tilgreint er í sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá, að renna skuli til ákveðinna erfingja hins skammlífari. Því sé ljóst, að Gísli Gunnar og Sigurður Ágúst Magnússynir geti ekki byggt erfðarétt af hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá frá 1948.

IV.

Niðurstöður.

Í kröfu sóknaraðila er þess krafist, að erfðaskrá Else Margrethe frá 12. desember 1978 verði dæmd ógild. Af málsástæðum má sjá, að krafan snýr einungis að efni erfðaskrárinnar, en ekki formi. Rétt þykir að kljúfa úrlausnarefni málsins í tvo hluta, í fyrra lagi, hvort sóknaraðilar máls þessa eigi lögerfðarétt eftir þau Else Margrethe og Gunnar Gíslason, í öðru lagi,

hvort þeir Gísli Gunnar og Sigurður Ágúst Magnússynir eigi rétt á framreiknuðu söluandvirði fasteignarinnar að Suðurgötu 35, Hafnarfirði, á grundvelli bréferfða í erfðaskránni frá 1948.

Um fyrra úrlausnarefnið mæli erfðaskráin frá 1948 svo um, að móðir frú Else, Johanne Christine Jörgensen, skuli erfa allar eigur búsins að undanskildum eignum Gunnars Gíslasonar í óskiptu búi hjá föður sínum, ef þau hjónin skyldu látast samtímis, eða eftir lát þess langlífara. Óumdeilt er, að móðir frú Else lést árið 1962. Erfðaskráin verður ekki skýrð svo, að aðrir skuli erfa hlut hennar á grundvelli erfðaskrárinnar. Sú fyllingarregla er viðurkennd í erfðarétti, að arfleiðsla sé persónuleg, þannig, að látist bréferfingi á undan arfleifanda, falli fjárhlutur sá til lögerfingja arfláta, en ekki til erfingja bréferfingjans. Verður því að telja, að það ákvæði erfðaskrárinnar frá 1948, sem kveður á um arfsrétt móður frú Else, hafi fallið niður við lát hennar. Else Margrethe hafi því verið heimilt að ráðstafa þeim fjárhluta, hvort sem var með lífsgerningi eða dánargerningi, enda kom ekki fram í erfðaskránni bann við slíkri ráðstöfun. Það styrkir þessa niðurstöðu, að með ráðstöfun sinni rýrði hún ekki væntanlegan arfshluta bréferfingja, sem grundvallast á fyrri túlkun á erfðaskránni, að sá vilji verði ekki lesinn úr erfðaskránni, að aðrir hafi átt að koma í stað móður hennar. Í tilvitnuðum hæstaréttardómum sóknaraðila er aðstaðan hins vegar sú, að langlífari maki rýrir arfshlut tilgreinds erfingjahóps með síðari ráðstöfun sinni. Ef erfðaskrá tiltekur ekki, hverjir skuli taka arf eftir lát hins langlífara, gera almennar fyllingarreglur ráð fyrir því, að langlífari makinn hafi óheft umráð eignanna og hafi heimild til þess að ráðstafa eign m. a. með dánargerningi. Samkvæmt framangreindu hefur Else Margrethe ekki brotið gegn ákvæðum erfðaskrárinnar frá 1948 með ráðstöfun á þeim arfshluta, sem falla skyldi til móður hennar. Sóknaraðilar máls þessa geta því ekki krafist þess að fá greiddan þann fjárhluta á grundvelli lögerfðareglna, og verður því að hafna kröfu þeirra.

Síðara úrlausnarefnið snýr að því atriði, hvort þeir Gísli Magnússon og Sigurður Ágúst Magnússon geti krafist þess að fá afhent jafnvirði fasteignarinnar að Suðurgötu 35, Hafnarfirði, úr dánarbúinu. Í erfðaskránni frá 1948 segir: „...eigur þær, er Gunnar Gíslason á í óskiptu búi hjá föður sínum,...“. Ekki verður talið, að skýra beri orðalag erfðaskrárinnar á annan veg en svo, að hér sé átt við arf þann, sem Gunnari Gíslasyni hafði tæmst við gerð erfðaskrárinnar, þ. e. móðurarf hans, sem var í óskiptu dánar- og félagsbúi, enda vafasamt, að ráðstöfun á arfi í vændum eftir föður hans hefði reynst heimil. Tilgangur gagnkvæmra og sameiginlegra erfðaskráa er fyrst og fremst sá að tryggja eftirlifandi maka umráð yfir sameiginlegum eignum, en jafnframt sá, að eftir lát hins langlífara skal eigum þeirra varið á sameiginlegan hátt. Á það verður fallist með varnar-

aðila, að tilgangur erfðaskrárinnar frá 1948 virðist fyrst og fremst hafa verið sá að tryggja langlífari maka óskert umráð yfir eignum þeirra hjóna, en þeim hafi ekki verið ofarlega í huga, hvert arfur færi eftir lát hins langlífara, þar sem náttúrulögmál standi því almennt í vegi, að foreldrar erfi börn sín. Við lát móður Else Margrethe og föður Gunnars Gíslasonar fellur hinn sameiginlegi þáttur erfðaskrárinnar niður. Hinn gagnkvæmi þáttur erfðaskrárinnar stendur þó, meðan bæði lifa, enda sé erfðaskráin ekki afturkölluð. Ljóst má vera, að hefði óskipt dánar- og félagsbú foreldra Gunnars Gíslasonar enn verið til við lát hans, hefði Else Margrethe verið bundin af ákvæðum erfðaskrárinnar, hvað þær eignir varðar, við gerð síðari erfðaskráa. Eftir að óskipta búinu er skipt út, verður ráðstöfun Else Margrethe á þeim eignum, sem að mati réttarins er ósannað, hverjar voru, ekki talin rýra arfsrétt sameiginlegra bréferfingja, af þeirri ástæðu, að ekki er hægt að rýra arfsrétt í óskiptu búi, sem ekki er lengur til. Gísli Magnússon og Sigurður Ágúst Magnússon áttu samkvæmt erfðaskránni ekki rétt á tilteknum hlutum né arfshluta úr dánarbúi langlífari maka, heldur úr óskiptu dánar- og félagsbúi foreldra Gunnars Gíslasonar, og því nær krafa þeirra ekki fram að ganga.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu er erfðaskrá Else Margrethe Gíslason frá 12. desember 1978 gild. Hafnað er aðal- og varakröfu sóknaraðila máls þessa. Samþykkt er krafa varnaraðila Stellu Guðmundsdóttur um framsal á dánarbúi Else Margrethe Gíslason til einkaskipta.

Sóknaraðilar máls þessa skulu óskipt greiða varnaraðilum málskostnað, sem hæfilegur þykir 150.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti. Málskostnaður ber dráttarvexti 15 dögum frá úrskurðardegi til greiðsludags.

Bogi Hjálmtýsson fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við skipti á dánarbúi Else Margrethe Gíslason ber að beita ákvæðum erfðaskrár frá 12. desember 1978, og ná kröfur sóknaraðila því ekki fram að ganga.

Stellu Guðmundsdóttur skal framselt dánarbú Else Margrethe Gíslason til einkaskipta.

Sóknaraðilar máls þessa skulu greiða varnaraðilum in solidum málskostnað, 150.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti. Úrskurðaður málskostnaður skal bera dráttarvexti 15 dögum frá úrskurðardegi til greiðsludags.

1937

Föstudaginn 27. nóvember 1992.

Nr. 427/1991. **Sigurjón Ólafsson**

gegn

Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins,
Verðbréfamarkaði Íslandsbanka hf. og
Sparisjóði Vestmannaeyja.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. október 1991. Áfrýjað var öðru og síðara nauðungaruppboði, sem fram fór 27. september 1991 á fasteigninni Foldahrauni 37 G í Vestmannaeyjum. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og að synjað verði um frekari framgang uppboðsins". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 23. október sl. með bréfi dómstjóra héraðsdóms Suðurlands 22. sama mánaðar. Í bréfi dómstjórans kemur fram, að hann hafi tilkynnt aðilum málsins sama dag, að skjölin hafi verið send Hæstarétti. Með símskeyti 9. nóvember sl. var sóknaraðila gefinn lokafrestur til 13. sama mánaðar til að skila greinargerð af sinni hálfu.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem sóknaraðili hefur ekki bætt úr því þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 149. gr. sömu laga.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 2. desember 1992.

Nr. 50/1992. **Sigurbjörg Unnur Óskarsdóttir**
gegn
Íslandsbanka hf.,
Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Almennu málflutningsstofunni sf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík og
Stellu Friðgeirsdóttur.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. febrúar 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti efir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að ómerkt verði þriðja og síðasta nauðungaruppboð, sem fram fór 4. nóvember 1991, á hluta fasteignarinnar Flúðasels 70 í Reykjavík, þinglesinni eign sóknaraðila. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilarnir Íslandsbanki hf., Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Gjaldheimtan í Reykjavík krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar. Íslandsbanki hf. og Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar krefjast þess jafnframt, að lögmaður sóknaraðila, Björgvin Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, verði dæmdur til þess að greiða þeim óskipt með sóknaraðila kærumálskostnað. Frá öðrum varnaraðilum hafa ekki borist kröfur.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Mál þetta var þingfest að beiðni Íslandsbanka hf. 13. desember 1990. Fyrri sala fór fram 25. febrúar 1991. Annað og síðara nauðungaruppboð var haldið 8. október sama ár, eftir að málinu hafði verið frestað fjórum sinnum. Hið kærða uppboð fór fram 4. nóv-

ember 1991, og var Stella Friðgeirsdóttir hæstbjóðandi með boð að fjárhæð 5.750.000 krónur.

Sóknaraðili hefur ekki stefnt til varna í Hæstarétti veðdeild Landsbanka Íslands sem fyrsta veðréttarhafa og Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar sem öðrum veðréttarhafa. Samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru allir veðhafar meðal aðila uppboðs, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1991. Því verður eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Málskot þetta er sýnilega til þess eins fallið að tefja framgang nauðungarsölunnar. Þetta verður að átelja harðlega og dæma sóknaraðila og lögmann hennar óskipt til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, sbr. 1. og 4. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sigurbjörg Unnur Óskarsdóttir, og Björgvin Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður greiði in solidum varnaraðilunum Íslandsbanka hf., Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, Lífeyrissjóði verslunarmanna og Gjaldheimtunni í Reykjavík 30.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 270/1992. **Guðmundur Magnússon**
gegn
Íslandsbanka hf.,
Landsbanka Íslands,
Shell Chemical International Co. Ltd.,
Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Búnaðarbanka Íslands og
Hoechst Danmarks A/S.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. júní 1992. Áfrýjað var öðru og síðara nauðungaruppboði, sem fram fór 29. maí 1992 á fasteigninni Dalbraut 2 á Akranesi. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, ,,að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði með eða án heimvísunar, með eða án nýrra gagna, raka og málsástæðna dæmd ógild og uppboðið fellt úr gildi í heild sinni". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti bæjarfógetans á Akranesi, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 8. júlí sl. með bréfi sýslumannsins á Akranesi 6. sama mánaðar. Með bréfi sýslumannsins á Akranesi 28. september sl. var aðilum málsins tilkynnt, að skjölin hefðu verið send Hæstarétti. Með símskeyti 8. október sl. var sóknaraðila veittur lokafrestur til 12. sama mánaðar til að skila greinargerð af sinni hálfu.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem sóknar-

aðili hefur ekki bætt úr því þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 149. gr. sömu laga.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 238/1992. **Kerfisþróun hf.**

gegn

Íslandsbanka hf.,
Verslunarlánasjóði,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða,
Þ. Jónssyni og Co. hf. og
þrotabúi Sveins Egilssonar hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júní 1992. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 8. maí 1992, á hluta fasteignarinnar Skeifunnar 17 í Reykjavík. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hinni áfrýjuðu uppboðsgerð verði með eða án ómerkingar eða heimvísunar, með eða án nýrra gagna, raka og málsástæðna hrundið og dæmd ógild og uppboðið í heild sinni fellt úr gildi". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti borgarfógetans í Reykjavík, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Reykjavík 17. september sl. Lögð hafa verið fram afrit af bréfum sýslumannsins í Reykjavík til aðila málsins, þar sem því er beint til þeirra að senda greinargerðir sínar til Hæstaréttar. Með myndsendibréfi 7. október sl. var sóknaraðila veittur frestur til 9. sama mánaðar til að skila greinargerð af sinni hálfu.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem sóknar-

aðili hefur ekki bætt úr því þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 149. gr. sömu laga.

Varnaraðili Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða hefur sent Hæstarétti greinargerð. Krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Kerfisþróun hf., greiði varnaraðila Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 230/1991. **Hörður Bjarnason**

gegn

þrotabúi Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf.

Skiptaréttur. Vinnulaun. Sjóveðsréttur. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 31. maí s. á. Samkvæmt 3. mgr. 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. sætir málið meðferð áfrýjunarmála. Af hálfu stefnda hefur ekki verið sótt þing í málinu, og er það því skriflega flutt samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 513.613,64 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi viðurkenningar á sjóveðsrétti fyrir kröfunni í v/s Sigrúnu, ÍS-900.

I.

Áfrýjandi var skipverji á nefndu skipi og var sagt upp störfum 13. nóvember 1988. Krafði hann eiganda skipsins, Útgerðarfélagið Ásrúnu hf., um laun fyrir tímabilið 20. september 1988 til 13. nóvember s. á. svo og um laun í uppsagnarfresti fram til 13. janúar 1989, samtals 631.533 krónur.

Með úrskurði skiptaréttar Ísafjarðar, sem kveðinn var upp 29. mars 1989, var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta. Auglýsing um þau birtist í 47. og 50. tbl. Lögbirtingablaðs 1989. Innköllunarfrestur var til 19. júní s. á. Hinn 29. júní lýsti sóknaraðili launakröfu sinni í þrotabúið, og var hún móttekin af skiptaráðanda sama dag. Kröfunni var hafnað sem of seint fram kominni.

Með stefnu, birtri 13. október 1989, höfðaði sóknaraðili mál á bæjarþingi Ísafjarðar gegn þrotabúinu og krafðist dóms fyrir umræddri kröfu, sem þá hafði verið lækkuð í 513.613,64 krónur. Jafnframt krafðist hann viðurkenningar á sjóveðsrétti fyrir kröfunni í fyrrnefndu skipi. Með dómi bæjarþings 23. janúar 1990 var

kröfunni vísað frá sökum þess, að málið ætti að sæta lögsögu skiptaréttar.

Hinn 15. febrúar 1990 lýsti sóknaraðili að nýju kröfu sinni fyrir skiptarétti Ísafjarðar og krafðist úrskurðar um réttmæti hennar og viðurkenningar á sjóveðsrétti. Var stofnað til sérstaks skiptaréttarmáls 26. apríl 1990 og dómur í því kveðinn upp 1. mars 1991. Var kröfunni hafnað með þeim rökum, að henni hefði verið lýst of seint. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, sem vísaði kærumálinu frá með dómi 24. apríl 1991, þar sem úrskurðurinn sætti ekki kæru. Var úrskurðinum þá áfrýjað til Hæstaréttar.

Hinn 15. febrúar 1990 lýsti áfrýjandi fyrir uppboðshaldaranum á Ísafirði umræddri kröfu sinni í söluandvirði v/s Sigrúnar, ÍS-900, en skipið hafði verið selt á nauðungaruppboði 6. desember 1988, boð hæstbjóðanda samþykkt 12. sama mánaðar og uppboðsafsal gefið út 31. október 1989. Með bréfi uppboðshaldara 27. mars 1990 var kröfunni hafnað. Var vísað í bréfinu til uppboðsafsalsins og þess, að við kynningu á drögum að því í þinghaldi í uppboðsrétti 31. október 1989 hefðu engar athugasemdir við það komið fram.

II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að ákvæði 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem fjallar um réttaráhrif þess, ef kröfu er ekki lýst í þrotabú innan kröfulýsingarfrests, einskorðist við kröfur, sem ekki eru tryggðar með veði. Af því leiði, að veðkrafa falli ekki niður, þótt henni sé lýst eftir kröfulýsingarfrest. Þá vísar áfrýjandi til fyrirvara í uppboðsafsali fyrir v/s Sigrúnu þess efnis, að kaupanda skipsins hafi verið kunnugt um, að lögveð kynnu að hvíla á því. Túlka beri fyrirvarann þannig, að kaupandi hafi tekið á sig að sæta lögveðsréttindum, sem á skipinu hvíldu við nauðungarsölu þess, og að þau hvíli áfram á því, hafi þeim verið löglega við haldið. Heldur áfrýjandi því fram, að sú sé raunin um sjóveðsrétt fyrir kröfu sinni. Þess vegna sé hún í fullu gildi gagnvart stefnda.

III.

Launakröfu skipverja fylgir sjóveðsréttur í skipi samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Samkvæmt 1. mgr. 202. gr. laganna fellur sá réttur niður, fari nauðungarsala fram á skipi hér á landi. Svo sem áður greinir, var v/s Sigrún, ÍS-900, selt á

nauðungaruppboði í desember 1988, meira en hálfu ári áður en áfrýjandi lýsti kröfu sinni í þrotabú Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. Áfrýjandi hafði þá engar ráðstafanir gert í því skyni að viðhalda sjóveðsrétti fyrir kröfunni. Hann var því löngu fallinn niður, þegar kröfunni var lýst í þrotabúið. Samkvæmt 111. gr. gjaldþrotalaga kom krafan að liðnum kröfulýsingarfresti og glötuðum sjóveðsrétti fyrir henni ekki til greina við úthlutun úr búinu, enda lét áfrýjandi ekki reyna á þann kost, sem honum gafst samkvæmt 111. gr., til að leita samþykkis kröfuhafa í búinu fyrir afbrigðum frá lögmæltum kröfulýsingarfresti.

Samkvæmt þessu er ljóst, að sóknaraðili hélt kröfum sínum ekki til réttra laga. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er ekki gerð grein fyrir málsástæðum sóknaraðila, og ekki er tekin afstaða til kröfu hans um málskostnað. Ber að átelja þetta.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera órsakaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 1. mars 1991.

Garðar Briem hrl. hefur fyrir hönd Harðar Bjarnasonar lagt fram kröfu í skiptarétti Ísafjarðar:

1. um greiðslu launa fyrir störf á vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, og launa í uppsagnarfresti samkvæmt kjarasamningi ásamt hæstu dráttarvöxtum frá útborgunardegi hverrar launagreiðslu til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ,

2. um, að staðfestur verði sjóveðsréttur Harðar Bjarnasonar í vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, fyrir ofangreindri kröfu.

Málavextir samkvæmt greinargerð eru þeir, að 13. október 1989 var höfðað mál á hendur skiptaráðanda á Ísafirði f. h. þrotabús Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. vegna ofangreindrar kröfu fyrir bæjarþingi Ísafjarðar.

Dómur var kveðinn upp í máli þessu 23. janúar 1990 og málinu vísað frá dómi, þar sem kröfugerðin ætti undir skiptarétt. Í framhaldi af dóminum var kröfu lýst í bú Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. og jafnframt lýst kröfu í uppboðsandvirði vélskipsins Sigrúnar, ÍS-900.

Í kröfulýsingu er kröfunni nákvæmlega lýst og jafnframt komið á framfæri þeirri skoðun, að fyrningu lögveðs samkvæmt siglingalögum hafi verið réttilega slitið með framangreindri málshöfðun, og jafnframt er vísað til sérstöðu kröfunnar samkvæmt 111. gr. gjaldþrotaskiptalaga, hvað varðar kröfulýsingarfrest.

Í 3. grein uppboðsafsals fyrir vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, kemur fram, að lögveðskröfu hafi verið lýst í þrotabú Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf., sem ekki hafi verið tekin afstaða til. Er tekið fram, að uppboðskaupanda sé kunnugt um þessa lögveðskröfu.

Í greinargerð stefnanda er talið, að túlka beri framangreindan skildaga á þann veg, að hann sé fyrirvari þess efnis, að uppboðskaupendum sé kunnugt um, að lögveð hvíli á skipinu, sem eftir eigi að úrskurða um.

Niðurstaða.

Úrskurður um gjaldþrotaskipti á þrotabúi Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. var kveðinn upp í skiptarétti Ísafjarðar 29. mars 1989. Kröfulýsingarfrestur var til 19. júní 1989.

Kröfulýsing stefnanda í máli þessu er móttekin í skiptarétti Ísafjarðar 29. júní 1989, sama dag og fyrsti skiptafundur er haldinn í þrotabúinu.

Í siglingalögum, 197. grein, 1. mgr., segir, að laun og önnur þóknun, sem skipstjóri, skipverjar og aðrir þeir, sem á skip eru ráðnir, eiga rétt á fyrir störf um borð, séu tryggð með sjóveðsrétti í skipi.

Í sömu lögum, 201. grein, segir, að sjóveðsréttur fyrnist, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn innan eins árs, frá því að krafa stofnaðist.

Í sömu lögum, 202. grein, segir, að fari fram nauðungarsala á skipi hér á landi, falli niður sjóveðsréttindi, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu.

Uppboðsafsal er gefið út 31. október 1989.

Þar sem krafa um laun þau, sem hér er fjallað um, barst ekki skiptarétti Ísafjarðar fyrr en 10 dögum eftir, að kröfulýsingarfrestur rann út, þykir ekki unnt að taka hana til greina, en samkvæmt 111. gr. gjaldþrotalaga hefði verið kleift að taka hana til greina, ef samþykkis 75% eigenda krafna á lista skiptaráðanda, sem atkvæðisréttur fylgir, hefði verið leitað, en það var ekki gert.

Samkvæmt 202. gr. siglingalaga fellur sjóveðsréttur, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft niður við nauðungarsölu á skipi hér á landi. Krafa stefnanda í uppboðsandvirði berst hins vegar ekki fyrr en eftir 23. janúar 1990, en skipið er selt nauðungarsölu samkvæmt uppboðsafsali, dagsettu 31. október 1989.

Samkvæmt framanskráðu þykir því ekki unnt að samþykkja kröfur stefnanda í máli þessu.

Adólf Adólfsson, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum stefnanda í máli þessu er hafnað.

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 112/1989. **Sigurður Ólafsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Agli Guðlaugssyni og
Kristínu Stefánsdóttur
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Fasteignakaup. Kaupsamningur. Geymslugreiðsla. Sameign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1989. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér 446.953,50 krónur ásamt dráttarvöxtum, eins og krafist var í héraði. Fari greiðsla fram gegn afhendingu afsals úr hendi sinni fyrir 30% eignarhluta síns í íbúð á 4. hæð til hægri í húsinu nr. 101 við Háaleitisbraut í Reykjavík ásamt uppsteyptum bílskúr, sérgeymslu í kjallara og öllu öðru, er eigninni fylgir og fylgja ber, þar með talinni tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum, í samræmi við kaupsamning milli málsaðila frá 20. desember 1984. Verði krafa stefndu í málinu um útgáfu slíks afsals og því aðeins tekin til greina, að þau verði jafnframt dæmd til greiðslu, eins og hann hefur hér krafist. Hann krefst málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er risið af kaupum stefndu á íbúð í Reykjavík af áfrýjanda og fyrrverandi sambýliskonu hans, Margréti Sölvadóttur, sem áttu íbúðina í óskiptri sameign og stóðu saman að sölu hennar, er fór fram hjá fasteignasölunni Grund, sem þá var starfandi í borginni. Er málavöxtum skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Óumdeilt er milli þeirra áfrýjanda og Margrétar, er kom fyrir dóm til skýrslugjafar í máli þessu, að eignarhlutur hennar í íbúðinni hafi numið 70%, en hans 30%, og yrðu þessi hlutföll lögð til grund-

vallar við uppgjör þeirra í milli. Hlutfallanna var getið í þinglýstri eignarheimild þeirra að íbúðinni, og mátti stefndu vera um hana kunnugt við gerð kaupsamnings. Af skiptingunni leiddi það ekki sjálfkrafa á hinn bóginn, að stefndu bæri að greiða kaupverð íbúðarinnar til seljenda hvors í sínu lagi í þessum hlutföllum, og var greiðslutilhögun háð samningum um kaupin. Samkvæmt A-lið kaupsamnings átti að greiða hluta af kaupverðinu í peningum á tímabilinu frá undirritun hans til desembermánaðar 1985. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber á það að fallast, að stefndu hafi mátt treysta því, að þeim væri rétt að inna greiðslurnar af hendi í einu lagi hverju sinni í skrifstofu fasteignasölunnar Grundar. Hafi stefndu sýnt nægilega fram á, að þau hafi staðið full skil á þessum hluta kaupverðsins og eigi að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, að því er hann varðar.

Samkvæmt C-lið kaupsamningsins átti að greiða eftirstöðvar kaupverðsins með skuldabréfum með veði í hinu selda, og máttu seljendur kveða á um fjölda bréfanna. Skyldi greiðslan fara fram við lok fyrrnefnds tímabils gegn afhendingu á afsali fyrir íbúðinni. Þessa skilmála stóðu stefndu við með því að bjóða fram tvö skuldabréf með umsömdum kjörum, annað 275.789 krónur handa Margréti Sölvadóttur, en hitt 118.195 krónur handa áfrýjanda. Sú tilhögun var í samræmi við óskir Margrétar, og áfrýjandi hefur ekki haldið því fram, að hún færi í bága við kaupsamninginn. Hins vegar krefur hann stefndu um beina greiðslu á þeim hlut í eftirstöðvunum, sem skuldabréf hans átti að mæta, með þeim rökum, að hann hafi ekki fengið full skil á hinum fyrri greiðslum. Samkvæmt því, sem áður er rakið, þurftu stefndu ekki að hlíta því, hvernig til tækist um skiptingu þeirra milli seljenda. Áttu þau rétt á því, eins og á stóð, að áfrýjandi tæki við bréfinu sem fullnaðargreiðslu og gæfi út afsal að sínu leyti.

Á það ber þannig að fallast með dómara í héraði, að synjun áfrýjanda um viðtöku á umræddu skuldabréfi hafi verið óheimil. Greiðslur samkvæmt bréfinu áttu að fara fram hinn 18. mars árin 1986 til og með 1989. Stefndu hafa ekki leyst þessa skuldbindingu sína með geymslugreiðslum, heldur lagt inn greiðslur hjá lögmanni sínum. Var sá greiðsluháttur ekki fullnægjandi, þótt áfrýjanda væri tilkynnt um innborganirnar. Ekki á við, að stefndu afhendi nú

skuldabréf með upphaflegum skilmálum. Ber eftir málsatvikum að taka kröfu áfrýjanda vegna eftirstöðva kaupverðsins til greina með þeim hætti, að stefndu verði gert að greiða honum í einu lagi þær fjárhæðir afborgana og umsaminna vaxta, sem falla áttu í gjalddaga hverju sinni, með hæstu almennum innlánsvöxtum frá gjalddaganum til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gegn þessari greiðslu ber áfrýjanda að gefa út afsal handa stefndu fyrir eignarhlut sínum í íbúðinni, en kröfur málsaðila um efni afsalsins standast á, og er unnt að taka þær til greina.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndu, Egill Guðlaugsson og Kristín Stefánsdóttir, greiði áfrýjanda, Sigurði Ólafssyni, 182.411,46 krónur með 13% ársvöxtum af 58.307,10 krónum frá 18. mars 1986 til 1. apríl sama ár, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar sama ár, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár, með hæstu almennu innlánsvöxtum hvers tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands frá þeim degi til 18. mars 1988, með sömu vöxtum af 105.585,18 krónum frá þeim degi til 18. mars 1989, af 146.952,90 krónum frá þeim degi til 18. mars 1990, og af 182.411,46 krónum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. mars 1987.

Áfrýjandi gefi út handa stefndu afsal að 30% eignarhluta síns í íbúð á fjórðu hæð til hægri í húsinu nr. 101 við Háaleitisbraut í Reykjavík ásamt bílskúr, sérgeymslu í kjallara og

tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum, í samræmi við kaupsamning frá 20. desember 1984.

Áfrýjandi greiði stefndu óskipt 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. desember 1988, hefur Sigurður Ólafsson, nnr. 7890-4631, Hagamel 22, Reykjavík, höfðað með stefnu, fram lagðri í dómi 26. október 1988, á hendur Agli Guðlaugssyni, nnr. 1726-2548, og Kristínu Stefánsdóttur, nnr. 5784-5333, báðum til heimilis að Háaleitisbraut 101, Reykjavík.

Þá hafa Egill Guðlaugsson og Kristín Stefánsdóttir höfðað gagnsök á hendur Sigurði Ólafssyni með stefnu, fram lagðri í dómi 26. október 1988.

I.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru endanlega þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum 446.953,50 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum], allt gegn afhendingu afsals úr hendi stefnanda fyrir 30% íbúðar á 4. hæð til hægri í húsinu nr. 101 við Háaleitisbraut í Reykjavík ásamt uppsteyptum bílskúr, sérgeymslu í kjallara svo og öllu öðru, er eigninni fylgir og fylgja ber, þar með talinni tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum í samræmi við kaupsamning, dags. 20. desember 1984.

Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu í aðalsök eru þær, að stefndu verði sýknuð af dómkröfum stefnanda. Jafnframt er samþykktur sá hluti kröfugerðar stefnanda, er lýtur að því, að stefnandi verði dæmdur til að gefa út afsal fyrir þeim eignarhluta húseignarinnar nr. 101 við Háaleitisbraut í Reykjavík, sem hann er enn þinglýstur eigandi að. Loks er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnenda í gagnsök eru þær, að aðalstefnandi verði dæmdur til að gefa út afsal fyrir þeim hluta húseignarinnar nr. 101 við Háaleitisbraut, sem hann er skráður eigandi að, þ. e. 30% fimm herbergja íbúðar ásamt bílskúr, sérgeymslu í kjallara og tilsvarandi hlutdeild í sameign og lóðarleiguréttindum, — enn fremur, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða gagnstefnendum málskostnað í gagnsök samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu í gagnsök eru þær, að krafa gagnstefnenda um útgáfu afsals verði eingöngu tekin til greina gegn því, að gagnstefnendur verði

jafnframt dæmdir til að greiða kröfur stefnanda í aðalsök. Þá er gerð krafa um, að gagnstefnendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar í gagnsök.

Aðalsök og gagnsök í málinu voru sameinaðar og eru reknar sem eitt mál. Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

II.

Málsatvik eru þau, að með kaupsamningi, dagsettum 20. desember 1984, seldu aðalstefnandi og Margrét Sölvadóttir gagnstefnendum fimm herbergja íbúð á 4. hæð til hægri í húseigninni nr. 101 við Háaleitisbraut í Reykjavík ásamt bílskúr, sérgeymslu í kjallara, hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum. Samkvæmt afsali, dagsettu 14. desember 1983, var hlutur aðalstefnanda í eigninni 30%, en hlutur Margrétar 70%, en aðalstefnandi og Margrét höfðu verið í sambúð, og fór sala eignarinnar fram í tilefni slita á sambúð þeirra.

Umsamið kaupverð fyrir alla eignina var 2.500.000 kr., og átti að greiða það þannig: 20. desember 1984 350.000 kr., 15. mars 1985 300.000 kr., 15. júní 1985 350.000 kr., 15. september 1985 350.000 kr., 15. desember 1985 300.000 kr., og yfirteknar veðskuldir voru 456.016 kr. Eftirstöðvar, 393.984 kr., skyldu greiddar með skuldabréfi til fjögurra ára með veði í hinni seldu eign og gjalddaga 18. mars ár hvert, í fyrsta sinn 18. mars 1986, en vexti skyldi reikna sem 20% ársvexti frá afhendingardegi eignarinnar, 1. janúar 1985. Í kaupsamningi kemur fram, að taka skuli tillit til hugsanlegs mismunar á uppreiknuðum, yfirteknum veðskuldum við útgáfu á veðskuldabréfi vegna eftirstöðva. Gagnstefnendur þinglýstu kaupsamningi sínum 25. febrúar 1985.

Í 14. tölulið kaupsamningsins segir orðrétt: „Greiðslur samkvæmt A-lið skulu greiðast í skrifstofu GRUNDAR." Er þarna vísað til útborgunargreiðslna, þ. e. greiðslna, sem kaupendur áttu að inna af hendi á tímabilinu 20. desember 1984 til 15. desember 1985, og með skrifstofu Grundar er átt við skrifstofu fasteignasölunnar Grundar, sem annast hafði sölu eignarinnar.

Samkvæmt fram lögðum kvittunum greiddu gagnstefnendur útborgunargreiðslur, samtals 1.650.000 kr., sem hér segir:

a. Hinn 20. desember 1984 350.000 kr., og kvittar Ólafur Geirsson fyrir greiðslunni, og er kvittunin stimpluð með stimpli fasteignasölunnar Grundar, dskj. nr. 7.

b. Hinn 15. mars 1985 300.000 kr. Kvittun fyrir þessari greiðslu hefur ekki verið lögð fram, en aðalstefnandi andmælir því ekki, að þessi greiðsla hafi verið innt af hendi.

c. Hinn 20. júní 1985 350.000 kr., og kvittar Fanney E. Pétursdóttir f. h. fasteignasölunnar Grundar fyrir greiðslunni, dskj. nr. 9.

d. Hinn 17. september 1985 350.000 kr., og segir á kvittun, að Guðmunda Egilsdóttir hafi þennan dag afhent óframselda ávísun fyrir þessari upphæð, stílaða á Kristínu Stefánsdóttur v/Háaleitisbrautar 101, en undir kvittunina ritar Anna María Jónsdóttir, dskj. nr. 10.

e. Hinn 17. desember 1985 200.000 kr., og kvittar H. G. Haraldsson f. h. fasteignasölunnar Grundar fyrir greiðslunni, dskj. nr. 11.

f. Hinn 18. desember 1985 100.000 kr., og kvittar H. G. Haraldsson f. h. fasteignasölunnar Grundar fyrir greiðslunni, dskj. nr. 12.

Samkvæmt kaupsamningi áttu seljendur að gefa út afsal fyrir eigninni 15. desember 1985, enda hefðu kaupendur fullnægt skuldbindingum sínum í samræmi við samninginn. Samkvæmt frásögn gagnstefnenda var boðað til fundar kaupenda og seljenda til að ganga frá uppgjöri og útgáfu veðskuldabréfs og afsals, en þá brá svo við, að aðalstefnandi neitaði að koma til fundar. Gaf fyrirsvarsmaður fasteignasölunnar þá skýringu, að aðalstefnandi neitaði að ljá atbeina sinn til frágangs skjalanna, nema hann fengi greidda verulega fjármuni úr hendi fyrrverandi sameiganda síns, Margrétar Sölvadóttur.

Á fundi, sem haldinn var á skrifstofu fasteignasölunnar Grundar 18. desember 1985, var gengið frá uppgjöri vegna kaupanna, og undirritaði Margrét Sölvadóttir þá afsal til gagnstefnenda. Forsvarsmaður fasteignasölunnar tók að sögn gagnstefnenda við afsalinu og kvaðst myndu reyna að fá aðalstefnanda til að árita það, en hann hafði ekki við dómtöku málsins undirritað afsalið.

Hinn 25. febrúar 1986 gáfu kaupendur, gagnstefnendur í máli þessu, út tvö veðskuldabréf að ósk Margrétar Sölvadóttur. Var annað bréfið, að fjárhæð 275.789 kr., afhent Margréti, en gagnstefnendur segjast hafa tilkynnt aðalstefnanda, að hann gæti vitjað skuldabréfs, að fjárhæð 118.195 kr., á skrifstofu lögmanns gagnstefnenda gegn útgáfu afsals. Gagnstefnendur segjast þrisvar hafa innt af hendi greiðslur af skuldabréfi því, sem aðalstefnandi átti að fá, með þeim hætti, að greiðslurnar hafi verið greiddar til lögmannsstofu lögmanns gagnstefnenda. Hefur lögmannsstofan að sögn gagnstefnenda sent aðalstefnanda tilkynningar um þessar greiðslur og þáverandi lögmönnum hans, og fram hafa verið lögð afrit af bréfum lögmannsstofunnar til aðalstefnanda vegna fyrstu og annarrar greiðslunnar. Aðalstefnandi sagði í skýrslu sinni fyrir dóminum, að hann hefði ekki fengið umrædd bréf frá lögmannsstofunni, en kvaðst hafa hitt lögmann gagnstefnenda, og hefði hann sagt sér, að skuldabréfið væri tilbúið á lögmannsstofu sinni gegn því, að hann gengi frá afsalinu. Aðalstefnandi sagðist þá hafa innt lögmanninn eftir þeim hlutum útborgunargreiðslnanna, sem hann teldi sig eiga eftir að fá frá gagnstefnendum, en lögmaðurinn hafnað því, að um slíkt væri að ræða. Aðalstefnandi kvaðst hafa hitt lögmanninn aftur

eftir rúma sex mánuði og lögmaðurinn þá sagt sér, að gagnstefnendur hefðu greitt fyrstu greiðslu af skuldabréfinu til lögmannsstofunnar, og gæti hann vitjað um hana þar.

Samkvæmt fram lögðu frumriti af skuldabréfi því, sem koma átti í hlut aðalstefnanda og dagsett er 25. febrúar 1986, var höfuðstóll þess 118.195 kr., er greiða átti með fjórum afborgunum, hverri að fjárhæð 29.548,75 kr., 18. mars ár hvert, í fyrsta sinn 18. mars 1986. Skuldin ber 20% ársvexti frá 1. janúar 1985. Í áritun á bakhlið skuldabréfsins um afborganir segir, að 4. apríl 1986 hafi gagnstefnendur greitt samtals 58.309 kr. vegna vaxta og afborgana með gjalddaga 18. mars 1986. Hinn 3. apríl 1987 greiddu þau með sama hætti 42.278 kr. vegna gjalddaga 18. mars 1987, og 18. mars 1988 greiddu þau 41.343,20 kr.

III.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar á reglum kröfuréttar um efndir loforða og segir gagnstefnendur ekki hafa efnt kaupsamning, dagsettan 20. desember 1984. Samkomulag hafi verið um, að aðalstefnandi fengi greidd 30% af hverri greiðslu útborgunar, sem fram áttu að fara á tímabilinu 20. desember 1984 til 15. desember 1985. Aðalstefnandi telur, að enginn annar en hann sjálfur hafi haft heimild til móttöku eða að kvitta fyrir sinn hluta við greiðslu á söluverði eignarinnar. Hvorki meðeigandi sinn né fasteignasali sá, er hafði meðalgöngu um söluna, hafi haft slíkt umboð, og hafi gagnstefnendur greitt sinn hluta til þessara aðila, hafi það verið algjörlega á þeirra eigin ábyrgð og áhættu. Aðalstefnandi segir, að í því ákvæði kaupsamningsins, að greiðslur skyldi greiða í skrifstofu Grundar, hafi aðeins falist, að fasteignasalinn hafi átt að kalla kaupendur og seljendur til fundar á hverjum gjalddaga, og hafi greiðsla átt að fara fram á þeim fundi.

Aðalstefnandi telur jafnframt, að allar forsendur séu brostnar fyrir því, að gagnstefnendur fái að greiða eftirstöðvar kaupverðsins með skuldabréfi, eins og upphaflega hafi verið samið um. Vanskil og vanefndir gagnstefnenda séu orðnar svo verulegar, að það heimili aðalstefnanda að gjaldfella þann hluta kaupverðsins, sem upphaflega hafi átt að greiða með skuldabréfi. Ekki verði fallist á, að greiðsla til lögmanns gagnstefnenda teljist fullnægjandi greiðsla í þessu tilviki og geti komið í stað greiðslu inn á geymslureikning samkvæmt lögum nr. 9/1978.

Aðalstefnandi sundurliðar stefnukröfur sínar í aðalsök þannig:

1.	30% af greiðslu 15. júní 1985	kr. 105.000,00
2.	30% af greiðslu 15. sept. 1985	— 105.000,00
3.	30% af greiðslu 15. des. 1985	— 90.000,00
4.	30% af greiðslu 18. mars 1986	— 146.953,50
	Samtals	kr. 446.953,50

Tölulíðir 1 til 3 eru að sögn aðalstefnanda hlutar hans í útborgunargreiðslum, sem gagnstefnendur hafi átt að inna af hendi á þar tilgreindum gjalddögum samkvæmt kaupsamningi, en aðalstefnandi tekur fram, að hann hafi fengið greiddan sinn hluta útborgunargreiðslna með gjalddögum 20. desember 1984 og 15. mars 1985. Tölulið 4 segir aðalstefnandi vera hluta sinn í eftirstöðvum kaupverðsins, sem gagnstefnendur áttu að greiða með skuldabréfi með 7. veðrétti í hinni seldu eign ásamt vöxtum fram að fyrsta gjalddaga bréfsins. Hlutur aðalstefnanda hafi verið 118.195,20 kr., og skuldabréfið hafi átt að bera 20% ársvexti frá afhendingu eignarinnar, 1. janúar 1985, og til fyrsta gjalddaga þess, 18. mars 1986, og nemi þessir vextir 28.758,30 kr.

Aðalstefnandi tekur fram, að kröfur sínar í gagnsök séu í samræmi við kröfur sínar í aðalsök.

Gagnstefnendur reisa kröfur sínar á því, að þau hafi að fullu efnt sinn hluta kaupsamningsins. Gagnstefnendur telja, að ákvæði 14. töluliðar kaupsamningsins hafi falið í sér ákvörðun samningsaðila um greiðslustað og umboð til fasteignasölunnar Grundar til að taka við greiðslum. Verði í því sambandi að hafa í huga, að samningurinn sé ritaður á samningsform, sem notað sé í meiri hluta fasteignaviðskipta, og þarna hafi aðilar beinlínis samið um, að löggiltur fasteignasali tæki að sér áframhaldandi þjónustu, eftir að samningurinn var kominn á.

Gagnstefnendur mótmæla því, að upplýsingar um, að íbúðin að Háaleitisbraut 101 væri sameign aðalstefnanda og Margrétar Sölvadóttur í tilteknum eignarhlutföllum, hafi legið fyrir við undirritun kaupsamnings um eignina. Sérstaklega er mótmælt þeirri fullyrðingu aðalstefnanda, að afsal, dags. 14. desember 1983, á dskj. nr. 3 hafi legið frammi, og benda gagnstefnendur á, að í fram lögðu ljósriti úr veðmálabók komi ekki annað fram en aðalstefnandi og Margrét hafi verið sameigendur, og ekki sé þar að finna upplýsingar um eignarhlutföll. Ekkert bendi því til annars en í veðbókarvottorði, sem aflað var vegna sölunnar, hafi aðeins komið fram, að eignin væri sameign, án þess að eignarhlutföll væru tilgreind.

Gagnstefnendur mótmæla því, að samkomulag hafi verið um, að þeir ættu að skipta greiðslum kaupverðsins milli aðalstefnanda og Margrétar Sölvadóttur. Benda gagnstefnendur á, að þau hafi innt allar útborgunargreiðslur af hendi á skrifstofu fasteignasölunnar Grundar, og samkvæmt kröfugerð aðalstefnanda liggi fyrir, að hann hafi án þess að hreyfa athugasemdum við gagnstefnendur fengið sinn hluta af fyrstu tveimur útborgunargreiðslunum greiddan frá fasteignasölunni. Þá verði ekki annað ályktað af orðalagi í bréfi þáverandi lögmanns aðalstefnanda, dags. 30. september 1985, en aðalstefnandi hafi fengið sinn hluta af þriðju útborgunargreiðslunni, þ. e. greiðslu með gjalddaga 15. júní 1985, og gagnstefnendur verði

því eigi krafðir um þá greiðslu. Að öðru leyti virðist greiðslur þær, sem áttu að koma í hlut aðalstefnanda, hafa samkvæmt frásögn Margrétar Sölvadóttur gengið til að mæta skuldum tilheyrandi aðalstefnanda, er hvíldu á eigninni, og til uppgjörs milli þeirra sameigendanna.

Gagnstefnendur mótmæla kröfu um gjaldfellingu eftirstöðva kaupverðsins samkvæmt skuldabréfi og kröfu um dráttarvexti af þeim, þar sem ekki hafi verið um að ræða nein vanskil af sinni hálfu, heldur hafi aðalstefnandi ekki staðið við sinn hluta kaupsamningsins um útgáfu afsals. Því verði ekki kennt um, að gagnstefnendur hafi ekki boðið fram efndir af sinni hálfu, en um skilyrði til geymslugreiðslu af sinni hálfu hafi ekki verið að ræða, þar sem skuldabréfið hafi enn verið í vörslu útgefenda. Af hálfu gagnstefnenda er því haldið fram, að þeim hafi verið heimilt að halda skuldabréfinu og greiðslum sínum, þar til aðalstefnandi efndi skuldbindingu sína um útgáfu afsals. Hér sé því um að kenna viðtökudrætti af hálfu aðalstefnanda, og eigi hann því ekki rétt til að beita vanefndaúrræðum.

Gagnstefnendur ítreka, að þeir taki undir þann þátt kröfugerðar aðalstefnanda, að hann verði dæmdur til að gefa út afsal fyrir eignarhluta sínum í Háaleitisbraut 101, Reykjavík. En þar sem aðalstefnandi hafi ekki staðið við þá skuldbindingu sína að gefa út afsal fyrir eignarhluta sínum, sé gagnstefnendum nauðsynlegt að gera í gagnsök sjálfstæða dómkröfu um, að aðalstefnandi verði dæmdur til að gefa afsalið út.

IV.

Með ákvæði 14. töluliðar í kaupsamningi frá 20. desember 1984 um íbúð að Háaleitisbraut 101 í Reykjavík sömdu málsaðilar um, að svonefndar útborgunargreiðslur skyldu greiddar á skrifstofu Grundar. Aðilar eru sammála um, að þar sé átt við skrifstofu fasteignasölunnar Grundar, sem annast hafði meðalgöngu við sölu íbúðarinnar.

Af hálfu aðalstefnanda er málið rökstutt með því, að með nefndu ákvæði kaupsamningsins hafi fasteignasölunni aðeins verið falið að kalla samningsaðila saman til fundar á tilgreindum gjalddögum og greiðslur átt að fara fram á þeim fundum. Í skýrslu sinni fyrir dómi sagði annar gagnstefnenda, Egill Guðlaugsson, að sér hefði verið kunnugt um það, er kaupsamningur var undirritaður, að seljendur voru að slíta sambúð sinni, og seljendur hefðu samþykkt, að kaupendur mættu inna greiðslurnar af hendi í einu lagi hverju sinni til fasteignasölunnar, og þeim hafi á þessum tíma verið ókunnugt um, í hvaða eignarhlutföllum íbúðin skiptist milli seljenda. Fyrrverandi meðeigandi aðalstefnanda að hinni seldu íbúð, Margrét Sölvadóttur, kom fyrir dóm og sagði í skýrslu sinni, að um samið hefði verið, að kaupendur greiddu sínar greiðslur til fasteignasölunnar, og síðan hefði hún og aðalstefnandi átt að sækja sinn hluta af hverri greiðslu á fasteignasöl-

una, en hvernig þær skiptust milli þeirra hafi verið kaupendum óviðkomandi. Aðalstefnandi hefur viðurkennt að hafa fengið tvær fyrstu greiðslur útborgunarinnar fyrir meðalgöngu fasteignasölunnar, og samkvæmt kvittun vegna fyrstu greiðslunnar, 20. desember 1984, sem gagnstefnendur hafa lagt fram, kvittar fyrirsvarsmaður fasteignasölunnar Grundar fyrir greiðslunni, en upplýst hefur verið, að greiðslan fór fram á fundi seljenda og kaupenda við undirritun kaupsamnings.

Að virtu orðalagi 14. töluliðar kaupsamnings aðila frá 20. desember 1984 og þess, sem hér hefur verið rakið, verður að fallast á það með gagnstefnendum, að í nefndu ákvæði samningsins hafi falist umboð seljenda, þ. m. t. aðalstefnanda, til fasteignasölunnar Grundar til að veita viðtöku fyrir hönd seljenda umræddum útborgunargreiðslum og kvitta fyrir þeim. Þá verður ekki talið, að aðalstefnandi hafi sýnt fram á, að við undirritun kaupsamnings hafi orðið samkomulag um, að gagnstefnendur skyldu skipta hverri útborgunargreiðslu milli seljenda eftir eignarhlutföllum þeirra.

Gagnstefnendur hafa lagt fram kvittanir á dskj. nr. 9-12 til staðfestingar því, að þeir hafi í heild greitt þær útborgunargreiðslur, er aðalstefnandi krefur þá að hluta um í máli þessu, á skrifstofu fasteignasölunnar Grundar. Kvittunum þessum hefur áður verið lýst, og á þremur þeirra, þ. e. kvittun á dskj. nr. 9, dags. 20. júní 1985, kvittun á dskj. nr. 11, dags. 17. desember 1985, og kvittun á dskj. nr. 12, dags. 18. desember 1985, kemur fram áritun um, að kvittað sé fyrir móttöku greiðslnanna f. h. fasteignasölunnar Grundar. Kvittun á dskj. nr. 10, dags. 17. september, er undirrituð af Önnu Maríu Jónsdóttur, og er þar kvittað fyrir móttöku á óframseldri ávísun. Af hálfu gagnstefnenda er fullyrt, að Guðmunda, dóttir gagnstefnenda, hafi afhent þessa ávísun á fasteignasölunni og starfsstúlka þar kvittað fyrir móttöku hennar. Fyrir misgáning hafi láðst að framselja ávísunina, en úr því hafi strax verið bætt. Að þessu virtu og frásögn Margrétar Sölvadóttur um ráðstöfun þessarar greiðslu verður að telja, að sannað sé, að gagnstefnendur hafi innt af hendi umsamda greiðslu með gjalddaga 15. september 1985 til fasteignasölunnar Grundar.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna gagnstefnendur af kröfum þeim, er aðalstefnandi gerir í 1. til 3. tölulið kröfugerðar í aðalsök, eins og dómkrafan er sundurliðuð hér að framan.

Fjórði töluliður í kröfugerð aðalstefnanda í aðalsök miðast við, að sá hluti kaupverðsins, sem gagnstefnendur áttu að greiða með skuldabréfi og aðalstefnandi gerir kröfu um, að komi í hlut sinn, verði gjaldfelldur frá og með fyrsta gjalddaga skuldabréfsins, 18. mars 1986. Gagnstefnendur buðu fram afhendingu á umræddu skuldabréfi til aðalstefnanda, þegar útgáfa afsals átti að fara fram, gegn afhendingu á afsali fyrir eignarhluta aðalstefnanda í hinni keyptu eign og hafa ítrekað þetta boð síðar ásamt

boði um greiðslu afborgana og vaxta af bréfinu. Aðalstefnandi hefur jafnan hafnað viðtöku á skuldabréfinu og greiðslum af því, nema gagnstefnendur greiddu sér jafnframt þá hluta útborgunargreiðslnanna, sem hann krefur gagnstefnendur um í máli þessu.

Telja verður, að gagnstefnendum hafi verið heimilt, eins og hér stóð á, að halda umræddu skuldabréfi og greiðslum af því, þar til aðalstefnandi afhenti þeim afsal fyrir eignarhluta sínum. Krafa aðalstefnanda um greiðslu eftirstöðva útborgunar gat ekki veitt honum heimild til að neita viðtöku á skuldabréfinu og greiðslum af því með þeim afleiðingum, að gagnstefnendur þyrftu af þeim sökum að svara til vanefnda. Fram er komið, að aðalstefnanda var kunnugt um, að hann ætti þess kost, eftir að gagnstefnendur höfðu boðið skuldabréfið fram hjá fasteignasölunni Grund, er ganga átti frá afsali, að fá skuldabréfið og greiðslur af því afhentar á skrifstofu lögmanns gagnstefnenda gegn útgáfu afsalsins. Verður því að telja, að gagnstefnendur hafi í þessu tilviki með greiðslum til skrifstofu lögmanns síns fullnægt greiðsluskyldum sínum samkvæmt skuldabréfinu í tilefni af viðtökudrætti aðalstefnanda. Ekki verður því fallist á það með aðalstefnanda, að gagnstefnendur hafi sýnt af sér vanskil og vanefndir, er leiði til þess, að honum sé heimilt að gjaldfella þann hluta kaupverðsins, sem gagnstefnendur áttu að greiða með skuldabréfi, og ber því að sýkna gagnstefnendur af kröfu samkvæmt 4. tölulið í sundurliðun á kröfugerð aðalstefnanda í aðalsök. Um málskostnað í aðalsök verður fjallað síðar.

Gagnstefnendur hafa í gagnsök gert kröfu um, að aðalstefnandi verði dæmdur til að gefa út til þeirra afsal fyrir þeim hluta íbúðarinnar að Háaleitisbraut nr. 101 í Reykjavík, sem hann er enn skráður eigandi að. Aðalstefnandi gerir kröfu um, að þessi dómkrafa verði eingöngu tekin til greina gegn því, að gagnstefnendur verði dæmdir til að greiða kröfur stefnanda í aðalsök. Ekki verður talið, að ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 54/1988, komi í veg fyrir, að dómur gangi um þessa kröfu gagnstefnenda, þótt aðeins öðrum seljenda íbúðarinnar að Háaleitisbraut 101 sé stefnt í máli þessu, enda liggur fyrir í gögnum málsins, hver eignarhluti aðalstefnanda er, og krafan tekur aðeins til hans.

Hér að framan hafa gagnstefnendur verið sýknaðir af kröfum aðalstefnanda í aðalsök, en samkvæmt 6. tölulið í kaupsamningi aðila frá 20. desember 1984 átti útgáfa afsals að fara fram 15. desember 1985, enda hefðu gagnstefnendur þá fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt kaupsamningnum. Til að fullum efndum á samningnum verði náð af hálfu gagnstefnenda, eiga þau eftir að afhenda aðalstefnanda skuldabréf ásamt þegar gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af því, en hér að framan var fallist á, að gagnstefnendum hefði verið heimilt, eins og hér stóð á, að afhenda bréfið og greiðslurnar aðeins gegn afhendingu á afsali fyrir eignarhluta aðalstefn-

anda. Aðila greinir ekki á um, að fjárhæð þessa skuldabréfs eigi að nema 30% af þeirri fjárhæð, þ. e. af 393.984 kr., er gagnstefnendur áttu að greiða samkvæmt C-lið kaupsamnings frá 20. desember 1984, 118.195,20 kr. Þó að gagnstefnendur orði það ekki í kröfugerð sinni, að þau bjóði fram afhendingu á umræddu skuldabréfi gegn afhendingu á afsalinu, verður að skýra kröfugerð þeirra og málflutning á þann veg, að þau viðurkenni, að þau geti því aðeins fengið afsalið afhent, að þau afhendi aðalstefnanda skuldabréfið og þegar gjaldfallnar greiðslur af því, enda hafa þau jafnan boðið það. Þykir því mega taka til greina þá kröfu gagnstefnenda í gagnsök, að aðalstefnandi verði dæmdur til að gefa út afsal til gagnstefnenda fyrir þeim hluta húseignarinnar nr. 101 við Háaleitisbraut í Reykjavík, sem hann er skráður eigandi að, gegn afhendingu á veðskuldabréfi, að fjárhæð 118.195,20 kr. Áður hefur verið fjallað um meðferð á þegar gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af hinu umsamda skuldabréfi, og eins og kröfugerð er háttað í máli þessu, verður að láta við það sitja að mæla fyrir um, að bréf þetta skuli vera með þeim skilmálum, er greinir í C-lið kaupsamningsins frá 20. desember 1984. Frestur aðalstefnanda til útgáfu afsalsins skal vera 15 dagar frá lögbirtingu dómsins.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að ákveða málskostnað í einu lagi bæði í aðalsök og gagnsök þannig, að aðalstefnandi verður dæmdur til að greiða gagnstefnendum 75.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur.

Tryggvi Gunnarsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Í aðalsök skulu gagnstefnendur, Egill Guðlaugsson og Kristín Stefánsdóttir, vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Sigurðar Ólafssonar.

Í gagnsök er aðalstefnandi, Sigurður Ólafsson, dæmdur til að gefa út afsal til gagnstefnenda, Egils Guðlaugssonar og Kristínar Stefánsdóttur, fyrir þeim hluta húseignarinnar nr. 101 við Háaleitisbraut í Reykjavík, sem hann er skráður eigandi að, þ. e. 30% fimm herbergja íbúðar á fjórðu hæð til hægri ásamt bílskúr, sérgeymslu í kjallara og tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarleiguréttindum, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa gegn afhendingu á veðskuldabréfi, að fjárhæð 118.195,20 kr., með þeim skilmálum, er greinir í C-lið kaupsamnings um framangreinda eign frá 20. desember 1984 á dómskjali nr. 4.

Aðalstefnandi greiði gagnstefnendum samtals 75.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, í aðalsök og gagnsök.

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 129/1991. **Bjarnheiður Guðmundsdóttir**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
og menntamálaráðherra f. h. rannsóknardeildar fisksjúkdóma við Tilraunastöð háskólans í meinafræði
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Stjórnarskrá. Bráðabirgðalög. Kjarasamningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson svo og Freyr Ófeigsson dómstjóri, Stefán Már Stefánsson prófessor og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1991. Hún krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndu in solidum dæmd til að greiða sér 193.564 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 4.268 krónum frá 1. september 1990 til 30. s. m., af 8.548 krónum frá 1. október 1990 til 31. s. m., af 14.832 krónum frá 1. nóvember 1990 til 30. s. m., af 21.233 krónum frá 1. desember 1990 til 31. s. m., af 27.632 krónum frá 1. janúar 1991 til 31. s. m., af 34.085 krónum frá 1. febrúar 1991 til 28. s. m., af 39.756 krónum frá 1. mars 1991 til 31. s. m., af 46.330 krónum frá 1. apríl 1991 til 30. s. m., af 52.431 krónu frá 1. maí 1991 til 31. s. m., af 59.176 krónum frá 1. júní 1991 til 30. s. m., af 65.922 krónum frá 1. júlí 1991 til 31. s. m., af 72.722 krónum frá 1. ágúst 1991 til 31. s. m., af 79.522 krónum frá 1. september 1991 til 30. s. m., af 86.322 krónum frá 1. október 1991 til 31. s. m., af 92.090 krónum frá 1. nóvember 1991 til 30. s. m., af 98.945 krónum frá 1. desember 1991 til 20. s. m., af 101.226 krónum frá 21. desember 1991 til 31. s. m., af 105.853 krónum frá 1. janúar 1992 til 31. s. m., af 112.109 krónum frá 1. febrúar 1992 til 28. s. m., af 116.523 krónum frá 1. mars 1992 til 20. s.

m., af 117.881 krónu frá 20. mars 1992 til 31. s. m., af 123.594 krónum frá 1. apríl 1992 til 30. s. m., af 131.823 krónum frá 1. maí 1992 til 31. s. m., af 147.346 krónum frá 1. júní 1992 til 30. s. m., af 155.293 krónum frá 1. júlí 1992 til 31. s. m., af 163.544 krónum frá 1. ágúst 1992 til 31. s. m., af 171.492 krónum frá 1. september 1992 til 30. s. m., af 179.440 krónum frá 1. október 1992 til 31. s. m., en af 193.564 krónum frá 1. nóvember 1992 til greiðsludags.

Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu in soldidum greiði sér 169.140 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 4.268 krónum frá 1. september 1990 til 30. s. m., af 8.548 krónum frá 1. október 1990 til 31. s. m., af 14.832 krónum frá 1. nóvember 1990 til 30. s. m., af 21.233 krónum frá 1. desember 1990 til 31. s. m., af 27.632 krónum frá 1. janúar 1991 til 31. s. m., af 34.085 krónum frá 1. febrúar 1991 til 28. s. m., af 39.756 krónum frá 1. mars 1991 til 31. s. m., af 46.330 krónum frá 1. apríl 1991 til 30. s. m., af 52.431 krónu frá 1. maí 1991 til 31. s. m., af 59.176 krónum frá 1. júní 1991 til 30. s. m., af 65.922 krónum frá 1. júlí 1991 til 31. s. m., af 72.722 krónum frá 1. ágúst 1991 til 31. s. m., af 79.522 krónum frá 1. september 1991 til 30. s. m., af 86.322 kr. frá 1. október 1991 til 31. s. m., af 92.090 krónum frá 1. nóvember 1991 til 30. s. m., af 98.945 krónum frá 1. desember 1991 til 20. s. m., af 101.226 krónum frá 21. desember 1991 til 31. s. m., af 105.853 krónum frá 1. janúar 1992 til 31. s. m., af 112.109 krónum frá 1. febrúar 1992 til 28. s. m., af 116.523 krónum frá 1. mars 1992 til 20. s. m., af 117.881 krónu frá 20. mars 1992 til 31. s. m., af 123.594 krónum frá 1. apríl 1992 til 30. s. m., af 130.014 krónum frá 1. maí 1992 til 31. s. m., af 135.727 krónum frá 1. júní 1992 til 30. s. m., af 141.440 krónum frá 1. júlí 1992 til 31. s. m., af 147.371 krónu frá 1. ágúst 1992 til 31. s. m., af 153.084 krónum frá 1. september 1992 til 30. s. m., af 158.797 krónum frá 1. október 1992 til 31. s. m., en af 169.140 krónum frá 1. nóvember 1992 til greiðsludags.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, til vara, að þeim verði einungis gert

að greiða áfrýjanda 21.304 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 4.268 krónum frá 1. september 1990 til 30. s. m., af 8.283 krónum frá 1. október 1990 til 31. s. m., af 14.302 krónum frá 1. nóvember 1990 til 30. s. m., af 17.803 krónum frá 1. desember 1990 til 31. s. m., en af 21.304 krónum frá 1. janúar 1991 til greiðsludags. Í því tilviki er þess krafist, að málskostnaður falli niður. Til þrautavara er þess krafist, að þeim verði einungis gert að greiða 22.612 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 4.268 krónum frá 1. september 1990 til 30. s. m., af 8.548 krónum frá 1. október 1990 til 31. s. m., af 14.832 krónum frá 1. nóvember 1990 til 30. s. m., af 18.722 krónum frá 1. desember 1990 til 31. s. m., en af 22.612 krónum frá 1. janúar 1991 til greiðsludags. Í því tilviki er þess krafist, að málskostnaður falli niður.

Stefndu mótmæla því sérstaklega, að áfrýjandi fái komið að hækkun kröfugerðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi er félagsmaður í Félagi íslenskra náttúrufræðinga. Félagið er stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Það var eitt af svokölluðum samflotsfélögum Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, en félögin gerðu sams konar kjarasamninga við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í maí 1989. Kjarasamningur Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem áfrýjandi byggir rétt sinn á í máli þessu, er frá 18. maí 1989. Kjarasamningur þessi átti að gilda til 31. desember 1994, en segja mátti honum upp eftir 30. september 1990 með eins mánaðar fyrirvara. Almennar kauphækkanir á samningstímanum áttu samkvæmt 12. gr. samningsins að vera 1,5% hvert sinn 1. september 1989, 1. nóvember 1989, 1. janúar 1990 og 1. maí 1990. Samkvæmt 15. gr. hans gátu aðilar krafist breytinga, yrðu almennar hækkanir á launakjörum annarra launþega eftir 30. nóvember 1989, þannig að þau hækkuðu umfram launabreytingar samkvæmt 12. gr.

Af hálfu Alþýðusambands Íslands vegna ýmissa aðildarsambanda þess voru kjarasamningar undirritaðir við Vinnuveitendasamband Íslands og fleiri sambönd vinnuveitenda 1. febrúar 1990. Var samn-

ingstíminn til 15. september 1991, og áttu laun og launatengdir liðir að hækka fimm sinnum á samningstímanum um 9,5% samanlagt. Ein af forsendum þess samnings var, að launaþróun annarra yrði sú sama og gert var ráð fyrir í samningnum. Ýmsar starfsstéttir rituðu undir kjarasamninga við vinnuveitendur sína í kjölfar þessara samninga, og voru samningar þessir allir nefndir manna á meðal þjóðarsáttarsamningar, enda var yfirgnæfandi meiri hluti launamanna landsins bundinn af þeim. Samflotsfélög BHMR voru ekki aðilar að þessum kjarasamningum, enda voru þau bundin af gildandi kjarasamningi. Félagsmenn í þessum félögum, sem bundir voru af samningum BHMR, munu hafa verið um 3% allra launamanna.

II.

Auk þeirra hækkana, sem grein er gerð fyrir hér að framan, voru í kjarasamningum BHMR við fjármálaráðherra ákvæði um, að endurskoða skyldi launakerfi þeirra. Ákvæðin koma fram í 1. gr. samningsins og voru svohljóðandi:

„Endurskoða skal launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með tilliti til ábyrgðar, sérhæfni og menntunar, sem nýtist í starfi. Skal þessi endurskoðun hafa það að markmiði, að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og menn, sem gegna hliðstæðum störfum eða hafa sömu eða svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð og ekki taka laun skv. launakerfi ríkisstarfsmanna, enda sé þá tekið tillit til hlunninda og annarra atriða, sem hafa áhrif á starfskjör. Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á vinnumarkaði skulu ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun."

Samkvæmt 2. - 4. gr. kjarasamningsins skyldu þrjár nefndir starfa að þeirri endurskoðun, sem hér um getur. Ein þeirra var svokölluð kjarasamanburðarnefnd. Samkvæmt 5. gr. átti síðan að endurraða starfsheitum í launaflokka í samræmi við endurskoðun launakerfisins, og átti því verki að vera lokið á ekki lengri tíma en þremur árum. Væri tilefni til tilfærslu milli launaflokka, átti það að gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum, í fyrsta sinn 1. júlí 1990. Í 3. mgr. 5. gr. var svo mælt fyrir, að miða ætti við það, að þessi tilfærsla skyldi nema einum launaflokki hið minnsta

að meðaltali. Í 6. mgr. 5. gr. samningsins var síðan svofellt ákvæði:

„Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990, skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig, að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði 1/2 launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki." Nefnd sú, sem hér er talað um, er kjarasamanburðarnefnd.

Svo fór, að nefndin skilaði ekki þessu áliti, og með dómi Félagsdóms 23. júlí 1990 var viðurkennt, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs væri frá 1. júlí 1990 skylt að greiða félagsmönnum Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem tækju laun samkvæmt kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, fjárhæð, sem næmi 1½ launaflokki til viðbótar launum hvers þeirra. Nam hækkun þessi 4,5%.

Harkaleg viðbrögð urðu við þessum dómi Félagsdóms. Aðilar hinna svokölluðu þjóðarsáttarsamninga kröfðust sömu hækkunar félagsmönnum sínum til handa með vísan til forsendu þeirra samninga, sem að framan er rakin, að launaþróun þeirra yrði sú sama og annarra. Fram kemur í gögnum málsins, að ýmsir forystumenn úr röðum launamanna og vinnuveitenda svo og stjórnmálamenn töldu, að grípa yrði til útgáfu bráðabirgðalaga til að koma í veg fyrir víxlhækkun launa og verðlags, sem óhjákvæmilega myndi fylgja í kjölfar félagsdómsins, fengi hækkun samkvæmt honum að standa. Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna svöruðu málaleitan Alþýðusambands Íslands um hækkanir kaups af þessu tilefni 31. júlí 1990. Þar segir meðal annars: „... Ef þessi hækkun gengur fram, telja VSÍ og VMS sig ekki eiga annarra kosta völ en að tryggja viðsemjendum sínum hliðstæða launaþróun.

Meiri launahækkunum fylgir ekki aukinn kaupmáttur, og því er nauðsynlegt að endurskoða samtímis aðrar forsendur kjarasamningsins að því er varðar verðlagsmarkmið og gengi. ..."

Bráðabirgðalög um launamál voru síðan sett 3. ágúst 1990, og segir forseti Íslands í aðfaraorðum þeirra meðal annars: „Forsætisráðherra hefur tjáð mér að eftir ákvörðun Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 31. júlí s.l. að veita viðsemjendum sínum sömu hækkun launa og félagar í

BHMR hljóta og þar sem tilraunir til samninga við BHMR hafa ekki borið árangur, beri brýna nauðsyn til að grípa þegar til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi víxlhækkanir launa og verðlags og treysta þau efnahagslegu markmið, sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um og lögð voru til grundvallar almennum kjarasamningum í byrjun þessa árs. Þá er nauðsynlegt, að jafnræði ríki í þróun launataxta og kaupmáttar á milli hinna ýmsu stétta í landinu. ...“

Lögin áttu að ná til allra kjarasamninga, sem í gildi voru við gildistöku þeirra. Í 2. gr. laganna var mælt fyrir um ákveðnar hækkanir á launum, eins og þau voru 30. júní 1990, og áttu þær að koma í stað ákvæða kjarasamninga um breytingar launataxta og launatengdra liða. Voru þessar hækkanir í samræmi við ákvæði svokallaðra þjóðarsáttarsamninga. Hins vegar var hækkun sú, sem Félagsdómur hafði dæmt félögum í svokölluðum samflotsfélögum BHMR, tekin af þeim frá og með 1. september, en hún hafði verið greidd fyrir mánuðina júlí og ágúst. Launahækkanir samkvæmt þjóðarsáttarsamningunum áttu einnig að koma í hennar stað. Þá voru ákvæði 5. og 15. gr. kjarasamninganna, sem áður hafa verið rakin, felld úr gildi. Bráðabirgðalög þessi voru lögð fyrir Alþingi og samþykkt þar óbreytt í febrúar 1991 (lög nr. 4/1991 um launamál).

Þessu hafa hin svonefndu samflotsfélög ekki viljað una. Telja þau bráðabirgðalögin brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrár Íslands. Mál það, sem hér er til meðferðar, er höfðað af félaga í einu þeirra, sem telur sig óbundinn af lögunum. Aðilar málsins hafa lýst yfir því, að með máli þessu verði leyst úr þessum ágreiningi þessara félaga og ríkissjóðs.

III.

Dómstólar eiga úrskurðarvald um það, hvort almenn lög samrýmast ákvæðum stjórnarskrár og hvort þau hafi orðið til á stjórnskipulegan hátt. Eðlisrök leiða til þess, að hið sama gildi um bráðabirgðalög.

Að framan er rakið, að hækkun sú til félagsmanna í samflotsfélögum BHMR, sem varð kveikjan að bráðabirgðalögunum, byggðist á ákvæðum um endurskoðun launakerfis þeirra og endur-

röðun í launaflokka. Ekkert liggur fyrir um það, í hvaða mæli niðurstaða þeirrar endurskoðunar og endurröðunar hefði leitt til raunhækkunar á launum félagsmanna, hefði endurskoðunin haft eðlilegan framgang. Samkvæmt niðurstöðu Félagsdóms tók ríkissjóður með framanskráðu ákvæði 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins á sig ábyrgð á því, að kjarasamanburðarnefnd hefði lokið störfum fyrir 1. júlí 1990. Ábyrgð þessi varð virk, og hækkuðu því laun allra félagsmanna samflotsfélaganna um 4,5%, og var hækkunin greidd fyrir mánuðina júlí og ágúst 1990. Hækkun þessi, sem viðurkennd hafði verið með dómi, var þannig til komin á sérstakan hátt og byggðist ekki á 15. gr. kjarasamningsins, sem fjallar um almennar launahækkanir. Þá liggur heldur ekkert fyrir um það, að aðilar að hinum svokölluðu þjóðarsáttarsamningum hafi ekki á samningstíma þeirra getað fengið launahækkanir með tilfærslum milli launaflokka. Þegar þessi tildrög hækkunarinnar eru skoðuð, verður ekki séð, að aðrir hafi, samkvæmt almenna ákvæðinu í þjóðarsáttarsamningunum um forsendur þeirra samninga, átt rétt til almennrar hækkunar á grundvelli dóms Félagsdóms frá 23. júlí 1990. Hér er einnig til þess að líta, hversu lítill hluti launamanna átti aðild að þeim kjarasamningi, sem hér um ræðir. Verður við það að miða, að aðrir hafi ekki átt lögvarða kröfu til hækkunar af þessu tilefni. Með hliðsjón af framansögðu urðu félagsmenn samflotsfélaganna að þola skerðingu á þegar áunnum réttindum, sem félagar annarra stéttarfélaga þurftu ekki að þola.

Ekki hefur verið hrakið það álit Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, að verðlagsáhrif 4,5% launahækkunar til samflotsfélaga BHMR einna sér hefðu orðið óveruleg. Þá ber til þess að líta, að samflotsfélög BHMR höfðu lögum samkvæmt sama rétt til þess og önnur stéttarfélög að semja við viðsemjendur sína um kjör sín og nutu við það réttinda og báru skyldur til jafns við þau. Var fyrrgreindur kjarasamningur BHMR til orðinn eftir langvarandi samningaumleitanir og verkfall.

Löggjafinn hafði til þess ríkan rétt að standa vörð um þau efnahagslegu markmið, sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um, eins og segir í aðfaraorðum bráðabirgðalaganna. Hins vegar verður að haga almennri lagasetningu í samræmi við þá jafnræðisreglu, sem hér á við og víða er byggt á

í stjórnarskrá Íslands, meðal annars í ákvæðum hennar um álögur á þegnana og skerðingu réttinda þeirra, ef til þess þarf að koma. Þegar ríkjandi aðstæður við setningu bráðabirgðalaganna eru metnar í heild, þykir á það hafa skort, að þessi regla hafi verið virt, og urðu þau því ekki skuldbindandi gagnvart áfrýjanda, að því er varðaði þá 4,5% launahækkun, sem hún hafði þá þegar öðlast.

Að framan er frá því skýrt, að hækkanir launa samkvæmt 1. mgr. 2. gr. bráðabirgðalaganna áttu að koma í stað ákvæða kjarasamninga um breytingar launataxta og launatengdra liða og einnig í stað hækkana, sem orðið höfðu á tímabilinu 30. júní 1990 til 1. september 1990 og falla áttu niður. Vegna þess tilgangs bráðabirgðalaganna að koma í veg fyrir víxlhækkanir launa og verðlags varð áfrýjandi að sætta sig við, að girt væri fyrir almennar framtíðarhækkanir samkvæmt 15. gr. kjarasamningsins, sem tóku mið af hækkunum annarra kauptaxta. Kjarasamningum samflotsfélaga BHMR og ríkisins mátti segja upp eftir 30. september 1990 með eins mánaðar fyrirvara. Jafna má setningu bráðabirgðalaganna til uppsagnar samningsins með gildi frá og með 1. nóvember 1990. Af þessum ástæðum má á það fallast, að áfrýjandi hafi orðið að sætta sig við, að hækkanir samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna kæmu á móti þegar fenginni hækkun, jafnóðum og þær féllu til eftir 1. nóvember 1990.

Stefndu hafa mótmælt hækkunum kröfugerðar áfrýjanda frá því, sem var fyrir héraðsdómi. Ber að fallast á það, að hún fái ekki komið að frekari kröfum fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, þar sem grundvöllur málsins gæti raskast að öðrum kosti.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að tekin er til greina krafa áfrýjanda sem svarar til 4,5% hækkunar á laun hennar fyrir mánuðina september, október, nóvember og desember 1990 og janúar 1991, en til frádráttar komi þær hækkanir, sem hún hefur þegar fengið greiddar. Þessi niðurstaða er í samræmi við þrautavarakröfu stefndu hér fyrir dómi, en tölulega hefur henni ekki verið mótmælt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað úr ríkissjóði, eins og nánar er ákveðið í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Bjarnheiði Guðmundsdóttur, 22.612 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 4.268 krónum frá 1. september 1990 til 30. sama mánaðar, af 8.548 krónum frá 1. október 1990 til 31. sama mánaðar, af 14.832 krónum frá 1. nóvember sama ár til 30. sama mánaðar, af 18.722 krónum frá 1. desember sama ár til 31. sama mánaðar, en af 22.612 krónum frá 1. janúar 1991 til greiðsludags. Þá greiði hann áfrýjanda 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og
Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns.

Þegar mál þetta var flutt fyrir Hæstarétti, var af hálfu áfrýjanda byggt á því, að bráðabirgðalög nr. 89/1990 væru ósamrýmanleg 2., 28., 67. og 73. gr. stórnarskrárinnar og að af því leiddi, að fjárkröfur hennar bæri að taka til greina. Meiri hluti dómenda Hæstaréttar hefur ekki talið ástæðu til að fjalla um þessi stjórnarskrárákvæði hvert fyrir sig, en komist að þeirri niðurstöðu, að bráðabirgðalögin séu andstæð jafnréttisreglu íslensks réttar og að áfrýjandi eigi fjárkröfu á stefndu. Við teljum ljóst, að játa beri slíkri kröfu, ef fallist verður á þau lagarök áfrýjanda, að brotið hafi verið gegn 2., 28., 67. eða 73. gr. stjórnarskrárinnar, eða á þá niðurstöðu, að jafnréttisregla leiði til þess, að ekki verði á bráðabirgðalögunum byggt.

Við höfum komist að þeirri niðurstöðu, að bráðabirgðalögin séu samrýmanleg stjórnarskrá og jafnréttisreglunni og að sýkna beri stefndu, eins og gert var í héraði. Rök okkar eru þessi:

1. 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að með bráðabirgðalögum nr. 89/1990 hafi dómur Félagsdóms frá 23. júlí 1990 verið felldur úr gildi og réttaráhrif hans. Með því hafi bráðabirgðalöggjafinn tekið sér dómsvald andstætt 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Bráðabirgðalögin breyttu engu um niðurstöðu Félagsdóms hinn 23. júlí varðandi laun fyrir júlí og ágúst 1990. Þau og síðar staðfestingarlögin, sem samþykkt voru á Alþingi, breyttu hins vegar þeim samningi, sem laun áfrýjanda byggðust á fyrir september 1990 og síðari mánuði. Dómur Félagsdóms gat ekki vegna 2. gr. stjórnarskrárinnar bundið hendur löggjafans og komið í veg fyrir, að hann setti almennar reglur. Það var gert með bráðabirgðalögunum og verður þeim ekki hnekkt á grundvelli 2. gr. stjórnarskrárinnar.

2. 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Við erum samþykkir því, sem segir í 2. mgr. kafla VI.1. í héraðsdómi, það er, að ljóst verði að vera, að um misbeitingu heimildar til útgáfu bráðabirgðalaga sé að ræða, svo að dómstólar geti látið undan fallast að byggja á þeim. Bráðabirgðalög nr. 89/1990 voru sett til að verja efnahagsstefnu löglegra stjórnvalda, og verður því að okkar áliti ekki á því byggt, að gegn 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið brotið með setningu þeirra.

3. 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Við erum því samþykkir, sem í héraðsdómi segir, að í bráðabirgðalögunum hafi falist lögmæt almenn takmörkun á eignarréttinum, þótt á því sé byggt, að réttur áfrýjanda sé eignarréttur í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar. Í sératkvæði sem þessu er ekki ástæða til að taka afstöðu til þess atriðis, þótt eðli greiðslunnar skv. 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins frá 18. maí 1989 gæfi annars tilefni til sérstakrar umfjöllunar í því sambandi. Bráðabirgðalögunum verður ekki hnekkt vegna þeirrar verndar, sem í 67. gr. felst.

4. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Við erum samþykkir því, sem segir um þessa grein í héraðsdómi.

5. Jafnréttisregla íslenskra laga.

Meiri hluti dómenda telur, að taka beri kröfu áfrýjanda til greina með tilteknum hætti vegna jafnréttisreglu íslensks réttar. Hér er um lagaatriði að ræða, sem byggja má dóm á eftir réttarfarsreglum, þó að það hafi ekki verið reifað nema að hluta í málflutningi.

Ekki verður því á móti mælt, að jafnréttisregla geti leitt til þess, að lögum verði ekki beitt, þó að þau séu sett með lögformlegum hætti. Má í þessu sambandi benda á H. 1986, 706 og 714, sem varða skatt á hlunnindi í eigu utansveitarmanna. Fordæmi hliðstæð þessum eru þó ekki svo mörg, að af þeim verði ráðið um reglur hér

að lútandi í einstökum atriðum. Verður þá að styðjast við almenn sjónarmið, sem fram koma í stjórnarskránni, einkum VI. kafla, 70. og 71. gr., og dómstólar hafa lagt til grundvallar við skýringar á ákvæðum stjórnarskrárinnar, þar á meðal 67. gr. Þá verður höfð hliðsjón af lögum, þar sem jafnréttishugmyndir koma fram, svo sem lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig verður litið til 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (sbr. augl. nr. A 11/1954) og 1. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (sbr. augl. nr. C 10/1979). Telja verður á þessum grunni, að það jafnrétti, sem verndað er að íslenskum lögum, verði afmarkað með hliðsjón af því, hvaða hagsmunir eru í húfi, hver er tilgangur mismununar og rök fyrir henni og hve rík mismununin er.

Áfrýjandi varð eins og aðrir, sem tóku laun eftir kjarasamningi 18. maí 1989, fyrir því, að niður féll frá 1. september 1990 4,5% kauphækkun, sem eftir samningnum bættist við laun hennar frá 1. júlí 1990. Þessi lögskipaða kaupskerðing náði aðeins til lítils hluta launþega. Var því að þessu leyti um mismunun að ræða, ef kaupskerðingarákvæði laganna er skoðað einangrað, en annað, sem fólst í hinum umdeildu bráðabirgðalögum, getur haft þýðingu við mat á því, hvort gegn jafnréttisreglu íslensks réttar hafi verið brotið.

Þeir hagsmunir, sem áfrýjandi á og varða mál þetta, snerta launakjör hennar. Ljóst er, að 67. og 73. gr. stjórnarskrárinnar fjalla um atriði, sem varða sama svið, og þykir af þeim sökum verða að telja, að til greina geti komið að lögum að meta, hvort jafnréttisregla hafi verið brotin á áfrýjanda. Þar á móti kemur, að fólk nýtur mishárra launa hér á landi. Verður því að líta til annars en eðlis hagsmuna áfrýjanda.

Tilgangur þeirrar mismununar, sem áfrýjanda var ætlað að þola, var sagður sá að „koma í veg fyrir yfirvofandi sjálfvirkar víxlhækkanir launa og verðlags og treysta þau efnahagslegu markmið, sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um". Ber að byggja á þessu, og verður þá ekki dregið í efa, að stefnt hafi verið að lögmætu markmiði.

Rök þau, sem fram komu til skýringar bráðabirgðalögunum, voru stjórnmálalegs eðlis og verða aðeins að takmörkuðu leyti metin af dómstólum. Athyglisvert er, að í inngangi bráðabirgðalaganna

segir m.a.: „Þá er nauðsynlegt, að jafnræði ríki í þróun launataxta og kaupmáttar á milli hinna ýmsu stétta í landinu". Hagsmunir þess hóps, sem utan samtaka áfrýjanda var, eru hér tengdir jafnrétti. Hvert sem endranær er gildi slíkra raka, er þess hér að gæta, að með bráðabirgðalögunum var sett almennt ákvæði um kaupbreytingar. Fyrir lá, að atvinnurekendur myndu hafa greitt flestum launþegum í landinu sömu kauphækkun og áfrýjandi fékk 1. júlí 1990, en til þess kom ekki vegna bráðabirgðalaganna. Er ekki að okkar áliti unnt að hnekkja þeim á grundvelli þess, að ónóg rök að lögum hafi komið fram varðandi setningu þeirra.

Eftir stendur að meta, hvort til svo harkalegra ráða hafi verið gripið, að ólögmætt sé gagnvart áfrýjanda. Ber þá fyrst að hafa í huga, að afskipti af launum og efnahag einstaklinga með lagasetningu eru algeng. Bráðabirgðalögin snertu hóp manna og settu jafnframt almennar reglur, sem ekki voru háðar mati í framkvæmd. Af áfrýjanda var tekin 4,5% launahækkun. Meiri hluti dómenda telur, að hún hefði átt að njóta hennar nokkru lengur en hún gerði, en launahækkun eftir lögum nr. 89/1990 leiði síðar til þess, að þessi sérstaka hækkun hafi ekki áhrif. Höfum við komist að þeirri niðurstöðu eftir atvikum öllum, að kauplækkunin hafi ekki verið svo mikil, miðað við það markmið, sem að var stefnt, og þær greiðslur, sem á móti komu, að um ólögmæta mismunun hafi verið að ræða.

Niðurstaða okkar er sú, að staðfesta beri héraðsdóm. Við teljum, að málskostnaður í Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. mars 1991.

Mál þetta höfðaði Bjarnheiður Guðmundsdóttir, kt. 010548-2339, Birkigrund 32, Kópavogi, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arnarhvoli, Reykjavík, og menntamálaráðherra f. h. rannsóknardeildar fisksjúkdóma við Tilraunastöð háskólans í meinafræði, kt. 650269-4549, Keldum við Vesturlandsveg, Reykjavík, með þingfestingu málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 4. október 1990. Málið var dómtekið 29. janúar sl., endurupptekið 11. febrúar og dómtekið á nýjan leik 25. febrúar sl.

I.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 27.634 kr. með dráttarvöxtum [...].

2. Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til þess, að stefnanda er skylt að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun lögmanns síns.

Loks er þess krafist, að dæmt verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hennar að mati dómsins.

Til vara er þess krafist, að stefnukröfurnar verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður í því tilviki.

II.

Stefnandi er ríkisstarfsmaður, ráðinn til starfa við Tilraunastöð háskólans í meinafræði með ótímabundnum ráðningarsamningi, sem staðfestur var af fjármálaráðuneytinu 6. desember 1989.

Stefnandi telur, að fjármálaráðuneytið hafi ekki greitt sér laun að fullu fyrir vinnu sína frá 1. september 1990 til 31. janúar 1991, á það skorti 27.634 kr. Vangoldin dagvinnulaun í þennan tíma nemi 21.608 kr., vangoldin yfirvinnulaun fyrir mánuðina september, október og nóvember nemi 5.331 kr. og vangoldin orlofslaun af yfirvinnu fyrir sama tíma 695 kr.

Stefnandi er félagi í Félagi íslenskra náttúrufræðinga, en það félag á aðild að Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, BHMR. Félag íslenskra náttúrufræðinga er eitt af svokölluðum samflotsfélögum BHMR, en þau félög gerðu kjarasamning við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 18. maí 1989. Kjarasamningurinn var gerður að undangengnu sex vikna verkfalli félaga í samflotsfélögunum. Önnur aðildarfélög BHMR gerðu kjarasamninga sama efnis við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs næsta dag. Aðildarfélög BHMR gerðu og hliðstæða kjarasamninga við aðra viðsemjendur sína.

Þar sem kjarasamningar þessir eru sama efnis um þau atriði, er hér skipta máli, verða þeir eftirleiðis nefndir kjarasamningur BHMR.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamnings BHMR skyldi hann gilda til 31. desember 1994, en honum mátti segja upp eftir 30. september 1990 með eins mánaðar fyrirvara.

1. gr. kjarasamningsins er svohljóðandi:

Endurskoða skal launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með tilliti til ábyrgðar, sérhæfni og menntunar, sem nýtist í starfi. Skal þessi endurskoðun hafa það að markmiði, að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og menn, sem gegna hliðstæðum störfum eða hafa sömu eða svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð og ekki taka laun skv.

launakerfi ríkisstarfsmanna, enda sé þá tekið tillit til hlunninda og annarra atriða, sem hafa áhrif á starfskjör. Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á vinnumarkaði skulu ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun.

Samkvæmt 2.-4. gr. kjarasamningsins skyldu þrjár nefndir starfa að þeirri endurskoðun, sem um getur í 1. grein hans. Ein þeirra var svokölluð kjarasamanburðarnefnd.

5. gr. kjarasamningsins er svohljóðandi:

Endurraða skal starfsheitum í launaflokka í samræmi við endurskoðun launakerfisins skv. 1. og 2. gr. Að því skal stefnt, að endurröðuninni verði lokið á ekki lengri tíma en þremur árum.

Tilfærsla milli launaflokka skal gerast í sem jöfnustum árlegum áföngum, er taki gildi 1. júlí ár hvert, sá fyrsti árið 1990.

Í hverjum áfanga skal þá miða við, að hækkun nemi einum launaflokki hið minnsta að meðaltali, en einstök starfsheiti og einstakir starfsmenn hækki þó ekki meira en nemur þremur launaflokkum. Er hér miðað við launaflokka skv. 10. gr. eða jafngildi þeirra, verði launatöflu breytt.

Sé tilefni til endurröðunar takmarkað, er heimilt að ljúka tilfærslu á skemmri tíma en þremur árum. Reynist á hinn bóginn ekki unnt að ná endurröðuninni í þremur árlegum áföngum, er heimilt að fjölga áföngum um tvo, og falla þá niður ákvæði 3. mgr. varðandi þá áfanga.

Röðun í launaflokka skal taka mið af menntun svo og faglegri, fjármálalegri og stjórnunarlegri ábyrgð, sbr. ákvæði 1., 3. og 4. gr.

Hafi nefnd skv. 3. mgr. 2. mgr. ekki skilað lokaáliti hinn 1. júlí 1990, skal greitt upp í væntanlega hækkun þannig, að tilfærslur milli launaflokka skv. 3. mgr. verði að jafnaði 1/2 launaflokki meiri en lágmark skv. 3. mgr. hefði verið frá 1. júlí 1990. Við endanlega ákvörðun áfangans skal þó enginn lækka í launaflokki.

Í stað tilfærslu milli launaflokka skv. þessari grein er aðilum heimilt að semja um önnur kjaraatriði, er jafngildi þeirri launaflokkatilfærslu, sem tilefni gefst til, eða hluta hennar.

15. gr. kjarasamningsins er svohljóðandi:

Verði almennar breytingar á launakjörum annarra launþega eftir 30. nóvember 1989, þannig, að þau hækki umfram launabreytingar skv. 12. gr., geta aðilar krafist breytingar á launaliðnum sem því nemur. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu innan eins mánaðar, frá því að krafa kemur fram, getur hvor aðili um sig óskað eftir, að ágreiningurinn verði úrskurðaður af nefnd skv. 9. gr., og skal hún þá skila niðurstöðu innan þriggja vikna.

Kjarasamanburðarnefnd mun ekki hafa lokið störfum sínum fyrir 1. júlí 1990.

Með bréfi starfandi forsætisráðherra, dags. 12. júní 1990, var fyrirsvarsmönnum BHMR tilkynnt, að ríkisstjórnin hefði ákveðið, að launahækkun, sem kveðið er á um í 5. gr. kjarasamningsins, yrði ekki greidd. Þessa ákvörðun töldu forsvarsmenn BHMR ólögmæta. Félag íslenskra náttúrufræðinga stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fyrir Félagsdóm 5. júlí 1990 og krafðist þess, að viðurkennt yrði með dómi Félagsdóms, að stefnda væri skylt frá 1. júlí 1990 að hækka laun félagsmanna stefnanda, sem hjá stefnda störfuðu og tækju laun samkvæmt kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, um 1½ launaflokk, sem jafngilti 4,5% hækkun.

Í dómi, sem upp var kveðinn 23. júlí 1990, tók Félagsdómur þessa kröfu til greina.

Fjármálaráðuneytið greiddi frá 1. júlí til 31. ágúst 1990 þá launahækkun, sem Félagsdómur kvað á um, að greidd skyldi.

Eftir að dómur Félagsdóms var fallinn, hófust samningaumleitanir á milli ríkisstjórnarinnar og forráðamanna BHMR um breytingar á kjarasamningunum frá 18. og 19. maí 1989, en þær báru ekki árangur.

Hinn 3. ágúst 1990 voru sett bráðabirgðalög, sem gefin voru út í Stjórnartíðindum sama dag. Í lögunum segir svo: [...]

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslur Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands, Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Einar Oddur Kristjánsson, formaður Vinnuveitendasambands Íslands, og Árni Benediktsson, formaður Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Ásmundur Stefánsson lýsti því, að af hálfu ASÍ hefði sú krafa verið sett fram 24. júlí í launanefnd ASÍ, VSÍ og VMS, að félagar í ASÍ fengju sömu launahækkun og félagar í BHMR. Ásmundur kvaðst þess fullviss, að vinnuveitendur hefðu ætlað að verða við kröfunni.

Ögmundur Jónasson kvað félaga í BSRB ekki hafa sett fram sams konar kröfu á þessum tíma, Þeir myndu hafa gert kröfuna við endursoðun forsendna kjarasamningsins í nóvember 1990, en félagar í BSRB hefðu ekki sætt sig við annað en fá sömu launahækkun og aðrir, enda þótt í forsendum kjarasamningsins væri ekki kveðið á um það.

Í málinu var lagt fram bréf, dags. 31. júlí 1990, sem hefur að geyma svar VSÍ og VMS við ósk ASÍ um endurskoðun samninga. Þar segir m.a.:

„Alþýðusamband Íslands hefur sett fram kröfu um endurskoðun á kaupgjaldsákvæðum gildandi kjarasamnings aðila í kjölfar sérstakrar 4,5% launahækkunar háskólagenginna starfsmanna ríkis- og sveitarfélaga í BHMR hinn 1. júlí sl. Krafa þessi er reist á 9. tölulið 10. gr. samningsins,

en þar segir, að ein af forsendum samningsins sé sú, að launaþróun annarra verði sú sama og gert sé ráð fyrir í samningnum.

Vinnuveitendur staðfesta, að þeim var fullkunnugt um, að það var af hálfu verkalýðsfélaganna frumforsenda samninga, sem miðuðu að lækkun verðbólgu og vaxta, óbreyttu verðlagi landbúnaðarafurða og tryggara atvinnuástands, að allir launamenn sætu við sama borð....

Nú liggur fyrir, að einn hópur launþega hefur þegar fengið 4,5% launahækkun umfram aðra og þar með nærfellt tvöfaldað þá launahækkun, sem ella hefði orðið á árinu. Ef þessi hækkun gengur fram, telja VSÍ og VMS sig ekki eiga annarra kosta völ en að tryggja viðsemjendum sínum hliðstæða launaþróun....“

Einar Oddur Kristjánsson sagði vinnuveitendur myndu hafa greitt umkrafða launahækkun. Haft hefði verið samband við framkvæmdastjórnarmenn VSÍ, og hefðu þeir verið samþykkir því, að launahækkunin yrði greidd. Ekki hefði þetta þó verið samþykkt formlega. Ekki hefði komið formleg beiðni um launahækkun frá öðrum en ASÍ, en vitað hefði verið, að slíkar kröfur myndu koma fram.

Árni Benediktsson kvað samband hafa verið haft við stjórnarmenn VMS, og hefðu þeir verið sammála um, að greiða yrði þessa kauphækkun, enda stæðu skuldbindingar til þess.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra kvað sér hafa verið tjáð af formönnum VSÍ og VMS, áður en bráðabirgðalögin voru sett, að vinnuveitendur myndu greiða umkrafða kauphækkun ASÍ.

Kjarasamningur Alþýðusambands Íslands vegna Iðnnemasambands Íslands og eftirtalinna landssambanda þess og einstakra aðildarfélaga þeirra: Verkamannasambands Íslands, Málm- og skipasmiðasambands Íslands,, Rafiðnaðarsambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks, Landssambands íslenskra verslunarmanna, Sambands byggingarmanna svo og félaga með beina aðild að sambandinu annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess og einstakra meðlima, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Meistara- og verktakasambands byggingarmanna og Reykjavíkurborgar hins vegar, var undirritaður 1. febrúar 1990. Samningstíminn er til 15. september 1991, og laun og launatengdir liðir hækka fimm sinnum á samningstímanum um 9,5% samanlagt. Í 10. gr. samningsins er greint, hverjar forsendur hans séu. Ein þeirra er sú, að launaþróun annarra verði hin sama og gert sé ráð fyrir í samningnum.

Í kjarasamningum Alþýðusambands Norðurlands, Verkstjórasambands Íslands og Verkstjórafélagsins Þórs, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna er samið um sömu launahækkanir á sama tímabili

og í samningi Alþýðusambands Íslands. Forsendur þessara samninga eru hinar sömu, þ. á m. ákvæðið um launaþróun annarra.

Í kjarasamningum Blaðamannafélags Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða er byggt á sömu forsendum, að því er launaþróun annarra varðar, og í kjarasamningi Alþýðusambands Íslands, og launahækkanir eru svipaðar.

Í kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar annars vegar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar er samið um sömu launahækkanir og í framangreindum samningum. Í þeirri grein, þar sem greindar eru forsendur samningsins, er ekki getið um launaþróun annarra. Samningstíminn er frá 1. febrúar 1990 til 31. ágúst 1991.

Í kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og St. Jósefsspítala annars vegar og Hjúkrunarfélags Íslands hins vegar er vísað til forsendna í kjarasamningi BSRB, en þeirri forsendu bætt við, að launaþróun annarra verði hin sama og í samningnum felist. Samningstíminn er frá 1. maí 1990 til 31. ágúst 1991. Samið var um samanlagt 7,5% kauphækkun á samningstímabilinu.

Þá hafa verið lagðir fram kjarasamningar Kjarafélags tæknifræðinga, Kennarasambands Íslands og Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur f. h. lausráðinna sjúkrahússlækna og einnig kjarasamningur vegna fastráðinna lækna.

Þessir kjarasamningar eiga það sammerkt, að ýmist var gildistími þeirra liðinn fyrir 1. júlí 1990 eða þeir uppsegjanlegir fyrir þann tíma. Kjarasamningarnir hafa allir að geyma ákvæði um rétt til breytingar á launum, hækki laun annarra launþega umfram þær hækkanir, sem í kjarasamningunum eru ákveðnar.

Lagt hefur verið fram af hálfu stefndu minnisblað hagdeildar fjármálaráðuneytisins um líkleg áhrif víxlverkunar launa og verðlags í kjölfar 4,5% launahækkunar BHMR, dags. 20. nóvember 1990, en þar segir m.a.:

„Ein af forsendunum í kjarasamningi ASÍ og VSÍ frá í febrúar var sú, að launþróun annarra launþega yrði sú sama og gert var ráð fyrir í þeim samningi. Á grundvelli þeirrar forsendu hefði 4,5% launahækkun til BHMR fljótlega leitt til samsvarandi hækkunar hjá ASÍ og og síðan hjá BSRB. Í kjölfarið hefðu félagar í BHMR krafist sömu hækkunar á grundvelli 15. gr. kjarasamnings þeirra og ríkisins, þar sem kveðið er á um sömu launahækkanir til þeirra og annarra, og síðan koll af kolli.

Augljóst er, að án aðgerða hefði þessi leið á skömmum tíma leitt til mikilla víxlhækkana launa og verðlags, sem ómögulegt er að sjá fyrir endann á. Þannig má reikna með, að árshraði verðbólgunnar miðað við verðhækkanir síðustu þriggja mánaða hefði í árslok 1990 nálgast 30% í stað

5-6% samkvæmt forsendum febrúarsamninganna. Þá hefði hækkunin innan ársins líklega orðið 8% umfram það, sem að var stefnt, þ. e. 15% í stað 6½%, sbr. eftirfarandi töflu."

Af hálfu stefndu hafa einnig verið lagðir fram útreikningar Þjóðhagsstofnunar frá 3. desember 1990 um hugsanlega verðþróun á næstu mánuðum, ef bráðabirgðalögin féllu úr gildi. Útreikningar þessir eru gerðir að beiðni forsætisráðherra. Í útreikningunum eru ýmsir varnaglar slegnir og niðurstöður byggðar á mismunandi forsendum. Miðað er við, að laun hækki í janúar, mars, maí og júní 1991, en mismikið. Samkvæmt því er gert ráð fyrir, að hækkun verðlags í júlí 1991 á ársgrundvelli gæti orðið 22,3%, 26,9% eða 37,8% eftir því, við hvaða launahækkanir er miðað.

Af hálfu stefnanda hefur verið lögð fram rannsókn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á áhrifum tiltekinnar launahækkunar frá og með 1. júlí 1990 á verðbólgu næstu 12 mánuði. Tekið er fram, að grundvallarforsenda sé, að laun annarra launþega en þeirra, sem eru í BHMR, hækki ekki. Gert er ráð fyrir því, að meðallaun BHMR-félaga séu frá því að vera jöfn launum annarra til þess að vera tvöfalt hærri. Miðað við jöfn laun verði vægi í heildarlaunagreiðslum 3%, og 4,5% launahækkun hækkaði meðallaun í landinu um 0,14%. Miðað við tvöfalt hærri laun verði vægið 5,8%, og 4,5% launahækkun hækkaði meðallaun um 0,27%. Síðan segir orðrétt: „Ef gert er ráð fyrir, að meðallaun BHMR-manna séu á bilinu meðaltal allra til tvöfalt meðaltal þeirra, sem ekki eru í BHMR, má ætla, að verðlagsáhrif 4,5% launahækkunar BHMR-manna séu á bilinu 0,07% til 0,14% í framfærsluvísitölu frá 1. júlí 1990 til áramóta 1990/1991."

Þá hefur stefnandi lagt fram skýrslu hagfræðideildar Seðlabanka Íslands, dags. 30. nóvember 1990, sem samin var að ósk forsætisráðherra.

Ekki þykir ástæða til að rekja efni skýrslunnar að öðru leyti en því, að aðalniðurstaðan er þessi:

„Það er því mat hagfræðideildar, að skynsamleg túlkun kjarasamninga ASÍ/VSÍ feli ekki í sér vá óðaverðbólgu."

Rétt er að geta þess, að í tilefni þessarar skýrslu gaf bankastjórn Seðlabankans út yfirlýsingu.

Þar segir m.a. eftirfarandi:

„ Þótt vissulega sé hægt að hafa mismunandi skoðanir á framvindu verðlagsmála, ef bráðabirgðalögin eru felld, telur bankastjórnin miklu meiri hættur fram undan en álit hagfræðideildar Seðlabankans virðist gefa í skyn. Er bankastjórnin eindregið þeirrar skoðunar, að umtalsverð almenn kauphækkun nú myndi hafa í för með sér alvarlega röskun í verðlagsþróun á næstu mánuðum, sem myndi stefna langtímamarkmiðum um lækkun verðbógu hér á landi í verulega hættu."

III.

Í upphafi munnlegs málflutnings var því lýst af hálfu stefnanda, að eitt meginmarkmiðið með gerð kjarasamnings BHMR og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefði verið að færa kjör félagsmanna í BHMR til samræmis við kjör þeirra launþega á almennum launamarkaði, er gegndu hliðstæðum störfum eða hefðu sömu eða svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð, enn fremur, að loforð um leiðréttingu þessa yrðu annað en orðin tóm, en fyrri loforð um samræmingu af þessu tagi hefðu margoft verið svikin. Um þessi atriði hefðu verkfallsátökin staðið, sem hefðu verið undanfari samninganna. Samið hefði verið um, að félagsmenn í BHMR fengju þær almennu hækkanir, sem yrðu á launamarkaðinum, en að auki sérstakar hækkanir til samræmingar á launakjörum. Samningurinn hefði sætt nokkurri gagnrýni félagsmanna vegna lítillar launahækkunar, en þeir þó sætt sig við hann vegna ákvæðanna um samræmingu launakjara.

Ríkisstjórnin hefði lýst því yfir, að öll tortryggni um, að samningurinn yrði ekki efndur, væri ástæðulaus.

Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna hefðu í febrúar 1990 samið um litlar launahækkanir, og í þeim samningum hefði hvorki verið tekið fram, að samningarnir breyttu öðrum samningum, né heldur þar verið ákvæði, sem tryggt hafi, að samkvæmt þeim yrðu greiddar sömu launahækkanir og félagar í BHMR áttu rétt á. Eftir að dómur Félagsdóms gekk, hefðu komið fram beinar og óbeinar kröfur aðila vinnumarkaðarins um, að launahækkunin, sem dómurinn kvað á um, yrði tekin af með bráðabirgðalögum.

Með 1. mgr. 2. gr. bráðabirgðalaganna hefðu verið lögfestar sömu launahækkanir og Alþýðusamband Íslands hefði samið um, en þær launahækkanir hefðu félagar í BHMR, hvort sem er, fengið samkvæmt 15. gr. kjarasamnings síns. Samkvæmt bráðabirgðalögunum hefðu félagar í BHMR verið þeir einu, sem þola hefðu mátt launalækkun, laun annarra launþega hefðu ekki lækkað.

Í upphafi munnlegs málflutnings var því lýst af hálfu stefndu, að bráðabirgðalögin hefðu verið sett til varnar svokallaðri þjóðarsátt, en hún væri víðtækur samningur fjölda aðila í þjóðfélaginu um þau efnahagslegu markmið að halda niðri verðbólgu og verja kaupmátt launa. Um kaup og kjör hefði verið samið til lengri tíma en áður og um lágar kauphækkanir, og reynt hefði verið að tryggja, að verðhækkanir yrðu litlar. Ríkisstjórnin hefði beitt sér fyrir setningu laga og reglugerða til þess að stuðla að því, að markmiðum þjóðarsáttarinnar yrði náð. Þessar aðgerðir hefðu breytt allri efnahagsstjórnun í þjóðfélaginu. Kjarasamningarnir hefðu reynst grundvöllur þess stöðugleika, sem hefði ríkt, en verðbólga á árinu 1990 hefði aðeins verið 7,2%. Í aðfaraorðum bráðabirgðalaganna sé lýst þeim

markmiðum, sem átt hafi að ná. Gildistími laganna sé hinn sami og þjóðarsáttarinnar.

IV.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að með setningu bráðabirgðalaga nr. 89, 3. ágúst 1990, hafi bráðabirgðalöggjafinn brotið gegn 2. gr., 28. gr., 67. gr. og 73. gr. stjórnarskrárinnar, en þær eru svohljóðandi: [...]

IV. 1.

Eins og fyrr segir, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að það sé andstætt 2. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um þrígreiningu ríkisvaldsins, að löggjafinn geti með setningu laga leyst ríkisvaldið undan samningsskyldum, sem staðfest hafi verið með dómi skömmu áður, að því bæri að efna, eins og verið hafi niðurstaða Félagsdóms 23. júlí 1990. Með setningu bráðabirgðalaganna hafi löggjafinn breytt endanlegum dómi yfir ríkisvaldinu, farið inn á valdsvið dómstóla og þar með bortið ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að með dómi Félagsdóms hafi verið skýrðar 1. og 5. gr. kjarasamnings BHMR og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem deilt hafi verið um, og með þeirri skýringu hafi dómurinn skapað ákveðið réttarástand. Löggjafinn hafi ekki breytt niðurstöðum dómsins um deiluefnið, heldur því réttarástandi, sem af dóminum leiddi. Þetta sé löggjafanum fyllilega heimilt, og um slíka löggjöf séu ýmis dæmi. Ekki skipti máli, hvort löggjafinn beiti þessari heimild sinni löngu eða skömmu eftir, að dómur gangi.

IV. 2.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að við setningu bráðabirgðalaganna hafi ekki verið um að ræða það skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar, að brýna nauðsyn verði að bera til setningar bráðabirgðalaga.

Samkvæmt bráðabirgðalögunum hafi engir aðrir launþegar en félagsmenn í BHMR þurft að sæta lækkun á launum sínum. Í kjarasamningum annarra launþega hafi ekki verið kveðið á um það, að þeir öðluðust rétt til sömu hækkunar og félagar í BHMR fengu frá 1. júlí 1990 samkvæmt kjarasamningi sínum. Sú fullyrðing bráðabirgðalöggjafans, að óumsamdar launahækkanir til annarra launþega hafi verið að bresta á og í veg fyrir þær þyrfti að koma með bráðabirgðalögum, séu rangar og ósannaðar. Ekkert slíkt hafi blasað við, þegar bráðabirgðalögin voru sett. Til þess að fá sömu hækkun og félagar í BHMR fengu frá 1. júlí 1990 hefðu aðrir launþegar þurft að semja um það sérstaklega við vinnuveitendur sína með nýjum kjarasamningi. Fullyrðingar forsvarsmanna Vinnuveitendasambands

Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um, að viðsemjendum þessara samtaka yrði greidd sama launahækkun og félagar í BHMR höfðu fengið, séu rangar, ósannaðar og þýðingarlausar. Óljóst sé, hvernig og hvort Alþýðusamband Íslands hafi sett fram kröfu um hækkun launa. Þegar bráðabirgðalögin voru sett, hafi ekki verið búið að afgreiða neinar hækkunarbeiðnir frá ASÍ. Félagar í ASÍ hafi því ekki öðlast neinn lögvarinn rétt til launahækkana. Félagar í BHMR hafi verið þeir einu, sem þann rétt hafi átt. Þá hafi á þessum tíma verið ósamið um aðrar forsendur kjarasamninga, sem nauðsynlegt hafi verið að semja um samfara samningum um kauphækkun. Þótt lítið yrði svo á, að fram hefðu komið kröfur frá ASÍ, þá sé í þeim samtökum aðeins helmingur launþega landsins. Aðrir launþegar hafi ekki gert kröfu um launahækkun.

Þessa málsástæðu hafi stefnandi sett fram strax í stefnu og greinargerð.

Hækkun launa félaga í BHMR hefði leitt til sáralítillar hækkunar á heildarlaunum í landinu, og sama máli hefði gegnt um aukningu verðbólgu. Þetta komi fram í rannsókn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, en þar sé komist að þeirri niðurstöðu, að 4,5% hækkun launa félagsmanna í BHMR leiði til 0,14 til 0,27 hækkunar meðallauna í landinu eftir því, hver hlutur þeirra launa af heildarlaunum sé talinn. Verðbólguspár, sem stefndu styðjist við, séu marklausar, enda hafi félagar í BHMR verið þeir einu, sem rétt hafi átt til kauphækkunar.

Ekki hafi verið bannað samkvæmt bráðabirgðalögunum að greiða öðrum launþegum sömu launahækkun frá 1. júlí til 1. september 1990. Það hafi vinnuveitendur hins vegar ekki gert og enginn krafist þeirrar hækkunar. Hækkun launa félaga í BHMR um 4,5% geti ekki talist hafa valdið brýnni nauðsyn á setningu bráðabirgðalaga. Þannig hafi stefndu ekki sýnt fram á, að þessu skilyrði til setningar bráðabirgðalaganna hafi verið til að dreifa.

Hafi verið nauðsyn á því að setja bráðabirgðalög vegna kjarasamnings BHMR í ágúst, þá hafi sama nauðsyn blasað við í febrúar 1990, þegar kjarasamningar voru gerðir. Þá hefði átt að setja almenn lög vegna kjarasamningsins.

Þá er því haldið fram af stefnanda, að mat á því, hvort brýna nauðsyn hafi borið til að setja bráðabirgðalög, sé ekki einvörðungu löggjafans, heldur beri dómstólum að taka það mat til sjálfstæðrar skoðunar, sé álitaefnið undir þá borið.

Almenn regla sé, að mál sæti úrlausn dómstóla, nema þau séu undanþegin lögsögu þeirra. Samkvæmt þeirri reglu geti dómstólar metið forsendur lagasetningar og einnig forsendur úrlausna stjórnvalda. Ef mat á hinni brýnu nauðsyn ætti að vera hjá löggjafanum einum, væru heimildir dómstóla stórlega skertar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að á þeim tíma, er bráðabirgðalögin voru sett, hafi blasað við, að laun í þjóðfélaginu myndu hækka á víxl, að verðbólgan næði fyrra stigi og þjóðarsáttin færi út um þúfur. Hin brýna nauðsyn hafi verið fólgin í því að koma í veg fyrir þessa þróun.

Hækkunin, sem félagar í BHMR hafi fengið dæmda frá 1. júlí 1990, hafi verið nær hin sama og Alþýðusamband Íslands hafi samið um fyrir félaga sína frá þeim tíma til loka samningstímabilsins, 15. september 1991. Í þeim kjarasamningi og öðrum kjarasamningum hafi ýmist verið ákvæði um, að greidd skyldi til viðbótar umsömdum hækkunum sama hækkun og aðrir fengju síðar, eða samningarnir reistir á þeirri forsendu. Samkvæmt því hafi ASÍ gert kröfu um sömu hækkun og félagar í BHMR hafi fengið frá 1. júlí 1990 og VSÍ og VMS fallist á þá kröfu. Sú afstaða vinnuveitenda hafi átt rætur sínar í febrúarsamningunum. Þetta hafi forsætisráðherra verið skýrlega tjáð, áður en bráðabirgðalögin voru sett.

Félagar í BHMR hafi talið sig eiga rétt á sömu launahækkun og félaga í ASÍ og aðra launþega samkvæmt 15. gr. kjarasamningsins, og því myndu þeir hafa gert að svo búnu kröfu til sömu launahækkunar. Slíkar víxlhækkanir á launum hefðu leitt til mikillar aukningar verðbólgu. Skipti ekki máli, við hvaða verðbólguspár sé miðað, verðbólgan hefði orðið svo mikil, að í öllum tilvikum hefði þjóðarsáttin verið úr sögunni. Frammi fyrir þessum vanda hafi stjórnvöld staðið og orðið að bregðast við honum. Ef VSÍ og VMS hefðu neitað að greiða umkrafðar kauphækkanir, hefði þjóðarsáttinni verið rift eða samningum sagt upp þegar í stað.

Ekki hafi verið hægt að sjá fyrir í febrúar 1990, að laun samkvæmt þeim kjarasamningum, sem þá voru gerðir, myndu hækka vegna kjarasamnings BHMR, en ríkisstjórnin hafi túlkað 1. gr. þess kjarasamnings á þá lund, að samkvæmt henni væri ríkisstjórninni heimilt að grípa inn í kjarasamninginn eða fresta hækkunum samkvæmt honum.

Ríkisstjórnin hafi af þessum sökum ekki álitið, að brýn nauðsyn væri fyrir hendi, fyrr en dómur Félagsdóms var fallinn.

Þótt hin brýna nauðsyn hefði verið komin í ljós á tímabilinu, frá því að þjóðarsáttin var gerð, þar til Alþingi var slitið, leiði það til sömu niðurstöðu, því að við það ástand verði að miða, sem ríki, þegar bráðabirgðalög séu sett.

Fyrir setningu bráðabirgðalaganna hafi verið reynt að ná samningum við BHMR, en það hafi ekki tekist.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að bráðabirgðalöggjafinn eigi einn mat á því, hvort brýn nauðsyn sé til setningar bráðabirgðalaga. Dómstólar geti ekki tekið til endurskoðunar huglægt mat bráðabirgðalöggjafans á nauðsyninni. Þetta sé skoðun bæði íslenskra og danskra fræðimanna. Þetta komi einnig fram í dómum, sem gengið hafi hér á landi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að sú skerðing á launakjörum hennar, sem bráðabirgðalögin höfðu í för með sér, sé brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttarins. Þau laun, sem stefnandi var sviptur með bráðabirgðalögunum, hafi verið eign í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar, og réttindi samkvæmt vinnusamningum njóti verndar greinarinnar. Þetta eigi ekki síst við, þegar launin hafi verið ákveðin með niðurstöðu dóms. Launaskerðingin hafi verið sérstök, en ekki almenn, og því ekki réttlætanleg samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Launaskerðingin samkvæmt bráðabirgðalögunum hafi einungis náð til félaga í BHMR, en þeir séu 3500 til 3700 talsins, innan við 3% af launþegum landsins. Aðrir launþegar hafi engan rétt öðlast til launahækkunar og engri launahækkun verið sviptir með bráðabirgðalögunum. Hins vegar hafi verið reynt að láta líta svo út, að launaskerðingin væri almenn. Engar efnahagslegar forsendur hafi því legið til grundvallar launaskerðingunni. Engin málefnaleg rök hafi legið til þess að haga launaskerðingunni eins og gert var, en hún hafi skert jafnræði launþega og gengið lengra en þörf hafi krafið. Nær jafnræði hefði verið, ef framtíðarhækkanir hefðu verið afnumdar. Því hafi hér ekki verið til að dreifa; sú hækkun, sem bráðabirgðalögin afnámu, hafi verið komin til framkvæmda. Ríkisstjórnin hafi átt aðra möguleika en setningu bráðabirgðalaga til að ná sömu markmiðum. Samkvæmt þessu sé tvímælalaust, að stefnandi hafi verið sviptur eign, sem njóti verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að allir launþegar hafi átt í vændum sömu launahækkun og félagar í BHMR höfðu fengið, og hafi sú hækkun verið á grundvelli ákvæða í kjarasamningum sama efnis og í 15. gr. kjarasamnings BHMR, þ. e. um viðbótarhækkanir, yrðu almennar breytingar á launakjörum annarra launþega. Bráðabirgðalögin hafi tekið til flestra gildandi kjarasamninga og laun samkvæmt þeim lækkað um sama hlutfall, þ. e. 4,5%. Launaskerðing sú, sem bráðabirgðalögin höfðu í för með sér, hafi því verið almenn, en ekki sérstök. Hækkanir til annarra launþega en félaga í BHMR hafi verið tilefni bráðabirgðalaganna.

Sé það ný málsástæða hjá stefnanda, sem fyrst hafi komið fram við munnlegan flutning málsins, að ekkert liggi fyrir í skjölum málsins um það, að aðrir launþegar fengju sömu hækkanir og félagar í BHMR, sé hún of seint fram komin. Stefnandi hafi þess vegna sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu, að slík hækkun hefði ekki komið til, og þar með því, að bráðabirgðalögin hafi verið sett á rangri forsendu.

Því er haldið fram af hálfu stefndu, að einu gildi, hvort litið verði svo á, að skerðingin hafi einvörðungu náð til félaga í BHMR eða allra launþega jafnt. Ástæðan sé sú, að laun, sem ekki hafi verið unnið fyrir, geti ekki

verið eign í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar. Um þetta séu þó skiptar skoðanir. Launþega skorti t. d. þá eignarréttarheimild að geta veðsettt þau laun, sem hann hafi ekki unnið fyrir. Einstakir launþegar séu ekki aðilar að kjarasamningum. Þeir gangist undir óvissu um það, hvaða laun kjarasamningar færi þeim.

Þótt litið yrði svo á, að vinnulaun, sem ekki hafi verið unnið fyrir, séu eign í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar, þá sé samt heimilt að leggja á þá eign almennar takmarkanir. Markmiðin með þjóðarsáttinni hafi verið almenns efnahagslegs eðlis, einkum þau að tryggja kaupmátt og ná niður verðbólgu. Í slíkum tilvikum sé meira svigrúm til þess að setja eignarréttinum mörk en annars. Bráðabirgðalögin hafi ekki verið hluti af þjóðarsáttinni, heldur aðgerð til þess að vernda hana.

Þegar því sé haldið fram, að lög séu ekki í samræmi við stjórnarskrá, verði það ósamræmi að vera hafið yfir allan vafa, en svo sé ekki í því tilfelli, sem hér um ræði.

IV. 4.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að jafnalvarleg atlaga að kjarasamningum og bráðabirgðalögin séu, leiði til þess, að menn glati trúnni á það að starfa í verkalýðsfélögum. Með bráðabirgðalögunum hafi því 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi verið brotin. Ekki verði við það unað, að 73. gr. stjórnarskrárinnar sé skýrð svo þröngt, að hún verji einungis rétt manna til þess að stofna félög. Við skýringar á 73. gr. stjórnarskrárinnar verði að hafa í huga þær skuldbindingar, sem íslenska ríkið hafi gengist undir með aðild sinni að Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins og öðrum alþjóðasáttmálum, svo sem sáttmálum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, International Labour Organization, þar sem kveðið sé á um félagafrelsi, enda þótt ekki sé um að ræða réttarheimildir að íslenskum lögum. Stefnandi vísar til sáttmála Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87, 98 og 151.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að 73. gr. stjórnarskrárinnar og þeir alþjóðasáttmálar, sem stefnandi vitni til, varði ekki kröfugerð hennar. Í stjórnarskránni sé aðeins kveðið á um rétt manna til að stofna félög. Ekki hafi verið viðurkennt í dómum, að 73. gr. stjórnarskrárinnar verndaði menn fyrir svokölluðu neikvæðu félagafrelsi, þ. e. skyldu til að vera í félögum. Reynslan hafi líka leitt í ljós, að margítrekuð afskipti löggjafans af kjarasamningum hafi í engu grafið undan félagsstarfsemi launþega.

V.

Um varakröfu sína halda stefndu því fram, að komi til þess, að kröfur stefnanda verði teknar til greina, eigi þær að lækka um fjárhæð þeirra kauphækkana, sem stefnandi fékk greiddar frá 1. október 1990. Þannig eigi

stefnandi ekki að fá greidda hærri fjárhæð en 21.304 kr., en af þeirri fjárhæð séu 668 kr. orlofslaun, sem ekki eigi að greiða stefnanda.

Samkvæmt kjarasamningi, sem stefnandi haldi fram, að sé í gildi, eigi hún ekki rétt á kauphækkunum frá og með 1. október 1990. Af hálfu BHMR hafi engar kröfur verið gerðar um launahækkanir samkvæmt 15. gr. þeirra, eins og rétt hefði verið, fyrst samtökin hafi talið samningana í fullu gildi. Hvaða form eða formleysi hafi áður verið viðhaft um kaupkröfur við svipaðar kringumstæður, skipti hér ekki máli, og sé ekki hægt að yfirfæra það á þær aðstæður, sem nú séu.

Stefnanda hafi verið greidd launahækkun samkvæmt ákvæðum bráðabirgðalaganna, og séu þau ógild, hafi verið greitt umfram skyldu.

Ríkisstjórnin hafi ákveðið að segja upp kjarasamningnum við BHMR, en sú uppsögn hefði ekki getað komið til fyrr en 30. september 1990 samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins. Engin uppsögn hafi verið send, vegna þess að bráðabirgðalögin hafi verið sett fyrir 30. september 1990. Verði bráðabirgðalögin dæmd ógild, verði að byggja á því, að kjarasamningnum hefði verið sagt upp.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að kröfu um launahækkun samkvæmt samningum þurfi ekki að setja fram skriflega eða í ákveðnu formi. Venjan sé sú að beina munnlegum tilmælum um hækkun til launagreiðanda, og dugi þau tilmæli ekki, sé sett fram skrifleg krafa.

Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri BHMR, hafi skýrt frá því fyrir dóminum, að kröfum um launahækkun hafi verið beint til fjármálaráðuneytisins, og hafi þær kröfur verið setttar fram samkvæmt 15. gr. kjarasamningsins. Ekki skipti máli, hvort fjármálaráðherra telji, að stefnanda hafi verið greidd launahækkun samkvæmt bráðabirgðalögunum.

Ríkisstjórnin hafi aldrei sagt upp kjarasamningnum, en það hafi í fyrsta lagi verið hægt 30. september 1990. Þótt ríkisstjórnin hefði sagt upp samningnum, hefði það engu máli skipt, því að samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986 gildi sá kjarasamningur, sem sagt hafi verið upp, þar til nýr hafi verið gerður.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hún sé einn réttur aðili til þess að krefjast orlofslauna sinna, þótt stefndu greiði þá fjárhæð inn á orlofsreikning stefnanda.

Stefndu hafi ekki sett þessa málsástæðu fram fyrr en 15. janúar sl., og sé hún of seint fram komin.

VI.

Telja verður, að málsástæður aðila þessa máls séu nægjanlega snemma fram komnar.

Eins og að framan er rakið, deildu forráðamenn BHMR og fjármálaráð-

herra um skilning á kjarasamningi aðila frá 18. maí 1989, einkum 1. gr., sbr. 5. gr. samningsins. Úr þeirri deilu var skorið með dómi Félagsdóms, sem upp var kveðinn 23. júlí 1990, á þann hátt, að ríkissjóði var gert skylt að hækka laun félagsmanna stefnanda í því máli, Félags íslenskra náttúrufræðinga, um 4,5%. Ríkissjóður greiddi öllum félögum í samflotsfélögum BHMR sömu launahækkun frá 1. júlí 1990, eftir því sem best er vitað. Með bráðabirgðalögunum nr. 89, 3. ágúst 1990, voru felldar úr gildi 5. og 15. gr. framangreinds kjarasamnings, en í 5. gr. var það ákvæði, sem hækkun launa um 4,5% byggðist á, og reyndar fleiri ákvæði, en um þau deila aðilar þessa máls ekki sérstaklega, og koma þau því hér ekki við sögu. Launahækkunin féll niður frá og með 1. september 1990 samkvæmt bráðabirgðalögunum. Með bráðabirgðalögunum voru og felld úr gildi hliðstæð ákvæði í kjarasamningum aðildarfélaga BHMR og annarra viðsemjenda þeirra.

VI. 1.

Eðlilegt þykir að taka fyrst afstöðu til deilu aðila um það, hvort það skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar, að brýna nauðsyn verði að bera til setningar bráðabirgðalaga, hafi verið um að ræða og hvort bráðabirgðalöggjafinn eigi um það endanlegt mat eða dómstólar. Hér ber dómstólum eins og öðrum handhöfum ríkisvaldsins að virða innbyrðis valdmörk.

Mat á því, hvort brýna nauðsyn beri til setningar bráðabirgðalaga, hlýtur ætíð að verulegu leyti að byggjast á því, að hvaða markmiðum er stefnt hverju sinni í stjórnmálum og hvernig þeim skuli náð, rétt eins og verulegur hluti almennrar löggjafar er því marki brenndur. Verður m. a. af þeim sökum að líta svo á, að bráðabirgðalöggjafinn hafi allfrjálsar hendur um þetta mat, en þó ekki óbundnar með öllu. Telja verður, að ekki sé undan dómsvaldinu skilið að leggja mat á það, hvort bráðabirgðalög hafi verið sett í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar að þessu leyti, enda væri slík skýring óeðlileg, þegar m. a. er haft í huga, að dómstólar dæma um það, hvort almenn löggjöf brýtur í bága við stjórnarskrána eða ekki, bæði að efni og setningarhætti. Heimildir dómstólanna, að því er þetta atriði varðar, verður þó að skýra þannig, að þeirra sé fyrst og fremst að meta, hvort sú brýna nauðsyn, sem bráðabirgðalöggjafinn telur vera á setningu bráðabirgðalaga, sé studd nægilegum rökum, svo að ljóst megi vera, að um sýnilega misbeitingu heimildarinnar sé ekki að ræða.

Í aðfaraorðum bráðabirgðalaganna er lýst þeirri nauðsyn, sem talin var á því, að lögin yrðu sett.

Sú kauphækkun, sem tekin var af félögum í BHMR með bráðabirgðalögunum, var til komin eftir langt verkfall og átti sér þær sérstöku forsendur, að með henni átti hinn 1. júlí 1990 að stíga fyrsta skrefið til þess að færa

kjör félagsmanna til samræmis við kjör annarra háskólamenntaðra manna, sem ekki vinna í þágu ríkisins, væri þá ekki lokið samanburði á kjörum þessara hópa. Samkvæmt kjarasamningnum átti einnig að greiða ákveðnar launahækkanir á samningstímanum. Þá var ákvæði í 15. gr. kjarasamningsins, sem heimilaði félagsmönnum að krefjast hækkunar á launum til samræmis við almennar breytingar á launakjörum annarra launþega, yrðu þær meiri en þær launahækkanir, sem kveðið var á um í kjarasamningnum. Ákvæði sama efnis, þ. e. um launahækkanir vegna almennra breytinga á launakjörum annarra launþega, er að finna í þeim kjarasamningum, sem lagðir hafa verið fram í máli þessu, að kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frátöldum.

Upplýst er í málinu, að Alþýðusamband Íslands gerði þá kröfu í júlílok 1990, að þeir launþegar, sem það samdi fyrir í febrúar 1990, fengju 4,5% hækkun á launum sínum, og fyrir liggur, að Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna ætluðu að verða við þeirri kröfu, enda þótt formlegar samþykktir hefðu ekki verið um það gerðar. Ekki höfðu komið fram kröfur frá öðrum samtökum launafólks um sömu launahækkun. Formaður VSÍ kvað það hafa verið vitað, að kröfur frá öðrum launþegum myndu koma fram.

Formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja var þess fullviss, að félagsmenn BSRB hefðu gert kröfu í nóvember 1990 til sömu launahækkunar og BHMR fékk og fengið hana greidda, enda þótt í kjarasamningi BSRB væri ekki ákvæði þar um.

Forsætisráðherra kvað sér hafa verið gerða grein fyrir þessum kröfum launþega og viðbrögðum vinnuveitenda, og til þess að koma í veg fyrir víxlhækkanir launa, sem leitt hefðu til eyðileggingar á þjóðarsáttinni, hefðu bráðabirgðalögin verið sett.

Með það í huga, sem að framan er rakið, verður að telja, að sýnt hafi verið fram á með nægjanlegum hætti, að nauðsyn hafi borið til setningar bráðabirgðalaganna til þess að ná þeim stjórnmálalegu markmiðum, sem að var stefnt og lýst er í aðfaraorðum bráðabirgðalaganna. Ekki verður séð, að markmið þessi hafi út af fyrir sig haft að geyma neins konar ólögmæti, og nauðsynin þykir hafa verið nægilega rík til þess, að telja verði setningu bráðabirgðalaganna innan heimildarmarka 28. gr. stjórnarskrárinnar, að því er varðar ákvæðið um brýna nauðsyn.

Rétt er að taka hér fram, að ekki þykir skipta máli, hvort nauðsyn á setningu laga í þessu skyni kann að hafa legið fyrir einhvern tíma, áður en bráðabirgðalögin voru sett, því að mat á nauðsyninni verður að miða við setningartíma bráðabirgðalaganna.

1989

VI. 2.

Með setningu bráðabirgðalaganna létti bráðabirgðalöggjafinn ákveðinni greiðsluskyldu af ríkissjóði, sem hann hafði gengist undir, er kjarasamningurinn var undirritaður 18. maí 1989. Með dómi Félagsdóms frá 23. júlí 1990 var staðfest, að þessi greiðsluskylda væri fyrir hendi. Að til þurfti dóm Félagsdóms til þess að setja niður þá deilu, sem risið hafði með aðilum kjarasamningsins um skilning á samningnum, þykir út af fyrir sig ekki skjóta loku fyrir rétt löggjafarvaldsins til íhlutunar um efni kjarasamningsins, en ýmis dæmi eru til um íhlutun löggjafarvaldsins um kaup og kjör. Þó ber sérstaklega að hafa í huga, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs var aðili kjarasamningsins, og af þeim sökum verður að telja, að íhlutunarrétti löggjafarvaldsins séu þrengri skorður settar en ella, enda þótt hér sé um að ræða tvo sjálfstæða handhafa ríkisvalds. Eftir að dómur Félagsdóms gekk, varð íhlutunin að byggjast á öðrum sjónarmiðum en þeim einum að létta greiðslubyrði af ríkissjóði sem samningsaðila, ætti hún að teljast heimil.

Fallast verður á það með stefndu, að íhlutunin byggist ekki á því fyrst og fremst að létta þeirri skyldu af ríkissjóði að greiða 4,5% launahækkun til félaga í samflotsfélögum BHMR, þótt hún hafi vissulega haft það í för með sér, heldur einnig að koma í veg fyrir með því móti, að aðrir launþegar í landinu fengju greidda sömu launahækkun og laun hækkuðu á víxl.

Lagasetning af þessu tagi verður af þessum sökum ekki talin brjóta gegn þrígreiningu ríkisvaldsins, sem kveðið er á um í 2. gr. stjórnarskrárinnar.

VI. 3.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að 67. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið brotin, þegar afnumin var með bráðabirgðalögunum sú 4,5% kauphækkun, sem kveðið var á um í kjarasamningi BHMR, að greidd skyldi.

Líta verður svo á, að laun manna, sem þeir eiga rétt á að fá greidd fyrir vinnu sína samkvæmt bindandi kjarasamningi eins og þeim, sem hér er til að dreifa, séu eign þeirra í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er um það deilt, að laun, sem unnið hefur verið fyrir, njóta verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Laun, sem ekki hefur verið unnið fyrir, en samið um, eru kröfuréttindi, þó því skilyrði bundin að sjálfsögðu, að vinna skal koma á móti launagreiðslum. Þessi réttindi, verður að telja, að njóti verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar eins og þau laun, sem unnið hefur verið fyrir. Stefnandi var ráðinn til vinnu hjá ríkinu með sérstökum ráðningarsamningi, en hún tók laun samkvæmt kjarasamningi BHMR.

Skal nú vikið að því, hvort bráðabirgðalöggjafinn gat, enda þótt réttur til launa sé eign samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar, skert þau bótalaust, en sú er málsástæða stefndu.

Líta verður svo á, að löggjafanum sé heimilt undir vissum kringumstæðum, svo sem við framkvæmd efnahagsstefnu, að skerða samningsbundin laun manna, án þess að bætur komi fyrir. Sú heimild er þó ákveðnum skilyrðum bundin, og verður að telja hin helstu þau, að skerðingin sé almenn, ekki úr hófi, ekki sé um beina tilfærslu verðmæta frá einum aðila til annars að ræða, gild rök séu færð fram fyrir nauðsyn skerðingarinnar og að þeir hagsmunir, sem ætlunin er að vernda, hafi mun meira vægi en hagsmunir þeirra, sem löggjöfin beinist að. Hér er vissulega um matskenndar viðmiðanir að ræða, sem þó verður að styðjast við.

Telja verður, að í málinu hafi verið leiddar í ljós yfirgnæfandi líkur á því, að mikill hluti launþega í landinu hefði fengið greidda sömu kauphækkun og félagsmenn í BHMR, hefðu bráðabirgðalögin ekki verið sett. Bráðabirgðalögin leiddu til þess, að nýfengin kauphækkun félagsmanna í BHMR var tekin af og væntanleg kauphækkun annarra launþega ekki greidd, og snerti þessi skerðing því mun fleiri launþega en félagsmenn í BHMR. Með þessum hætti voru ekki færð verðmæti frá einum aðila til annars í þeim skilningi, sem leggja verður í það skilyrði, enda þótt launagreiðendum sparaðist við þetta nokkurt fé. Sú launahækkun, sem af var tekin, var nokkuð mikil miðað við þær launahækkanir, sem almennt hafði verið samið um, að kæmu til framkvæmda á svipuðum tíma. Verður þó að telja, að með launaskerðingunni hafi ekki verið farið út fyrir þau mörk, sem setja verður skerðingu af þessu tagi.

Þær ástæður, sem fram eru færðar fyrir því, að launaskerðingin hafi verið nauðsynleg, eru stjórnmálalegs eðlis. Þótt um hafi verið að ræða allharkalegar aðgerðir löggjafarvaldsins, m. a. þær að breyta kjarasamningi, sem ríkið var aðili að, því í hag, verður þó að telja, að sýnt hafi verið fram á, að um hafi verið að tefla þá hagsmuni stjórnvalda að hafa svigrúm til þess að framfylgja ákveðinni efnahagsstefnu með það að markmiði að koma í veg fyrir víxlhækkanir launa og halda verðlagi í skefjum. Þá hagsmuni verður að telja það ríka, að afnám þeirrar almennu launahækkunar, sem bráðabirgðalögin kváðu á um, hafi verið réttlætanlegt.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður að telja, að sú skerðing á launum, sem bráðabirgðalögin höfðu í för með sér, hafi verið innan þeirra marka, sem að framan er lýst, að setja verði skerðingu af þessu tagi, og því hafi með henni ekki verið brotið gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar.

VI. 4.

Stefnandi heldur því fram, að bráðabirgðalögin, einkum þó 2. og 4. gr. þeirra, fari í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og einnig sáttmála Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þessa sáttmála beri að hafa í

huga, þegar 73. gr. stjórnarskrárinnar sé skýrð, enda þótt þeir séu ekki réttarheimildir að íslenskum lögum.

Samkvæmt forsögu 73. gr. stjórnarskrárinnar er ljóst, að henni var ætlað það hlutverk að vernda rétt manna til þess að stofna félög í löglegum tilgangi, án þess að slík félagsstofnun væri háð leyfi stjórnvalda. Stjórnarskrárgreinin hefur ekki verið skýrð þannig, að hún verndi rétt manna til að neita að ganga í félag eða halda félagsaðild áfram. Enn síður verður greinin skýrð svo, að hún verndi menn fyrir atvikum, sem valdið geta vantrú á gildi þess að starfa í skipulögðum félagsskap til þess að bæta kjör sín og réttindi. Aðgerðir af ámóta tagi þyrftu að vera mun alvarlegra eðlis en setning bráðabirgðalaganna, til þess að vernd 73. gr. stjórnarskrárinnar geti hugsanlega komið til sögu. Sáttmálar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar breyta hér engu um.

Verður því ekki talið, að bráðabirgðalögin brjóti í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson yfirborgardómari, Allan V. Magnússon borgardómari og Jón L. Arnalds borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra f. h. rannsóknadeildar fisksjúkdóma við Tilraunastöð háskólans í meinafræði, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Bjarnheiðar Guðmundsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

1992

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 47/1989. **Víkingur Guðmundsson,**
Sigfús Sigfússon,
Ingimar Baldursson,
Andrés Aðalbergsson og
Guðmundur Ármannsson sín vegna og
fyrir hönd samvinnufélagsins
Bifreiðastöðvarinnar Stefnis
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Hagþjónustunni hf.
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Verkkaup. Samvinnufélag. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Guðjón J. Björnsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Með stefnu 17. febrúar 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. janúar sama ár samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skutu áfrýjendur til Hæstaréttar dómi bæjarþings Akureyrar 9. september 1988. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefndu í héraði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með stefnu 10. apríl 1989 skutu áfrýjendur til Hæstaréttar fjárnámsgerð fógetaréttar Akureyrar, er fram fór 11. janúar 1989, í efri hæð fasteignarinnar Þórunnarstrætis 125, Akureyri. Krefjast þeir þess, að hún verði felld úr gildi. Stefnda krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest.

Mál þessi hafa verið sameinuð fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur reisa sýknukröfu sína aðallega á aðildarskorti, þar sem Bifreiðastöðin Stefnir sé samvinnufélag, en ekki sameignarfélag, eins og byggt er á í héraðsstefnu. Þar sem þeir séu aðeins

stjórnarmenn í samvinnufélaginu, sé ekki unnt að gera þá persónulega ábyrga fyrir skuldbindingum þess. Til vara er sýknukrafan byggð á því, að bókhaldsvinna stefndu hafi ekki verið í samræmi við það, sem um var beðið, og ekki komið að notum fyrir samvinnufélagið.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Akureyrar 7. apríl 1988. Mætti þá lögmaður af hálfu áfrýjenda og fékk frest til greinargerðar til 28. sama mánaðar. Málið var síðan tekið fyrir fimm sinnum á bæjarþinginu, þar sem lögmaður mætti fyrir áfrýjendur og fékk fresti til greinargerðar. Var málið tekið fyrir í sjötta sinn 23. júní 1988, og mætti þá lögmaður fyrir áfrýjendur, en málið var þá dómtekið að kröfu stefndu, án þess að nokkrar athugasemdir kæmu fram af hálfu lögmannsins.

Upplýst er í málinu og óumdeilt, að Bifreiðastöðin Stefnir er samvinnufélag, en ekki sameignarfélag. Það hefði stefndu, sem annaðist bókhaldsvinnu fyrir félagið, átt að vera ljóst. Lögmanni áfrýjenda, stefndu í héraði, bar að gera grein fyrir þessum annmarka á málatilbúnaði, þegar hann mætti fyrir þá á bæjarþinginu. Það atriði hefði þá fengið úrlausn héraðsdómara. Þetta gerði hann ekki, og héraðsdómur féll á umbjóðendur hans á þeim röngu forsendum, að þeir væru eigendur sameignarfélags og bæru sem slíkir ótakmarkaða ábyrgð að lögum á skuldbindingum þess. Málið var því þannig úr garði gert í héraði, að á það verður ekki lagður efnisdómur í Hæstarétti. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður fjárnámsgerðin frá 11. janúar 1989 felld úr gildi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ágripsgerð í málinu er áfátt. Meðal annars eru mörg skjöl tvítekin þar og efnisyfirlit villandi. Er þetta aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Framangreind fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. september 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní 1988, hefur Hagþjónustan hf., nnr. 3525-0719, Skipagötu 14, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 16. mars 1988, á hendur Víkingi Guðmundssyni, kt. 290524-6529, Grænhóli, 601 Akureyri, Sigfúsi Sigfússyni, kt. 300639-3059, Þórunnarstræti 125, Akureyri, Ingimari Baldurssyni, kt. 200655-3389, Bægisá, Glæsibæjarhreppi, 601 Akureyri, Andrési Aðalbergssyni, kt. 010251-2659, Helgamagrastræti 42, Akureyri, Guðmundi Ármannssyni, kt. 301127-4139, Aðalstræti 2, Akureyri, persónulega og f. h. sameignarfélags þeirra, Stefnis, Óseyri 1, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 850.565 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum auk málskostnaðar].

Dómsorð:

Stefndu, Víkingur Guðmundsson, Sigfús Sigfússon, Ingimar Baldursson, Andrés Aðalbergsson, Guðmundur Ármannsson, persónulega og f. h. sameignarfélags þeirra, Stefnis, greiði in solidum stefnanda, Hagþjónustunni hf. 828.065 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndu greiði stefnanda 150.684 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 487/1989. **Jón Elliði Þorsteinsson**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
Erlu Sigurjónsdóttur
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)
og gagnsök.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Örorkumat. Sakarskipting. Læknaráð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að hann verði dæmdur til að greiða stefndu mun lægri fjárhæð en í hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir báðum dómstigum.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1990. Hún krefst þess aðallega, að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða skaðabætur, að fjárhæð 2.654.100 krónur, með vöxtum sem hér segir: 34% ársvöxtum frá 1. maí 1982 til 31. október s. á., 42% frá 1. nóvember s. á. til 20. september 1983, 35% frá 21. september til 20. október s. á., 32% frá 21. október til 20. nóvember s. á., 27% frá 21. nóvember til 20. desember s. á., 21,5% frá 21. desember s. á. til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar til 12. ágúst s. á., 17% frá 13. ágúst til 31. desember s. á., 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí s. á., 22% frá 11. maí s. á. til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars til 31. mars s. á., 9% frá 1. apríl s. á. til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar til 20. febrúar s. á., 11% frá 21. febrúar til 30. apríl s. á., 12% frá 1. maí til 20. júní s. á., 13% frá 21. júní til 10. júlí s. á., 15% frá 11. júlí til 20. september s. á., 17% frá 21. september til 10. október s. á., 19% frá 11. október til 31. október s. á., 20% frá 1. nóvember til 30. nóvember s. á., 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar til 29. febrúar s. á., 19% frá 1. mars til 1. apríl

s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 15., sbr. 10. grein vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 277.176 krónum, er Samvinnutryggingar gt. greiddu stefndu 8. mars 1988. Þess er krafist, að kveðið verði á í dómsorði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. apríl 1988. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Aðaláfrýjandi ók bifreið sinni, MG-sportbifreið, eftir Grænásvegi á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann liggur beinn í nokkrum slakka niður að Grænáshliðinu. Aðaláfrýjandi sá fólksflutningabifreiðina kyrrstæða, löngu áður en hann kom að henni. Rétt áður en gagnáfrýjandi hljóp yfir veginn og á bifreið hans, ók hann yfir gatnamót, sem merkt voru með gangbrautarmerki. Fallast ber á það álit héraðsdóms, að aðaláfrýjandi beri sök á slysinu með aksturslagi sínu, en að gagnáfrýjandi beri sjálf nokkra sök, þannig að lækka beri bætur til hennar um 1/4 hluta vegna eigin sakar.

Með vísan til álits læknaráðs 13. júlí 1989 verður að telja í ljós leitt, að flogaveiki gagnáfrýjanda sé sennileg afleiðing af slysi þessu. Eigi er ágreiningur um læknisfræðilegt mat á örorku gagnáfrýjanda.

II.

Jón Erlingur Þorlaksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað höfuðstólsverðmæti örorkutjóns gagnáfrýjanda á slysdegi 1.117.200 krónur. Hinn 3. mars 1988 var henni greidd vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar vegna bifreiðarinnar, 120.000 krónur, ásamt vöxtum frá 7. maí 1982 til 10. mars 1988 og útlögðum kostnaði. Þegar tekið hefur verið tillit til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af eingreiðslu, þykir tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku hæfilega ákveðið 850.000 krónur. Miski gagnáfrýjanda telst hæfilega metinn 110.000 krónur miðað við slysdag, og telst tjón hennar því nema 960.000 krónum. Verður aðaláfrýjanda gert að greiða 3/4 hluta þess, 720.000 krónur, að frádregnum 120.000 krónum, þ. e. 600.000 krónur, ásamt vöxtum frá 1. maí 1982 og málskostnaði eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón Elliði Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Erlu Sigurjónsdóttur, 600.000 krónur með 34% ársvöxtum frá 1. maí 1982 til 1. nóvember s. á., 42% frá þeim degi til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október s. á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s. á., 27% frá þeim degi til 21. desember s. á., 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 13. ágúst s. á., 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s. á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl s. á., 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s. á., 11% frá þeim degi til 1. maí s. á., 12% frá þeim degi til 21. júní s. á., 13% frá þeim degi til 11. júlí s. á., 15% frá þeim degi til 21. september s. á., 17% frá þeim degi til 11. október s. á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 20% frá þeim degi til 1. desember s. á., 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars s. á., 19% frá þeim degi til 1. apríl s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1988.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 360.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin lýsing á vettvangi samkvæmt uppdrætti eins þeirra lögreglumanna, sem komu á staðinn fljótlega eftir, að slysið varð. Kemur þar fram, að hemlaför eftir bifreið aðaláfrýjanda mældust 25 m, þar af 10 m að þeim stað, þar sem hann sveigði bifreiðina út af Grænásvegi. Samkvæmt uppdrættinum hafði aðaláfrýjandi ekið fram hjá umferðarmerki A 7., sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 61/1959 um umferðarmerki og notkun þeirra, sbr. ákvæði 38. og 66. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem voru í

gildi á þessum tíma. Var umferðarmerki þetta aðaláfrýjanda á hægri hönd sunnan götu heim að fjölbýlishúsum, sem þar eru. Gaf það til kynna, að sýna bæri sérstaka aðgæslu vegna gangandi vegfarenda yfir veginn. Bar aðaláfrýjanda að haga akstri sínum í samræmi við það. Þegar litið er til þess, að bifreiðin stöðvaðist ekki fyrr en um 25 m eftir, að aðaláfrýjandi beitti hemlum, tel ég ljóst, að hann hafi ekið allt of hratt miðað við aðstæður, sbr. ákvæði j-liðar 2. mgr., sbr. 1. mgr. 49. gr. þágildandi umferðarlaga. Því tel ég, að leggja beri á hann alla fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara Hæstaréttar um, að líkamstjón gagnáfrýjanda sé afleiðing umræddS slyss, svo og um ákvörðun bóta fyrir fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón gagnáfrýjanda og tel samkvæmt framansögðu, að aðaláfrýjandi skuli bæta það að fullu með vöxtum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 2. nóvember 1989.

1. Mál þetta, sem var dómtekið 10. f. m., var höfðað 7. maí 1986.

Stefnandi er Erla Sigurjónsdóttir, starfsstúlka á Kópavogshæli, Brekkustíg 15, Njarðvík.

Stefndi er Jón Elliði Þorsteinsson fulltrúi, Hringbraut 48, Keflavík.

Samvinnutryggingum gt. var stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 2.654.100 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu. Mótmælt er sem of seint fram kominni þeirri kröfu, sem stefnandi gerði við málflutning, að dráttarvextir legðust við tildæmdan málskostnað.

2. Í stefnu greinir svo frá málavöxtum: „Miðvikudaginn 12. maí fékk stefnandi máls þessa, Erla Sigurjónsdóttir, sem þá var átta ára gömul, far með rútubifreiðinni J-433 frá biðskýlinu í Njarðvík. Var ferðinni heitið að gatnamótum Grænásvegar og afleggjarans að íbúðarhúsunum í Grænási á Keflavíkurflugvelli, en þar átti Erla heima.

Ökumaðurinn, Bjarni S. Friðriksson, ók bifreiðinni frá Njarðvík, gegnum Grænáshlið, upp Grænásveg og stöðvaði bifreiðina vel úti í hægri vegarkanti rétt neðan við fyrrnefnd gatnamót. Þar hleypti hann Erlu út úr bifreiðinni.

Erla gekk yfir Grænásveg, en í sömu andrá bar að bifreiðina Ö-1468, sem ekið var hratt niður veginn í átt að hliðinu. Erla kveðst hafa séð bifreiðina, áður en hún fór út á veginn, en henni fannst bifreiðin vera langt í burtu. Ökumaður og eigandi bifreiðarinnar, stefndi, Jón Þorsteinsson, sveigði frá Erlu og hemlaði, en tókst ekki að afstýra því, að vinstra frambretti bifreiðarinnar skall á Erlu. Féll hún í götuna og hlaut mikið högg hægra megin á höfuð. Var Erla flutt í Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, og kom þar í ljós, að hún hafði fengið heilahristing, og á röntgenmynd sást sprunga í höfuðkúpu hægra megin. Hún útskrifaðist af sjúkrahúsinu eftir þrjá daga og virtist ná sér eftir höfuðkúpubrotið.

Í ágústmánuði 1979 fékk Erla mikið krampakast og var eftir það send í ýtarlega læknisrannsókn. Leiddi hún í ljós, að Erla er flogaveik. Flogaveikin er á talsvert háu stigi, en henni hefur að mestu leyti verið haldið í skefjum með lyfjum. Læknar telja, að flogaveikin sé afleiðing af fyrrnefndum höfuðáverka. Þá bendir allt til þess, að áverkinn hafi verulega heft þroska Erlu. Hún hefur átt í erfiðleikum í námi. Hún á erfitt með einbeitingu, og mun þetta að líkindum stórlega minnka tekjumöguleika hennar í framtíðinni og valda henni auk þess öðrum erfiðleikum og óþægindum.

Varanlegar afleiðingar höfuðáverka eru oft lengi að koma að fullu í ljós, sérstaklega þegar börn slasast. Liðu mörg ár, þar til unnt var að greina sjúkdóm Erlu og ákvarða, af hverju hann stafaði. Gengið hefur illa að afla vottorðs frá sérfræðingi þeim, sem stundað hefur Erlu, Sverri Bergmann, og tókst ekki að afla þess fyrr en 1. þ. m. Fyrr lá ekkert skriflegt læknisfræðilegt gagn fyrir, sem færði sönnur á afleiðingar slyssins á heilsu Erlu. Því er máli þessu stefnt, án þess að fyrir liggi örorkumat læknis og tjónsútreikningar tryggingafræðings. Þess vegna hefur ekki heldur verið leitað samninga við Samvinnutryggingar gt. um uppgjör í málinu, en það verður gert hið fyrsta.

Málsókn þessi nú er óhjákvæmileg vegna þess, að skaðabótakrafa Erlu á hendur stefnda er að því komin að fyrnast."

Stefndi gerir þá athugasemd eina við þessa málavaxtalýsingu, að því sé mótmælt, að stefndi hafi ekið hratt, er slysið varð.

3. Lögreglumenn komu þegar á slysstað vegna tilkynningar lögreglumanns, sem var á verði í Grænáshliði. Segir í skýrslu þeirra, að slysið hafi orðið kl. 12.04 miðvikudaginn 12. maí 1976 á Grænásvegi nokkuð ofan við varðskýli, um 13 metra neðan við afleggjarann að Grænáshúsunum (fjölbýlishús). Dagsbirta hafi verið og sólskin, yfirborð vegar malbikað og færi þurrt. Samkvæmt vettvangsuppdrætti var rútubifreiðin J-433 við hægri (nyrðri) brún Grænásvegar miðað við akstursstefnu í vesturátt, að mestu utan akbrautar, um þrjá metra frá mótum vegar, sem liggur frá

norðri til suðurs að Grænáshúsum. Við gagnstæða brún 7 metra breiðs vegarins, að mestu utan hans, lá telpan, stefnandi máls þessa, fjarlægð frá gatnamótum 18 metrar og frá afturenda rútubifreiðar 10 metrar. Hemlaför bifreiðar stefnda, Ö-1468, sem var nokkru hægra (sunnan) megin vegar miðað við akstursstefnu til austurs, eru mörkuð 25 metra löng, þar af 10 metrar frá gatnamótunum að þeim stað, er þau sveigja út af Grænásvegi, um tvo metra aftan við rútubifreiðina.

Bjarni S. Friðriksson, ökumaður bifr. J-433 (lítil Flugleiðarúta) í umrætt sinn, skýrði svo frá við skýrslutöku hjá lögreglu, að rétt eftir að Erla fór út og aftur fyrir bifreiðina, hefði hann séð hana hlaupa beint yfir veginn í átt að Grænáshúsunum. Hún hefði haft sólina á móti sér, en að auki verið með úlpuhettu á höfði. Hann hefði ekki séð neina umferð um veginn fyrr en í sama mund og Erla hljóp af stað, er hann sá bifreiðina Ö-1468 bera hratt að eftir veginum. Stjórnandi þeirrar bifreiðar hafi virst sveigja hratt frá telpunni og hemla, en hún hafi hlaupið beint í átt að bifreiðinni, skollið á hlið hennar og virst hafa fengið mikið högg.

Lögreglumaður hefur eftir stefnda á slysstað, að hann hafi ekið á um 50 km hraða á leið út af Keflavíkurflugvelli, er hann hafi séð Erlu hlaupa yfir götuna, og þegar hemlað og sveigt út af veginum. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst stefndi hafa verið búinn að skipta í 3. ganghraðastig ofan við gatnamótin, enda skammt að Grænáshliði, þar sem ávallt hafi orðið að nema staðar. Kvað hann hraða bifreiðar sinnar hafa verið milli 20 og 25 mílna eða 32-40 km/klst. Hann kvaðst hafa talið, að ekki væri að vænta þess, að farþegi færi frá rútunni. Allt í einu hafi litla stúlkan komið í ljós, hlaupandi yfir veginn og hvorki horft til hægri né vinstri, en að auki með hettu yfir höfuð. Mikill hávaði hafi verið af flugvélum og stúlkan haft sólina í andlitið. Taldi stefndi víst, að af þessum sökum hefði stúlkan ekki orðið vör bifreiðar hans fyrr en of seint. Kvaðst hann hafa gert allt í senn, að þeyta bílflautuna, hemla og sveigja frá. Með þessu móti hafi tekist að forða stúlkunni frá því að lenda framan á bifreiðinni, en þess í stað hafi hún lent á vinstri hurð aftan við hliðarspegil. Fyrir dómi skýrði stefndi frá atvikum mjög á sömu lund og að framan greinir. Hann kvaðst ekki hafa séð neina hreyfingu í rútunni á 300-400 m akstursleið að henni og verið búinn að „afskrifa hana sem hættumerki", er telpan birtist allt í einu aftan við hana á harðaspretti og hægði aldrei á sér. Ekki hafi verið um að ræða venjulegan áningarstað fólksflutningabifreiða. Hann kvað hliðarspegil bifreiðar sinnar hafa brotnað við ákomuna.

Stefnandi kvaðst aðeins muna, að hún fór út úr bifreiðinni, og kvað sig minna, að hún hefði farið aftur fyrir hana.

Auk málsaðila gáfu skýrslur fyrir dómi móðir stefnanda, Gunnlaug Bjarndís Jónsdóttir, og fyrrverandi yfirkennari Grunnskóla Njarðvíkur, Sigríður Ingibjörnsdóttir.

4. Ályktun örorkumats Björns Önundarsonar læknis, dags. 15. október 1986, er að meginhluta svohljóðandi: „Í vottorði Sverris Bergmanns taugasjúkdómasérfræðings, sem er dags. 14.4. 1986, en hann hefur stundað Erlu og fylgst með henni eftir slysið, er talið, að slasaða hafi farið að „detta úr sambandi" stöku sinnum, áður en hún fékk greinilega krampakast 20.8. 1979 í flugferð í Ameríku. Eftir „grandmal"-kast það, sem slasaða varð fyrir í Ameríku, fór hún þar í rannsókn, en ekki fundust nein einkenni um heilaáverka önnur en að heilalínurit var óeðlilegt og með flogaveikiseinkennum miðtemporalt hægra megin. Sverrir Bergmann taugasjúkdómasérfræðingur hefur oft skoðað slösuðu og engin einkenni fundið um sjúkdóm í miðtaugakerfi, en hins vegar gert heilalínurit oftar en einu sinni, sem staðfesta tilvist flogaveikinnar. Sverrir Bergmann taugasjúkdómasérfræðingur telur, að slasaða sé vægt skert andlega, en segir það aðeins „bedside"-greiningu. Eftir „grandmal"-kast það, sem slasaða fékk í Bandaríkjunum í ágúst 1979, var hún sett á depakin og er á því lyfi enn. Síðan hefur slasaða ekki fengið krampaköst, en hún fær hins vegar „væg köst", telst þó ekki missa meðvitund, en trúlega er hér um „petitmal"-köst að ræða.

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur gerði sálfræðipróf á slösuðu 14. og 19. júní 1986. Niðurstaða þessara prófa er í stuttu máli sú, að slasaða sé ekki andlega skert og að hún sé að eðlisfari vel meðalgreind. Á hinn bóginn koma fram ákveðin egó-veikleikaeinkenni, en einnig einkenni um þekkingarskort. Ætla má, að flogaveiki slösuðu orsakist af áverka þeim, er hún hlaut átta ára gömul í bílslysi á Keflavíkurflugvelli. Vitsmunaleg skerðing verður ekki rakin til þessa slyss. Auðsjáanlegt er, að gera má ráð fyrir, að flogaveikin verði varanleg og slasaða þurfi að vera á lyfjum ævilangt. Þótt stærri köstum flogaveikinnar sé haldið niðri með lyfjum, eru minni háttar köst, sem þó hvergi er greinilega lýst, en ætla má, að séu svokölluð „petitmal"-köst.

Slasaða, sem nú er átján ára að aldri, býr þannig við flogaveiki, sem ætla má, að stafi af höfuðáverka þeim, er hún hlaut í slysinu á Keflavíkurflugvelli 12.5.1976. Ekki er talið, að um verulega eða marktæka greindarskerðingu sé að ræða, en þekkingarskortur er áberandi og kann að stafa óbeint af slysi því, er hér um ræðir, þar sem slasaða gat lítið stundað skólanám árin á eftir. Allar líkur benda til, að slasaða verði að taka lyf vegna flogaveikinnar ævilangt, og munu þau ein og sér draga nokkuð úr starfsgetu slösuðu. Minnisleysi það og einbeitingarskortur, sem móðir slösuðu telur hana nú búa við, kunna að einhverju leyti að stafa af lyfjagjöf. Erfitt er þó ætíð að fullyrða þessa hluti, þar sem áhrif lyfja eru mjög mismunandi á hina ýmsu einstaklinga. Þannig verður að telja, að flogaveiki sú, sem slasaða nú hefur og telja verður, að stafi af slysi því, er hér um ræðir, valdi verulegri starfsskerðingu og hafi trúlega veruleg áhrif á starfsval

slösuðu. Ekki verður talið líklegt, að neinn frekari bati fáist á afleiðingum þessa slyss hér eftir. Þar sem nú svo langt er um liðið, frá því að áðurnefnt slys átti sér stað, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundna og varanlega örorku, sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir örorkan hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í tólf mánuði	100%
eftir það í sex mánuði	50%
varanlega	30%.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli þessa örorkumats. Í skýrslu hans, dags. 24. mars 1988, segir, að miðað sé við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og varanleg örorka sé metin.

Reiknað er með tekjutapi frá og með 15. aldursári og höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps:

Miðað við 1.5.1982	kr. 2.254.100.
Miðað við 1.5.1986	kr. 3.251.400.

Tryggingastærðfræðingurinn vekur athygli á því, að venjulega sé reiknað höfuðstólsverðmæti á slysdegi. Einnig getur hann þess, að við útreikning höfuðstólsverðmætis séu fram að útreikningsdegi, 24. mars 1988, notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbankanum, en eftir þann dag 6% vextir og vaxtavextir.

Með úrskurði dómsins, upp kveðnum 1. júlí 1988, var óskað svara læknaráðs við eftirfarandi spurningum:

1. Telur læknaráð, að flogaveiki stefnanda, Erlu Sigurjónsdóttur, verði rakin til slyss þess, sem hún varð fyrir 12. maí 1976, sbr. vottorð Sverris Bergmanns læknis, dags. 14.4.1988?

2. Getur læknaráð fallist á örorkumat Björns Önundarsonar læknis?

3. Fallist læknaráð ekki á örorkumat Björns Önundarsonar, óskast umsögn ráðsins um það, hver teljist örorka stefnanda.

Álitsgerð og úrskurður læknaráðs, dags. 13. júlí 1989, er þannig:

„Ad.1. Læknaráð hefur leitað umsagnar Marinós P. Hafstein, sérfræðings í taugalækningum. Niðurstaða hans er, að af þeim gögnum, sem lögð hafa verið fram, sjáist engin augljós orsök á flogaveiki stefnanda önnur en höfuðáverki, sem hún hlaut 12.5.1976. Læknaráð fellst á þessa niðurstöðu.

Ad.2. Að fengnum skýringum Björns Önundarsonar á áætlun á tímabundinni örorku, sem er gerð samkvæmt norrænum staðli um uppsafnaða örorku frá slysdegi til þess dags, sem örorkan er metin, fellst læknaráð á niðurstöðu hans um tímabundna örorku.“

5. Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á því, að slysið hafi orðið vegna notkunar bifreiðarinnar Ö-1468 sem ökutækis, og beri stefndi sem skráður eigandi hennar fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, enda þótt það verði eigi rakið til bilunar í bifreiðinni eða ógætni ökumanns hennar, sbr. 1. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þá er því haldið fram, að stefndi virðist að mestu leyti eiga sök á slysinu. Samkvæmt frásögn hans í lögregluskýrslu hafi hann ekið á 50 km hraða fram hjá kyrrstæðri fólksflutningabifreið, en þarna megi eiga von á umferð gangandi fólks, einkum barna. Einnig segi ökumaður fólksflutningabifreiðarinnar bifreið stefnda hafa borið hratt að eftir veginum. Þá bendi löng hemlaför til þess, að bifreiðin hafi verið á mikilli ferð. Vitnað er til 1., 2. og 3. mgr., liða a, c og k, 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Um bótafjárhæð segir m.a.: „Engin lög eða rök standa til þess að miða útreikning á höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda við slysdag, eins og oftast er gert í íslenskum skaðabótamálum. Verið er að reikna út framtíðartekjutap stefnanda, tap, sem hún á eftir að verða fyrir næstu áratugi. Þetta tap er byggt á varanlegri örorku stefnanda nú og vinnulaunum, eins og þau eru nú. Að reikna út vinnutekjutap stefnanda miðað við slysdag er ekki rökrétt. Það kynni að leiða til þeirrar niðurstöðu, að stærstur hluti vinnutekjutaps stefnanda næstu áratugi myndi týnast. „Vextir" á þá kröfu fyrstu sex árin frá slysdegi væru þá hugsanlega fyrndir mörgum árum áður en vinnutekjutapið sjálft kom til og hægt var að gera sér grein fyrir fjárhæð kröfunnar."

Ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Ö-1468, Samvinnutryggingar gt., sem stefnt var til réttargæslu með vísan til 1. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, greiddi stefnanda 3. mars 1988 277.176 kr. auk útlagðs kostnaðar og málskostnaðar.

Sýknukrafa stefnda er á því reist, að ósannað sé, að örorka stefnanda stafi af umræddu slysi. Ekkert liggi fyrir um, hvernig það bar að, að stefnandi fékk flogaveikikast í Bandaríkjunum í ágúst 1979. Álit Sverris Bergmanns um orsök flogaveikinnar sé langt frá því að vera afdráttarlaust, þar sem hann bendi á, að ekki sé útilokað, að flogaveikin og andlegir erfiðleikar hafi verið til staðar fyrir slysið. Veikin gæti síðan komið í ljós við slysið, en orsakist ekki af því.

Við aðalmeðferð málsins voru færðar fram nýjar málsástæður til stuðnings sýknukröfu, annars vegar, að stefnandi eigi alla sök á slysinu, og hins vegar, að tómlæti við að halda fram kröfum eigi að leiða til sýknu, sbr. 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Lögmaður stefnanda mótmælti þessum nýju sýknuástæðum sem of seint fram komnum. Dómurinn fellst á andmælin, en gerir jafnframt þá athugasemd, að tilvitnað lagaákvæði á við um fyrningu, ekki tómlætisáhrif.

Varakröfu um lækkun dómkrafna reisir stefndi á eftirgreindu: a) Stefnandi eigi augljóslega einhverja sök á slysinu. b) Útreiknaðar bætur beri að lækka vegna skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu. c) Aðferð við útreikning örorkutjóns og niðurstöðu er mótmælt sem rangri. Dómvenja sé fyrir því að miða útreikning slysabóta við slysdag og reikna vexti frá þeim degi. d) Hver sem raunveruleg örorka stefnanda sé, þá sé því mótmælt, að hún hafi nokkur áhrif á tekjumöguleika stefnanda í framtíðinni.

Lögmaður stefnda lýsti því yfir við aðalmeðferð, að fallið væri frá fyrri andmælum gegn niðurstöðu örorkumats. Þá var einnig upplýst, að stefnandi hefði ekki fengið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Að ósk lögmanns stefnda endurreiknaði Jón Erlingur Þorlaksson tryggingastærðfræðingur 27. júlí 1988 örorkutjón stefnanda miðað við höfuðstólsverðmæti á slysdegi. Forsendur eru að öðru leyti hinar sömu og við fyrrgreindan útreikning að því undanskildu, að tekjur frá og með 22. aldursári eru reiknaðar 70% af 1.200.200 kr. í stað 956.500 kr. „Það eru nú taldar vera meðaltekjur iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar." Niðurstaðan er 1.117.200 kr.

6. Stefndi ber sem eigandi bifreiðarinnar Ö-1468 samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem voru í gildi, er slysið varð, hlutlæga fébótaábyrgð á tjóni stefnanda að því leyti, sem ekki þykir rétt að lækka fébætur eða jafnvel láta þær alveg niður falla, vegna þess að stefnandi teljist meðvaldur að því, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga.

Við mat á sök stefnanda verður jafnframt að líta til þess, hver sé hlutur stefnda að því leyti. Af gögnum málsins um aðdraganda slyssins þykir sýnt, að stefndi hafi ekið of hratt og án nægrar aðgæslu nálægt íbúðahverfi, um gatnamót og meðfram kyrrstæðri fólksflutningabifreið, þar sem ávallt má búast við umferð gangandi. Á hinn bóginn var ferð stefnanda aftur fyrir bifreiðina J-433 og viðstöðulaust þvert yfir veginn mjög gálausleg. Niðurstaða dómsins er sú, að lækka beri bætur til stefnanda um 1/4 vegna sakar hennar og að dæma beri stefnda til að bæta henni 3/4 hluta tjóns.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

1.	Örorkutjón	kr. 2.254.100
2.	Miskabætur	— 400.000

Dómurinn telur sannað af læknisfræðilegum gögnum málsins, að vegna slyssins hafi stefnandi orðið fyrir fjártjóni og miska. Af hálfu stefnda hafa ekki verið færð fram rök fyrir því, að víkja beri frá þeirri dómvenju að leggja læknisfræðilegt mat á varanlegri örorku til grundvallar mati á örorkutjóni.

Um 1.

Mismunur niðurstöðutalna örorkutjónsútreikninga, sem fram hafa verið lagðir, orsakast að mestu af mismunandi löngum afvöxtunartíma frá útreikningsdögum. Verðmætið kemur aftur með því að reikna sömu vexti á höfuðstólsverðmæti örorkutjóns.

Sú dómvenja að miða höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna örorku við slysdag styðst ekki í þessu máli við jafnljós rök og tíðast er, þar sem í hlut átti barn og reiknað var með vinnutekjutapi fyrst sex árum eftir slysið, og enn lengri tími, uns auðið yrði að meta örorku. Engu að síður teldi dómurinn sig vera bundinn af fordæmum, kæmi eigi annað til. Miðað yrði þá við „slysdagsbætur", einkum vegna fyrningar vaxta frá slysdegi til 7. maí 1982, sbr. H. 1988, 302.

Andmæli stefnda gegn kröfugerð stefnanda að þessu leyti eru byggð á því einu, að hún brjóti í bága við dómvenju. Við rekstur málsins lét lögmaður stefnda bóka án andmæla af hálfu lögmanns stefnanda, „að það sé málsástæða af hálfu umbjóðanda hans, þótt óvíst sé, að það sjáist skýrlega í greinargerð, að vextir eldri en fjögurra ára miðað við stefnubirtingardag séu fyrndir". Við málflutning lýsti hann hins vegar yfir, að hann félli frá þeirri málsástæðu, að vextir væru fyrndir. Ekki þykir rétt að taka tillit til fyrningar án kröfu stefnda, sem að öðru leyti heldur uppi vörnum í máli.

Niðurstaða dómsins að þessu leyti verður sú, að útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar á tekjutjóni stefnanda vegna varanlegrar örorku miðað við 1.5.1982, þ. e. 2.254.100 kr., verður lagður til grundvallar.

Þegar litið er til skattfrelsis og hagræðis eingreiðslu, þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkvæmt þessum lið 1.460.000 kr. Þar af hefur réttargæslustefndi greitt 277.176 kr., og nemur óbætt tjón stefnanda því 1.182.824 kr.

Um 2.

Þegar virt er sjúkrasaga stefnanda og framtíðarhorfur, þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið nú 400.000 kr. (um 150.000 kr. með afvöxtun til 1. maí 1982 með þeim vöxtum, sem í dómsorði greinir. Viðmiðun sú, sem hér er valin, er að mati dómsins eðlilegri og hentugri til samræmingar).

— — —

Samkvæmt framangreindu telst óbætt tjón stefnanda hæfilega ákveðið 1.582.824 kr. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 3/4 hluta þess, 1.187.118 kr., ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði, og málskostnaði, sem ákveðst 250.000 kr.

Krafa stefnanda um dráttarvexti af málskostnaði frá 15. degi eftir dómsuppsögu er ekki tekin til greina, þar sem málið var þingfest fyrir 1. júlí

1988, sbr. 28. gr. laga nr. 54/1988 um breytingu á lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Vextir af tildæmdum miskabótum, 300.000 kr., dæmast frá dómsuppsögudegi, en af 277.176 kr., sem réttargæslustefndi greiddi stefnanda 3. mars 1988, að þeim degi.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm ásamt samdómsmönnunum Finnboga H. Alexanderssyni og Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómurum.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Elliði Þorsteinsson, greiði stefnanda, Erlu Sigurjónsdóttur, 1.187.118 krónur með 34% ársvöxtum af 1.164.294 kr. frá 1. maí 1982 til 31. október 1982, 42% frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 35% frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21,5% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. október 1987 til 31. október 1987, 20% frá 1. nóvember 1987 til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar 1988 til 29. febrúar 1988, 19% frá 1. mars 1988 til 2. mars 1988, en af 887.118 krónum frá 3. mars 1988 til 31. mars 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 887.118 krónum frá 1. apríl 1988 til uppkvaðningar dóms þessa, en eftir það af 1.187.118 krónum til greiðsludags, eins og þeir eru hverju sinni. Dráttarvextir, á fallnir eftir 1. apríl 1988, bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1989.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 123 og 133/1992.

Ákæruvaldið
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Garðari Garðarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).
og Herði Karlssyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Þjófnaður. Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málum þessum til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnum 17. febrúar sl. og 17. mars sl. að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar á refsingu. Málin hafa verið sameinuð.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða, og verða því hinir áfrýjuðu dómar staðfestir, að því er varðar sök ákærðu, Garðars og Harðar. Þá verður staðfest ákvörðun refsingar í báðum dómunum, og leggst því refsing ákærða Garðars Garðarssonar í dómi frá 25. febrúar sl. við refsingu hans samkvæmt dómi frá 13. desember 1991. Loks þykir mega staðfesta dóm héraðsdóms frá 13. desember 1991 um skaðabætur, enda er ekki annað komið fram en bótakröfum sé í hóf stillt.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur frá 13. desember 1991 varðandi ákærðu, Garðar Garðarsson og Hörð Karlsson, skal vera óraskaður, og hinn áfrýjaði dómur frá 25. febrúar 1992 varðandi ákærða Garðar Garðarsson skal einnig vera óraskaður.

Ákærði Garðar Garðarsson greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Hörður Karlsson greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærðu greiði óskipt allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. desember 1991.

Ár 1991, föstudaginn 13. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 680-683/1991: Ákæruvaldið gegn Garðari Garðarssyni, Herði Karlssyni, X og Y, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. október sl., á hendur Garðari Garðarssyni, Stangarholti 26, kt. 100165-4499, Herði Karlssyni, Völvufelli 46, kt. 150764-2389, X [...] og Y [...], öllum til heimilis í Reykjavík, „fyrir eftirgreind auðgunarbrot, framin í Reykjavík í ágúst 1991:

I. Á hendur ákærðu Garðari og Herði fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot aðfaranótt fimmtudagsins 29. ágúst:

1.

Fyrir að brjótast inn í skrifstofur Lögfræðiskrifstofunnar sf., Garðastræti 17, og stela þremur tékkum, samtals að fjárhæð 300.000 kr., skjalatösku, áfengisflösku og reyna jafnframt án árangurs að rjúfa þar peningaskáp.

2.

Brjótast inn í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, Laugavegi 5, og stela miklu af skartgripum, að verðmæti samtals 1.762.040 kr., útstillingarstöndum, 14 g af hvítagulli, 22 g af gulli og tölvuvog.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Ákærða Y er gefin að sök hylming með því að hafa í framhaldi af ofangreindu innbroti í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar tekið við hjá ákærða Herði 30 hringum, perlum og gullstönginni af þýfinu úr innbrotinu, þrátt fyrir það að hann vissi, hvernig ákærði Hörður var að hlutunum kominn.

III. Ákærða X er gefin að sök hylming með því að hafa að morgni föstudagsins 30. ágúst tekið við öllu þýfinu, sem tilgreint er í síðasta ákærulið, nema fimm hringum til geymslu frá ákærða Y, þrátt fyrir það að ákærði X vissi, að um þýfi var að ræða.

Telst háttsemin skv. liðum II og III varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

— — —

Málsatvik.

I.1.

Ákærði Hörður Karlsson var yfirheyrður fyrir dóminum 6. nóvember sl. Ákærði kvaðst ekki hafa brotist inn í Lögfræðiskrifstofuna sf., Garðastræti 17, Reykjavík, og kvaðst ekki heldur hafa stolið þeim þremur tékkum, skjalatösku og áfengisflösku, er ákært er út af. Ákærði kvað meðákærða Garðar Garðarsson hafa komið á heimili sitt, að því er ákærði taldi, um kl. 3 aðfaranótt 29. ágúst sl. og beðið sig að koma með sér vestur í bæ. Ákærði kvað báða ákærðu hafa haldið á reiðhjólum að Garðastræti 17, og er þangað hafi verið komið, hafi útidyrahurð verið ólæst, en henni hafi verið hallað aftur. Ákærði kvað báða ákærðu hafa farið inn í húsnæðið, og er þangað hafi verið komið, hafi allt verið þar á rúi og stúi. Ákærði kvað meðákærða Garðar hafa greint sér frá því, að hann hefði fyrr um nóttina brotist þarna inn. Ákærði kvað tvo peningaskápa hafa verið inni í húsnæðinu, og kvaðst ákærði hafa reynt að opna hringlaga hurð með því að snúa skífu þar á, en án árangurs. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því, að reynt hafi verið að spenna hurðina upp með klaufjárni, en ákærði hafði áður borið á þann veg hjá lögreglu. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því, að hægt hafi verið að koma klaufjárninu að, vegna þess að skápurinn hefði verið alveg sléttur. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt neitt um það, hvort reynt hefði verið að spenna hurðina upp áður, en hins vegar hefði skápurinn verið stórskemmdur, er ákærði kom á vettvang. Ákærði kvaðst ekkert hafa haft í fórum sínum, er hann hvarf af vettvangi, og kvað báða hafa haldið hjólandi upp Laugaveg.

Ákærði Hörður staðfesti fyrir dóminum 6. nóvember sl. lögregluskýrslu, er tekin var af honum 4. september sl. Hann kvaðst hafa spurt meðákærða Garðar að því, er þeir komu að Garðastræti 17, hvort meðákærði ætlaði virkilega að „reyna við þetta hús", en í því voru íbúðir og annað. Ákærði Hörður kvað meðákærða hafa sagt, að það væri ekkert að reyna, hann væri þegar búinn að opna allt húsið, eins og það legði sig. Ákærði lýsti því síðan, að búið hefði verið að róta í öllu þarna inni og opna neðri hluta

dökkgræns peningaskáps, og efri hluti hans hefði verið illa farinn. Ákærði kvað meðákærða Garðar hafa verið með stórt, blátt klaufjárn, stórt skrúfjárn og lítinn hamar, og hefðu þeir í sameiningu reynt að spenna upp skápinn, en gefist upp. Ákærði kvaðst ekkert hafa tekið þarna í húsinu og ekki hafa séð meðákærða taka neitt heldur, en hafi hann gert það, hafi hann örugglega haft nægan tíma til þess áður.

Ákærði Garðar kom fyrir dóminn sama dag og kvaðst ekki hafa brotist inn, svo sem hér er ákært út af. Ákærði kvaðst hafa hitt meðákærða Hörð á heimili hans um kl. 23.00 að kvöldi 28. ágúst sl. Ákærði kvað Guðbjörgu Ingu Guðjónsdóttur einnig hafa verið á heimilinu, en ákærði kvaðst ekkert hafa rætt við hana. Ákærði kvaðst hafa dvalist stutt á heimili meðákærða og kvaðst ekki muna, hvort hann hefði síðar um kvöldið farið til Keflavíkur til Hafdísar Friðriksdóttur. Ákærði vísaði framburði meðákærða Harðar á bug og kvað hann rangan, hvað varðaði þessa meintu háttsemi.

Vitnið Kristján Hallgrímur Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður, Fífumýri 6, Garðabæ, kom fyrir dóminn 27. nóvember sl. Kristján staðfesti skýrslu sína frá 30. september sl., þar sem borið var saman verkfærafar á skífu úr öryggisskáp á Lögfræðiskrifstofunni sf., Garðastræti 17, við klaufjárn það, er fannst við húsleit í bílskúr við Stangarholt 26 4. september sl. Vitnið tók fram í skýrslu sinni, að fullkomin samsvörun rispna fyndist aldrei við slíkan samanburð og að ekki væri til regla um það, hvenær samsvörun rispna teldist vera um að ræða. Kristján segir í niðurlagi skýrslu sinnar, að ákvörðun um samsvörun byggðist á mati rannsakandans. Í niðurstöðunni segir, að samanburðarrannsóknin hafi leitt til þeirrar niðurstöðu, að klaufjárnið hafi verið notað við tilraun til þess að brjóta upp hurð öryggisskápsins.

I.2.

Ákærði Hörður bar fyrir dóminum 6. nóvember sl., að þeir meðákærðu Garðar hefðu hjólað frá Garðastræti 17 og upp Laugaveg og stansað við hús Landsbankans við Laugaveg 7. Ákærði kvað meðákærða Garðar þar hafa skroppið á bak við húsið nr. 5 og komið aftur skömmu síðar og greint frá því, að hann hefði séð dyr þar baka til, og ákærðu þá ákveðið að reyna að brjótast þar inn og í framhaldi þar af spennt hurðina upp með klaufjárni. Ákærði kvað ákærðu síðan hafa spennt upp aðra hurð, er inn var komið. Ákærði kvað síðan báða hafa látið greipar sópa inni í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar og ákærði tekið hringi með perlum og skyrtuhnappa, að því er ákærða minnti. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið aðra muni í versluninni en þá, er ákærði síðar afhenti meðákærða Y, svo og þá muni, er ákærði vísaði lögreglunni á og geymdir voru í bifreið við Bleikargróf. Ákærði kvað alla muni, er hann stal á vettvangi, hafa komist

til skila. Ákærði kvaðst ekkert vita um útstillingarstanda, er í ákæru greinir, eða þau 14 g af hvítagulli, 22 g af gulli og tölvuvog og ekkert vita, hvort meðákærði hefði tekið þessa muni á vettvangi. Ákærði kvaðst ekki vita, hvaða muni meðákærði tók inni í versluninni, en ákærðu hefðu verið þar sinn í hvoru lagi. Strax og út úr versluninni hafi verið komið, kveðst ákærði hafa haldið heim á leið og þar hitt fyrir meðákærða Y. Ákærði kvaðst hafa tínt saman þá muni, er hann hafði stolið í skartgripaverslun-inni, og afhent meðákærða Y allt þýfið. Ákærði kvað þá meðákærðu Y hafa haldið heiman frá ákærða og í átt að Laugavegi 5 og þeir þá hitt meðákærða Garðar nærri Vinnufatabúðinni og þeir ákveðið að fara saman aftur í skartgripaverslunina í því skyni að athuga, hvort þar væri eitthvað meira að hafa. Ákærði kvað meðákærðu Garðar og Y hafa haldið inn í verslunina, en ákærði kvaðst hafa tínt upp tómar öskjur undir skartgripi, er ákærði fann fyrir utan bakdyr verslunarinnar, og síðan fleygt mununum í ruslatunnu þar á bak við. Ákærði kvað þá hafa staðið stutt við í síðari ferðinni, og hefðu þeir meðákærðu Y haldið á heimili ákærða og meðákærði Y haldið á brott þaðan skömmu síðar. Ákærði kvaðst ekki vita, hvað meðákærði Garðar hefði tekið inni í versluninni, en kvaðst vita til þess, að hann hefði geymt öskjur undir skartgripi í töskum á reiðhjóli sínu, og hefði meðákærði Garðar geymt reiðhjólið við ljósastaur nærri Vinnufatabúðinni við Hverfisgötu, meðan farið var inn í skartgripaverslunina í síðara skiptið. Ákærði kvaðst hafa séð meðákærða Garðar setja öskjurnar í reiðhjólatöskurnar, er ákærðu voru inni í versluninni í fyrra skiptið. Ákærði kvaðst telja, að ferðirnar í skartgripaverslunina hefðu verið farnar milli kl. hálffimm og sex að morgni 29. ágúst sl. Ákærði kvaðst hafa snúið lykli í afgreiðslukassa inni í versluninni í síðara skiptið, er ákærði var þar, og við það hefði strimill komið úr kassanum. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort síðari ferðin í verslunina hefði meðfram verið farin til að afmá hugsanleg fingraför, en kvaðst telja, að hún hefði aðallega verið farin til að fjarlægja skartgripaöskjurnar, svo sem að framan er lýst.

Ákærði kvað Guðbjörgu Ingu Guðjónsdóttur, er leigði með ákærða á þessum tíma að Klapparstíg 26, hafa greint sér frá því, að meðákærði Garðar hefði komið í heimsókn aðfaranótt 29. ágúst sl. og beðið sig um þau skilaboð til ákærða, að hann biði eftir ákærða Garðari.

Ákærði Hörður staðfesti fyrir dóminum lögregluskýrslu, er tekin var af ákærða 4. september sl. Ákærði Hörður kvað meðákærða Garðar hafa haft meðferðis tvær bláar reiðhjólatöskur, er þeir fóru inn í skartgripaverslunina í fyrra skiptið. Ákærði Hörður kvað ákærðu hafa sett alla munina, er þeir stálu, í töskurnar, uns þær voru fullar. Ákærði Hörður bar í aðalatriðum efnislega á sama veg fyrir dóminum og hann hafði áður gert hjá lögreglu.

Ákærði Garðar Garðarsson kom fyrir dóminn 6. nóvember sl. og vísaði

þessum ákærulið á bug og kvaðst ekki hafa brotist inn, svo sem í ákæru greinir. Ákærði kvað allan framburð meðákærðu rangan um hlut ákærða í þessu innbroti. Ákærði var spurður um muni þá, er fundust við húsleit í bílskúr við Stangarholt 26, þar sem er heimili ákærða. Við leit í bílskúrnum 3. september sl. fannst m. a. tölvuvog sú, er stolið var úr skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, og tvær bláar, samfastar reiðhjólatöskur. Við leit í bílskúrnum daginn eftir, þ. e. 4. september sl., fundust m. a. tvær öskjur undir skartgripi, merktar skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, brúnt plastbox með loki, blátt, notað klaufjárn og fjögur grá spjöld úr öskjum undir skartgripi. Ákærði kvaðst aldrei hafa séð tölvuvogina áður, en kvað Jens Sigurðsson hafa boðið sér til kaups sams konar eða svipaða tölvuvog helgina fyrir handtöku ákærða. Munina undir skartgripi kvaðst ákærði aldrei hafa séð áður og enga hugmynd hafa um það, hver hefði komið mununum fyrir í ruslakassa í bílskúrnum, nema vera kynni Jens Sigurðsson, en ákærði kvað hann oft hafa sést við bílskúrinn, eftir að ákærði var handtekinn. Ákærði kvað fjóra menn hafa lyklavöld að bílskúrnum við Stangarholt 26, þ. e. auk ákærða séu það þeir Garðar Ólafsson, faðir ákærða, Magnús, bróðir ákærða, og Jón Ólafsson, föðurbróðir ákærða.

Ákærða var kynntur framburður Guðbjargar Ingu Guðjónsdóttur hjá lögreglu þess efnis, að ákærði hefði komið á heimili meðákærða Harðar aðfaranótt 29. ágúst sl. og spurt eftir meðákærða Herði, sem hefði ekki verið við, en beðið Guðbjörgu fyrir skilaboð, og ákærði sagst mundu koma nokkrum mínútum síðar. Ákærði kvaðst telja framburð Guðbjargar rangan og ekki muna eftir þessu.

Ákærði kom fyrir dóminn 29. nóvember sl. Ákærða var nú sýnt klaufjárn það, er lögregla fann við húsleitina í bílskúrnum við Stangarholt 26. Ákærði kvaðst aldrei hafa séð klaufjárn þetta áður. Ákærði kvaðst muna eftir ljósbláu klaufjárni í bílskúrnum, en það hefði verið mun minna en klaufjárnið, er lögreglan lagði hald á í bílskúrnum.

Vitnið Garðar Ólafsson sölumaður, Hraunbæ 45, Reykjavík, kom fyrir dóminn 21. nóvember sl. Garðar kvaðst hafa haft aðgang að bílskúrnum við Stangarholt 26, allt frá því að hann hefði byggt skúrinn fyrir rúmum tuttugu árum. Garðar kvað Jón, bróður sinn, og son sinn, ákærða Garðar, hafa haft aðgang að skúrnum í ágúst sl. Garðar kvaðst ekki hafa hugmynd um það, hver væri eigandi klaufjárnsins, er fannst við leit í skúrnum 4. september sl. Garðar kvaðst aldrei hafa séð áður aðra muni, er fundust við leit í bílskúrnum. Garðar kvaðst tvisvar hafa hitt Jens Sigurðsson við bílskúrinn við Stangarholt 26 og í bæði skiptin í september sl., er ákærði Garðar hefði sætt gæsluvarðhaldi, og kvaðst hann hafa rætt við rannsóknarlögreglumennina Benedikt H. Benediktsson og Óskar Þór Sigurðsson

vegna þessa. Garðar kvaðst ekkert vita um ferðir Garðars, sonar síns, aðfaranótt 29. ágúst sl.

Vitnið Jón Ólafsson verslunarmaður, Hraunbæ 65, Reykjavík, kom fyrir dóminn 21. nóvember sl. Jón kvaðst hafa haft aðgang að bílskúrnum við Stangarholt 26 fyrir mörgum árum, en ekki haft aðgang að skúrnum í ágúst sl. Jón kvaðst vita til þess, að auðvelt væri að opna bílskúrinn án þess að nota réttan lykil, þar sem læsing hefði verið léleg. Jón kannaðist ekki við klaufjárn það, er fannst í bílskúrnum við framangreinda leit. Jón kvaðst ekkert umgangast ákærða Garðar og ekkert vita um ferðir hans aðfaranótt 29. ágúst sl.

Vitnið Magnús Garðarsson sölumaður, Víkurási 6, Reykjavík, kom fyrir dóminn 21. nóvember sl. Magnús kvaðst hafa haft aðgang að bílskúrnum við Stangarholt 26 ásamt ákærða Garðari, sem er bróðir vitnisins, föður sínum og Jóni, föðurbróður sínum. Magnús kvað auðvelt hafa verið að komast inn í skúrinn, þar sem læsing hefði verið léleg. Magnús var viðstaddur leit í bílskúrnum að Stangarholti 26 4. september sl., er öskjur undir skartgripi fundust þar auk klaufjárns o. fl. Magnús kvaðst ekki vita, hver væri eigandi munanna. Ekki kvaðst hann heldur vita, hver væri eigandi tölvuvogarinnar, er fannst í bílskúrnum. Magnús kvaðst ekkert vita um ferðir ákærða Garðars aðfaranótt 29. ágúst sl.

Fram kemur í gögnum málsins og m. a. í framburði ákærða Garðars, sem mundi ekki, hvort hann hefði haldið til Keflavíkur að kvöldi 28. ágúst sl. og gist í Keflavík þá um nóttina, að ákærði Garðar dvaldist á tímabili í Keflavík hjá kunningjakonu sinni, Hafdísi Ben Friðriksdóttur, starfsstúlku Flugleiða, Heiðarhvammi 4, Keflavík. Vitnið Hafdís var yfirheyrt fyrir dóminum 21. nóvember sl. Hafdís kvað ákærða Garðar hafa gist á heimili sínu oft sl. sumar. Hafdís kvaðst hafa búið í foreldrahúsum, en hafa fengið íbúð sína afhenta sunnudaginn 24. ágúst sl. Hafdís kvaðst muna eftir því, að ákærði Garðar hefði aðstoðað sig við standsetningu íbúðarinnar á mánudegi og þriðjudegi eftir afhendingu íbúðarinnar. Hafdís kvaðst hafa rætt við ákærða Garðar símleiðis 28. ágúst sl., en ekkert vita, hvar ákærði Garðar var að kvöldi þess dags eða aðfaranótt fimmtudagsins 29. ágúst.

Vitnið Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir, atvinnuleysingi, Laugavegi 134, Reykjavík, kom fyrir dóminn 27. nóvember sl. Guðbjörg, sem var unnusta ákærða Harðar í ágúst sl., kvaðst muna eftir því, að eitthvert fólk hefði komið í heimsókn að Klapparstíg 26 að kvöldi 28. ágúst sl. Guðbjörg kvaðst muna eftir ákærða Garðari þar í heimsókn, en kvaðst ekki muna, klukkan hvað hann var þar, en Guðbjörg hafði borið hjá lögreglu, að ákærði Garðar hefði komið í heimsókn skömmu áður en Guðbjörg sofnaði, en það hefði verið um kl. 2.00. Guðbjörg kvað ákærða Hörð ekki hafa

verið heima, er ákærði Garðar kom í heimsókn, og kvað Guðbjörg sig ráma í það, að ákærði Garðar hefði beðið sig um skilaboð til ákærða Harðar þess efnis, að ákærði Garðar kæmi aftur innan stundar til að hitta ákærða Hörð.

Vitnið Jens Sigurðsson málarameistari, Bergþórugötu 51, Reykjavík, kom fyrir dóminn 3. þ. m. Jens kvaðst tvisvar hafa farið að bílskúrnum við Stangarholt 26 eftir handtöku ákærða Garðars. Jens kvað erindið hafa verið það að sækja í bílskúrinn verkfæratösku, er Jens kvaðst hafa átt þar geymda. Jens kvaðst aldrei hafa séð tölvuvog þá, er fannst við leit í bílskúrnum, og aldrei hafa boðið ákærða Garðari hana til kaups, svo sem ákærði Garðar bar fyrir dóminum. Jens kvaðst ekki áður hafa séð þá muni, er fundust í bílskúrnum við leit, og vísaði á bug framburði ákærða þess efnis, að Jens kynni að hafa komið mununum þar fyrir í bílskúrnum. Jens kvað rannsóknarlögreglumennina Benedikt H. Benediktsson og Óskar Þór Sigurðsson hafa rætt við sig um ferðir sínar við bílskúrinn. Kvaðst Jens hafa hitt ákærða Garðar við Landsbankann við Laugaveg 77 að kvöldi 28. ágúst sl. og ákærði Garðar þá verið á heimleið á reiðhjóli.

Vitnið Símon Sverrir Ragnarsson gullsmiður, Daltúni 34, Kópavogi, kom fyrir dóminn 29. nóvember sl. Símon staðfesti, að á ljósmyndum af skartgripum, er fundust við rannsókn málsins, væru þar allt munir, er stolið hefði verið úr verslun sinni aðfaranótt 29. ágúst sl. Símon kvað muni undir skartgripi, er fundust í ruslakassa í bílskúrnum við Stangarholt 26, alla vera muni, er stolið var úr verslun sinni. Símon benti sérstaklega á lit umbúðanna og kvaðst telja þennan lit hvergi koma fram annars staðar en á umbúðum frá sér, þar sem Símon kvaðst sjálfur flytja umbúðirnar inn. Þá kvað Símon tvískipt hjarta, nánar (sic) stand fyrir skartgripi, er fannst á baklóð við Hverfisgötu 18, vera hluta þeirra muna, er stolið var við framangreint innbrot. Símon kvað demantshring, að verðmæti 225.000 kr., hafa verið stolið. Símon kvað strimil, sem komið hafi upp úr afgreiðslukassa í versluninni að morgni 29. ágúst sl., benda til, að fiktað hefði verið við kassann og hann verið opnaður kl. 05.36, svo sem áritun á strimilinn sýnir.

Símon kvaðst hafa fengið aftur mjög lítinn hluta þýfisins. Símon kvaðst hafa fengið greiddar rúmlega 1.760.000 krónur í bætur frá Vátryggingafélagi Íslands og kvaðst þannig hafa framselt félaginu kröfurétt sinn.

Rannsóknarlögreglumennirnir og vitnin Benedikt H. Benediktsson, Kvistalandi 10, Reykjavík, og Óskar Þór Sigurðsson, Breiðvangi 4, Hafnarfirði, komu báðir fyrir dóminn 27. nóvember sl. Báðir staðfestu að hafa rætt við Jens Sigurðsson í rannsókn málsins og eftir að Garðar Ólafsson hefði greint frá því, að hann hefði séð Jens Sigurðsson við bílskúrinn við Stangarholt 26. Bæði vitnin kváðu ákærða Garðar hafa verið í gæsluvarð-

haldi, er Jens sást við bílskúrinn, og að hann hefði greint frá því, að hann væri að sækja verkfæratösku í bílskúrinn.

Framburður ákærðu Y og X er rakinn síðar í sambandi við ákæruliði II og III.

II.

Ákærði Y kom fyrir dóminn 6. nóvember sl. Ákærði kvað háttsemi sinni rétt lýst í þessum ákærulið og viðurkenndi að hafa tekið við þeim verðmætum, er í ákæru greinir, frá meðákærða Herði, þrátt fyrir það að ákærði vissi, hvernig hann var að hlutunum kominn.

Ákærði kvaðst hafa verið á heimili ákærða Harðar aðfaranótt 29. ágúst sl., er ákærði Hörður kom þar og bað ákærða að koma með sér út, þar sem hann þyrfti að afmá verksummerki eftir innbrot í skartgripaverslunina Laugavegi 5. Ákærði kvaðst hafa haldið þangað með meðákærða Herði, en á leiðinni hefðu þeir hitt meðákærða Garðar og hann komið í verslunina í humátt á eftir þeim félögum. Ákærði kvað meðákærða Hörð hafa greint sér frá því, að þeir meðákærðu Garðar hefðu brotist inn í verslunina þá um nóttina. Ákærði kvaðst ekki vita, hvort ákærði Hörður hefði farið í fleiri innbrot um nóttina, en kvað alla þrjá hafa farið inn í verslunina, og kvaðst ákærði hafa gengið einn hring ásamt meðákærða Garðari, en meðákærði Hörður þurrkað fingraför af einhverjum bökkum. Er út var komið, hefði meðákærði Garðar haldið sína leið, en þeir Hörður farið á heimili meðákærða Harðar, þar sem ákærði kvaðst hafa tekið við verðmætunum, er í ákæru greinir. Ákærði kvaðst þegar um nóttina hafa farið til Margrétar Sigurbjörnsdóttur, vinkonu sinnar, að Langholtsvegi 51, og gefið henni tvo hringi, en daginn eftir kvaðst ákærði hafa afhent meðákærða X alla munina utan framangreinda tvo hringi og einn, er ákærði kvaðst hafa ætlað að halda eftir handa sjálfum sér. Ákærði bar hjá lögreglu, að hann hefði komið í heimsókn á heimili meðákærða Harðar aðfaranótt 29. ágúst og þá frétt, að meðákærðu Hörður og Garðar hefðu farið burtu. Ákærði bar fyrir dóminum, að Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir hefði greint sér frá þessu.

Ákærði Y staðfesti fyrir dóminum lögregluskýrslu frá 9. september sl., þar sem hann greindi m. a. frá því, að annaðhvort áður en haldið var inn í skartgripaverslunina eða er út var komið, hefði hann séð meðákærða Garðar þurrka með hönskum sínum af bláleitu klaufjárni, og hefði liturinn verið farinn að mást af klaufjárninu. Þá kvað ákærði Y meðákærða Garðar hafa haft til umráða reiðhjól, sem á hefðu verið tvær bláar reiðhjólatöskur.

Vísað er til framburðar ákærða Harðar hér að framan um þennan ákærulið.

III.

Ákærði X kom fyrir dóminn 6. nóvember sl. Ákærði kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæru og viðurkenndi að hafa tekið við öllu því þýfi frá meðákærða Y, er talið er upp í ákærulið II, utan fimm hringi. Ákærði kvaðst hafa tekið við munum til geymslu, þrátt fyrir það að ákærði vissi, að um þýfi var að ræða. Ákærði kvað meðákærða Y hafa greint sér frá því, að þýfið væri úr innbroti í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar að Laugavegi 5, en þar hefðu meðákærðu Garðar og Hörður brotist inn og meðákærði Y farið þangað síðar. Ákærði kvaðst hafa geymt þýfið í kjallara á heimili sínu, en síðan brætt gullið og úr því orðið gullklumpur sá, er fram kemur á ljósmyndum, er fylgja gögnum málsins.

Niðurstöður.

I.1.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða Harðar og öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafi báðir farið inn í skrifstofur Lögfræðiskrifstofunnar sf., Garðastræti 17, á þeim tíma, er í ákæru greinir. Ákærði Hörður hefur borið því í mót að hafa stolið þeim verðmætum, er í ákæru greinir. Dómurinn telur sannað með framburði ákærða Harðar, sem studdur er öðrum gögnum málsins, svo sem samanburðarrannsókn lögreglu á förum á skáphluta annars vegar og förum eftir klaufjárn það, er fannst í bílskúrnum við Stangarholt 26 4. september sl., hins vegar, að ákærðu hafi í sameiningu reynt að rjúfa peningaskáp þarna á vettvangi. Dómurinn telur því með vísan til alls þessa svo og til þess, að ákærðu brutust sameiginlega inn á öðrum stað síðar þessa sömu nótt, og með vísan til gagna málsins að öðru leyti sannað þrátt fyrir neitun ákærða Garðars og að hluta gegn neitun ákærða Harðar, að ákærðu hafi framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

I.2.

Ákærði Garðar hefur staðfastlega neitað að hafa átt aðild að innbroti því, er hér er ákært út af. Ákærði Garðar hefur enga grein gert fyrir munum, er fundust í bílskúrnum við heimili hans að Stangarholti 26 hinn 3. og 4. september sl., en hluta munanna var stolið úr skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar. Framburður ákærða Garðars þess efnis, að Jens Sigurðsson kynni að hafa komið munum þarna fyrir, er algerlega úr lausu lofti gripinn, en Jens Sigurðsson sást tvisvar við bílskúrinn, meðan ákærði Garðar sætti gæsluvarðhaldi, en lögreglan lagði hald á munina í bílskúrnum sama dag og ákærði Garðar var handtekinn, 3. september sl., og síðan daginn eftir, 4. september. Ákærði Garðar kannaðist ekkert við klaufjárn það, er fannst við leit í bílskúrnum, en við síðustu yfirheyrslu fyrir dóminum kvaðst ákærði Garðar muna eftir ljósbláu klaufjárni í bílskúrnum, en það hefði verið minna en klaufjárnið, sem lögreglan lagði hald á. Þessi atriði

og mörg önnur, sem rakin hafa verið að framan, og gögn málsins að öðru leyti benda eindregið til þess, að framburður ákærða Garðars sé rangur. Dómurinn telur því framburð ákærða Garðars að engu hafandi og neitun hans í algeru ósamræmi við framburð annarra í málinu, svo sem rakið var, og ekki í samræmi við þau sýnilegu sönnunargögn, sem hér er við að styðjast. Dómurinn telur því með vísan til alls ofanritaðs og gagna málsins að öðru leyti sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi, er hér er ákært út af. Ákærðu brutust því inn í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, Laugavegi 5, Reykjavík, aðfaranótt 29. ágúst sl. og stálu þar skartgripum, að verðmæti samtals 1.762.040 kr., útstillingarstöndum, 14 g af hvítagulli, 22 g af gulli og tölvuvog.

Brot ákærðu Garðars og Harðar í ákæruliðum I 1 og I 2 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir.

— — —

Ákærði Garðar hefur frá árinu 1981 hlotið 16 refsidóma fyrir brot gegn 120., 155., 157., 244. og 259. gr. almennra hegningarlaga og fyrir brot gegn umferðarlögum. Þá hlaut ákærði eins árs og tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi með dómi, upp kveðnum í Nordhorn í Þýskalandi í janúar 1989, fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf þar í landi. Ákærði Garðar hefur verið dæmdur samtals til meira en sex ára óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Ákærði Garðar hefur frá árinu 1981 gengist undir tíu dómsáttir fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum, lögum um skotvopn og sprengiefni, fíkniefnalöggjöfinni og gegn 244., 256. og 259. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hlaut síðast dóm í september sl., 30 daga varðhald fyrir brot gegn umferðarlögum. Ákærði hlaut 21. apríl sl. reynslulausn í tvö ár á 310 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar. Ákærði hefur með brotum þeim, er hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilyrði reynslulausnarinnar, og er hún nú tekin upp og metin sem skilorðsdómur og dæmd með máli þessu, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða Garðars er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Hörður hefur frá árinu 1980 hlotið 17 refsidóma fyrir brot gegn 1. mgr. 155., 244., 248. og 259. gr. almennra hegningarlaga og fyrir brot gegn umferðarlögum. Ákærði Hörður hefur með þessum dómum verið dæmdur til tveggja ára og átta mánaða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og 90 daga óskilorðsbundins varðhalds. Þá hefur ákærði Hörður gengist undir níu dómsáttir frá árinu 1980 fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum, fíkniefnalöggjöfinni og gegn 259. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða Harðar er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Brot ákærðu Garðars og Harðar eru stórfelld. Þeir eru báðir vana-afbrotamenn, og við ákvörðun refsingar þeirra beggja er höfð hliðsjón af 255., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, auk 77. gr. varðandi báða, en einnig 78. gr. varðandi ákærða Garðar, svo sem rakið var að framan. Refsing ákærða Garðars þykir því hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvö og hálft ár og refsing ákærða Harðar fangelsi í eitt og hálft ár. Til frádráttar refsingu ákærða Garðars komi 44 daga gæsluvarðhald, er hann sætti frá kl. 14.42 4. september sl. til kl. 16.40 17. október sl., og frá refsivist ákærða Harðar dregst níu daga gæsluvarðhald hans frá kl. 15.25 3. september sl. til kl. 15.30 12. september sl.

— — —

Vegna frádráttar gæsluvarðhaldsvistar varðandi alla ákærðu vísast til 76. gr. almennra hegningarlaga.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa gert bótakröfu vegna háttsemi ákærðu Garðars og Harðar í ákærulið I 1. Krafa félagsins er að fjárhæð 300.000 kr. og er vegna hífingar við að fjarlægja ónýtan peningaskáp, vinnu við gluggaumbúnað og kostnaðar við kaup á nýjum peningaskáp. Báðir ákærðu hafa hafnað bótakröfu þessari. Þótt hluti bótakröfunnar sé áætlað tjón, telur dómurinn allt að einu unnt að leggja á kröfuna efnisdóm. Með vísan til þess, er rakið var í niðurstöðu við ákærulið I 1, telur dómurinn, að ákærðu beri jafna ábyrgð á skemmdum, er urðu við innbrotið, og eru þeir því dæmdir til að greiða félaginu óskipt 300.000 kr., en engin vaxtakrafa var gerð.

Vátryggingafélag Íslands hf. hefur krafist greiðslu bóta, að fjárhæð 1.766.074 kr., vegna skartgripa, er stolið var í innbrotinu, í ákærulið I 2, en að frádregnu verðmæti muna, er komust til skila, svo og fyrir tjón, er varð á húseigninni. Þá er krafist hæstu leyfilegra vaxta frá 23. september sl. Ákærði Hörður hefur lýst sig reiðubúinn að greiða ásamt meðákærða fyrir tjón á húseigninni Laugavegi 5 svo og bætur vegna hugsanlegra skemmda á munum þeim, er ákærði kvaðst hafa stolið, en komust til skila, komi fram slík krafa. Ákærði vísaði kröfunni á bug að öðru leyti. Ákærði Garðar hefur vísað kröfunni á bug.

Dómurinn telur ákærðu bera jafna ábyrgð á tjóni því, er þeir ollu með innbrotinu, samkvæmt ákærulið I 2, og gildir það jafnt um skemmdir á húseigninni sem um andvirði þýfis, er ekki hefur komist til skila, en það er að verðmæti 1.723.804 kr. Þá er tjón á húseigninni metið á 42.270 kr. eða samtals 1.766.074 kr. Svo sem rakið var að framan, létu ákærðu greipar sópa í versluninni og fylltu sameiginlega tvær reiðhjólatöskur af skartgripum, og eru engin efni til að skipta sök ákærðu og þeir dæmdir til að greiða óskipt Vátryggingafélagi Íslands hf. 1.766.074 kr. með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Ákærði Garðar greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 80.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði Hörður greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 80.000 kr. í málsvarnarlaun.

— — —

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu Garðar og Hörður óskipt að 9/10 hlutum, en ákærðu Y og X óskipt að 1/10 hluta.

Dómsorð:

Ákærði Garðar Garðarsson sæti fangelsi í 2½ ár.

Ákærði Hörður Karlsson sæti fangelsi í 1½ ár.

Ákærði Y sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi í 60 daga.

Frá refsivist ákærða Garðars dregst 44 daga gæsluvarðhald, og frá refsivist hvers hinna þriggja ákærðu fyrir sig dregst níu daga gæsluvarðhald viðkomandi.

Ákærðu Garðar og Hörður greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur óskipt:

1. Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, 300.000 kr.

2. Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 5, Reykjavík, 1.766.074 kr. auk dráttarvaxta frá 23. september 1991 til greiðsludags.

Ákærði Garðar greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 80.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði Hörður greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 80.000 kr. í málsvarnarlaun.

— — —

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur hefur verið greiði ákærðu Garðar og Hörður óskipt að 9/10 hlutum, en ákærðu Y og X greiði óskipt 1/10 hluta.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. febrúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 25. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 82/1992: Ákæruvaldið gegn Garðari Garðarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 10. febrúar 1992, á hendur ákærða, Garðari Garðarssyni, Stangarholti 26, Reykjavík, kt. 100165-4499, „fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 14. janúar 1992,

sviptur ökuleyfi ævilangt, bifreiðinni LT-229 um götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði akstur hans á Fálkabakka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

— — —

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Ákærði hefur frá árinu 1983 verið dæmdur til átta ára og ellefu mánaða óskilorðsbundinnnar refsivistar fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Þá hlaut ákærði eins árs og tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi með dómi, upp kveðnum í Nordhorn í Þýskalandi í janúar 1989, fyrir brot gegn fíkniefnalögum. Enn fremur hefur ákærði frá árinu 1981 gengist undir tíu dómsáttir fyrir brot gegn umferðarlögum, almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni og eina sátt vegna brota á tollalögum og lögum um skotvopn og sprengiefni.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Garðar Garðarsson, sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 8. desember 1992.

Nr. 478/1991. **Konráð Vilhjálmsson**

gegn

Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.

Kærumál. Fjárnám. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Með mál þetta hefur eftir 1. júlí sl. verið farið sem kærumál eftir 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Lögmaður hefur sent Hæstarétti vörn fyrir varnaraðila, og skýrir hann svo frá, að Fjárfestingarfélagið Skandia hf. hafi tekið við réttindum og skyldum Verðbréfasjóðs Fjárfestingarfélagsins hf.

Fram hefur verið lögð áfrýjunarstefna, gefin út 29. nóvember 1991, þar sem segir, að Steingrímur Þormóðsson lögmaður áfrýi fyrir hönd Konráðs Vilhjálmssonar fjárnámi í fógetaréttarmáli nr. A 43/1991. Fjárnámið var gert af fógeta í Skagafjarðarsýslu. Gerðarbeiðandi í því máli var Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf., en gerðarþoli Konráð Vilhjálmsson. Þá hefur verið lagt fram áfrýjunarleyfi, gefið út í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 4. nóvember 1991, þar sem veitt er leyfi til áfrýjunar fjárnámsgerð, sem fram fór í fógetadómi Skagafjarðarsýslu 17. júlí 1991 í máli, sem auðkennt er A 41/1991. Aðilar voru sagðir hinir sömu og fyrr greinir.

Af gögnum málsins verður ráðið, að tvö fjárnám voru gerð 17. júlí 1991 í eignum sóknaraðila, Konráðs Vilhjálmssonar, bæði að kröfu Verðbréfasjóðs Fjárfestingarfélagsins. Annað var auðkennt A 41/1991 og hitt A 43/1991. Þar sem tilgreint númer er ekki hið sama í áfrýjunarstefnu og í áfrýjunarleyfi, verður að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Varnaraðili hefur krafist kærumálskostnaðar. Ber að taka þá kröfu til greina, svo sem nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Konráð Vilhjálmsson, greiði varnaraðila, Fjárfestingarfélaginu Skandia hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Þriðjudaginn 8. desember 1992.

Nr. 326/1992. **Valgerður Sigurbergsdóttir og Konráð Vilhjálmsson**
gegn
innheimtumanni ríkisins, Sauðárkróki.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. júlí 1992 samkvæmt heimild í 3. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Þeir krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og umbeðið uppboð nái ekki fram að ganga. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að uppboðið nái fram að ganga.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurður ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður er ekki krafist af hálfu varnaraðila.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður uppboðsréttar Skagafjarðarsýslu 26. júní 1992.

Uppboðsþolar í máli þessu hafa sérstaklega mótmælt uppboðskröfu innheimtumanns ríkissjóðs, Sauðárkróki. Var ákveðið að taka þau mótmæli sérstaklega fyrir, og var mál þetta tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 22. júní sl.

Vegna mótmæla þessara við kröfu innheimtumanns ríkissjóðs vék hinn reglulegi uppboðshaldari sæti með úrskurði, upp kveðnum 5. febrúar sl., og var dómari sá, er nú fer með málið, skipaður með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. mars sl., sem setuuppboðshaldari.

Mótmæli uppboðsþola við uppboðsbeiðni innheimtumanns ríkissjóðs byggjast aðallega á því, að ekki sé unnt að gera sér grein fyrir því, fyrir hvaða gjöldum hafi verið gert lögtak. Beðið hafi verið um gögn, sem sýni, um hvaða gjöld sé að ræða, svo sem viðeigandi álagningu gjaldanna frá

skattstjóra Norðurlands vestra, en þau gögn hafi ekki verið lögð fram. Þá hafi ekki verið sýnd nokkur gögn, sem sýni, að uppboðsþoli hafi verið varaður við um það af fógeta, að til stæði að gera hjá honum lögtak 30. júní 1989. Ekki hafi heldur verið lögð fram gögn, sem sýni, að uppboðsþola hafi verið tilkynnt, að búið væri að gera lögtak, svo að hann gæti gætt réttar síns og áfrýjað lögtakinu innan þess frests, sem það sé tækt. Innheimtumaður ríkissjóðs hafi ekki lagt fram skriflega uppboðsbeiðni, eins og boðið sé í 6. gr. uppboðslaga. Jafnframt telja uppboðsþolar, að úr því að hinn reglulegi uppboðshaldari hafi talið sig vanhæfan í máli þessu, hafi hann einnig verið vanhæfur til að gera það lögtak, sem mál þetta byggist á. Uppboðsþolar telja, að málsatvik í máli þessu varðandi uppboðskröfu innheimtumanns ríkissjóðs séu svo sérstök, að dómsvald uppboðshaldara skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 4. mgr. 2. gr. s.l., nái þar yfir. Því sé við að bæta, að uppboðsþolar geti haft uppi þær varnir, að lögtakið hafi ekki verið gert af löglegum dómara, og því sé haldið fram hér, að dómari sá, er gerði lögtakið, hafi ekki haft til þess löglegar heimildir, þar sem hann hafi verið vanhæfur. Uppboðsþolar gera því kröfu um, að uppboð þetta nái ekki fram að ganga.

Uppboðsbeiðandi, innheimtumaður ríkissjóðs, hafnaði mótmælum uppboðsþola og gerði kröfu um, að uppboðið næði fram að ganga. Hann kvað lögmann uppboðsþola hafa fengið yfirlit yfir skuldastöðu, en það sé hins vegar ekki innheimtumanns að ákveða skatta, og beri sér einungis að innheimta það, sem skattyfirvöld leggi á hverju sinni. Um skriflega uppboðsheimild er vísað til 2. mgr. 6. gr. uppboðslaga, en þar komi fram, að innheimtumanni sé óskylt, sé hann jafnframt uppboðshaldari, að leggja fram skriflega uppboðsbeiðni. Hann mótmælir því, að fógeti hafi verið vanhæfur við lögtaksgerðina, heldur hafi hann úrskurðað sig frá uppboðsmálinu vegna mótmæla, sem fram hafi komið við uppboðsbeiðni sinni sem innheimtumanns. Hann vísaði til þess, að uppboðshaldari gæti ekki úrskurðað um lögtakið, þar sem það hefði verið gert af hliðsettum dómara og fulltrúi sá, sem lögtakið hafi gert, hafi verið til þess löglega bær. Uppboðsþolum hafi margoft verið tilkynnt um lögtakið. Enn fremur benti hann á, að álagning sölugjalds hefði verið gerð 1987 eftir endurákvörðun skattstjóra, og hefði því lögtaksréttur ekki verið fyrndur, eins og uppboðsþolar hafa viljað halda fram.

Ekki verður fallist á þau mótmæli uppboðsþola, að ekki sé unnt að gera sér grein fyrir því, fyrir hvaða gjöldum hafi verið gert lögtak. Innheimtumaður ríkissjóðs hefur m. a. lagt fram í málinu tölvuútskrift af þessum gjöldum, þar sem þau eru nokkuð nákvæmlega sundurliðuð. Því verður að telja, að uppboðsþolum hafi átt að vera nægilega ljóst, fyrir hvaða gjöldum verið var að gera lögtak á sínum tíma og uppboðskrafa innheimtu-

manns byggðist á. Lögtakið er gert af þar til bærum og löglegum fógeta, og verður ekki fallist á, að fella beri niður uppboðsmálið með vísan til þess, að hann sé vanhæfur til málsins. Umrætt lögtak var gert 30. júní 1989, en með bréfi, dags. 19. júlí 1989, sbr. dskj. nr. 15 í málinu, tilkynnir uppboðshaldari uppboðsþola, að borist hafi krafa frá innheimtumanni ríkissjóðs um uppboð á eign hans, og verður því ekki fallist á þau mótmæli, að þeim hafi ekki verið kunnugt um tilvist lögtaksins, fyrr en áfrýjunarfrestur hafi verið liðinn. Hins vegar er það ekki uppboðshaldara að endurskoða lögtaksaðgerðina sem slíka eða undirbúning hennar, enda liggur fyrir, að hún var gerð af löglegum og til þess bærum fógeta. Um kröfu um skriflega uppboðsheimild má vísa til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, en þar kemur fram, að ef sá, sem uppboð heldur, fer sjálfur með innheimtu þeirrar kröfu, gildi ekki ákvæði 1. mgr. Líta verður því svo á, að innheimtumanni ríkissjóðs beri því ekki lagaleg skylda til að leggja fram skriflega uppboðsheimild.

Þegar framangreint er virt, þykja ekki þeir annmarkar á máli þessu af hálfu uppboðsbeiðanda, að unnt sé að fallast á mótmæli uppboðsþola, og er því hafnað kröfu þeirra um, að uppboð þetta nái ekki fram að ganga.

Úrskurðarorð:

Kröfu uppboðsþola í máli þessu, að uppboð þetta nái ekki fram að ganga, er hafnað.

Miðvikudaginn 9. desember 1992.

Nr. 425/1992. **Guðrún Pétursdóttir**

gegn

Kaupþingi hf.

Kærumál. Þinglýsing. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. nóvember sl. Kæruheimild er í 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. lög nr. 6/1992. Kærður er úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 6. nóvember sl., þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að afmá tvö skjöl úr þinglýsingabókum Reykjavíkur. Þinglýsingarstjóri hafði 10. september sl. hafnað sömu kröfu. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og skjölin nr. A 13636/1990 (veðskuldabréf) og A 13637 (veðleyfi) verði afmáð úr þinglýsingabókum Reykjavíkur með heimild í 27. gr. laga nr. 39/1978.

Af hálfu varnaraðila hefur ekki verið sótt þing.

Málsefnið og ástæður héraðsdómara fyrir synjun kröfunnar koma fram í úrskurði hans.

Úrlausn þinglýsingarstjóra barst umboðsmanni sóknaraðila 15. september sl. Með bréfi 8. október sl. kynnti hann þinglýsingarstjóra þá ákvörðun sína að bera úrlausn hans undir héraðsdóm, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978, sbr. lög nr. 6/1992, og óskaði þess, að sér yrðu afhent ljósrit gagna málsins og staðfest endurrit úr þinglýsingabók í samræmi við fyrirmæli laganna. Tilkynning þessi barst því þinglýsingarstjóra innan fjögurra vikna frests 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978, sbr. lög nr. 6/1992. Þinglýsingarstjóra bar síðan samkvæmt 4. mgr. sömu greinar að gefa varnaraðila kost á að koma á framfæri skriflegum kröfum sínum og athugasemdum. Eftir að sóknaraðili hafði fengið í hendur gögn frá þinglýsingarstjóra, bar honum að afhenda þau héraðsdómara án tafar, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Þetta gerði umboðsmaður sóknaraðila með bréfi 3. nóvember sl. Verður að telja, að hann hafi farið að lögum, er hann bar úrlausn þinglýsingarstjóra undir héraðsdómara. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim

í hérað. Ber héraðsdómara að fá staðfestingu þinglýsingarstjóra á því, að hann hafi tilkynnt varnaraðila um þá ákvörðun sóknaraðila að bera úrlausn hans undir dóm og leggja síðan efnisúrlausn á mál þetta.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 6. nóvember 1992.

Með bréfi, sem móttekið var í héraðsdómi Reykjavíkur 4. þm., gerði Guðrún Pétursdóttir, kt. 210247-4089, Giljalandi 23, Reykjavík, kröfu um, að skjöl nr. A13636/1990 (veðskuldabréf) og A13637/1990 (veðleyfi) yrðu afmáð úr þinglýsingabókum Reykjavíkur með heimild í 27. gr. l. nr. 39/1978. Leitað var til dómstólsins á grundvelli ákvæða 3. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 6/1992, þar sem þinglýsingarstjóri hafði áður hafnað þessari kröfu með úrskurði 10. september sl.

Fjögurra vikna frestur sá, sem tiltekinn er í lagaákvæðinu, að megi líða til að bera úrlausn þinglýsingarstjóra undir dóm, frá því að kæranda eða umboðsmanni hans barst vitneskja um hana, var liðinn, þegar bréf umboðsmanns Guðrúnar Pétursdóttur var móttekið, en honum var kunnugt um ákvörðun þinglýsingarstjóra 15. september sl., eins og fram kemur í bréfi hans, dskj. nr. 1. Þá kemur ekki heldur fram í þeim skjölum, sem fylgdu kröfunni, að þeim, er eiga hagsmuna að gæta um þinglýsinguna, hafi verið gefinn kostur á að koma á framfæri skriflegum kröfum sínum og athugasemdum.

Framangreindri kröfu er því hafnað.

Úrskurðarorð:

Kröfu Guðrúnar Pétursdóttur er hafnað.

Miðvikudaginn 9. desember 1992.

Nr. 427/1992. **Ásgeir Hannes Eiríksson**

gegn

Byggingavöruverslun Kópavogs hf.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Gjaldþrotaskipti. Útivist í héraði. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. nóvember 1992. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði „verði hrundið eða að meðferð málsins frá og með 28. október 1992 verði ómerkt og málinu vísað heim til lögmætrar meðferðar".

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, þar sem kæran sé of seint fram komin samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Til vara krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar í báðum tilvikum.

Sóknaraðili var ekki mættur, þegar mál þetta var tekið fyrir í annað sinn í héraðsdómi Reykjavíkur 28. október 1992. Upplýst er, að sóknaraðili mætti skömmu eftir lok þinghaldsins og fékk þá vitneskju um, að málið hefði verið tekið til úrskurðar. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 30. október 1992.

Sóknaraðili átti eftir þetta þann eina kost að æskja endurupptöku samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, sem hér verður að leggja til grundvallar, sbr. 3. mgr. 176. gr. og lokamálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Brestur þannig heimild til kæru málsins, sbr. 4. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 487/1991. **Svanfríður Sigurlaug Kjartansdóttir**
gegn
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,
Brunabótafélagi Íslands,
Gjaldheimtunni í Garðabæ og
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. desember 1991. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 20. nóvember 1991 á fasteigninni Hegranesi 34 í Garðabæ. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði ómerkt og vísað heim til löglegrar meðferðar með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna, sbr. 45. gr. laga nr. 75 frá 1973". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir uppboðsrétti og Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Hafnarfirði 31. ágúst sl. Í bréfi sýslumannsins kemur fram, að hann hafi tilkynnt aðilum málsins, að skjölin hafi verið send Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með bréfi lögmanns sóknaraðila, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 9. október sl. var þess óskað, að mál þetta yrði ekki tekið fyrir í Hæstarétti sem kærumál.

Varnaraðilar aðrir en Íslandsbanki hf. hafa sent Hæstarétti

athugasemdir sínar. Varnaraðili Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Þar sem sóknaraðili óskar ekki eftir því, að mál þetta verði tekið fyrir sem kærumál, ber að fella meðferð þess fyrir Hæstarétti niður, en dæma sóknaraðila til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Svanfríður Sigurlaug Kjartansdóttir, greiði varnaraðila Lífeyrissjóði verslunarmanna 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 235/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sæmundi Kjartanssyni
(Örn Clausen hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. maí sl. að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Málinu er ekki áfrýjað, að því er varðar þá tvo ákærðu, sem sýknaðir voru í héraðsdómi.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sæmundur Kjartansson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1992.

Ár 1992, mánudaginn 4. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 205-207/1992: Ákæruvaldið gegn Sæmundi Kjartanssyni, X og Y, sem tekið var til dóms 13. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 24. janúar sl., á hendur ákærðu, „Sæmundi Kjartanssyni lækni, Blönduhlíð 26, Reykjavík, fæddum 27. september 1929, fæðingarnúmer 362, X [...] og Y [...], fyrir skjalafals, svo sem hér greinir:

1. Gegn ákærða Sæmundi fyrir að hafa 19. október 1990 á skrifstofu Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, Ingólfsstræti 10, Reykjavík, framvísað falsaðri erfðaskrá, sem hann hafði útbúið og dagsett 20. desember 1989 með falsaðri nafnritun Guðjóns Fjeldsteds Teitssonar, kt. 140206-3189, sem arfleiðanda, en hann lést 2. maí 1990, þess efnis, að ákærði skyldi erfa helming allra eigna Guðjóns, en börn ákærða, ef eitthvað óvænt henti hann. Erfðaskránni framvísaði ákærði í tilefni af því, að Egill hafði fyrir hönd lögerfingja Guðjóns, sem fengið höfðu búið til einkaskipta, gefið út og auglýst innköllun til þeirra, er teldu til arfs eða skuldar í dánarbúinu, að lýsa kröfum sínum fyrir honum á tilgreindum innköllunarfresti, sem lauk 29. október 1990, og var hún svo lögð fram í skiptarétti Reykjavíkur 5. nóvember 1990.

2. Gegn ákærðu X og Y fyrir að hafa 20. desember 1989 á heimili meðákærða Sæmundar ritað nöfn sín sem vottar að fyrrgreindri erfðaskrá og sagt í áritun, að Guðjón F. Teitsson hefði í viðurvist þeirra ritað nafn sitt undir hana, enda þótt svo hefði ekki verið, og með þeim hætti átt þátt í gerð erfðaskrárinnar og framvísun hennar.

Telst þessi háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar".

Málavextir.

Hinn 2. maí 1990 lést á Landakotsspítala hér í borg Guðjón Fjeldsted Teitsson, kt. 140206-3189, fyrrverandi forstjóri Skipaútgerðar ríkisins. Guðjón var ókvæntur og barnlaus og átti því ekki skylduerfingja. Hann átti tvo bræður og eina systur, sem öll létust á undan honum. Var systirin barnlaus, en hvor bræðranna um sig átti fimm börn. Við lát Guðjóns voru níu þeirra á lífi, en sá afkomenda annars þeirra, sem látinn er, lét eftir sig fjögur börn.

Lögerfingjar Guðjóns fengu leyfi til einkaskipta á búi hans 29. maí 1990. Í beiðni um leyfið, dagsettri 11. sama mánaðar, voru eignir Guðjóns taldar fram samkvæmt skattframtali sem hér segir:

Íbúð á Hofsvallagötu 55 (fasteignamat)	kr.	6.991.000
Bifreið	—	152.458

Peningar, bankainnstæður	kr.	15.113.588
Verðbréf	—	4.484.372
Hlutabréf	—	16.200
Samtals	kr.	26.757.618

Skuldir voru engar.

Fyrir hönd lögerfingjanna gaf Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður út innköllun, sem birtist í Lögbirtingablaðinu 13., 22. og 29. júní s. á., og skoraði á alla þá, er teldu til arfs eða skuldar í dánarbúi Guðjóns Teitssonar, að lýsa kröfum sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu innköllunarinnar. Rann innköllunarfrestur því út 29. nóvember 1990.

Hinn 19. október 1990 framvísaði ákærði Sæmundur Kjartansson svofelldri erfðaskrá á skrifstofu hæstaréttarlögmannsins í Ingólfsstræti 10 hér í borg:

„*Erfðaskrá.*

Ég undirritaður, Guðjón F. Teitsson, Hofsvallagötu 55, Reykjavík, sem á enga skylduerfingja, geri hér með svofellda ráðstöfun eigna minna eftir minn dag:

Trúnaðarvinur minn og heimilislæknir, Sæmundur Kjartansson, Blönduhlíð 26, Reykjavík, skal erfa 50% (helming) allra þeirra eigna, sem ég læt eftir mig. Ef eitthvað óvænt hendir hann, skal þessi arfur ganga til barna hans.

Erfðaskrá þessa undirrita ég eigin hendi í viðurvist tveggja sérstaklega tilkvaddra votta.

Reykjavík, 20. desember 1989.

Guðjón F. Teitsson (sign.).

Vottorð.

Við undirritaðir, sem höfum verið til kvaddir að vera vottar að framanritaðri erfðaskrá, vottum, að Guðjón F. Teitsson, fyrrv. forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, Hofsvallagötu 55, Reykjavík, hefur í viðurvist okkar ritað nafn sitt undir hana. Gerði hann það með fullu ráði, allsgáður og af fúsum og frjálsum vilja, og kvað erfðaskrána hafa að geyma hinsta vilja sinn.

Við erum báðir nákunnugir arfleiðanda og erum reiðubúnir að staðfesta vottorð þetta, ef krafist verður.

X [...],

Y [...].“

Erfðaskrá þessi var lögð fram í skiptarétti Reykjavíkur 5. nóvember 1990.

Með bréfi til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettu 8. nóvember 1990, krafðist Ásgeir Thoroddsen hæstaréttarlögmaður þess fyrir hönd allra lögerfingja Guðjóns heitins Teitssonar, að fram færi opinber rannsókn

á því, hvort undirritun hans undir erfðaskrána væri fölsuð, þar sem grunur léki á því, að svo væri.

Byggðust grunsemdirnar á eftirtöldum atriðum:

Á skírdag 12. apríl 1990 hefði Sæmundur Kjartansson hringt til Egils Sigurgeirssonar og beðið hann að fara á fund Guðjóns Teitssonar í því skyni að gera erfðaskrá. Hvers vegna, ef Guðjón hafði þá þegar gert erfðaskrá, sem Sæmundur hafði undir höndum? Myndi Sæmundur ekki hafa nefnt, að erfðaskrá hefði þegar verið gerð, og ekki gert það fyrr en á sl. sumri (þ.e. 1990), eftir lát Guðjóns? Þá teldu þeir, sem til þekkja, að ástæða væri til að draga í efa undirritun Guðjóns á erfðaskránni með samanburði á henni og í gestabók, á jólakort og ferðatékka. Enn fremur hefði komið fram í fjölmörgum samtölum Guðjóns um erfðamál sín, m. a. við Egil Sigurgeirsson, hjúkrunarfræðing, ættingja og vini, eftir þann tíma, sem erfðaskráin ætti að hafa verið gerð, að hann hefði enga erfðaskrá gert. Hefði Egill Sigurgeirsson átt viðræður við Guðjón á þessu ári, þ. e. 1990, um gerð erfðaskrár, sem ekkert hefði orðið úr, en Egill teldi, að Guðjón hefði ekki gert erfðaskrána án sinnar vitundar, og samtöl sín á þessum tíma og áður við Guðjón hefði verið ómögulegt að skilja með öðrum hætti en þeim, að hann hefði aldrei gert erfðaskrá. Að auki er fullyrt í bréfinu, að Guðjón hafi verið við fulla andlega heilsu, er erfðaskráin á að hafa verið undirrituð.

Í þágu rannsóknar málsins fóru fram skriftarrannsóknir á nafnritun Guðjóns undir erfðaskrána, annars vegar af hálfu Haralds Árnasonar, rannsóknarlögreglumanns í tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins, og hins vegar U. Filtenborgs, rannsóknarlögreglumanns í skjaladeild ríkislögreglustjórans í Danmörku.

Í skýrslu Haralds Árnasonar, sem dagsett er 29. nóvember 1990, segir m. a., að við samanburð á hinni vefengdu nafnritun við staðfest sýni af nafnritunum Guðjóns komi í ljós skriftarlegt ósamræmi í veigamiklum atriðum. Virðist hin vefengda nafnritun hafa verið skrifuð fremur hægt, en við það verði drættir óöruggir, skriftin fái á sig ómarkvissa eða skjálfandi áferð, og prýstiáherslur hverfi. Sjáist þetta greinilega á ljósmynd, sem fylgi með rannsóknargögnunum, þar sem hin vefengda nafnritun sé sýnd stækkuð um helming, en þessi atriði séu ekki í samræmi við þá þjálfun og festu, sem fram komi í staðfestum nafnritunum Guðjóns. Auk þessa leiði samanburður í ljós skriftarlegt ósamræmi í stafaformi og tengingum sem hér segir:

1. Bætt hafi verið við enda á upphafsstriki á „G".
2. Form á lykkju á „G" sé í ósamræmi.
3. Form á lykkju á „G" sé í ósamræmi.
4. Þverstrik vanti á „ð".

5. Hlutföll og form á „j" séu í ósamræmi.
6. Form á neðri hluta á „T" sé í ósamræmi.
7. Stafirnir „i" og „t" séu slitnir sundur.
8. Upphafsstrik á „t" sé í ósamræmi.
9. Stafirnir „t" og „s" séu ekki tengdir samfelldri línu.
10. Form á „o" sé í ósamræmi.

Niðurstaða Haralds er sú, að nafnritunin „Guðjón F. Teitsson" á framangreindri erfðaskrá sé ekki í skriftarlegu samræmi við staðfest sýni af nafnritunum Guðjóns F. Teitssonar, sem til rannsóknar voru, og að litlar líkur séu til, að hann hafi ritað nafn sitt á skjalið.

Þá gerði Haraldur einnig samanburðarrannsókn á letri ritvélar ákærða Sæmundar af tegundinni Pro-Lectric 6213, framl.-nr. B3721268, og vélrituðum texta erfðaskrárinnar, og er niðurstaða hans sú, að textinn hafi verið ritaður með nafndri ritvél.

Haraldur hefur komið fyrir dóminn og staðfest ofangreind verk sín. Vitnið kveður niðurstöður sínar um skjalarannsóknina leiða í ljós, að Guðjón hafi ekki ritað nafn sitt á umrædda erfðaskrá, og sé vitnið sannfært um, að hann hafi ekki gert það, og byggi það á rannsóknum sínum. Vitnið kveður það álit sitt, að hamli lyf eitthvað hreyfigetu, komi það fram í allri skriftinni og stafagerðinni, en formið, sem stefnt sé að, haldist, og handahreyfingarnar stefni í þá átt, sem þeim sé tamt. Vitnið kveður sér virðast, að Guðjón hafi haft feikilega þjálfun í að skrifa nafn sitt. Hann hafi skrifað það fast, það sé frekar mikill þrýstingur á skriffærin og skriftin ákaflega þjálfuð og alveg laus við hik. Á hinni vefengdu erfðaskrá horfi hins vegar öðruvísi við. Stafaformið sé minna, hlutföllin öðruvísi, og þá séu þar veigamiklir þættir, sem alls ekki séu í samræmi. Lykkjur séu dregnar í aðra átt en venjan hafi verið, þ. e. forminu breytt, önnur hlutföll séu breytt í veigamiklum atriðum, skriftin sé sundur slitin og staðnæmst sé og byrjað aftur, en það komi hvergi fyrir í staðfestum sýnum á nafnritunum Guðjóns á nafni sínu. Vitnið kveður, að sú rithönd, sem fram kemur á nefndri erfðaskrá, hafi ekki verið gerð við þær aðstæður, að sá, sem nafnið ritaði, hafi setið eitthvað óþægilega við skriftir eða snúið eitthvað óþægilega upp á sig.

Samkvæmt gögnum málsins er menntun Haralds Árnasonar í skjalarannsóknum sú, að hann lauk árið 1973 hluta af tæknínámi við Institute of Applied Science, viðurkenndan bandarískan bréfaskóla. Þá stundaði hann nám hjá Forensic Science Laboratory í Birmingham, Englandi, sem heyrir til breska innanríkisráðuneytinu (Home Office), árið 1990. Að auki sat Haraldur námsstefnu hjá Statens kriminalteknisk laboratori í Svíþjóð árið 1990. Haraldur hefur unnið að skjalarannsóknum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins frá 1977 og lokið rannsóknum í 80-90 málum með formlegri niðurstöðu frá ársbyrjun 1989.

Í skýrslu U. Filtenborgs rannsóknarlögreglumanns, dagsettri 19. apríl 1991, sem þýdd hefur verið af löggiltum skjalaþýðanda, segir m.a., að rannsóknin sýni, að strikadráttur í hinni vefengdu nafnritun sé óviss og komi fram í því, að skjálfti sé á drættinum, en hann stafi ekki af gerð pappírsins og megi einnig rekja til óeðlilegra hléa, sem bendi til þess, að nafnið hafi verið ritað hægt. Kunni öryggisleysið að stafa af því, að skrifarinn hafi reynt að breyta skrift sinni, en hann telji hins vegar líklegra, að hér sé um að ræða fríhendisfölsun (tilraun til að stæla skrift) á sannri nafnritun. Það, hversu óeðlilega oft er gert hlé á nafnrituninni, kunni að stafa af því, að skrifarinn - til þess að átta sig á sönnu undirskriftinni - gerir smáhlé á stöðum, þar sem venjulega er ekki staldrað við í sönnu undirskriftinni. Enn fremur megi lýsa skriftinni svo, að hún sé léttþrýst, þar eð unnt sé að finna jafnan skriftarþrýsting.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir, að þegar samanburður sé gerður á skriftinni á hinni vefengdu nafnritun og skriftinni á hinum ómeðvituðu nafnritunum Guðjóns, sem U. Filtenborg hafði undir höndum, séu ekki talin líkindi til þess, að í tengslum við vefengdu nafnritunina hafi verið gerð tilraun til að breyta skriftinni, því að við athugun á hinni vefengdu nafnritun og nafnrituninni í sýnishornagögnunum sjáist nokkur samkvæmni í heildarsvipnum, en hugsanleg tilraun til breytingar á skrift miði ekki að slíku. Á skriftinni í hinni vefengdu nafnritun og skriftinni í rithandarsýnishornunum hafi verið sannreynd nokkur veruleg frávik. Þegar litið sé til þess, hversu veruleg hin sannreyndu frávik séu á skriftinni á hinni vefengdu nafnritun og skriftinni á hinum fyrirliggjandi ómeðvituðu nafnritunarsýnishornum, sem Guðjón F. Teitsson ritaði, geti skýrslugjafi gefið þá umsögn, að hann telji það sérstaklega líklegt (overordentligt sandsynligt), að hin vefengda nafnritun á nefndri erfðaskrá hafi verið rituð sem fríhendisfölsun (tilraun til stælingar), þar sem rétt nafnritun hafi verið notuð sem fyrirmynd. Hafi skrifari hinnar vefengdu nafnritunar reynt að ná fram nafnritun, sem við yfirborðskennda skoðun leikmanna líkist sannri nafnritun, þ. e. a. s. hún sé gerð þannig, að unnt sé að villast á henni og sannri nafnritun. Þegar nafnritun sé gerð með þeim hætti, sem hér greini, geti verið erfiðleikum bundið að finna hlutaðeigandi skrifara, því að persónuleg sérkenni í skriftardráttum sé sjaldnast að finna í slíkri nafnritun.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, dagsett 29. nóvember 1990. Kemur þar fram, að Egill hafi þekkt Guðjón heitinn Teitsson frá því fyrir síðari heimsstyrjöld og þeir farið saman margar ferðir á skíði í um 20 ár og síðan í hestamennsku, uns Guðjón hafi hætt í þeirri íþrótt fyrir nokkrum árum. Í mörgum samtölum sínum við Guðjón hafi stundum borið á góma, að Guðjón ætti eftir að ganga frá erfðaskrá sinni og hvernig hann helst vildi hafa hana. Hafi

Guðjón aldrei verið ákveðinn, hvernig hún ætti að vera, sér vitanlega. Hins vegar hafi alltaf verið gert ráð fyrir því, að Egill ætti að gera erfðaskrána, er Guðjón hefði ákveðið sig í því efni. Hafi Guðjón komið til sín á skrifstofuna eftir áramótin 1990 til að tala við sig. Þeir hafi fyrst talað um mál, sem Guðjón átti að fara að flytja fyrir sjálfan sig í Hæstarétti, en í lokin hafi Guðjón minnst á, að hann ætti eftir að gera arfleiðsluskrá og að hann þyrfti að tala seinna við Egil um það, því að hugur sinn væri allur við hæstaréttarmálið.

Næst hafi Guðjón hringt til sín, eftir að hann hafði flutt málið, en áður en dómur hafði verið kveðinn upp í því, og hafi hann þá verið allur hinn brattasti og sagt, að hann hefði talað við Jón Þórarinsson um tónlistarhúsið og söfnunina til byggingar þess. Þyrfti hann að athuga það mál miklu betur, þ. e., hvort hann færi að arfleiða þá, því að þetta yrði svo mikið fé, milli 20 og 30 milljónir króna með íbúðinni. Næst hafi Guðjón talað við sig, er dómur var fallinn í Hæstarétti og hann var búinn að fá sent bréfið og uppdrættina að tónlistarhúsinu frá Ármanni Ármannssyni. Þá hafi Guðjón talað fram og aftur um málið nokkra stund og sagt, að hann hefði alltaf verið svo hrifinn af söng og tónlist, og því væri úr vöndu að ráða, hvað hann ætti að gera. Eftir að hann hafði rætt þetta nokkra stund, hafi hann sagt, að hann „mætti ekki vera að þessu, því að hann ætlaði að skreppa í sund".

Síðan segir svo: „Það næsta, sem gerist í málinu, er það, að Sæmundur Kjartansson læknir hringir til mín á skírdag (12. apríl 1990, innskot dómsins). Segir hann mér, að Guðjón liggi á Landakotsspítala og hafi verið mikið veikur, en nú hafi „bráð af honum", og hvort ég geti ekki heimsótt hann næsta dag, föstudaginn langa, og gert fyrir hann erfðaskrá. Ég taldi öll tormerki á því, mér væri boðið til fjölskyldunnar, og erfitt myndi að fá notarius til að koma, en ég skyldi gera þetta strax eftir páska. Skildi þannig með okkur, að meira var ekki talað. Næst gerist það, að Guðjón hafi beðið sig í vikunni eftir páska að heimsækja sig, því að hann þurfi að biðja mig að geyma lykla sína, því að vinir sínir séu svo ágengir við sig, að hann viti ekki, nema þeir gætu náð lyklunum. Ég fór svo upp á spítala og talaði við hann. Fékk hann mér kvittun, sem spítalinn hafði gefið honum, þar sem í stóð, að ekki mætti afhenda umslagið með lyklunum nema gegn þessari kvittun. Virtist mér hann í þetta sinn vera með fullu ráði. Ekki minntist hann við mig á erfðaskrá í þetta sinn, og datt mér ekki í hug, að hann ætti svo skammt eftir.

Aldrei minntist Guðjón á við mig, að hann væri búinn að gera erfðaskrá, og kom það mér því mjög á óvart, þegar Sæmundur Kjartansson afhenti mér slíkt skjal, dagsett 20. desember 1989, það er, nokkrum dögum áður en Guðjón talaði um það við mig, að hann þyrfti að gera arfleiðsluskrá."

Yfirlýsingu þessa hefur hæstaréttarlögmaðurinn staðfest fyrir dómi.

Þá hefur verið lögð fram í dóminum yfirlýsing Bryndísar Konráðsdóttur hjúkrunarfræðings og Jóns Brynjólfssonar verkfræðings, dagsett 18. október 1990, sem þau hafa bæði staðfest fyrir dómi. Í því kemur fram, að Guðjón Teitsson hafi hringt til þeirra kl. 10.00 að morgni 10. apríl 1990. Hafi hann þá verið sjúkur af krabbameini og átt að leggjast inn á spítala morguninn eftir. Hafi hann beðið þau, hvort í sínu lagi, að koma til sín til sameiginlegs viðtals og þau verið komin til hans fyrir kl. 11.00 um morguninn. Hafi Guðjón verið skýr og yfirvegaður í tali og hugsun. Hafi tilgangur Guðjóns með kvaðningu þessari verið að tilkynna þeim ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag og tilkynna þeim erfingja sína, sem voru eftirtaldir:

1. Frænkur hans þrjár, Helga Daníelsdóttir, Sigurbjörg Símonardóttir og Sigrún Símonardóttir f. h. sonar síns, Guðjóns.
2. Krabbameinsfélagið eða Tónlistarfélagið.
3. Jón Brynjólfsson verkfræðingur.

Segir síðan í yfirlýsingunni:

Ekki nefndi Guðjón upphæðir, heldur aðeins, hverjir væru erfingjar sínir.

Guðjón lýsti því, að hann vildi gera erfðaskrá með ofangreindum erfingjum.

Bryndís (sem vinnur hjá heimahlynningu Krabbameinsfélags Íslands, innskot dómsins) benti Guðjóni á að ganga sem allra fyrst formlega frá erfðamálunum og fá til þess þá hjálp, sem til þyrfti, því að heilsu hans færi nú hrakandi.

Guðjón lýsti yfir, að hann hefði engum sagt eins mikið um erfðamál sín og Jóni Brynjólfssyni.

Þá liggja fyrir í málinu fjölmörg sýnishorn af eiginhandarundirskrift Guðjóns F. Teitssonar og rithendi hans að öðru leyti frá árunum 1989 og 1990, þ.e. bæði fyrir og eftir að umrædd erfðaskrá á að hafa verið gerð. Þá liggja fyrir í málinu ljósrit af vélritaðri blaðagrein hans frá 4. febrúar 1990 (rúmlega 7 blaðsíður), ljósrit af vélrituðu bréfi hans til samgönguráðherra frá 2. mars 1989 (rúmlega 10 blaðsíður) og ljósrit af vélrituðu bréfi hans til forseta Hæstaréttar (rúm 1 blaðsíða), dagsett 20. janúar 1990, en samkvæmt gögnum málsins voru bréf þessi öll vélrituð af Guðjóni sjálfum.

Með yfirlýsingu, dagsettri 10. júlí 1991, féll ákærði Sæmundur frá öllum kröfum um greiðslu arfs úr dánarbúi Guðjóns F. Teitssonar samkvæmt nefndri erfðaskrá. Jafnframt fór ákærði þess á leit við lögerfingja Guðjóns, að þeir afturkölluðu fram komna kæru og féllu frá öllum kröfum af sinni hálfu um opinbera málshöfðun á hendur sér. Af hálfu lögerfingjanna var

á þetta fallist með bréfi lögmanns þeirra til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettu samdægurs framangreindri yfirlýsingu.

Ákærði Sæmundur var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 19. desember 1990 og 3. júní 1991.

Ákærði skýrir svo frá í yfirheyrslunni 19. desember 1990, að hann hafi kynnst Guðjóni Teitssyni árið 1979 og vinskapur þeirra farið vaxandi, og telji ákærði Guðjón hafa verið besta vin sinn og það verið gagnkvæmt. Hafi þeir haft sama áhugamál, taflmennsku. Hafi þeir að jafnaði teflt þrjú kvöld í viku síðustu æviár Guðjóns til skiptis heima hjá ákærða eða Guðjóni. Þá hafi þeir verið saman í skákklúbbi og teflt þar hálfsmánaðarlega. Ákærði kveður Guðjón hafa kennt óljósra óþæginda vorið 1989 og ákærði vísað honum til Landakotsspítala til innlagningar. Eftir að hann útskrifaðist þaðan, hefði ákærði hvatt hann aftur til innlagningar og þá komið í ljós, að hann var með krabbamein, sem komið hefði verið meira og minna út um allan líkamann. Hefði Guðjón gengist undir skurðaðgerð í ágúst 1989 og eftir hana talið sig eiga möguleika á að geta lifað eitt og hálft til tvö ár til viðbótar. Ákærði kveður Guðjón hafa farið að kvarta um verki í desember 1989, aðallega í öxlum og handleggjum, og skömmu eftir það verið settur á lyfjameðferð, sem ekki hafi virst koma að gagni. Um þetta leyti hafi hæstaréttarmál, sem Guðjón flutti sjálfur fyrir sína hönd, átt hug hans allan. Hafi ákærði reynt að fá Guðjón til að samþykkja, að hæstaréttarlögmaður flytti málið fyrir hann, en hann verið ófáanlegur til þess.

Ákærði kveður Guðjón oft hafa minnst á erfðamál sín við sig um þriggja ára skeið fyrir andlát sitt og þá ævinlega á einn veg, þ. e., að hann hygðist láta mestallar eigur sínar ganga til byggingar Tónlistarhúss. Það hafi síðan verið í febrúar 1990, að Guðjón hafi minnst á, að hann ætlaði að ánafna þremur frænkum sínum og syni einnar þeirra „eitthvað smávegis", eins og hann orðaði það, og tekið það fram, að hann væri alveg óskuldbundinn ættingjum sínum.

Síðan skýrir ákærði svo frá:

„Það var um miðjan desembermánuð 1989, að við Guðjón sátum að tafli heima hjá honum, sem hann fyrst minntist á að arfleiða mig að einhverju. Ég eyddi þessu í bili og taldi mig ekki hafa þörf á neinum arfi. Hann hringdi svo nokkrum dögum síðar á læknastofu mína á Laugavegi 39 og vildi ganga frá „bráðabirgðaerfðaskrá" og hvort hann gæti komið heim til mín, þegar ég hefði lokið vinnu á stofunni.

Það talaðist svo til með okkur, að hann kæmi á milli kl. 17.00 og 18.00 heim til mín og hvort ég gæti hagað því svo til, að þar yrðu tveir menn, sem við þekktum báðir eða báðir þekktu okkur. Ég hringdi heim til Y og bað hann um að koma heim til mín á þeim tíma, sem ég nefndi áðan, og taka nokkrar skákir. Ekki þá nefndi ég Guðjón eða erfðaskrána á nafn.

X kom á stofuna til mín svo sem oft áður, og urðum við samferða heim til mín, en við X tökum oft skák. Við X vorum komnir heim um kl. 17.00. Ég opnaði með lykli, og var enginn fyrir í íbúðinni. Við X settumst þegar að tafli við borðstofuborðið. Y kom eftir nokkrar mínútur.

Guðjón kom svo skömmu seinna. Ég hætti tafli og setttist inn í setustofuna með Guðjóni. Rennihurð er á milli borðstofunnar og setustofunnar, og minnir mig, að ég hafi lokað henni á eftir okkur. Guðjón var með samanbrotin blöð í innanávasa í jakka sínum. Hann tók þau upp og las mér fyrir og bað mig að skrifa textann á ritvél, en ég er með þrjár ritvélar þarna heima. Þarna las Guðjón fyrir mig erfðaskrá mér til handa, og átti ég að erfa helming eigna hans eftir hans dag. Mér fannst þetta allt of mikið, en þá sagði hann, að hann byggist við að vera búinn að gefa mestan hluta eigna sinna fyrir andlát sitt, svo að þetta yrðu væntanlega engin ósköp. Ég benti Guðjóni á borgarfógeta og lögmann, þar sem ég hafði sjálfur einu sinni gert erfðaskrá og farið þannig að. En Guðjón vildi ganga frá þessu þá strax og sagði, að þetta breyttist sjálfkrafa, þegar hann gerði formlega erfðaskrá. Þar með voru þeir kvaddir til að verða vottar að undirskrift Guðjóns.

Við allir þrír horfðum á Guðjón skrifa undir erfðaskrána. Undirskrift fór fram á sófaborðinu í stofu þeirri, er við Guðjón vorum í. Erfðaskrána skrifaði ég í einriti og setti hana inn í bók og gekk illa að finna hana síðar. Ég áætla, að það hafi tekið mig 15 mínútur að skrifa erfðaskrána eftir upplestri Guðjóns, og því höfum við verið einir inni í herberginu í um 20 mínútur."

Þá skýrir ákærði svo frá í skýrslu þessari, að meðan Guðjón hefði verið á spítalanum í mars 1990 og reyndar áður, hefði það oft borist í tal, að hann ætlaði að ganga formlega frá eignum sínum, en þó hefði hann aldrei virst geta gert upp hug sinn um það, hvernig hann ætti að ráðstafa þeim. Það hafi loks verið á skírdag, að hann hafi ennþá einu sinni farið að tala um þetta og komist svo að orði, að hann væri „að falla á tíma". Hafi hann beðið sig að hringja í Egil Sigurgeirsson hæstaréttarlögmann til að fara þess á leit við hann að koma á spítalann og ganga frá formlegri erfðaskrá. Hafi ákærði hringt heim til Egils og mælst til þess, að hann kæmi daginn eftir, en Egill sagst vera vant við látinn um páskana, en hann myndi koma við fyrstu hentugleika.

Ákærði kveður það munu hafa verið í júní eða júlí 1990, að hann hafi hitt vin sinn, Inga Ingimundarson hæstaréttarlögmann, og sagt honum, að Guðjón hefði arfleitt sig að „einhverju". Hafi Ingi svo hringt til ákærða nokkru síðar og sagt, að tilkynning um innköllun hefði birst í Lögbirtingablaðinu, og ákærði nokkru síðar haft samband við Egil Sigurgeirsson, sem hafi sagt sér að skila erfðaskránni inn sem fyrst. Hafi orðið dráttur á, að

ákærði skilaði erfðaskránni, og ákærði bæði gleymt henni og ekki fundið hana. Muni ákærði hafa skilað henni inn í október. Ákærði kveðst ekki hafa vitað, hverjar eigur Guðjóns voru eða hverju ákærði ætti von á, en vitað, að hann átti íbúðina, sem hann bjó í.

Ákærða var í yfirheyrslunni kynntur framburður meðákærða Y þess efnis, að ákærði hefði beðið Y að rita nafn sitt á þrjú auð blöð af stærðinni A-4 nokkru eftir áramót 1989-1990. Svarar ákærði því sem hér segir: „Þetta er eitthvert rugl hjá Y, en mig minnir, að Y hafi tvívegis „lánað" mér nafn sitt á tilboð í bíla frá sölunefndinni. Þau blöð eru miklu minni og eru ekki auð. Y vissi ekkert af afdrifum þessara tilboða."

Í yfirheyrslunni 3. júní 1991 greinir ákærði m. a. nánar frá atvikum um gerð erfðaskrár þeirrar, sem mál þetta er sprottið af. Kveður ákærði, að Guðjón hafi haldið eftir blaðinu, sem hann hafi komið með, og haft á orði, að hann myndi geyma það.

Við dómsmeðferð málsins hefur ákærði skýrt frá aðdraganda erfðaskrárgerðar þeirrar, sem ákært er út af, á sama veg og rakið hefur verið. Ákærði kveðst hafa litið á erfðaskrána sem bráðabirgðagjörning, og hafi Guðjón haft ástæðu til að ætla á þeim tíma, sem erfðaskráin var gerð, að hann myndi lifa eitt til eitt og hálft og jafnvel tvö ár til viðbótar og talið sig hafa nógan tíma. Ákærði kveðst ekkert hafa minnst á þessa erfðaskrá við Egil Sigurgeirsson hæstaréttarlögmann á skírdag 1990 og fyrst sagt honum frá henni um sumarið og þá sagt, að einhvers konar erfðaskrá væri í sínum fórum, en það dregist fram í síðari hluta október, að ákærði skilaði henni. Ákærði kveður ætlun Guðjóns hafa verið að arfleiða svonefnt tónlistarhús í Reykjavík að langmestum hluta eigna sinna, og af því, sem eftir væri, þegar hann væri búinn að því, ætlaði hann að arfleiða þrjár frænkur sínar að einhverju, sem hann hafi kallað óverulegt, og síðan ákærða þannig, að ásetningur hans hafi verið sá að vera búinn að ganga svo frá þessu, að sem minnstur hluti færi til „ríkisins", þar sem hann hafi talið sig hafa verið illa hlunnfarinn af "ríkinu" um lífeyrissjóðsmál sín. Hafi Guðjóni verið mjög í mun, að eignir sínar kæmust óskiptar til þeirra, sem hann ætlaði að láta þær fá, í stað þess, að „svo og svo stór hluti þeirra rynni til ríkisins". Ákærði kveður Guðjón ekkert hafa minnst á, að ákærði ætti að fá einhverjar ákveðnar eignir, í stað þess að tilgreina hundraðshlutfall það, sem ákærði átti að fá af eignum hans.

Ákærði X var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 20. desember 1990 og 22. maí og 3. júní 1991.

Við yfirheyrslu 20. desember 1990 skýrir ákærði svo frá, að hann hafi verið málkunnugur Guðjóni Teitssyni, auk þess sem þeir hafi alloft teflt saman. Þó hafi enginn samgangur verið milli þeirra og þeir aldrei komið hvor á annars heimili. Ákærði kveður, að skömmu fyrir jól 1989 hafi hann

verið staddur á læknastofu meðákærða Sæmundar og svo æxlast til, að hann hafi farið heim með Sæmundi, er hann hafði lokið störfum þar. Hafi þá ekkert verið minnst á erfðaskrá eða Guðjón Teitsson. Kveðst ákærði telja, að klukkan hafi verið 18.00, er þeir komu heim til Sæmundar. Hafi meðákærði Y komið eftir þetta og hann og ákærði verið byrjaðir að tefla, er Guðjón Teitsson kom. Hafi Guðjón verið kátur og hress, eins og hann átti að sér. Hafi Sæmundur og Guðjón farið eitthvað að „bauka" saman í herbergi við hliðina á eldhúsinu og læst að sér. Hafi þeir dvalist alllengi í herberginu eða hátt á aðra klukkustund. Guðjón hafi síðan komið fram í herbergið, þar sem þeir Y sátu að tafli, og beðið þá að koma fram og tala við sig. Hafi þeir farið með Guðjóni inn í herbergið, sem þeir Sæmundur höfðu verið í, og Guðjón spurt, hvort þeir vildu votta undirskrift hans á „þessu blaði". Kveðst ákærði ekki minnast þess, að tekið væri fram, að um erfðaskrá væri að ræða. Kveðst ákærði ekkert hafa lesið það, sem á blaðinu stóð, heldur ritað nafn sitt sem vitundarvottur, eftir að hann hafði horft á Guðjón rita nafn sitt á það með eigin hendi og ótilneyddur. Kveðst ákærði ekki hafa orðið var við, að Guðjón væri á einhvern hátt óstyrkur eða hikandi, er hann ritaði nafn sitt á skjalið, en ákærði hefði þó aldrei áður séð hann undirrita skjöl. Hafi engar viðræður farið milli viðstaddra um skjalið og þeir farið af heimili Sæmundar fljótlega eftir undirritunina. Minnir ákærða helst, að þeir hafi allir farið um svipað leyti. Hafi þeir Sæmundur ekkert rætt um skjal þetta og ákærði fyrst vitað við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að skjalið væri erfðaskrá, og ákærði fyrst lesið efni skjalsins við fyrstu yfirheyrslu þar.

Ákærði kvað niðurstöður skriftarrannsókna koma sér mjög á óvart, þar sem hann hefði séð Guðjón „undirrita eitthvert skjal" eigin hendi á heimili Sæmundar skömmu fyrir jól 1989, þ. e., ákærði hefði vottað það með undirskrift sinni, auk þess sem Y hefði einnig vottað það. Kvaðst ákærði telja, að afrit erfðaskrár þeirrar, sem ákært er út af í máli þessu og sér var sýnt við yfirheyrslu, væri það skjal, sem ákærði hefði séð Guðjón undirrita, en ákærði gæti þó ekki fullyrt, að um sama skjal væri að ræða, þar sem hann hefði ekki lesið texta þess, þegar undirritun þess fór fram.

Í yfirheyrslu 25. maí 1991 skýrir ákærði þannig frá undirritun Guðjóns undir nefnda erfðaskrá: „Mér fannst Guðjón skrifa á pappírsörkina og ýta henni síðan til mín og benda mér á, hvar ég ætti að skrifa sem vottur. Eftir að ég hafði skrifað nafn mitt, fór ég strax út úr herberginu og settist yfir skák okkar Y, og því horfði ég ekki á Y votta, ef hann hefur gert það. Ég vissi ekki fyrr en töluvert síðar, að Sæmundur sagði mér, að um erfðaskrá hefði verið að ræða, Guðjón hefði verið að arfleiða Sæmund. Þetta barst aldrei í tal þarna um kvöldið, svo að ég heyrði." Ákærða var í yfir-

heyrslunni sýnt frumrit nefndrar erfðaskrár, og fullyrti ákærði, að hann hefði ritað nafn sitt á hana sem vottur.

Í yfirheyrslu 3. júní 1991 skýrir ákærði enn frekar frá undirskrift sinni sem vottur greint sinn. Kveður ákærði umrætt skjal ekki hafa farið úr augsýn sinni, frá því að honum „fannst" Guðjón skrifa undir og þar til ákærði vottaði það. Síðan segir ákærði orðrétt: „Ég hef aldrei áður skrifað nafn mitt á blað, þar sem nafn Y var fyrir." Ákærða var kynntur framburður Y um það, að efni þess skjals, sem hann hefði undirritað greint sinn, hefði verið annað en fram komi í erfðaskrá þeirri, sem um ræðir í máli þessu. Er þá haft eftir ákærða: „Mér finnst þetta þvæla hjá Y."

Fyrir dómi sagði ákærði, að sig minnti, að Sæmundur hefði kallað á sig inn í herbegi til að votta erfðaskrána, en var ekki viss um það. Kvað ákærði, að Guðjón Teitsson hefði verið hress umrætt sinn. Ákærði kvaðst ekkert hafa lesið yfir skjal það, sem hann ritaði undir, og ekki einu sinni litið á það. Kvaðst ákærði enga stund hafa verið að rita nafn sitt á skjalið. Ákærði mundi ekki til þess að hafa sagt við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, að það væri þvæla hjá Y, að sá hefði greint sinn vottað annan gjörning en erfðaskrá þá, sem til umfjöllunar er í máli þessu. Spurður um, hvort ákærði væri viss um, hvort Guðjón hefði skrifað nafn sitt á greint skjal, áður en ákærði vottaði það, svaraði ákærði orðrétt: „Maður er aldrei viss, af því að ég var ekkert að spekúlera í því. Maður bara beið eftir að skrifa sjálfur." Ákærði kvað sig ekkert varða um, hvað þetta var, sem hann skrifaði nafn sitt undir, og snerti það hann ekkert. Hann hefði einungis verið beðinn um að „lána" nafn sitt og ekkert meira verið að hugsa um þetta. Kvaðst ákærði hafa haft einhverja óljósa hugmynd um, að hann hefði verið að votta erfðaskrá, en mundi ekki, hvort nefnt hefði verið, að um erfðaskrá væri að ræða.

Ákærði Y var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 19. og 28. desember 1990 og 22. maí og 3. júní 1991.

Í fyrstu yfirheyrslu skýrir ákærði svo frá, að kunningsskapur sinn og Guðjóns Teitssonar hafi ekki verið mikill, t. d. hefðu þeir aldrei komið hvor á annars heimili. Hafi ákærði alloft hitt Guðjón í Sundhöllinni og þeir þá oft tekið tal saman og einkum um sameiginlegt áhugamál þeirra, skák, og stundum um sameiginlegan kunningja þeirra, ákærða Sæmund, en yfirleitt einungis um daginn og veginn.

Ákærði kveðst hafa verið staddur á heimili Sæmundar skömmu fyrir jól 1989, að kvöldi dags, er Guðjón hafi komið þangað. Hafi ákærði komið milli klukkan 17.00 og 18.00 og þar verið fyrir ákærðu Sæmundur og X. Hafi þeir ekki verið búnir að dveljast þarna lengi, er Guðjón birtist, en Sæmundur hefði ekkert verið búinn að minnast á það, að hans væri von. Telur ákærði víst, að Sæmundur hafi hringt til sín í þeim tilgangi að tefla,

en það hafi þeir gert reglulega. Kveður ákærði áreiðanlegt, að Sæmundur hafi ekkert minnst á erfðaskrá eða neitt í tengslum við það, því að það hefði komið flatt upp á sig, er Sæmundur fór þess á leit við sig, að hann vottaði erfðaskrá Guðjóns. Hafi ákærði og X tekið tafl saman, og nokkru eftir það hafi Guðjón komið í dyr herbergisins, sem þeir X voru í, og ávarpað þá eitthvað á þessa leið: „Gætuð þið gert mér þann greiða að koma hérna fram." Hafi Guðjón verið eins og hann átti að sér, háttvís og kurteis. Hafi þeir X farið inn í stofu ásamt Guðjóni, og var Sæmundur þar fyrir. Hafi Guðjón beðið ákærða og X að votta undirskrift sína á erfðaskrá, og geti ákærði ekki betur séð en um sama skjal væri að ræða og lá frammi í afriti við yfirheyrsluna, þ. e. erfðaskrá þá, sem mál þetta er sprottið af. Síðan skýrir ákærði svo frá: „Mætti kveðst hafa horft á það berum augum, þegar Guðjón heitinn ritaði eigin hendi nafn sitt á erfðaskrána. Kveður hann Guðjón hafa setið við sófaborð í stofunni, þegar hann undirritaði erfðaskrána, og síðan hafi þeir X ritað nöfn sín sem vitundarvottar." Síðan segir ákærði: „Mætti kveðst ekki hafa lesið hana (þ.e. erfðaskrána, innskot dómsins) orði til orðs, en hann hafi „rennt" lauslega yfir hana. Kveðst mætti þó ekki geta séð betur en hér frammi liggi afrit þeirrar erfðaskrár, sem hann undirritaði. Mætti kveðst þó sjá nú, þegar hann lesi skjalið betur, að þar sé orðalag, sem hann telji ekki beinlínis eiga við, eins og t.d. „...erum báðir nákunnugir arfleiðanda" og „...í viðurvist sérstaklega tilkvaddra votta"."

Ákærða voru við yfirheyrsluna kynntar niðurstöður skriftarrannsóknar Rannsóknarlögreglu ríkisins. Skýrir ákærði þá svo frá, að sér komi niðurstöðurnar á óvart, því að ákærði hafi séð Guðjón skrifa nafn sitt á skjal, sem sér hafi verið sagt, að væri erfðaskrá. Kveðst ákærði telja, að um sama hefði verið að ræða og lá frammi í afriti við yfirheyrsluna, en ekki geta fullyrt neitt um það.

Síðan skýrir ákærði svo frá sem hér segir: „Mætti kveðst muna það nú, þegar hann fari að rifja það upp og eftir að hann hafi heyrt niðurstöðu tæknideildar RLR, að nokkru eftir áramót 1989-1990 hafi Sæmundur Kjartansson beðið sig að rita nafn sitt á þrjú auð blöð af stærðinni A-4, og hefði það verið vegna tilboða, sem hann ætlaði að gera í bíla hjá Sölunefnd varnarliðseigna. Kveðst mætti ekki minnast þess að hafa séð umrædd blöð síðan og ekkert heyrt frá sölunefndinni. Kveðst mætti ekki hafa leitt hugann að þessu fyrr en nú, að hann heyrir niðurstöðu rithandarrannsóknar RLR. Mætti kveðst einnig vilja taka það fram nú, þegar hann hefur lesið afrit erfðaskrárinnar orð fyrir orð, að þar sé orðalag, sem sér finnist hann ekki kannast við og sér finnist ekki hafa verið á því skjali, sem hann undirritaði sem erfðaskrá Guðjóns Teitssonar. Kveður hann þar vera um að ræða orðalagið: „.... skal erfa 50% (helming) allra þeirra eigna...."

og orðalagið: „.... skal þessi arfur ganga til barna hans". Kveður hann þetta mjög undarlega orðað, þ. e., að Sæmundur skuli erfa helming allra eigna Guðjóns, og hefði hann örugglega hnotið um það á þeim tíma, þegar hann vottaði erfðaskrána. Einnig kveður mætti orðalagið: „....skal þessi arfur ganga til barna hans" - koma sér spánskt fyrir sjónir nú, og hefði hann áreiðanlega hnotið um þetta orðalag á sínum tíma. Kveðst mætti alls ekki sætta sig við þetta orðalag, því að hann segist þess fullkomlega viss, að hann hefði munað það, hefði það verið ritað í texta þess skjals, sem hann undirritaði sem erfðaskrá á heimili Sæmundar Kjartanssonar."

Hinn 28. desember 1990 mætir ákærði að eigin frumkvæði hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og óskar eftir að gefa aðra skýrslu um ýmis atriði varðandi erfðaskrá þá, sem mál þetta snýst um. Í upphafi skýrslu sinnar greinir ákærði frá því, að hann hafi brotið heilann mjög mikið um erfðaskrána og átt andvökunætur út af þessu öllu saman og mikið reynt að rifja upp, hvað það hafi í raun og veru verið, sem hann undirritaði á heimili Sæmundar Kjartanssonar skömmu fyrir jól 1989. Sé ákærði ákaflega efins um það nú, eftir að hann hafi hugsað málið fram og aftur, að það hafi verið erfðaskrá Guðjóns Teitssonar, sem hann hafi vottað umrætt kvöld. Kveðst ákærði vera mjög minnugur á tölur, og myndi hann örugglega muna eftir tölunni 50%, hefði hún verið rituð á skjalið. Einnig kveður ákærði orðalagið: „...ef eitthvað óvænt hendir hann, skal þessi arfur ganga til barna hans" - vera sér mjög framandi og kveður nær óhugsandi, að þau orð hafi verið rituð á skjalið. Finnist ákærða, að um hafi verið að ræða „minni háttar plagg", sem hann hafi verið að votta greint sinn, en alls ekki erfðaskrá. Ef svo hefði verið, myndi hann örugglega betur eftir skjalinu og efni þess. Síðan segir ákærði: „Y kveðst einnig vilja geta þess, að Sæmundur Kjartansson hafi komið að heimili sínu að Freyjugötu 34 að kvöldi 19. 12. sl., þ. e. sama dag og hann hafði verið í skýrslutöku hjá RLR. Hefði Sæmundur verið mjög æstur og spurt sig, hvers konar „djöfulsins fábjáni" hann væri. Kveður hann sér hafa brugðið mjög við þessa framkomu Sæmundar. Ekki kveðst Y þó geta fullyrt, hvort hann notaði orðið fábjáni eða fífl, en það hafi verið í þeim dúr. Hefði Sæmundur sagt, að hann, þ. e. Y, hefði ekkert átt að minnast á þessi auðu blöð, sem hann hefði undirritað og getið um hjá RLR. Hefði Sæmundur haldið því fram, að það væri misskilningur, að hann hefði ritað nafn sitt á einhver auð blöð, því að nú væru notuð sérstök form hjá Sölunefnd varnarliðseigna varðandi tilboð í bíla, og hefðu það verið slík form, sem hann hefði ritað nafn sitt á. Kveðst mætti hafa tjáð Sæmundi, að hann segði hlutina bara eins og þeir væru og að hann hefði ritað nafn sitt á auð blöð fyrir hann. Kveður Y þá ekki hafa rætt neitt umrædda erfðaskrá, og hefði samtali

þeirra lokið með því, að Sæmundur hefði sagt, að hann skyldi halda því fram, ef hann yrði spurður, að hann hefði skrifað nafn sitt á þessi tilteknu form, en ekki auð blöð. Kveður mætti þetta hafa hljómað eins og skipun af hálfu Sæmundar um það, hvernig hann ætti að haga lífi sínu, og hefði samtali þeirra lokið við svo búið. Kveður Y þetta samtal svo og framkomu Sæmundar, sem hann hefði þekkt í u. þ. b. 20. ár, hafa fullvissað sig um, að eitthvað væri athugavert við umrætt skjal, sem hann hefði undirritað á heimili Sæmundar, og að þar væru einhverjir maðkar í mysunni. Síðan getur ákærði þess, að sér finnist efni þess skjals, sem hann undirritaði sem vottur greint sinn, hafa fjallað um málverk og verið eins konar gjafabréf. Ákærði kveður sér hafa brugðið í brún, er hann sá, að skjalið bar yfirskriftina ERFÐASKRÁ, er ákærði var staddur á heimili Sæmundar, og fundist við yfirlestur skjalsins, að ekki hafi verið um erfðaskrá að ræða, og sé ákærði þess nánast fullviss, að svo hafi ekki verið."

Í yfirheyrslu 22. maí 1991 ítrekar ákærði framburð sinn um, að skjal það, sem hann hafi vottað greint sinn, sé ekki erfðaskrá sú, sem mál þetta varðar. Segir ákærði, að á nefndu skjali hafi verið ritað efst orðið *Erfðaskrá*, en efni þess verið annað en fram komi á því skjali, sem frammi liggi í máli þessu. Sé ákærði þess fullviss, að í því skjali, sem hann vottaði, hafi verið rætt um myndverk eða málverk, og sé það mjög fast í huga sér, að um hafi verið að ræða málverk eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval. Síðan segir ákærði: „Kveður mætti það fullvíst, að hann hafi með einhverju móti verið blekktur af Sæmundi, og telur öruggt, að það hafi verið gert með því að biðja hann að undirrita nokkur auð blöð, sem nota átti, að sögn Sæmundar, vegna tilboðs í bíl hjá Sölunefnd varnarliðseigna. Telur mætti það hljóta að vera, að Sæmundur hafi svo bætt inn á blaðið þeim texta, sem komi fram á skjali því, sem hér liggur frammi við skýrslutökuna og mál þetta snýst um. Kveðst mætti einmitt hafa spurt Sæmund um þessi auðu blöð, sem mætta minnir, að hafi verið 3-4 talsins, þegar hann hafi komið að heimili mætta fyrrnefnt kvöld, og hefði Sæmundur sagst hafa fleygt þeim."

Í yfirheyrslu 3. júní 1991 kemur fram hjá ákærða, að hann eigi mjög erfitt með að átta sig á því, hve lengi þeir X hafi setið að tafli, áður en Guðjón kom í dyrnar og kallaði á þá. Missi ákærði allt tímaskyn, þegar hann tefli, en þó finnist sér sem ekki hafi liðið mjög langur tími, þar til kallað var á þá. Fyrir dómi hefur ákærði greint svo frá, að kynni sín af Guðjóni Teitssyni hafi ekki verið mjög mikil, og hafi þeir hist þrívegis heima hjá ákærða Sæmundi og þar af tvisvar fyrir þann atburð, sem mál þetta snýst um. Þá hafi þeir oft verið saman í Sundhöllinni og ræðst þar lítillega við. Hafi Guðjón verið fyrirtaksmaður, háttprúður og þægilegur. Kveðst ákærði langt frá því hafa verið nákunnugur Guðjóni. Ákærði segir

Sæmund hafa hringt í sig greint sinn og spurt, hvort ákærði væri tilbúinn að koma í „túrneringu", þ. e. lítið skákmót. Hins vegar hafi ekkert orðið úr móti og einungis þeir X teflt. Skýrði ákærði síðan á sama veg og áður frá atvikum við undirskriftir erfðaskrárinnar.

Er ákærða var sýnt frumrit þeirrar erfðaskrár, sem liggur frammi í dóminum, fullyrti hann, að hún væri ekki það skjal, sem ákærði hefði vottað umrætt sinn á heimili Sæmundar. Hins vegar staðfesti ákærði, að um nafnritun sína væri að ræða á erfðaskránni. Kvað ákærði efni þess skjals, sem hann vottaði, hafa snúist um myndverk og ekkert annað og ákærði talið þetta minni háttar mál. Væri efni þeirrar erfðaskrár, sem frammi liggi í dóminum, óþekkjanlegt frá efni þess skjals, sem ákærði vottaði. Minnti ákærða, að myndverkið hefði verið eftir Jóhannes Kjarval, en þorði ekki alveg að fullyrða það. Ítrekaði ákærði það, sem hann hefur borið í yfirheyrslum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins um það, að hann hefði undirritað þrjú auð blöð fyrir Sæmund í febrúar eða mars 1990, og hefði Sæmundur sagst ætla að nota þau til að gera tilboð í bíla hjá Sölunefnd varnarliðseigna. Hefði Sæmundi legið mjög á að fá þessi blöð og beðið í ganginum heima hjá ákærða, eftir að ákærði ritaði nafn sitt á þau.

Ákærðu Sæmundur og Y voru samprófaðir fyrir dómi um það, sem milli ber í framburði þeirra, en án árangurs, og héldu þeir hvor um sig fast við framburð sinn.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna þeirra, er um mál þetta hafa borið.

Bryndís Konráðsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá heimahlynningu Krabbameinsfélags Íslands, kveðst hafa byrjað að hjúkra Guðjóni Teitssyni 7. mars 1990 og sinnt því í félagi við þrjá aðra hjúkrunarfræðinga og tvo lækna til 20. apríl sama ár. Vitnið kveðst hafa farið á fund Guðjóns 10. apríl 1990 að beiðni hans. Þar hafi Guðjón spjallað við vitnið og Jón Brynjólfsson um erfðamál sín, sem hann hafði oft rætt um við vitnið. Hafi legið mjög þungt á honum, að hann væri ekki búinn að gera erfðaskrá, og hann margoft verið búinn að ræða það við þá, sem hjúkruðu honum, að hann væri í vandræðum með það. Hafi Guðjón verið búinn að ræða það áður, að hann ætlaði að láta Tónlistarfélagið fá eignir sínar eftir sinn dag, og hugsað sér það allt fram að því, að hann veiktist og verið farinn að verða háður öðrum um aðstoð og þjónustu. Hafi honum fundist þetta breyta myndinni og hann vera skuldbundinn þremur frænkum sínum. Hafi hann haft á orði, að hann vildi ekki, að arfurinn skiptist milli lögerfingjanna. Þrjár frænkur sínar væru sér mjög kærar og hefðu reynst sér mjög vel, og vildi hann, að þær fengju hluta af arfi sínum. Síðan hafi hann nefnt Tónlistarfélagið, eins og hann hafi alltaf gert, og þá hafi Krabbameinsfélagið verið komið til greina svo og Jón Brynjólfsson, sem mikið hafði

verið hjá honum. Kveður vitnið, að Guðjóni hafi margoft verið bent á að leita sér lögfræðings til að ganga frá þessum málum og að sjálfsögðu verið reynt að sannfæra hann um, að Krabbameinsfélagið sæktist ekkert eftir arfi eftir hann og þjónusta þess stæði honum til boða honum algjörlega að kostnaðarlausu.

Vitnið kveðst ekki muna til þess, að Guðjón hafi nokkurn tíma minnst á það, að ákærði Sæmundur ætti að fá arf eftir sig. Guðjón hafi hins vegar margoft verið búinn að tala um, hvað Sæmundur væri sér góður og að hann væri honum mjög þakklátur, en ekki minnist vitnið þess, að Guðjón hafi nefnt nafn hans í sambandi við þessi erfðamál. Hafi ákærði komið mjög oft til Guðjóns og aðstoðað hann og leiðbeint honum við einhverja meðferð og Guðjón talað um hann sem mjög góðan vin.

Vitnið kveður það hafa verið mat þeirra, er stunduðu Guðjón, að hann væri mjög mikill reglumaður, og þess vegna hefði það komið þeim mjög á óvart, að hann skyldi ekki vera búinn að ganga frá þessum málum, þar sem hann virtist þurfa að setja allt upp, t.d. lyfjagjafir. Virtist það vera einkenni hans að hafa hlutina í röð og reglu.

Helga Daníelsdóttir hjúkrunarfræðingur, bróðurdóttir Guðjóns Teitssonar, kveður Guðjón alla tíð hafa verið heilsuhraustan þar til í apríl 1989, að hann hafi fengið viðvarandi hita. Hafi hann farið í rannsókn 24. sama mánaðar, en ekkert athugavert fundist. Hinn 24. júlí sama ár hafi hann verið lagður inn á spítala og þá greinst með meinvarp í beinum og í framhaldi af því með krabbamein í blöðruhálskirtli. Hafi verið gerð aðgerð á Guðjóni í framhaldi af sjúkdómsgreiningu. Hann hafi farið af spítalanum 5. ágúst og þá haft fótaferð og séð alveg um sig sjálfur. Hann hafi staðið í málaferlum við „ríkið" vegna lífeyrisgreiðslna og sjálfur rekið mál sitt fyrir Hæstarétti. Hafi hann flutt það um miðjan janúarmánuð 1990. Eftir það hafi heilsu hans farið hrakandi og hann verið kvalinn á köflum. Hann hafi haft mjög lítið úthald á afmælisdegi sínum 14. febrúar 1990 og aftur verið lagður inn á spítala 23. sama mánaðar, en útskrifast aftur 6. mars og haft fótaferð eftir það. Hafi honum liðið mjög illa á þessum tíma og verið fárveikur. Hann hafi að jafnaði verið skýr í hugsun, en „dottið út" með köflum og slíkt ágerst. Guðjón hafi enn að nýju verið lagður inn á spítala 3. apríl 1990 og verið þar til 6. sama mánaðar, en þá farið heim til sín mjög veikur. Hann hafi svo verið lagður inn á spítala 11. sama mánaðar og þá verið orðinn ófær um að vera einn og látist 2. maí þar á eftir. Eftir lát hans hafi lögerfingjarnir snúið sér til Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, sem sótt hafi um leyfi til einkaskipta á búi Guðjóns fyrir þeirra hönd og auglýst eftir hugsanlegum kröfuhöfum í búið. Hafi lögerfingjarnir hist í íbúð Guðjóns heitins 13. október 1990 og skipt með sér húsgögnum og munum í fullu samkomulagi. Daginn eftir hafi Egill komið

og opnað læstar hirslur og farið yfir það, sem þar var, en áður hafi hann verið búinn að taka bankabækur og önnur verðmæti í samráði við skiptaráðanda. Hinn 17. október hafi vitnið og Sigurbjörg Símonardóttir farið með málverk í Gallerí Borg og Egill geymt kvittanir fyrir því, en næsta dag hringt í vitnið og sagt sér, að ákærði Sæmundur hefði hringt og sagst vera með erfðaskrá, þar sem fram kæmi, að hann erfði helming eigna Guðjóns, og hefði ákærði komið með hana til Egils næsta dag.

Vitnið kveður ákærða Sæmund hafa heimsótt Guðjón í veikindum hans, en ekki vita frekar um samskipti þeirra. Vitnið kveðst hafa spurt Guðjón í ágúst 1990, hvort hann væri búinn að gera erfðaskrá, og hann svarað því neitandi og sagt, að hann ætlaði að láta lögerfingja njóta þess (sic). Vitnið kveður Guðjón hafa verið mikinn reglumann á skjöl, geymt þau á öruggum stað í ákveðnum möppum eftir málaflokkum og verið með öll skjöl, er vörðuðu fjárhagsleg málefni, í læstri hirslu, sem Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður hafi farið í gegnum. Kveðst vitnið alveg visst um, að hefði Guðjón gert erfðaskrá, hefði hann „þinglýst" henni og geymt hana á öruggum stað.

Jón Brynjólfsson verkfræðingur kveðst hafa kynnst Guðjóni Teitssyni vorið 1971. Hafi þeir oft hist og kunnað mjög vel hvor við annan og með tímanum alltaf orðið betri og betri vinir og haft sífellt meiri samskipti. Kveðst vitnið hafa verið vinur Guðjóns í öllum veikindum hans og alveg fram til síðasta dags. Vitnið kveður Guðjón fyrst hafa farið að tala um erfðamál sín við vitnið í október, nóvember eða desember 1989 eða byrjun janúar 1990. Hafi Guðjón þá sagt eitthvað á þessa leið: „Ég ætlaði að arfleiða Sæmund, en hann er svo ríkur, hann þarf ekkert að því að halda." Eftir það hafi Guðjón aldrei minnst á Sæmund í sambandi við erfðamál sín.

Vitnið kveður Guðjón ávallt hafa skrifað nafn sitt mjög fast, og unnt hafi verið að lesa blað, sem hann skrifaði á, í gegn vegna þess, að það hefði bungað út, þar sem hann skrifaði. Vitnið kveðst engan mun hafa séð á rithendi Guðjóns í desember 1989 og janúar 1990 frá því, sem hún hafði verið áður.

Sigurbjörg Símonardóttir innkaupastjóri, bróðurdóttir Guðjóns Teitssonar, kveðst hafa farið næstum daglega til Guðjóns í veikindum hans. Kveður vitnið hann hafa verið nokkuð hressan um jólin 1989, en á afmæli hans, 16. febrúar 1990, hafi verið verulega af honum dregið. Vitnið kveður Guðjón aldrei hafa rætt um erfðamál sín við það og aldrei minnst á, að hann hefði gert erfðaskrá. Vitnið kveður, að Guðjón hafi verið mikill reglumaður og svo mikill nákvæmnismaður á alla hluti, að það hafi verið alveg sérstakt. Ef hann hefði verið búinn að gera erfðaskrá, hefði hún verið einhvers staðar í læstum hirslum eða öruggum stað.

Sigurður Daníelsson markaðsstjóri, bróðursonur Guðjóns Teitssonar,

kveður Guðjón hafa rætt erfðamál sín við sig einu sinni, og hafi það verið vorið 1989. Hafi Guðjón verið að velta því fyrir sér að arfleiða einhverja stofnun, að minnsta kosti að einhverjum hluta eigna sinna. Kveðst vitnið ekki hafa verið neitt sérstaklega „spennt fyrir" þessum viðræðum og sagt Guðjóni, að þetta væru hans fjármunir og að hann ráðstafaði þeim að sjálfsögðu eins og honum þætti best henta.

Sigrún Símonardóttir tryggingafulltrúi, bróðurdóttir Guðjóns Teitssonar, kveður Guðjón hafa hringt til sín síðari hluta febrúar 1990 og beðið vitnið að tala við sig. Hafi liðið um þrjár vikur, þar til vitnið fór á fund hans. Hafi Guðjón rætt um útför sína og hvernig hann vildi hafa hana. Síðan hafi hann minnst á erfðamál sín og sagst ekkert ætla að gera og láta þetta bara ganga sína leið. Hafi hann sagt, að hann væri ekki búinn að gera erfðaskrá.

Kristinn Karlsson Johnson fulltrúi kveðst hafa verið í sama skákklúbbi og Guðjón Teitsson frá 1955, og hafi Guðjón teflt síðast í klúbbnum að kvöldi 20. desember 1989. Hafi Guðjón komið til tafls klukkan hálfátta um kvöldið og verið hress og kátur og staðið sig mjög vel og taflmennsku lokið um klukkan hálftólf.

Úlfar Þormóðsson forstöðumaður kveður sér hafa verið sendar fjórar eða fimm myndir úr dánarbúi Guðjóns Teitssonar niður á Gallerí Borg 15., 16. eða 17. október 1990. Þegar vitnið hafi verið búið að fá myndirnar í hús, kveðst það hafa að loknum venjulegum sýningartíma hengt að minnsta kosti þrjár þeirra á fleka úti við glugga og tvær aðrar á veggi inni í „galleríinu". Kveður vitnið, að annaðhvort þá þegar um kvöldið, á meðan það var að þessu, eða strax morguninn eftir hafi ákærði Sæmundur komið til sín og sagt, að hann teldi sig eiga þessar myndir eða eiga allan rétt til þeirra. Hafi Sæmundur sagt, að svo hefði talast til með þeim Guðjóni, að ákærði fengi málverkin að Guðjóni gengnum, og verið undrandi á því, að myndirnar væru komnar þangað, sem þær voru, þar sem hann teldi sig eiga rétt á þeim.

Vitnið kveðst muna eftir, að þarna hafi verið um að ræða eina Kjarvalsmynd, kallaða Mosaþembu, nokkuð stóra, þá mynd eftir Svein Þórarinsson, frá Akureyri, svo og eftirmálun af þekktu málverki, sem heitir Díana eftir baðið, en eftir öðrum myndum kveðst vitnið ekki muna. Vitnið kveðst hafa sagt Sæmundi, að hann þyrfti að gera einhverjar ráðstafanir til þess að komast yfir myndirnar, hafa samband við lögmann eða eitthvað slíkt. Vitnið kveðst að sjálfsögðu hafa haft samband við lögmann lögerfingjanna, og í samráði við hann hafi þeir óskað eftir, að vitnið hefði myndirnar til geymslu, en ekki sölu, meðan þeir teldu, að þess þyrfti. Hafi erfingjarnir skipt um lögmann einhvern tíma snemma árs 1991 og á haustmánuðum það ár verið gefið leyfi af hans hálfu til að selja myndirnar og þær allar verið seldar í framhaldi af því.

Er Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður kom í dóminn sem vitni, vísaði hann til yfirlýsingar sinnar, er rakin hefur verið hér að framan og hann hefur staðfest fyrir dóminum. Að auki hefur vitnið skýrt svo frá fyrir dóminum, að ákærði Sæmundur hafi, er hann kom til vitnisins á skírdag, 12. apríl 1990, ekkert minnst á, að Guðjón væri búinn að gera einhvers konar erfðaskrá. Kveður vitnið ákærða ekki hafa haft neinn fyrirvara á erfðaskrá þeirri, er um ræðir í máli þessu, er hann framvísaði henni á skrifstofu vitnisins. Hafi vitnið sagt honum, um leið og hann afhenti því skrána, að þetta yrði vefengt, en þeim ekkert annað farið á milli. Vitnið kveður Guðjón aldrei hafa minnst á ákærða Sæmund né erfðaskrá við sig, en hvað eftir annað rætt um, að hann þyrfti að gera erfðaskrá, áður en hann dæi.

Þá hefur komið fyrir dóminn Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður og skýrt frá því, að ákærði Sæmundur hafi komið til sín út af umræddri erfðaskrá, áður en auglýsingin um innköllun frá Agli Sigurgeirssyni hæstaréttarlögmanni birtist í Lögbirtingablaðinu, en að öðru leyti hafi ákærði ekkert rætt erfðamál sín við vitnið.

Að lokum hafa í tilefni af framburði ákærða Y gefið skýrslu í dóminum sem vitni Sigríður Einarsdóttir og Kristinn Guðjón Ólafsson.

Sigríður Einarsdóttir, til heimilis í Kötlufelli 11 hér í borg, kveðst hafa verið í heimsókn hjá ákærða Y um eða laust eftir áramót 1989-1990, er ákærða Sæmund hafi borið þar að garði. Hafi Y komið hlaupandi inn með u. þ. b. þrjú auð blöð í höndum og beðið um penna í fljótheitum, það lægi mikið við. Hafi vitnið spurt, hvort ákærði Sæmundur ætlaði ekki að koma inn, en ákærði Y sagt, að hann væri að flýta sér til að gera tilboð í bíla hjá Sölunefnd varnarliðseigna.

Þá kveðst vitnið hafa verið statt heima hjá ákærða Y í desember 1990, er ákærði Sæmundur kom þangað. Hafi Sæmundur barið á dyrnar og sparkað í þær og hamast mikið á bjöllunni. Y hafi farið til dyra og opnað og Sæmundur kallað hann öllum illum nöfnum og sagt, að hann hefði ekki átt að vera að minnast á þessi blöð við rannsóknarlögregluna, það gæti komið sér illa. Hafi Sæmundur sagt orðrétt við Y: „Þú máttir ekki nefna blöðin, því að Ingi segir, að ég geti lent í fangelsi fyrir það, helvítis asninn þinn," en Y sagt, að hann hefði einungis sagt satt og rétt frá því, sem hefði gerst. Hafi Y tekið Sæmund og farið með hann út í bifreið og vitnið ekki vitað, hvað þeim hafi farið á milli.

Kristinn Guðjón Ólafsson, til heimilis að Vatnsstíg 11, Reykjavík, kveðst hafa verið staddur á heimili ákærða Y í febrúar eða mars 1990, er ákærða Sæmund hafi borið þar að garði. Hafi Y komið inn, eftir að hann hafði farið til dyra, og verið með hvítan vélritunarpappír af stærðinni A-4 eða A-6 í höndunum og efsta blaðið, það sem vitnið sá, verið autt, en vitnið kveðst ekki geta borið um það, hve mörg blöðin voru. Hafi Y þurft að

ná í skriffæri. Vitnið kveðst ekki hafa séð Sæmund, en heyrt í honum, en það þekki málróm hans. Eftir á hafi Y sagt vitninu, að Sæmundur ætlaði að bjóða í einhverjar bifreiðar.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, hefur ákærði Sæmundur haldið því eindregið fram, að Guðjón heitinn Teitsson, sem var góður vinur hans, hafi komið á heimili ákærða seinni hluta dags 20. desember 1989, eftir að hann hafði hring til ákærða fyrr um daginn, og beðið hann um, að þangað kæmu tveir menn, sem bæði ákærði og Guðjón þekktu. Hafi Guðjón verið með handskrifaðan texta erfðaskrár á blaði. Hann hafi lesið ákærða fyrir af blaðinu erfðaskrá þá, sem mál þetta er sprottið af, og ákærði vélritað hana samkvæmt ósk Guðjóns, en í gögnum málsins kemur fram, að erfðaskráin var vélrituð með ritvél ákærða Sæmundar. Í framhaldi af því hafi Guðjón ritað eigin hendi undir erfðaskrána að ákærða og meðákærðu viðstöddum og meðákærðu síðan ritað sem arfleiðsluvottar undir hana. Erfðaskráin hafi verið vélrituð í einu eintaki, og kveðst ákærði hafa haldið því eftir, en Guðjón haldið á brott með handskrifaða textann.

Ákærði Sæmundur kveðst hafa litið á erfðaskrána sem „bráðabirgðagjörning", enda hafi Guðjón talið á þeim tíma, sem hann gerði hana, að hann myndi lifa eitt til eitt og hálft og jafnvel tvö ár til viðbótar. Hafi ætlun Guðjóns verið að arfleiða svonefnt Tónlistarhús í Reykjavík að langmestum hluta eigna sinna. Þá hafi hann og haft í hyggju að arfleiða þrjár frænkur sínar að einhverjum eignum og síðan ákærða. Ætlun Guðjóns hafi verið sú að vera búinn að ganga frá þessu með þeim hætti, að sem minnstur hluti færi til „ríkisins", sem hann hafi talið, að hefði hlunnfarið sig illa í sambandi við lífeyrismál sín.

Ákærðu X og Y hafa kannast við að hafa komið á heimili Sæmundar skömmu fyrir jól 1989 að beiðni ákærða Sæmundar. Hafi Guðjón komið þar og beðið þá, þar sem þeir hafi setið að tafli, að vera vottar á vélrituðu skjali. Þess hafi ekki verið farið á leit við þá fyrr en þá og ákærði Sæmundur ekki gefið þeim til kynna, að til stæði að biðja þá að vera arfleiðsluvotta. Ákærðu hafa báðir staðfest undirskrift sína sem arfleiðsluvottar á erfðaskrá þeirri, er mál þetta snýst um. Samkvæmt framburði ákærða X las hann ekki efni skjals þess, sem hann vottaði greint sinn, og þorir ekki að fullyrða, að um sama skjal og mál þetta varðar hafi verið að ræða. Þá hefur hann orðið tvísaga um, hvort hann ritaði nafn sitt á undan meðákærða Y eða á eftir.

Ákærði Y hefur fullyrt, að erfðaskrá sú, sem fyrir liggur í máli þessu, sé ekki sá löggerningur, sem hann hafi ritað nafn sitt sem vottur undir greint sinn, og það skjal, sem hann vottaði, hafi snúist um myndverk.

Hefur ákærði gefið sterklega í skyn, að meðákærði Sæmundur hafi notað eitt þeirra auðu blaða, sem ákærði hafði ritað nafn sitt neðst á fyrir meðákærða í janúar eða febrúar 1990, við erfðaskrárgerð þá, sem mál þetta fjallar um.

Svo sem áður greinir, sætti undirskriftin „Guðjón F. Teitsson" undir umrædda erfðaskrá rannsókn tveggja sérfræðinga í skjalarannsóknum. Eru niðurstöður rannsókna þeirra mjög á sama veg, og ber þeim saman um, að hin vefengda undirritun sé í mögum veigamiklum atriðum ólík staðfestum sýnishornum á rithendi Guðjóns.

U. Filtenborg, annar sérfræðinganna, kemst að þeirri niðurstöðu, að hann telji það sérstaklega líklegt (overordentligt sandsynligt), að hin vefengda nafnritun á erfðaskránni hafi verið rituð sem fríhendisfölsun (tilraun til stælingar), þar sem rétt nafnritun hafi verið notuð sem fyrirmynd. Hafi skrifari hinnar vefengdu nafnritunar reynt að ná fram nafnritun, sem við yfirborðskennda skoðun leikmanna líkist sannri nafnritun, þ. e. a. s. hún sé gerð þannig, að unnt sé að villast á henni og sannri nafnritun. Til útskýringar þessu segir í niðurstöðum U. Filtenborgs, að rannsókn hans sýni, að strikadráttur í hinni vefengdu nafnritun sé óviss og komi fram í því, að skjálfti sé á drættinum. Óeðlilega oft sé gert hlé á nafnrituninni, sem kunni að stafa af því, að skrifarinn geri smáhlé á stöðum, þar sem venjulega hafi ekki verið staldrað við í hinni sönnu undirskrift, til þess að átta sig á sönnu undirskriftinni.

Niðurstaða Haralds Árnasonar, hins sérfræðingsins, er sú, að nafnritunin „Guðjón F. Teitsson" á erfðaskránni sé ekki í skriftarlegu samræmi við staðfest sýni af nafnritunum Guðjóns, sem til rannsóknar hafi verið, og að litlar líkur séu til þess, að Guðjón hafi ritað nafn sitt á skjalið. Fyrir dómi hefur Haraldur borið, að niðurstöður sínar sýni það, að Guðjón hafi ekki ritað nafn sitt á umrædda erfðaskrá, og sé hann persónulega sannfærður um það af rannsóknum sínum, að Guðjón hafi ekki gert það. Virðist honum Guðjón hafa haft feikilega þjálfun í að skrifa nafn sitt. Hann hafi skrifað það fast, frekar mikill þrýstingur hafi verið á skriffærin og skriftin ákaflega þjálfuð og laus við hik. Á hinni vefengdu erfðaskrá horfi hins vegar öðruvísi við. Stafaformið sé minna, hlutföllin öðruvísi, og veigamiklir þættir séu alls ekki í samræmi. Lykkjur séu dregnar í aðra átt en venjan hafi verið, þ. e. forminu breytt, skriftin sé sundur slitin og staðnæmst sé og byrjað aftur, en það komi hvergi fyrir í staðfestum sýnum á ritunum Guðjóns á nafni sínu.

Auk þess, sem nú hefur verið rakið, liggur fyrir í málinu framburður vitnisins Egils Sigurgeirsson hæstaréttarlögmanns, sem kveðst hafa þekkt Guðjón frá því fyrir síðari heimsstyrjöld. Hefur hann greint svo frá í nefndri yfirlýsingu sinni, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að í mörgum

samtölum sínum við Guðjón um gerð erfðaskrár hans hafi ávallt verið gert ráð fyrir því, að hæstaréttarlögmaðurinn ætti að annast hana. Kveður vitnið þá Guðjón hafa rætt þessi mál um áramótin 1989-1990, þ. e. rétt eftir að erfðaskrá sú, sem mál þetta snýst um, á að hafa verið gerð, en dagsetning hennar er ekki vefengd af ákærða Sæmundi, og Guðjón þá talað um, að hann ætti eftir að gera arfleiðsluskrá, og hann þyrfti að tala seinna við vitnið um það, því að hugur sinn væri þessa stundina allur bundinn við mál, sem hann þyrfti að flytja í Hæstarétti. Þá hefur Egill einnig borið, að Guðjón hafi hringt til sín eftir málflutninginn í Hæstarétti, er fór fram 17. janúar 1990, og þá talað um, að hann þyrfti að athuga miklu betur, hvort hann ætti að arfleiða væntanlegt tónlistarhús að eignum sínum. Enn hafi Guðjón rætt við sig, eftir að dómur féll í Hæstarétti, og einnig verið að ræða um tónlistarhúsið í sambandi við erfðamál sín. Vitnið hefur jafnframt staðhæft, að er ákærði Sæmundur hafi hring til sín á skírdag 1990, 12. apríl, í þeim tilgangi að fara þess á leit við vitnið fyrir hönd Guðjóns að ganga frá erfðaskrá hins síðarnefnda, hafi ákærði ekkert minnst á, að Guðjón væri búinn að gera erfðaskrá, og ekki tilkynnt vitninu það fyrr en símleiðis 18. október sama ár. Ákærði hafi ekki heldur haft neinn fyrirvara á, að um „bráðabirgðaerfðaskrá" væri að ræða, er hann framvísaði erfðaskrá þeirri, er mál þetta snýst um, á skrifstofu lögmannsins 19. október 1990.

Þá segir í staðfestri sameiginlegri yfirlýsingu vitnanna Bryndísar Konráðsdóttur og Jóns Brynjólfssonar og dómsframburði þeirra beggja, að er þau fóru á fund Guðjóns 10. apríl 1990, hafi hann verið skýr og rólegur í tali og hugsun. Þar hafi hann tilkynnt þeim þá ráðstöfun eigna sinna, sem að framan greinir, og hafi ákærða Sæmund ekki borið þar á góma og Guðjón ekki minnst á hann í sambandi við arfleiðsluvilja sinn eða að hann hefði áður arfleitt ákærða að einhverjum eignum sínum.

Í erfðaskránni er rætt um ráðstöfun á eignum Guðjóns heitins, en þar segir, að ákærði Sæmundur skuli erfa 50% allra þeirra eigna, sem Guðjón láti eftir sig, en ekkert vikið að því, hvert hinn helmingurinn eigi að renna.

Þá segir í erfðaskránni, að ef „eitthvað óvænt" hendi ákærða Sæmund, eigi arfur ákærða að ganga til barna hans, en af gögnum málsins kemur eigi fram, að nokkur tengsl hafi verið milli Guðjóns og barnanna.

Í vottorði vottanna á erfðaskránni kemur fram, að þeir hafi verið nákunnugir Guðjóni, en samkvæmt framburði þeirra beggja var alls ekki um það að ræða.

Þá er athugavert, að erfðaskráin var einungis gerð í einriti, sem ákærði Sæmundur geymdi á heimili sínu, en Guðjón hélt að sögn Sæmundar aðeins eftir handskrifuðu plaggi með texta hennar, sem hann hafði komið með á heimili ákærða greint sinn. Samkvæmt framburði vitna, sem þekktu

Guðjón heitinn, var hann mikill reglumaður um alla hluti og geymdi öll skjöl, er vörðuðu fjármál hans, í læstum hirslum, en ekkert handskrifað plagg varðandi erfðaskrárgerð var þar að finna, er Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður yfirfór skjöl í dánarbúi Guðjóns. Þá er upplýst í málinu, að Guðjón heitinn vélritaði sjálfur og gerði það m. a. eftir 20. desember 1989.

Í texta erfðaskrárinnar kemur fram, að arfleiðsluvottarnir hafi verið sérstaklega til kvaddir að votta hana. Samkvæmt framburði ákærðu X og Y er þetta rangt, og vissu þeir ekkert um, að slíkt stæði til, er þeir komu á heimili meðákærða greint sinn.

Ákærði Sæmundur hefur haldið því fram, að Guðjón heitinn hafi umrætt sinn verið að gera „bráðabirgðaerfðaskrá". Að mati dómsins er þessi skýring ákærða ótrúverðug og þykir eigi fá neina stoð í gögnum málsins, enda hafði ákærði engan fyrirvara um slíkt, er hann framvísaði erfðaskránni á skrifstofu Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, og kom ekki fram með þessa skýringu fyrr en við opinbera rannsókn málsins.

Loks er tortryggilegt, að ákærði afturkallar ekki arfskröfu sína samkvæmt nefndri erfðaskrá fyrr en 10. júlí 1991, þ. e., eftir að rannsókn málsins var vel á veg komin og m. a. niðurstöður beggja skriftarrannsóknanna lágu fyrir.

Þegar virtar eru sérstaklega niðurstöður skriftarrannsókna þeirra, er að framan getur, en þær ber mjög að sama brunni, eindreginn dómsframburður Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglumanns um niðurstöður sínar, framburður Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, m. a. um viðræður lögmannsins við Guðjón heitinn um erfðamál hans í þrjú skipti skömmu eftir dagsetningu erfðaskrár þeirrar, sem mál þetta er sprottið af, þar sem fram kemur, að Guðjón hafi ekki minnst einu orði á, að hann hefði þá þegar gert erfðaskrá, heldur ætti hann það þvert á móti eftir, framburður vitnanna Bryndísar Konráðsdóttur og Jóns Brynjólfssonar um viðræður þeirra við Guðjón heitinn um erfðamál hans 10. apríl 1990, þar sem fram kemur ákveðinn arfleiðsluvilji hans og að hann ætti eftir að ganga frá erfðamálum sínum, framburður meðákærða Y um ritun sína á auð blöð fyrir Sæmund, sem þykir fá stuðning í framburði vitnanna Sigríðar Einarsdóttur og Kristins Guðjóns Ólafssonar, og önnur þau atriði, sem að framan eru rakin, sem öll þykja gera arfleiðsluskrá þá, sem mál þetta snýst um, tortryggilega, er það álit dómsins, að sannað sé þrátt fyrir neitun ákærða Sæmundar, að ákærði hafi 19. október 1990 framvísað vísvitandi á skrifstofu Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns erfðaskrá, sem hann hafi útbúið og dagsett 20. desember 1989 með falsaðri nafnritun Guðjóns Fjeldsteds Teitssonar sem arfleiðanda, svo sem honum er gefið að sök í

ákæru. Þykir þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Á hinn bóginn verður að telja í ljósi alls þess, sem að framan greinir, að gegn neitun ákærðu X og Y sé eigi fram komin lögfull sönnun um, að ásetningur þeirra um þátttöku í fölsun erfðaskrárinnar og framvísun hennar sé sannaður. Ber þar af leiðandi að sýkna þá af ákærunni í máli þessu.

Refsing.

Refsing ákærða Sæmundar, sem samkvæmt sakavottorði sínu hefur ekki sætt neinum þeim refsingum, er hér geta skipt máli, þykir með hliðsjón af því, að hér er um alvarlegt brot að ræða, hæfilega ákveðin fangelsi tólf mánuði, en eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu níu mánaða af refsingu ákærða og ákveða, að sá hluti hennar skuli niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Sakarkostnaður.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma ríkissjóð til greiðslu málsvarnarlauna verjenda ákærðu X og Y, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns og Ingibjargar Þ. Rafnar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 90.000 kr. til hvors þeirra um sig, en annan sakarkostnað ber að dæma ákærða Sæmund til að greiða, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfileg 120.000 kr., og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð og þykja sömuleiðis hæfilega ákveðin 120.000 kr.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Gunnar Stefánsson fulltrúi.

Dómsorð:

Ákærðu X og Y skulu vera sýknir af ákæru í máli þessu.

Ákærði Sæmundur Kjartansson sæti fangelsi tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni og sá hluti hennar niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu X og Y, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns og Ingibjargar Þ. Rafnar héraðsdómslögmanns, 90.000 kr. til hvors þeirra um sig, greiðist úr ríkissjóði, en annan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 120.000 kr., og saksóknarlaun, 120.000 kr., er renni í ríkissjóð, greiði ákærði Sæmundur.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 84/1990. **Hallgrímur Á. Hallgrímsson**
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Magnúsi Þór Hallgrímssyni og
Sigrúnu Hjartardóttur
(Ólafur Garðarsson hrl.).

Faðerni. Kröfugerð. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1990. Útivist varð af hans hálfu í Hæstarétti 2. mars 1990, og áfrýjaði hann málinu að nýju með stefnu 5. sama mánaðar. Áfrýjandi krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina og stefndu dæmd til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, höfðaði áfrýjandi mál þetta til þess, „að fram fari öflun nauðsynlegra sönnunargagna, þ. m. t. blóðrannsókn á stefndu og stefnanda til þess að leggja fram í einkamáli, sem stefnandi ætlar að höfða, til að ógilduð verði með dómi viðurkenning hans á faðerni stefnda Magnúsar Þórs og til ógildingar meðlagsúrskurðar, sem upp var kveðinn á hendur honum þann 19.07.1971".

Áfrýjandi byggir kröfu sína á barnalögum nr. 9/1981, undirstöðurökum 10. gr. laganna, svo og 55. gr. þeirra. Héraðsdómari hafnaði kröfu áfrýjanda og taldi ekki vera lagagrundvöll fyrir þessari kröfu, þar sem í 2. mgr. 58. gr. barnalaga væri kveðið á um það, að ákvæði II., III. og IX. kafla laganna tækju einungis til þeirra barna, sem fædd væru eftir gildistöku þeirra, sem var 1. janúar 1982, en stefndi Magnús Þór er fæddur 3. apríl 1971. Þótt XVIII. kafli laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði væri felldur úr gildi með barnalögum nr. 9/1981, gilti hann engu að síður

um þau börn, sem fædd voru fyrir gildistöku barnalaga, sbr. 1. mgr. i. f. 58. gr. laganna.

Mál þetta er ákaflega vanreifað og kröfugerð óljós. Um það bil 14 ár liðu frá fæðingu barnsins, þar til áfrýjandi hófst handa um að fá faðerni þess breytt. Til grundvallar því lá grunur hans um, að tiltekinn maður væri faðir barnsins. Var þeim manni stefnt í héraði, en áfrýjandi féll frá kröfum á hendur honum „að svo stöddu". Eins og fram kemur í kröfugerð áfrýjanda, höfðar hann mál þetta sem undirbúning undir annað mál og fer fram á „öflun nauðsynlegra sönnunargagna, þ. m. t. blóðrannsókn á stefndu..." Rétt hefði verið að höfða mál til ógildingar faðernisviðurkenningunni og gera skýrar kröfur í því máli um þær rannsóknir, sem gera skyldi. Eins og kröfugerð í máli þessu er háttað, er hún ekki dómtæk, og verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu óskipt 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Hallgrímur Á. Hallgrímsson, greiði stefndu, Magnúsi Þór Hallgrímssyni og Sigrúnu Hjartardóttur, óskipt 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Ólafsfjarðar 1. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 13. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Hallgrími Á. Hallgrímssyni, kt. 180253-4249, Eikarlundi 29, Akureyri, með stefnu, út gefinni 31. maí 1989, á hendur Magnúsi Þór Hallgrímssyni, kt. 030471-4079, Bylgjubyggð 7, Ólafsfirði, Sigrúnu Hjartardóttur, kt. 050654-4519, s. st., og Friðriki Gylfa Traustasyni, kt. 010349-2739, Gásum, Glæsibæjarhreppi, Eyjafirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að fram fari öflun nauðsynlegra sönnunargagna, þ. m. t. blóðrannsókn á stefndu og stefnanda, til þess að leggja fram í einkamáli, sem stefnandi ætlar að höfða, til að ógilt verði með dómi viðurkenning hans á faðerni stefnda Magnúsar Þórs og til

ógildingar meðlagsúrskurðar, sem upp var kveðinn á hendur honum 19.7. 1971 af bæjarfógetanum á Akureyri á grundvelli ofangreindrar faðernisviðurkenningar, sem gerð var, án þess að fram færi blóðrannsókn.

Stefndi Friðrik Gylfi Traustason krafðist frávísunar vegna aðildarskorts í málinu, og í þinghaldi 13. nóvember sl. lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að hann félli frá kröfum á hendur honum að svo stöddu.

Stefndu Magnús Þór og Sigrún gerðu kröfu um, að þau yrðu sýknuð af kröfum stefnanda og að stefnanda yrði gert að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

— — —

Dómsorð:

Kröfum stefnanda, Hallgríms Á. Hallgrímssonar, á hendur stefndu Magnúsi Þór Hallgrímssyni og Sigrúnu Hjartardóttur er hafnað.

Stefnanda, Hallgrími Á. Hallgrímssyni, ber að greiða stefndu Magnúsi Þór Hallgrímssyni og Sigrúnu Hjartardóttur óskipt í málskostnað 55.000 kr.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 70/1990. **Matthías Sveinsson**
(Jón Ólafsson hrl.)
gegn
Mosfellsbæ
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1990. Hann krefst greiðslu á 4.559.610 krónum auk 49,1% ársvaxta frá 1. september 1988 til 1. október sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 17,6% frá þeim degi til 15. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1989. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Aðilar óskuðu þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerðu ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti málsins.

Mál þetta var þingfest fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu 15. nóvember 1988. Þingað var í málinu 13. desember sama ár og 27. janúar 1989. Aðalflutningur fór síðan fram 28. september 1989, og var málið þá dómtekið. Dómur var kveðinn upp 1. desember sama ár. Liðu því rúmir tveir mánuðir, frá því að málið var dómtekið, þar til dómur var upp kveðinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu var freklegt og vítavert brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur flutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar

að nýju. Vegna breytinga á dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 458/1991. **Ólafur Skúlason**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. október sama ár. Hann krefst þess, að málsmeðferð í héraði verði ómerkt og kröfum stefnda á hendur sér vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest, að því er áfrýjanda varðar, og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var munnlega flutt um frávísunarkröfu áfrýjanda 8. þessa mánaðar. Mótmælti stefndi þá frávísunarkröfunni.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði. Hann byggir frávísunarkröfu sína á því, að héraðsdómsstefna hafi ekki verið löglega birt á hendur sér. Stefnan er í vottorði stefnuvotta Reykjavíkur sögð birt 2. maí 1990 fyrir Sheller Mershum „á heimili hennar, Laxalóni v/Vesturlandsbraut...“.

Áfrýjandi var á þessum tíma ásamt fjölskyldu sinni búsettur að Laxalóni. Samkvæmt fram lögðu vottorði þjóðskrár var þá enginn með ofangreindu nafni skráður þar til heimilis. Þá liggja að öðru leyti ekki fyrir gögn um það, hver þessi aðili er.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er fram komið, að stefnubirting fór ekki fram samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, er í gildi voru á þessum tíma. Ber því að ómerkja hina áfrýjuðu áritun og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun á að vera ómerk, að því er áfrýjanda varðar, og er málinu að því leyti vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, Ólafi Skúlasyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 18/1989. **Kaupgarður hf. og**
Ólafur Torfason
(Magnús Guðlaugsson hdl.)
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Benjamín Magnússyni
(Jóhannes Sigurðsson hdl.)
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
og gagnsök.

Þóknun arkitekts. Hönnun. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1989. Krefjast þeir aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. janúar 1989. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði gert að greiða sér in solidum 2.439.998 krónur með ársvöxtum sem nemur 45% frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s. á., 27% frá þeim degi til 1. mars 1987 og 30% frá þeim degi til 14. apríl s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi um fullnaðargreiðslu á endurgjaldi fyrir vinnu sína að hönnun og skipulagi þriggja stórhýsa í Garðakaupstað, auðkenndra A, D og E, ásamt bílgeymslu við eitt þeirra, E 1. Verkið var leyst af hendi á árunum 1982-1985. Vann gagnáfrýjandi að því í samstarfi við Hörð Björnsson byggingatæknifræðing, en þeir gagnáfrýjandi reka hvor sína teiknistofu. Verkefnið var umfangsmikið, og áttu húsin að mynda kjarnann í

fyrirhuguðu miðbæjarsvæði ásamt tveimur öðrum húsum, sem byggð yrðu óháð þeim.

Samningur um verkið var munnlegur. Er deilt um aðild að honum, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Með vísan til forsendna dómsins ber að fallast á þá niðurstöðu hans, að gagnáfrýjandi geti krafið Kaupgarð hf. um endurgjald fyrir hönnunarvinnu að öllum byggingunum, en Kaupgarð og Ólaf Torfason sameiginlega fyrir vinnuna að húsi D.

Um efni samningsins er það óumdeilt, að endurgjald fyrir störf gagnáfrýjanda og Harðar Björnssonar hafi átt að ákvarða eftir gjaldskrá Arkitektafélags Íslands frá 1974, þar sem þóknun er almennt reiknuð eftir rúmmáli byggingar samkvæmt tilteknum reglum. Um ákvörðun heildarþóknunar eftir starfsframlagi hafi átt að fara eftir undirstöðureglum greinar IV. 4 í gjaldskránni, þar sem miðað er við tiltekin hlutföll milli hönnunaráfanga. Þá hafi ákvæði greinar IV. 5 í gjaldskránni átt við um greiðslutíma þóknunar, en þar er byggt á því sem meginreglu, að greiðslur falli í gjalddaga eftir því, sem verki miðar, og vísað til áfangaskiptingar, sem hafa beri til hliðsjónar í því efni. Í greininni er og að finna þau ákvæði varðandi langvinn verkefni, að heimilt sé að miða heildarþóknun við verðlag í lok verkefnis, ef innborganir hafa farið fram án afmörkunar eftir áföngum, enda séu þær færðar til sama verðlags. Aðila greinir á um önnur samningsatriði, og er skipting þóknunar milli hönnuðanna þar á meðal. Segja aðaláfrýjendur, að hún hafi átt að vera jöfn, en gagnáfrýjandi kveður hana hafa átt að fara eftir vinnuframlagi hvors um sig, eins og það varð í reynd.

Um framkvæmd á samningnum liggur það fyrir, að greiðslur til hönnuðanna voru inntar til hvors í sínu lagi. Voru þær ekki samstíga nema í upphafi, þegar hvor um sig fékk greiddar samtals 180.000 krónur með tilliti til þess, að byggingarnefndarteikningar af A-húsi væru fullgerðar. Fóru greiðslurnar fram gegn innborgunarkvittunum, án þess að áfangareikningur lægi fyrir. Svo var einnig um síðari greiðslur til gagnáfrýjanda, sem urðu 8 talsins. Um síðari greiðslur til Harðar Björnssonar eða reikninga frá honum eru engin gögn í málinu. Er einungis staðfest af hálfu hans og aðaláfrýjenda, að viðskipti þeirra hafi verið gerð upp í fullu samkomulagi.

Jafnframt kveðst Hörður ekki hafa lagt fram áfangareikninga eða verið um þá beðinn.

Um verkefnið sjálft verður að telja viðurkennt, að vinnuframlag gagnáfrýjanda hafi orðið mun meira en Harðar Björnssonar, þegar á leið, og hafi þetta verið ljóst öllum aðilum. Áður en gagnáfrýjandi gerði reikning sinn fyrir verkið, undirrituðu þeir Hörður sameiginlega yfirlýsingu, þar sem skipting þeirra í milli á starfsframlagi við hönnun húsanna er sett fram í tilteknum hlutföllum, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi. Í skýrslu sinni fyrir héraðsdómi kveðst Hörður hafa undirritað skjalið með skömmum fyrirvara, og kunni efni þess að vera álitamál. Hann fullyrðir þó ekki, að gagnáfrýjandi hafi ofmetið eigið vinnuframlag. Jafnframt staðfestir hann, að ekki liggi ljóst fyrir, að uppgjör hans sjálfs við aðaláfrýjendur hafi verið byggt á þeirri reglu um jafna skiptingu milli hönnuðanna, sem um ræðir í síðari yfirlýsingu hans og aðaláfrýjenda.

Eftir fram komnum upplýsingum verður að ályktа, að gagnáfrýjanda hafi verið heimilt að gera sjálfstæðan reikning fyrir vinnu sína án þess að vera bundinn við, að þóknun samkvæmt rúmmálstaxta gjaldskrár yrði skipt til helminga við starfsbróður hans. Ber að fallast á það með dómendum í héraði, að hann hafi mátt miða reikninginn við þá skiptingu á vinnuframlagi, sem skilgreind var í yfirlýsingu hönnuðanna. Með hliðsjón af tilhögun greiðslna á verktímanum og fyrrgreindum gjaldskrárákvæðum hafi honum og verið heimilt að reikna þóknun sína eftir verðlagi á þeim tíma, er verki hans lauk. Hafa gagnáfrýjendur ekki sýnt fram á, að sú aðferð sé ósanngjörn, eins og atvikum var háttað, eða að gagnáfrýjandi hafi í reynd brugðist skyldum um gerð áfangareikninga.

Reikningur gagnáfrýjanda er gerður 6. október 1985, þegar byggingarvísitala var 229 (3392) stig, og er þóknun til hans samkvæmt rúmmálstaxta sundurliðuð þannig:

Hús A: 18.809 m³ x 2,5% x 45% x 7.776,15	kr. 1.645.443
Hús D: 9.589 m³ x 2,6% x 60% x 6.761,91	kr. 1.011.503
Hús E: 12.248 m³ x 2,05% x 60% x 6.761,91	kr. 1.018.684
Hús E 1: 2.534 m³ x 1,65% x 60% x 4.057,19	kr. 101.781
Samtals	kr. 3.777.411

Hlutföllin 45% og 60% vísa hér til fyrrgreindrar yfirlýsingar hönnuðanna, þar sem samanlagt framlag þeirra var tilgreint sem

70% af heildarverki samkvæmt gjaldskrá. Kveðst gagnáfrýjandi þá hafa verið búinn að draga frá 10 prósentustig vegna kröfu aðaláfrýjenda um afslátt sem því næmi, og hafi yfirlýsingin miðast við, að framlag hönnuðanna næmi alls 80% af heild. Í héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, var heildarframlag hönnuðanna talið réttilega metið til 72,5 hundraðshluta, auk þess sem aðaláfrýjendur voru taldir eiga tilkall til umræddS 10% afsláttar. Jafnframt var fallist á þær forsendur reikningsins, sem varða rúmmál bygginganna og flokkun þeirra eftir gjaldskránni. Er rétt að staðfesta þessar niðurstöður þannig, að þóknun gagnáfrýjanda samkvæmt rúmmálstaxta verði takmörkuð við hlut hans af 62,5% heildarframlagi og fyrrgreindar fjárhæðir reikningsins lækkaðar sem því svarar, þ. e. í 2.469.561 krónu samanlagt vegna húsa A, E og E 1, en í 903.128 krónur vegna húss D.

Að hinu leytinu fjallar reikningur gagnáfrýjanda um þóknun samkvæmt tímataxta, annars vegar fyrir vinnu að skipulagi og undirbúningi bygginganna, er falli undir grein III. 2.1 í gjaldskrá arkitektafélagsins, og hins vegar vinnu að breytingum á teikningum, sem gerðar hafi verið, eftir að teikningar voru samþykktar í byggingarnefnd. Sú staðhæfing aðaláfrýjenda, að ekki hafi átt að gera reikning vegna fyrrnefndu vinnunnar, er studd afdráttarlausum framburði Harðar Björnssonar. Hún fær og nokkurn stuðning í því, sem upplýst er um fyrstu greiðslur til hönnuðanna, og hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á, að greiðsla fyrir þessa vinnu hafi komið til umræðu, meðan á verkinu stóð. Vinnu sína vegna breytinga á teikningum hefur gagnáfrýjandi skýrt ýtarlega fyrir dómi, en á reikningnum var hún sundurliðuð í grófum dráttum. Með þessum athugasemdum ber að fallast á það með dómendum í héraði, að hafna verði kröfu gagnáfrýjanda vegna skipulags og undirbúnings, en reikningur hans vegna síðarnefndu vinnunnar verði tekinn til greina óbreyttur, þ. e. með 213.484 krónum fyrir 170 tíma vegna A-húss og 45 tíma vegna húsa E og E 1, en 19.859 krónum fyrir 20 tíma vegna D-húss.

Þá má og fallast á hlutfallslega skiptingu milli bygginga á innborgunum til gagnáfrýjanda upp í þóknun hans. Nemi framreiknaðar greiðslur þannig 1.388.873 krónum vegna húsa A, E, og E 1, en 477.782 krónum vegna D-húss.

Í málinu hafa aðaláfrýjendur gert kröfur til bóta fyrir galla á hönnunarvinnu að A-húsi og D-húsi, er komi til skuldajafnaðar. Er ýtarlega um þær fjallað í hinum áfrýjaða dómi, meðal annars á grundvelli mats, sem aðaláfrýjendur létu fara fram. Með vísan til forsendna dómsins ber að staðfesta þá niðurstöðu hans að hafna öðrum kröfum en þeirri, er varðar skaðabætur vegna galla á loftræstingu íbúða í D-húsi. Með hliðsjón af málsatvikum og verðlagi á reikningsgerðartíma þykja þær bætur hæfilega ákveðnar 100.000 krónur, er komi til frádráttar reikningi gagnáfrýjanda.

Samkvæmt þessu verða það úrslit málsins, að aðaláfrýjandanum Kaupgarði hf. verður gert að greiða gagnáfrýjanda eftirstöðvar þóknunar vegna húsa A, E og E 1, að fjárhæð 1.294.172 krónur (2.469.561 + 213.484 - 1.388.873), en Kaupgarður hf. og aðaláfrýjandinn Ólafur Torfason greiði honum óskipt eftirstöðvar þóknunar vegna húss D, að fjárhæð 345.205 krónur (903.128 + 19.859 - 477.782 - 100.000).

Eftir atvikum að reikningsgerð gagnáfrýjanda og úrslitum um hana er rétt, að umræddar eftirstöðvar verði greiddar með hæstu almennum innlánsvöxtum frá 6. október 1985 til uppsögu dóms í Hæstarétti og síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með heimild til að leggja vexti við höfuðstól frá uppsögu héraðsdóms, eins og nánar segir í dómsorði.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og á er kveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi Kaupgarður hf. greiði gagnáfrýjanda, Benjamín Magnússyni, 1.294.172 krónur, og aðaláfrýjendur, Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason, greiði gagnáfrýjanda in solidum 345.205 krónur, hvort tveggja með ársvöxtum sem nemur 22% frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl s. á., 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s. á. og 11% frá þeim degi til 14. apríl s. á., með hæstu almennum innlánsvöxtum hvers tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt

III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 23. nóvember 1989.

Aðaláfrýjandi Kaupgarður hf. greiði gagnáfrýjanda 480.000 krónur, en aðaláfrýjendur, Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason, greiði honum in solidum 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. nóvember 1988.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 4. nóvember sl., hefur Benjamín Magnússon arkitekt, nnr. 1010-4718, Hamraborg 1, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 15. apríl 1986, á hendur Kaupgarði hf., nnr. 5579-4707, Reykjavík, og Ólafi Torfasyni, nnr. 6793-6191, Hrísholti 7, Garðakaupstað.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 2.439.998 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Endanlegar dómkröfu stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara krefjast stefndu, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Báðir stefndu höfðuðu hvor fyrir sig gagnsök í málinu með stefnum, sem lagðar voru fram á bæjarþingi Reykjavíkur 4. mars 1988. Með dómi, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 2. maí 1988, var dómkröfum stefnenda í gagnsök vísað frá dómi, en jafnframt ákveðið, að ákvörðun um málskostnað vegna þess þáttar málsins biði endanlegs efnisdóms í málinu.

Undirritaður dómsformaður tók við meðferð máls þessa 1. september 1987.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í janúarmánuði 1982 hafi stefndi Ólafur Torfason leitað til sín, en stefnandi sé arkitekt og reki teiknistofu að Hamraborg 1, Kópavogi. Hafi Ólafur farið þess á leit við sig, að hann

tæki að sér ásamt Herði Björnssyni tæknifræðingi að skipuleggja og hanna verslunar- og íbúðarhúsnæði í miðbæ Garðakaupstaðar fyrir sig og Kaupgarð hf., en Ólafur hafi verið í forsvari fyrir það félag. Stefnandi hafi tekið verkið að sér. Hafi hann gert tillögur að skipulagi fyrir miðbæjarsvæðið, sem bæjarstjórn Garðakaupstaðar samþykkti, og hafi stefndu verið úthlutað byggingarsvæði í miðbæ kaupstaðarins.

Á tímabilinu 1982 til 1985 hafi stefnandi teiknað og hannað ýmist einn eða ásamt Herði Björnssyni fjögur hús fyrir stefndu, nánar tiltekið: 1) hús merkt A, sem sé verslunarhúsnæði ásamt veitingahúsi, alls 18.908 m^3, 2) hús merkt D, sem sé íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, alls 9.589 m^3, 3) hús merkt E, sem sé fjölbýlishús, alls 12.248 m^3, 4) hús merkt E 1, sem sé bílageymsla, alls 2.534 m^3.

Hafi verið um það samið, að þóknun stefnanda fyrir verk þetta skyldi vera samkvæmt gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. Í upphafi hafi ekki verið ljóst, hvernig vinnuframlag myndi skiptast milli stefnanda og Harðar Björnssonar. Þó hafi verið samið um, að vinnuframlag þeirra við fyrsta húsið, þ. e. hús merkt A, skyldi, hvað byggingarnefndarteikningar varðar, skiptast jafnt. Hafi þóknun til stefnanda vegna þessa verkhluta verið reiknuð í samræmi við það samkvæmt rúmmálstaxta gjaldskrár Arkitektafélags Íslands, og hafi hún að frádregnum 10% afslætti, sem stefnandi hafi fallist á að veita, numið 180.000 kr., og hafi innborganir stefndu á tímabilinu 15. september til 8. nóvember 1982 verið miðaðar við það.

Það hafi síðan orðið raunin, að stefnandi hafi unnið að mestu aðrar teikningar að húsinu merktu A svo og teikningar að hinum þremur húsunum. Hafi stefnandi haft með höndum stjórn verksins og séð um öll samskipti við byggingar-, skipulags og brunamálayfirvöld.

Um skiptingu á vinnuframlagi stefnanda og Harðar Björnssonar vísist til sérstakrar yfirlýsingar, sem lögð hefur verið fram í málinu, en í yfirlýsingu þessari komi skýrlega fram, hvernig vinnuframlag hönnuða skiptist. Stefnandi hafi samið við stefnda Ólaf Torfason um innborganir á verkið, og komi þær fram á sérstöku skjali, sem einnig hefur verið lagt fram í málinu. Innborganir á tímabilinu 15. september til 8. nóvember 1982 hafi, eins og fram er komið, verið miðaðar við byggingarnefndarteikningar fyrir hús merkt A samkvæmt rúmmálstaxta Arkitektafélags Íslands, en seinni innborganir hafi verið án tilgreiningar á verkhluta.

Vorið 1985 hafi stefndi Ólafur Torfason neitað að greiða frekari innborganir á verkið, nema fyrir lægi heildarreikningur. Verkinu hafi þá ekki verið að fullu lokið, en stefnandi hafi þó fallist á að gera stefndu reikning fyrir þeim verkþáttum, sem hann hefði þá þegar unnið. Sé sá reikningur dagsettur 6. október 1985. Sé fjárhæð hans 2.439.998 kr., og sé það stefnufjárhæð máls þessa. Þessum reikningi hafi fylgt fjögur fylgiskjöl, sem á

glöggan hátt skýri, hvernig reikningsfjárhæðin sé fundin og fram sett. Reikningurinn sé í hvívetna gerður í samræmi við gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. Í samræmi við ákvæði IV. 5 í gjaldskránni hafi þóknun stefnanda verið miðuð við verðlag í október 1985, og hafi jafnframt allar innborganir verið færðar til þess verðlags, hvort tveggja miðað við byggingarvísitölu. Sundurliðist stefnukrafan þannig:

1.	Vinna unnin samkvæmt gjaldskrá Arkitektafélags Íslands, rúmmálstaxti, sbr. fylgiskjöl 1 og 2, þóknun	kr. 3.777.411
2.	Vinna unnin í tímavinnu, sbr. fylgiskjal nr. 3, þóknun	— 529.242
	Samtals	kr. 4.306.653
	Til frádráttar innborganir framreiknaðar m/v byggingarvísitölu, sbr. fylgiskjal nr. 4	kr. 1.866.655
	Mismunur	kr. 2.439.998

Ofangreindur reikningur hafi ekki fengist greiddur þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, og hafi honum ekki heldur verið mótmælt, sbr. 6. gr. kaupalaga, og sé stefnandi því knúinn til að höfða mál þetta til heimtu reikningsfjárhæðarinnar.

3.0.

Stefnandi segir málsástæður sínar vera í stuttu máli þær, að hann hafi samkvæmt beiðni stefndu tekið að sér sem arkitekt á grundvelli gjaldskrár Arkitektafélags Íslands að hanna og teikna umrædd hús. Á hafi komist samningur milli aðila um verk það, sem stefnandi hafi unnið. Að beiðni stefndu hafi stefnandi gert þeim reikning fyrir þá verkþætti, sem hann hefði þegar unnið. Reikningur þessi sé í samræmi við gjaldskrá Arkitektafélags Íslands, eins og um hafi verið samið, og hafi stefndu enga ástæðu haft til að ætla, að stefnandi myndi vinna verkið undir þeim taxta. Stefndu hafi fengið umræddan reikning í októbermánuði 1985, og hafi þeir ekki mótmælt fjárhæð hans fyrr en eftir að málið var höfðað, sbr. 6. gr. kaupalaga. Af framangreindum ástæðum telur stefnandi, að taka beri kröfur sínar í máli þessu til greina.

Stefnandi segir, að stefndi Ólafur Torfason muni vera prókúruhafi fyrir Kaupgarð hf., en eins og atvik hafi verið og þau viðskipti þróast, sem mál þetta er af sprottið, telur stefnandi, að hann hafi samið og átt þau viðskipti við Ólaf Torfason persónulega, jafnframt sem forsvarsmann Kaupgarðs hf. Sé því málsókn þessari beint að Ólafi Torfasyni persónulega og Kaupgarði hf. og þess krafist, að þeir verði in solidum dæmdir til að greiða hina umstefndu skuld.

Samkvæmt upplýsingum Hlutafélagaskrár sé Kaupgarður hf. skrásettur

í Reykjavík og eigi þar varnarþing, og sé mál þetta því höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 83. gr. laga nr. 85/1936.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum kaupa-, kröfu- og samningaréttar og einkum og sér í lagi 6. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup beint eða með lögjöfnun. Varðandi kröfugerðina og réttmæti þess að framreikna þóknun og innborganir til verðlags, er reikningur var gerður, vísar aðalstefnandi til gjaldskrár Arkitektafélags Íslands, viðskiptavenju á þessu sviði og eðlis máls. Aðalstefnandi styður málskostnaðarkröfu sína við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og 184 gr. sömu laga.

4.0.

Stefndu segja málavexti vera þá, að Kaupgarður hf. hafi í október 1981 fengið Hörð Björnsson byggingatæknifræðing með sér í viðræður við bæjaryfirvöld í Garðabæ vegna umsóknar um lóðaúthlutun fyrir verslunarhús í miðbæ Garðabæjar. Hafi Herði Björnssyni verið falið að undirbúa hönnun. Nokkru síðar hafi verið kynntar tillögur Harðar Björnssonar um skipulag, er gerði ráð fyrir byggingu verslunarhúss og skrifstofubygginga auk íbúða á miðbæjarsvæðinu. Tillögurnar hafi fengið jákvæðar undirtektir. Kaupgarður hf. hafi haft áhuga á A-húsi, þ. e. að reka fjölverslun í miðbæ Garðabæjar, en vildi jafnframt hafa áhrif á þá þróun, að sem fjölbreyttust þjónusta yrði í öðrum byggingum í miðbænum, og því sótt um mun víðtækari lóðarúthlutun. Á grundvelli hugmynda Harðar Björnssonar um skipulag og hönnun bygginga í miðbænum hafi Kaupgarði hf. verið úthlutað lóð undir fjölverslun í A-húsi og veitt vilyrði fyrir lóð, þar sem nú sé E-hús og bílskýli E 1. Til þess að ljúka við hönnun A-húss og við endanlegan frágang á miðbæjarskipulagi hafi Hörður Björnsson farið þess á leit við Kaupgarð hf. í febrúar 1982 að fá til liðs við sig Benjamín Magnússon arkitekt. Hafi á það verið fallist, enda hafi af hálfu Kaupgarðs verið litið á Hörð Björnsson sem verktaka að hönnuninni. Frá upphafi hafi verið svo um samið milli Harðar Björnssonar og stefnanda annars vegar og Kaupgarðs hf. og Ólafs Torfasonar hins vegar, að eigi yrði gerður sérstakur reikningur fyrir skipulags- og undirbúningsvinnu, hvorki á hendur stefndu né bæjaryfirvöldum í Garðabæ. Hafi skipulags- og bæjaryfirvöldum í Garðabæ verið um þetta samkomulag kunnugt.

Hönnun A-húss í gerð Harðar Björnssonar hafi tekið nokkrum minni háttar breytingum í útliti, en byggingarnefndarteikningar hafi verið samþykktar 28. júlí 1982. Kaupgarður hf. hafi gert samkomulag um greiðslur fyrir teikningu A-húss á þann hátt, að fyrir byggingarnefndar- og vinnuteikningar skyldi greiða 65% af taxta arkitekta að frádregnum 10% af taxta í afslátt, samtals 55% af taxta. Greiðslunni skyldi skipta jafnt á milli þeirra Harðar Björnssonar og Benjamíns Magnússonar. Þegar byggingarnefndar-

teikningum hafi verið lokið, hafi legið ljóst fyrir, hvað þær kostuðu, þ. e. 360.000 kr. Hafi Kaupgarði hf. þá verið tilkynnt, að það væri um það bil helmingur af fullnaðarbyggingarnefndar- og vinnuteikningum fyrir húsið. Kaupgarður hf. hafi greitt Herði Björnssyni helming þessa kostnaðar, en stefnanda sinn helming, 180.000 kr., samkvæmt samkomulagi, svo sem greinir í stefnu, á tímabilinu 15. september til 8. nóvember 1982. Teljist þessi vinnuþáttur stefnanda því greiddur að fullu.

Stefndu Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason segja, að svo hafi verið um samið í upphafi, að Hörður Björnsson teiknaði og hannaði með aðstoð Benjamíns Magnússonar þau hús, sem úthlutun fengist fyrir, þ. e. svo sem síðar varð A, D, E, og E 1, enda yrði tekið mið af rúmmálstaxta arkitekta með 10% afslætti, þ. e. 10 prósentustiga lækkun frá gjaldskrá, og greiðslur færu að jöfnu til þeirra Harðar og Benjamíns. Hafi Kaupgarður hf. fallist á þessa tilhögun og Ólafur Torfason einnig, en Ólafur hafi síðar fengið úthlutað D-húsi. Stefndi Kaupgarður hf. hafi staðið stefnanda skil á greiðslu helmings af hönnunarkostnaði við A-hús. Stefnandi hafi hins vegar ávallt færst undan að afhenda reikning fyrir verk sitt. Stefndi Kaupgarður hf. hafi samið um og greitt Herði Björnssyni hans hluta í hönnun A-húss, þ. e. helming hönnunarkostnaðar. Hörður Björnsson hafi stjórnað verkinu og hafi haft samskipti við byggingar-, skipulags- og brunamálayfirvöld. Aðalstefnandi hafi tekið þátt í verkinu og verkfundum, en því fari fjarri, að hann hafi stjórnað verkinu, enda aldrei verið falið slíkt af hálfu verkkaupa né verktakans Harðar Björnssonar.

Haustið 1982 hafi Kaupgarður hf. ákveðið að selja Byggingarfélaginu hf., sem Sveinn V. Jónsson byggingarmeistari átti, byggingarréttinn að E-húsi og bílskýli nefndu E 1. Byggingarfélaginu hf. hafi verið kynntir skilmálar um hönnun, þ. e., að Hörður Björnsson og Benjamín Magnússon væru hönnuðir, en að þeim skyldi greitt samkvæmt rúmmálstaxta með 10 prósentustiga lækkun, hvorum að jöfnu. Hafi Byggingarfélagið hf. sætt sig við þetta. Eftir þessa ákvörðun, sem hafi verið kynnt Benjamín og Herði, hafi verið gerðar breytingar á teikningum frá því í ágúst 1982. Byggingarréttinum sé afsalað, eftir að bæjaryfirvöld hafi samþykkt breytingar þessar, 15. febrúar 1983. Sveinn V. Jónsson fyrir hönd Byggingarfélagsins hf. hafi séð um að öllu leyti byggingu hússins og greiðslur alls byggingarkostnaðar, þ. m. t. hönnunarkostnað, á grundvelli samkomulags milli Kaupgarðs hf. og Ólafs Torfasonar annars vegar og Harðar Björnssonar og Benjamíns Magnússonar hins vegar, en Byggingarfélagið hf. hafi gengið í það samkomulag.

Lóðarúthlutun vegna D-húss hafi farið fram upphaflega til Kaupgarðs hf., en Kaupgarður hf. hafi framselt lóðarréttindin, áður en hönnun og framkvæmdir hafi hafist, til Ólafs Torfasonar. Hafi hönnuðunum verið

fullkunnugt um þetta, og hafi Ólafur Torfason frá upphafi verið beinn samningsaðili við hönnuði. Greiðslur hönnunarkostnaðar hafi farið fram með þeim hætti, að Ólafur Torfason greiddi Herði Björnssyni helminginn, en Benjamín Magnússyni hinn helminginn.

Allir framangreindir byggingaraðilar hafi greitt Benjamín Magnússyni inn á hönnunarkostnað, hver í sínu lagi. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um afhendingu reikninga frá stefnanda, hafi reikningar ekki fengist afhentir og teikningar reyndar bæði seint og illa. Vorið 1985 hafi stefnandi krafið stefnda Ólaf enn um greiðslu, og hafi Ólafur þá greitt stefnanda 100.000 kr. vegna D-húss og tjáð honum, að svo mætti eigi lengur við una. Ef um frekari greiðslur ætti að vera að ræða, yrði stefnandi að leggja fram reikning með sundurliðun, enda hafi Ólafur talið hönnunarkostnað vegna D-húss vera þá þegar ofgreiddan. Hið sama hafi gilt um A-hús og E-hús að sögn forsvarsmanna þeirra aðila. Stefnandi hafi afhent 18. maí 1985 handrit með útreikningi á þóknun sinni og innborgunum. Reikningsfærslu stefnanda hafi verið mótmælt af hálfu stefndu svo og forsvarsmanns Byggingarfélagsins með eftirfarandi rökum:

1. Reikningi mótmælt að því leyti, að um sameiginlega reikningsfærslu væri að ræða um allar húsbyggingarnar.
2. Reikningur sé of hár miðað við gert samkomulag.
3. Röng skipting hönnunarkostnaðar sé milli hönnuða, en stefnandi hafi reiknað sér hærri hlut en 50% af umsaminni þóknun.
4. Þóknun stefnanda sé bundin vísitölu án samkomulags eða rökstuðnings.
5. Engri áfangaskiptingu sé til að dreifa við reikningsgerð, svo sem gjaldskrá arkitekta hafi þó boðið.

Á fundum sumarið 1985 á skrifstofu stefnanda svo og lögmanns stefndu hafi verið reynt að ná samkomulagi um greiðsluniðurstöðu. Svo hafi farið, að eigi hafi gengið saman.

Í október 1985 hafi borist reikningur frá stefnanda í máli þessu. Reikningurinn sé dagsettur 6. október 1985 og beint að Ólafi Torfasyni/Kaupgarði vegna vinnu við hönnun húsa í miðbæ Garðabæjar. Reikningurinn hljóði um 2.439.998 kr., sem sé meint skuld við stefnanda. Reikning þessum hafi verið mótmælt af Ólafi Torfasyni og Kaupgarði hf. sem röngum og fráleitum, og hafi stefnanda verið tjáð afstaða stefndu. Ljóst hafi orðið, að eigi hefði tilgang að reyna sættir, enda hugðist stefnandi eigi hvika frá kröfugerð sinni og hafi auk þess átt í stappi og illdeilum við forsvarsmenn Byggingarfélagsins hf.

5.0.

Stefndu fullyrða, að ljóst sé, að stefnandi geri eigi neinn greinarmun á því, fyrir hvern eða við hvað hafi verið unnið. Þannig sé krafið um þóknun

fyrir hönnun húss A, D, E og E 1, allt í einum reikningi, þrátt fyrir þá staðreynd, að stefnanda hafi verið um það fullkunnugt, að eigi væri um sama viðsemjanda eða húseiganda að ræða og að greiðendur þóknunar til stefnanda sjálfs hafi eigi verið sömu aðilar. Stefndu krefjast sýknu af óskiptum bótakröfum stefnanda, þar sem þeir telja, að ljóst sé, að eigi sé um samaðild stefndu að tefla og hluti dómkrafna sé sprottinn af verki, sem eigi hafi verið unnið fyrir stefndu.

Af hálfu stefnda Ólafs Torfasonar er krafist sýknu persónulega af kröfum stefnanda um greiðslu þóknunar varðandi húsbygginar A, E, og E 1, enda sé stefndi Ólafur eigi eigandi að þessum húsbyggingum. Jafnframt krefst stefndi Ólafur sýknu af kröfum stefnanda varðandi D-hús, enda hafi stefnandi þegar fengið ofgreidda þóknun, er um hafi verið samið vegna hönnunar þessarar húsbyggingar. Segist stefndi Ólafur Torfason krefjast sýknu nánar á eftirfarandi forsendum:

1. Hann beri ábyrgð á umsömdum kostnaði við hönnun D-húss, sem hann fól Herði Björnssyni og Benjamín Magnússyni að hanna. Aðrar húsbyggingar eða hönnunarkostnaðar vegna þeirra sé því sér óviðkomandi.

2. Reikningur stefnanda vegna D-húss sé rangur:

a) Stefnandi felli niður viðurkennd 10%, þ. e. 10 prósentustiga afslátt frá gjaldskrá Arkitektafélags Íslands, svo sem þó hafi verið um samið.

b) Stefnandi taki sér 60% hlut í stað 27,5% hlutar eða sem svari til helmings þeirrar umsömdu þóknunar, sem honum hafi borið samkvæmt samkomulagi í febrúar 1982.

c) Stefnandi beiti verðbótareikningi á þóknun sína, enda þótt eigi mæli neitt með slíku, en stefndi mótmæli slíkum útreikningi sérstaklega sem röngum og órökstuddum, enda aldrei um slíkt samið milli aðila.

d) Stefnandi hafi ekki þrátt fyrir margítrekaðar beiðnir þar að lútandi afhent reikninga fyrir áfanga eða hönnunarvinnu fyrr en seint og um síðir og eigi því engan rétt á vöxtum og/eða verðbótum.

3. Samkvæmt útreikningi stefnanda sjálfs svo og samkomulagi aðila sé ljóst, að stefnandi hafi knúið fram ofgreiðslu úr hendi stefnda um 72.701 kr.

Af hálfu stefnda Kaupgarðs hf. er gerð krafa um algera sýknu af dómkröfum stefnanda um greiðslu þóknunar varðandi hönnun D-húss, E-húss og E 1, enda séu þær húsbyggingar ekki og hafi aldrei verið í eigu stefnda Kaupgarðs hf. Jafnframt er krafist sýknu af dómkröfum stefnanda varðandi A-hús, enda telur stefndi Kaupgarður hf., að þegar hafi sú þóknun verið greidd stefnanda, sem um hafi verið samið vegna teiknivinnu við þá húsbyggingu. Segist stefndi Kaupgarður hf. krefjast sýknu, nánar með eftirgreindum forsendum:

1. Kaupgarður hf. hafi borið ábyrgð á umsömdum hönnunarkostnaði A-

húss, sem félagið hafi falið þeim Herði Björnssyni og Benjamín Magnússyni að framkvæma. Aðrar húsbyggingar eða hönnunarkostnaður vegna þeirra sé Kaupgarði hf. óviðkomandi.

2. Reikningur stefnanda vegna A-húss sé rangur:

a) Stefnandi hafi vísvitandi fellt niður viðurkenndan 10 prósentustiga afslátt frá gjaldskrá Arkitektafélags Íslands, sem þó hafi verið um samið milli aðila í febrúar 1982.

b) Stefnandi taki sér 45% hlut í stað 27,5% hlutar eða sem svari til helmings þeirrar umsömdu þóknunar, sem honum hafi borið samkvæmt samkomulagi í febrúar 1982.

c) Stefnandi beiti verðbótaútreikningi á þóknun sína, enda þótt aldrei hafi verið um slíkt samið milli aðila. Verðbótum sé sérstaklega mótmælt sem röngum og órökstuddum.

d) Ljóst sé af greiðsluyfirliti frá stefnanda, að hann hafi fengið greiddan hönnunarkostnað vegna byggingarnefndarteikninga í upphafi á umsömdum tíma án þess að hafa afhent áfangareikninga, svo sem ávallt hafi verið eftir leitað af hálfu stefnda Kaupgarðs hf. Stefndi Kaupgarður hf. telur engar forsendur vera fyrir því, að stefnandi reikni sér vexti og/eða verðbætur á þóknun sína, m. a. vegna þess, að stefnandi hafi eigi hirt um að afhenda stefnda reikning fyrir verk sitt.

e) Í upphafi hafi verið um samið, eins og áður greinir, að Hörður Björnsson og Benjamín Magnússon fengju greitt að jöfnu. Það samkomulag hafi verið gert með samþykki og samkomulagi við stjórn Kaupgarðs hf. og Ólaf Torfason. Á þeim grundvelli hafi Kaupgarður hf. greitt Herði Björnssyni hans hluta af hönnunarkostnaði. Hið sama eigi reyndar við um Ólaf Torfason vegna D-húss. Af framangreindu sé ljóst, að stefndu, Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason, hafi eigi fallist á það, að stefnandi breytti samkomulagi sínu við þá og Hörð Björnsson með einhliða ákvörðun sinni, eftir að hönnun sé lokið, í því skyni að hækka kröfugerð sína á hendur stefndu.

Stefndu telja, að kröfur stefnanda séu settar fram af einstakri óbilgirni og ósanngirni. Hvort tveggja sé, að reikningur sé bersýnilega rangur og ósanngjarn, og svo hitt, að stefnandi hafi valdið stefndu og reyndar einnig Byggingarfélaginu hf. tjóni og vandkvæðum.

Um tímavinnureikning stefnanda, að fjárhæð 529.242 kr., upplýsa stefndu eftirfarandi:

1. Sérstaklega hafi verið um það samið, að eigi yrði gerður reikningur fyrir undirbúnings- og skipulagsvinnu.

2. Um breytingar á húsi A sé það að segja, að stefnandi geri kröfu um greiðslu fyrir 170 tíma vegna breytinga á vörumóttöku, stigum, glugga, hlið o. fl. Kröfum þessum sé mótmælt með ýmsum forsendum. Eru þessar forsendur stefndu raktar hér á eftir í 6.0 og 7.0.

3. Kröfum vegna húsa E og E 1 vísa stefndu á bug, enda séu þau stefndu óviðkomandi. Ljóst sé, að Byggingarfélagið hf. eigi þar hlut að máli, en Sveinn V. Jónsson byggingarmeistari sé forsvarsmaður þess aðila.

4. Um kröfur um tímavinnu við hús D sé það að segja, að þeim sé mótmælt, enda ljóst, að breytingar hafi orðið vegna mistaka stefnanda í hönnun. Eru ástæður breytinga að mati stefndu raktar hér síðar í 6.0 og 7.0.

Stefndu hafa til glöggvunar reiknað út þóknun stefnanda miðað við fram lagðan reikning hans, en stefnandi beiti þar vísitöluútreikningi, sem sé mótmælt af hálfu stefndu. Ef sá útreikningur yrði lagður til grundvallar, yrði niðurstaðan sú, að Ólafur Torfason hefði ofgreitt stefnanda 72.701 kr., Kaupgarður hf. skuldaði stefnanda 108.345 kr. og Byggingarfélagið hf. skuldaði stefnanda 30.206 kr. Stefndu benda hins vegar á, að ef verðbætur reiknist ekki, séu stefndu skuldlausir við stefnanda, en stefnandi skuldi þá Ólafi Torfasyni stórfé. Sé því að vonum, að stefndu séu ósáttir við málatilbúnað stefnanda.

Ljóst megi vera, að rétt hljóti að teljast, að stefnandi leggi fram reikning fyrir verk sitt við samþykkt teikninga í byggingarnefnd við hvern áfanga. Innborganir komi til frádráttar, en innlánsvextir á framvísaða reikninga. Þannig sé komið í veg fyrir misskilning. Stefnandi fái þannig tryggingu fyrir því að fá rétta og umsamda þóknun fyrir vinnu sína. Stefnandi krefjist 5.644.066 kr. fyrir vinnu sína við að teikna ásamt öðrum útlit þriggja húsa og bílskýlis. Teiknivinna Harðar Björnssonar og Benjamíns Magnússonar séu aðeins brot af heildarhönnunarkostnaði. Megi af því sjá, hversu óbilgjarnar kröfur stefnanda séu.

Því er haldið fram af stefndu, Kaupgarði hf. og Ólafi Torfasyni, að stefnandi hafi annars vegar fengið að fullu greitt fyrir vinnu sína í þágu þeirra og að stefnandi hafi hins vegar beinlínis valdið aðalstefndu tjóni með rangri og lélegri hönnun svokallaðra A- og D-húsa.

Stefndu telja, að fram lagðar matsgerðir staðfesti fullyrðingar sínar þar að lútandi, og beri dóminum að taka fullt tillit til þess í niðurstöðu. Stefndu telja þó, að ekki sé nægilega tekið á stefnanda í matsgerðum og tjón stefndu sé mun meira en matsgerðir lýsi. Ljóst sé, að Benjamín Magnússon hafi gert kröfu um greiðslu hönnunarkostnaðar úr hendi stefndu, sem sé beinlínis rangur, enda hafi hluti meintrar hönnunarvinnu alls ekki verið unninn af hálfu stefnanda.

Rétt sé að benda sérstaklega á, að stefndu séu illa varðir fyrir reikningsgerð stefnanda, með því að stefnandi hafi haft sína hentisemi við reikningsgerð, m. a. með gerð reikninga nokkrum árum eftir, að verk hafi verið unnið. Þá hafi stefndu bent á, að stefnandi eigni sér alla hönnunarvinnu og gangi á svig við gert samkomulag um greiðslu hönnunarkostnaðar.

Dómkröfur stefndu séu á því reistar, að stefnandi, sem höfði mál til heimtu meintrar skuldar vegna hönnunarvinnu, hafi fengið að fullu greitt. Einnig séu þær reistar á þeirri forsendu, að stefnandi hafi valdið stefndu tjóni með rangri hönnun. Loks sé því haldið fram, að stefnandi krefji stefndu ljóslega um greiðslu fyrir hönnun, er eigi hafi verið unnin af hálfu stefnanda.

Enda þótt dómkröfur séu þannig hvort tveggja kröfuréttarlegs- og skaðabótaréttarlegs eðlis, verði að telja, að þær séu samþættar og órofatengdar, og beri því að fjalla um allar kröfur milli aðila í sama máli. Vísist til ákvæða einkamálalaga og meginreglna laga þar að lútandi.

6.0.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu, Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason, verði in solidum dæmdir til greiðslu stefnukröfunnar. Fullyrðir stefnandi, að stefndi Ólafur Torfason hafi gert samning við sig um að skipuleggja og hanna verslunar- og íbúðarhúsnæði í miðbæ Garðakaupstaðar fyrir sig og Kaupgarð hf. Nái samningur þessi við báða aðila til allra þeirra húsa, sem um er fjallað í máli þessu, þ. e. A-, E-, E 1- og D-húsa. Ólafur Torfason hafi verið prókúruhafi fyrir Kaupgarð hf. Eins og atvik voru og þau viðskipti hafi þróast, sem mál þetta er sprottið af, telur stefnandi, að hann hafi samið og átt þessi viðskipti við Ólaf Torfason persónulega og jafnframt sem forsvarsmann Kaupgarðs hf. Þessu mótmæla stefndu, og telja þeir, að Kaupgarður hf. beri ábyrgð á hönnunarkostnaði A-húss, þar sem Ólafur Torfason hafi gert samning þar um sem prókúruhafi. Aðrar byggingar séu Kaupgarði hf. óviðkomandi. Þeir telja, að stefndi Ólafur Torfason beri ábyrgð á umsömdum kostnaði við hönnun D-húss, en hönnunarkostnaður vegna annarra bygginga sé honum óviðkomandi. Þeir vísa á bug kröfum vegna húsa E og E 1, þar sem þær séu stefndu óviðkomandi. Byggingarfélagið hf. eigi þar hlut að máli, en félagið hafi tekið við framkvæmdum við E- og E 1-hús, enda hafi Sveinn Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, algerlega séð um greiðslur til stefnanda.

Svo sem ráða má af málskjölum og viðurkennt er í málinu, öðlaðist Kaupgarður hf. byggingarréttinn að öllum lóðunum í upphafi. Samkomulag um hönnunarvinnu var gert við stefnanda, að því er virðist, í ársbyrjun 1982. Ólafur Torfason keypti lóðarréttindin, að því er tekur til D-húss í apríl/maí 1984 af Kaupgarði hf., svo sem fram kemur m. a. í aðilaskýrslu Ólafs Torfasonar. Svo sem fram kemur í greinargerð stefndu, seldi Kaupgarður hf. Byggingarfélaginu hf. byggingarréttinn að E- og E 1- húsi. Var gerður verksamningur 15. febrúar 1983, og afsal á lóðarréttindum fór fram 14. desember 1984. Þykir ljóst liggja fyrir í málinu, að samningur við stefnanda um skipulagsvinnu og hönnun þessara húsa hafi verið gerður, áður

en lóðarréttindi þessi voru framseld samkvæmt framangreindu. Kaupgarður hf., sem upphaflega fékk byggingarréttinn að öllum húsum, var því frá upphafi viðsemjandi stefnanda um öll húsin. Kaupgarður hf. gat ekki síðar losað sig undan þeirri ábyrgð nema með samþykki kröfuhafans, Benjamíns Magnússonar. Ekki hefur stefndu tekist að sanna í máli þessu, að slíkt samþykki stefnanda hafi legið fyrir. Verður því stefndi Kaupgarður hf. ábyrgur fyrir greiðslum vegna vinnu stefnanda við öll þessi hús.

Svo sem áður greinir, framseldi Kaupgarður hf. byggingarréttinn að E- og E 1-húsi. Stefnandi telur, að hann hafi ekki fengið vitneskju um framsal þetta fyrr en um haustið 1984, en þá hafi langmestur hluti af verkteikningum þegar verið unninn og megnið af vinnunni um garð gengið. Beiðni um vinnu að gerð byggingarnefndarteikninga af E-húsi hafi verið gerð vorið 1982. Hann segir, að unnið hafi verið við byggingarnefndarteikningar í ágúst 1982. Ekki þykir stefndu hafa tekist að sýna fram á, að fullyrðingar þessar séu rangar í verulegum atriðum. Ekki verður heldur talið, að stefndu hafi tekist að sýna fram á samþykki kröfuhafans á skuldskeytingu, þ. e., að stefnandi hafi samþykkt, að Byggingarfélagið hf. yfirtæki ábyrgð Kaupgarðs hf. Stefnandi virðist ekki heldur á neinn hátt hafa viðurkennt Byggingarfélagið hf. sem nýjan skuldara, sem yfirtaki ábyrgð stefnda Kaupgarðs hf. Viðtaka stefnanda á tveimur greiðslukvittunum, dagsettum 9. október 1984, þar sem Byggingarfélagið hf. er talið greiðsluaðili, verður ekki talin fela í sér samþykki hans á skuldskeytingu. Verður Byggingarfélagið hf. því þegar af þessum ástæðum ekki talið skuldaraðili í máli þessu varðandi hús E og E 1.

Svo sem áður greinir, telur stefnandi, að stefndi Ólafur Torfason hafi ekki aðeins gert samning f. h. Kaupgarðs hf., heldur og fyrir sjálfan sig, um að hanna og skipuleggja verslunar- og íbúðarhúsnæði það, sem um er fjallað í máli þessu. Áður er frá því greint, að Kaupgarður hf. hafi öðlast byggingarréttinn að öllum lóðunum í upphafi. Byggingarrétturinn að húsum merktum A, E og E 1 var aldrei framseldur stefnda Ólafi Torfasyni. Ekki hefur stefnandi heldur sýnt fram á, í hvaða tilgangi stefndi Ólafur Torfason hefði átt að gerast sjálfur persónulega aðili að þessum samningum og þar með taka á sig sérstaka ábyrgð á hönnun þessara húsa. Verður að telja, að sönnunarbyrðin í því efni hvíli algerlega á stefnanda og að honum hafi ekki tekist sönnun aðildar stefnda Ólafs Torfasonar að samningum um skipulagningu og hönnun þessara húsa.

Öðru máli gegnir um ábyrgð á samningi um skipulags- og hönnunarvinnu vegna D-húss. Svo sem áður gat, keypti stefndi Ólafur Torfason byggingarréttindi vegna D-húss í apríl/maí 1984. Hann viðurkennir sjálfur, að hann beri ábyrgð á umsömdum kostnaði við hönnun þessa húss. Hvorki sú viðurkenning né greint framsal leysir Kaupgarð hf. undan ábyrgð sinni vegna

þessa húss án samþykkis kröfuhafa. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki talið, að slíkt samþykki stefnanda liggi fyrir. Stefnandi hefur á hinn bóginn gengið út frá sólidariskri ábyrgð beggja þessara aðila og gerir kröfur í málinu samkvæmt því. Verður því að fallast á það með stefnanda, að Kaupgarður og Ólafur Torfason beri sólídariska ábyrgð, að því er tekur til skipulags- og hönnunarvinnu vegna D-húss.

Dómurinn telur ekki, að mótmæli stefndu gegn reikningsgerð stefnanda hafi verið of seint fram borin, þ. e., að þeir hafi þess vegna fyrirgert rétti sínum til að krefjast lækkunar stefnukrafna. Ber því næst að taka til athugunar vinnuframlag stefnanda, Benjamíns Magnússonar, annars vegar og Harðar Björnssonar tæknifræðings hins vegar, þ. e., í hvaða hlutföllum skipta skuli vinnuframlagi þeirra vegna hönnunar húsa A, D, E og E 1 í miðbæ Garðabæjar. Samkvæmt yfirlýsingu, sem undirrituð er af stefnanda og Herði Björnssyni 6. október 1985, skal vinnuframlagið skiptast þannig: hús A: stefnandi 45/70, Hörður Björnsson 25/70, hús D: stefnandi 60/70 og Hörður Björnsson 10/70, hús E: stefnandi 60/70 og Hörður Björnsson 10/70, hús E 1: stefnandi 60/70, Hörður Björnsson 10/70. Er þá miðað við, að heildarstarfsframlag, þ. e. aðalteikningar og verkteikningar, nemi 70% af gjaldskrá. Í yfirlýsingu, undirritaðri af Herði Björnssyni og Torfa Torfasyni og Ólafi Torfasyni f. h. stefnda Kaupgarðs hf. 30. júní 1986, segir svo í 5. tölulið: „Strax í upphafi var gert ráð fyrir, að umsamin þóknun yrði greidd Herði og Benjamín að jöfnu fyrir umræddar teikningar."

Ofangreindar tvær yfirlýsingar Harðar Björnssonar samrýmast illa. Líta ber þó til þess, að fyrri yfirlýsingin er undirrituð af báðum hönnuðum, en ekki hin síðari. Því verður ekki talið eðlilegt, að Hörður Björnsson breyti einhliða, án samþykkis stefnanda, eldra samkomulagi um þetta efni. Sé litið til þess svo og óljósra skýringa Harðar Björnssonar fyrir dómi, verður skipting samkvæmt samkomulaginu frá 6. október 1985 lögð til grundvallar í máli þessu.

Ágreiningur er um, hvort miða skuli við 80% eða 65% af taxta fyrir verkið. Aðilar eru sammála um, að miða skuli við gjaldskrá Arkitektafélags Íslands frá 13. desember 1974. Dómurinn telur rétt, að dregin séu frá 20% af taxta vegna innréttinga, en stefnandi teiknaði þær ekki, svo og 7,5% af taxta vegna þess, að lokaúttekt, verklýsing og áætlun hafi aðeins verið unnar að hluta til, en samanlagt eru þessir þrír liðir metnir sem 15% í gjaldskrá. Verður því 72,5% hlutfall lagt til grundvallar í máli þessu.

Stefndu telja, að þeir hafi átt að fá 10% afslátt af verkteikningum og aðalteikningum, þ. e. af 65% skyldi draga 10% þannig, að greidd yrðu 55%. Sama kemur fram í áðurgreindri yfirlýsingu Harðar Björnssonar o. fl., dagsettri 30. júní 1986. Stefnandi telur sig hafa samþykkt 10% afslátt

á þóknun vegna umfangs framkvæmda, en slíkt samþykki hafi verið bundið við A-hús.

Sé litið til framangreindra staðhæfinga svo og þess, sem tíðkast í viðskiptum hönnuða, er þeir selja vinnu sína, verður að telja, að milli málsaðila hafi verið samið, svo sem stefndu halda fram, þ. e., að veittur skyldi 10% afsláttur af öllu verkinu samkvæmt taxta Arkitektafélags Íslands, þannig, að hann reiknist sem prósentustig, svo sem stefnandi gerir. Er sú niðurstaða lögð til grundvallar í máli þessu.

Sá framreikningur vísitölu, sem stefnandi gerir við útreikning kröfu sinnar, mun tíðkaður í viðskiptum sem þessum, og er beinlínis ráð fyrir honum gert í gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. Þótt áfangaskipting hafi ekki verið lögð fram, verður stefnandi með því þó ekki talinn hafa fyrirgert rétti til verðbóta eða vaxta. Þrátt fyrir mótmæli stefndu verður framreikningur vísitölu því lagður til grundvallar í málinu.

Dómurinn telur þann mun, sem fram kemur á rúmmáli A-húss á reikningi stefnanda annars vegar (18.809) og vottorði byggingarfulltrúans í Garðabæ hins vegar (18.515), útskýrðan með því, að annars vegar sé reiknað raunverulegt utanmál, en húsið er einangrað að utan, og hins vegar mál samkvæmt byggingarnefndarteikningu. Verði því reikningur stefnanda með sanngirni lagður til gundvallar.

Með hliðsjón af framangreindu verður að lækka útreikning stefnanda á þóknun samkvæmt rúmmálstaxta í 2.469.561 kr. (62,5/70 x 2.765.908) vegna A-, E- og E 1-húsa og í 903.128 kr. (62,5/70 x 1.011.503) vegna D-húss.

Stefnandi gerir reikning fyrir tímavinnu vegna skipulagsvinnu, undirbúnings, áætlana, athugana og vegna viðræðna við yfirvöld bæjarmála, skipulagsmála, byggingarmála og brunavarnarmála í Garðabæ, alls fyrir 298 tíma. Þessum reikningi mótmæla stefndu og segja, að um það hafi verið samið, að eigi yrði gerður reikningur fyrir undirbúnings- og skipulagsvinnu. Í áðurgreindri yfirlýsingu frá 30. júní 1986, sem undirrituð er af Herði Björnssyni og Torfa Torfasyni og Ólafi Torfasyni f. h. Kaupgarðs hf., segir svo í 3. lið: „Samkomulag var um, að engir tímavinnureikningar yrðu gerðir af hálfu hönnuða, hvorki vegna undirbúnings né skipulagsvinnu eða vegna hönnunar húsa.“

Algengt mun í viðskiptum sem þessum að veita afslátt með þeim hætti að gera ekki kröfu um greiðslu vegna undirbúnings- og skipulagsvinnu, einkum ef verk eru umfangsmikil og stór í sniðum. Með hliðsjón af því svo og þess, sem áður getur, verður að telja, að stefndu hafi gert það afar líklegt, að samið hafi verið um afslátt þennan. Verður því fallist á kröfur stefndu í þessu efni. Þá gerir stefnandi tímavinnureikning fyrir breytingar á teikningum samkvæmt ósk verkkaupa, eftir að teikningar hafi verið sam-

þykktar í byggingarnefnd Garðabæjar. Er krafan um 170 tíma fyrir A-hús, 45 tíma fyrir hús E og E 1 og 20 tímar fyrir D-hús.

Stefndu mótmæla þessum reikningum aðallega með þeim rökum, að breytingar hafi orðið að gera vegna mistaka stefnanda og Ólafs Torfasonar í hönnun húsanna. Um tímavinnureikning vegna A-húss fullyrða stefndu, að stefnda hafi verið ljóst, að stefnandi hafi eigi haft neina sérþekkingu á verslunarhönnun. Hafi þegar verið ljóst af mistökum og rangri hönnun og útfærslu, að gera þyrfti breytingar á hugmyndum stefnanda. Hafi stefndi Kaupgarður hf. orðið að fá Teiknistofuna Röðul til þess að endurvinna hönnun stefnanda og lagfæra augljós mistök hans. Þá hafi stefndi kvatt til erlenda hönnuði við allt skipulag og útfærslu inni í verslunarhúsinu. Kröfum um tímavinnu við D-hús er mótmælt af stefndu, enda telja þeir ljóst, að breytingar hafi orðið vegna mistaka stefnanda í hönnun. Breytingar hafi orðið m. a. vegna þess, að dyr á framhlið í verslun hafi verið óleyfilegar vegna of lítillar breiddar og þröskulda. Stigar hafi reynst ólöglegir, og algert misræmi hafi reynst í teikningum við útfærslu á stigahúsinu. Frá upphafi hafi verið gert ráð fyrir spennistöð í austurenda D-húss. Stefnandi hafi gleymt spennistöðinni sjálfur og hafi orðið að breyta af þeim sökum o. s. frv. Af framangreindu sé ljóst, að breytingar á D-húsi hafi einfaldlega verið vegna ónákvæmra og slæmra vinnubragða stefnanda sjálfs. Beri því að hafna þessari kröfu hans.

Í næsta kafla dóms þessa (7.0) er tekin sérstök afstaða til flestra þeirra meintu mistaka stefnanda, sem stefndu nefna hér, og er ekki fallist á bótaskyldu stefnanda vegna þeirra. Þar sem að öðru leyti er fallist á bótaábyrgð stefnanda, eru engin tengsl við þessi umkvörtunarefni stefndu. Dómurinn telur að öðru leyti, að stefndu hafi ekki tekist að sýna fram á réttmæti staðhæfinga sinna, og telur ekkert athugavert við kröfu þessa eða útreikning hennar. Ber því að taka hana til greina. Þóknun stefnanda samkvæmt þessum lið verður því 213.484 kr. (215 x 992,95) vegna A-, E- og E 1-húsa og 19.859 kr. (20 x 992,95) vegna D-húss.

Samkvæmt þessu ber að viðurkenna kröfur stefnanda, alls að fjárhæð 2.683.045 kr. (2.469.561 kr. og 213.484 kr.) vegna A-, E- og E 1-húsa og 922.987 kr. (903.128 kr. og 19.859 kr.) vegna D-húss.

Stefndu eru sammála um það sín í milli, að greiðslur dagsettar 16. ágúst 1984, 12. apríl 1985 og 10. maí 1985 hafi gengið inn á vinnu vegna D-húss, en aðrar greiðslur inn á vinnu vegna annarra húsa. Stefnandi fullyrðir á hinn bóginn, að greiðslur þessar hafi verið án tilgreiningar á verkhluta, og kemur sá skilningur hans þegar fram í stefnu. Sönnunarbyrðin í þessu efni hvílir algerlega á stefndu, og verður ekki talið, að þeim hafi tekist sú sönnun, þar sem ekki liggja fyrir í málinu nein þau gögn, er styðji staðhæfingu þeirra. Stefndu fullyrða enn fremur, að greiðslur frá 9. október 1984

hafi gengið inn á vinnu vegna E- og E 1-húsa. Dómurinn telur, að þótt fyrir liggi kvittanir, er tilgreini Byggingarfélagið hf. sem greiðsluaðila fyrir E- og E1-hús, þá verði að líta til þess, að Byggingarfélagið hf. er samkvæmt framansögðu ekki talið ábyrgðaraðili í þessu máli, og stefnandi hefur aldrei viðurkennt það sem greiðanda né að greiðslur þessar hafi verið inn á þessi hús. Í ljósi þess telur dómurinn sér ekki annað fært en líta á greiðslur þessar sem inngreiðslur á verkið í heild. Því er það álit dómsins, að heildarinngreiðslur beri að draga frá í hlutfalli við heildarskuld stefnanda í einstökum húsum. Samkvæmt því nema inngreiðslur vegna A-, E- og E 1-húsa samanlagt 1.388.873 kr. og vegna D-húss 477,782 kr., og dragast þær frá ofangreindum kröfufjárhæðum.

7.0.

Stefndu hafa gert gagnkröfur til skuldajafnaðar eða lækkunar krafna stefnanda, bæði vegna hönnunargalla á A-húsi og D-húsi. Með tilliti til kröfugerðar, greinargerðar og málflutnings stefndu telur dómurinn rétt að leggja efnisdóm á þennan þátt málsins.

Í beiðni um dómkvaðningu matsmanna vegna galla á svonefndu A-húsi, dagsettri 27. janúar 1987, segir svo m. a.:

„1. Í kjallara hússins skyldi vera vörumóttaka og lager fyrir verslun á götuhæð. Vegna þess að hönnuðir gerðu sér eigi nokkra grein fyrir umfangi loftræstingar í kjallara, er loftræstikerfið í kjallaranum neðan á lofti og takmarkar lofthæð á gangi þannig, að eigi er unnt að nota vörulyftara við vörumóttöku og flutning á vörum inn á lager. Vísast til teikninga um þetta atriði. Afleiðing: Flytja þarf vörur á milli lagera með handafli í stað notkunar lyftara, svo sem ætíð var þó gert ráð fyrir."

Í svari við spurningum um, hvort það sé álit matsmanna, að hönnun á kjallararými sé áfátt, hvað kosti að endurhanna kjallara með tilliti til þess og hvað kosti að gera breytingar, svo að unnt sé að koma að vélknúnum lyftara, segir m. a. orðrétt:

„A. Varðandi tölulið 1 eru matsmenn þeirrar skoðunar, eftir að hafa skoðað teikningar af loftræstikerfi svo og kannað aðstæður, að lárétta stokka undir loft í kjallaragangi hefði mátt hafa þynnri, svo að neðri brún þeirra væri fyrir ofan dyraop. Hefði þetta verið gert, væru dyrahæðir ráðandi um umferðarhæð, en dyrahæðir eru 2,1 m...

B. Ef miðað er við, að vélknúinn lyftari komist í gegnum dyraop, sem er 2,1 m á hæð, og að nauðsynlegt sé, að stokkar séu a. m. k. fyrir ofan gólf, meta matsmenn kostnað við breytingu á stokkum á 160.000 kr. ...."

Dómurinn felst á það með dómkvöddum matsmönnum varðandi loftræstikerfi í kjallara A-húss, að lárétta stokka undir lofti í kjallaragangi hefði mátt hafa þynnri. Á hinn bóginn fullyrðir stefnandi, að öll hönnun

loftræstikerfa hafi verið í höndum Teiknistofunnar Röðuls í Reykjavík. Stefnandi og Hörður Björnsson tæknifræðingur hafi óskað þess eindregið við lagnahönnuði, að lofthæð yfir aðkomu- og flutningsleiðum í kjallara yrði ekki lækkuð vegna upphengdra loftræstilagna, en endanleg ákvörðun um legu og umfang þessara lagna hafi endanlega verið tekin af lagnahönnuði með vitund Ólafs Torfasonar, enda hafi Ólafur Torfason sótt sameiginlega hönnunarfundi, þegar þessi mál hafi verið til umfjöllunar á teiknistofunni Röðli hf. Stefnandi segist hafa fengið samþykkta hækkun gólfkvóta aðalhæðar verslunarhúsnæðis um 50 cm frá áður samþykktu skipulagi. Það hafi verið ákvörðun Ólafs Torfasonar eins að sprengja ekki dýpra fyrir kjallararými undir húsinu og auka þannig lofthæð kjallara.

Stefnda Kaupgarði hf. hefur ekki í rekstri málsins tekist að sýna fram á, að þessar staðhæfingar stefnanda séu ragnar í verulegum atriðum. Þar sem hönnun greindra loftræstikerfa var í höndum þriðja aðila, verður að telja, að sönnunarbyrðin fyrir þeirri staðhæfingu, að um verkgalla af hendi stefnanda hafi verið að ræða, sé í höndum stefnda Kaupgarðs hf. og að honum hafi ekki tekist sú sönnun.

Stefndi Kaupgarður hf. fullyrðir, að hönnun á skrifstofu og kaffistofu starfsmanna sé fráleit. Í versluninni vinni u. þ. b. 60 manns. Hönnuðir hafi gert ráð fyrir ca 65 m^2 rými í kjallara fyrir skrifstofu, kaffistofu starfsfólks o. s. frv. Afleiðing þessa sé sú, að taka hafi orðið verðmætt rými inni í verslun fyrir skrifstofu og viðbótarkaffistofu í stað þess að nýta rýmið fyrir lager sérverslana í verslun, svo sem gert var ráð fyrir í upphafi.

Í svörum matsmanna við spurningum um það, hvort hönnun sé áfátt og hvað hönnun kosti og verulegar breytingar m. a. vegna aðstöðu fyrir starfsfólk, segir svo: „Varðandi tölulið 2 eru matsmenn þeirrar skoðunar, eftir að hafa skoðað teikningar og tekið tillit til upplýsinga matsbeiðanda um starfsmannafjölda, sem nýta átti kaffistofu og snyrtingu, að þetta rými sé of lítið....

C. Matsmenn hafa metið þann kostnað, sem orðið hefur af því að koma upp viðbótaraðstöðu fyrir starfsfólk á 2. hæð (norðvesturhorn), eins og hún er, þ. e. a. s. kaffistofu, búnings- og snyrtiherbergi kvenna og karla, ræstiherbergi og sloppageymslu. Matsupphæð er 700.000 kr. ....“

Fallast verður á það með dómkvöddum matsmönnum, að rými kaffistofu og snyrtingar sé of lítið með tilliti til starfsmannafjölda. Á hinn bóginn fullyrðir stefnandi, að ákvörðun um sameiginlegt rými fyrir starfsfólk hafi verið tekin að höfðu samráði og eftir leiðbeiningum og óskum frá Ólafi Torfasyni og teikning hafi verið lögð inn til byggingarnefndar Garðabæjar til samþykktar í fullu samráði við hann, en Ólafur hafi veitt forstöðu verslunarrekstri Kaupgarðs hf. í Kópavogi á þessum tíma. Ábendingar sínar hafi hann byggt á eigin reynslu og hafi bent m. a. á, að einungis hluti starfs-

fólks færi í kaffi eða mat samtímis, þar sem hluti væri bundinn við afgreiðslustörf.

Dómurinn telur, að þótt um hönnunargalla sé að ræða, að því er tekur til rýmis, eins og áður gat, þá sé eftir þeim takmörkuðu upplýsingum, sem fyrir liggi í málinu um þetta atriði, ekki rétt að leggja ábyrgð á hönnuði, enda hafi ekki verið sýnt fram á, að fyrir liggi saknæm skilyrði til þess. Stefndi Kaupgarður hf. virðist og ekki hafa kvartað um galla þennan fyrr en við rekstur máls þessa.

Enn telur stefndi Kaupgarður hf., að hönnuðum hafi algerlega láðst eða gleymst að gera ráð fyrir greiðri aðkomu með vörur að vörulyftu í austurenda hússins. Lyftan nýtist því ekki sem vörulyfta.

Dómurinn fellst á það með stefnda Kaupgarði hf. og matsmönnum, að aðkomu að vörulyftu í austurenda sé mjög ábotavant og að hún muni ekki nýtast til stórræða. Í þessu sambandi heldur stefnandi því fram, að ætlunin hafi upphaflega verið, að eldhús á 2. hæð næði yfir stærra svæði en síðar varð og tengdist annarri vörulyftu, sem næði frá kjallara og upp á 2. hæð aðalverslunar. Síðar hafi Ólafur Torfason tekið þá ákvörðun að minnka eldhúsið á 2. hæð og slíta það úr tengslum við aðalvörulyftu, sem áður getur. Eldhúsið hafi því aðeins aðgang að lítilli vörulyftu í austurenda hússins. Þessi ákvörðun hafi verið tekin síðar á hönnunartímanum, og hafi þar ráðið mestu um, að Ólafur hafi ekki viljað, að eldhúsið tæki rými frá annarri starfsemi, m. a. verslunum, sem fyrirhugaðar hafi verið á 2. hæð. Stefnandi telji sig því enga ábyrgð bera á aðkomu að vörulyftu.

En matsmenn segja einnig í matsgerð: „Matsmenn telja sig ekki hafa forsendur til að meta kostnað við hugsanlegar breytingar á lyftu. Við teljum óljóst, hvaða tilgangi lyfta átti að þjóna í upphafi, og ekki síður, hvaða tilgangi hún á að þjóna nú, eftir að notkun annarrar hæðar hefur breyst."

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn ekki rétt að dæma stefnanda til að inna greiðslu af hendi vegna þessa galla.

Innra skipulag hönnuðar (stefnanda) í verslun, segir stefndi Kaupgarður hf., að sé gersamlega ónothæft. Nefna megi sem dæmi, að hönnuðir hafi gleymt að gera ráð fyrir allri salernisaðstöðu í verslun. Þá hafi tenging verslunargólfs við verslanir á 2. hæð verið fráleit, og hið sama gildi um mjólkur- og grænmetisaðstöðu í verslun. Þá hafi orðið, svo sem áður greinir, að troða skrifstofu- og kaffistofu starfsfólks inn í verslunarrýmið sjálft. Fleira mætti telja. Afleiðing þessa sé, að matsbeiðendur hafi orðið að láta endurvinna allt innra skipulag í verslun, enda hafi aðrir hönnuðir verið þeirrar skoðunar, að skipulag Benjamíns væri gersamlega ónothæft. Þannig hafi Teiknistofunni Röðli sf. í Reykjavík og Teiknistofunni Beanstalk í Englandi verið falið að endurhanna verslunina með ærnum

kostnaði. Hafi matsbeiðendum þótt ljóst, að Benjamín Magnússon hefði enga sérþekkingu á innra skipulagi verslana.

Um ágalla á hönnun innra skipulags í verslun segja matsmenn m. a. orðrétt: „Nei. Matsmönnum er ljóst, að unnt er að hanna innra rými í verslun með mismunandi áhersluatriðum. Við skoðun á fyrirliggjandi teikningum Benjamíns og Harðar af skipulagi verslana í umræddu húsi og samanburð við þær verslanir, sem við höfum kynnst hérlendis og erlendis, höfum við ekki komi auga á neina sérstaka agnúa á umræddum skipulagsteikningum."

Við spurningu um, að hve miklu leyti hönnunarþóknun eigi að lækka, ef hönnun og innra skipulag verslunar sé undanskilið, svara matsmenn svo m. a. orðrétt:

„E. Það er mat okkar, að hæfileg hönnunarþóknun vegna skipulags verslunar sé 200.000 kr. ...."

Með tilliti til ofangreinds álits matsmanna og þess, að engin húsrýmisforsögn var lögð fram af stefndu við upphaf verksins, telur dómurinn, að ekki geti komið til greiðsluskyldu af stefnanda hálfu vegna þess atriðis.

Þá upplýsir stefndi Kaupgarður hf., að hönnuður hafi ekki gengið frá hönnun þaks með loftræstingu, heldur hreinlega gleymt að gera ráð fyrir loftrásum á þaki. Hafi orðið að rjúfa þakpappa, eftir að ásetningu var lokið, vegna þess að iðnaðarmenn hafi talið hönnun áfátt. Hafi þá verið gripið til þess ráðs af hönnuði að setja ótölulegan fjölda af loftstútum á þakið. Hins vegar hafi hönnuður aldrei lagt fram loftræstingu á valmaþökum verslunar. Valdi það rakaþéttingu. Matsmenn meti aukakostnað við að gera fullnægjandi útloftun á þaki nú í stað þess að gera hana strax í upphafi á 65.000 kr.

Stefnandi segir, að við hönnun þaks hafi alltaf verið gert ráð fyrir lofttúðum. Lofttúður hafi verið teiknaðar og þeim komið fyrir, eins og venja sé í slíkum tilvikum. Á teikningu fyrir A-hús sé sýnt, hvernig loftræsting komi inn undir þakskegg pýramída. Þá hafi verið lagt til við smíði, að tekin væru v-laga skörð með reglulegu millibili í 2" x 8" sperru til að tryggja lofthreyfingu þvert á legu sperra. Það verði að segjast, að við vinnu á pýramídum hafi verið breytt út frá teikningum. Þakgluggar hafi ekki verið gerðir eins og stefnandi hafi hannað þá (gleri sleppt o. fl.).

Stefndu hafa ekki kvartað um galla þennan fyrr en í rekstri máls þessa. Skýringar stefnanda verða að teljast það trúverðugar, að sönnunarbyrði um yfirsjón hans hvíli á stefnda Kaupgarði hf. Þar sem sú sönnun hefur ekki tekist, telur dómurinn sér ekki fært að taka bótakröfu vegna þessa þáttar til greina.

Stefndi Kaupgarður hf. heldur því fram, að skort hafi vinnuteikningar af gluggum á valmaþaki, en matsmenn meta aukakostnað við að gera

nákvæmari vinnuteikningar af þakglugga en þær, sem fram koma á teikningu, 20.000 kr.

Stefnandi segir um aukakostnað vegna gerðar nákvæmari vinnuteikninga af þakgluggum, að á því sé byggt, að ekki hafi verið ráðlegt að gefa upp nákvæm mál á lengdum karmstykkja-þakglugga efst á pýramídum, þar sem allar líkur hafi verið á því, að þau mál stæðust ekki, þegar búið væri að fella saman límtrésbitana og koma þeim á sinn stað. Þarna sé um að ræða nákvæmni í forsniði límtrésbitanna, samsetningu þeirra á byggingarstað, svignun þeirra eftir samsetningu og spyrnu út í endahliðar (uppistöður). Ljóst sé því, að þessi mál hafi orðið að taka á staðnum, eftir að límtrésbitar hafi verið komnir á sinn stað. Hins vegar hafi verið sýnt þversnið í karmstykkin í mælikvarða 1:1 og 1:10, eins og venja sé í slíkum tilvikum. Stefnandi hafi gert trésmiðum grein fyrir þessu ásamt Ólafi Torfasyni. Það sé og á því byggt, að hönnun þakglugga, eins og aðstæður hafi verið, hafi verið háð mikilli samvinnu milli stefnanda og hönnuða burðarvirkja Teiknistofunnar Röðuls hf. Þá sé á því byggt, að þakgluggar hafi ekki verið gerðir eins og stefnandi hafði hannað þá (gleri sleppt o. fl.).

Um þetta atriði verður að segja hið sama og um næsta atriði á undan, að stefndu hafa ekki kvartað um galla þennan fyrr en í rekstri máls þessa. Dómurinn vekur athygli á því, að gluggakarmar hér eru hluti af burðarvirki hússins. Skýringar stefnanda verða að teljast það trúverðugar, að sönnunarbyrði um yfirsjón hans hvíli á stefnda Kaupgarði hf. Þar sem sú sönnun hefur ekki tekist, telur dómurinn sér ekki fært að taka bótakröfu vegna þessa þáttar til greina.

Enn heldur stefndi Kaupgarður hf. því fram, að hönnuðir hafi lagt fram afar takmarkaðar vinnuteikningar að þaki og ekki hirt um að leggja inn til byggingarfulltrúa teikningu að dyrum á vesturhlið hússins. Þá telur stefnandi, að hönnuður krefji um greiðslu fyrir vinnuteikningar að gróðurhúsi, sem hann hvorki hafi teiknað né verið beðinn að teikna. Bendir stefndi á, að reikningur stefnanda miðist við 18.809 m³, sem ótvírætt bendi til þess, að nefnt gróðurhús sé þar með talið. Matsmenn meta lækkun á hönnunarkostnaði, ef vinnuteikningar að s. k. gróðurhúsi eru ekki innifaldar, á 140.000 kr.

Stefnandi segir um þessi atriði, að enda þótt ákveðnar vinnuteikningar að gróðurhúsi hafi ekki verið teiknaðar, hafi farið mikil vinna í ýmsar athuganir á þessum verkþætti. Margar hugmyndir hafi verið ræddar og lauslega „skissaðar", t. d. blóma- og gjafavöruverslun í norðausturenda 1. hæðar ásamt veitingarekstri þar yfir. Endanleg tillaga hafi gert ráð fyrir glerbyggingu yfir hluta þessa rýmis á 1. hæð. Lauslegt tilboð hafi verið fengið frá innflytjanda plastglers, en fullnaðarákvörðun ekki verið tekin, því að samtímis hafi hugmyndir Ólafs Torfasonar um fyrirkomulag veit-

ingahúsnæðisins tekið nýja stefnu, þar eð til sögunnar hafi verið kominn væntanlgeur kaupandi, sem vildi stækka veitingahúsið yfir blóma- og minjagripaverslunina. Þessi væntanlegi kaupandi hafi haft nokkra samráðsfundi með öllum hönnuðum, og hafi verið a. m. k. tveir slíkir fundir haldnir í húsakynnum Röðuls hf. og á teiknistofu Benjamíns Magnússonar. Athuganir hafi falist í því, hvernig opna mætti áður uppsteyptan norðurvegg veitingahúss á 2. hæð og stækka 2. hæð til norðurs yfir blómabúðina. Það hafi útheimt endurskoðun á öllu burðarvirki neðri hæðar. Mjög mikil vinna hafi farið í þessar og fjölmargar aðrar athuganir og breytingar, sem fram hafi komið af hálfu Ólafs Torfasonar.

Stefnandi segir, að af sinni hálfu sé byggt á því, að stefndu hafi sýnt af sér tómlæti, þar sem hvorki Ólafur Torfason né aðrir fyrirsvarsmenn Kaupgarðs hf. hafi gert athugasemdir eða gagnrýnt hönnunarvinnu stefnanda fyrr en löngu eftir, að þessi vinna hafi verið unnin.

Dómurinn telur, eftir að hann hefur skoðað skýringar stefnanda nánar, ekki fært að verða við kröfu stefndu, enda liggi ekki fyrir sönnun um saknæma háttsemi stefnanda. Þá ber enn fremur að virða það, að teikningar af þessu rými hafi frá upphafi verið hluti byggingarnefndarteikninga.

Stefndi Ólafur Torfason telur hönnunargalla á D-húsi. Stefnandi segir á hinn bóginn, að efnislega sé á því byggt af sinni hálfu, að hann hafi hvorki með rangri né lélegri hönnun svokallaðs D-húss valdið stefndu tjóni.

Stefndi Ólafur Torfason segir ótrúlegt ósamræmi hafa verið í teikningum hönnuða, þ. e. milli byggingarnefndarteikninga og vinnuteikninga. Hafi það valdið stórfelldum erfiðleikum fyrir iðnaðarmenn að komast að réttri útfærslu. Voru matsmenn spurðir álits á því, hvort ósamræmi hefði verið milli byggingarnefndarteikninga og vinnuteikninga. Í svari þeirra segir svo: „ Matsmenn hafa ekki komið auga á neinn umtalsverðan mismun í málsetningum byggingarnefndarteikninga (1:100) og vinnuteikninga (1:50 og 1:20), sem fram hafa verið lagðar, með þeirri undantekningu þó, að hæð frá plötu á plötu í stiga er sýnd 2,70 m á verkteikningu (teikning nr. 13), en 2,50 m á byggingarnefndarteikningu. Eðli sínu samkvæmt verður ávallt einhver munur á útfærslum (sbr. steyptir veggir eða léttir veggir), sem sýndar eru á byggingarnefndarteikningum annars vegar og verkteikningum hins vegar.“

Fallast verður á það með stefnanda, að ekki sé hér um umtalsverðan mun á teikningum að ræða og að samkvæmt eðli ofangreindra teikninga verði alltaf einhver munur á byggingarnefndarteikningum annars vegar og verkteikningum hins vegar. Ekki verður því fallist á bótaábyrgð stefnanda í þessu efni.

Þá heldur stefndi Ólafur Torfason því fram, að allar inngönguútidyr í verslanir hafi verið teiknaðar of þröngar og fái ekki staðist lögboðna skil-

mála, hvað varðar breidd. Voru matsmenn því spurðir, hvort inngöngudyr í verslun væru of þröngar með tilliti til skilmála byggingarnefndar og byggingarlaga og hvað kostaði að lagfæra meinta ágalla, þ. e. að gera úrbætur, svo að fullnægjandi væri. Í svari matsmanna segir, að þeir fái eigi séð, að breidd dyra inn í verslanir standist ekki kröfur byggingarreglugerðar. Með tilvísun til þess sér dómurinn ekki ástæðu til að fella bótaskyldu á stefnanda vegna þessa atriðis.

Þá fullyrðir stefndi Ólafur Torfason, að sömu dyr hafi allar verið teiknaðar með 8 cm þröskuldum þrátt fyrir ákvæði byggingarreglugerðar. Voru því matsmenn spurðir að því, hvort sömu dyr hefðu verið teiknaðar með 8 cm þröskuldum og hvort það fengi staðist ákvæði byggingarreglugerðar. Í svari þeirra segir svo orðrétt: „Á sérteikningum af gluggum og dyrum (teikning nr. 20, nóv. 1984) er þröskuldshæð yfir steyptu gólfi 6,8 cm. Samkvæmt byggingarreglugerð (sbr. greinar 6.3.6 og 6.10.1.1) og upplýsingum byggingarfulltrúans í Garðabæ er gerð krafa til þess, að þröskuldur sé ekki hærri en 2,5 cm. Í „svari við nokkrum spurningum vegna miðbæjar Garðabæjar varðandi hús A og D" gefur arkitekt þá skýringu á hæð þröskulds, að reiknað hafi verið með 4 cm gólfílögn, sem gengi að þröskuldi innanverðum. Á teikningu nr. 20 er eigi gerð grein fyrir ílögn, og frágangur sá, sem sýndur er, bendir reyndar til þess, að hún hafi ekki átt að ganga upp á þröskuld. Við mælingar á staðnum reyndist hæð upp á núverandi þröskuld frá fullfrágengnu gólfi vera um 3 cm, en 5,5 cm voru niður á hellur utan dyra (þröskuldur hallaðist út um 2 cm). Á teikningum er sýndur öðruvísi frágangur þröskulds."

Stefnandi segist byggja á því varðandi þröskulda í dyrum verslunar, að þeir hafi ekki verið teiknaðir 8 cm háir, heldur 6,8 cm, sbr. teikningu nr. 20, D-hús. Gert sé ráð fyrir gólfílögn innan húss, að meðalþykkt 4 cm. Þá séu eftir 2,8 cm fyrir útidyramottur og snjógrindur ásamt flísalögn innan húss. Utan húss hafi verið gert ráð fyrir, að hellulögn í göngugötu sveigðist lítillega upp að þröskuldi í aðalinngangi verslana. Þessi frágangur hafi verið valinn til að koma í veg fyrir, að snjór, krap og vatn af yfirborði göngugötu lægi að staðaldri þétt upp að gluggaframhlið verslana. Lausn þessi taki einnig að fullu tillit til hjólastólaumferðar, þar sem ekki hafi verið um að ræða hindrun, sem væri meiri en 1,5-2,0 cm.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, er það álit dómsins, að ekki sé hér um að ræða atriði, sem valdi bótaskyldu stefnanda.

Stefndi Ólafur Torfason telur augljósan hönnunargalla sjást á stigaútfærslu, með því að lofthæð upp á skrifstofuhæð sé allt of lítil. Eru matsmenn beðnir að láta uppi álit sitt og staðreyna þessa galla á stigaútfærslu og hvort unnt sé að lagfæra þennan ágalla, hvað slíkar úrbætur kosti og með hvaða hætti úrbætur séu mögulegar. Þeir svara m. a. svo orðrétt:

,,D. Á teikningu nr. 14 má sjá með mælingu á minnstu ganghæð í stiga (suðurhlið), að hún er 2, 26 m (steinmál). Á staðnum mældist þessi hæð vera 2,10 m. Því er ljóst, að ákvæðum byggingarreglugerðar er ekki fullnægt (grein 8.2.1.10). Frekari skoðun á staðnum leiddi í ljós, að stiginn er ekki gerður samkvæmt teikningu nr. 14. Helstu frávik eru þau, að þriðja stigahlaup situr innar í húsinu en vera átti, og því er ganghæð á fyrsta stigahlaupi minni en átti að vera. Einnig gengur pallur á annarri hæð mun lengra fram, út yfir annað stigahlaup, en hann átti að gera, og því verður ganghæð á öðru stigahlaupi minni.

Samkvæmt ofanskráðu verður galli stigans ekki rakinn til hönnunargalla. Svo virðist sem uppsláttur fyrir stiganum hafi farið úr böndum.

Unnt er að lagfæra umræddan stiga með því að brjóta niður þriðja stigahlaupið og steypa nýtt, sem sæti þá framar. Einnig þyrfti að stytta pall á annarri hæð (sem gengur út yfir annað stigahlaup). Þessari framkvæmd fylgir mikið rask, og verður m. a. að mála stigahús, dúkleggja að nýju og endursmíða handrið, svo að eitthvað sé nefnt. Matsmenn meta kostnað við framkvæmdina á 280.000 kr. ....“

Stefnandi heldur því fram um lágmarkslofthæð stiga, að í teikningum D-húss sé lofthæð 2,26 m í steinmáli. En hafi lofthæð reynst 2,10 m, verði þessi galli rakinn til smíðavinnu við uppslátt, en ekki hönnunargalla, sem stefnandi eigi að bera ábyrgð á. Stefnandi eigi því ekki að bera ábyrgð á kostnaði við viðgerð umræddra stiga, 280.000 kr.

Með tilvísun til fullyrðingar stefnanda og niðurstöðu matsmanna um, að hér sé ekki á ferðinni hönnunargalli, verður ekki fallist á kröfur stefnda Ólafs Torfasonar að þessu leyti.

Þá fullyrðir stefndi Ólafur Torfason, að teikningar hönnuða (stefnanda) að báðum stigahúsum í norður hafi reynst gersamlega ónothæfar. Stefnandi hafi t. d. gert ráð fyrir 2,70 m milli hæða á einni teikningu, en á þverskurðarmyndum fyrir 2. hæð hafi verið gert ráð fyrir 2,50 m á milli hæða. Hafi iðnaðarmenn orðið að reyna að greiða úr þessum hönnunargalla eins og reyndar mörgum öðrum. Þá segir stefndi Ólafur Torfason, að miklum erfiðleikum hafi valdið, að hönnuðir, þ. e. stefnandi, hafi ávallt neitað smiðum um vinnuteikningar í 1:50 af útliti D-hússins. Algert sambandsleysi hafi verið annars vegar á milli hönnuða, þ. e. stefnanda, og hins vegar byggingarmeistara og annarra starfsmanna við framkvæmdir. Hafi arkitekt sjaldan eða aldrei komið á vettvang, meðan smiðir hafi verið að störfum. Voru matsmenn beðnir að láta uppi álit sitt og staðreyna þessa meintu ágalla. Í svari þeirra segir: ,,Eins og fram hefur komið undir lið A hér að framan, er ósamræmi í málum í stiga (norðurhlið) (2,50 m á byggingarnefndarteikningu og 2,70 m á sérteikningum). Matsmenn benda á, að hæðarkvótar stigapalla eru hinir sömu á öllum teikningum. Miðað við

málsetningu og fjölda stigaþrepa kemur fram ósamræmi, sem nauðsynlegt hefur orðið að leiðrétta við framkvæmd."

Stefnandi segir um ósamræmi í málum stiga, að farið sé eftir því, að lofthæð kjallararýmis hafi verið ákveðin 2,50 m á teikningu, en ekki 2,70 m, eins og stefnt hafi verið að, eftir að klapparhæð undir kjallara hafi komið ljós. Þessi ákvörðun hafi verið gerð í samráði við Ólaf Torfason. Við uppslátt hafi komið í ljós, að láðst hafði að breyta hæðarmálsteikningu, og hafi verið tekin ákvörðun um breytingu í samræmi við áðurnefnda lofthæð og slegið upp fyrir stiga í samræmi við hana. Breyting þessi hafi á engan hátt haft tafir í för með sér, og hafi engar kvartanir komið fram þar að lútandi þá né síðar. Þá sé og miðað við, að í stórum mannvirkjum, sem taki breytingum, meðan á byggingu standi, eigi að vera byggingarstjóri eða tilnefndur iðnmeistari á staðnum til að hafa eftirlit með og samræma framkvæmdir við bygginguna, sbr. byggingarreglugerð 4.5 og ÍST 30. Um sambandsleysi hönnuðar og byggingarverkfræðings sé staðhæft, að hann hafi ávallt komið á byggingarstað, þegar þess hafi verið óskað, og aldrei hafi stefnandi orðið var við kvartanir í sinn garð allan framkvæmdatímann, fyrr en til uppgjörs hafi komið. Stefnandi geti ekki borið ábyrgð á verklagi byggingarmanna né sambandi smiða og byggingarmeistara.

Með hliðsjón af niðurstöðum matsmanna og skýringum stefnanda, sem ekki verður talið, að stefndu hafi tekist að hnekkja, er það álit dómsins, að ekki geti komið til bótaskyldu stefnanda vegna þessa þáttar.

Stefndi Ólafur Torfason fullyrðir, að frá upphafi hafi verið gert ráð fyrir spennistöð í austurenda D-húss. Stefnandi hafi samið um breytingar á húsnæðinu vegna spennistöðvar við Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en hafi gleymt að láta byggjendur vita um þær breytingar, sem átt hafi að gera á dyrum og gluggum. Byggjendur hafi því orðið fyrir beinu fjárhagslegu tjóni, sem hafi stafað af gleymsku hönnuðarins, Benjamíns Magnússonar. Matsmenn voru beðnir að láta uppi álit sitt og staðreyna meintan ágalla og segja til um, hvað kostaði að lagfæra hann, þ. e. breyta dyrum og gluggum, eftir að húsið hefði verið uppsteypt. Um það atriði segja matsmenn orðrétt:

„Þegar bornar eru saman teikningar (byggingarnefndarteikning frá apríl 1984 annars vegar og október 1984 hins vegar), kemur fram, að breyting hefur verið gerð á útlitsteikningu, að því er varðar spennistöð (dyr á norðurhlið). Á teikningu (1:50), dags. í júlí 1984 (nr. 8), er breytt tilhögun á dyrum (gafldyr breikkað og dyr á norðurhlið orðnar tvennar með léttri lokun á milli). Aðalbreyting á síðastnefndri útfærslu og því, sem framkvæmt var endanlega, virðist vera, að lokun milli dyra á norðurhlið er steypt og að létt lokun yfir dyrum á austurgafli hefur verið steypt....", og

síðar: ... „Matsmenn hafa engar forsendur til að meta, hvaða kostnaðarauki, ef einhver, væri fólginn í þessum breytingum, þar eð kostnaðaraukinn ræðst nær eingöngu af framvindu verksins."

Stefnandi fullyrðir, að ósannað sé, að tjón hafi hlotist við breytingar á dyrum og gluggum spennistöðvar, enda hafi þessar breytingar verið gerðar í samráði við Ólaf Torfason. Dómurinn er þeirrar skoðunar með tilvísun til álits matsmanna, að stefndu hafi ekki tekist sönnun slíks tjóns.

Stefndi Ólafur Torfason telur, að hönnuðir hafi gleymt að gera ráð fyrir leikja- og útiaðstöðu fyrir börn, þ. e. íbúa D-húss. Voru matsmenn beðnir að láta uppi álit sitt og staðreyna þennan meinta ágalla. Matsmenn segja um þetta orðrétt: „ Matsmenn hafa rætt við byggingarfulltrúa Garðabæjar og skoðað fram lagða afstöðumynd (nr. 1) og draga af þá ályktun, að ekki hafi verið fyrirhugað að sjá fyrir sérstakri leikja- og útiaðstöðu fyrir börn í húsi D. Hins vegar kemur fram í fundargerðabók byggingarnefndar Garðabæjar, fundi 621, dags. 10. 10. 1984, eftirfarandi bókun: „Samþ., enda sé uppfyllt ákvæðum (sic.) gr. 5.3. í byggingarreglugerð um leiksvæði barna." Byggingarfulltrúinn sagði matsmönnum, að sig minnti, að m. a. hafi komið fram sú hugmynd að leysa ákvæði um leiksvæði barna sameiginlega fyrir D- og E-hús á lóð E-húss."

Stefnandi fullyrðir, að ekki hafi verið fyrirhugað að sjá fyrir sérstakri leikja- eða útiaðstöðu fyrir börn í húsi D. Bæjaryfirvöld Garðabæjar, skipulagsnefnd og byggingarnefnd hafi fjallað um allar byggingarnefndarteikningar. Óskir og skilmálar allir hafi komið frá skipulagsnefnd, og hafi hún samþykkt fram lagðar teikningar. Óskir um annað en samþykkt var hafi ekki borist frá Ólafi Torfasyni né bæjaryfirvöldum.

Með tilvísun til skýrslu matsmanna um þetta atriði telur dómurinn, að ekki sé fært að fella bótaskyldu á stefnanda vegna þess.

Stefndi Ólafur Torfason segir þakglugga hafa verið þannig hannaða, að þeir séu óopnanlegir, en hönnuður hafi gleymt að gera ráð fyrir útöndun úr þakrými. Matsmenn eru því spurðir um hönnunargalla á loftræstingum, hvernig lagfæra megi rakaþéttingu við glugga og hvað slík lagfæring kosti. Þeir svara m. a. svo orðrétt:

„H. Samkvæmt byggingarreglugerð (grein 7.7) skal loftræsta íbúðarherbergi og salerni, en frjálst val er þar milli opnanlegra glugga og vélknúinnar eða sjálfsogandi loftræstingar. Hönnuðum ber að gera grein fyrir lausnum til að mæta þessum kröfum.

Á teikningum arkitekts er ekki gerð grein fyrir loftræstingu frá þakrými (4. hæð). Í greinargerð hans kemur fram, að ráð hafi verið gert fyrir loftræstikerfi í þakíbúðum, í herbergjum og baðherbergjum. Aftur á móti kom fram í samtali matsmanna við Helga Þ. Gunnarsson, bygg-tæknifr. hjá Teiknistofunni Röðli, að aldrei hefði verið talað um loftræstingu íbúðar-

herbergja, heldur einungis um útsogsstokka frá salernum og þvottaherbergjum.

Af ofangreindu draga matsmenn þá ályktun, að brotalöm hafi verið í samstarfi hönnuða og því hafi þessi þáttur aldrei verið leystur.

Kostnað við að sjá fyrir lágmarksútloftun frá íbúðum 4. hæðar er metinn á 300.000 kr. ...."

Stefnandi segir á hinn bóginn um loftræstingu á þakíbúðum, að hönnun þessa verkliðar, loftræstilagna, hafi í þessu tilfelli og venju samkvæmt eingöngu verið í höndum lagnahönnuða, sem sé Teiknistofan Röðull hf. í Reykjavík. Sjálfstætt sé á því byggt, að Ólafur Torfason hafi ekki byggt D-hús í samræmi við samþykktar byggingarnefndarteikningar og breytt út frá uppdráttum stefnanda.

Dómurinn fellst á það, að stefnandi beri ábyrgð á þessum galla, sem má, að því er virðist, rekja til bortalamar í samstarfi hönnuða, eins og matsmenn benda á. Stefnandi getur ekki í þessu tilviki borið fyrir sig, að sérhæfður aðili hafi tekið að sér verkhluta. Ekki verður þó tjón hönnuða beint metið til jafns við kostnað við að sjá fyrir lágmarksútloftun á íbúðum 4. hæðar, þar sem óhjákvæmilega hefði orðið, hvort eð var, að leggja í einhvern kostnað vegna þessa, en sé litið til þess, að stefnandi verður að teljast tjónvaldur, metur dómurinn hæfilegar skaðabætur til handa stefndu á 150.000 kr.

Samkvæmt framansögðu dragast frá stefnukröfunni 150.000 kr. vegna D-húss.

8.0.

Svo sem áður greinir, er stefndi Kaupgarður hf., ábyrgur vegna vinnu stefnanda við öll húsin, þ. e. hús A, D, E og E 1. Stefndi Ólafur Torfason ber einnig sólidariska ábyrgð ásamt Kaupgarði hf. á vinnu vegna D-húss.

Samkvæmt því, sem áður sagði (6.0), ber að viðurkenna kröfur stefnanda vegna A-, E- og E 1-húsa, 2.683.045 kr., að frádregnum inngreiðslum, 1.388.873 kr., eða samtals 1.294.172 kr., og til viðbótar vegna D-húss 922.987 kr. að frádregnum inngreiðslum, 477.782 kr., eða samtals 445.205 kr. Fallast verður á kröfu stefnanda um vexti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Enn verður samkvæmt áðurgreindri niðurstöðu vegna galla á verki stefnanda (7.0) að draga frá ofangreindum kröfum 150.000 kr. vegna D-húss. Þykir rétt, að þessi fjárhæð beri dráttarvexti svo sem krafa stefnanda, þó frá 1. janúar 1988, þar sem matsfjárhæð miðast við verðlag þá.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins og með tilliti til frávísunar gagnsakar þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, þannig, að stefndi Kaupgarður hf. greiði einn 280.000 kr., en til viðbótar greiði stefndu,

Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason, in solidum 70.000 kr., þ. m. t. söluskatt.

Dómurinn kvað upp Jón L. Arnalds borgardómari ásamt meðdómsmönnunum Gunnari Torfasyni verkfræðingi og Jóhannesi S. Kjarval arkitekt.

Dómsorð:

Stefndi Kaupgarður hf. greiði stefnanda, Benjamín Magnússyni, 1.294.172 kr. með 45% ársvöxtum frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 svo og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 280.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskatt.

Til viðbótar greiði stefndu, Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason, in solidum stefnanda, Benjamín Magnússyni, 445.205 kr. með 45% ársvöxtum frá 6. október 1985 til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 svo og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags að frádregnum 150.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1988 til greiðsludags. Þá greiði stefndu, Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason, enn fremur til viðbótar in solidum stefnanda, Benjamín Magnússyni, 70.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskatt.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 308/1989. **Valdimar Geirsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Ólafi Geir Þorvarðarsyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)
og gagnsök.

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Skoðunarskylda. Aðfinnslur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1989. Þá áfrýjaði hann fjárnámsgerð, sem fram fór í fasteigninni Víðigrund 13 á Akranesi 12. júlí 1989, með stefnu 7. september sama ár. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi og gagnáfrýjandi dæmdur til þess að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 1. september 1989. Kröfur hans í aðalsök eru þær, að ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda verði hafnað og hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest.

Dómkröfur gagnáfrýjanda í gagnsök eru þær aðallega, að aðaláfrýjanda verði gert að endurgreiða söluverð bátsins Akrabergs, AK 60, 450.000 krónur, auk 45,6% ársvaxta af 200.000 krónum frá birtingardegi stefnu 23. nóvember 1987 til 1. desember sama ár, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 15. sama mánaðar, með sömu vöxtum af 280.000 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 58,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars sama ár, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 15. sama mánaðar, með sömu vöxtum af 370.000 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, með 52,8% ársvöxtum

frá þeim degi til 15. sama mánaðar, með sömu vöxtum af 450.000 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október sama ár, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 130.000 krónum, sem gagnáfrýjandi fékk greiddar 25. maí 1990. Þá verði aðaláfrýjandi jafnframt dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda skaðabætur, að fjárhæð 336.210 krónur, auk 43,2% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 5. október 1987 til 1. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum, eins og þeir eru raktir að framan, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti bæði í aðalsök og gagnsök.

I.

Í héraði gerði aðaláfrýjandi þær dómkröfur aðallega, að hann yrði sýknaður og sér dæmdur málskostnaður. Til vara krafðist hann sýknu af skaðabótakröfu og niðurfellingar málskostnaðar.

Aðaláfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að hinn áfrýjaði dómur sé með þeim ágöllum, að þar sé ekki getið um dómkröfur sínar, sbr. g-lið 1. mgr. 193. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þessi annmarki á héraðsdómi er brot á framangreindum réttarfarsákvæðum og aðfinnsluverður, en hefur þó ekki valdið aðaláfrýjanda réttarspjöllum, hvorki við úrlausn héraðsdómara né áfrýjun málsins. Þykir eigi næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn af þessum sökum.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afsal frá 25. maí 1990, þar sem gagnáfrýjandi selur Emil Ragnarssyni, Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, bátinn Akraberg, AK 60. Söluverð var 130.000 krónur.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll gagnáfrýjandi frá riftunarkröfu sinni. Aðaláfrýjandi mótmælir því, að hann hafi verið með í ráðum um framangreint söluverð. Ósannað er, að við sölu bátsins hafi verið haft samráð við aðaláfrýjanda. Við svo

búið verður eigi talið, að kröfur gagnáfrýjanda í málinu geti lotið að öðru en skaðabótum eða afslætti frá kaupverði.

III.

Umboðsmaður gagnáfrýjanda skoðaði hinn umrædda bát, áður en kaup voru ráðin 24. júlí 1987. Þá hafði hann bátinn í sinni umsjá í tvær vikur, áður en frá afsali og endanlegri greiðslu kaupverðs var gengið. Á þeim tíma var unnið að lagfæringum á vél bátsins, en umboðsmaðurinn þekkti vélina, þar sem hann hafði sjálfur átt hana áður í öðrum bát. Þegar kom að útgáfu afsals, vildi umboðsmaðurinn ganga frá kaupunum vegna ástands vélarinnar, sem hann taldi slæmt. Hins vegar samdist svo um með aðilum, að vegna þessa fengi gagnáfrýjandi 50.000 króna afslátt af umsömdu kaupverði. Að svo búnu var afsal gefið út 6. ágúst 1987. Með þessum samningi þykir gagnáfrýjandi hafa firrt sig rétti til bóta vegna vélarinnar, en honum var þá orðið fullkunnugt ásigkomulag hennar, sbr. 47. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

IV.

Aðaláfrýjandi keypti hinn umrædda bát 18. júlí 1986 og aflaði sér þá ekki upplýsinga um hann frá Siglingamálastofnun ríkisins. Honum virðist því hafa verið ókunnugt um skýrslu stofnunarinnar frá 2. ágúst 1978, þar sem mælt var fyrir um samráð við Siglingamálastofnun, ef farið yrði út í endurbyggingu á bol bátsins, sem þá var bágborinn. Fyrir héraðsdómi kvaðst aðaláfrýjandi hafa spurt Axel Axelsson skipaskoðunarmann og starfsmann Siglingamálastofnunar að því, hvernig hann ætti að fara að við viðgerðir á bátnum, og hafi hann bent á, hvað ætti að lagfæra. Axel Axelsson hefur ekki gefið skýrslu fyrir dómi. Jóhann Ársælsson skipasmíðameistari hefur hins vegar komið fyrir dóm og lýst því, að hann hafi skoðað bátinn vorið eða sumarið 1987, og hafi aðaláfrýjandi fyrst og fremst ráðgast við sig um viðgerðir á böndum á bátnum, en hann hafi þó ekki fylgst nákvæmlega með vinnu aðaláfrýjanda við bátinn.

V.

Í héraðsdómi er því lýst, að gagnáfrýjandi og umboðsmaður hans báðu um skoðun á bátnum hjá Siglingamálastofnun ríkisins í

september 1987. Kom þá í ljós, að hann hafði verið skráður undir nafninu Jón Eyjólfsson með Reykjavík sem heimahöfn, og hafði skráð stærð hans verið 3,55 brúttórúmlestir. Báturinn hafði verið afskráður sumarið 1978 sakir lélegs ástands. Í skýrslu skoðunarmanns þá er upp talið, hvað sé að bátnum, og sagt, að verði farið út í endurbyggingu hans, eigi að senda Siglingamálastofnun til samþykktar miðbandsteikningu af bátnum og að öll vinna verði að fara fram undir eftirliti stofnunarinnar. Óupplýst er, hvað um bátinn varð frá 1978, þar til aðaláfrýjandi festi kaup á honum og hóf endurbyggingu hans. Í skýrslu Siglingamálastofnunar ríkisins frá 25. september 1987 segir, að bætt hafi verið úr ástandi bátsins frá skoðuninni 1978, en verkið ekki unnið samkvæmt fyrirmælum í fyrri skýrslu né í samráði eða undir eftirliti skoðunarmanna. Í skýrslunni eru taldir upp ýmsir gallar við endurbygginguna og síðan gerðar ýmsar athugasemdir við almennt ástand bátsins. Meðal þess, sem ábótavant þótti, var, að bönd, sem sett höfðu verið miðskips, uppfylltu ekki ákvæði reglna og bönd fremst og aftast höfðu ekki verið endurnýjuð. Í fyrri skýrslu voru þau talin of grönn og sagt, að reikna mætti með því, að skipta þyrfti um öll bönd í bátnum. Einnig hafi verið bent á, að kjölur væri of grannur og að kjalbak vanti, en það eigi að vera úr eik. Kjalbakið, sem sett var í bátinn, var úr furu, og í skýrslunni frá 1987 var það ekki talið fullnægjandi.

VI.

Það verður að teljast á áhættu aðaláfrýjanda, að endurbyggingin var ekki framkvæmd undir eftirliti skoðunarmanns, og beri hann ábyrgð á því, hvernig til tókst, en við það verður að miða, að bolur bátsins hafi ekki haft þá kosti, sem ætla mátti, að hann hefði. Umboðsmanni gagnáfrýjanda var ekki ætlandi við venjulega skoðun og aðgát að varast þá galla, sem á endurbyggingunni voru, en gagnáfrýjandi kvartaði við aðaláfrýjanda, strax og honum urðu gallar þessir ljósir. Þá er báturinn í afsali talinn til muna stærri en samkvæmt skráningu. Er óupplýst, hvernig á því stendur, en það hlýtur að teljast á ábyrgð aðaláfrýjanda.

Í málinu liggur ekki fyrir mat dómkvaddra manna á göllum á bol bátsins frá því ástandi, sem ætla mátti áskilið. Aftur á móti liggur fyrir verð hans samkvæmt afsalinu í ágúst 1987 og aftur í

maí 1990 svo og reikningar gagnáfrýjanda um kostnað, sem hann lagði í eftir viðtöku bátsins. Þá lagði héraðsdómari dóm á málið án meðdómenda. Á þessum gögnum er ógjörningur að byggja skaðabætur til gagnáfrýjanda, en hins vegar verður nú vart úr því bætt á nokkurn viðhlítandi hátt. Þykir, eins og málið er lagt fyrir Hæstarétt af hálfu aðila, eiga að taka til greina fjárhæð hins áfrýjaða dóms með vöxtum og málskostnaði. Hin áfrýjaða fjárnámsgerð verður því staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði stefnda í aðalsök 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Dómsorð:

Dómsorð hins áfrýjaða dóms skal vera óraskað.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Valdimar Geirsson, greiði stefnda, Ólafi Geir Þorvarðarsyni, 50.000 krónur í málskostnað í aðalsök fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur meiri hluta dómenda um það, er greinir í atkvæði þeirra aftur að V. kafla.

Gagnáfrýjandi byggir ekki á þeirri málsástæðu, að aðaláfrýjandi hafi haft svik í frammi í viðskiptum þeirra.

Gagnáfrýjanda bar að sýna sérstaka varfærni við kaup á bátnum, þar sem hann var óskráður og gögn um hann fundust ekki hjá Siglingamálastofnun, þegar umboðsmaður hans leitaði eftir þeim þar, áður en til kaupanna kom. Ekki skeytti hann þó frekar um öflun upplýsinga. Umboðsmaður gagnáfrýjanda hafði bátinn hins vegar með höndum í tvær vikur fyrir útgáfu afsals og átti þess því allan kost að athuga bátinn gaumgæfilega.

Í afsalinu var fyrirvaralaust ákvæði um, að báturinn seldist í því ástandi, sem hann þá var í og kaupandi hefði kynnt sér með skoðun og sætt sig við að öllu leyti. Þá var tekið fram, að kaupanda væri

kunnugt um, að báturinn væri óskráður, og skyldi hann sjá um að koma honum á skrá á sinn kostnað.

Þegar aðaláfrýjandi vann sjálfur að endurbyggingu bátsins, ráðgaðist hann bæði við skipaskoðunarmann og skipasmíðameistara. Eins og hér stendur á, verður það ekki metið honum til sakar, hvernig til tókst, en eigi verður séð, að hann hafi leynt gagnáfrýjanda nokkru. Þá er ósannað, að aðaláfrýjandi hafi gefið gagnáfrýjanda ástæðu til að ætla, að báturinn væri í betra ástandi en raun var á og að hann stæðist kröfur Siglingamálastofnunar ríkisins.

Með hliðsjón af framansögðu og vísun til 47. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup tel ég, að sýkna beri aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda og fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi. Eftir þeim úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akraness 11. maí 1989.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. f. m., hefur Ólafur Geir Þorvarðarson, nnr. 6800-0718, Hörðalandi 12, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 18. nóv. 1987, gegn Valdimar Geirssyni, nnr. 9055-3836, Víðigrund 13, Akranesi. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að kaupsamningi, dags. 6. ágúst 1987, um bátinn Akraberg, AK-60, verði rift og að stefnda verði gert að endurgreiða söluverð hans, 450.000 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Málavextir.

Tildrög bátskaupa þeirra, sem mál þetta er risið af, voru þau, að stefnandi málsins ákvað í samráði við fósturföður sinn, Kristján Jakobsson, Bjarnarstíg 11, Reykjavík, að festa kaup á bátsskrokki í því skyni að útbúa trillubát til fiskveiða. Stefnandi er vélvirki að atvinnu, en hugðist stunda fiskveiðar í frístundum. Kristján er hins vegar vanur sjómaður, og hafði hann í hyggju að hætta á stórum bátum og þess í stað snúa sér að trilluveiði. Að ráði varð síðan, að Kristján tók sem umboðsmaður stefnanda að leita fyrir sér um kaup á bátsskrokki eða bát. Hann kveðst m. a. hafa farið á skipasöluna Hraunhamar í Hafnarfirði. Skipasalinn, Haraldur Gíslason, hafi sagst hafa góðan bát, nýuppgerðan, og ekkert væri eftir nema setja vélina niður. Umboðsmaður stefnanda fór síðan á Siglingamálastofnun, en þar fannst báturinn ekki á skrá með uppgefnum nöfnum, þ. e. Ramma eða Akrabergi. Hann skoðaði samt bátinn og leist vel á hann.

Stefndi, eigandi bátsins, sagði umboðsmanninum, að vél bátsins, 60 hestafla Lister-vél, væri nýyfirfarin og ekkert annað eftir en setja hana í bátinn. Umboðsmaðurinn kveður stefnda hafa sagt sér, að hann hafi haft samband við mann frá Siglingamálastofnun, Axel Axelsson að nafni, og hefði hann sagt fyrir um, hvað þyrfti að gera við bátinn. Umboðsmaður stefnanda kveðst hafa séð, að ný bönd hefðu verið í miðju bátsins frá húsi og aftur undir skut. Síðan kveðst hann hafa skoðað ofan í bátinn og athugað kjölbekk, sem var nýr, og tvöföld gömul bönd að framan og aftan. Mætti kveðst þá hafa spurt, hvort þau hefði skipaskoðunarmaður viðurkennt, því að hann hefði vitað, að þau ættu reglum samkvæmt að vera þreföld. Kveður hann stefnda hafa sagt, að samþykki skipaskoðunarmanns hefði fengist fyrir því. Síðan voru kaup ákveðin munnlega í júlí 1987, og umboðsmaðurinn greiddi 24. júlí 1987 200.000 kr. inn á bátinn í nafni stefnanda. Var báturinn fluttur þaðan, sem hann hafði staðið við hús stefnda, að Víðigrund 13, Akranesi, og að verkstæði Stuðlastáls hf. á Akranesi, sem setti vélina í bátinn. Við skoðun á smursíu segist umboðsmaðurinn þó hafa tekið eftir, að mikið svarf og hvítmálmur var í olíunni, sem hafi gefið tilefni til að skoða sveifaráslegur. Kom þá í ljós, að bæði efri og neðri bakkar leganna voru slitnir og upp úr þeim kvarnað. Varð þá ljóst, að stefndi hafði sjálfur tekið vélina upp og keypt í hana stimpla og legur. Umboðsmaður stefnanda kveðst hafa snúið sér til umboðs þess í Reykjavík, sem seldi Lister-vélar eins og þá, sem fylgdi bátnum. Hafi honum þar verið tjáð, að mikið vandaverk væri að taka ofan af þessum vélum og skipta um stimpla og pakkningar, og væri það alls ekki á færi venjulegra vélvirkja, hvað þá manna, sem ekki hefðu þá menntun. Þegar þetta varð ljóst, kveðst umboðsmaðurinn hafa viljað rifta kaupunum. Þá svaraði stefndi því til, að hann væri búinn að ráðstafa innágreiddu fé og gæti ekki endurgreitt það. Hann bauðst hins vegar til að gefa 50.000 kr. afslátt á kaupverðinu, og var fallist á það. Umboðsmaður stefnanda kveðst þó hafa gengið ríkt eftir því, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að skoðun fengist á skrokk bátsins. Afsalið var síðan gefið út 6. ágúst 1987.

Í afsalinu sagði m. a.: „Nánar tiltekið er hér um að ræða 5 tn. opinn bát, smíðaðan úr viði 1959, með Lister-vél, árg. 1973, 60 hö., og Furunodýptarmæli. Báturinn afhendist kaupanda á Akranesi strax við undirskrift afsals þessa í því ástandi, sem hann nú er í og kaupandi hefur kynnt sér með skoðun og sætt sig við að öllu leyti. Umsamið kaupverð, 450.000 kr. fjögur hundruð og fimmtíu þúsund — hefur kaupandi greitt að fullu. Kaupanda er kunnugt, að báturinn er óskráður, og sér hann um að koma honum á skrá á sinn kostnað. Seljandi greiðir öll gjöld af bátnum og hirðir af honum arð til afhendingardags, en kaupandi frá þeim tíma."

Aðspurður kveðst umboðsmaður stefnanda hafa skilið ákvæði í afsali

um, að báturinn væri óskráður og að það kæmi í hlut kaupanda að koma honum á skrá og bera þann kostnað, á þann veg, að þar væri átt við búnað skipsins og rafkerfi, en ekki bol hans og vél. Eftirstöðvar kaupverðsins, 250.000 kr., voru greiddar við undirskrift þess. Báturinn var síðan fluttur suður til Reykjavíkur og komið fyrir uppi á Grandagarði.

Eftir að báturinn var kominn suður til Reykjavíkur, var enn reynt að koma vélinni í gang. Vélin var mjög þung í snúningi að sögn umboðsmanns stefnanda, og tókst ekki að gangsetja hana.

Í september 1987 báðu þeir stefnandi og umboðsmaður hans um skoðun á bátnum hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Þá kom í ljós, að hann hafði verið skráður þar undir nafninu Jón Eyjólfsson með Reykjavík sem heimahöfn, og skráð stærð hans hafði verið 3,55 rúmlestir brúttó. Enn fremur kom í ljós, að báturinn hafði verið afskráður sumarið 1978 sakir lélegs ástands. Í skýrslu skoðunarmannsins, Ólafs Aðalsteinssonar, dags. 2. ágúst 1978, sagði m. a.:

„Við skoðun á bol bátsins kom í ljós, að öll bönd í opnu rými hans voru fúin í sundur um húf og því ónýt. Eru bönd svigar (sic) þarna á milli, en eru mun grennri en reglur segja fyrir um. Má því reikna með, að nauðsynlegt verði að endurnýja öll bönd bátsins, ef til endursmíði hans kemur, en ekki er hægt að komast að öðrum böndum til skoðunar en þeim, sem að ofan greinir, sem eru 10 bönd.

Töluverðir ryðtaumar eru frá súðarnöglum að innan og frá neðri skör kjalsíu niður á kjölinn. Verður að athuga ástand nagla og bolta, þegar viðgerð fer fram. Til endurnýjunar á böndum verður að taka upp vél, og verður þá að skoða vélafestibolta og kjalbolta undir vélinni. .....

Ef farið verður út í endurbyggingu á bátnum, verður að senda Siglingamálastofnun til samþykktar miðbands-teikningu af bátnum, og verður öll vinna að fara fram undir eftirliti stofnunarinnar."

Stefndi hefur fyrir dóminum upplýst, að hann hafi verið búinn að eiga bátinn í rúmt ár, þegar hann afsalaði honum í ágúst 1987. Hann kveðst ekki hafa þá aflað upplýsinga frá Siglingamálastofnun ríkisins um bátinn. Fyrir hann hafi hann líklega gefið um 100 þús. kr. Hann kveðst hafa keypt bátinn til að eiga hann, en síðar hafi hann selt bátinn, þegar hann keypti annan stærri. Hann kveður vélina hafa fylgt bátnum, og hafi hann gert við hana. Hann hafi keypt nýja stimpla, látið renna ventla og keypt nýjar pakkningar. Hann kveðst hafa sjálfur sett vélina saman, enda hafi hann unnið á bifreiðaverkstæði í eitt ár. Jafnframt kveðst stefndi hafa lagt í miklar viðgerðir við sjálfan bátinn, sett í hann borð og saumað hann upp. Hann kveðst vera húsasmíðameistari, en hann hafi ekki unnið við skipasmíðar fyrr en í júlí 1987. Hann kveðst ekki hafa notið leiðsagnar annarra við viðgerðina á bátnum en föður síns, Geirs Valdimarssonar, sem sé húsa-

smiðameistari og hafi unnið við skipaviðgerðir. Stefndi kveðst hafa spurt Axel Axelsson, starfsmann Siglingamálastofnunar, hvernig hann ætti að fara að við viðgerð á bátnum, og hafi Axel bent á, hvað ætti að lagfæra. Síðan kveðst stefndi hafa haft samband við Jóhann Ársælsson skipasmíðameistara og notið ráðlegginga hans. Hann kveður umboðsmann stefnanda ekki hafa sett nein skilyrði um ástand bátsins, mikil eftirspurn hafi verið eftir bátum sumarið 1987. Hann kveðst aldrei hafa lýst yfir, að báturinn stæðist kröfur Siglingamálastofnunar ríkisins.

Faðir stefnda, Geir Valdimarsson, hefur komið fyrir dóminn. Hann kveðst hafa unnið að viðgerð bátsins ásamt Valdimar, syni sínum. Hann kveðst hafa tekið laus bönd úr bátnum og sett ný bönd í hann, neglt. Þeir hafi sett þreföld þverbönd í bátinn eftir fyrirsögn, þ. e. lýsingu í reglugerð, frá Siglingamálastofnun. Umboðsmaður stefnanda kveðst hafa hitt skoðunarmann Siglingamálastofnunar, Axel Axelsson, sem stefndi hefði sagt hafa fylgst með endursmíði bátsins, en hann hafi alls ekki getað munað það, að hann hefði gefið fyrirmæli þar um.

Sami skoðunarmaður, Ólafur Aðalsteinsson, sem skoðað hafði bátinn í ágúst 1978, var í sept. 1987 fenginn til að skoða bátinn og segja til um, hvað þyrfti að gera til að koma bátnum á skrá. Skoðunin fór fram 23. sept. 1987, þar sem báturinn stóð á uppfyllingu við Ægisgarð í Reykjavík. Í skýrslu hans til siglingamálastjóra, dags. 25. sept. 1987, sagði um bátinn, sem nú nefndist Akraberg, AK-60, og var skráður eign Sævars Bergs Gíslasonar, Mánabraut 6 B, Akranesi:

„Bátur þessi hefur verið strikaður út af skipaskrá, þar sem hann hefur ekki verið skoðaður síðan 1978 og var í heldur lélegu ástandi. Við skoðunina á bátnum að þessu sinni kom fram, að bætt hefur verið úr ástandi hans frá síðustu skoðun, en verkið ekki unnið skv. fyrirmælum í fyrri skýrslu né í samráði eða undir eftirliti skoðunarmanna Siglingamálastofnunar ríkisins. Sem dæmi um endurbætur má nefna, að bönd þau, sem sett hafa verið miðskips, uppfylla ekki ákvæði reglna. Böndin fremst og aftast hafa ekki verið endurnýjuð, en vakin var athygli á því í skýrslunni 25.7. 1978, að böndin væru of grönn, og því mætti reikna með, að skipta þyrfti um öll bönd í bátnum. Einnig er bent á, að kjölur sé of grannur og kjalbak vanti, en það eigi að vera úr eik. Kjalbakið, sem sett hefur verið í bátinn, er úr furu og getur ekki talist fullnægjandi langskipsstyrking. Að öðru leyti verður að gera eftirgreindar athugasemdir við ástand bátsins:

1. Handrið vantar á bátinn að framan.

2. Siglinga- og fiskveiðiljós vantar, og má segja, að rafbúnað vanti að mestu.

3. Stýrisbúnaður er alls ófullnægjandi. Stýrisás er of grannur og auk þess töluvert slitinn, einnig mikið slit við stýristappa.

4. Rúður í reisn eru festar með gúmmílistum, sem ekki eru samþykktir til notkunar í bátum.

5. Kassi yfir vél er lélegur, óþéttur, of lítill og í alla staði ófullnægjandi.

6. Eldsneytisgeymir er ekki skv. reglum, auk þess sem hann er illa festur. Skoðunarlúgu vantar á geyminn, áfyllirör nær ekki út á borðstokk, og engin loftrás er sjáanleg. Ekki er vitað um efnisþykkt.

7. Plastslöngur, sem notaðar eru í eldsneytislagnir, eru ekki af viðurkenndri gerð.

8. Austurs- og slökkvibúnað vantar í bátinn.

9. Vél virðist fest við undirstöður með frönskum skrúfum, sem ekki telst fullnægjandi skv. reglum.

10. Engar upplýsingar um vélina í bátnum liggja fyrir hjá Siglingamálastofnun, og því óskast eftirgreindar upplýsingar lagðar inn til samþykktar:

— hestöfl vélarinnar,
— snúningshraði,
— niðurgírun,
— þvermál og brotþol á skrúfuási.

11. Blýbót er á kjalsíu aftan til b.b., og eru ryðtaumar frá blýbótinni. Einnig eru ryðtaumar víða frá kjalsíu og ryð sjáanlegt á naglahausum hér og þar. Í ljósi þessa verður að skoða saum í bátnum, enda gerð krafa til þess við skoðunina 1978.

12. Stálplötur hafa verið boltaðar á skrúfustefni, sem er rifið. Þá hefur verið fyllt undir flans á stefnisröri með p-40 plasti, sem ekki er samþykkt af Siglingamálastofnun. Má segja, að stálplöturnar gefi skrúfustefninu nægan styrk, en stór spurning, hvort báturinn er þéttur um skrúfustefnið og stefnisrörið. Verður að ganga úr skugga um það, áður en viðgerðin verður samþykkt.

13. Of stutt er á milli skeyta í súð hér og þar.

14. Plitti í bátnum eru ófullnægjandi.

Eins og sjá má á ofangreindu, er ýmislegu ábótavant við bátinn.

Allar endurbætur á bátnum ber að gera í samráði við skoðunarmenn Siglingamálastofnunar ríkisins.''

Að svo komnu hófust stefnandi og umboðsmaður hans handa um viðgerð á bátnum. Viðgerðir og efniskaup stefnanda vegna bátsins nema 238.210 kr. samkvæmt fram lögðum reikningum yfir útlagðan kostnað, og er þar aðallega um viðgerð á vélinni að ræða. Til samanburðar hefur umboðsmaðurinn látið þess getið, að ný vél hafi þá kostað um 300.000 kr. Sjálfur reiknar stefnandi vinnuframlag sitt og umboðsmanns síns á 98.000 kr. Samtals nemur fébótakrafa stefnanda því 336.210 kr. Í byrjun október 1987 leitaði stefnandi síðan til Jónatans Sveinssonar hdl., sem skrifaði stefnda riftunarbréf, dags. 5. okt. 1987.

Málsástæður og lagarök.

Riftunarkröfu sína reisir stefnandi á því, að báturinn Akraberg, AK 60, hafi við sölu verið verulega gallaður og ekki til þess hæfur að fá skoðun. Gallarnir hafi verið verulegir í skilningi 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922, annars vegar, að það kosti mikið fé að bæta úr göllunum, og hins vegar, að gallarnir komi í veg fyrir, að bátinn megi nota lögum samkvæmt. Á seljanda bátsins hafi hvílt laga- og varúðarskylda um að lagfæra gallana, áður en hann færi að fullyrða um kosti bátsins. Varlegast fyrir hann hefði verið að láta fara fram úttekt á bátnum, áður en kaupin fóru fram, en einnig hefði hvílt á honum sú skylda að fá úttekt á verk sitt, áður en hann fór að skapa traust annarra á verkinu. Honum hefði borið að afla teikninga og að vinna verkið undir eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins og að fá síðan úttekt á verkinu. Gallarnir hafi hins vegar verið þess eðlis, að þeir hafi ekki fundist við venjulega skoðun. Kaupandi bátsins hefði átt að geta treyst því, að stefndi framkvæmdi viðgerð á honum í samræmi við kröfur Siglingamálastofnunar. Meginatriði við mat á því, hvort hlutur sé ógallaður, sé, hvort hann gagnast kaupanda. Verk stefnda og föður hans hafi ekki verið fullnægjandi viðgerð á skipi. Að þessu athuguðu álítur stefnandi galla ótvírætt verulega og nægilega til riftunar. Riftunarástæður séu hlutlægar, og saknæmt atferli seljanda sé ekki forsenda riftunar. Þá bendir stefnandi einnig á, að í afsali hafi báturinn verið sagður 5 tonn, en við skoðun Siglingamálastofnunar hafi síðan komið í ljós, að hann hafi ekki verið nema 3,5 rúmlestir brúttó. Enn fremur hafi stefndi fullyrt, að vél bátsins væri í svo góðu lagi, að aðeins þyrfti að koma henni fyrir í bátnum. Að mati sérfróðra manna hafi hún þó verið í svo lélegu ásigkomulagi, að henni varð ekki komið í gang. Sannanir liggi fyrir um það í formi reikninga og yfirlýsinga, að vélin hafi ekki svarað þeim væntingum, sem seljandi vakti hjá kaupanda. Alveg sé ljóst, að hefði sú vitneskja legið fyrir, hefði ekki orðið af kaupunum. Af hálfu stefnanda hafi verið lýst yfir riftun, áður en afsal var gefið út, en fyrir þrábeiðni seljanda hafi verið skrifað undir. Því er ekki haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi haft svik í frammi við sölu bátsins.

Skaðabótakröfu sína reisir stefnandi á því, að stefndi hafi beinlínis orðið þess valdandi, að hann lagði í kostnað og varð þannig fyrir tjóni. Fjárútlát stefnanda vegna bátsins hafi orðið honum ónýt, en muni eftir riftunina nýtast stefnda sem hlutir, sem hann fái með bátnum.

Af hálfu stefnda er sú varnarástæða borin fyrir, að stefnandi hafi á sínum vegum látið skoða bátinn og þrátt fyrir galla hans skrifað undir afsal. Sá, sem skoðaði bátinn, hafi haft langa reynslu á því sviði. Stefndi hafi ekki ábyrgst, að báturinn uppfyllti skilyrði Siglingamálastofnunar, og því hafi bolur bátsins í raun verið ógallaður. Báturinn hafi verið kominn vel

á þrítugsaldur, og auðvelt hefði verið fyrir kaupanda að fá skoðunarmann frá Siglingamálastofnun til að skoða bátinn, áður en skrifað var undir afsal. Það hafi stefnandi ekki gert, þótt báturinn hafi verið í vörslum hans. Um kaupin hafi gilt ákvæði kaupalaga nr. 39/1922, en ekki reglur Siglingamálastofnunar. Ekki sé um galla að ræða í skilningi kaupalaganna, og því sé riftunarskilyrði ekki fyrir hendi. Ósannað sé, að stefndi hafi ábyrgst, að báturinn uppfyllti skilyrði Siglingamálastofnunar, og stærð bátsins hafi ekki verið ákvörðunarástæða kaupanna. Gallar á bátnum í skilningi kaupalaga séu ósannaðir. Þá ber stefndi og fyrir sig, að riftunarástæða stefnanda hafi komið allt of seint fram og ástand það, sem stefnandi segi bátinn hafa verið í, sé ósannað, enda hafi engin skoðunargerð farið fram á bátnum. Þess vegna séu ekki fyrir hendi riftunarskilyrði.

I. Álit dómstólsins.

A. Um riftunarkröfu stefnanda.

Um riftun þá á sölusamningi og afsali, dags. 6. ágúst 1987, sem í máli þessu er höfð uppi, gilda ákvæði laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og ákvæði laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, sbr. og lög um breytingar á þeim lögum nr. 11/1986.

Bæði stefnandi og stefndi virðast sakir gáleysis og vanþekkingar, sem af því spratt, hafa hafst að með þeim hætti, sem að framan greinir. Stefndi stofnaði til endurbyggingar á bátnum án þess að fara nákvæmlega eftir reglum Siglingamálastofnunar ríkisins, og umboðsmaður stefnanda tók ákvörðun um kaupin án þess að ganga úr skugga um, að endurbyggingin fullnægði þessum reglum. Báturinn fékkst ekki skráður sem haffært skip. Í afsali, dags. 6. ágúst 1987, sagði, að kaupandi tæki að sér að skrá bátinn og bæri kostnað af því. Báturinn leit vel út, enda hafði farið fram viðgerð á honum, þ. á m., að sett höfðu verið ný borð og bönd í bátinn og hann saumaður upp og málaður. Útlit bátsins ásamt yfirlýsingum stefnda, sem hann hefur staðfest hér fyrir dómi, um viðgerð sína og föður síns á bátnum voru til þess fallnar að vekja með kaupanda þá hugmynd, að ekki þyrfti annað en setja vélina í bátinn og síðan að fá hann skráðan. Eins og umboðsmaður stefnanda hefur lýst atferli stefnda, áður en kaup gerðust, stappar þar nærri, að honum séu borin svik á brýn, en stefnandi hefur þó ekki borið svik fram sem málsástæðu. Umboðsmaður stefnanda gekkst samt inn á kaupin, eftir að hafa rannsakað bátinn og komist að raun um, að vél bátsins var alls ekki í því ástandi, að unnt yrði að hefja veiðar á honum án verulegra lagfæringa. Það gerði hann gegn því að fá 50.000 kr. afslátt á kaupverði, sbr. 47. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Eftir að kaupin höfðu átt sér stað, 6. ágúst 1987, og fleiri gallar komu í ljós, riftaði umboðsmaður stefnanda ekki kaupunum þegar í stað, heldur tók

til við að freista þess að koma bátnum í lag. Það vekur upp spurningar um, hvort hann hafi litið svo á, að báturinn væri ekki dýrari en svo, að það væri kostnaðarminna en kaupa einungis bátsskrokk, svo sem upphaflega hafði verið fyrirætlan stefnanda. Verður að telja, að með því hafi hann firrt sig rétti til að rifta kaupunum samkvæmt 42. gr. laga nr. 39/1922, sbr. og 52. gr. laganna. Samkvæmt skoðunargerð Siglingamálastofnunar vantaði mikið á, að báturinn fengi skoðun í því ástandi, sem hann var seldur í. Og viðgerð stefnanda á bátnum hefur ekki bætt hann svo, að hann hafi fengist skráður sem haffært skip. En ekki liggja fyrir gögn um, hver er tiltöluleg stærð gallanna á bátnum. Stefnandi hefur ekki látið meta bátinn til peningaverðs né heldur liggja fyrir gögn um, hvert er markaðsverð sambærilegra báta, sem haffærir eru skráðir. Ekki liggur því heldur fyrir matsgerð um það, hvað það myndi kosta að lagfæra hann svo, að hann fullnægði reglum Siglingamálastofnunar ríkisins. Vitneskja um tiltölulega stærð galla þeirra, sem stefnandi telur vera á Akrabergi, AK-60, er því harla ótraust.

Dómari málsins hefur ákveðið að dæma málið á grundvelli fram lagðra gagna, sbr. 113. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Hefur því ekki verið lagt fyrir málsaðila að láta fara fram matsgerðir um verð sambærilegra báta og hvað það myndi kosta að koma bátnum í haffært ástand, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936. Matsgerðir myndu auka enn á kostnað málsaðila, sem þegar er ærinn fyrir, en myndu ekki að sama skapi varpa frekara ljósi á málavöxtu. Þar kemur m. a. til, að markaðsverð trillubáta sveiflast mjög frá ári til árs og jafnvel frá mánuði til mánaðar eftir aflabrögðum. Eftirspurn eftir trillubátum var mikil í júlí-ágúst 1987 sakir góðra aflabragða. Frá árinu 1984 hefur sjávarútvegsráðuneytið smám saman þrengt veiðiheimildir trillubáta með tímabundnum veiðistöðvunum, sem síðan fengu á sig festu í reglugerð nr. 17/1988.

B. Um skaðabótakröfu stefnanda.

Af málavöxtum þykir verða ráðið, að báturinn Akraberg, AK-60, hafði ekki þá kosti, sem ætla má, að áskildir væru, þegar kaupin fóru fram. Stefndi stóð þannig að endurbyggingu bátsins og viðgerð á vél hans, að mikill vafi leikur á, hversu miklu hann jók við verðmæti hans, en hann kveðst hafa gefið um 100 þús. kr. fyrir hann um ári áður en honum var afsalað til stefnanda. Ljóst er og, að stefndi sýndi af sér mikið skeytingarleysi um hagsmuni stefnanda, þegar hann lýsti ástandi bátsins og ekki síst vélarinnar fyrir umboðsmanni stefnanda. Stefnandi hefur kostað 300-400 þús. kr. í tilraunum sínum til að koma bátnum í lag. Að þessu athuguðu verður að telja stefnda eiga með gyllingum sínum á bátnum þátt í því, að stefnandi hefur ekki enn í höndum bát, er hann geti sent til fiskveiða. Í

ljósi alls þessa þykir rétt með vísan til 42.-43. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. og 6. gr. laga um breyting á þeim lögum nr. 11/1986, að víkja kaupsamningnum til hliðar að hluta, þannig, að stefnandi fái 200.000 kr. í afslátt til viðbótar þeim 50.000 kr., sem voru slegnar af uppsettu verði, áður en afsal var gefið út. Rétt þykir og að dæma stefnanda 70.000 kr. í málskostnað úr hendi stefnda.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Gizurarson bæjarfógeti, en uppkvaðning hans hefur dregist nokkuð sakir anna, sem m. a. stafa af verkfalli.

Dómsorð:

Stefni, Valdimar Geirsson, greiði stefnanda, Ólafi Geir Þorvarðarsyni, 200.000 kr. auk 45,60% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá birtingardegi stefnu 23.11. 1987 til 1.12. 1987, með 49,20% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1988, með 51,60% ársvöxtum frá þ. d. til 1.3. 1988, 45,60% ársvöxtum frá þ. d. til 1.5. 1988, með 44,40% ársvöxtum frá þ. d. til 1.7. 1988, með 52,80% ársvöxtum frá þ. d. til 1.8. 1988, með 56,40% ársvöxtum frá þ. d. til 1.9. 1988, með 49,20% ársvöxtum frá þ. d. til 1.10. 1988, með 33,60% ársvöxtum frá þ. d. til 1.11. 1988, en með dráttarvöxtum svo sem Seðlabanki Íslands kann að ákveða skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur greiði stefndi stefnanda 70.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 152/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Daníel Helgasyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákæruvaldið skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1992 að ósk ákærða. Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Af hálfu verjanda ákærða hefur munnlegur flutningur málsins hér fyrir dómi að verulegu leyti snúist um játningu ákærða fyrir lögreglu. Ekki verður séð, að héraðsdómur sé byggður á þessari játningu, og þykja önnur gögn málsins veita nægan grundvöll til að leggja á það dóm.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Daníel Helgason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. mars 1992.

Ár 1992, mánudaginn 9. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 105/1992: Ákæruvaldið gegn Daníel Helgasyni, sem var dómtekið 21. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. nóvember 1991, á hendur ákærða, Daníel Helgasyni, Kóngsbakka 15, Reykjavík, kt. 240459-2139, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 2. júní 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-14039 norður Vatnsendaveg á Rjúpnahæð í Kópavogi að afleggjara að örbylgjustöð Landssíma Íslands, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 2. júní 1991 kl. 3.40 voru lögreglumennirnir Guðmundur Ingi Ingason, Páll Sigurðsson og Sævar Finnbogason úr liði lögreglunnar í Kópavogi á leið norður Vatnsendaveg í Kópavogi. Óku þeir þá fram á bifreiðina R-14039, þar sem hún var utan vegar á Rjúpnahæð við afleggjara að örbylgjustöð Landssíma Íslands. Er lögregla kom að bifreiðinni, var Daníel Helgason við farangursgeymslu hennar, en hún sneri með afturenda í átt að veginum.

Er þess getið í lögregluskýrslu, að jarðvegur umhverfis bifreiðina hafi verið gljúpur, og hefðu skóför af þeim sökum markað vel í hann. Spor hefðu verið út úr bifreiðinni vinstra megin, en engin við hægri hlið. Var ákærði færður yfir í lögreglubifreiðina, en lögreglumenn fundu leggja frá honum talsverðan áfengisþef. Kvað Daníel ungan dreng, er hann gat ekki gert grein fyrir, hafa ekið bifreiðinni úr Hafnarfirði, og hefði ökumaðurinn misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún hefði hafnað utan vegar. Við það hefði ökumaðurinn horfið á brott af vettvangi, „norður yfir holtið", eins og segir í skýrslu lögreglumanna.

Daníel var færður á lögreglustöðina í Kópavogi og þar fyrir Sæmund Guðmundsson varðstjóra. Þaðan lá leið hans í fylgd lögreglu á lögreglustöðina við Hverfisgötu, og tók læknir þar úr honum blóðsýni til rannsóknar á alkóhólinnihaldi. Niðurstöður úr þeirri rannsókn sýndu, að áfengismagn í blóði Daníels var 1,56‰. Að því loknu var Daníel færður í fangageymslur lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu, og beið hans skýrslutaka á lögreglustöðinni í Kópavogi næsta dag.

Sunnudaginn 2. júní kl. 12.59 var Daníel færður fyrir Odd Ólafsson lögregluþjón á lögreglustöðinni í Kópavogi. Við yfirheyrslur hélt hann fast við það, að ungur drengur hefði ekið bifreiðinni R-14039 frá veitingastaðnum A. Hansen í Hafnarfirði, þar til bifreiðin hefði lent utan vegar á Rjúpnahæð. Skýrslutöku yfir Daníel lauk klukkan 15.30, og var hann hafður

áfram í haldi á lögreglustöðinni vegna rannsóknar málsins. Klukkan 18.05 var Daníel að nýju tekinn til yfirheyrslu og þá af Guðmundi H. Jónssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni. Við þá yfirheyrslu játaði Daníel að hafa kvöldið áður verið ökumaður bifreiðarinnar R-14039. Skýrslutöku lauk kl. 18.26, og var Daníel þá frjáls ferða sinna af lögreglustöðinni.

Hinn 13. nóvember 1991 voru gerð boð eftir ákærða úr sakadómi Reykjavíkur, og var honum þar boðið að ljúka ætluðu ölvunarakstursmáli sínu aðfaranótt sunnudagsins 2. júní 1991 með dómsátt. Þeim málalokum hafnaði Daníel, þar sem hann kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni, svo sem honum var gefið að sök. Kvað hann á dómþingi játningu sína hjá lögreglu hafa komið til vegna þvingana lögreglu á lögreglustöðinni í Kópavogi sunnudaginn 2. júní 1991.

Ákærða var birt ákæra í máli þessu 6. desember 1991, og gaf hann skýrslu á dómþingi 29. janúar sl. og þá að viðstöddum skipuðum verjanda sínum. Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa verið að skemmta sér á veitingastaðnum A. Hansen í Hafnarfirði að kvöldi laugardagsins 1. júní 1991. Þar hefði hann drukkið áfengi til klukkan 3.00 um nóttina, en þá hefði hann horfið af staðnum. Hefði hann á veitingastaðnum hitt ungan dreng, er hefði verið í sömu erfiðleikum og ákærði við að útvega sér leigubifreið af staðnum. Hefði orðið úr, að drengurinn hefði tekið að sér að aka bifreið ákærða til Reykjavíkur. Á leið þeirra upp á Rjúpnahæð í Kópavogi hefði bifreiðin lent í lausamöl með þeim afleiðingum, að hjólbarði undir henni hefði sprungið. Við það hefði ökumaðurinn misst vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún lenti utan vegar. Hefði drengnum við það brugðið verulega. Kvaðst ákærði hafa reynt að grípa til drengsins, er hann hefði forðað sér út úr bifreiðinni. Hefði ákærði við það farið á eftir honum út úr bifreiðinni vinstra megin. Pilturinn hefði farið aftur fyrir bifreiðina og upp á veginn aftur, en þaðan hefði hann haldið í áttina að Breiðholti. Ekki kvaðst ákærði hafa treyst sér til að ná drengnum, og því hefði hann ákveðið að slökkva á aflvél og ökuljósum bifreiðarinnar. Síðan hefði hann ákveðið að huga að varahjólbarða bifreiðarinnar, þar sem loft hefði verið farið úr báðum hjólbörðum vinstra megin. Hefði hann verið að huga að hjólbarðanum, er lögreglumenn hefðu komið að sér. Kvaðst ákærði hafa tjáð lögreglu, að ökumaður bifreiðarinnar hefði horfið á brott af vettvangi. Hefðu þeir í framhaldi af því skoðað vettvang umhverfis bifreiðina til að aðgæta um önnur spor. Drengnum, er ók bifreiðinni, kvaðst ákærði ekki geta lýst með öðrum hætti en þeim, að hann hefði verið ungur, dökkhærður og meðalhár. Ekki kvaðst hann geta gert grein fyrir nafni hans, þar sem hann hefði ekki vitað nein deili á honum, áður en drengurinn tók að sér að aka bifreið ákærða. Varðandi jarðveginn umhverfis bifreiðina kvað ákærði hann hafa verið þurran og stinnan vegna mikilla hita undanfarandi daga,

og því hefði markað óverulega í hann. Lögreglumennirnir hefðu fyrst athugað vettvang umhverfis bifreiðina, eftir að þeir hefðu verið búnir að ræða við ákærða. Hefðu þeir komið úr sömu átt og ökumaður bifreiðarinnar hefði haldið í, og því hefði verið ógjörningur að greina för eftir ökumanninn. Eftir að ákærði hefði tjáð lögreglu, að annar hefði verið ökumaður bifreiðarinnar, hefði hann verið fluttur á lögreglustöðina í Kópavogi og þar fyrir varðstjóra.

Eftir að hann hafði dvalist næturlangt í fangageymslum lögreglunnar við Hverfisgötu, kvaðst ákærði hafa verið færður aftur á lögreglustöðina í Kópavogi. Þar hefði Oddur Ólafsson lögregluþjónn annast rannsókn málsins. Eftir ítrekaðar beiðnir ákærða hefði verið haft samband við Svein Sigurkarlsson héraðsdómara, er hefði komið á lögreglustöðina. Kvað ákærði Svein hafa gert Oddi grein fyrir því, að hann gæti ekki tekið að sér réttargæslu í málinu, þar sem hann væri starfandi héraðsdómari í öðru lögsagnarumdæmi. Kvað ákærði Svein hafa gefið sér þau ráð að gefa framburðarskýrslu í málinu og að Sveinn myndi að skýrslugjöf lokinni aka ákærða til síns heima. Þá hefði Oddur haldið yfirheyrslum áfram, og að þeim loknum hefði Sveinn innt Odd eftir því, hvort málinu væri ekki lokið að sinni, svo að ákærði gæti farið heim. Ekki hefði það gengið eftir, og hefði Oddur gefið í skyn, að óskað yrði gæsluvarðhalds yfir ákærða vegna málsins, „þar til hið sanna kæmi í ljós".

Um svipað leyti hefði Guðmundur H. Jónsson aðstoðaryfirlögregluþjónn komið á lögreglustöðina og tekið við rannsókn málsins. Hefði Guðmundur í upphafi látið óvönduð orð falla í garð Sveins Sigurkarlssonar vegna nærveru hans á lögreglustöðinni, og hefði Sveinn í framhaldi af því haldið á brott af lögreglustöðinni. Ákærði sagði, að hann hefði á þeirri stundu verið settur í fangaklefa lögreglustöðvarinnar, og þar hefði Guðmundur tjáð sér, að ákærði yrði að dveljast, þar til hann játaði brot sitt. Hefði aðstoðaryfirlögregluþjónninn í viðurvist Sveins látið í það skína, að krafist yrði gæsluvarðhalds yfir ákærða. Aðeins breyttur framburður hans gæti orðið þess valdandi, að ákærði yrði frjáls ferða sinna af lögreglustöðinni.

Ákærði kvaðst á þeim tíma, er greindir atburðir urðu, hafa starfað sem framkvæmdastjóri fyrirtækis í Reykjavík. Hefði hann næsta dag átt von á gesti frá útlöndum í tengslum við starf sitt, auk þess sem fundir hefðu þá verið fyrirhugaðir. Hefði hann á þeim tíma ákveðið að meta persónulega hagsmuni og hagsmuni fyrirtækisins ofar sannleikanum og í framhaldi af því ákveðið að breyta framburði sínum. Hefði hann játað þann verknað, er hann nú er ákærður fyrir. Hefði játning sín því verið fengin með þvingunum lögreglunnar í Kópavogi.

Fyrir dóminn hafa komið fjölmörg vitni. Eru það lögreglumennirnir Páll Sigurðsson, Laufbrekku 23, Kópavogi, Guðmundur Ingi Ingason, Hlíðar-

hjalla 17, Kópavogi, og Sævar Finnbogason, Löngumýri 21, Garðabæ, en framangreindir lögreglumenn unnu að frumrannsókn málsins á Rjúpnahæð í Kópavogi. Þá hafa komið fyrir dóminn Guðmundur H. Jónsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Fögrukinn 24, Hafnarfirði, og Oddur Ólafsson lögregluþjónn, Skipasundi 69, Reykjavík, en Guðmundur og Oddur unnu að rannsókn málsins á lögreglustöðinni í Kópavogi 2. júní 1991. Að lokum kom fyrir dóminn Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari, Langagerði 18, Reykjavík, en vitnið kom á lögreglustöðina í Kópavogi til viðræðna við ákærða. Verður hér á eftir gerð grein fyrir framburði ofangreindra vitna og þá fyrst þeirra þriggja lögreglumanna, er komu að bifreiðinni R-14039 utan vegar á Rjúpnahæð í Kópavogi.

Framburður lögreglumannanna Páls, Guðmundar Inga og Sævars hefur við meðferð málsins verið að mestu leyti samhljóða. Kváðust lögreglumennirnir hafa ekið norður Vatnsendaveg í Kópavogi aðfaranótt 2. júní 1991, er þeir hefðu komið að bifreiðinni R-14039 utan vegar við afleggjara að örbylgjustöð Landssíma Íslands á Rjúpnahæð. Hefði afturendi bifreiðarinnar vísað í átt að veginum og ákærði verið einn að bogra við afturenda hennar. Hefðu þeir stöðvað lögreglubifreiðina og rætt við ákærða, er hefði tjáð lögreglumönnunum, að ungur drengur hefði ekið bifreiðinni. Drengurinn hefði hlaupið út og fram með bifreiðinni og á brott af vettvangi. Kváðust lögreglumennirnir hafa fundið sterkan áfengisþef leggja frá ákærða, og hefði hann því verið færður í lögreglubifreiðina. Gátu lögreglumennirnir þess sérstaklega, að jarðvegur umhverfis bifreið ákærða hefði verið það gljúpur, að vel hefði markað í hann. Hefðu þeir einungis veitt athygli förum eftir ákærða frá vinstri hlið bifreiðarinnar. Engin för hefðu verið sýnileg hægra megin við hana.

Vitnið Páll Sigurðsson kvað fyrir dómi, að vettvangur hefði verið rannsakaður eftir viðræður við ákærða. Hefðu spor eftir ökumann ekki leynt sér, ef hann hefði haldið fram með bifreiðinni. Ef ökumaður hefði á hinn bóginn farið aftur með bifreiðinni, í sömu átt og lögregla kom úr, hefði verið erfiðara að átta sig á förum hans.

Vitnið Guðmundur Ingi Ingason kvað vettvang hafa verið rannsakaðan lítillega, áður en rætt hefði verið við ákærða, en þó aðallega eftir viðræður við hann.

Lögreglumennirnir kváðu, að aflvél bifreiðarinnar hefði ekki verið í gangi, en hún hefði verið heit viðkomu, og hefðu lyklar hennar verið á hillu undir afturglugga bifreiðarinnar. Framhald málsins hefði verið það, að ákærði hefði verið fluttur á lögreglustöðina í Kópavogi, og þar hefði hann verið færður fyrir varðstjóra.

Vitnið Sveinn Sigurkarlsson kvaðst nefndan dag hafa komið á lögreglustöðina í Kópavogi að beiðni ákærða. Kvaðst vitnið í upphafi hafa gert

Oddi Ólafssyni lögregluþjóni grein fyrir því, að það gæti ekki tekið að sér réttargæslu í málinu vegna starfa vitnisins. Eftir að því hefði verið skýrt frá málsatvikum, kvaðst vitnið hafa innt Odd eftir því, hvað tefði málið. Hefðu viðbrögð lögreglumannsins borið þess merki, að hann hefði verið óvanur rannsóknum sem þeirri, er til meðferðar var. Í viðræðum við ákærða kvað vitnið hafa komið fram, að ákærði hefði átt von á heimsókn erlends manns, og af þeim sökum yrði hann að losna úr haldi. Vitnið kvað Guðmund H. Jónsson aðstoðaryfirlögregluþjón stuttu síðar hafa komið á lögreglustöðina, og hefði hann tekið við rannsókn málsins. Hefði aðstoðaryfirlögregluþjónninn kallað vitnið á eintal og haft þar óviðurkvæmileg ummæli um veru vitnisins á lögreglustöðinni. Bæði Oddur Ólafsson og Guðmundur H. Jónsson hefðu gefið það í skyn á lögreglustöðinni, að farið yrði fram á gæsluvarðhald yfir ákærða, ef hann játaði ekki akstur bifreiðarinnar. Að þeim ummælum hefði ákærði orðið vitni. Kvaðst vitnið hafa haft samband við Kjartan Reyni Ólafsson hrl., eftir að það var komið til síns heima, og hefði það bent lögmanninum á, að ákærði þyrfti á réttargæslumanni að halda vegna rannsóknar málsins.

Vitnið Guðmundur H. Jónsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hefur komið fyrir dóminn. Kvaðst vitnið hafa komið á lögreglustöðina í Kópavogi um kl. 16.00 sunnudaginn 2. júní sl. að beiðni Odds Ólafssonar lögregluþjóns. Fyrsta verk sitt kvað vitnið hafa verið að kanna aðstæður á Rjúpnahæð ásamt því að athuga þær lögregluskýrslur, er þá höfðu verið ritaðar vegna rannsóknar málsins. Á meðan á því hefði staðið, hefði ákærði verið færður í fangaklefa lögreglustöðvarinnar. Ákærði hefði síðar óskað eftir því, að tekin yrði ný framburðarskýrsla af sér, eftir að vitnið hefði upplýst ákærða um það, hvernig mál sem þetta væru almennt afgreidd. Hefði ákærði við þá skýrslutöku játað að hafa ekið bifreiðinni R-14039 á Rjúpnahæð, svo sem honum var þá gefið að sök. Vitnið kvað ákærða ekki hafa verið beittan þvingunum að neinu leyti við yfirheyrslur á lögreglustöðinni. Þá hefði verið nauðsynlegt að halda honum þar fram eftir degi vegna rannsóknar málsins. Þá kvaðst vitnið aldrei á þeim tíma, er það vann að rannsókn málsins, hafa gefið það í skyn, að óskað yrði eftir gæsluvarðhaldi yfir ákærða, ef hann játaði ekki brot sitt.

Vitnið Oddur Ólafsson staðfesti fyrir dómi, að það hefði haft með höndum frumrannsókn málsins á lögreglustöðinni í Kópavogi. Kvað það ákærða hafa játað að hafa ekið bifreiðinni R-14039, svo sem honum var gefið að sök, við yfirheyrslu hjá Guðmundi H. Jónssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni, enda þótt hann hefði áður neitað þeim verknaði við yfirheyrslu hjá vitninu. Að yfirheyrslu lokinni hefði ákærði verið frjáls ferða sinna af lögreglustöðinni. Ekki kannaðist vitnið við það, að beitt hefði verið óeðlilegum þvingunaraðferðum við rannsókn málsins til þess að fá ákærða til að játa brot sitt. Þá kannaðist

vitnið ekki við það að hafa við rannsókn málsins gefið í skyn, að óskað yrði eftir gæsluvarðhaldi yfir ákærða, játaði hann ekki brot sitt.

Dómarinn hefur ásamt ákærða og skipuðum verjanda hans gengið á vettvang. Þá var starfsaðstaða lögreglunnar í Kópavogi könnuð.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hefur ákærði fyrir dómi neitað því að hafa ekið bifreiðinni R-14039, svo sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Hefur hann borið, að ungur drengur, er hann hefur ekki getað gert grein fyrir, hafi ekið bifreiðinni greint sinn, en drengurinn hafi horfið á brott frá bifreiðinni, eftir að hún hafnaði utan vegar. Kveður ákærði játningu sína hjá lögreglu vera til komna vegna þvingana.

Við upphafsrannsókn máls þessa er við framburð lögreglumannanna Guðmundar Inga Ingasonar, Páls Sigurðssonar og Sævars Finnbogasonar að styðjast svo og framburð ákærða sjálfs. Er greindir lögreglumenn höfðu afskipti af ákærða, var bifreið ákærða utan vegar, aflvél hennar heit viðkomu, þó að hún væri ekki í gangi. Kveikjulásslyklar voru fyrir aftan aftursæti bifreiðarinnar, og var ákærði á þeim tíma við afturenda hennar. Lögreglumennirnir rannsökuðu vettvang og staðfestu fyrir dómi, að ekki hefðu sést ummerki eftir annan mann en ákærða við bifreiðina.

Framburður ákærða um málsatvik þykir ótrúverðugur og því ekki marktækur að áliti dómsins. Þegar þau atvik málsins eru virt, að aflvél bifreiðar ákærða var heit viðkomu, að kveikjulásslyklar voru í bifreiðinni, að lögreglumenn staðhæfa, að ekki hafi verið öðrum ummerkjum mannaferða en eftir ákærða til að dreifa umhverfis bifreiðina, að ákærði hefur ekki getað gert grein fyrir þeim, er ók bifreiðinni, þó að rúmt hálft ár sé liðið, síðan greint atvik varð, telur dómurinn sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi sjálfur ekið bifreiðinni, enda ekki öðrum til að dreifa í því sambandi. Samkvæmt eigin framburði neytti ákærði áfengis umrætt kvöld og var með áfengisáhrifum, og er það í samræmi við framburð lögreglumannanna og niðurstöðu fyrirliggjandi blóðrannsóknar.

Sakaferill.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

Refsing og önnur viðurlög.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún með hliðsjón af atvikum máls þessa hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal sektin innt af hendi innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í tíu daga.

Ákærði þykir enn fremur hafa unnið til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga. Skal ákærði sviptur ökuréttindum í tólf mánuði frá uppkvaðningu dómsins, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dómsins að þessu leyti.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða skv. 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Helgason, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald í tíu daga, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í tólf mánuði frá uppkvaðningu dómsins, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., 30.000 krónur.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 335/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Hreini Hilmarssyni
(Ingólfur Hjartarson hrl.).

Bifreiðar. Of hraður akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákæruvaldið skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1992 að ósk ákærða. Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Hreinn Hilmarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingólfs Hjartarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 12. júní 1992.

Ár 1992, föstudaginn 12. júní, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2708/1990: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hreini Hilmarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júní, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 25. mars 1991, höfðað gegn Sigurði Hreini Hilmarssyni, Þrastanesi 15, Garðakaupstað, fyrir að aka að kvöldi föstudagsins 28. september 1990 bifreiðinni G-7061 suður Kringlumýrarbraut eftir vegarkafla við Sléttuveg (sic).

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 23. gr., sbr. 32. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 8. júní 1944, fnr. 418, og hefur sætt refsingum sem hér segir:

— — —

Málavextir.

Föstudaginn 28. september 1990 kl. 23.57 voru tveir lögreglumenn við hraðamælingu í kyrrstæðri lögreglubifreið við Sléttuveg í Reykjavík og mældu umferðarhraða á Kringlumýrarbraut. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni G-7061, þar sem henni var ekið allhratt suður Kringlumýrarbraut, og báru lögreglumennirnir, að ratsjá hefði sýnt töluna 93 km hraða m/v klst., en leyfilegur hraði á brautinni er 60 km m/v klst. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður, og reyndist ákærði vera ökumaður hennar, og voru honum kynntar niðurstöður ratsjármælingar. Hann taldi strax, er lögreglan stöðvaði aksturinn, að mældur ökuhraði væri að sínu mati mjög ótrúlegur, og taldi hann sig hafa ekið á 60-70 km hraða m/v klst.

Bæði lögreglumönnum og ákærða ber saman um, að lítil umferð hafi verið, er umrædd mæling var gerð, og hafa lögreglumennirnir borið bæði hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og fyrir dómi, að ekki hafi farið á milli mála, að mælingin hafi átt við bíl ákærða og ratsjáin verið prófuð bæði fyrir og eftir mælingu og verið í lagi.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 16. janúar 1991. Kvaðst hann hafa komið akandi Bústaðaveg og ekið aðrennslisbraut inn á Kringlumýrarbraut til suðurs. Hann kvaðst hafa séð bifreið, sem komið hefði suður Kringlumýrarbraut. Hefði hún verið á mikilli ferð og ákærði þá tekið þá ákvörðun að fara inn á Kringlumýrarbraut og aðeins aukið hraðann, er hann ók inn á brautina.

Ákærði kom svo fyrir dóm 7. mars 1991 og bar þá, að þrátt fyrir ferð bifreiðarinnar, er kom suður Kringlumýrarbraut, hefði hann talið ferðina vera það mikla, að hann hefði talið sér óhætt að aka inn á akbrautina. Kvaðst hann hafa ekið á 60 km hraða m/v klst., er hann hefði ekið inn á Kringlumýrarbrautina, en svo aukið hraðann og sennilega ekið á 60-70 km hraða m/v klst. eftir Kringlumýrarbraut.

Ákærði kom aftur fyrir dóm 1. júní 1992 og lýsti atburðum þá mjög á sama veg. Hann taldi, að bifreiðin, sem hann sá, áður en hann ók inn á Kringlumýrarbraut, hefði fært sig yfir á vinstri akrein og farið fram úr sér. Hann minntist þess ekki sérstaklega að hafa veitt henni meiri athygli en þetta. Hann hefði svo verið stöðvaður af lögreglu undir Kópavogsbrú og verið tjáð, að hann hefði verið á 93 km hraða m/v klst. þarna niður

brekkuna, en hann sagt lögreglunni, að sér fyndist það afskaplega ótrúlegt. Hann kvaðst vera margbúinn að sannprófa það síðar og fullvissa sig um, að það hefði verið alveg óhugsandi, að hann hefði verið á 93 km hraða m/v klst. miðað við, að bíllinn væri að koma þarna undir brúna sér á vinstri hönd. Hann hefði tekið sérstaklega eftir honum, og það væri alveg sérstök ástæða til þess, að hann léti það aldrei henda sig að fara óvarlega inn á götu, þar sem búast mætti við umferð frá vinstri, vegna þess að hann sé blindur á vinstra auga og geti ekki leyft sér að skoða aðstæður í skyndingu, svo að hann hægi á sér, um leið og hann fari niður brekkuna áfram að Kringlumýrarbrautinni, og meti það þannig, að bíllinn, sem sé undir brúnni, sé það langt frá, að sér sé óhætt að aka inn. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar, þar sem hann hefði verið að fylgjast með bílnum, en væri sannfærður um, að hann hefði ekki verið á meira en 40-50 km hraða m/v klst., en hann hefði margekið þessa sömu leið, þarna aki hann tveim til þrem sinnum á dag. Hann taldi óhugsandi, að hann hefði komist upp í 93 km hraða m/v klst., frá því að hann fór inn á Kringlumýrarbraut. Hann hefði ekki tekið eftir lögreglumönnunum, sem voru þarna við hraðamælingu, og vissi ekki, fyrr en hann var stöðvaður, og séð, að þeir voru á eftir sér, en það hefði ekki hvarflað að sér, að þeir ætluðu að stöðva sig.

Ákærði var spurður að því, hvernig blindan á vinstra auga væri honum til trafala í akstri. Hann kvað hana ekki há sér í akstri nema við sérstakar aðstæður. Hann kvað vanta 20°-30° á sjónsviðið, en hann sé með sérútbúinn spegil, sem leysi þetta mál algjörlega nema í svona tilfellum, þar sem sé hæðarmunur milli afreinanna og Kringlumýrarbrautar; þá verði hann að snúa höfðinu í hálfhring. Hann hafði engin vitni að því, að hann hefði ekið þá leið, sem hann hélt fram.

Vitnið Grímur Grímsson, lögreglumaður nr. 132, Vesturbergi 46, Reykjavík, kt. 020961-3159, gaf skýrslu hér fyrir dómi 22. maí 1991. Vitnið kvaðst aðspurt minnast þess, að það hefði séð bifreiðina G-7061 fara suður Kringlumýrarbraut, sjáanlega hratt, en minntist þess ekki að hafa áttað sig á því, að hún kæmi af aðrennslisbrautinni, en hraði hennar hefði verið mældur með ratsjá, rétt þegar hún var komin á Kringlumýrarbraut á vegarkafla hjá Sléttuvegi, og hefði hraðinn mælst vera 93 km m/v klst., og var vitnið þess fullvisst, að það hefði verið sama bifreiðin og síðar var stöðvuð. Það kvaðst aldrei hafa misst sjónar af bílnum, þetta væri sami bíllinn og þeir hefðu séð, mælt og stöðvað, og minntist það þess ekki, að það hefði verið einhver annar bíll á sama tíma, sem ekið hefði hratt og vakið hefði athygli þeirra. Vitnið lýsti því, hvernig ratsjáin verkaði og hvaða þættir hefðu áhrif á mælinguna. Það kvað hana alltaf mæla réttan hraða, en það væri lögreglumannanna að segja til um það, hvaða bíll það væri, sem kæmi

inn í geislann, og fullyrti vitnið, að sú bifreið, sem mæld hefði verið og stöðvuð, hefði verið sá bíll, sem kom inn í geisla ratsjárinnar.

Vitnið Guðbrandur Hansson, lögreglumaður nr. 101, Birtingakvísl 20, Reykjavík, kt. 290962-6399, mundi ekki sérstaklega eða óljóst eftir atvikinu, er það var hér fyrir dómi. Það vísaði meir til almennu lögregluskýrslunnar um atvikið og kvað það vera rétt, að það hefði verið þarna á Sléttuvegi við hraðamælingu og bifreiðin G-7061 verið mæld á vegarkafla á Kringlumýrarbraut að Sléttuvegi á 93 km hraða m/v klst. með ratsjármælingu. Það kvað bifreiðinni hafa verið veitt eftirför í framhaldi af mælingunni og verið stöðvuð undir Kópavogsbrú. Spurt um, hvort það væri visst um, að þetta væri sami bíllinn, sem þeir hefðu mælt og þeir stöðvuðu, sagði vitnið, að ef einhver vafi væri í slíkum tilvikum, slepptu þeir frekar umræddri bifreið. Það mundi ekki sérstaklega eftir neinni annarri bifreið í greint sinn. Það kvað vera mjög góða lýsingu á Kringlumýrarbraut og kvað þá því bæði hafa getað séð, að bifreiðinni hefði verið ekið sjáanlega hratt, og eins, hvaða litur væri á henni. Hann kvað þá aldrei hafa misst sjónar á bílnum, sem þeir mældu.

Verjandi ákærða reisir sýknukröfu sína á því, að ratsjármælingin umrætt kvöld geti ekki átt við akstur bifreiðar ákærða, enda hljóti hún að eiga við þá bifreið, er hann sá koma suður Kringlumýrarbraut, og hljóti lögreglan að hafa misst af bílnum, er komið hafi í geislann við mælinguna. Þá styður hann sýknukröfu sína þeim rökum, að ákærði hafi ekki ekið suður Kringlumýrarbraut, heldur aðrennslisbrautina inn á Kringlumýrarbraut, og eigi verknaðarlýsing í ákæru því ekki við akstur hans.

Niðurstöður.

Engin sérstök atvik eru fram komin í máli þessu, sem rýri gildi ratsjármælingarinnar, og verður þrátt fyrir mótmæli ákærða að telja, að með vætti vitnanna og öðrum rannsóknargögnum sé nægilega sannað, að ákærði ók í framangreint sinn bifreiðinni G-7061 á 93 km hraða m/v klst. á Kringlumýrarbraut, á vegarkafla við Sléttuveg, en þegar hraði bifreiðarinnar var mældur, var hún í akstri á Kringlumýrarbraut á suðurleið, og skiptir í því sambandi ekki máli, hvort ákærði ók af aðrennslisbrautinni inn á Kringlumýrarbraut.

Í ákæru er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 37. gr. laga nr. 50, 1987. Af gögnum málsins verður þá ráðið, að ákæran sé réttilega heimfærð undir 1. mgr., sbr. 3. mgr. 37. gr. sömu laga, og þykir með tilvísun til 118. gr. laga nr. 74, 1974, mega heimfæra háttsemina undir þá málsgrein og 23., sbr. 32. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625, 1987.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 100. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi þriggja daga varðhald í stað sektar-

innar, verði hún eigi greidd innan þriggja vikna frá birtingu dóms þessa.

Eigi þykja efni til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um ökuleyfissviptingu samkvæmt 101. gr. umferðarlaga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Ólafssonar hdl., sem ákveðast 25.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hreinn Hilmarsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 10.000 kr., og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Ólafssonar hdl., 25.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 162/1992. **Ingibjörg Auðunsdóttir og Guðmundur Svavarsson vegna sín og ólögráða sonar síns, Karls**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.),
gegn
Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.).

Örorkubætur. Miskabætur. Sjúkrahús. Læknar. Börn. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1992 og gera svofelldar dómkröfur:

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur, að fjárhæð 29.817.604 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 18. október 1990 til greiðsludags. Þess er krafist, ,,að áfallnir dráttarvextir skuli bætast við þann höfuðstól, sem vextirnir reiknast af, á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. október 1991".

Til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 20.348.204 kr. með ársvöxtum eins og hér greinir: 9% frá 17. desember 1986 til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s. á., 11% frá þeim degi til 1. maí s. á., 12% frá þeim degi til 21. júní s. á., 13% frá þeim degi til 11. júlí s. á., 15% frá þeim degi til 21. september s. á., 17% frá þeim degi til 11. október s. á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 20% frá þeim degi til 21. nóvember s. á., 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. febrúar s. á., 22% frá þeim degi til 1. mars s. á., 19% frá þeim degi til 11. júní s. á., 23% frá þeim degi til 21. júní s. á., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s. á., 22% frá þeim degi til 1. september s. á., 12% frá þeim degi til 11. október s. á., 9% frá þeim degi til 21. október s. á., 6% frá þeim degi til 1. desember s. á., 4% frá þeim degi til 21. janúar

1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s. á., 8% frá þeim degi til 1. mars s. á., 10% frá þeim degi til 21. mars s. á., 13% frá þeim degi til 11. apríl s. á., 15% frá þeim degi til 11. júní s. á., 17% frá þeim degi til 21. júlí s. á., 12% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 10% frá þeim degi til 1. september s. á., 6% frá þeim degi til 21. september s. á., 8% frá þeim degi til 21. október s. á., 9% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. janúar s. á., 7% frá þeim degi til 1. mars s. á., 5% frá þeim degi til 1. apríl s. á., 3% frá þeim degi til 18. október s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefjast áfrýjendur þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendum var veitt gjafsókn í héraði samkvæmt bréfi dómsmálaráðherra 6. desember 1990. Krafist er virðisaukaskatts af málskostnaði svo og dráttarvaxta.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjenda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur þeirra verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I.

Hinn 9. febrúar 1988 sátu Ólafur Ólafsson landlæknir og dr. med. Reynir Tómas Geirsson fundi á Akureyri með læknum og ljósmæðrum, er störfuðu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri í desember 1986, forráðamönnum sjúkrahússins og áfrýjendum. Tilefni þessara funda voru kvartanir áfrýjenda til landlæknis, er vörðuðu fæðingu barns þeirra, Karls Guðmundssonar, á fæðingardeild stefnda 17. desember 1986. Fól landlæknir dr. Reyni Tómasi að rita skýrslu um þessi fundahöld og láta sér í té faglegt álit á atburðum þeim, sem þar voru til umræðu og mál þetta fjallar um. Dr. Reynir Tómas Geirsson er dósent við læknadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp á kvennadeild Landspítalans. Ritaði hann ýtarlega skýrslu, sem lögð var fram í málinu í héraði. Verður efni skýrslunnar rakið að nokkru hér á eftir, en í henni segir meðal annars:

„... Skýrslan er samin eftir skriflegum minnisatriðum undirritaðs,

sem gerð voru á þessum fundum, og minnisatriðum, sem lesin voru á segulband síðar sama dag í Reykjavík, en einnig er stuðst við þau gögn, sem landlæknir lét undirrituðum í té (sem trúnaðarmál) um mál þetta. Er þar um að ræða ljósrit af mæðraskrá og sjúkraskrá Ingibjargar úr þessari meðgöngu og fæðingu ásamt öllum fylgiskjölum (ómrannsóknir, blóð- og legvatnsrannsóknir, hjúkrunarskýrslur, ljósrit síritastrimils, barnaskrá), bréf foreldranna til heilbrigðisráðherra, landlæknis, stjórnar sjúkrahússins og viðeigandi svarbréfum og skyldum bréfaskriftum, þ. m. t. bréfum/skýrslum til landlæknis frá hlutaðeigandi starfsmönnum Fjórðungssjúkrahússins. Þá fylgdu ljósrit af læknabréfum um Karl Guðmundsson frá Fjórðungssjúkrahúsinu, Barnaspítala Hringsins og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Um upplýsingar í mæðraskrá.

Móðir barnsins, Ingibjörg Valgerður Auðunsdóttir, var, þegar fæðinguna bar að höndum, 37 ára og að eiga annað barn sitt. Fram kemur að fyrra barn hennar fæddist rúmlega 15 árum áður, og virðast meðganga og fæðing þess barns hafa verið eðlileg, en barnið var rétt undir meðalþyngd íslenskra barna (13 merkur). Ekki er getið um fyrri alvarlega sjúkdóma og Ingibjörg reykir ekki. Fram kemur að hálfbróðir Ingibjargar er með sykursýki, en engin viðbrögð eru skráð vegna þess í mæðraskránni. Hún er O Rhesus negatív, og öll skimpróf voru gerð (engin mótefni fundust) svo og önnur venjubundin blóð- og þvagpróf, sem öll voru eðlileg í meðgöngunni. Meðgöngulengd og væntanlegur fæðingardagur (40 fullgengnar vikur) voru staðfest með ómskoðun snemma í meðgöngunni og ómskoðun var endurtekin við 16 vikur, þegar legvatnsástunga var gerð á kvennadeild Landspítalans. Sú aðgerð gekk vel. ... Ekki voru gerðar fleiri ómskoðanir í meðgöngunni, enda verður ekki séð að til þess hafi verið læknisfræðileg ástæða.

Ingibjörg kom fyrst til skoðunar við 14 vikna meðgöngulengd og kom alls 13 sinnum í mæðraskoðun, - vikulega frá 37 vikum. Þyngdaraukning var eðlileg (alls 16,7 kg), nema við síðustu skoðun við 41. viku hafði hún lést um 500 g, en þá var gangsetning fæðingar einnig ákveðin. Blóðþrýstingur og hækkun legbotns voru eðlileg og legbotnshæðarrit fært við hverja komu. Aðrar athuganir

voru eðlilegar og athugasemdir lækna og ljósmæðra um líðan konunnar færðar inn við allar komur nema þá þriðju síðustu og þá síðustu. Hvergi kemur neitt athugavert fram í þessum færslum að mínu mati utan það, að hvergi er í mæðraskrá eða í öðrum skýrslum sjúkrahússins getið um þörf á eða ástæðu fyrir gangsetningu né heldur hvenær eða af hverjum sú ákvörðun var tekin.

Samkvæmt þessu virðist því hafa verið um heilbrigða konu að ræða og eðlilega meðgöngu. Einu áhættuþættirnir mega teljast aldur móður og fjölskyldusaga um sykursýki og eru báðir færðir í skrá um áhættuþætti, en um hið síðartalda kemur ekki fram, hvort ástæða hafi þótt til að gera sykurþolspróf. Þá var langt liðið frá fyrri þungun og fæðingu. Áhættuþættir þessir eru ekki taldir alvarlegir („serious risk factors").

Mæðraskráin var vel útfyllt og nýtt. Meðgöngueftirlitið fór fram á venjubundinn hátt, og konan var vel skoðuð á meðgöngunni. Engin ástæða var til að gruna, að um vaxtarseinkun fósturs gæti verið að ræða eða annað það, sem hefði getað haft áhrif á næringar- eða súrefnistilfærslu til barnsins í fæðingu. Sum atriði eftirlitsins, s.s. færsla legvaxtarrits og áhættuþátta, voru í besta lagi og betri en víða er vani á landinu.

Um fæðingarlýsinguna og síritunina.

Getið er um niðurstöðu vaginalskoðunar fyrir gangsetningu á formi „Bishop score" 15.12. og 16.12. Samkvæmt því virðist leghálseinkunn hafa verið í meðallagi góð og líkur á, að gangsetning tækist, allgóðar. Ekki er getið um ástæður gangsetningarinnar, aðeins sagt í hjúkrunarskýrslu að hún leggist inn til gangsetningar. Við gangsetninguna var Ingibjörg gengin 41 viku.

Venjulegur undirbúningur fór fram að morgni 16.12. og síðan var gefin vaginal prostaglandin E2 tafla kl. 10.30. Eftir 5 klukkustundir og 15 mínútur er sagt að Ingibjörg sé verkjalaus, fósturhljóð góð og sett er upp oxytocin- (syntocinon) dreypi í æð (ekki getið um styrkleika) með hraðanum 10 dropar á mínútu. Ekki er getið um vaginal-skoðun, áður en það var gert. Kl. 18.00 var sagt að hún væri með „smávegis" samdrætti og fósturhljóð góð. Dreypi var síðan tekið niður kl. 22.00. Fleiri færslur voru ekki þennan dag, og ekki er fyrir hendi síritunarstrimill frá þessum degi.

Hinn 17.12. byrja færslur á því að þess er getið kl. 01.30 að Ingibjörg hafi fengið svefnlyf, triazolam (Tabl. Halcion) (ekki er getið um styrkleika). Í beinu framhaldi þessarar færslu er sagt að hún hafi haft verki „af og til í nótt" og að henni finnist þeir hafa verið sterkari heldur en í gær, en að hún sé nú verkjalaus. Ekki er ljóst hvenær þessi færsla var gerð, hvort heldur þetta er gert um nóttina (kl. 01.30) eða um morguninn. Næsta færsla er með annarri rithönd (engin færsla er merkt, t.d. með upphafsstöfum) og var gerð kl. 09.50, en þá voru „verkir óreglulegir, fósturhljóð góð og útvíkkun 2 cm". Syntocinon-dreypi var sett upp að nýju og byrjað með 12 dropa á mínútu. Kl. 16.00 er næsta færsla og sagt að Ingibjörg sé með verki á 5 mínútna fresti. Útvíkkun var enn 2 cm og dreypihraðinn var nú minnkaður niður í 2 dropa á mínútu. Var það væntanlega gert vegna aukinna verkja, enda fékk Ingibjörg kl. 17.15, við 2 cm útvíkkun, venjulegan skammt af pethidíni (100 mg) og prometazini (Phenergan) (50 mg) í vöðva. Um sama leyti hófst færsla partograms, sem síðan var fært á venjulegan hátt (alls 4 færslur á útvíkkun og stöðu höfuðs í grind á rúmum 4 klst). Kl. 17.25 til 18.30 er sagt að Ingibjörg hafi verið með sírita á sér samkvæmt því sem skrifað er á ljósrit strimilsins.

Af ljósriti um síritunina (um 44 mínútna langt rit fylgir) sést að nokkuð mislangt var á milli verkja eða frá 1 til 5 mínútur. Grunnhraði fósturhjartsláttar var eðlilegur. Grunnbreytileiki (baseline variability) var lítill í um helmingi ritsins (minni en 5 slög á mínútu), en annars staðar meiri. Hröðun hjartsláttar (acceleration) sést, þó ekki alls staðar á sama tíma og samdráttur verður, og var hröðun á bilinu 10-15 slög á mínútu. Eftir næstsíðasta samdráttinn sést ein grunn, sein dýfa (late deceleration). Dýfan er ekki áberandi við fyrstu sýn. ...

Kl. 19.30 var sagt að Ingibjörg væri með verki á 3 mínútna fresti og slaki á milli verkja. Útvíkkun var þá 5 cm, og fósturhljóð góð. Næsta færsla var kl. 20.30. Þá var útvíkkun 8 cm og fósturhljóð sögð góð, verkir á 3 mínútna fresti. Útvíkkun var sögð búin kl. 20.50 í hjúkrunarskýrslu, en kl. 20.55 á partogrammi. Þá byrjaði Ingibjörg að rembast. Fósturhljóð eru sögð góð „fyrst", en síðustu fósturhljóð fyrir fæðingu hægari, 9-8-9, sem svarar sennilega til vægrar (borderline) bradycardíu, 100-110 slög á mínútu. Bæði á

hjúkrunarskýrslunni, partogramminu og á forsíðu mæðraskrár er fæðing tímasett klukkan 21.20. Fæðing var í framhöfuðstöðu. Spangarskurður var gerður til að flýta fæðingu. Mikið grænt legvatn kom með barninu, sem var sagt ,,mjög slappt og andar ekki".

...

Færslur í fæðingunni frá upphafi gangsetningar eru ekki mjög nákvæmar, en geta alls ekki talist verri en hingað til hefur verið vani hérlendis og víða annars staðar. Hlustun var framkvæmd á hefðbundinn hátt, þ.e. af og til yfir sólarhringinn og þéttar eftir að sjálf fæðingin byrjaði. Fæðingin gekk hratt eftir að hún komst í gang; ,,aktívur fasi" var um 4 klukkustundir og hraði útvíkkunar yfir meðallagi hjá fjölbyrju, 2 cm/klst. Syntocinon-dreypi var þá lækkað í 2 dropa á mínútu eins og vani er (milli kl. 17 og 18 samkvæmt partogrammi, en í bréfi ljósmæðra frá 15.11.1987 er sagt að það hafi ekki verið gert fyrr en kl. 20.30). Gangsetningaraðferðin var alvanaleg.

Ytri síritun var gerð einu sinni, um það leyti sem fæðingin var að komast í gang, en innri síritun (rafskaut, ,,elektróða", sett á höfuð barnsins) var ekki notuð. Ritið virðist við fyrstu sýn vera innan eðlilegra marka og hefði ekki endilega gefið tilefni til breytinga á eftirliti í eðlilegri fæðingu á þessu stigi fæðingar, ef hefðbundin hlustun var eðlileg. Eftir á, eins og hér er gert, má þó greina mynstur í ritinu sem gætu hafa verið grunsamleg um fósturstreitu (fetal distress), þ.e. að næringar- og súrefnistilfærslu til fóstursins gæti hafa verið áfátt. Frekari síritun var ekki gerð og belgir voru ekki sprengdir. Vatn fór ekki sjálfkrafa fyrr en rétt fyrir sjálfa fæðinguna, en var þá grænt, sem bendir til þess að súrefnis- og næringarskortur hafi verið fyrir hendi í fæðingunni...

Nánari lýsingu á fæðingunni er að finna í bréfi ljósmæðranna tveggja, Nínu Munoz og Guðríðar Ármannsdóttur, sem önnuðust Ingibjörgu 16.12., að því er virðist og undir lok fæðingarinnar 17.12., eftir um kl. 15.30. Bréfið er ritað 11 mánuðum síðar eða 15.11.1987. Þar er getið um styrkleika Syntocinon-dreypisins, sem notað var og var hann hefðbundinn, þ.e. 10 alþjóðlegar einingar í 500 ml af 5% glucósu. Sagt er að Bjarni Rafnar hafi mælt fyrir um gjöf prostaglandínsins, en ekki er getið um hver mælti fyrir um gjöf dreypisins (þetta var venjubundin aðferð samkvæmt munn-

legum upplýsingum). Jónas Franklín sérfræðingur skoðaði sírita-strimilinn á kvöldstofugangi um kl. 18.00 og dæmdi ritið eðlilegt. Syntocinon-gjöfin fór upp í 20 dropa á mínútu og sagt er að dreypið hafi verið lækkað í 5 dropa á mínútu eftir pethidin-gjöfina (sami tími og 2 dropar/mínútu eru skráðir á partogrammi) og síðan í 2 dropa á mínútu kl. 20.30, við 8 cm útvíkkun, þegar fyrirsætur fósturhluti var sagður genginn vel niður í grindina (1 cm neðan spinalplans). Legháls var þá fremur þykkur enn. Síðan segir að eftir að útvíkkun var búin kl. 20.50, hafi sjúkraliði kallað tvisvar í aðstoðarlækni í kalltæki, en hann svaraði ekki og var þá símavakt spítalans beðin um að ná til hans. Á þessum tíma var Ingibjörg flutt í fæðingarrúm. Meðan Nína Munoz undirbjó sig undir að taka á móti barninu, hlustaði Guðríður „oft" með Doppler-tæki. Vegna þessa var hún ekki sett í sírita, enda voru fósturhljóð góð milli verkja og í verkjum að sögn. Staðfest er að belgir hafi ekki verið sprengdir og grænt legvatn sást ekki fyrr en þegar höfuðið kom fram undan spönginni. Sagt er að fylgjan hafi verið eðlileg, hvorki með drepsvæðum eða kölkunum (ekki er hægt að sjá að fylgjan hafi verið send í meinafræðirannsókn). Þá var naflastrengur ekki vafinn um háls eða búk barnsins, né var hann óeðilegur á neinn hátt.

Hlustun með Doppler-tæki milli og í hríðum, eins og sagt er að gert hafi verið, ætti að hafa verið nálægt því fullnægjandi til að finna breytingar á hjartslætti, sem bent hefðu til næringar- og súr-efnisskorts, ef rétt var hlustað, þ.e.a.s. alllengi í hvert sinn og bæði í hríð og fyrst eftir hríð. Syntocinon var lækkað þegar sóttin ágerðist, eins og vani er, og verður ekki að mínu áliti gerðar athuga-semdir við hvernig það var gert. ...

Um lífgun barnsins.

Apgar-einkunnir voru 0 við 1 mínútu og 1 við 5 mínútur. Barnið var því lífvana við fæðinguna og aðeins kominn hægur hjartsláttur 5 mínútum eftir fæðinguna. Á barnablaði sem fært var strax eftir fæðinguna, segir aðstoðarlæknir, Oddgeir Gylfason, að mikið grænt legvatn hafi gusast yfir andlit barnsins í lok annars stigs. Þetta er vafalaust haft eftir ljósmæðrunum, þar sem Oddgeir kom ekki á vettvang fyrr en eftir að barnið var fætt. Oddgeir segir að

barnið hafi verið í hjarta- og öndunarstoppi þegar hann kom að og var barnið ventilerað og hjartahnoðað. „Hjartsláttur kom fljótt, en öndun og tónus voru engin.“ Litur barnsins var fölblár.

Í bréfi ljósmæðranna frá 15.11.87 er sagt að barnið hafi verið hvítt á lit og líflaust og að strax hafi verið hringt í barnalækni og Jónas Franklín. Nína Munoz saug upp úr koki barnsins og nösum, skildi á milli og færði barnið yfir á lífgunarborð. Þar ventileraði hún barnið með súrefni með gúmmíblöðru (balloon). Guðríður aðstoðaði Nínu og meira grænt legvatn var sogað upp úr barninu. Aðstoðarlækni segja þær hafa verið kominn 3 mínútum eftir fæðinguna og barnalækni ásamt fæðingarlækni 7 mínútum eftir fæðinguna.

Geir Friðgeirsson barnalæknir segir í læknabréfi sínu, sem gert er eftir útskrift barnsins að barnadeild Fjórðungssjúkrahússins 5.1.1987, að hann hafi komið á vettvang þegar barnið var „tæplega 10 mínútna“ gamalt og var þá sett niður barkarenna (intubation) og öndurnaraðstoð haldið áfram. Hann staðfestir að barnið hafi verið blátt á lit og alveg líflaust utan hjartsláttur yfir 100/mínútu. Um 3-4 mínútum eftir að hann hóf lífgunaraðgerðir byrjaði barnið að fá betri lit og hreyfa sig svolítið. Eftir 12-14 mínútur frá fæðingu segir hann að gefið hafi verið natríumbikarbónat í æð (4 ml) og naloxón (0,04 mg). Barnið var flutt á barnadeild, þar sem lífgunartilraunum var fram haldið. Fyrsta mæling á sýrustigi blóðs var fengin 1 klukkustundu og 40 mínútum eftir fæðinguna og var pH þá 7.025, þ.e.a.s. barnið var þá enn með mjög lágt sýrustig. Sjálfkrafa öndun barnsins byrjaði þá um svipað leyti. Apgar-einkunn, sem Geir gaf við 10 mínútna aldur, var 3, við 15 mínútur 6 og við 30 mínútur 8-9. ...

Undirrituðum virðist líklegt að mikil asphyxia í fæðingu hafi leitt til aspirationar í fæðingu og þessi tvö atriði síðan til blæðinga inn í heilahólf og til krampa. Hvort hypocalcemia var þáttur í orsök eða afleiðing ástands barnsins/meðferðar, gæti verið óvissa um. Fyrir liggur mat Stefáns Hreiðarssonar yfirlæknis á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, dagsett 25.9.1987, en hann taldi barnið vera með heilalömun (paresis cerebralis) á alvarlegu stigi vegna súrefnisskorts í fæðingu. Hreyfihorfur taldi hann óvissar, en andlegan þroska innan eðlilegra marka (miðað við aldur). ...

Ekki mun hafa verið viðtekin regla á Fjórðungssjúkrahúsinu í desember 1986 að fæðandi konur væru í sírita þegar um gangsetningu var að ræða, þó slíkt hafi oft verið gert. Ekki var vani að nota innri síritun, nema ef legvatn var farið sjálfkrafa eða ef grænleitt legvatn sást. Fæðingarlæknarnir sögðu það hafa verið reglu allt frá því að byrjað var að nota prostaglandin til gangsetninga á Fjórðungssjúkrahúsinu, að konurnar væru settar í nokkurn tíma í ytri sírita eftir gjöfina. Ekki fékkst skýring á, hvers vegna það var ekki gert í þessu tilviki. Á þessum tíma var ekki heldur vani að kalla til barnalækna við áhættufæðingar, t.d þegar tekið var eftir grænleitu legvatni.

.....

Yfirlit og álitsgerð.

Líklegt er að áliti undirritaðs, að barnið Karl Guðmundsson hafi skaddast af völdum perinatal asphyxíu, þ.e.a.s. súrefnis- og næringarskorts í fæðingunni og á fyrstu mínútum eftir að fæðingin varð. Barnið er með heilalömun (cerebral palsy). Þess þarf þó að geta að í aðeins um 1/2 tilvika af heilalömun er hægt að tengja sjúkdómsástand þetta við súrefnisskort í fæðingu ...

Frumástæða heilalömunarinnar er að líkindum sú að barnið fæddist lífvana. Sennilega fékk barnið í fæðingunni fósturstreitu (fetal distress) og mjög slæma metaboliska respiratoriska acidósis vegna næringar-, en fyrst og fremst súrefnisskorts. Þetta má marka af því að einni og hálfri klukkustund eftir fæðinguna, eftir að barnið hafði fengið mikla öndunaraðstoð, endurteknar bíkarbónatgjafir og aðra stuðningsmeðferð, var pH blóðs þess enn mjög lágt, eða 7.025. Þetta bendir einnig til að súrefnisskortur kunni að hafa varað í talsverðan tíma. Langvarandi súrefnisskortur í fæðingu er talinn hafa mun alvarlegri horfur í för með sér en bráðaskortur (sjá Illingworth, sbr. ofanskráð). Við þetta bættist að bestu lífgunaraðgerðir, af því tagi sem hér þurfti mest á að halda, hófust ekki fyrr en í fyrsta lagi 10 mínútum eftir fæðingu, en faðir barnsins telur að mun lengri tími hafi liðið, eða um 25 mínútur. Markvissar lífgunaraðgerðir voru gerðar af aðstoðarlæknunum, sem á staðinn komu nokkrum mínútum eftir fæðinguna (3-4 mínútur), en bestu aðgerðir fólu í sér að sjúga meconium úr barkakýli og barka barnsins gegnum laryngoskóp og

gefa síðan öndunaraðstoð með barkarennu (intubation). Þetta gerðist ekki fyrr en Geir Friðgeirsson kom á staðinn. Hjá börnum með alvarlega heilaskaða (severe newborn encephalopathy) er súrefnisskortur eftir fæðingu talinn geta verið eins mikill þáttur í sjúkdómsástandinu og súrefnisskortur í fæðingu ...

Verður nú fjallað um einstaka þætti þess, sem fram hefur komið.

1. Ekki er neitt við meðgöngueftirlitið að athuga. Það var á margan hátt betra en víða annars staðar tíðkast á landinu. Móðirin sjálf hafði reynt að leggja sitt af mörkum. Vitað var um að konan var 37 ára og að langt var liðið frá fyrri fæðingu. Fjölskyldusögu um sykursýki hefði mátt gera betri skil.

2. Um ástæðu gangsetningar er ekki getið í mæðraskrá eða öðrum gögnum, né er getið um það í sjúkdómsgreiningalið mæðraskrárinnar eða á fæðingartilkynningu að um gangsetningu (partus provocatus) hafi verið að ræða (fæðingartilkynningin getur um sjálfkrafa upphaf fæðingar). Hér ber að geta þess að mjög víða, þ.m.t. á kvennadeild Landspítalans, hefur að þessu leyti ekki verið nógu vel að skráningu upplýsinga staðið.

Framkvæmd gangsetningarinnar var með lyfjum, sem löng og góð reynsla er af, og lyfjunum beitt þannig að ekki verður að fundið. Hins vegar var konan ekki höfð í ytri sírita fyrsta daginn og ekki fyrr en síðla næsta dag, þegar fæðingin var komin í nokkurn gang. Þessu hefði mátt vera betur farið, enda er óskýrt af hverju brugðið var frá venju á deildinni eftir prostaglandíngjöf að þessu leyti. Hugsanlegt er að afbrigði í riti 16.12. eða fyrri hluta dags 17.12. hefðu getað ráðið nokkru um höndlun fæðingarinnar. Víða á minni fæðingadeildum hefur samt til þessa verið látið nægja að hlusta konuna á hefðbundinn hátt með Pinard-stetóskópi eða Doppler-hlustun í gangsetningu fæðingar. Í tilvikum þar sem áhætta á fæðingarslysum er lítil (lowrisk pregnancy), kann slíkt að vera fullnægjandi.

3. Allvel er skráð í hjúkrunarskýrslu hvað gert var af hálfu ljósmæðra meðan á gangsetningu stóð og ekki verr en vani hefur verið. Partogram er betur fært en víðast á landinu á þeim tíma.

4. Um síritastrimilinn og úrlestur hans hefur verið fjallað að ofan. Ritið er ekki afbrigðilegt við fyrstu sýn (ekki „alarmerandi") en þó eru í því þættir eins og að hluta lágur grunnbreytileiki og ein sein dýfa,

sem hefðu átt að leiða til frekari síritunar, annaðhvort ytri eða jafnvel innri síritunar, stöðugt eða síðar í fæðingunni. Þetta er einnig álit þriggja reyndra sérfræðinga kvennadeildar, sem ég sýndi ljósritið af strimlinum. Fæðingin var hins vegar að komast í betri gang, þegar síritun var hætt.

Gildi síritunar er enn umdeilt, sérlega hjá konum með lága áhættu á fæðingarslysum (low-risk pregnancies). Meðal stærstu athugana á gildi síritunar í fæðingu er hendingarathugunin frá Dyflinni á Írlandi (Macdonald D et al, Am J Obstet Gynecol 1985;152:524-39). Sú athugun og yfirlit Chalmers um bestu athuganir á gildi síritunar (sjá m.a. Dennis J, sbr. ofanskráð) benda hins vegar til þess, að síritun ásamt möguleika á að mæla pH blóðs fósturs í fæðingu, mundi fækka nýburum sem fengju krampa. Nýburakrömpum fylgja slæmar horfur fyrir barnið (dauði, heilalömun) í um 50% tilvika. Síritunin kemur þó ekki með öllu í veg fyrir slík slys.

Aðstaða til að mæla pH fósturblóðs er ekki fyrir hendi á Fjórðungssjúkrahúsinu. Þó hefði eins og áður sagði verið ástæða til að halda áfram síritun við þær aðstæður sem fyrir hendi voru hjá Ingibjörgu og hefði víða verið svo gert, sérstaklega þegar um var að ræða gangsetningu fæðingar ...

Aðrir eru hins vegar þeirrar skoðunar að þegar allt sé eðlilegt, geti ytri hlustun með Doppler-tæki verið allt eins góð og síritun til að finna fósturstreitu (fetal distress), en það var sú aðferð sem notuð var, a.m.k. undir lok fæðingar Karls Guðmundssonar. Ekki er öruggt að áframhaldandi síritun hefði komið að gagni við að finna merki um fósturstreitu í fæðingu þeirri sem hér um ræðir. Kostir umfram notkun Doppler-hlustunar hefðu þó í þessu tilviki verið þeir, að minnkun á grunnbreytileika og grunnar, seinar dýfur hefðu hugsanlega sést. Slíkt mynstur er grunsamlegt um fósturstreitu og finnst ekki með öryggi við Doppler-hlustun, jafnvel þótt hlustað sé í og eftir verk.

Enda þótt flest tilvik af asphyxíu megi finna með síritun, þá hefur verið lýst tilvikum þar sem nýburar hafa fæðst með asphyxíu og lágt pH-gildi blóðs, en síritun var samt eðlileg í fæðingu (Weber T, Acta Obstet Gynecol Scand 1980;59:371-73). Þá þarf að geta þess að síritun ein leiðir einnig til ofgreiningar á fósturstreitu og aukningar á fæðingaraðgerðum, sem geta haft hættu í för með sér fyrir móður og/eða barn.

5. Ágreiningur er um hvort og þá hvenær í fæðingu beri að sprengja belgi, til þess að flýta fæðingunni og/eða sjá lit legvatnsins sem vísbendingu um fósturstreitu (fetal distress). Reglur um belgjasprengingu voru rúmar á fæðingadeild Fjórðungssjúkrahússins og er ekkert athugavert við það. Þar að auki ber ljósmóðirin sem skoðaði konuna, að hún hafi ekki fundið fyrir belgjum framan við kollinn (ekkert „forvatn" (forewaters)). Hefði því ef til vill ekki orðið ávinningur af belgjasprengingu m.t.t. þess að sjá lit legvatns, nema það hefði verið gert snemma í fæðingunni. Ljósmóðirin reyndi ekki að sprengja belgina fyrr en undir lok fæðingarinnar. Hér var um gangsetningu að ræða og m.t.t. þess hefði verið aukin ástæða til að reyna að sprengja belgi fyrr en síðar. ...

Niðurlag.

Hér að ofan hef ég undirritaður rakið gang þessa máls eins og mér kemur hann fyrir sjónir skv. þeim gögnum, sem fyrir mig voru lögð, og samkvæmt því, sem fram kom á ofangreindum fundum á Fjórðungssjúkrahúsinu 9.2. sl. Skýrslan er rituð eftir bestu vitund um það, sem sagt var á fundum á Fjórðungssjúkrahúsinu þann 9.2.1988. Skoðanir á einstökum hlutum þessa máls, sem settar eru fram hér, eru mínar eigin. ... Að ofan hefur sumt verið gagnrýnt en annað talið gott í höndlun þessa máls. Sumt hefur þegar verið lagfært og ástæða kann að vera til að breyta öðru. Ég tel að í þessu tilviki hafi viss atriði í fæðingunni mátt betur fara og hefðu þá getað aukist líkur á að fósturstreita hefði uppgötvast fyrr og viðbrögð orðið önnur. Þetta á einkum við um meiri notkun síritunar þegar dró nær lokum fæðingar og sóttin varð harðari. Þó er ekki víst að það hefði dugað til. Þá var kallkerfinu áfátt, sem seinkaði komu aðstoðarlæknis. Viðbrögð hans voru hins vegar rétt og aðgerðir hans einnig.

Aðalvandamálið varð til í fæðingunni. Barnið fæddist lífvana í miklum súrefnis- og næringarskorti (respiratoriskri og metabóliskri acidosis), sem hefði gert allar lífgunartilraunir erfiðar frá upphafi. Seinkun bestu lífgunaraðgerða bætti ekki um. Erfitt er að segja til um hvaða áhrif það hafði til viðbótar á ástand barnsins, en respiratórísk acidosis hefur líklega aukist á þessum tíma. Skemmd á miðtaugakerfi barnsins gæti því fyrst og fremst verið afleiðing af súrefnisskorti í

fæðingunni (frumorsök), en dráttur á bestu lífgunartilraunum hefur aukið á skemmdina."

Dr. Reynir Tómas Geirsson kom fyrir dóm á bæjarþingi Akureyrar og staðfesti skýrslu sína. Jafnframt var tekin af honum vitnaskýrsla. Skýrir hann svo frá, að þegar fæðing sé „gangsett", útheimti það aukna varúð við fæðingaraðstoð. Á Landspítalanum gildi ákveðnar starfsreglur um „gangsetningu" fæðinga, er séu við það miðaðar, að fæðing fari fram að degi til, þegar flest starfsfólk er til staðar. Hann kveðst sjálfur myndu hafa fylgst með framgangi „gangsetningar" í sambærilegu tilviki og hér ræðir um, hefði hann haft tök á því, en hins vegar ekki talið þess sérstaka þörf að vera viðstaddur fæðinguna. Hann hefði þá gert ráð fyrir, að aðstoðarlæknir væri viðstaddur, svo fremi að allt hefði verið með felldu fram að fæðingu. Með meinafræðirannsókn á fylgju hefði verið hægt að staðfesta, hvort drepsvæði og bólgumerki væru á henni, sem hefðu getað tengst næringar- og súrefnisskorti í fæðingu. Hann segir, að við lífgunaraðgerðir á barni við umræddar aðstæður sé nauðsynlegt að byrja á því að soga upp úr því og jafnframt gefa súrefni og hnoða hjarta þess. Ef ekki er fyrst sogið upp úr barninu, sé hætta á því, að legvatni sé blásið niður í lungu þess, sem valdi bólgu. Hugsanlegt sé, að súrefnisskortur hafi í umræddu tilviki átt sér lengri aðdraganda en fæðinguna sjálfa, en ekki sé víst, að hann komi fram á hjartalínuriti. Mikil reynsla hafi verið komin 1986 á notkun sírita og túlkun þeirra. Hann segir, að æskilegt hefði verið, að belgir væru sprengdir. Að öðrum kosti verði innri síritun ekki komið við.

II.

Hinn 11. ágúst 1988 ritaði landlæknir áfrýjendum svarbréf við kvörtunum þeirra. Er bréf þetta svohljóðandi:

„Landlæknisembættið hefur lokið athugun á, hvort mistök hafi átt sér stað við fæðingu sonar ykkar á FSA 17. desember 1986. Í stuttu máli virðist atburðarásin hafa verið sem hér segir:

1. Meðganga var eðlileg og mæðraeftirlit gott. Engin ástæða var til að gruna að um vaxtarseinkun fósturs væri að ræða eða annað það sem haft gæti neikvæð áhrif á næringar- og súrefnistilfærslu til barnsins í fæðingu.

2. Við fæðinguna voru tvær ljósmæður og samkvæmt frásögu

þeirra sáust engin merki um að fóstur liði af súrefnisskorti í fæðingu fyrr en fósturbelgir sprungu og höfuð kom í ljós en þá kom gusa af grænu legvatni. Fylgja var eðlileg að sjá. Barnið vó 4110 grömm og var 55 sm langt sem er ofan við meðalstærð íslenskra barna.

3. Aðstoðarlæknir kom fyrst á vettvang þegar barnið var fætt og liðu samkvæmt skýrslu ljósmæðra 3 mínútur frá því barnið var fætt þar til aðstoðarlæknir kom. Ekki liggur ljóst fyrir hvað olli því að ekki náðist í aðstoðarlækni fyrr þrátt fyrir að kallað hafi verið á hann ítrekað í kalltæki. Fyrst þegar barnalæknir kemur á staðinn, u.þ.b. 7 mínútum síðar (þ. e. 10 mínútum eftir fæðingu), er sett niður barkarenna og var þá barnið blátt á lit og líflaust með hjartslátt um 100 slög á mínútu.

4. Að mati sérfræðings er barnið með heilalömun (paresis cerebralis) á alvarlegu stigi vegna súrefnisskorts í fæðingu.

Samantekt:

Að mati sérfróðs aðila, sem var til kvaddur við rannsókn kvörtunarinnar, er líklegt, að barnið, Karl Guðmundsson, hafi skaddast af völdum súrefnis- og næringarskorts í fæðingu og á fyrstu mínútum eftir fæðinguna. Barnið er með heilalömun. Þess ber þó að geta að samkvæmt erlendum rannsóknum er aðeins í um helmingi tilvika heilalömunar hægt að fullyrða að um sé að ræða afleiðingar súrefnisskorts. Í skýrslu barnalæknis er þess hins vegar getið að mikið hafi þurft að soga úr vitum barnsins sem styrkir þá ályktun að í þessu tilviki megi rekja heilalömun til súrefnisskorts.

Niðurstaða:

Töf á, að fullnægjandi endurlífgunar- og lífsbjargandi aðgerðir hæfust, telst meðverkandi ástæða þess hverjar afleiðingarnar urðu fyrir barnið.

Gerðar hafa verið ráðstafanir til að draga úr líkum á að það sem gerðist í umrætt skipti 17. desember 1986 endurtaki sig og í framhaldi af fyrirliggjandi niðurstöðum sem hér hafa verið raktar verða teknar upp viðræður við forsvarsmenn FSA um viðbúnað sjúkrahússins og þjónustu við fæðingar. Jafnframt verða öðrum málsaðilum kynntar niðurstöðurnar. Ekki þykir ástæða til aðgerða gegn einstökum heilbrigðisstarfsmönnum vegna mistaka í starfi.“

Hinn 10. nóvember 1988 ritaði landlæknir stjórn stefnda bréf í tilefni af kvörtun áfrýjenda. Þar segir á þessa leið:

„Aðalvandamálið varð til í fæðingunni sem hefur gert allar lífgunartilraunir erfiðari frá upphafi. Seinkun bestu lífgunaraðgerða bætti ekki um. Erfitt er að segja til um hvaða áhrif það hafði til viðbótar á ástand barnsins en „respiratorisk acidosis" hefur líklega aukist á þessum tíma. Skemmd á miðtaugakerfi barnsins gæti því fyrst og fremst verið afleiðing af súrefnisskorti í fæðingunni (frumorsök) en dráttur á lífgunaraðgerðum hefur aukið á skemmdina.

Til þess að draga sem mest úr að slík tilvik geti komið fyrir þarf að leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Að síritun verði meira notuð og alltaf í áhættufæðingum eins og þegar gangsetning er framkvæmd eins og gert var í þessu tilviki. Í allflestum tilvikum má greina súrefnisskort nýbura í síriti.
2. Að kallkerfi spítalans verði gert öruggt. Ágreiningur er um virkni kallkerfis en þar eð læknar höfðu kvartað yfir að kalltæki væru óörugg var spítalans að sjá til þess að allt væri í lagi.
3. Skráning atburða í meðgöngu og fæðingu verði bætt.

Sérfræðingar eru á bundinni vakt á háskólasjúkrahúsum í Bretlandi og kvensjúkdómadeild Landspítalans. Á Norðurlöndum tíðkast yfirleitt ekki sú venja. Á FSA fæða um 360 konur árlega og vegna fárra fæðinga hefur ekki verið talin þörf á bundinni vakt kvensjúkdómalæknis.

Með hliðsjón af að kvensjúkdómadeild FSA tekur við vandasamari fæðingum af stóru svæði verður að gera þá kröfu í framtíðinni að sérfræðingur verði viðstaddur allar áhættufæðingar. Þetta fyrirkomulag þýðir að líkindum nokkuð aukin útgjöld fyrir sjúkrahúsið."

III.

Í gögnum málsins er skýrsla Oddgeirs Gylfasonar aðstoðarlæknis, rituð í desember 1987. Hún er svohljóðandi:

„Í desember 1986 var málum aðstoðarlækna á FSA þannig háttað að einn aðstoðarlæknir var á fæðingar- og kvensjúkdómadeild. Sinnti hann almennri deildarvinnu milli kl. 8 - 16 og gekk kvöldstofugang um kvöldmatarleytið. Þess á milli var hann á bakvakt úti í bæ með kalltæki. Einungis var hringt í hann, og hann kallaður út, ef um innlagnir var að ræða á kvensjúkdómahluta deildarinnar, ef sýnt þætti að

fæðing yrði ekki eðlileg eða ef upp komu fylgikvillar í eða eftir fæðinguna. Hann var ekki kallaður út í eðlilegar og fylgikvillalausar fæðingar. Utan dagvinnutíma sinnti aðstoðarlæknir á vakt á lyflækningadeild fæðingum á fæðingargangi þar sem hann var á bundinni vakt í húsinu og með lyflæknisdeildarkalltæki.

Gangur mála.

Miðvikudaginn 17.12.1986 var undirritaður á vakt á lyflækningadeild FSA. Vaktin var fremur róleg, en ég minnist þess ekki að ég hafi vitað af konu í fæðingu á fæðingargangi. Um kl. 21.20 pípti í kalltæki mínu og var ég beðinn um að koma strax á fæðingargang. Ég var inni á vaktinni á lyflækningadeild að tala í síma. Rauf ég símtalið þegar og gekk af stað, en lyflækningadeild er á 1. hæð en fæðingardeildin á þeirri þriðju. Er ég var skammt á veg kominn, pípti aftur í kalltækinu. Grunaði mig þá að eitthvað alvarlegt væri á seyði svo ég hljóp við fót upp á deild. Þangað var ég kominn um kl. 21.21. Þá var drengurinn fæddur, búið að skilja á milli og Nína Munoz ljósmóðir að hefja lífgunaraðgerðir á endurlífgunarborðinu. Drengurinn var alveg líflaus, engin vöðvaspenna, húðlitur helblár, viðbrögð við áreiti voru engin og hann andaði ekki. Hjartsláttur var mjög óreglulegur og hægur, u.þ.b. 30/mín. Apgar eftir eina mín. var 1. Ég fyrirskipaði, að strax skyldi haft samband við vakthafandi sérfræðing á barnadeild (Geir Friðgeirsson) sem var heima hjá sér og hann beðinn að koma strax. Jafnframt bað ég um að hringt yrði í tvo superkandidata sem ég vissi að væru niðri á lyflækningadeild að vinna að verkefni. Þeir Guðmundur Rúnarsson og Haraldur Bjarnason komu um 3 mín. eftir að ég kom upp.

Endurlífgun af minni hálfu hófst strax. Ég sogaði í fyrstu nokkuð úr vitum drengsins og hlustaði hann. Öndun var engin en óreglulegur hjartsláttur heyrðist. Síðan hnoðaði ég hann þannig að hjartsláttur náðist mjög fljótt upp í um 100/mín. Jafnframt ventileraði ég hann á maska u.þ.b. 60 sinnum á mín. Eftir að Guðmundur og Haraldur komu upp hjálpuðumst við að að ventilera og hlusta. Virtist mér sem tiltölulega lítið loft bærist ofan í lungu drengsins. Settum við því kokrennu í hann en það breytti litlu. Jafnframt stimuleruðum við hann með nuddi og klipum undir iljar. Við reyndum ekki intubation. Drengurinn tók lítið við sér þrátt fyrir þessar aðgerðir, nema hvað hjartsláttur varð eðlilegur. Kl. 21.30 kom Geir barnalæknir á staðinn

og tók við endurlífgunartilraunum. Sogaði hann betur úr kokinu og intuberaði drenginn.

Eftirmáli:

Eftir á kom í ljós að ljósmæður höfðu kl. 21 beðið sjúkraliða að pípa á mig vegna yfirvofandi fæðingar. Einhverra hluta vegna tókst það ekki, a.m.k. pípti ekki í tæki mínu um það leyti, og var ég ekki bundinn í neinum öðrum störfum sem hindruðu mig í að svara ef pípt hefði í tækinu. Sjúkraliðinn, sem reyndi að ná í mig, mun hafa reynt það nokkru sinnum um kl. 21 án árangurs. Því var síðan ekki fylgt eftir fyrr en um kl. 21.20 er drengurinn var fæddur og þá gekk vel að ná sambandi."

Oddgeir Gylfason kom fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína.

Bjarni Rafnar var yfirlæknir á fæðingardeild stefnda 1986. Samkvæmt vitnisburði hans fyrir dómi í málinu voru í gildi á fæðingardeild stefnda almenn fyrirmæli um það, að læknir væri kvaddur til fyrir síðustu stig fæðingar.

Áfrýjandinn Ingibjörg Auðunsdóttir fullyrðir í aðilaskýrslu, er hún gaf á bæjarþingi Akureyrar, að hún hafi innt Jónas Franklín, sérfræðing á fæðingardeild stefnda, eftir því, hvort ekki yrði örugglega læknir viðstaddur fæðinguna. Hafi hann játað því. Jónas Franklín hefur staðfest í framburði fyrir dómi, að þetta sé rétt.

IV.

Læknisfræðileg gögn málsins gefa til kynna, að líklegt sé, að drengurinn Karl Guðmundsson hafi skaddast á heila vegna súrefnis- og næringarskorts í fæðingu og á fyrstu mínútum eftir fæðingu. Læknir var ekki viðstaddur fæðinguna og kom ekki á vettvang fyrr en skömmu eftir að hún var afstaðin. Óvissa er um nákvæm tímamörk í því efni. Aðstoðarlækni á lyfjadeild sjúkrahússins, sem er á annarri hæð hússins en fæðingardeild, var ætlað að sinna læknisstarfi á fæðingardeildinni. Hann vissi þó ekki af væntanlegri fæðingu þar umrætt kvöld. Kvaðning hans á vettvang í tæka tíð virðist hafa mistekist vegna galla á boðunarkerfi innan sjúkrahússins, að því er ráðið verður af gögnum málsins.

Samkvæmt starfsreglum sjúkrahússins átti læknir að vera staddur á fæðingardeild og kominn á vettvang fyrir síðustu stig fæðingar.

Áfrýjandinn Ingibjörg virðist hafa lagt áherslu á návist læknis. Hún hafði spurst fyrir um það, áður en hún lagðist inn á spítalann, hvort læknir yrði viðstaddur fæðinguna, og verið tjáð, að svo yrði. Mátti hún og treysta því, að settar reglur í því efni yrðu virtar.

Að áliti læknaráðs, sem rakið er í héraðsdómi, var ástæða til þess, að læknir væri viðstaddur fæðinguna, og eðlilegt, að hann væri sérfræðingur í fæðingarhjálp, en nærvera læknis myndi að áliti læknaráðs hafa aukið líkur á því, að barnið hefði fæðst heilbrigt. Jafnframt er það álit læknaráðs og dr. Reynis Tómasar Geirssonar, að notkun sírita hefði átt að vera meiri á síðustu stigum fæðingarinnar en raun varð á. Fleira er tilgreint í umsögn læknaráðs, sem betur hefði mátt fara.

Með skírskotun til alls þessa er leitt í ljós, að nokkuð hefur á það skort, að nægilegra öryggisráðstafana væri gætt við fæðingu drengsins Karls Guðmundssonar miðað við aðstæður á sjúkrahúsinu og starfsreglur þess. Orsakasamhengi milli þess, sem fór úrskeiðis, og heilaskaðans, sem drengurinn varð fyrir, er að vísu ósannað, enda má telja víst af þeim læknisfræðilegu gögnum, sem við er að styðjast í málinu, að sú sönnunarfærsla sé mjög torveld. Á hinn bóginn verður það ráðið af gögnum þessum, að um orsakasamband hafi getað verið að ræða. Eins og atvikum er háttað leiða sönnunarreglur til þess, að stefndi verður að bera halla af óvissu í þessum efnum.

Samkvæmt því ber að leggja á stefnda óskipta fébótaábyrgð á tjóni áfrýjenda.

V.

Stærstu liðirnir í aðalkröfum áfrýjenda, öðrum en sérkröfu áfrýjandans Ingibjargar, byggjast á líkindareikningi, þar sem áætlað höfuðstólsverðmæti tjóns miðast við útreikningsdag að ósk lögmanns áfrýjenda. Samkvæmt langri dómvenju hafa slíkir útreikningar verið miðaðir við slysdag, í þessu tilviki fæðingardag Karls Guðmundssonar. Er ekki ástæða til, að brugðið sé út af þeirri venju í þessu máli. Koma því einungis varakröfur áfrýjenda til álita. Verður nú um þær fjallað.

A. Bótakrafa vegna Karls Guðmundssonar:

1. Örorkubætur	kr.	6.089.000
2. Töpuð lífeyrisréttindi	—	365.300

3. Kostnaður vegna umönnunar eftir 18 ára aldur		— 4.666.500
4. Miskabætur		— 3.400.000
		Kr. 14.520.800
Frá dregst:		
Verðmæti örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins	kr. 617.600	
og tekjutryggingar	kr. 1.136.400	— 1.754.000
		Kr. 12.766.800

Um 1. og 2.

Hinn 20. ágúst 1990 mat Jónas Hallgrímsson yfirlæknir örorku Karls Guðmundssonar. Í lokakafla örorkumatsins segir á þessa leið, og er þá fyrst vitnað í álitsgerð Stefáns Hreiðarssonar, sérfræðings í barnalækningum og fötlun barna:

„Karl er með heilalömun (cerebral palsy), sem nær til alls líkamans og veldur varanlegri skerðingu í hreyfigetu, stjórnun talfæra og stjórnun þarma og blöðru. Hann þarf fulla aðstoð og umönnun við allar athafnir daglegs lífs og er í þörf fyrir langvinna þjálfun og margvísleg hjálpartæki. Almennur greindarþroski virðist innan eðlilegra marka, en ekki hefur verið hægt að meta væntanlega námshæfni frekar. Hann er með sögu um krampa, sem tengjast fötlun hans og er hætta á að þeir endurtaki sig.

Þrátt fyrir ungan aldur má af framförum til þessa og skoðun spá með verulegu öryggi um framtíðarhorfur. Mjög litlar líkur eru á því að hann nái nokkurri sjálfstæðri göngugetu í framtíðinni og líklegt að hann verði bundinn hjólastól eða álíka hjálpartækjum. Það er óvíst að hann nái mikilli stjórnun handahreyfinga. Hann mun þurfa mikla umönnun og aðstoð í daglegu lífi í framtíðinni og auk þess hjálpartæki og aðlögun umhverfis. Einnig mun hann þurfa að nota sérstök tjáskiptakerfi til að tjá sig og sérstök hjálpartæki til náms og umhverfisstjórnunar. Það er einnig hætta á að hæfni til bóklegs náms í framtíðinni verði skert. Það er því örugglega um alvarlega fötlun að ræða til frambúðar.“

Eins og kemur fram hér að ofan, er Karl með svo mikla heilalömun að líkur eru ekki á því, að hann verði nokkurn tímann fær um að sjá um sig sjálfur og því síður fær um að taka að sér launuð störf. ...

Niðurstaða:

Vegna varanlegra heilaskemmda frá fæðingu er Karl svo mikið fatlaður að reiknað verður með að hann verði 100% öryrki til æviloka.“

Örorkumatinu hefur ekki verið mótmælt.

Hinn 11. september 1990 var áætlað örorkutjón Karls Guðmundssonar miðað við 100% varanlega örorku reiknað út af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi. Kveðst hann við áætlun atvinnutekna til frambúðar fara að venju í slíkum útreikningum. Fram að 26 ára aldri er miðað við mismunandi launataxta Dagsbrúnar, en eftir það er gert ráð fyrir meðaltekjum iðnaðarmanna, sem á útreikningsdegi teljast vera 1.438.900 krónur á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Höfuðstólsverðmæti örorkutjóns reiknað á þessum forsendum og miðað við 17. desember 1986 nemur 6.089.000 krónum, sem er fjárhæð 1. kröfuliðar.

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er í útreikningnum áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti örorkutjóns og nemur 365.300 krónum, sem er fjárhæð 2. kröfuliðar.

Í útreikningnum er gert ráð fyrir því, að Karl eigi rétt á bótum frá almannatryggingum. Er annars vegar um að ræða örorkulífeyri, sem á útreikningsdegi nam 11.181 krónu á mánuði, og hins vegar tekjutryggingu 20.572 krónum á mánuði. Er í útreikningnum reiknað með þessum greiðslum frá 18 ára aldri, en ekki 16 ára, þar sem gert er ráð fyrir, að þær og styrkur vegna umönnunar, sbr. kröfugerð áfrýjenda hér á eftir, fari ekki saman. Samkvæmt útreikningnum nemur höfuðstólsverðmæti örorkulífeyris frá 18 til 67 ára aldurs 617.600 krónum, en tekjutryggingar 1.136.400 krónum, hvort tveggja miðað við 17. desember 1986.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að útreikningur áætlaðs örorkutjóns sé byggður á meðaltekjum iðnaðarmanna, þar sem það sé andstætt dómvenju, þegar barn á í hlut. Rétt sé að miða tekjuáætlun við meðaltekjur verkamanna. Þá er þess krafist, að við ákvörðun örorkubóta komi skattfrelsi slíkra bóta til lækkunar, svo og hagræði af eingreiðslu þeirra.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykja bætur samkvæmt þessum kröfuliðum hæfilega ákveðnar 3.200.000 krónur. Hefur þá

verið dregið frá verðmæti væntanlegra bóta frá Tryggingastofnun ríkisins og tekið tillit til skattfrelsis bótanna og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi.

Um 3.

Í gögnum málsins er álitsgerð Stefáns Hreiðarssonar læknis frá 16. júlí 1990. Hann kveðst hafa fylgst með Karli frá fimm mánaða aldri. Í álitsgerðinni segir meðal annars:

„Hreyfigeta.

Hreyfigeta Karls er mjög takmörkuð og hafa allar framfarir verið afar hægar þann tíma, sem ég hef fylgst með honum. Nú, við um þriggja og hálfs árs aldur, er hreyfigeta hans eins og hjá nokkurra mánaða gömlu barni. Hann getur velt sér í liggjandi stöðu, en er lengi að því. Hann kemst ekki upp í skriðstöðu. Hann situr ekki nema með verulegum stuðningi og stjórnar þá illa höfði og öxlum. Grip með höndum er óstöðugt og laust. Hann stendur ekki sjálfstætt. Við taugafræðilega skoðun er vöðvaspenna breytileg, verulega slök í bol. Enn fremur rík tilhneiging til frumstæðra hreyfiviðbragða og einnig er miðun markvissra hreyfinga handa mjög takmörkuð.

Tjáningargeta.

Vegna mjög skertrar stjórnunar á talfærum á hann mjög erfitt með munnlega tjáningu. Hann segir aðeins tvö til þrjú skiljanleg orð með merkingu fyrir utan nöfn fjölskyldumeðlima. Byrjað er að vinna með tjáskiptakerfi fyrir hreyfihamlaða, sem byggir á því að benda á tákn, en vegna erfiðleika við miðun bendinga hefur lítið sóst ennþá í þessari vinnu. Enn fremur hefur verið byrjað á því að kenna honum notkun á leikjatölvu með hjálp rofabúnaðar, sem byggir á einföldum hreyfingum, bæði í afþreyingarskyni og til að undirbúa notkun á tölvu til tjáskipta í framtíðinni. ...

Almenn færni.

Við athafnir daglegs lífs er Karl öðrum háður að svo til öllu leyti. Hann er mataður, klæddur og aðstoðaður við afþreyingu og tjáskipti. Hann hefur mjög takmarkaða stjórnun á hægðum og þvagi og þarf fulla aðstoð við allt hreinlæti. Með því að gæta hans vel má halda honum þurrum og hreinum í þrjá til fjóra daga, en bleia er notuð að næturlagi. Hann þarf mikla aðstoð við alla hreyfifærni og við notkun hjálpartækja. ...

Þjálfun og aðstoð.

Honum hefur verið fylgt eftir á greiningarstöð frá fimm mánaða aldri með reglubundnum heimsóknum. Hann hefur þrisvar dvalið á dagdeild stofnunarinnar nokkrar vikur í senn, síðast nú í apríl og maí sl., og verið athugaður af breiðum faghópi sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, sálfræðingi og talmeinafræðingi, auk skoðunar hjá undirrituðum.

Hann hefur einnig verið í eftirliti og þjálfun á Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar á Akureyri og frá um tveggja ára aldri hefur hann verið í leikskóla með sérstuðningi. Einnig hafa foreldrar notið ráðgjafar sérfræðinga Svæðisstjórnar málefna fatlaðra, Akureyri.

Mikið af daglegri þjálfun hefur verið í höndum foreldra hans. ..."

Fyrir þessum kröfulið eru færð þau rök með vísan til álitsgerðar Stefáns Hreiðarssonar, að Karl Guðmundsson sé ekki aðeins algjör öryrki, heldur muni hann til frambúðar þurfa á mikilli umönnun að halda og aðstoð við að sinna daglegum þörfum sínum. Muni hann þarfnast aðstoðar, sem jafngildi að minnsta kosti störfum tveggja einstaklinga. Er við það miðað, að á tjón Karls samkvæmt þessum kröfulið reyni við 18 ára aldur, þegar almennri framfærsluskyldu foreldra lýkur samkvæmt 17. gr. barnalaga nr. 9/1981.

Í fyrrnefndum útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar er reiknað út höfuðstólsverðmæti þessa kostnaðar á þeim forsendum, að tvær manneskjur muni þurfa til að annast um Karl frá 18 ára aldri miðað við fullt starf. Þess var óskað, að útreikningur þessi yrði miðaður við launataxta, sem venja er að nota, þegar örorkutjón er reiknað út á grundvelli heimilisstarfa. Samsvarar þessi launataxti 90% af launum eftir þrjú ár samkvæmt fastlaunasamningi Iðju fyrir starfsfólk í matvælaiðnaði, sem voru á útreikningsdegi 40.443 krónur á mánuði. Reiknað á þenna hátt nemur höfuðstólsverðmæti kostnaðar við umönnun eftir 18 ára aldur 4.666.500 krónum, sem er fjárhæð þessa kröfuliðar.

Af hálfu stefnda er kröfulið þessum algerlega mótmælt. Fallist er á, að Karl muni þurfa mikillar umönnunar við, en á það bent, að almannatryggingar sjái öryrkjum fyrir þeirri aðstoð, sem þeir þarfnist, hvort sem þeir dveljist á stofnunum eða í heimahúsi.

Kostur sé bæði heimahjúkrunar og heimilisaðstoðar og vísað um það til laga nr. 10/1952 um heimilishjálp í viðlögum og reglugerðar nr. 464/1983. Eigi verði séð, að Karl muni sjálfur þurfa að greiða slíkan kostnað nema að litlu leyti. Þá er á það bent, að örorkubætur eigi að nýtast tjónþola til framfærslu.

Auðsætt er, að Karl Guðmundsson mun alla ævi þarfnast mikillar og stöðugrar umönnunar og að verulegur kostnaður muni verða henni samfara. Á hinn bóginn má ætla, að slíkur kostnaður muni að minnsta kosti að verulegu leyti verða greiddur af almannafé og að félagsleg þjónusta við farlama fólk án útgjalda fyrir það fari fremur vaxandi í framtíðinni en að úr henni dragi. Samkvæmt því skortir haldbær rök fyrir þessum kröfulið, og ber að hafna honum.

Um 4.

Kröfulið þessum er mótmælt sem of háum og órökstuddum.

Með vísan til þess, sem rakið er hér að framan um algjöra fötlun Karls Guðmundssonar og afleiðingar hennar, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metnar 1.800.000 króna.

B. Sameiginleg bótakrafa Ingibjargar Auðunsdóttur og Guðmundar Svavarssonar.

1. Kostnaður vegna umönnunar fram til 18 ára aldurs Karls	kr.	8.858.400
Frá dregst verðmæti umönnunarstyrks	—	4.260.300
	Kr.	4.598.100
2. Útlagður kostnaður fram til 1. nóv. 1991	—	1.950.000
3. Kostnaður við þjálfun til 1996	—	1.550.000
	Kr.	8.098.100
Frá dragast greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins	—	516.696
	Kr.	7.581.404

Um 1.

Krafa samkvæmt þessum lið byggist á alveg sömu forsendum og kröfuliður A 3 hér að framan að öðru leyti en því, að krafan tekur til annars aldursskeiðs. Lögmaður áfrýjenda fól Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi að kanna, hvaða greiðslur

áfrýjendur hafi fengið og muni fá frá Tryggingastofnun ríkisins vegna kostnaðar af umönnun við Karl, son þeirra. Reyndust þær greiðslur vera svo sem hér greinir:

Júní til desember 1987	146.598 krónur
Árið 1988	288.289 —
Árið 1989	266.299 —
Janúar til sept. 1990	343.114 —
Eftir það á mánuði	43.450 —

Hefur styrkurinn stundum verið 100% af hámarksstyrk, en stundum lægri og orðið lægstur 74,86%. Höfuðstólsverðmæti umönnunarstyrks til 18 ára aldurs nemur samkvæmt útreikningi Jóns Erlings, miðað við 17. desember 1986, 4.260.300 krónum, sem er fjárhæð þessa kröfuliðar.

Áfrýjendur vísa um rök fyrir þessum kröfulið til röksemda fyrir kröfulið A 3 hér að framan. Bent er á, að ekki sé víst, að styrkur þessi verði til frambúðar.

Af hálfu stefnda er kröfulið þessum mótmælt. Vakin er athygli á því, að ávallt fylgi því nokkur kostnaður og vinna að ala upp börn. Öll börn, bæði heilbrigð og sjúk, þurfi umönnun. Þá er því haldið fram, að umönnunarstyrkur, sem áfrýjendur njóta, bæti þeim umframkostnað vegna sérstakrar umönnunar við Karl, son þeirra.

Í aðilaskýrslu áfrýjandans Ingibjargar fyrir dómi 18. febrúar sl. greinir hún frá því, að Karl sé í leikskóla fimm stundir daglega og hún geti, ef á þarf að halda, fengið að hafa hann þar í átta stundir. Hún kveðst á liðnum árum hafa reynt að fá ýmsa opinbera aðstoð, svo sem heimilishjálp og dagmóður, en verið synjað þar til nýlega, að hún hafi fengið starfsmann frá leikskólanum til að koma heim og aðstoða við gæslu drengsins, þegar hann hefur verið veikur. Eigi koma fram í þessari skýrslu upplýsingar um störf Ingibjargar utan heimilis, en í niðurlagi örorkumats Jónasar Hallgrímssonar, sem áður er fjallað um, greinir frá því, að hún hafi verið kennsluráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Norðurlands, áður en Karl fæddist. Hafi hún ekki getað tekið við því starfi aftur. Er hún sögð vera við nám í sérkennslu í Kennaraháskóla Íslands og fari vegna þess tvisvar á ári til Reykjavíkur, þar sem hún dveljist tvær vikur í senn. Þess á

milli vinni hún að heimaritgerðum. Er haft eftir Ingibjörgu, að þessi námstilhögun valdi því, að námið muni taka langan tíma.

Eins og áður er rakið, er augljóst, að Karl Guðmundsson þarfnast mikillar og stöðugrar umönnunar foreldra sinna. Verður að ætla, að svo verði áfram á því aldursskeiði hans, sem kröfugerð samkvæmt þessum lið miðast við. Fram kemur í læknisvottorði, að þau annist mikið af daglegri þjálfun drengsins. Gera verður ráð fyrir því, að greiðslur til áfrýjenda frá almannatryggingum vegna umönnunar drengsins haldist fram til þess, að framfærsluskyldu þeirra að lögum lýkur. Styrkur þessi nemur nú samkvæmt framansögðu tæplega 7,5% hærri fjárhæð en sá launataxti, sem miðað er við í útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, sbr. A 3 hér að framan.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, telst þessi kröfuliður eiga nokkurn rétt á sér. Þykir eftir atvikum hæfilegt að taka hann til greina með 1.000.000 króna.

Um 2.

Þessum kröfulið er ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3.

Í bréfi Stefáns Hreiðarssonar læknis 13. nóvember 1989 greinir frá því, að áfrýjendur hafi í samráði við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem læknirinn veitir forstöðu, farið þrisvar með Karl, son sinn, á Petöstofnunina í Búdapest í Ungverjalandi til meðferðar og ráðgjafar og fengið sérfræðing frá þeirri stofnun til Íslands. Kveður hann þetta vera heimsfræga meðferðarstofnun fyrir fólk, sem þjáist af alvarlegri hreyfihömlun. Samkvæmt bréfi Tryggingastofnunar ríkisins 7. desember 1989 greiðir stofnunin fyrir þjálfunarmeðferð á Karli í Ungverjalandi, eins og um meðferð á Íslandi væri að ræða, en umsókn áfrýjenda um ferðastyrk var synjað. Hefur stofnunin greitt vegna þessa samtals 516.696 krónur, og er sú upphæð dregin frá í kröfugerð áfrýjenda, sbr. sundurliðun hér að framan.

Af hálfu stefnda er þessum kröfulið mótmælt.

Kostnaður, sem hér er krafist greiðslu á, er ekki vegna læknismeðferðar, heldur þjálfunar. Hefur ekki verið sýnt fram á, að eigi sé kostur nauðsynlegrar og fullnægjandi þjálfunar fyrir Karl hérlendis. Verður því að hafna þessum kröfulið.

C. Krafa Ingibjargar Auðunsdóttur um miskabœtur.

Krafa þessi nemur 1.500.000 krónum. Um lagaheimild fyrir kröfunni er vísað til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þáttur í þessari kröfu er vegna röskunar á stöðu og högum.

Af hálfu stefnda er kröfu þessari mótmælt sem órökstuddri. Skilja verður þau mótmæli svo, að réttmæti kröfunnar að lögum sé vefengt.

Ákvæði 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga verður ekki skýrt svo, að það eigi við í því tilviki, sem hér er til álita. Ber því að sýkna stefnda af þessari kröfu.

VI.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum vegna sonar þeirra, Karls, 5.000.000 krónur (3.200.000 + 1.800.000) og þeim sameiginlega 2.950.000 krónur (1.000.000 + 1.950.000). Fjárhæðir þessar ber stefnda að greiða með vöxtum og dráttarvöxtum eins og í dómsorði greinir, en vextir af útlögðum kostnaði, 1.950.000 krónum, reiknast frá 18. október 1990, er málið var þingfest í héraði.

Rétt er, að stefndi greiði 750.000 krónur í málskostnað í héraði, er renni í ríkissjóð, og áfrýjendum sameiginlega 800.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákvörðun héraðsdóms um málsóknarlaun í héraði er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Í héraði voru lögð fram í málinu ýmis læknisfræðileg gögn. Í héraðsdómi er þessara gagna að engu getið. Verður að átelja þenna galla á dóminum.

Dómsorð:

Stefndi, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, greiði áfrýjendum, Ingibjörgu Auðunsdóttur og Guðmundi Svavarssyni, vegna ólögráða sonar þeirra, Karls, 5.000.000 krónur og vegna þeirra sameiginlega 2.950.000 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: Af 6.000.000 krónum 9% frá 17. desember 1986 til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s. á., 11% frá þeim degi til 14. apríl s. á., en með hæstu almennum

innlánsvöxtum hvers tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands frá þeim degi til 18. október 1989, en af 7.950.000 kr. frá þeim degi til uppsögudags héraðsdóms 31. mars 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði 750.000 krónur í málskostnað í héraði, er renni í ríkissjóð, og áfrýjendum sameiginlega 800.000 kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 31. mars 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. febrúar sl., hafa Ingibjörg Auðunsdóttir, kt. 080549-3859, og Guðmundur Svavarsson, kt. 310338-2229, Eikarlundi 4, Akureyri, persónulega og vegna sonar síns, Karls Guðmundssonar, f. 17. desember 1986, höfðað hér fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, þingfestri 18. október 1990, og framhaldsstefnu, þingfestri 4. febrúar 1992, á hendur Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri til greiðslu skaðabóta og miskabóta.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru sem hér segir:

Til handa Karli Guðmundssyni aðallega 18.639.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 18. október 1990 til greiðsludags, en til vara 12.766.800 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Til handa Ingibjörgu Auðunsdóttur og Guðmundi Svavarssyni sameiginlega aðallega 10.308.590 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 18. okt. 1990 til greiðsludags, en til vara 8.211.390 kr. með sömu vöxtum og greinir í varakröfu stefnanda, Karls Guðmundssonar.

Til handa Ingibjörgu Auðunsdóttur sérstaklega 1.500.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 18. okt. 1990 til greiðsludags.

Í öllum tilfellum er þess krafist, að tekið verði fram í dómsorði, að áfallnir dráttarvextir skuli bætast við þann höfuðstól, sem vextirnir reiknast af, á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. október 1991. Þá er gerð krafa um, að stefnda verði dæmt til að greiða stefnendum óskipt málskostnað skv. fram lögðum reikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, að viðbættum virðisaukaskatti, og beri fjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Tekið verði fram um dráttarvextina á málskostnaðinn, að þeir skuli bætast við þann höfuðstól hans, sem vextirnir reiknast af, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda og að því verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda óskipt skv. viðmiðunargjaldskrá LMFÍ auk greiðslu, er jafngildi virðisaukaskattsgreiðslu stefnda af málflutningsþóknun, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987, frá 15. degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnda þess, að kröfur stefnenda verði lækkaðar allverulega og málskostnaður þá látinn falla niður.

Stefnendur gera þá grein fyrir málinu, að það sé höfðað til heimtu skaðabóta og miskabóta úr hendi stefnda vegna mistaka starfsmanna stefnda við fæðingu stefnanda Karls Guðmundssonar 17. desember 1986. Mistök þessi hafi leitt til þess, að drengurinn hafi hlotið vegna súrefnisskorts í og eftir fæðingu alvarlegan heilaskaða og verði af þeim sökum öryrki alla ævi. Stefnandinn Ingibjörg Auðunsdóttir hafi verið lögð inn á fæðingardeild stefnda að morgni 16. desember 1986. Hafi hún þá verið gengin með talsvert fram yfir skráðan fæðingartíma. Ingibjörg hafi verið 37 ára gömul og eignast eitt barn tæplega 16 árum áður. Hafi sú fæðing gengið fremur erfiðlega, og því hafi verið um að ræða það, sem nefnt sé áhættufæðing, bæði af þessum sökum og einnig vegna þess, að Ingibjörg var komin fram yfir eðlilegan meðgöngutíma. Ráðstafanir hafi verið gerðar til að framkalla fæðingu bæði 16. og 17. desember. Kl. 21.20 17. desember hafi stefnandinn Karl fæðst. Hafi hann þá verið lífvana, enginn læknir verið viðstaddur og lífgunartilraunir reynst árangurslitlar, þar til sérfræðingur í barnalækningum kom á vettvang, er alllangur tími (a. m. k. 10 mínútur) var liðinn frá fæðingunni. Í ljós hafi komið, að Karl hafði hlotið alvarlegan heilaskaða vegna súrefnisskorts fyrir og við fæðinguna, og sé ljóst, að hann myndi þurfa mikla umönnun í daglegu lífi framvegis. Hann hafi verið metinn með 100% örorku ævilangt.

Af hálfu stefnenda sé, eins og áður segi, á því byggt, að mistök hjá starfsmönnum stefnda hafi valdið hinu hörmulega slysi við fæðinguna. Bent sé á eftirtalin atriði í því efni:

1. Enginn læknir hafi verið viðstaddur fæðinguna. Aukin ástæða hafi verið til þess, að læknir væri viðstaddur, þar sem sérstakir áhættuþættir hafi fyrir fram verið kunnir, svo sem aldur móður, langur tími frá fyrri fæðingu, sú staðreynd, að meðganga var komin fram yfir í tíma og að fæðingin var gangsett. Hefði í sjálfu sér, eins og á stóð, verið nauðsynlegt að hafa sérfræðing í fæðingarhjálp viðstaddan.

2. Eftirliti með framgangi fæðingarinnar hafi verið áfátt með þeim afleiðingum, að ekki varð vitað um ástand barnsins fyrr en í fæðingunni sjálfri. M. a. hafi svokallaður síriti (monitor) allt of lítið verið notaður og ekkert í nærfellt þrjár síðustu klukkustundir fyrir fæðingu. Af gögnum málsins megi raunar ráða, að einhver merki um hið alvar-

lega ástand hafi verið greind, án þess að við þeim hafi verið brugðist strax.

3. Tækjabúnaður (kallkerfi) á spítalanum, sem notaður hafi verið til að kalla til lækni, hafi brugðist. Hafi það leitt til þess, að læknishjálp, sem raunar hefði átt að vera til reiðu allan tímann, hafi borist allt of seint. Meðal annars hafi barnalæknir, sem kunni til starfa við að lífga barnið við, ekki komið á staðinn fyrr en a. m. k. 10 mínútum eftir að barnið fæddist.

Af hálfu stefnda er framangreindum málsástæðum stefnenda mótmælt og sýknukrafa reist á því, að stefnda beri ekki ábyrgð á tjóni stefnenda. Stefnendur hafi ekki sýnt fram á, að um bótaskylda sök starfsmanna stefnda hafi verið að ræða. Stefnandi Karl Guðmundsson sé 100% öryrki vegna heilaskemmda, sem hann hafi haft frá fæðingu og taldar séu stafa af súrefnisskorti í eða rétt fyrir fæðingu. Stefnendur hafi hins vegar ekki getað bent á, hvað farið hafi úrskeiðis í fæðingunni. Því síður hafi þeir sýnt fram á, að starfsmenn stefnda hafi getað gert eitthvað til að koma í veg fyrir súrefnis- og næringarskortinn. Ekki sé ljóst af málatilbúnaði stefnenda, í hverju mistök starfsmanna stefnda séu fólgin. Bent er á, að stefnandi Ingibjörg hafi verið tengd við sírita síðari hluta dags 17. desember 1986 í samtals 65 mínútur. Jónas Franklín sérfræðingur hafi skoðað síritastrimilinn að kvöldi 17. des. og dæmt ritið eðlilegt. Þegar stefnandi Karl fæddist á árinu 1986 hafi notkun sírita við fæðingar verið að ryðja sér til rúms, en ekki full reynsla af þeim fengin, einkum í túlkun á afbrigði í riti. Um þá staðreynd, að læknir var ekki viðstaddur, þegar barnið fæddist, bendir stefnda á, að stefnandi Karl hafi fæðst lífvana í miklum súrefnis- og næringarskorti, sem hafi gert allar lífgunartilraunir erfiðar frá upphafi. Þá telur stefnda ósannað, að nærvera sérfræðings hefði nokkru breytt um tjón stefnenda. Stefnda, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sé ekki fæðingarsjúkrahús, að jafnaði sé þar ein fæðing á dag. Það sé því ekki hægt að koma því svo við, að sérfræðingar í fæðingarfræði og barnalækningum séu á bundinni vakt á sjúkrahúsinu. Þessar aðstæður séu kunnar almenningi í byggðarlaginu, þar með töldum stefnendunum Ingibjörgu og Guðmundi. Lögð sé áhersla á, að óvíst og ósannað sé, að besta sérfræðiþjónusta hefði getað komið í veg fyrir tjónið. Sönnunarbyrðin sé stefnenda.

Með úrskurði dómsins 8. mars 1991 var læknaráði gert að svara eftirtöldum spurningum:

1. Telur læknaráð, að eins og á stóð, hafi verið ástæða til, að læknir væri viðstaddur fæðinguna? Sé svarið játandi, er spurt, hvort eðlilegt hefði verið, að sá læknir væri sérfræðingur í fæðingarhjálp. Telur ráðið, að nærvera læknis hefði aukið líkurnar á, að barnið hefði sloppið óskaddað úr fæðingunni?

2. Telur læknaráð, að eftirlit með framgangi fæðingarinnar, eins og það var skráð á staðnum, hafi verið fullnægjandi?

3. Telur læknaráð gögn málsins benda til þess, að hugsanlega hafi mátt greina einhver merki um hættuástand rétt fyrir fæðinguna? Sé svo, er spurt, hvort bregðast hefði mátt við þeim.

4. Telur læknaráð, að meiri líkur séu á, að barnið hefði sloppið óskaddað frá fæðingunni, ef barnalæknir, sem kunni til verka við að lífga barnið við, hefði komið fyrr á vettvang?

5. Telur læknaráð, að hægt hefði verið að koma í veg fyrir það tjón, sem varð vegna súrefnis- og næringarskorts í fæðingunni, með bestu læknishjálp?

6. Ef svarið við spurningu nr. 5 er játandi, í hverju hefði þá sú læknishjálp getað verið fólgin?

Með bréfi, dagsettu 22. ágúst 1991, bárust dóminum svofelld svör læknaráðs:

1. Já við öllum þremur liðum spurningarinnar.

2. Skráð gögn voru færð á fullnægjandi hátt, en notkun sírita hefði mátt vera meiri.

3. Hugsanlega hefði mátt greina hættuástand rétt fyrir fæðinguna, vegna þess að á síritastrimli sést lágur grunnbreytileiki og ein sein dýfa, sem hefði átt að leiða til frekari síritunar (sjá álit Reynis Tómasar Geirssonar, sérfræðings í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, bls. 15 á dskj. nr. 39). Síðustu fósturhljóð fyrir fæðingu svara til vægrar bradycardiu, sem hugsanlegt hefði verið, að sérfræðingur í fæðingarhjálp hefði getað brugðist við.

4. Já, ef barnalæknir hefði sogið upp úr vitum barnsins og sett barkarennu strax eftir fæðingu, hefðu verið minni líkur á því, að barnið hlyti alvarlegan skaða.

5. Já, hugsanlega.

6. Sjá svör við fyrri spurningum.

Auk stefnendanna Ingibjargar og Guðmundar hafa þeir, sem eru til frásagnar um atvik í málinu, gefið skýrslur hér fyrir dóminum.

Stefnandi Ingibjörg var í hefðbundnu mæðraeftirliti á heilsugæslustöð, sem framkvæmt var af ljósmæðrum og læknum, eins og reglur gerðu ráð fyrir. Meðgangan var eðlileg, og engir sérstakir áhættuþættir komu fram. Skráning í mæðraskrá var góð. Að auki leitaði stefnandi Ingibjörg til sérfræðings á stofu til að ræða um væntanlega fæðingu og áhættur henni samfara. Henni var þá tjáð, að læknir yrði viðstaddur fæðinguna. Hún skildi það svo, að það yrði sérfræðingur í fæðingarhjálp, en skv. reglum FSA á þessum tíma var það vakthafandi aðstoðarlæknir á lyfjadeild, sem sinnti útköllum í eðlilegar fæðingar. Vakthafandi sérfræðingur var einungis viðstaddur, væri um áhættu eða afbrigði í fæðingu að ræða.

Í tilfelli stefnanda Ingibjargar var ekki álitið, að um áhættu væri að ræða. Þegar stefnandi Ingibjörg var gengin 41 viku samkvæmt ómskoðun (eðlileg meðgöngulengd er 37-42 vikur), var hún tekin til gangsetningar á fæðingardeild stefnda. Enginn sérstakur sjúkdómur eða knýjandi ástæða virðist hafa verið fyrir gangsetningunni. Hliðsjón virðist hafa verið tekin af aldri Ingibjargar, tímalengd frá fyrri fæðingu, meðgöngulengd, þyngdartapi síðustu meðgönguviku og líðan hennar. Engin framantalinna þátta flokkast undir sérstaka áhættu að mati hinna sérfróðu meðdómenda, en á þessum tíma (1986) var oft gangsett undir slíkum kringumstæðum, einkum ef verðandi móðir var þreytt. Ástæða til sérstaks öryggiseftirlits í fæðingu Ingibjargar umfram aðrar fæðingar var því ekki að áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna. Gangsetningin var ákveðin af sérfræðingi, en í gögnum málsins kemur ekki fram, hver tók ákvörðunina. Æskilegt hefði verið að skrá það ásamt ástæðu í mæðra- eða sjúkraskrá. Á fæðingartilkynningunni er ekki getið um gangsetningu, og er fæðing þar skráð eðlileg. Gangsetningin var gerð á hefðbundinn hátt með viðurkenndum aðferðum. Stefnandi Ingibjörg var hagstæð til gangsetningar og fósturhljóð góð. Síritun var hvorki beitt við komu Ingibjargar á deildina né fyrsta daginn, og var þar brugðið út af venju, sem tíðkaðist á deildinni, þegar um gangsetningu var að ræða. Ingibjörg var hins vegar hlustuð reglulega, án þess að nokkuð athugavert kæmi í ljós. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja gildi síritunar í eðlilegum og áhættulitlum fæðingum hafa verið og vera enn mjög umdeilt. Síritun var gerð í þrjá stundarfjórðunga um þremur klst. fyrir fæðingu. Síritastrimillinn var túlkaður af vakthafandi sérfræðingi og dæmdur eðlilegur. Að mati hinna sérfróðu meðdómsmanna er síritastrimillinn eðlilegur og ekki fallist á, að á síritanum megi greina seina dýfu. Minnkaður grunnbreytileiki á hluta síritastrimilsins sé trúlega eðlileg afleiðing verkjalyfjagjafar, skömmu áður en síritun hófst. Ósennilegt er, að síritun daginn áður hefði sýnt nokkuð afbrigðilegt. Síðustu klukkustundir fyrir fæðingu var beitt hefðbundnu eftirliti með reglulegri hlustun á fósturhjartslætti með „doptone" eftir hvern verk og oft í lok fæðingarinnar, og verður slíkt að teljast fullnægjandi eftirlit. Eftir á að hyggja hefði verið æskilegt að halda síritun áfram, en þar sem hlustun var eðlileg allan tímann, er ósennilegt, að síritun hefði breytt gangi mála að mati hinna sérfróðu meðdómsmanna. Ekki var ástæða til innri síritunar, þar sem fósturhljóð voru góð og vatn ófarið þar til rétt fyrir fæðingu. Hinir sérfróðu meðdómendur telja innri síritun aðeins vera beitt, ef vatn er farið og hlustun eða ytri síritun er erfið eða eitthvað kemur í ljós, sem bendi til áhættu. Belgir voru ekki sprengdir, því að ekki fannst fyrir þeim, og er ekkert athugavert við það að mati hinna sérfróðu meðdómenda. Skráning í mæðraskrá og hjúkrunarskýrslu, meðan á fæðingunni stóð, er viðunandi og sambærileg við það, sem tíðkaðist á

þessum tíma. Þar sem framgangur fæðingarinnar virtist eðlilegur í lokin, útvíkkun miðaði vel og hlustun á fósturhjartslætti var eðlileg, var það mat ljósmæðranna, að um eðlilega fæðingu væri að ræða og því ekki ástæða til að kalla til vakthafandi sérfræðing. Hjartsláttarhæging, sem greindist í kollhríðinni rétt fyrir lok fæðingarinnar, er eðlilegt fyrirbæri og gaf ekki tilefni til inngripa af hálfu fæðingarlæknis (sérfræðings). Er útvíkkun lauk, var vakthafandi aðstoðarlæknir til kvaddur, eins og venja var til við eðlilegar fæðingar. Hann var með kalltæki og átti að geta komið strax. Af óskýrðum ástæðum kom aðstoðarlæknirinn ekki fyrr en einni mínútu eftir, að barnið, stefnandi Karl, fæddist, þrátt fyrir endurtekin köll í kalltæki. Fæðingin sjálf gekk hratt og vel, og er vandséð, að viðvera læknis hefði breytt þar nokkru um. Tímasetning, önnur en fæðingartími og koma aðstoðarlæknis á fæðingarstofu, er nokkuð misvísandi, en virðist ekki skipta höfuðmáli í atburðarásinni. Stefnandi Karl fæddist slappur og lífvana og í engu samræmi við þær upplýsingar, sem fyrir lágu rétt fyrir fæðingu. Fyrstu viðbrögð ljósmóður og aðstoðarlæknis voru fullkomlega eðlileg; þau beittu réttri endurlífgun miðað við þekkingu sína og getu og beittu réttum tækjum, sem þau höfðu vald á, jafnframt því að þau létu kalla samtímis og strax á reyndari lækna og vakthafandi sérfræðinga á fæðingar- og barnadeild. Allir þessir læknar komu á staðinn á mjög skömmum tíma og tóku við meðferðinni. Við þessu óvænta ástandi barnsins var því, eins og málum var komið, brugðist eins vel og fagmannlega og framast var kostur. Hefði barnalæknir verið á fæðingarstofunni, þegar stefnandi Karl fæddist, má ætla, að það hefði e. t. v. mildað þá heilalömun, sem Karl nú þjáist af. Ekkert benti þó til, að hans væri þörf, fyrr en eftir á. Hvers vegna barnið Karl fæddist svo veikt sem raun ber vitni, verður aldrei skýrt, að því er hinir sérfróðu meðdómsmenn telja.

Er niðurstaða dómsins þá sú, að viss atriði hefðu mátt betur fara við þessa fæðingu. Hvergi kemur þó fram, að um vanrækslu eða gáleysi starfsmanna stefnda hafi verið að ræða, og í meginatriðum var fylgt hefðbundnu eftirliti og meðferð. Þykir með vísan til þessa og þess, er áður er getið um notkun kalltækis, eiga að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Gjafsóknarkostnaður stefnenda, 1.200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar af 1.080.000 kr. í þóknun til skipaðs talsmanns stefnenda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Ólafi Hákanssyni og Benedikt Sveinssyni, sérfræðingum í kvenlækningum.

Dómsorð:

Stefnda, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, á að vera sýknt af kröfum stefnenda, Ingibjargar Auðunsdóttur og Guðmundar Svavarssonar persónulega og f. h. sonar þeirra, Karls.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, 1.200.000 kr., þar af 1.080.000 kr. í þóknun til talsmanns stefnenda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 403/1989. **Svalbarði hf.**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Símoni Fr. Símonarsyni
(Arnmundur Backman hrl.).

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði og að stefnda verði gert að greiða sér 368.702 krónur með ársvöxtum eins og krafist var í héraði. Hann krefst og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri lækkun höfuðstóls, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 507.400 krónur með sömu vöxtum og tilteknir voru í héraðsdómi og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Kristinn Friðþjófsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri áfrýjanda, Svalbarða hf. á Patreksfirði, réð stefnda til starfa sér til aðstoðar við fyrirtækið. Stefndi fluttist vestur og bjó á heimili Kristins og var þar í fæði, frá því að hann hóf störf í júlí 1987 og fram í októberlok. Í apríl 1988 bar Kristinn upp á stefnda, að hann hefði ofreiknað sér laun og greitt sér meira en þeir hefðu samið um. Í framhaldi af því sagði stefndi starfi sínu lausu með þriggja mánaða fyrirvara frá 1. júní 1988.

Krafa áfrýjanda er um endurgreiðslu á hinum ofgreiddu launum og fríðindum, svo sem fæði og húsnæði og flutningsgjöldum vegna fjölskyldu stefnda. Krafa stefnda lýtur að greiðslu launa á uppsagnartíma auk maímánaðar 1988 að frádregnum launum, sem hann vann sér inn á sama tíma.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að svo hafi verið um samið milli málsaðila, að stefndi fengi í mánaðarlaun 100.000

krónur í föst laun fyrstu þrjá mánuðina, sem hækkuðu í 150.000 krónur í október. Forsvarsmaður áfrýjanda hefur ekki sýnt fram á, að sú hækkun hafi ekki átt að vera til frambúðar. Einnig ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað sé af áfrýjanda hálfu, að stefndi hafi átt að greiða fyrir fæði og húsnæði þá mánuði, er hann bjó á heimili Kristins Friðþjófssonar. Á hinn bóginn er ósannað af stefnda hálfu, að áfrýjandi hafi átt að greiða farmgjöld fyrir búslóð fjölskyldu stefnda, og koma þau því til frádráttar launakröfu stefnda.

Verður áfrýjanda því gert að greiða stefnda laun fyrir maí, júní, júlí og ágúst 1988, 150.000 krónur á mánuði, alls 600.000 krónur, að frádregnum launum á uppsagnartíma, 91.989 krónum, og flutningsgjöldum, samtals 25.876 krónum, alls 482.135 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði segir. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Dæma ber áfrýjanda til þess að greiða stefnda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Svalbarði hf., greiði stefnda, Símoni Fr. Símonarsyni, 482.135 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. september 1988 til 1. október s. á., 26,8% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 20,3% frá þeim degi til 1. desember s. á, en síðan með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 18. september 1989.

Ár 1989, mánudaginn 18. september, er á aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem háð er að Aðalstræti 92, Patreksfirði, af Guðmundi Björnssyni sýslufulltrúa, kveðinn upp dómur í aukadómþingsmálinu nr. 85/1988: Símon Fr. Símonarson gegn Svalbarða h/f og gagnsök.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þessa mánaðar, hefur Símon Fr. Símonarson, kt. 080551-3639, Bölum 6, Patreksfirði, höfðað fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu á hendur Svalbarða h/f, kt. 660274-0229,

Aðalstræti 1, Patreksfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 549.405 kr., sbr. breytta kröfugerð á dómskjali nr. 62, en samkvæmt þessari breyttu kröfugerð verður ekki fjallað um greiðslur atvinnurekandans í lífeyrissjóð í máli þessu, með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Í gagnsök gerir gagnstefndi þá kröfu, að hann verði sýknaður af öllum kröfum í gagnstefnu. Þá gerir hann kröfu um málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ í gagnsökinni. Upphaflega krafðist stefnandi frávísunar á gagnsök, en féll frá þeirri kröfu, þegar kom að munnlegum málflutningi. Gagnstefnandi krefst málskostnaðar vegna frávísunar kröfu þessarar.

Stefnandi lýsir málavöxtum í stefnu á þann veg, að í maímánuði 1987 hafi hann, Símon Fr. Símonarson, verið ráðinn framkvæmdastjóri Svalbarða h/f á Patreksfirði, og hóf hann störf 1. júlí 1987. Símon starfaði síðan hjá Svalbarða h/f til 12. júlí 1988. Þegar líða tók á árið 1988, tók að bera á samstarfsörðugleikum milli Símonar og Kristins Friðþjófssonar, stjórnarformanns Svalbarða h/f. Hinn 2. maí 1988 sagði síðan Símon starfi sínu lausu með þriggja mán. uppsagnarfresti frá 1. júní að telja, og voru engar athugasemdir gerðar þar um af hálfu Svalbarða h/f. Símon starfaði síðan áfram, en er hann fékk ekki greidd laun fyrir maímánuð og af honum tekin stjórn þeirra mála, sem undir hann höfðu heyrt, tilkynnti Símon stjórn Svalbarða h/f, að hann hefði ákveðið að taka orlof sitt þá þegar. Við það voru engar athugasemdir gerðar. Að orlofi loknu, 1. júlí, hóf Símon störf að nýju á skrifstofunni og starfaði þar til 12. júlí 1988, að hann hætti störfum. Þann tíma fékk hann ekki að sinna þeim verkefnum, sem hann var ráðinn til, og var meinað að geta fullnægt starfskyldum sínum. Leit Símon svo á, að hér væri um fyrirvaralausa uppsögn að ræða, og hætti störfum 12. júlí.

Stefnandi styður kröfur sínar eftirtöldum lagarökum: meginreglum vinnuréttarins um greiðslu launa, munnlegum ráðningarsamningi aðila og meginreglum laga um uppsagnarfrest mánaðarkaupsmanna og dómafordæmi. Um orlof er vísað til laga nr. 30/1987.

Stefnandi hefur lagt fram eftirtalin sönnunargögn:

nr. 3, launaseðla,

nr. 4, uppsagnarbréf, dags. 2. maí 1988,

nr. 5, bréf, dags. 3/6 1988, til stjórnar Svalbarða h/f,

nr. 6, útreikninga á launagreiðslum,

nr. 7, bréf lögfræðiskrifstofu til Svalbarða h/f.

Gagnstefnandi hefur í gagnstefnu gert þær dómkröfur, að gagnstefnda verði dæmt að greiða sér 368.702 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Gagnstefnandi lýsir málavöxtum þannig í gagnstefnu:

Vorið 1987 réðst gagnstefndi til starfa hjá gagnstefnanda. Framkvæmda-

stjóri gagnstefnanda og þáverandi stjórnarformaður, Kristinn Friðþjófsson, annaðist ráðningu gagnstefnda, og kveður hann gagnstefnda hafa átt að vera sér til aðstoðar. Kristinn segir, að gengið hafi verið út frá því, að þarna væri um hlutastarf að ræða, og hefði hann sagt, að kostnaður gagnstefnanda af gagnstefnda, þ. e. laun, orlofsfé og lífeyrissjóðsgreiðslur, mætti nema 100.000 kr. Hann kveður gagnstefnda hafa tekið sér frest til að hugleiða málið og síðan látið sig vita, að hann kæmi. Gagnstefndi hóf svo störf í júlíbyrjun hjá gagnstefnanda og starfaði þar fram á vor 1988.

Skömmu eftir að gagnstefndi kom vestur, kveðst Kristinn hafa farið með honum norður í Tálknafjörð, þar sem honum hefði boðist hlutastarf, sem hann hefði getað gegnt með starfi sínu hjá gagnstefnanda, en ekkert hefði orðið úr því, að hann tæki það starf að sér. Mánuðina nóvember og desember 1987 þurfti framkvæmdastjórinn að vera fjarverandi frá Patreksfirði í einkaerindum, og kveður hann þá hafa orðið að samkomulagi milli sín og gagnstefnda, að gagnstefndi fengi greiðslu þá mánuði vegna aukins vinnuálags, og segist hafa sagt gagnstefnda, að hann ætti að kosta gagnstefnanda 150.000 kr. hvorn þessara mánaða. Lengst af, meðan gagnstefndi vann þarna, annaðist hann greiðslur vegna gagnstefnanda og hafði heimild til tékkaútgáfu á reikning hans, nr. 1060 við Landsbanka Íslands, útibúið á Patreksfirði.

Vorið 1988 kveðst framkvæmdastjórinn hafa komist að því, að gagnstefndi hafði yfirdregið tékkareikninginn, og kveðst þá hafa svipt hann umsjón með fjárreiðum gagnstefnanda. Með bréfi, dags. 2/5 1988, sagði gagnstefndi síðan upp starfi sínu með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Með bréfi, dags. 3/6 1988, tilkynnti hann síðan, að hann tæki orlof frá og með mánudegi 6. júní til og með föstudegi 1. júlí. Gagnstefndi mun svo hafa hafið störf hjá sýslumannsembættinu í Barðastrandarsýslu 14. júlí 1988 og þar með slitið vinnusamningi sínum við gagnstefnanda, enda mun hann hafa unnið þar fram yfir lok uppsagnarfrests þess, sem hann sjálfur ákvað. Við athugun á bókhaldi gagnstefnanda hefur komið í ljós, að gagnstefndi hefur greitt sér mun hærri laun en framkvæmdastjóri gagnstefnanda kannast við að hafa samið við hann um. Jafnframt hefur hann krafið gagnstefnanda um frekari launagreiðslur í aðalsök í máli þessu. Gagnsök þessi er höfðuð til heimtu oftekins fjár auk vaxta af oftekinni fjárhæð, eins og hún hefur verið á hverjum tíma. Greiðslur þessar hefur gagnstefndi greitt sér aðallega með beinum greiðslum, en einnig með því að láta gagnstefnanda greiða uppihaldskostnað sinn um skeið og farmgjöld fyrir sig og konu sína, hvort tveggja án heimildar. Þá lét gagnstefndi gagnstefnanda greiða hærri fjárhæð vegna sín í staðgreiðslu skatta en efni stóðu til.

Málsástæður gagnstefnanda eru þær, að hann eigi endurkröfu á hendur gagnstefnda vegna oftekinna launagreiðslna.

Gagnstefnandi vísar til reglna íslensks réttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Við þingfestingu gagnsakarinnar lagði gagnstefnandi fram eftirtalin sönnunargögn:

nr. 9, greinargerð í aðalsök og gagnsök,

nr. 10-54, ljósrit greiðsluskjala varðandi greiðslur, sem gagnstefndi innti af hendi til sín og vegna sín og konu sinnar af fjármunum gagnstefnanda,

nr. 55, yfirlit yfir greidd laun aðalstefnanda annars vegar og reiknuð laun hans hins vegar,

nr. 56-59, ljósrit sundurliðana varðandi staðgreiðslu opinberra gjalda.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í aðalsök og að aðalstefnanda verði dæmt að greiða sér málskostnað að skaðlausu í aðalsök skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæð drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnstefndi rekur málavexti ýtarlega í greinargerð sinni á dómskjali nr. 60. Hann mótmælir málavaxtalýsingu gagnstefnanda í gagnstefnu. Gagnstefndi heldur því fram, að 1. október 1987 hafi laun sín hækkað í 150.000 kr. og þá fyrir bæði dag- og eftirvinnu, og þau laun hafi haldist óbreytt til 5. maí 1988, að þau hækkuðu um 8,75% í samræmi við hækkun hjá Landssambandi íslenskra verslunarmanna. Enn fremur heldur gagnstefndi því fram, að gagnstefnandi hafi aldrei fyrr en með gagnstefnu, dags. 21. desember 1988, gert athugasemdir eða mótmælt á nokkurn hátt þessum launum. Þá ítrekar gagnstefndi þá skoðun sína, að hann hafi verið ráðinn í fullt starf sem framkvæmdastjóri stefnanda. Um fæðisreikning segir í greinargerð gagnstefnda: „Þegar gagnstefndi hóf störf hjá gagnstefnanda, gat hann ekki fengið húsnæði strax. Þangað til að hann fengi húsnæði á Patreksfirði, samdist um milli stjórnarformanns gagnstefnanda og gagnstefnda, að hann byggi á heimili stjórnarformannsins og væri þar í fæði. Svo samdist um með þeim, að fyrirtækið greiddi fyrir fæðið og húsnæðið. Reikningur sá, sem gagnstefnandi leggur fram, er fyrir tímabilið júlí til september 1988. Þess hefur eigi fyrr verið krafist, að gagnstefndi greiði þennan reikning, enda hafði um annað verið samið. Hafi það verið ætlan gagnstefnanda að krefja gagnstefnda um greiðslu reiknings þessa, hefði slíkt átt að vera mögulegt á því tæpa ári, sem gagnstefndi starfaði hjá fyrirtækinu. Ber því að hafna reikningi þessum bæði með vísan til þess, að hann sé rangur, og með vísan til tómlætis." Um kröfu um greiðslu farmgjalda segir í greinargerð gagnstefnda: „Þegar gagnstefndi hóf störf hjá gagnstefnanda, samdist um, að fyrirtækið greiddi flutningskostnað fyrir búslóð gagnstefnda. Slíkt er mjög tíðkanlegt, að fyrirtæki geri fyrir starfsmenn sína. Um þennan reikning er það að segja, að hann er fyrst nú settur fram ári síðar. Er þessari kröfu því hafnað."

Gagnstefndi hefur lagt fram launaseðla frá fjármálaráðuneytinu vegna vinnu sinnar á sýsluskrifstofunni á Patreksfirði í júlí og ágúst 1988, sbr. dómskjal nr. 63. Samkvæmt framangreindu dómskjali fékk gagnstefndi greiddar 30.943 kr. 12/8 1988 og 61.046 kr. 1. september 1988 í laun fyrir dagvinnu og eftirvinnu.

Stefnandi, Símon Fr. Símonarson, gaf skýrslu hér fyrir réttinum 5. september 1989. Í febrúarmánuði 1987 kvaðst hann hafa ákveðið að hætta störfum hjá Skeljungi h/f. Kristinn Friðþjófsson, framkvæmdastjóri stefnda, mun hafa frétt af þessu og lét í ljós áhuga á að fá stefnanda sem framkvæmdastjóra hjá Svalbarða h/f.

Í apríllok 1987 náðist samkomulag milli málsaðila um, að Símon Fr. Símonarson hæfi störf hjá Svalbarða h/f frá 1. júlí 1987. Kjörin skyldu vera þau, að stefnandi fengi 100.000 kr. í dagvinnukaup á mánuði fyrstu þrjá mánuðina og frítt fæði og húsnæði heima hjá Kristni Friðþjófssyni, uns stefnanda tækist að fá sér húsnæði, en Kristinn Friðþjófsson hafði lofað að útvega stefnanda húsnæði á staðnum, sem síðan tókst ekki, en stefnandi var ókunnugur á staðnum, þegar þetta var. Aðspurður segir stefnandi, að sambýliskona sín, Gunnhildur Valgarðsdóttir, hafi vitað um samningsgerð sína og stefnda og um kjör sín sem væntanlegs framkvæmdastjóra Svalbarða h/f. Einnig segir stefnandi, að Kristinn Friðþjófsson hafi haft mikið samband við Rúnar Gunnarsson á Bíldudal, og kona Kristins og stjórnarmaður í fyrirtækinu, Elín Oddsdóttir, hafði einnig samband við stefnanda og Rúnar Gunnarsson. Stefnandi segir, að samningurinn hafi verið staðfestur símleiðis, en enginn skriflegur samningur verið gerður. Aðspurður segir stefnandi, að hann hafi talið launakjörin það einföld, að hann hafi ekki talið ástæðu til að gera skriflegan samning, enda hafi hann treyst Kristni Friðþjófssyni eftir 10 ára kynni í fyrra starfi stefnanda hjá Skeljungi h/f. Aðspurður segist stefnandi hafa verið í fæði og húsnæði hjá Kristni Friðþjófssyni frá 1. júlí til mánaðamótanna október-nóvember 1987. Stefnandi kveður fjölskyldu sína hafa verið í Kópavogi á þessum tíma, og beið hún eftir því, að Kristinn Friðþjófsson útvegaði húsnæði handa þeim samkvæmt samningi. Stefnandi tók fram, að aðrir aðkomumenn hjá fyrirtækinu hefðu verið í fríu fæði og húsnæði, t. d. Sigurður Þór Þórsson, Gísli Pétursson og Þorvaldur Ágústsson. Stefnandi ítrekar, að þeir Kristinn Friðþjófsson hafi samið um, að hann fengi frítt fæði og húsnæði, uns hinn síðarnefndi útvegaði honum húsnæði. Stefnandi kveðst hafa verið í fæði hjá mötuneyti Svalbarða h/f frá 1. september 1987 eins og aðrir utanbæjarmenn. Enginn greiddi fæðið í þessu mötuneyti.

Í september 1987 kveðst stefnandi hafa gengið hart eftir því við Kristin Friðþjófsson, að hann gerði nýjan samning við sig um 150.000 kr. laun á mánuði fyrir dagvinnu og eftirvinnu. Stefnandi segir, að Kristinn hafi

við þetta tækifæri skoðað launaseðla sína tvo fyrstu mánuðina vandlega án þess að gera nokkrar athugasemdir við þá. Stefnandi segir aðspurður, að Kristinn Friðþjófsson hafi verið lítið við vinnu í fyrirtækinu eftir 1. september 1987 vegna persónulegra aðstæðna. Aðspurður segist stefnandi hafa séð um daglegan rekstur, bókhald og fjármál fyrirtækisins. Kristinn Friðþjófsson sá um veðsetningu afurða fyrstu mánuðina. Samkomulag var um, að Kristinn skyldi sjá um sölu afurða í samráði við stefnanda, þannig, að stefnandi gæti síðar tekið við því starfi. Stefnandi kveður stefnda hafa fylgst með daglegum rekstri fyrirtækisins. Í apríl 1988 bar Kristinn Friðþjófsson það upp á stefnanda, að hann hefði oftekið laun. Stefnandi kveður mjög lítið samstarf hafa verið milli sín og Kristins Friðþjófssonar eftir áramót 1987 og 1988 vegna persónulegra aðstæðna Kristins.

Stefnandi segir, að það hafi verið eini alvarlegi árekturinn milli sín og Kristins Friðþjófssonar, þegar hann bar það upp á stefnanda, að hann hefði oftekið laun. Stefnandi kveðst hafa sagt upp starfi sínu í framhaldi af því. Stefnandi segir, að Kristinn Friðþjófsson hafi bannað starfsfólki Landsbanka Íslands að yfirfæra frá bankabók yfir á ávísanareikning og gert sér þannig ókleift að stjórna fjármálum fyrirtækisins. Stefnandi kveðst hafa túlkað framkomu Kristins þannig, að hann hefði misst allan áhuga á samstarfi. Stefnandi kveðst hafa stundað sama starf og áður í maí. Um mánaðamót maí og júní neitar Kristinn Friðþjófsson að greiða stefnanda laun. Fyrst kveðst hann ekki greiða launin, nema stefnandi útbúi viðskiptayfirlit yfir reikninga fjölskyldunnar, en þegar hann fékk þau í hendur, neitaði hann alveg að greiða launin, því að „þú hefur fengið andskotans nóg". Stefnandi segir, að engin viðbrögð hafi komið fram við uppsagnarbréfi sínu 2. maí 1988 né bréfi sínu 3. júní s. á.

Stefnandi hefur störf aftur 4. júlí 1988. Þá var búið að fjarlægja bókhaldið úr skrifstofunni. Sömuleiðis var allur póstur sendur heim til Kristins Friðþjófssonar. Ólafur Egilsson mun hafa tjáð stefnanda, að bókhaldið væri komið heim til Kristins Friðþjófssonar, en Ólafur mun eitthvað hafa aðstoðað Kristin við bókhaldið. Þar með hafði Ólafur Egilsson tekið við hluta af störfum stefnanda og stefnanda ómögulegt að gegna starfinu áfram. Stefnandi kveðst ekki hafa haft annað að gera síðustu dagana hjá Svalbarða h/f en svara í síma. Hann kveðst hafa hafið störf 14. júlí 1988 á sýsluskrifstofunni. Síðan starfaði stefnandi út uppsagnarfrestinn á sýsluskrifstofunni og hafði í laun 101.345 kr. tímabilið frá 14. júlí til 31. ágúst 1988. Aðspurður segir stefnandi, að það hafi aldrei komið til greina, að hann væri ráðinn í hlutastarf. Ferðin til Tálknafjarðar var farin í allt öðrum tilgangi en að útvega stefnanda hlutastarf. Aðspurður segir stefnandi, að hann hafi aldrei fyrr en í gagnstefnu verið krafinn um greiðslu fyrir fæði og húsnæði. Stefnandi kveðst hafa útbúið sérstakt fylgiskjal í fullu samráði

við Kristin Friðþjófsson til að lækka skuld Kristins við Svalbarða h/f. Aðspurður segir stefnandi, að um það hafi verið samið, að Svalbarði h/f greiddi fyrir flutning á búslóð stefnanda. Um þetta var samið í september 1987, um leið og samið var um hækkun á kaupi. Stefnandi kveðst eiga að greiða reikninga á dómskjali nr. 39 og 46, en hins vegar hefur verið samið um, að Svalbarði h/f greiddi reikning á dómskjali nr. 30. Aðspurður af lögmanni stefnda segir stefnandi, að hann hafi haft um 60-70.000 kr. mánaðarlaun hjá Skeljungi h/f um það leyti, sem hann lét þar af störfum. Stefnandi segist ekki muna, að Kristinn Friðþjófsson hafi boðið sér 80.000 kr. mánaðarlaun. Stefnandi segist aðspurður hafa fylgst með, hvað af rekstrarvörum og tækjum vantaði til verksmiðjunnar. Nýframkvæmdir voru að fara í gang og stóðu yfir fram á vor 1988. Fylgdi því ýmis erindrekstur varðandi starfsmannahald, annað því tengdu, bókhald fyrirtækisins og greiðslur og fjármálaumsýslu. Aðspurður segist stefnandi ekki vilja giska á fylgiskjalafjölda árið 1987 né hvaða tími hafi farið að jafnaði á dag í bókhaldsvinnu. Aðspurður segist stefnandi hafa notað um það bil einn dag á viku í launaútreikninga, en starfsmenn Svalbarða h/f voru 3-4, en stefnandi gerði einnig upp laun fyrir 3-4 menn að auki, sem störfuðu hjá verktaka. Stefnandi segir, að það hafi verið tímafrekasti þátturinn í starfi sínu að vinna upp bókhaldið 1987. Í júlí, ágúst og september reiknaði stefnandi sér laun fyrir yfirvinnu, tímalaun, 1% af mánaðarlaunum. Stefnandi kveðst hafa lista yfir yfirvinnu í dagbók, sem hann gæti ljósritað (sjá dómskjal nr. 65). Aðspurður segist stefnandi hafa skoðað tvö hús, sem voru til sölu. Elín Oddsdóttir sýndi stefnanda þessar íbúðir. Aðspurður segir stefnandi, að dómskjal nr. 19 hafi verið útbúið í samráði við Kristin Friðþjófsson. Þeir höfðu komið sér saman um, að þetta gengi, þótt aðalstefnandi hefði verið í fæði hjá Svalbarða h/f í september.

Dómskjal nr. 36 er sýnt stefnanda, og hann útskýrir það þannig, að greiðslan til sín sé 30.000 kr. Dómskjal nr. 37 sýnir einnig launagreiðslu til aðalstefnanda að hans sögn, einnig tékkar á dómskjölum nr. 24 og 27. Stefnanda er sýnt dómskjal nr. 55. Hann staðfestir, að greiðslur þær, sem taldar eru í fremsta dálki, hafi farið fram að öðru leyti en því, að þar séu innifaldar fjárhæðir dómskjals nr. 19 og 30, sem eiga þar ekki að vera samkvæmt framburði hans hér að framan. Aðspurður segir stefnandi, að það hafi aldrei komið til tals, að heildarkostnaður af starfi sínu skyldi vera 100.000 kr. á mánuði að með töldum lífeyrisgreiðslum og orlofsfé, heldur hafi alltaf verið rætt um föst mánaðarlaun, 100.000 kr. Hann segir, að það hafi alltaf verið átt við laun, og hafi Kristinn Friðþjófsson átt við eitthvað annað, þá hafi það ekki komist til skila ..... Spurður af lögmanni sínum segir stefnandi, að það hafi aldrei komið annað til greina en hann væri ráðinn með kjörum almennra launþega og fengi orlofs- og lífeyrisgreiðslur aukalega.

Kristinn Friðþjófsson, framkvæmdastjóri stefnda og gagnstefnanda, gaf skýrslu hér fyrir réttinum sama dag. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa ráðið Símon Fr. Símonarson til starfa hjá Svalbarða h/f 1987. Framkvæmdastjórinn kveðst hafa þekkt Símon til fjölda ára í gegnum síma. Til stóð að ljúka uppbyggingu verksmiðjunnar, og vildi framkvæmdastjórinn því ráða annan starfsmann vegna aukinna umsvifa. Framkvæmdastjórinn kveðst síðan hafa sagt Símoni frá lausu starfi, sem hann hefði síðan fengið áhuga á. Hann kveðst síðan hafa aflað sér upplýsinga um manninn hjá Rúnari Gunnarssyni, Bíldudal, og hjá starfsmönnum Skeljungs h/f. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa boðið Símoni 80.000 kr. í laun á mánuði, en látið þess jafnframt getið, að hann gæti fengið einhver aukastörf. En hann kveðst hafa tekið það fram við Símon, að þetta yrði í raun og veru ekki fullt starf, fyrr en verksmiðjan yrði komin saman. Símon samþykkti ekki þetta tilboð. Í framhaldi af þessu gerði framkvæmdastjórinn Símoni annað tilboð, að starf hans mætti kosta 100.000 kr. Símon tók sér frest í nokkra daga, og hélt framkvæmdastjórinn, að hann væri hættur. Þá hringir hann og segist ætla að koma. Framkvæmdastjórinn segir, að fyrir þessar 100.000 kr. hafi átt að vinna öll þau verk, sem til féllu, hvenær sem þau ætti að vinna á sólarhringnum. Framkvæmdastjórinn segir, að hann hafi ekkert vitað um yfirvinnu Símonar fyrr en stuttu áður en hann hætti. Framkvæmdastjórinn segir, að þeir Símon hafi rætt saman í október 1987, og sömdu þeir þá um, að kostnaður við starf Símonar skyldi vera 150.000 kr. á mánuði í nóvember og desember, þ. e. til áramóta. Þetta var vegna þess, að Kristinn Friðþjófsson yrði fjarstaddur í tvo mánuði. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki minnast þess, að það hafi verið rætt, að Símon fengi ókeypis fæði og húsnæði, uns framkvæmdastjórinn útvegaði húsnæði. Hann segir, að Símon hafi hafnað húsnæði, sem honum stóð til boða hjá Jóni Hákonarsyni.

Framkvæmdastjóranum er sýnt dómskjal nr. 19. Framkvæmdastjórinn segist ekki hafa haft nein afskipti af þessu fylgiskjali eða tilurð þess. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn mótmæla því algerlega, að hann hafi samið um kauphækkun til Símonar í september og í sama skipti samþykkt að greiða flutningskostnað vegna flutnings á búslóð. Hann segir, að krafan um kauphækkun hafi fyrst komið fram í októberlok 1987. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki minnast þess, að rætt hafi verið um ráðningarkjör Símonar, þegar hann heimsótti hann í Kópavogi. Samningur var gerður í gegnum síma. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki muna, að Símon hafi fært í tal, að hann þyrfti að vinna næturvinnu þrjá fyrstu mánuðina. Hann kveðst þó muna, að Símon hafi unnið við útskipun á mjöli. Framkvæmdastjórinn segist staðhæfa, að hann hafi aldrei samþykkt aðrar greiðslur til Símonar en þær föstu greiðslur, sem getið er hér að framan.

Framkvæmdastjórinn segir, að þeir Símon hafi farið til Tálknafjarðar að kynna sér fyrirtækið Vélsmiðju Tálknafjarðar h/f. Hann kveðst jafnframt hafa minnst á það við Sigurð Viggósson, hvort hann hefði ekki eitthvert hlutastarf fyrir hann. Í apríl 1988 segist framkvæmdastjórinn hafa talað við Símon í síma. Hann segist hafa sagt við Símon, að hann hefði tekið sér of mikil laun, en Símon neitað því og sagt, að hann ætti inni hjá fyrirtækinu. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa tekið fjárráðin af Símoni í apríl 1988, vegna þess að kvartað var um það frá Landsbanka Íslands, Patreksfirði, að hlutirnir væru ekki eins og þeir ættu að vera. Framkvæmdastjórinn segist hafa bannað Símoni að nota tékkheftið, en hann hafi samt gert það. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki hafa gefið út neinar ávísanir á reikning nr. 1060, frá því að Símon tók við tékkheftinu. Spurður af lögmanni stefnanda segir framkvæmdastjórinn hugsanlegt, að kaupkjör Símonar hafi verið rædd á heimili sínu.

Framkvæmdastjóranum er tjáð, að samkvæmt dagbók 30. september hafi Símon ritað: „150.000, ef áfram". Framkvæmdastjórinn segir aðspurður, að ætlunin hafi verið, að Símon yrði hægri hönd fyrirtækisins og ætti að sjá um fjármál þess, bókhald í samráði við sig og kynna sér rekstur verksmiðjunnar. Framkvæmdastjórinn segir, að starf Símonar hafi verið svipað og það starf, sem hann hafi sjálfur unnið síðustu 20 árin ásamt störfum í verksmiðjunni, en að undanskilinni bókhaldsvinnu, sem hefur verið unnin í Tölvuþjónustunni. Framkvæmdastjórinn segir, að Símon hafi verið ráðinn vegna þess, að stækkun verksmiðjunnar var fyrirhuguð, og átti framkvæmdum að ljúka innan tveggja til þriggja mánaða frá þeim tíma. Framkvæmdastjórinn segist aðspurður ekki hafa séð launamiða Símonar, fyrr en hann var hættur störfum. Aðspurður segir framkvæmdastjórinn, að vélsmiðir séu í ókeypis fæði og húsnæði, þegar þeir séu aðfluttir. Þetta sé hluti af kjörum þeirra og annarra iðnaðarmanna. Framkvæmdastjórinn neitar, að hann hafi nokkru sinni samþykkt að greiða fæði og húsnæði fyrir Símon. Framkvæmdastjórinn segist aðspurður ekki hafa vitað um dómskjal nr. 19 fyrr en eftir, að Símon var hættur störfum. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki hafa krafist formlega greiðslu fyrir þessu skjali fyrr en við gagnstefnu. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki vita til, að Elín Oddsdóttir hafi vitað um framangreint skjal. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki hafa fallist á að greiða búslóðarflutning, sbr. dómskjal nr. 30. Framkvæmdastjórinn segir, að Elín Oddsdóttir hafi reynt að útvega Símoni húsnæði. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa verið stjórnarformaður allan tímann, sem Símon var ráðinn. Hann kveðst hafa litið á Símon sem hægri hönd sína og framtíðarvon. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn hafa borið fullt traust til Símonar fram í nóvember, en vill ekki svara, hvenær traustið þvarr. Fram-

kvæmdastjórinn segist ekki muna glöggt, hvort hann hafi verið búinn að lofa að greiða Símoni laun fyrir maímánuð, eða orðaskipti þeirra vegna þessara launa. Framkvæmdastjórinn man þó eftir viðskiptayfirlitunum, sem Símon minntist á hér að framan. Framkvæmdastjórinn segist hafa farið heim með fylgiskjalamöppurnar úr bókhaldinu og lokað pósthólfinu fyrir 4. júlí 1988, þegar Símon kom úr sumarleyfinu. Aðspurður segir framkvæmdastjórinn, að Ólafur Egilsson hafi hjálpað sér í 4-5 daga. Aðspurður segist framkvæmdastjórinn ekki hafa fært neitt út af reikningi 1060, meðan Símon var í starfi hjá sér og fór með fjárreiðurnar. Framkvæmdastjórinn mótmælti því, að samtal sitt við Símon um kauphækkun hafi orðið í september. Hann aftekur ekki, að Símon hafi fært kauphækkun í tal, en samþykki hafi hann ekki fengið fyrr en síðast í október.

Við samprófun milli aðalstefnanda málsins, Símonar Fr. Símonarsonar, og framkvæmdastjóra gagnstefnanda, Kristins Friðþjófssonar, héldu báðir fast við fyrri framburð sinn.

Vitnið Rúnar Gunnarsson segist hafa rætt við Kristin Friðþjófsson um ráðningu Símonar sem framkvæmdastjóra. Vitnið segist hafa sagt Kristni Friðþjófssyni, að framkvæmdastjóralaun þá væru 130.000-140.000 kr. Vitnið segir aðspurt, að það hafi skilið það svo, að Símon ætti að sjá um daglegan rekstur. Vitnið segir aðspurt, að sig minni, að Símon hafi sagt sér, að Kristinn Friðþjófsson hafi boðið sér 100.000 kr. í mánaðarlaun. Vitnið segist hafa rætt þessi mál ýtarlega við Símon, og hafi sér skilist, að hér væri um venjuleg laun að ræða, en orlof og lífeyrisgreiðslur ættu að bætast ofan á. Vitnið segist aðspurt síðan ekki hafa rætt launakjör Símonar við hann fyrr en undir lokin, að Símon fékk ekki greidd laun. Vitnið segist hafa lagt þann skilning í málið, að hér væri um byrjunarlaun að ræða, sem ætti að leiðrétta síðar. Vitnið segist hafa komið í skrifstofu Svalbarða h/f í nær hvert skipti, sem það kom á Patreksfjörð. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við annað en Símon hefði haft nóg að gera. Vitnið segist einu sinni hafa komið á skrifstofuna, þegar Símon var að vinna seint um kvöld. Vitnið segist ekki hafa vitneskju um, hvort Símon hafi átt að greiða fyrir fæði og húsnæði hjá Kristni Friðþjófssyni eða hvort Svalbarði h/f hafi átt að greiða fyrir flutning á búslóð. Vitnið sagðist ekki vita, hvort Kristinn Friðþjófsson hefði verið lítið við eftir september 1987. Vitnið segist aðspurt ekki hafa orðið áheyrandi að neinum samtölum milli Kristins Friðþjófssonar og Símonar um ráðninguna. Vitnið segir aðspurt, að Kristinn Friðþjófsson hafi aldrei skýrt sér frá launakjörum Símonar.

Vitnið Birgir Ingólfsson segist aðspurt hafa verið starfsmaður hjá Svalbarða h/f, þegar Símon starfaði þar. Vitnið segir, að Símon hafi ýmist verið á skrifstofunni eða niðri í verksmiðju að „arransera" ýmsum hlutum. Vitnið segir, að Símon hafi unnið eins og aðrir fram á kvöld, en töluverð yfir-

vinna hafi verið á þessum tíma. Vitnið segist hafa heyrt, að tékkhefti og fjárreiður hafi verið teknar af Símoni, og því hafi hann ekki getað haldið áfram starfi sínu.

Niðurstöður.

Kristinn Friðþjófsson var stjórnarformaður Svalbarða h/f og ásamt konu sinni aðaleigandi fyrirtækisins, þegar gagnstefnandi, Símon Fr. Símonarson, starfaði hjá fyrirtækinu. Hann kveðst enn fremur hafa verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en það stangast á við framburð gagnstefnda, sem kveðst hafa verið ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá 1. júlí 1987. Kristinn Friðþjófsson réð Símon Fr. Símonarson til starfa hjá fyrirtækinu. Kristni bar að hlutast til um, að gerður væri glöggur og helst skriflegur samningur við hinn nýja starfsmann um launakjör hans, starfssvið og vinnutíma og fylgjast síðan með, að ákvæði samningsins væru haldin og þá alveg sérstaklega, ef samningurinn var að einhverju leyti óvenjulegur.

Gagnstefndi greiddi sjálfum sér laun og annaðist launaútreikninginn, sem er óvenjulegt, og bar því Kristni Friðþjófssyni að fylgjast vel með launaútreikningum hans, ekki síst þar sem engum skriflegum samningi var til að dreifa og engin vitni virðast hafa verið að munnlegum samningi þeirra. Gera verður ráð fyrir því sem vísu, að Kristinn Friðþjófsson hafi rækt starf sitt og eftirlitsskyldu af kostgæfni, og hefur hann því í verki samþykkt þau kjör, sem koma fram á dómskjali nr. 3, launaseðlum gagnstefnda frá júlí 1987 til apríl 1988, en samkvæmt því var gagnstefndi í fullu starfi alla þessa mánuði og fékk í föst laun 100.000 kr. á mánuði þrjá fyrstu mánuðina, en 150.000 kr. á mánuði hina mánuðina. Samkvæmt þessu ber að hafna þeirri staðhæfingu gagnstefnanda, að gagnstefndi hafi reiknað sér of há laun.

Gagnstefnandi hefur krafið gagnstefnda um greiðslur fyrir fæði og húsnæði mánuðina júlí, ágúst og september 1987, en þessa mánuði dvaldist gagnstefndi á heimili gagnstefnanda. Það hefur komið fram, að gagnstefnandi hefur eigi krafið gagnstefnda um greiðslu fyrir fæði og húsnæði fyrr en í gagnstefnu. Gagnstefnandi hefur sagt, að hann hafi aldrei samþykkt, að fyrirtækið greiddi fæði og húsnæði fyrir gagnstefnda, en gagnstefndi heldur því fram, að það hafi verið samkomulag, að hann fengi ókeypis fæði og húsnæði, uns Kristinn Friðþjófsson útvegaði sér húsnæði. Dómskjal nr. 19 bendir til þess, að fyrirtækið hafi átt að greiða reikninginn, a. m. k. var það þannig í framkvæmd. Hafi það verið ætlunin, að gagnstefndi greiddi fyrir fæði og húsnæði á heimili Kristins Friðþjófssonar, átti Kristinn að krefja hann um greiðslu í lok hvers mánaðar. Kröfu þessari er því hafnað.

Gagnstefnandi hefur krafið gagnstefnda um greiðslu fyrir farmgjöld, sem

Svalbarði h/f greiddi fyrir gagnstefnda. Gagnstefndi hefur eigi sannað, að samkomulag hafi verið um, að fyrirtækið greiddi þessa reikninga, og verður því fallist á þessa kröfu, sbr. dómskjöl nr. 30, 39 og 46.

Aðalstefnandi hefur krafið aðalstefnda um laun og orlof fyrir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst 1988 að frádregnum þeim launum, sem hann vann sér inn á sýsluskrifstofunni á Patreksfirði í júlí og ágúst sama ár. Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að laun sín hafi hækkað um 8,75% 5. maí 1988. Þetta er eigi sannað, og verður við það miðað, að laun hans hefðu haldist óbreytt, 150.000 kr. á mán., til 1. sept. 1988. Það er óumdeilt, að aðalstefnandi sagði starfi sínu lausu frá og með 1. september 1988. Enn fremur er það óumdeilt, að aðalstefnandi tók orlof sitt frá mánudeginum 6. júní til sunnudagsins 3. júlí, samtals 28 almanaksdaga. Miða verður við það, að aðalstefnandi hafi hætt störfum hjá aðalstefnda 12. júlí, vegna þess að honum var gert ókleift að sinna starfi sínu.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda eftirtaldar fjárhæðir:

Laun fyrir maímánuð 1988	kr.	150.000
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/6-31/8 1988	—	19.200
Laun fyrir júnímánuð 1988	—	150.000
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/7-31/8 1988	—	13.650
Laun fyrir júlímánuð 1988	—	150.000
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/8-31/8 1988	—	7.050
Laun fyrir ágústmánuð 1988	—	150.000
Orlof: 10,17% af 600.000 kr., laun fyrir maí, júní, júlí og ágúst að frádregnum 138.082 kr., orlof í 28 almanaksdaga og 91.989 kr. laun á sýsluskrifstofunni í júlí og ágúst	—	37.622
Ógreidd laun frá apríl 1988, sbr. dómskjöl nr. 52, 53 og 54	—	12.835
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/5-31/8 1988	—	2.118
Samtals:	kr.	692.475

Til frádráttar koma eftirtaldar fjárhæðir:		
Ofgreidd laun í mars 1988	kr.	32.165
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/4-31/8 1988	—	6.529
Farmgjöld, sbr. dómskjal nr. 30	—	25.265
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/12 1987 til 31/8 1988	—	9.298
Farmgjöld, sbr. dómskjal nr. 39	—	124
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/2-31/8 1988	—	35

Farmgjöld, sbr. dómskjal nr. 46	—	487
Drv. af þeirri fjárhæð frá 1/3-31/8 1988	—	117
Laun 12/8 1988, dómskjal nr. 63	—	30.943
Drv. af þeirri fjárhæð frá 12/8-31/8 1988	—	921
Laun 1/9 1988, dómskjal nr. 63	—	61.046
	Samtals	kr. 166.930

Mismunur er kr. 525.545

Gagnstefndi skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda að öðru leyti en því, að honum ber að greiða farmgjöld ásamt vöxtum af þeim og þessar fjárhæðir teknar inn í uppgjörið hér að framan, en samkvæmt þessu uppgjöri, sem er niðurstaða málsins, ber aðalstefnda, Svalbarða h/f, að greiða aðalstefnanda, Símoni Fr. Símonarsyni, 525.545 kr. með 42% ársv. af 500.427 kr. frá 1/9 1988 til 1/10 1988, 26,8% ársv. af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1/11 1988, 20,3% ársv. af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1/12 1988, en síðan með vöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mán. fresti, í fyrsta sinn 1/6 1989. Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 150.000 kr. í málskostnað, hér með talinn söluskattur.

Dóm þennan kvað upp Guðmundur Björnsson sýslufulltrúi.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Svalbarði h/f, greiði aðalstefnanda, Símoni Fr. Símonarsyni, 525.545 kr. með 42% ársv. af 500.427 kr. frá 1/9 1988 til 1/10 1988, 26,8% ársv. af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1/11 1988, 20,3% ársv. af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1/12 1988, en síðan með vöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 150.000 kr. í málskostnað, hér með talinn söluskattur, og beri málskostnaðarfjárhæðin drv. frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 436/1992. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Hjördísi Ingólfsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1992, sem ásamt kærugögnum barst Hæstarétti 10. sama mánaðar. Krefst hún þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt. Til vara krefst hún þess, að í stað gæsluvarðhalds verði sér einungis bönnuð för úr landi. Til þrautavara er þess krafist, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1992.

Hjördís Ingólfsdóttir, kt. 170148-4799, með lögheimili í Hollandi, en síðast með lögheimili hér á landi að Skólavörðustíg 29 A, Reykjavík, er grunuð um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni með því að hafa flutt hingað til lands tæplega tvö kíló af kannabisefnum. Umrædd fíkniefni fundust í farangri kærðu á Keflavíkurflugvelli í gær við komu hingað til lands frá Lúxemborg. Grunur leikur á, að fleiri aðilar tengist málinu hér á landi, þar sem þær upplýsingar höfðu borist til lögreglunnar fyrr í vikunni, að væntanleg væri til landsins, annaðhvort frá Hollandi eða Lúxemborg, kona, sem aldrei hefði komið

við sögu hjá fíkniefnalögreglunni, og hefði hún meðferðis kannabisefni.

Brot það, sem kærða er grunuð um, getur varðað hana fangelsi. Rannsókn málsins er á frumstigi. Með því að hætta þykir á, að kærða kunni að torvelda rannsókn málsins, ef hún verður látin laus, ber samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að kærða skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. desember nk. kl. 15.00.

Úrskurðarorð:

Kærða, Hjördís Ingólfsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. desember 1992 kl. 15.00.

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 411/1992. **Tryggvi Einar Geirsson og þrotabú Ulrichs Falkner**

gegn

Jan Gunnari Davidssyni og Karli L. Magnússyni.

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Réttaráhrif dóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. október 1992. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilar verði dæmdir in solidum til að greiða þeim kærumálskostnað.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilar dæmdir til að greiða þeim kærumálskostnað.

Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málavöxtum og málsástæðum aðila er lýst í hinum kærða úrskurði. Óumdeilt er, að krafa samkvæmt skuldabréfi því, sem mál þetta fjallar um, var hluti kröfu, sem höfð var uppi af öðrum aðilum í máli, er dæmt var á bæjarþingi Reykjavíkur 31. október 1990. Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir úrlausn dómsins um kröfu þessa. Stefnendur málsins áfrýjuðu dóminum til Hæstaréttar, og bíður málið flutnings. Í kæru og greinargerð sóknaraðila kemur fram, að við áfrýjunina hafi verið fallist á sjónarmið héraðsdómarans um það, hvaða skuldbindingar hefðu fallið undir a- og b-liði samkomulags frá 17. desember 1987 milli Sportlands hf. annars vegar og varnaraðilans Jans Gunnars Davidssonar og enska firmans David Storm Ltd. hins vegar. Einnig sé á það fallist, að Sportland hf. hefði ekki getað greitt andvirði skuldabréfs nr. 500688 í Iðnaðarbanka Íslands hf. til að fullnægja c- og d-liðum samkomulagsins. Við áfrýjun málsins sé því ekki lengur gerð krafa, sem byggist á því, að greiðsla ofangreinds skuldabréfs hafi verið meðal skuldbindinga samkvæmt samkomulaginu. Sóknaraðilar hafi við þetta

öðlast rétt yfir bréfinu að nýju, en þeir hafi áður framselt rétt sinn samkvæmt því til Sportlands hf. á þeirri forsendu, að greiðsla þess hefði verið þáttur í efndum samkomulagsins.

Dómkröfur stefnenda í fyrrnefndu bæjarþingsmáli lutu að samkomulaginu frá 17. desember 1987, þ. e. að riftun þess, endurgreiðslum og bótum, samtals að fjárhæð 9.017.073 krónur. Telja verður, að niðurstaða í því máli feli í sér synjun á því, að andvirði skuldabréfs nr. 500688 gæti nýst Sportlandi hf. við uppgjör á samkomulaginu við varnaraðilann Jan Gunnar Davidsson og hið enska fyrirtæki. Við áfrýjun þess máls var þeirri niðurstöðu héraðsdóms unað, eins og áður segir. Sóknaraðilar hafa síðan höfðað mál það, sem hér er til meðferðar, gegn varnaraðilum sem skuldara og ábyrgðarmanni bréfsins og krafist þess, að þeir endurgreiði þeim útlagða fjárhæð þess ásamt vöxtum og kostnaði. Verður ekki talið, að ákvæði 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sbr. áður 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936, standi því í vegi, að dæmt verði um þessa kröfu. Samkvæmt því verður hinn kærði frávísunarúrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Rétt þykir að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Varnaraðilar, Jan Gunnar Davidsson og Karl L. Magnússon, greiði in solidum sóknaraðilum, Tryggva Einari Geirssyni og þrotabúi Ulrichs Falkner, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 262/1992. **Dánarbú Daníels Þórarinssonar**
gegn
Búnaðarbanka Íslands.,
Ágústi Kristmanns,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
Hilmari Ingimundarsyni hrl.,
Sjóklæðagerðinni hf.,
Magnúsi Grímssyni og
Rolf Johansen & Co.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Samþykki boðs. Ómerking Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. júní 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992. Máli þessu var áður áfrýjað með stefnu 27. júlí 1990, en var vísað frá Hæstarétti 19. maí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á hluta Laugavegar 76, Reykjavík, sem fram fór 7. nóvember 1989, verði látið standa, en vanefndauppboð á sömu eign 2. júlí 1990 verði ómerkt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar „óskipt úr hendi þeirra varnaraðila, sem andmæla dómkröfum sóknaraðila fyrir Hæstarétti...".

Varnaraðilinn Gjaldheimtan í Reykjavík krefst þess, „að hið kærða uppboð verði staðfest". Varnaraðilinn Rolf Johansen & Co. krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Báðir þessir varnaraðilar krefjast kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður tekur undir dómkröfur sóknaraðila um annað en kærumálskostnað. Hann krefst ekki kærumálskostnaðar sér til handa.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Hinum kærðu uppboðsgerðum er lýst í framangreindum dómi Hæstaréttar 19. maí 1992.

Á þriðja og síðasta nauðungaruppboði 7. nóvember 1989 var bókað: „Uppboðshaldari tók sér með samþykki uppboðsbeiðanda og bjóðenda allt að 10 vikna frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.“ Samkvæmt gögnum málsins, sem ekki hafa verið vefengd, var það ekki fyrr en með bréfi 18. janúar 1990, tíu vikum og tveimur dögum eftir þessa uppboðssölu, að uppboðshaldari skoraði á hæstbjóðanda, Ágúst Kristmanns, að greiða fjórðung kaupverðs, en ella mætti vænta þess, að næsthæsta boði yrði tekið án frekari fyrirvara. Hæstbjóðandi svaraði uppboðshaldara með bréfi 25. janúar 1992 og kvaðst líta svo á, að hann væri ekki lengur bundinn við boð sitt, þar sem afstaða hefði ekki verið tekin til þess innan tíu vikna frá uppboðsdegi.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. þágildandi laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð var hæstbjóðandi ekki lengur bundinn við boð sitt á uppboðsþinginu 7. nóvember 1989, þegar uppboðshaldari skoraði á hann að standa við það 18. janúar 1990. Vanefndauppboð gat því eigi farið fram samkvæmt 35. gr. uppboðslaga, og ber þegar af þeirri ástæðu að ómerkja hina kærðu uppboðsgerð, sem fram fór 2. júlí 1990.

Þar sem hæstbjóðandi er ekki lengur bundinn við boð sitt á þriðja og síðasta nauðungaruppboði 7. nóvember 1989, hefur sóknaraðili ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um staðfestingu þess. Verður því að vísa þeirri kröfu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða uppboðsgerð frá 2. júlí 1990 á að vera ómerk.

Kröfu sóknaraðila um staðfestingu uppboðsgerðar 7. nóvember 1989 er vísað frá Hæstarétti.

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 40/1991. **Svanhildur Karlsdóttir**

gegn

uppboðshaldara og innheimtumanni ríkissjóðs á Akureyri,
Byggingarsjóði ríkisins,
Lífeyrissjóði Sameiningar,
Framkvæmdasjóði Akureyrar,
Landsbanka Íslands,
Gunnari Dúa Júlíussyni,
Veggfóðraranum hf.,
Mötu hf.,
Rolf Johansen og Co. sf.,
Kaupfélagi Eyfirðinga,
Kristjáni Gunnarssyni,
Haraldi Blöndal hrl.,
Hafsteini Hafsteinssyni hrl. og
Kaupþingi hf.

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. janúar 1991. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 9. janúar 1991, á hluta fasteignarinnar Rimasíðu 15 á Akureyri. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hinni áfrýjuðu uppboðsgerð verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og hún felld úr gildi". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Ágrip skjala málsins barst Hæstarétti 2. mars 1992 ásamt greinargerð áfrýjanda. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var aðilum málsins gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu.

Með bréfi lögmanns áfrýjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæsta-

réttarlögmanns, 21. september sl. var þess óskað, að mál þetta yrði fellt niður fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilar innheimtumaður ríkissjóðs og Landsbanki Íslands hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Varnaraðili innheimtumaður ríkissjóðs hefur krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Svanhildur Karlsdóttir, greiði varnaraðila innheimtumanni ríkissjóðs á Akureyri 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 224/1991. **Iðunn Ása Hilmarsdóttir**

gegn

Byggingarsjóði ríkisins,
Íslandsbanka hf.,
Húsasmiðjunni hf.,
Landsbanka Íslands,
tollstjóranum í Reykjavík,
Hreini Hjartarsyni,
Erni Valdimarssyni,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf.,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Sanitas hf.,
Póst- og símamálastofnun,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Hljóðvarpi hf.,
Freyju hf.,
Plastprenti hf.,
Hans Petersen hf.,
Jumbó matvælaiðju hf.,
Árvakri hf.,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Tryggingu hf.,
Smjörlíki hf.,
Dagblaðinu Tímanum,
Osta- og smjörsölunni sf. og
Kökugerð Þorkels Sigurðssonar.

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. mars 1991. Útivist varð af hálfu áfrýjanda, er þingfesta skyldi málið 3. maí 1991, og féll það niður. Sóknaraðili

skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 30. maí s. á. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 21. febrúar 1991, á fasteigninni Gerðhömrum 9 í Reykjavík. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og synjað verði að öllu leyti um framgang uppboðsgerðarinnar". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var aðilum málsins gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu. Ágrip skjala málsins hafa borist Hæstarétti ásamt greinargerð sóknaraðila.

Með bréfi lögmanns áfrýjanda, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 11. þ.m. var þess óskað, að málið yrði fellt niður.

Varnaraðili Gjaldheimtan í Reykjavík hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar og krafist kærumálskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Iðunn Ása Hilmarsdóttir, greiði varnaraðila Gjaldheimtunni í Reykjavík 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 312/1991. **Jökull Ólafsson**

gegn

Borverki hf.,
Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,
Húsnæðisstofnun ríkisins,
Finni Gíslasyni,
tollstjóranum í Reykjavík,
Þorvaldi Lúðvíkssyni hrl.,
Ferðamiðstöðinni Veröld hf.,
Landsbanka Íslands,
þrotabúi Kaupfélags Reykjavíkur og, nágrennis,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf. og
Húsfélaginu Asparfelli 2-12.

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. júlí 1991. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 5. júlí 1991, á hluta fasteignarinnar Asparfells 8 í Reykjavík. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hið áfrýjaða uppboði verði, með eða án ómerkingar eða heimvísunar, með eða án nýrra gagna, raka og málsástæðna, dæmt ógilt og uppboðið fellt úr gildi í heild sinni". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti borgarfógetans í Reykjavík, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Reykjavík 17. september 1992. Lögð hafa verið fram afrit af bréfum sýslumannsins í Reykjavík til aðila málsins, þar sem því er beint til þeirra að senda greinargerðir sínar til Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með yfirlýsingu sóknaraðila 6. október sl. var þess óskað, að mál þetta yrði fellt niður fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilar Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, Landsbanki Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Varnaraðilar Landsbanki Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík hafa krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Jökull Ólafsson, greiði varnaraðilum Landsbanka Íslands og Gjaldheimtunni í Reykjavík 20.000 krónur hvorum í kærumálskostnað.

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 30/1992. **Smári Hreiðarsson**

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Kópavogskaupstað,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Ólafi Thoroddsen,
Íslandsbanka hf.,
Skífunni hf.,
Hávöxtunarfélaginu hf.,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins,
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. og
Hátorgi hf.

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. janúar 1992. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 7. janúar 1992, á fasteigninni Smiðjuvegi 14, 1. hæð austurhluta, í Kópavogi. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, ,,að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði ómerkt og vísað heim til löglegrar meðferðar með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna, sbr. 45. gr. laga nr. 75 frá 1973". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir uppboðsrétti og Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti bæjarfógetans í Kópavogi, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Kópavogi 17. júlí sl. Í bréfi sýslumannsins kemur fram, að hann hafi tilkynnt aðilum málsins, að skjölin hafi verið send Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr.

145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lögmaður sóknaraðila, Gísli G. Ísleifsson hæstaréttarlögmaður, hefur óskað þess, að mál þetta verði fellt niður.

Varnaraðilar Kópavogskaupstaður, Gjaldheimtan í Reykjavík og Fjárfestingarfélagið Skandia hf. hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar og krafist kærumálskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Smári Hreiðarsson, greiði varnaraðilum Kópavogskaupstað, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. 15.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 31/1992. **Smári Hreiðarsson**

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Íslandsbanka hf.,
Kópavogskaupstað,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Ólafi Thoroddsen,
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. og
Hátorgi hf.

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. janúar 1992. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 7. janúar 1992, á fasteigninni Smiðjuvegi 14, 1. hæð vesturhluta, í Kópavogi. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði ómerkt og vísað heim til löglegrar meðferðar með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna, sbr. 45. gr. laga nr. 75 frá 1973". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir uppboðsrétti og Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti bæjarfógetans í Kópavogi, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Kópavogi 17. júlí sl. Í bréfi sýslumannsins kemur fram, að hann hafi tilkynnt aðilum málsins, að skjölin hafi verið send Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lögmaður sóknaraðila, Gísli G. Ísleifsson hæstaréttarlögmaður, hefur óskað þess, að mál þetta verði fellt niður.

Varnaraðilar Kópavogskaupstaður, Gjaldheimtan í Reykjavík og

Fjárfestingarfélagið Skandia hf. hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar og krafist kærumálskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Smári Hreiðarsson, greiði varnaraðilum Kópavogskaupstað, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. 15.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 438/1992. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Hans Erni Viðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1992 samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi eða gæsluvarðhaldinu markaður styttri tími.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að úrskurðurinn verði staðfestur með þeirri breytingu, að „lausnardagur gæsluvarðhalds verði laugardagurinn 23. janúar 1993 kl. 16.00".

Frá 4. september 1991 hefur varnaraðili sætt fimm skilorðsbundnum refsidómum, aðallega vegna brota á 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, eru nú til rannsóknar fjölmörg kærumál á hendur varnaraðila vegna ætlaðra brota á almennum hegningarlögum, og eru þau öll frá síðari hluta þessa árs. Verður því að fallast á það mat héraðsdómara, að ástæða sé til að ætla, að varnaraðili muni halda áfram afbrotum, á meðan málum hans er ekki lokið. Ber því með vísun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að staðfesta hinn kærða úrskurð með þeirri breytingu, sem sóknaraðili óskar eftir, en ekki eru efni til þess að stytta gæsluvarðhaldstíma.

Dómsorð:

Varnaraðili, Hans Örn Viðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 laugardaginn 23. janúar 1993.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1992.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Hans Erni Viðarssyni, kt. 101174-3529, Eyjahrauni 3, Þorlákshöfn, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem lýkur kl. 16.00 í dag, til föstudagsins 23. janúar 1993 kl. 16.00.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 23. nóvember sl., var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 í dag vegna grunar um aðild að fjölmörgum þjófnaðar- og skjalafalsbrotum. Nú munu vera til rannsóknar 17 kærumál, er varða þjófnað og skjalafals með útgáfu og notkun falsaðra tékka, sem kærði er grunaður um aðild að. Kærði hefur verið yfirheyrður hjá lögreglu í flestum þessara mála, og hefur hann játað sök. Kærði hefur staðfest hér fyrir dómi, að framburðarskýrslur sínar fyrir lögreglu séu réttar.

Brot þau, er kærði er grunaður um aðild að, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkv. 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur kærði margsinnis gerst sekur um hliðstæð eða alvarlegri brot. Ástæða er því til að ætla, að kærði muni halda áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið, fari hann frjáls ferða sinna. Ber því að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um áframhaldandi gæsluvarðhald kærða, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hans Ernir Viðarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út í dag, allt til föstudagsins 23. janúar 1993 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 15. desember 1992.

Nr. 439/1992. **Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar**
gegn
þinglýsingarstjóranum í Reykjavík.

Kærumál. Þinglýsing. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, móttekinni í héraðsdómi Reykjavíkur 7. desember 1992. Kærður er úrskurður héraðsdóms 9. nóvember 1992, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um breytingar á úrlausn þinglýsingarstjórans í Reykjavík varðandi þinglýsingu uppboðsafsals fyrir bifreiðageymslu við Vindás 1-3, Reykjavík. Sóknaraðili móttók endurrit úrskurðarins 24. nóvember 1992.

Sóknaraðili gerir eftirfarandi kröfur:

„1. Að lagt verði fyrir þinglýsingarstjórann í Reykjavík að afmá af þinglesinni eignarheimild sóknaraðila að bifreiðageymslu að Vindási 1 til 3, Reykjavík, eftirfarandi athugasemd:

„Ekki er vitað hve mörgum bílastæðum Byggung hefur þegar gefið afsal fyrir."

2. Að lagt verði fyrir þinglýsingarstjórann í Reykjavík að þinglýsa uppboðsafsali til sóknaraðila, út gefnu 5. febrúar 1991 af uppboðsrétti Reykjavíkur, án fyrirvara um eignarheimild Byggung, að einstökum bílastæðum.

Loks er krafist kærumálskostnaðar úr hendi þinglýsingarstjórans í Reykjavík, ..."

Krafa sóknaraðila í héraði var sú:

„... að athugasemd sýslumanns skuli afmáð þannig, að Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar fái athugasemdalausa þinglýsingu uppboðsafsals síns fyrir bifreiðageymslu við Vindás 1-3, Reykjavík, ...".

Athugasemdin, sem krafist var í héraði, að afmáð yrði, er þessi: „Fyrirvari er gerður um eignarheimild Byggung að einstökum bílastæðum." Hinn kærði úrskurður fjallar um þessa athugasemd.

Af framanskráðu verður ekki annað ráðið en aðrar kröfur séu gerðar hér fyrir dómi en uppi voru hafðar í héraði og grundvelli málins sé þannig raskað. Ber þegar af þeim ástæðum að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Það athugast, að af gögnum málsins verður ekki ráðið, hvort þinglýsingarstjóranum í Reykjavík hefur verið kynnt fram komin kæra til Hæstaréttar og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kæru sóknaraðila er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 16. desember 1992.

Nr. 219/1992. **Fjárfestingarfélagið Skandia hf.**
gegn
Sigurjóni Ragnarssyni og
Búnaðarbanka Íslands.

Kærumál. Vörslusvipting. Aðild. Handveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili, sem fram til 29. júní 1992 bar heitið Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf., skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. maí sl. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og „lagt verði fyrir sýslumann að fylgja réttindum kæranda eftir með því að afhenda honum innstæðu á gullbók, sem er á nafni Sigurjóns Ragnarssonar, kt. 160729-2289 (HB 03), nr. 203535 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka nr. 301, eða svo mikið af henni, sem dugar til fullnustu kröfum kæranda". Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili Sigurjón Ragnarsson skilar ekki greinargerð né gerir kröfur fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili Búnaðarbanki Íslands hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Þar kemur fram, að þar sem honum hafi ekki verið stefnt til varna í Hæstarétti með framangreindri áfrýjunarstefnu, líti hann ekki á sig sem aðila málsins þar og geri því engar kröfur í málinu.

I.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, var að kröfu sóknaraðila gert fjárnám í framangreindri bankabók varnaraðila Sigurjóns Ragnarssonar 29. nóvember 1991. Búnaðarbanki Íslands hafði bókina að handveði samkvæmt samningi við varnaraðila Sigurjón Ragnarsson frá 2. apríl 1987, þar sem sagt var, að innstæða bókarinnar væri „til tryggingar öllum skuldbindingum" hans og Hress-

ingarskálans hf. við bankann. Sóknaraðili tilkynnti bankanum um fjárnámið með símskeyti, sem svarað var um hæl af hálfu bankans. Í svarinu var vísað til handveðssamningsins og sagt, að fjárnámið væri ekki raunhæft.

Sóknaraðila bar að beina kröfu sinni um vörslusviptingu að Búnaðarbanka Íslands sem handveðsréttarhafa jafnhliða varnaraðila Sigurjóni Ragnarssyni, en það gerði hann ekki. Af hálfu Búnaðarbankans var engu að síður mætt við fyrirtöku málsins í fógetarétti Reykjavíkur og tekið til varna. Var því rétt að líta svo á, að bankinn yrði aðili málsins sem gerðarþoli jafnhliða varnaraðila Sigurjóni Ragnarssyni. Í framangreindum athugasemdum lögmanns Búnaðarbankans til Hæstaréttar segir beinlínis, að bankinn hafi verið aðili að málinu fyrir fógetarétti Reykjavíkur.

Með bréfi Hæstaréttar til borgarfógetaembættisins í Reykjavík 24. júní 1992 var þess óskað, að mál þetta yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Reykjavík 18. september 1992. Með því fylgdi meðal annars afrit af bréfi hans sama dag til lögmanns Búnaðarbanka Íslands, þar sem kærumál þetta var kynnt og því beint til hans að senda Hæstarétti greinargerð og kröfur bankans. Hinn 27. september sl. voru Hæstarétti sendar þær athugasemdir, sem áður voru nefndar.

Þar sem Búnaðarbanka Íslands hefur verið gefinn kostur á að gæta réttar síns hér fyrir dómi, eftir að mál þetta varð kærumál samkvæmt lögum nr. 90/1989, verður litið á hann sem varnaraðila og málinu eigi vísað frá Hæstarétti, þótt honum hafi ekki verið stefnt til varna með áfrýjunarstefnu sóknaraðila 19. maí 1992.

II.

Þau handveðsréttindi, sem varnaraðili Búnaðarbanki Íslands öðlaðist með áðurgreindum samningi frá 2. apríl 1987, njóta réttarverndar gagnvart skuldheimtumönnum veðþolans. Ekki liggur fyrir í málinu, að varnaraðili Sigurjón Ragnarsson hafi gert upp við varnaraðila Búnaðarbanka Íslands þær skuldbindingar, er handveðssamningurinn átti að tryggja.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skír-

skotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður niðurstaða hans staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kröfu sóknaraðila, Fjárfestingarfélagsins Skandia hf., er synjað.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 24. apríl 1992.

Gerðarbeiðandi er Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfélagsins, kt. 590789-2089, Reykjavík, v/Verðbréfasjóðsins hf., kt. 510185-1109, Reykjavík.

Gerðarþoli er Sigurjón Ragnarsson, kt. 160729-2289, Blikanesi 13, Garðabæ, en ekki er tekið til varna af hans hálfu í málinu.

Búnaðarbanki Íslands tekur til varna í málinu sem vörslumaður hins fjárnumda og handveðsréttarhafi.

Gerðarbeiðandi gerir þá kröfu, að sér verði afhent innstæða á gullbók nr. 203535 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, sem er á nafni Sigurjóns Ragnarssonar, gerðarþola í máli þessu, eða svo mikið af henni sem dugir til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar úr hendi gerðarþola skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti. Jafnframt krefst gerðarbeiðandi þess, að málflutningsþóknun beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu úrskurðarins.

Búnaðarbanki Íslands gerir þær kröfur aðallega, að hafnað verði kröfu gerðarbeiðanda um afhendingu á innstæðu gullbókar nr. 203535 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka. Til vara er þess krafist, ef fallist verði á kröfu gerðarbeiðanda, að það verði gert að geymdum betra rétti gerðarþola. Þá gerir gerðarþoli kröfu um málskostnað úr hendi gerðarbeiðanda skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti. Einnig krefst hann þess, að málskostnaður beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu úrskurðarins.

Málavextir.

Hinn 29. nóvember 1991 var í fógetarétti Garðakaupstaðar að kröfu Verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins v/Verðbréfasjóðsins gert fjárnám hjá Sigurjóni Ragnarssyni fyrir 1.159.055,50 kr. með vöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 20.7. 1987 til greiðsludags, 3.520 kr. fyrir gerðarbeiðni og 138.000 kr. í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og fyrri gerðir og alls kostnaðar vegna síðari réttargerða, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda. Til tryggingar skuldinni var skrifuð upp gullbók nr. 203535 í Bún-

aðarbanka Íslands, aðalbanka, eða svo mikið af henni sem dugir til fullnustu kröfunnar.

Gerðin fór fram á heimili gerðarþola að honum fjarstöddum, en fyrir hann mætti að tilhlutan fógeta Guðmundur Sigurjónsson.

Skv. réttarskjali nr. 4 sendi gerðarbeiðandi gerðarþola símskeyti og tilkynnti honum um fjárnámið. Síðar sama dag sendir Óskar Thorarensen hdl. lögmanni gerðarbeiðanda hraðskeyti þess efnis, að bankinn telji fjárnámið óraunhæft, vegna þess að bankinn hafi nefnda gullbók að handveði. Sbr. réttarskjal nr. 5 var bankabókin sett að handveði fyrir öllum skuldum Sigurjóns og Hressingarskálans hf. við bankann. Handveðssetningin tekur einnig til vaxta af bókinni og fjárhæða, sem síðar eru lagðar inn á hana.

Með beiðni, dagsettri 23. janúar sl., beiddist gerðarbeiðandi vörslusviptingar á nefndri bók, svo að unnt væri að selja hana á uppboði. Beiðnin ber með sér, að afhent hafi verið ljósrit af uppboðsbeiðni, en það fylgdi ekki. Við fyrirtöku vörslusviptingarbeiðninnar var mætt af hálfu Búnaðarbankans og tekið til varna.

Gerðarbeiðandi reisir kröfu sína á því, að aðfararveð hafi verið lagt á bankabókina eða innstæðu hennar og það sé ekki fógetaréttar Reykjavíkur, hliðsetts dómstóls við fógetarétt Garðakaupstaðar, að endurskoða þá gerð. Þá byggir gerðarbeiðandi á því, að handveðssetningin breyti engu um kröfu sína til afhendingar á bókinni. Vörslusviptingin byggist á 47. gr. laga nr. 19/1887.

Búnaðarbanki Íslands reisir kröfu sína um höfnun gerðarinnar á því, að hann hafi haft vörslur bókarinnar sem handveðsréttarhafi allt frá árinu 1987 til tryggingar öllum skuldbindingum Sigurjóns Ragnarssonar og/eða Hressingarskálans hf. við bankann. Þessar skuldir séu mun meiri en nemi innstæðu bókarinnar. Gerðarþoli kveður það alkunna staðreynd eftir réttarreglum um rétthæð veðréttinda, að handveðsréttur bankans gangi framar rétti fjárnámshafa, sem síðar er til kominn.

Varakröfu sína reisir Búnaðarbankinn á því, að verði honum gert að afhenda innstæðu bókarinnar, verði það ekki gert nema að geymdum betra rétti hans sem handveðsréttarhafa.

Niðurstaða.

Með yfirlýsingu, dagsettri 2. apríl 1987, setti gerðarþoli Búnaðarbanka Íslands að handveði sparisjóðsbók (gullbók) nr. 203535 við aðalbanka Búnaðarbankans. Innstæða bókarinnar var þá 9.151.521 kr., og skyldi bókin tryggja allar skuldbindingar gerðarþola og/eða Hressingarskálans hf. gagnvart bankanum. Veðsetningin tók einnig til vaxta af innstæðunni og frekari innlagna.

Gerðarbeiðanda var heimilt að gera fjárnám í bókinni eða innstæðu

hennar og krefjast í framhaldi af því vörslusviptingar. Fjárnámið var þó gert í skilyrtum réttindum gerðarþola skv. handveðssamningnum til innstæðu bókarinnar og að geymdum betra rétti þriðja manns.

Ekki er unnt að fallast á þá röksemd gerðarbeiðanda, að ákvörðun um vörslusviptingu eigi ekki undir fógetarétt Reykjavíkur. Þrátt fyrir það að aðfararveð hafi verið lagt á bókina í fógetarétti Garðakaupstaðar, verður að skoða beiðni um vörslusviptingu sem endurupptöku þeirrar gerðar, þar sem ákvörðun á að taka um, hvort taka skuli hið fjárnumda úr vörslum þriðja manns, sbr. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 19/1887. Ákvörðun um þetta var ekki tekin, er fjárnámið var gert 29. nóv. 1991.

Rétturinn fellst á með gerðarþola, að fjárnámið gangi ekki framar rétti bankans sem handveðsréttarhafa, enda hefur gerðarbeiðandi ekki rengt handveðssetninguna eða gerninginn að baki henni. Þá hefur því ekki heldur verið haldið fram, að kröfur Búnaðarbankans á hendur gerðarþola séu minni en innstæða bókarinnar.

Meðan handveðssamningurinn er í gildi, telst hann til tryggingar skuld gerðarþola og/eða Hressingarskálans hf. við Búnaðarbanka Íslands. Telja verður, að Búnaðarbankanum sé heimilt að halda veðinu ótímabundið til tryggingar skuldinni, meðan ekki er ljóst, hve mikið er inni á bókinni umfram skuld gerðarþola og/eða Hressingarskálans við bankann. Vegna tilvistar handveðssamnings verður bankabókin því ekki tekin úr vörslum bankans.

Málskostnaður fellur niður.

Halldór Halldórsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda, Verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins v/Verðbréfasjóðsins hf., um afhendingu bankabókar nr. 203535 við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. desember 1992.

Nr. 511/1991. **Guðmundur Þórðarson**
gegn
Jóni Friðgeiri Einarssyni,
Ísafjarðarkaupstað,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Sindra-Stáli hf.,
Pólnum hf.,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
Sparisjóði Bolungarvíkur,
Jens Kristmannssyni og
Iðnlánasjóði.

Kærumál. Nauðungarppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að málsmeðferð uppboðsréttar Ísafjarðar og Ísafjarðarsýslu vegna nauðungaruppboðs 16. desember 1991 á fasteigninni Pollgötu 4, verslunarhúsnæði A, Ísafirði, verði ómerkt og málinu annaðhvort vísað frá uppboðsrétti eða vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann þess, að varnaraðilum verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Varnaraðilarnir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Iðnlánasjóður krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila, sem verði ákveðinn með hliðsjón af 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu annarra varnaraðila hafa ekki verið gerðar kröfur.

Mál þetta var þingfest í uppboðsrétti Ísafjarðar og Ísafjarðarsýslu 5. júní 1991, og var þá meðal annars lögð fram uppboðsbeiðni Jóns Fr. Einarssonar. Uppboðið hafði verið auglýst í 52., 58. og 65. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1991. Ekki var mætt af hálfu sóknaraðila við þingfestingu. Málinu var frestað til 10. september 1991 og síðan

aftur til 15. október sama ár, en þá fór fram fyrsta sölutilraun. Sóknaraðili mætti þá og óskaði eftir fresti, sem ekki var veittur. Aðeins eitt boð kom í eignina, og var ákveðið, að fram færi annað og síðara uppboð 19. nóvember 1991. Fór það fram þann dag, og kom aðeins eitt boð í eignina. Af hálfu sóknaraðila var enginn mættur, en að kröfu varnaraðilans Sjóvá-Almennra tryggínga hf. var ákveðið þriðja og síðasta uppboð mánudaginn 16. desember 1991. Var uppboðið auglýst í Morgunblaðinu sem þriðja og síðasta uppboð, en fasteignin var þar ranglega nefnd Tollgata 4.

Málið var síðan tekið fyrir 16. desember 1991 að Pollgötu 4, og var þá bókað meðal annars:

„Af hálfu uppboðsbeiðenda mæta Jón Fr. Einarsson ásamt Tryggva Guðmundssyni hdl., sem mætir f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar og lögmanna Hamraborgar, Óskar Eggertsson v/Pólsins og Arnar G. Hinriksson hdl. v/Sjóvár-Almennra h/f.

Af hálfu uppboðsþola mætir Guðmundur Þórðarson.

Uppboðshaldari gætir hagsmuna ríkissjóðs.

...

Uppboðshaldari kynnir framlögð skjöl. Veðmálabækur og söluskilmálar liggja frammi. Uppboðshaldari lýsir eftir athugasemdum við framgang og framkvæmd uppboðsins, og koma þær ekki fram.

Uppboðshaldari lýsir eftir boðum í eignina.

1. F. h. Iðnlánasjóðs býður Tryggvi Guðmundsson hdl. kr. 3.000.000,- og krefst útlagningar.

2. Jens Kristmannsson býður sjálfur kr. 3.500.000,-.

3. F. h. Jóns Fr. Einarssonar býður Tryggvi Guðmundsson hdl. kr. 4.000.000,- og krefst útlagningar.

4. Jens Kristmannsson býður sjálfur kr. 4.200.000,-.

5. F. h. Jóns Fr. Einarssonar býður Tryggvi Guðmundsson hdl. kr. 4.500.000,- og krefst útlagningar.

6. Jens Kristmannsson býður sjálfur kr. 5.000.000,-.

Fleiri boð koma ekki fram, og lýsir uppboðshaldari því yfir, að sölutilraunum sé lokið.

Uppboðshaldari tekur sér lögmætan frest til þess að taka afstöðu til framkominna boða."

Viðstaddir undirrituðu bókun þessa nema sóknaraðili, sem samkvæmt bókun neitaði að undirrita hana.

Krafa sóknaraðila um, að uppboðsmeðferðin verði ómerkt, er á því byggð, að hin selda eign hafi ekki verið auglýst í samræmi við 3. mgr., sbr. 2. mgr. laga nr. 57/1949, en það sjáist á auglýsingu, sem lögð var fram í málinu, að eignin hafi ranglega verið auglýst sem Tollgata 4, en ekki sem Pollgata 4. Hin selda eign hafi því alls ekki verið auglýst. Þetta hefði uppboðshaldari átt að taka til úrlausnar ex officio og leiðbeina uppboðsþola, sem er ólöglærður, að hann gæti krafist þess, að uppboðið færi ekki fram. Þetta hafi hann ekki gert, og því beri að ómerkja uppboðið.

Í athugasemdum uppboðshaldarans, Ólafs Helga Kjartanssonar, sýslumanns á Ísafirði, sem hann sendi Hæstarétti, segir svo:

„... Í auglýsingunni misritaðist Pollgata þannig að í staðinn gaf að lesa Tollgata. Misritun þessi varð af hálfu Morgunblaðsins. Uppboðshaldari vakti sérstaka athygli á misrituninni á uppboðsstað. Þar var uppboðsþoli, Guðmundur Þórðarson, mættur. Aðspurður um afstöðu til þessarar misritunar vildi hann engu svara. ...

Það ber að ítreka, að þó ekki hafi sérstaklega verið bókað um framangreint, vakti uppboðshaldari athygli viðstaddra á misrituninni, án þess að athugasemdir kæmu frá uppboðsþola, þótt eftir því væri leitað."

Telja verður upplýst í málinu, að gata með heitinu Tollgata sé ekki til á Ísafirði.

Samkvæmt bókun í uppboðsréttinum 16. desember 1991 gætti uppboðshaldari ekki leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart uppboðsþola, sem er ólöglærður, og er það aðfinnsluvert. Á hinn bóginn kemur greinilega fram í bókuninni, að uppboðshaldari lýsti eftir athugasemdum við framgang og framkvæmd uppboðsins, og komu þær ekki fram. Af hálfu sóknaraðila er ómerkingarkrafa eingöngu byggð á fyrrnefndri misritun á nafni fasteignarinnar í auglýsingu fyrir þriðja og síðasta uppboð. Ekkert hefur komið fram í málinu um aðra annmarka á undirbúningi eða framkvæmd uppboðsins. Þegar til þess er litið svo og þess, að ekki verður séð, að framangreind misritun hafi valdið sóknaraðila réttarspjöllum, þykja ekki efni til að verða við kröfu hans um ómerkingu uppboðsins. Verður það því staðfest.

Samkvæmt þessu verður sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hin kærða uppboðsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Guðmundur Þórðarson, greiði varnaraðilum fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Iðnlánasjóði 20.000 krónur hvorum um sig í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 442/1992. **Autohaus Feldstrasse**

gegn

Magnúsi Jóhanni Óskarssyni.

Kærumál. Varnarþing. Erlendur dómur. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 27. nóvember 1992, sem barst Hæstarétti 14. desember sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, er varðar málskostnað. Krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Í máli þessu liggur fyrir dómur þýsks dómstóls, sem samkvæmt óvefengdum varnarþingssamningi aðilanna hafði lögsögu yfir ágreiningsefni þeirra. Skilja verður málshöfðun sóknaraðila svo, að hún miði einungis að því að afla fyrrgreindum dómi aðfararhæfis hér á landi, þar sem tilraunir hans til að fá dómskuldina greidda hafi engan árangur borið. Þar sem varnarþingssamningi aðilanna hefur samkvæmt framansögðu verið fullnægt, verður að fallast á það með sóknaraðila, að sú niðurstaða væri óeðlileg, sem meinaði honum að fá úrlausn hérlendra dómstóla um kröfu þá, sem hann hefur uppi í málinu. Verður hinn kærði frávísunarúrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Rétt þykir að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Varnaraðili, Magnús Jóhann Óskarsson, greiði sóknaraðila, Autohaus Feldstrasse, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 25. nóvember 1992.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um fram komna frávísunarkröfu stefnda 19. nóvember sl., er höfðað af Autohaus Feldstrasse, Feldstrasse 59, 2000 Hamborg 6, Þýskalandi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. nóvember 1991, á hendur Magnúsi Jóhanni Óskarssyni, kt. 280941-2129, Brautarási 12, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda DEM 4.837,50 ásamt 7% ársvöxtum frá 10.10. 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar hér fyrir dómi að skaðlausu að mati réttarins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sem leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til þrautavara, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar þannig, að með þeim verði aðeins bætt það tjón, sem stefnandi sannanlega hefur orðið fyrir.

Í öllum tilvikum er gerð krafa um málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ ásamt virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

— — —

Málsástæður stefnda.

Aðalkrafa stefnda er um frávísun, og er sá þáttur málsins hér til úrlausnar. Verður því einungis fjallað um þær málsástæður stefnda, sem að þeim þætti snúa.

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á 1. mgr. l. nr. 85/1936. Aðilar hafi samið um varnarþing í Hamborg. Á grundvelli varnarþingssamningsins hafi dómur um sömu kröfur milli sömu aðila þegar gengið í Amtsgericht Hamburg í Þýskalandi. Sé frávísun málsins eðlilegur og rökréttur kostur. Stefnandi máls þessa hafi verið í yfirburðaaðstöðu við samningsgerðina við stefnda. Hafi sú aðstaða falist í því annars vegar, að stefnandi, sem hafi bílaviðskipti að atvinnu sinni, hafi samið eða látið semja fyrir sig hið staðlaða eyðublað, sem notað hafi verið í viðskiptunum, auk þess sem hann einn hafi kunnað tungumál það, sem samningurinn var gerður á. Eðlilegt sé, að stefnandi beri af því hallann að hafa samið um varnarþing í Ham-

borg og girt þannig fyrir það að fá málið dæmt fyrir íslenskum dómstólum. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að gæta þess að takmarka ekki svo möguleika sína, hvað varnarþing varði, með því að nota annars konar staðlað samningseyðublað, er hann hafi gert samninga við útlenda menn frá ríkjum, sem ekki viðurkenni dóma þýskra dómstóla.

Sjónarmið stefnanda varðandi frávísunarkröfu.

Stefnandi mótmælir kröfu stefnda um frávísun og telur nauðsynlegt að fá aðfararhæfan dóm fyrir kröfunum. Þá gerir stefnandi kröfu um, að málskostnaður verði ákvarðaður sérstaklega fyrir þennan þátt málsins, hvernig sem niðurstaðan verði. Stefnandi kveðst í raun ekki vera að krefjast nýs dóms, heldur eingöngu dóms, sem verði samhljóða hinum þýska dómi. Sé málið því í raun ekki rekið öðru sinni, heldur einungis verið að krefjast viðurkenningar á aðfararhæfi hins þýska dóms í formi íslensks dóms.

III.

Niðurstaða.

Dómskjal nr. 3 hefur samkvæmt texta skjalsins að geyma skuldbindandi pöntun stefnda, undirritaða af honum, á bifreið hjá fyrirtæki stefnanda. Ekki er ágreiningur um það með aðilum, að skjal þetta hafi að geyma þá skilmála, sem aðilar sömdu um, að skyldu gilda í viðskiptum þeirra. Á bakhlið skjalsins eru í tíu köflum almennir viðskiptaskilmálar.

Í X. kafla er sérstakt ákvæði um varnarþing, sem hljóðar svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda, sbr. dskj. nr. 18:

„X. Efndastaður og varnarþing.

1. Efndastaður er aðsetur seljanda.

2. Fyrir allar núverandi og síðari kröfur, sem kunna að rísa úr viðskiptasambandi við viðskiptaaðila, þar með taldar víxla- og tékkakröfur, er varnarþing eingöngu aðsetur seljanda.

3. Sama varnarþing gildir, ef kaupandi er ekki með almennt varnarþing innan lands, flytur eftir gerð samnings heimilisfang sitt eða venjulegan dvalarstað úr landi eða ef ekki er vitað um heimilisfang hans eða venjulegan dvalarstað á þeim tíma, sem kæra er borin fram."

Í þýðingunni er talað um „kæru", sem er bein þýðing á þýska orðinu „Klage", en hin þýska „Klage" svarar til stefnu á Íslandi.

Með ákvæði þessu semja aðilar sig undan öðrum mögulegum varnarþingum í deilumálum, sem kunna að rísa af viðskiptunum. Í samræmi við það höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda fyrir Amtsgericht í Hamborg. Er á bls. 4 í stefnunni á dskj nr. 8 sérstaklega vísað til varnarþingssamnings aðila í X. kafla samningsins. Útivistardómur var því næst kveðinn upp í samræmi við kröfur stefnanda, sbr. dskj. nr. 9.

Samningur aðila um varnarþing er ekki aðeins skuldbindandi fyrir stefnda, sem verður með honum að hlíta því, að mál vegna viðskiptanna verði einungis rekið fyrir dómi í Hamborg, heldur er stefnandi einnig bundinn af þessu ákvæði, en samkvæmt orðanna hljóðan er ákvæðið ekki undanþægt. Með því að krafa sú, sem rekin er hér fyrir dómi, er sprottin af framangreindum samningi aðila, ber að vísa máli þessu frá dómi að kröfu stefnda. Málskostnaður ákveðst 50.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts, en stefndi hefur ekki gert grein fyrir virðisaukaskattsskyldu sinni.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Autohaus Feldstrasse, Feldstrasse 59, 2000 Hamborg 6, Þýskalandi, greiði stefnda, Magnúsi Jóhanni Óskarssyni, Brautarási 12, Reykjavík, 50.000 kr. í málskostnað ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðarins til greiðsludags.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 91/1991. **Þrotabú Sigurðar H. Garðarssonar**
gegn
Tómasi Tómassyni.

Hafning. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sigurður H. Garðarsson áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. febrúar 1991. Bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 5. júní 1992, og hefur þrotabúið tekið við aðild málsins.

Af hálfu áfrýjanda var sótt dómþing 2. desember sl. og þess óskað, að mál þetta yrði fellt niður. Af hálfu stefnda var sótt dómþing og samþykkt, að málið yrði fellt niður, en krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu um málskostnað mótmælt, þar sem frestur til að lýsa kröfum í þrotabúið sé liðinn, en einu afskipti búsins af málarekstrinum hafi verið að óska eftir, að málið yrði fellt niður.

Samkvæmt 72. gr., sbr. 189. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti tekur þrotabú við öllum fjárhagslegum skyldum þrotamanns, er úrskurður um gjaldþrotaskipi er kveðinn upp. Skiptastjóri tók ekki ákvörðun um niðurfellingu máls þessa, fyrr en kröfulýsingarfrestur var úti. Áður en sú ákvörðun var ráðin og meðan málið var til meðferðar í Hæstarétti, var ekki þörf á að lýsa málskostnaðarkröfu í bú áfrýjanda.

Mál þetta fellur niður, en rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, þrotabú Sigurðar H. Garðarssonar, greiði stefnda, Tómasi Tómassyni, 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 107/1991. **Þorvaldur Ólafsson**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
þrotabúi Hafskips hf.
(Gestur Jónsson hrl.).

Gjaldþrot. Umboðssamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. mars 1991. Hann krefst þess að verða „sýknaður af kr. 4.726.795,00 auk tilsvarandi vaxta og að kröfur stefnanda í héraði verði að öðru leyti lækkaðar verulega". Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hluti kröfu stefnda, 4.726.795 krónur, sem gjaldfallinn var fyrir 4. október 1985, ásamt vöxtum, sé fyrndur samkvæmt 1. eða 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Þá heldur áfrýjandi því fram, að samningi sínum og Hafskips hf. hafi verið breytt munnlega á þann veg, að hann hafi ekki að neinu leyti átt að bera tap af rekstri starfsemi þeirrar, sem hann tók að sér samkvæmt samningnum við félagið. Verði eigi á það fallist, er því haldið fram, að leita beri sömu niðurstöðu með því að breyta efni samnings síns við Hafskip hf. samkvæmt heimild í ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Þá mótmælir áfrýjandi því, að sér verði gert að greiða vexti af kröfu stefnda. Vexti megi fyrst reikna frá þeim tíma, er krafa var gerð af hálfu stefnda á árinu 1987. Ekki séu fyrir hendi nein samtímagögn um vextina, og þeir hafi ekki verið færðir á viðskiptareikning sinn.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir því efni samnings áfrýj-

anda og Hafskips hf. frá byrjun árs 1984, er hér skiptir máli. Er ágreiningslaust, að eftir gjaldþrot Hafskips hf. 6. desember 1985 annaðist áfrýjandi starfsemi þessa fyrir Íslenska skipafélagið hf. á grundvelli umræddra samnings.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um, að ekki sé grundvöllur til að telja hluta höfuðstóls skuldarinnar fyrndan. Þá eru ekki skilyrði til að breyta efni samnings áfrýjanda við Hafskip hf. á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Stefndi fékk dómkvadda matsmenn til að gefa yfirlit yfir höfuðstól skuldar áfrýjanda við Hafskip hf. og Íslenska skipafélagið hf. af viðskiptum hans við þau. Er gerð grein fyrir matsgerðinni og niðurstöðum matsmanna í hinum áfrýjaða dómi.

Fram er komið, að Hafskip hf. tók á sig að greiða hluta af tapi áfrýjanda á rekstri skipaafgreiðslunnar 1984, og hefur krafa stefnda verið lækkuð sem því nemur. Er þetta ágreiningslaust.

Samkvæmt framburði Ragnars Kjartanssonar, framkvæmdastjóra Hafskips hf., og Sigurþórs C. Guðmundssonar, aðalbókara félagsins, fyrir skiptarétti Reykjavíkur og héraðsdómi í máli þessu, kemur fram, að áfrýjanda hafi á árinu 1985 verið gefið vilyrði um, að félagið tæki þátt í að greiða tap, sem verða kynni af þessari starfsemi hans, að því tilskildu, að hann lækkaði kostnað við reksturinn og reyndi að samræma hann tekjum. Í skráðum minnisatriðum Sigurþórs frá fundi í marsmánuði 1985 kemur fram, að áfrýjanda hafi verið „beinlínis lofað að hann yrði ekki látinn tapa á dæminu".

Telja verður fram komið, að forsendur þær, sem lagðar voru til grundvallar samskiptum áfrýjanda og félagsins í upphafi, hafi brugðist að nokkru leyti og flutningar með skipum þess orðið minni en áður. Með samkomulaginu, sem gert var í marsmánuði 1985, tók félagið á sig að greiða hluta af tapi á þessum rekstri áfrýjanda árið 1984, eins og fyrr er getið. Þykir mega skýra ummæli fyrirsvarsmanns og starfsmanns Hafskips hf. svo, að áfrýjanda hafi verið lofað, að aðstoð félagsins við hann yrði svipuð og áður. Fram er komið, að áfrýjandi sendi félaginu mánaðarlega skilagrein um viðskipti mánaðarins á undan, þar sem fram kom einnig kostnaður við umboðsstarfsemi hans. Gögn áfrýjanda um reksturinn eru ófullkomin og veita ekki fullnægjandi upplýsingar um, hvert tap varð

á þessum rekstri hans, en telja verður þó nægilega fram komið, að tap hafi orðið. Sjá má í gögnum málsins, að í bókhaldi Hafskips hf. hafi í október 1985 verið færð þátttaka í taprekstri áfrýjanda það ár, að fjárhæð 1.385.055 krónur, með fyrirvara um samþykki. Fjárhæðin hafi verið færð til baka að ósk skiptastjóra við uppgjör eftir gjaldþrot félagsins, þar sem samþykkið lá ekki fyrir. Rétt þykir með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, að lækka höfuðstól kröfu stefnda að álitum um 650.000 krónur.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram, að í bókhaldi Hafskips hf. voru ekki færðir dráttarvextir af viðskiptaskuld áfrýjanda fyrr en í október 1985 og þá aðeins í þeim mánuði og svo ekki á ný fyrr en í febrúar 1986, eftir að félagið var orðið gjaldþrota. Af gögnum málsins kemur fram, að í febrúar 1986 hafi farið fram árangurslausar tilraunir stefnda til að fá áfrýjanda til að ganga til uppgjörs. Þykir rétt með hliðsjón af þessu og með vísan til ákvæðis 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, að áfrýjanda verði ekki gert að greiða dráttarvexti af skuld sinni fyrr en frá 1. apríl 1986.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda 6.787.153 krónur (7.437.153 ÷ 650.000) með dráttarvöxtum frá 1. apríl 1986, eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Þorvaldur Ólafsson, greiði stefnda, þrotabúi Hafskips hf., 6.787.153 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987 og 2,5% frá þeim degi til 14. apríl s. á, en frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 5. febrúar 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með stefnu, birtri 4. október 1989.

Stefnandi er þrotabú Hafskips hf., nnr. 1380-3005, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Stefndi er Þorvaldur Ólafsson, nnr. 9816-6874, Drangavöllum 4, Keflavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 9.485.529 kr., ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af 4.726.795 kr. auk tilsvarandi vaxta og að stefnukröfur að öðru leyti verði lækkaðar verulega og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Þess er krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Jafnframt er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda virðisaukaskatt á dæmdan málskostnað.

II.

Aðdragandi málsins er sá, að í byrjun árs 1984 var gerður samningur milli Hafskips hf. annars vegar og stefnda hins vegar, þar sem stefndi gerðist umboðsmaður Hafskips hf. á Suðurnesjum. Aðalefni samningsins var, að Hafskip hf. færði vörur, sem það flutti til landsins fyrir viðskiptamenn á umboðssvæði stefnda, í vöruhús hans í Keflavík. Stefndi geymdi síðan vöruna, afgreiddi hana til eigenda jafnframt því að innheimta farmgjöld. Jafnframt því réð stefndi samkvæmt samningnum verkafólk við skipaafgreiðslu, útvegaði vinnuaðstöðu á hafnarbakka, krana, lyftara og fleira. Stefndi fékk samkvæmt samningi tiltekið hlutfall flutningsgjalda í þóknun fyrir umboðsmennsku sína, 1-2%, auk hluta uppskipunargjalda, akstursog vaxtatekna og gjalda vegna vöru, er hann geymdi í vörugeymslu sinni umfram ákveðinn dagafjölda. Þá skyldi stefndi einnig njóta 70% uppskipunargjalda fram til áramóta 1984/85 samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi, sem fram kemur í fylgiskjali með samningnum. Í fylgiskjalinu kemur einnig fram, að stefndi gerði að tillögu sinni, að Hafskip hf. legði fram fé vegna stofnkostnaðar umboðsins, 470.000 kr. Þessu var hafnað af forráðamönnum Hafskips hf., en samkomulag gert um, að ofangreind fjárhæð mætti vera í skuld vaxtalaus á viðskiptareikningi hans hjá Hafskip hf., og skyldi það sæta endurskoðun síðar.

Stefndi hefur borið fyrir rétti, að fyrir gerð samningsins hafi legið fyrir

af hálfu Hafskips hf. áætlanir um heildartekjur væntanlegs umboðs. Á grundvelli þeirra hafi verið ákvörðuð þóknun til hans og aðrar tekjur. Stefndi hafi hins vegar séð, að þær tekjur myndu ekki nægja fyrir hallalausum rekstri umboðsins miðað við kostnaðaráætlanir, er hann gerði ásamt endurskoðanda sínum. Vegna þessara efasemda hafi ákvæði á fylgiskjölum samningsins komið til. Auk þessara viðbótarákvæða taldi stefndi sig hafa fengið vilyrði viðsemjenda sinna um, að hann bæri ekki halla af rekstrinum.

Viðskipti stefnda og Hafskips hf. fóru fram í samræmi við samning þeirra, þ. e. Hafskip hf. skuldfærði stefnda á viðskiptareikningi fyrir öllum flutningsgjöldum af þeim vörum, sem til umboðsins fóru, svo og öllum eftirkröfum og kostnaði vegna flutningsins. Jafnframt voru stefnda færðar til tekna í einu lagi umboðslaun hans af sömu flutningum.

Samkvæmt samningnum bar stefnda að gera mánaðarlega skil á greiddum flutningskostnaði og senda Hafskipi hf. uppgjör fyrir 20. hvers mánaðar. Starfsmaður stefnda annaðist gerð þessara skilagreina og sendi þær Hafskipi hf. fyrir tilskilinn dag ásamt kostnaðarreikningum umboðsins. Skilagreinum skyldu fylgja yfirlit yfir útistandandi ógreiddan flutningskostnað, enda var það á ábyrgð stefnda, ef hann veitti gjaldfrest á greiðslu hans. Um hver mánaðamót sendi síðan Hafskip hf. umboðinu yfirlit um stöðu viðskiptanna.

Í árslok 1984 og í byrjun árs 1985 mótmæltu forráðamenn Hafskips hf. bréflega uppgjörum og skilagreinum frá stefnda og sérstaklega þeirri aðferð að draga ákveðinn kostnað við rekstur umboðsins frá tekjum Hafskips hf. við skil til félagsins.

Samkvæmt bókhaldi stefnda reyndist verulegur halli á rekstri umboðsins árið 1984. Voru rekstrargjöld mánuðina apríl til desember 1984 1.715.552 kr. umfram tekjur, og gerði stefndi kröfu um, að Hafskip hf. greiddi þann mun. Eftir nokkrar viðræður var gert samkomulag þess efnis, að Hafskip hf. tæki að sér að greiða 70% rekstrargjalda umboðsins umfram tekjur fyrir starfsárið 1984. Stefndi hefur haldið því fram, að með þessu samkomulagi væri hann að taka á sig 30% af tapi á rekstrinum, sem þó yrði ekki til frambúðar. Hafi niðurstaða þessa samkomulags og umræðna, er fram fóru í kjölfarið, verið, að Hafskip hf. ætlaði að leysa málið þannig, að stefndi yrði skaðlaus af rekstri umboðsins. Hafi Hafskip hf. ætlað að greiða allan breytilegan kostnað og sanngjarnan fastan kostnað við reksturinn.

Hafskip hf. fékk greiðslustöðvun (sic) 18. nóvember 1985, og sama dag var stofnað nýtt skipafélag, Íslenska skipafélagið hf., sem tók við Íslandssiglingum Hafskips hf. Við stofnun Íslenska skipafélagsins hf. tók stefndi að sér umboð fyrir það félag á Suðurnesjum á sama grundvelli og hann

hafði áður gert fyrir Hafskip hf. Íslenska skipafélagið hf. framseldi Útvegsbanka Íslands kröfur sínar á hendur stefnda, sem síðan framseldi kröfurnar til stefnanda. Í máli þessu er í einu lagi gerð krafa um skil fyrir umboð fyrir Hafskip hf. og Íslenska skipafélagið hf.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 6. desember 1985 var bú Hafskips hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Þá þegar var óskað eftir uppgjöri frá stefnda, en samkvæmt bókhaldi Hafskips hf. skuldaði hann félaginu verulegar fjárhæðir. Þar sem ekki var orðið við þessu af hálfu stefnda, var haldinn fundur stefnda og bústjóra þrotabúsins 14. febrúar 1986. Lagði stefndi þá fram reikning, þar sem hann gerði þá kröfu, að stefnandi greiddi sér rekstrarhalla umboðsins frá 1. janúar 1985 til 30. apríl 1986, og taldi hann sig því eiga inneign hjá stefnanda. Samkvæmt viðskiptareikningi stefnanda 30. apríl 1986 nam höfuðstóll skuldar stefnda hins vegar samtals 7.524.340 kr., þ. e. í samræmi við bókhald Hafskips hf. og Íslenska skipafélagsins hf.

Á fundinum 14. febrúar 1986 bauð stefnandi stefnda, að allar óafgreiddar vörur hjá umboðinu yrðu fluttar til Reykjavíkur og afgreiddar frá þrotabúinu. Stefndi gæti þannig dregið úr þeim kostnaði, sem hann taldi sig verða fyrir við afgreiðslu þeirra. Jafnframt yrðu ógreidd flutningsgjöld vegna þessara vara bakfærð af viðskiptareikningi stefnda svo og umboðslaun hans. Ekki kom til þess, að stefndi tæki þessu boði stefnanda. Á fundi málsaðila 26. mars 1986 var ákveðið að láta yfirfara uppgjör stefnda fyrir árið 1985 með tilliti til þess, hvort þeir kostnaðarliðir, sem þar voru taldir, væru vegna rekstrar umboðsins og hvort hann teldist eðlilegur. Verk þetta var unnið af Þorvaldi Björnssyni, fyrrum fulltrúa forstjóra Hafskips hf., og skilaði hann athugasemdum sínum, dags. 8. apríl 1986. Stefndi fékk þessar athugasemdir til meðferðar og svaraði þeim með bréfi lögmanns síns, dags. 2. maí 1986. Ljóst var þá, að mikið bar á milli um viðskiptin, og leiddu frekari samningaumleitanir ekki til niðurstöðu. Á skiptafundi í þrotabúi Hafskips hf. 20. júní 1986 var skiptastjórum búsins falið að höfða mál þetta.

Mál til heimtu kröfu þessarar var þingfest fyrir bæjarþingi Keflavíkur 25. mars 1987, og gekk dómur 20. nóvember 1987. Stefndi áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar, sem vísaði málinu frá héraðsdómi með dómi 17. mars 1989 á þeim grundvelli, að gögn þau, er stefnandi reisti kröfu sína á, veittu ekki nægilega traustan grundvöll, til þess að efnisdómur yrði lagður á kröfurnar.

Á grundvelli matsbeiðni, sem stefnandi lagði fyrir bæjarfógetann í Keflavík, voru dómkvaddir tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til að „skoða og meta umboðsviðskipti stefnda og Hafskips hf. og segja til um, hver sé rétt fjárhæð skuldar hans við þrotabú félagsins 30. apríl 1986 vegna umboðsviðskipta þessara aðila skv. skriflegum umboðssamningi þeirra".

Matsmennirnir, Guðmundur Kjartansson og Sigurður P. Sigurðsson, löggiltir endurskoðendur, skiluðu matsgerð, dags. 9. apríl 1990. Í matsgerð segir, að þess hafi verið óskað í matsbeiðni, að matsmenn létu í té eftirfarandi mat:

„1. Gefi yfirlit yfir höfuðstól skuldarinnar, eins og hann var í lok hvers mánaðar, frá 31.12. 1984 til 30. 4. 1986.

2. Segi, hver var uppreiknuð skuld umboðsmanns með dráttarvöxtum skv. lið 8.6. í samningnum 30. 4. 1986."

Jafnframt hafi þess verið óskað í matsbeiðninni, að ósamþykkt tapsþátttaka skipafélagsins í rekstri umboðs matsþola, sem bókfærð var með fyrirvara í október 1985, að fjárhæð 1.385.055 kr., yrði haldið utan við stöðu viðskiptareikninganna, en að samþykkta tapþátttöku vegna ársins 1984, sem bókfærð var í ágúst, skyldi tekjufæra miðaða við áramótin 1984/1985. Þá var þess og óskað, að skuld matsþola við Íslenska skipafélagið hf. yrði talin til skuldar við matsbeiðanda í matsgerðinni.

Í matsgerðinni kemur fram, að matsmenn könnuðu færslur á tölvuútskriftum vegna viðskiptareikninga nr. 00029 og nr. 00709 árin 1985 og 1986 og báru saman við reikningsyfirlit, sem Hafskip hf. var sagt hafa sent stefnda mánaðarlega á sama tíma. Við þá athugun hafi komið í ljós, að allar færslur á þessum reikningshreyfingum fyrir tímabilið komu fram í mánaðarlegum reikningsyfirlitum sömu viðskiptareikninga með einni undantekningu, sem skýrð er í matsgerðinni. Þá segir einnig í matsgerðinni, að matsmenn hafi kannað þau fylgiskjöl, sem viðskiptareikningar þessir byggðust á. Í því skyni skoðuðu þeir öll fylgiskjöl, sem komu ekki frá tekjubókhaldi, þ. e. a. s. allar innborganir, millifærslur o. þ. h., en völdu handahófsúrtak úr færslum frá tekjubókhaldinu. Stærð þess úrtaks var við það miðuð, að segja mætti til um með nægjanlegri nákvæmni, hvort færslurnar almennt væru rétt bókaðar að fengnum niðurstöðum úr skoðun matsmanna. Með aðstoð tölvu var valið handahófsúrtak 56 fylgiskjala af 549. Að skoðun þessara fylgiskjala lokinni var það álit matsmanna, að viðskiptareikningarnir gæfu sanna mynd af viðskiptum aðila.

Niðurstaða matsins er sú, að uppreiknuð skuld umboðsmanns með dráttarvöxtum skv. lið 8.6. í umboðssamningi 30.4. 1986 teljist vera 9.485.529 kr. Þá gera matsmenn grein fyrir á sérstökum fylgiskjölum með matinu höfuðstól skuldarinnar, eins og hann var í lok hvers mánaðar frá 31. 12. 1984 til 30. 4. 1986, svo og, hversu háir dráttarvextir voru sérstaklega á hverju tímabili.

Matsmenn hafa komið fyrir réttinn og staðfest matsgerðina. Þá liggja fyrir réttinum endurrit vitnaskýrslna fyrir dómi af Þorvaldi Bergmanni Björnssyni og Sigurþóri Charlesi Guðmundssyni, fyrrum starfsmönnum Hafskips hf., Guðfinnu Eyjólfsdóttur, Friðjóni Þorleifssyni, starfsmönnum

umboðs Hafskips hf. í Keflavík, og Sigurði Ísfeld Ámundasyni, lögg. endurskoðanda stefnda, og Ragnari Kjartanssyni, fyrrum stjórnarformanni Hafskips hf. Stefndi hefur einnig gefið skýrslu fyrir dómi.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að stefnda beri að efna sinn hluta umboðssamnings við Hafskip hf. Samningur aðila fól í sér, að stefndi ræki umboðið fyrir eigin reikning sem verktaki. Hafði Hafskip hf. ekki ákvörðunarvald eða afskiptarétt af þeim kostnaði, sem stefndi stofnaði til við rekstur umboðs síns. Þetta var sama fyrirkomulag og gilti gagnvart öðrum innlendum umboðsmönnum Hafskips hf. Tekjur umboðsmannsins frá Hafskipi hf. voru skýrt markaðar í samningi aðila, og hafa þær allar verið greiddar honum í formi tekjufærslu á viðskiptareikningi hans. Efndi Hafskip hf. því alltaf sinn hluta hins gagnkvæma samnings þegar við afhendingu vöru í vöruhús stefnda. Verulega hafi hins vegar vantað á, að stefndi stæði við sinn hluta samningsins. Eftir fyrsta starfsár umboðsins, 1984, hafi verið gífurleg vanskil af hans hálfu. Taldi stefndi sig hafa tapað verulega á rekstri sínum. Varð að samkomulagi í mars 1985, að Hafskip hf. greiddi stefnda 1.200.000 kr. sem þátttöku í taprekstri hans. Jafnframt var stefnda gert ljóst, að kostnaður hans við rekstur umboðsins væri allt of hár og ekki kæmi til frekari þátttaka Hafskips hf. í þeim kostnaði, nema hann yrði skorinn niður og aðlagaður tekjumöguleikum umboðsins. Þetta hafi hann ekki gert, og sé því félagið óbundið af þátttöku í útgjöldum stefnda.

Kröfugerð stefnanda er reist á niðurstöðu matsmanna, eins og hún er sett fram í matsgerð. Höfuðstóll dómkröfunnar er saman settur af „leiðréttri skuldastöðu" 30. 4. 1986, sem er 7.437.153 kr., og á föllnum dráttarvöxtum þann dag, 2.048.376 kr. Í kröfugerðinni eru á fallnir dráttarvextir allir færðir til höfuðstóls 30. 4. 1986 í samræmi við kröfur 12. gr. vaxtalaga. Þá er litið svo á af hálfu stefnanda, að réttur stefnda til „vaxtalausrar skuldar" skv. umboðssamningi, 470.000 kr., sé fallinn niður 30. 4. 1986, enda hafði umboðsmaður verið krafinn um fullnaðarskil skuldarinnar þegar við gjaldþrot Hafskips hf. í desember 1985.

Af hálfu stefnda er á því byggt í máli þessu, að ætíð hafi verið ljóst, að hann ætlaði ekki að bera tap, sem varð á rekstri umboðs Hafskips hf. á Suðurnesjum. Þetta hafi forsvarsmönnum félagsins verið gert kunnugt. Í ársbyrjun 1985 hafi verið gert samkomulag um, að Hafskip hf. tæki á sig 70% umframkostnaðar fyrir árið 1984, en stefndi bæri 30% kostnaðarins. Jafnframt því hafi orðið samkomulag um, að Hafskip hf. tæki á sig allan umframkostnaðinn (tapið) framvegis. Stefndi hafi sent Hafskipi hf. yfirlit yfir rekstrarkostnað umboðsins í samræmi við þetta. Ætlun aðila hafi verið að breyta upphaflegum samningi, en vegna mikilla erfiðleika í rekstri Hafskips hf. sumarið 1985 hafi því ekki verið lokið, þegar Hafskip hf. varð gjaldþrota.

Stefna í máli þessu hafi verið birt 4. október 1989. Byggt er á því, að fjögurra ára fyrningarfrestur eigi við um kröfurnar, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Sá hluti kröfunnar, sem gjaldfallinn sé fyrir 4. október 1985, sé því fyrndur. Gjalddagi uppgjöra umboðsins sé samkvæmt umboðssamningi 20. dagur næsta mánaðar eftir greiðslu flutningsgjalda. Þau flutningsgjöld, sem greidd voru í ágúst 1985 og fyrr, séu því fyrnd. Ekki er talið, að stefnandi hafi gætt ákvæða 11. gr. laga nr. 14/1905 um tímamörk til höfðunar hins nýja máls til að rjúfa fyrningu. Megi byggja á fylgiskjali matsgerðar um fjárhæðir í þessu sambandi, en samkvæmt því séu 4.726.795 kr. gjaldfallnar 20. september 1985. Krafist sé sýknu af þeirri fjárhæð. Höfuðstóll skuldar og sá, sem vextir reiknast af, ætti því að lækka um þessa fjárhæð.

Að öðru leyti er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfunum. Byggt er á því, að sannað sé, að samningi aðila hafi verið breytt munnlega, þannig, að stefndi þurfi ekki að bera neitt af umframkostnaði við rekstur umboðsins. Til vara er á því byggt, að Hafskip hf. hafi sýnt í verki vilja til, að skipting umframkostnaðar yrði sú, að það bæri 70%, en stefndi 30%. Þetta teljist sannað með framburði vitna.

Þá byggir stefndi á, að heimilt sé með vísun til 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, að breyta samningnum á sama hátt og hér að framan greinir. Kröfugerð stefnanda er mótmælt sem rangri og ósannaðri. Matsgjörð er mótmælt sem rangri og óstaðfestri. Þá er vaxtakröfunni sérstaklega mótmælt sem rangri. Upphafsdegi vaxta er mótmælt svo og því, hvernig stefnandi hækkar höfuðstól kröfu sinnar um á fallna vexti til 30. 4. 1986. Þá er því mótmælt, að heimild til vaxtalausrar skuldar, að fjárhæð 470.000 kr., sé niður fallin, svo og, að stefndi hafi verið krafinn um fullnaðarskil hennar í desember 1985.

III.

Í máli þessu hefur stefnandi ekki lagt fram frumskjöl, þ. e. fylgiskjöl, reikninga og skilagreinar, sem krafa hans á hendur stefnda byggist á. Frumskjöl þessi hafa aftur á móti verið sýnd í réttinum. Stefnandi hefur hins vegar lagt fram matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna, sem hann telur sanna, að skuld stefnda við sig nemi stefnufjárhæðinni. Af hálfu stefnda var matsgerð þessari mótmælt sem rangri og óstaðfestri. Hann hefur þó ekki vefengt einstaka liði hennar.

Matsmenn hafa komið fyrir dóminn og staðfest matsgerðina. Þeir lýstu því fyrir rétti, að þeir hefðu skoðað tiltæk fylgiskjöl með öllum reikningsfærslum nema þeim, sem komu frá tekjubókhaldi, en í því tilviki hafi verið stuðst við fyrir fram ákveðið úrtak. Meðal þeirra gagna, sem matsmenn

skoðuðu, voru allar skilagreinar stefnda til Hafskips hf. á tímabilinu janúar 1984, þar til viðskiptunum lauk.

Með hliðsjón af þeim rökstuðningi, sem fram kemur í matsgerð, framburði matsmanna hér fyrir rétti og öðrum sóknargögnum, telst sannað, að skuld stefnda við Hafskip hf. 30. apríl 1986 hafi numið 7.437.153 kr.

Á fylgiskjali með matsgerð, merktu A-5, er gerð grein fyrir útreikningi á vaxtakröfu stefnanda. Þar kemur fram, að vextir voru reiknaðir af höfuðstól skuldarinnar að frádreginni úttekt liðins mánaðar og að frádreginni vaxtalausri skuld, að upphæð 470.000 kr., allt til 30. apríl 1986. Hinn 1. febrúar 1986 var á föllnum dráttarvöxtum í fyrsta sinn bætt við höfuðstól skuldarinnar. Þá er skilmerkilega sýnt, hvernig vextir eru reiknaðir.

Það er álit dómsins, að vaxtakröfu stefnanda hafi ekki verið hnekkt, hvorki að því er varðar upphafstíma vaxta, vaxtafót né höfuðstólsfærslu vaxta. Ber því að taka hana til greina, svo sem fram kemur í kröfugerð stefnanda.

Stefndi telur hluta skuldarinnar, 4.726.795 kr., fyrndan, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Í 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda segir: „Kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, þó svo, að haldi skuldunautur áfram föstum viðskiptum við kaupmann, verksmiðju eða þvílíkan atvinnureka og fái árlega viðskiptareikning, fyrnist ekki skuld, er hann kann í að vera við nýár hvert, hvort sem hún stafar frá viðskiptum síðasta árs eða ekki, meðan viðskiptum er haldið áfram óslitið ....."

Fallast má á með stefnda, að undantekningarákvæði 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 eigi við um álitaefni það, sem hér um ræðir. Hins vegar verður að líta svo á, að viðskipti stefnda og Hafskips hf. hafi staðið óslitið, frá því að til þeirra var stofnað í byrjun árs 1984, þar til þeim lauk, er Hafskip hf. var tekið til gjaldþrotaskipta og umboðssamningi sagt upp í byrjun árs 1986. Ákvæði í umboðssamningi, sem gerir ráð fyrir, að uppgjör fari fram mánaðarlega 20. dag næsta mánaðar á eftir, breytir þar engu um. Af því leiðir, að fyrningarfrestur á skuld stefnda við stefnanda fer ekki að líða fyrr en við uppsögn samningsins. Er því sýknukrafa stefnda af hluta kröfunnar vegna fyrningar ekki tekin til greina.

Ekki er fallist á það með stefnda, að umboðssamningi hans við Hafskip hf. hafi verið breytt á þá leið, að stefndi þyrfti ekki að bera neinn hluta af tapi umboðsins frá 1. janúar 1985.

Hafskip hf. tók að sér að greiða 70% gjalda umfram tekjur umboðsins rekstrarárið 1984. Sú ákvörðun var tekin í byrjun árs 1985 og var bundin við ákveðna rekstrarniðurstöðu, sem þá lá fyrir. Til umræðu kom á þeim tíma, að Hafskip hf. hlypi frekar undir bagga með stefnda um greiðslu

rekstrartaps af umboði hans í framtíðinni, en áhersla lögð á, að stefndi aðlagaði kostnað af rekstrinum þeim tekjum, sem umboðið veitti honum. Ekki verður af málsgögnum séð, að þessar umræður hafi náð svo langt, að ákveðið hafi verið, um hversu langt tímabil væri að ræða og hversu mikinn hluta kostnaðar umfram tekjur Hafskip hf. ætti að bera.

Stefndi hefur ekki lagt fram nein bókhaldsgögn, svo sem fylgiskjöl og reikninga, sem sýni rekstrarkostnað umboðsins. Hins vegar hafa verið lögð fram rekstrar- og kostnaðaryfirlit umboðsins á dskj. nr. 11, 31 og 50 til 60, sem stefnandi hefur vefengt. Þessum gögnum ber ekki saman tölulega um kostnað við reksturinn fyrir sama tímabil.

Gögn þessi þykja ekki að áliti dómsins nægilega traustur grundvöllur til mats á því, hvort stefndi hafi aðlagað kostnað af rekstri umboðs Hafskips hf. á Suðurnesjum árið 1985 og 1986 tekjum þess og orðið fyrir tapi af rekstri umboðsins eingöngu. Hafa ber í huga, að stefndi stundaði á sama tíma annan atvinnurekstur, og hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að kostnaði vegna þess rekstrar hafi ekki verið haldið aðskildum frá rekstri umboðsins. Því verður að telja, að stefnda hafi ekki tekist að sanna þessa málsástæðu, og er hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að taka til greina kröfur stefnanda í máli þessu.

Miðað við þessa niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem hæfilegur þykir ásamt virðisaukaskatti 850.000 kr., þar með talinn matskostnaður, 374.581 króna.

Dóm þennan kvað upp Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Reyni Ragnarssyni, löggiltum endurskoðanda, og Valtý Sigurðssyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvaldur Ólafsson, greiði stefnanda, þrotabúi Hafskips hf., 9.485.529 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt og matskostnað, 850.000 kr. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. þriðja kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 95/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurjóni Andréssyni og
Rúnari Þór Birgissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsárás. Sýkna. Bifreiðar. Of hraður akstur. Ökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1992 að ósk ákærðu, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu.

Ákæra 4. desember 1990.

Í vottorði Guðbrands E. Þorkelssonar, yfirlæknis á heilsugæslustöð Vestmannaeyja, 14. maí 1990 segir svo meðal annars um áverka á Davíð Þór Einarssyni:

„Við skoðun sér maður að hann er með vel skakkt nef og einkenni um gamlar blóðnasir. Gerð er tilraun til að reponera nefi en það gengur ekki. Þann 14.05. kemur sjúkl. síðan aftur í skoðun og er tekin röntgenmynd af nefi. Virðist vera um að ræða brot. Dálítið erfitt er að segja með vissu þar sem sjúklingur mun áður hafa verið brotinn, en hann fullyrðir að nef hans hafi verið rétt hér með aðgerð á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja 1982. Sé nú nefið allt úr lagi fært. Álit: Mér sýnist nokkuð ljóst að hann sé nefbrotinn og er sjúklingur sendur til skurðlæknis til reponeringar á nefi. Sýnist mér áverkinn umtalsverður."

Vitnin Jóhanna Jóhannsdóttir og Gunnar Laxfoss Kristjánsson drógu mjög úr fullyrðingum sínum í lögregluskýrslum, er þau komu fyrir dóm. Þau eru einu vitnin, auk kærandans Davíðs Þórs Einarssonar, sem borið hafa um átök hans og ákærðu. Er að mjög takmörkuðu leyti unnt að líta á framburð þeirra fyrir dómi sem staðfestingu á skýrslum þeirra hjá lögreglu. Að hluta verður og að líta

á framburð vitnisins Jóhönnu beinlínis sem afturköllun á skýrslu hennar hjá lögreglu, einkum að því er varðar sjáanlega áverka á Davíð Þór.

Þá er einnig til þess að líta, að framburður Davíðs Þórs Einarssonar er að sumu leyti ótraustur, en ljóst er af gögnum málsins, að hann var mjög ölvaður umrædda nótt. Í fyrstu skýrslu sinni hjá lögreglu 14. maí 1990 tilgreindi hann ákærðu báða sem árásarmenn, en í skýrslu 15. júní sama ár nefndi hann einungis ákærða Sigurjón í þessu sambandi. Þá segir hann í fyrri skýrslunni, að hann hafi farið beint heim til sín eftir átökin við ákærðu, sem ætla má af gögnum málsins, að hafi átt sér stað milli kl. 3.00 og 3.30. Við lögregluranns6kn málsins kom hins vegar fram, að síðar um nóttina hitti hann Svein Pétursson fyrir utan pósthúsið, og lentu þeir í einhverjum átökum, en Sveinn gaf um þetta skýrslu hjá lögreglu 3. júlí 1990. Taldi Sveinn þetta hafa verið um kl. 5.00 um morguninn. Kvaðst hann ekkert hafa séð á Davíð Þór annað en að hann hefði verið með glóðarauga. Hann neitaði því hins vegar, að Davíð Þór hefði hlotið nokkra áverka í átökum þeirra, en hann kvaðst ekki hafa slegið hann, heldur lagt hann niður og haldið honum. Sveinn Pétursson lést, áður en dómsmeðferð máls þessa í héraði hófst.

Enda þótt slá megi föstu, að til átaka hafi komið milli ákærðu og Davíðs Þórs Einarssonar fyrir utan veitingastaðinn Hallarlund í Vestmannaeyjum aðfaranótt 13. maí 1990, þykir í ljósi framangreindra atriða ekki unnt að telja sannað, að ákærðu hafi ráðist að Davíð Þór með þeim hætti, sem í ákæru greinir, eða að þargreindan áverka hans megi rekja til átaka þeirra á milli. Ber því að sýkna ákærðu af þessari ákæru. Bótakröfu Davíðs Þórs verður þá vísað frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákæra 1. október 1991.

Ákærði Sigurjón hefur viðurkennt háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru þessari. Sakarmat héraðsdómara og heimfærsla til refsiákvæða, að því er þetta sakarefni varðar, er því staðfest. Sektarákvörðun héraðsdóms og ákvörðun vararefsingar verður og staðfest, og telst frestur til greiðslu sektarinnar frá uppkvaðningu dóms þessa. Af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir við munnlegan

flutning málsins fyrir Hæstarétti, að ekki væri krafist lengri ökuleyfissviptingar en kveðið var á um í héraðsdómi, og verjandi ákærða lýsti einnig yfir,að ekki væri óskað endurskoðunar þess ákvæðis dómsins. Verður hann því einnig staðfestur að þessu leyti.

Samkvæmt framangreindum úrslitum þykir rétt, að kostnaður málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu þar, eins og þau voru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, greiðist að 4/5 hlutum úr ríkissjóði, en ákærði Sigurjón greiði 1/5 hluta. Þá verður allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar felldur á ríkissjóð, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærðu, Rúnar Þór Birgisson og Sigurjón Andrésson, skulu vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins í ákæru 4. desember 1990.

Ákærði Sigurjón Andrésson greiði 21.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella sjö daga varðhaldi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærða Sigurjóns er staðfest.

Skaðabótakröfu Davíðs Þórs Einarssonar er vísað frá dómi.

Málskostnaður í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, eins og þau voru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, greiðist að 4/5 úr ríkissjóði, en ákærði Sigurjón greiði 1/5.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 7. janúar 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. desember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum, út gefnum 4. desember 1990 og 1. október 1991, á hendur Rúnari Þór Birgissyni, Hrauntúni 4, Vestmannaeyjum, og Sigurjóni Andréssyni, Faxastíg 39, Vestmannaeyjum, fyrir eftirgreind brot:

I.

Dómkröfur.

1.

Með ákæruskjali, út gefnu 4. desember 1990, er málið höfðað á hendur báðum ákærðu, eins og hér nánar greinir:

„Fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 13. maí 1990 ráðist á Davíð Þór Einarsson, fæddan 17. apríl 1966, við veitingastaðinn Hallarlund, Vestmannabraut 19, Vestmannaeyjum, fellt hann í götuna og sparkað í hann liggjandi með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta."

— — —

2.

Með ákæruskjali, út gefnu 1. október 1991, er málið einvörðungu höfðað gegn ákærða Sigurjóni, eins og hér nánar greinir:

„Fyrir að aka að kvöldi sunnudagsins 1. september 1991 bifhjólinu NK-149 suður Heiðarveg í Vestmannaeyjum með allt að 97 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á móts við Félagsheimili Vestmannaeyja.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 20. gr., sbr. 72. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar nr. 320, 1979.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

— — —

Málin hafa verið sameinuð og verða dæmd í einu lagi.

II.

Málsatvik.

A.

Ákæra, út gefin 4. desember 1990.

Ákærðu, Rúnar Þór og Sigurjón, neita því að vera valdir að líkamsárás þeirri, sem um getur í ákæruskjali frá 4. desember 1990. Að því athuguðu, en með hliðsjón af fram lögðum gögnum og því, sem fram hefur komið við meðferð málsins, þykja málsatvik vera þau, að ákærðu og vitnið Davíð Þór voru aðfaranótt sunnudagsins 13. maí 1990 á dansleik á veitingastaðn-

um Hallarlundi við Vestmannabraut hér í bæ. Meðan á dansleiknum stóð, varð Davíð Þór sundurorða við unnustu sína, Maríu, og stimpuðust þau og kýttust á. Ákærðu sáu þetta og sáu ástæðu til að veita Maríu liðsinni, þótt í óþökk Davíðs Þórs væri. Ákærðu komu þó Davíð Þór frá Maríu, og segir ekki frekar af viðskiptum þeirra hjónaleysa, en ákærðu lenti hins vegar aftur saman við Davíð Þór fyrir utan veitingastaðinn, eftir að dansleik lauk.

Ekki ber ákærðu saman við Davíð Þór um aðdraganda og afleiðingar þeirra átaka, og neita ákærðu báðir að vera valdir að líkamsáverkum þeim, sem í ákæru greinir, að Davíð Þór hafi orðið fyrir af þeirra völdum.

Ákærði Sigurjón kveður Davíð Þór hafa eftir dansleikinn ráðist á sig og sparkað í kynfæri sín og hann þá í beinu framhaldi af því ráðist á Davíð Þór og fellt hann í götuna með aðstoð ákærða Rúnars Þórs, sem hann kveðst hafa kallað sér til aðstoðar. Er Davíð Þór lá í götunni, kom vitnið Gunnar Laxfoss Kristjánsson þar að og tókst snöfurmannlega að koma ákærðu frá Davíð Þór.

Daginn eftir, 14. maí 1990, kærði vitnið Davíð Þór atburð þennan til lögreglunnar í Vestmannaeyjum og sagði ákærðu hafa ráðist á sig eftir dansleik og annar hvor þeirra slegið sig í andlitið, svo að Davíð Þór féll í götuna, og þeir þá síðan í sameiningu gengið í skrokk á sér með því að sparka í andlit sér og búk, allt þar til aðstoð hafi borist, og vitnið þá flýtt sér til síns heima. Daginn eftir kvaðst vitnið hafa fundið mikið til í andliti og því leitað til læknis og þá komið í ljós, að vitnið hafði nefbrotnað. Framburð þennan hefur vitnið staðfest hér fyrir dóminum, og það hefur afdráttarlaust neitað því að hafa gefið ákærðu tilefni til að ráðast á sig með því að sparka í ákærða Sigurjón, eins og ákærði Sigurjón hefur borið, að það hafi gert. Vitnið kvað báða ákærðu hafa staðið að líkamsárásinni.

Vitnið Gunnar Laxfoss Kristjánsson, kt. 210565-5079, kvaðst hafa séð Davíð Þór liggja á gangstéttinni og sér hafi virst sem ákærðu hefðu eins og velt honum á milli sín. Á vitninu var að skilja, að það hefði dregið þá ályktun, að Davíð Þór hefði legið á gangstéttinni af völdum ákærðu. Vitnið kvað Davíð Þór hafa verið mjög ölvaðan.

Vitnið Davíð Þór kvað ákærðu hafa að tilefnislausu fellt sig í götuna, slegið og sparkað í sig með þeim afleiðingum, eins og að framan greinir, að vitnið nefbrotnaði. Vitnið sagði að báðir ákærðu hefðu staðið að líkamsárásinni.

Vitnið Jóhanna Jóhannsdóttir kvaðst hafa séð ákærðu tuska Davíð Þór til, og það sá, að Davíð Þór féll í götuna af völdum ákærðu. Vitnið, sem kom fyrir dóm einu og hálfu ári eftir tilgreindan atburð, dró úr þeirri fullyrðingu sinni, er vitnið gaf í lögregluskýrslu mánuði eftir tilgreindan atburð, að ákærðu hefðu ráðist á Davíð Þór, enda kvaðst það ekki hafa

séð, hvert upphafið var, og það treysti sér ekki nú til að staðfesta fullyrðingu sína í sömu lögregluskýrslu, að ákærðu hefðu sparkað í Davíð Þór, þar sem hann lá á gangstéttinni. Vitnið gaf þá skýringu, að nú væri eitt og hálft ár liðið, frá því að tilgreint atvik varð, og minni sitt væri nú ekki traustara, auk þess sem það hefði verið nokkuð undir áhrifum áfengis tilgreindan dag.

Eins og að framan greinir, neita ákærðu sakargiftum.

Ákærði Sigurjón kvað Davíð Þór hins vegar hafa sparkað í sig, eftir að dansleik lauk, og hann þá ráðist á Davíð og fengið aðstoð ákærða Rúnars við það að fella hann í gangstéttina. Ákærði neitaði að hafa nefbrotið Davíð Þór og taldi, að slíka áverka hefði hann fengið af öðrum orsökum.

Ákærði Rúnar Þór, sem í fyrstu mundi ekki til þess að hafa lent í handalögmáli við Davíð Þór, eftir að dansleiknum lauk, eða hitt hann fyrir utan dansstaðinn, staðfesti, að rétt væri það, sem fram kæmi í lögregluskýrslu haft eftir honum, að hann hefði að beiðni ákærða Sigurjóns veitt honum aðstoð við að hemja Davíð Þór, eftir að ákærði Sigurjón hafði fellt Davíð Þór í gangstéttina. Ákærði Rúnar Þór neitaði að vera valdur að nefbroti Davíðs Þórs.

Þrátt fyrir það að Davíð Þór Einarsson hafi gefið nokkuð greinargóða skýrslu, er hann kærði atburðinn daginn eftir að hann varð fyrir meiðslum, hafa þau tvö ungmenni, sem auk Davíðs Þórs voru leidd sem vitni í málinu, reynst ótraust í framburði sínum, og verða því málsatvik óljósari en ella hefði orðið.

Með eigin játningu ákærðu sem og framburði vitnanna Gunnars Laxfoss Kristjánssonar og Jóhönnu Jóhannsdóttur þykir þó vera sannað, að ákærðu hafi aðfaranótt sunnudagsins 13. maí 1990 fyrir utan veitingastaðinn Hallarlund, Vestmannabraut 19, Vestmannaeyjum, lent í átökum við Davíð Þór Einarsson.

Ákærði Sigurjón hefur haldið því fram, að upphafið megi rekja til Davíðs Þórs sjálfs, þar sem hann hafi gengið að sér og sparkað í kynfæri sín, en Davíð Þór hefur staðfastlega neitað því. Gegn neitun vitnisins Davíðs Þórs telst þessi fullyrðing ákærða Sigurjóns vera ósönnuð.

Davíð Þór hefur haldið því fram, að ákærðu hafi strax ráðist á sig, er vitnið kom út af dansleiknum. Þótt vitninu kunni að skjátlast um það atriði, sbr. framburð vitnisins Jóhönnu, þá á sú fullyrðing vitnisins Davíðs Þórs, að ákærðu hafi í sameiningu veist að því og fellt vitnið í götuna, sér stoð í framburði vitnisins Jóhönnu, og telst sú fullyrðing vera sönnuð, en fullyrðing ákærðu um, að ákærði Sigurjón hafi kvatt ákærða Rúnar Þór til liðveislu, er hins vegar með ósennileikablæ og styðst ekki við fram lögð sakargögn.

Vitnið Davíð Þór hefur haldið því fram, að ákærðu hafi sparkað í sig,

þar sem vitnið lá eftir ákærðu í götunni. Ýmislegt bendir til þess, að þessi staðhæfing vitnisins fái staðist. Í því sambandi ber á það að líta, að þótt vitnið Jóhanna muni nú ekki lengur eftir þessu atriði, virðist vitnið ekki hafa verið í nokkrum vafa um það, er það gaf skýrslu hjá RLV rúmum mánuði eftir atburðinn. Framganga vitnisins Gunnars Laxfoss og framburður við lögregluransókn nokkrum dögum eftir atburðinn bendir fyllilega til, að atlaga ákærðu að Davíð Þór, þar sem vitnið lá í götunni, hafi ekki verið sæmileg, og rennir stoðum undir það, að fullyrðing vitnisins Davíðs Þórs um, að ákærðu hafi sparkað í vitnið, sé rétt, og þykir ekki varhugavert að telja, að svo hafi verið. Ekki hefur fengist staðfest, að Davíð Þór hafi lent í átökum við bróður unnustu sinnar, Maríu, eftir að ákærðu höfðu barið á vitninu, en bróðir Maríu er nú látinn.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af fram lögðu áverkavottorði þykir nægilega sannað, að ákærðu hafi aðfaranótt sunnudagsins 13. maí 1990 ráðist á Davíð Þór Einarsson við veitingastaðinn Hallarlund, Vestmannabraut 19, Vestmannaeyjum, fellt hann í götuna og veist þar að honum, m. a. með spörkum, með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði, og er sú niðurstaða í samræmi við þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir. Brot ákærðu er réttilega heimfært til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, í ákæruskjali ríkissaksóknara.

B.

Ákæra, út gefin 1. október 1991.

Að kvöldi sunnudagsins 1. september 1991 ók ákærði Sigurjón bifhjólinu NK-149 suður Heiðarveg hér í bæ. Er ákærði var á móts við Félagsheimili Vestmannaeyja, tóku lögreglumenn í lögreglubifreiðinni KR-899 eftir því, að ratsjá lögreglubifreiðarinnar sýndi, að bifhjólinu væri ekið á tilgreindum vegarkafla á 97 km hraða miðað við klukkustund, þar sem leyfilegur hámarkshraði er hins vegar einungis 45 km miðað við klukkustund. Lögreglumennirnir stöðvuðu akstur ákærða, og gerði hann ekki athugasemdir við framkvæmda hraðamælingu lögreglumannanna og hefur afdráttarlaust við lögregluransókn og eins hér fyrir dómi viðurkennt brot sitt. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu mun myrkur hafa verið og slæm lýsing á vegi, en akstursskilyrði að öðru leyti góð.

Með eigin játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum máls þessa, þykir nægilega sannað, að ákærði Sigurjón Andrésson hafi að kvöldi sunnudagsins 1. september 1991 gerst brotlegur um háttsemi þá, sem réttilega er tilgreind í ákæruskjali ríkissaksóknara og varðar við 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. einnig 20. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja nr. 320/1979, en sú grein lögreglusamþykktarinnar mælir fyrir

um ofangreindan hámarkshraða. Brotið er rétt heimfært til refsiákvæða í ákæruskjali ríkissaksóknara.

III.

Refsiákvörðun.

Ákærði Sigurjón er sakhæfur, en hann er fæddur 10. desember 1970, og hefur sætt refsingum sem hér segir:

[Tvisvar sæst á sektargreiðslu og ökuleyfismissi á árinu 1989, enn fremur undirgengist 1990 sektargreiðslu fyrir eignaspell].

Ákærði Rúnar Þór er einnig sakhæfur, en hann er fæddur 1. október 1970, og hefur einungis einu sinni, þ. e. á árinu 1989, með dómsátt gengist undir greiðslu sektar fyrir brot gegn 45. gr. umferðarlaga, en er að öðru leyti með hreint sakavottorð.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin þannig:

Refsing ákærða Sigurjóns Andréssonar verður tiltekin eftir 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955, og greiði jafnframt, sbr. 2. mgr. 57. gr. a laga 19/1940 og 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, 21.000 kr. í sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella sjö daga varðhaldi.

Refsing ákærða Rúnars Þórs Birgissonar þykir hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Brot ákærða Sigurjóns á umferðarlögum er ítrekað brot öðru sinni á 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ber því að kröfu ákæruvalds og með vísan til 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að svipta ákærða ökuleyfi sínu. Brot ákærða verður í þessu sambandi heimfært undir 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem hljóðar svo: „Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt, ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni."

Samsvarandi ákvæði í fyrri umferðarlögum, þ. e. 3. mgr. 81. gr. laga 40/1968, var samhljóða 2. mgr. 101. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og mælti fyrir um ævilanga ökuleyfissviptingu strax við ítrekað brot, en lagagreinin tók bæði til ölvunaraksturstilvika sem og annarra brota á umferðarlögum.

Við setningu laga nr. 50/1987 var gerð breyting að þessu leyti, þannig, að 81. gr. fyrri umferðarlaga nr. 40/1968 var skipt upp í tvær lagagreinar, þ. e. 101. gr. laga nr. 50/1987, sem fyrr er getið og hefur að geyma almenna

reglu um þau tilvik, sem leiða til sviptingar réttar til að stjórna vélknúnu ökutæki, og 102. gr., sem er sérregla og tekur til ölvunaraksturs.

Til álita kemur hér, hvort túlka beri 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þannig, að beita eigi fortakslaust ævilangri ökuleyfissviptingu við almenn umferðarlagabrot önnur en ölvunarakstursbrot, ef annað tveggja er, að sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni. Við mat á því hlýtur að koma til álita, hvort 2. mgr. 101. gr. laga 50/1987 feli í sér breytingu frá fyrri skipan, eins og þar var fyrir mælt í 1. ml. 3. mgr. 81. gr. eldri umferðarlaga, sem voru nr. 40/1968.

Í því sambandi þykir verða að horfa til þess, sem segir í greinargerð með lögum nr. 50/1987, og þá sérstaklega, hvernig 101. gr. laganna er þar skýrð. Þar segir eftirfarandi um 2. mgr. 101. gr. umferðarlaganna:

„2. mgr. svarar til 1. málsl. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, þó þannig, að eigi verður skylt að ákveða ökuréttindasviptingu ævilangt strax við fyrsta brot."

Hvorki hér né annars staðar í greinargerðinni er að því vikið, að gera eigi breytingar á fyrri skipan að þessu leyti nema að því er tekur til þess, að ævilöng ökuleyfissvipting verður nú almennt ekki ákveðin strax við ítrekað brot, enda sýnist í slíku tilfelli þurfa til að koma miklar sakir.

Sé miðað við lagaheimildir á gildistíma fyrri umferðarlaga nr. 40/1968 og þær bornar saman við núgildandi umferðarlög og með tilvísun til greinargerðar með lögunum, er af framansögðu ljóst, að þegar til álita kemur ökuleyfissvipting samkvæmt núgildandi umferðarlögum vegna umferðarlagabrota annarra en brota vegna ölvunaraksturs, má hiklaust hafa hliðsjón af þeirri lagaframkvæmd, sem mótaðist á gildistíma laga 40/1968. Að kröfu ákæruvalds og með tilvísun til 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en í samræmi við tilvitnaða lagaframkvæmd og fyrri umferðarlagabrot, verður ákærði sviptur ökuleyfi sínu í fjóra mánuði frá 1. september 1991 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum.

Ákærði Sigurjón greiði 2/3 alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Jóhanns Péturssonar hdl., sem ákveðast 40.000 krónur, á móti ákærða Rúnari Þór, sem greiði 1/3 sakarkostnaðar.

IV.

Skaðabætur.

— — —

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Sigurjón Andrésson sæti varðhaldi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Auk þess skal ákærði Sigurjón greiða 21.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella sjö daga varðhaldi. Ákærði Sigurjón er auk þess sviptur ökuleyfi í fjóra mánuði frá 1. september 1991.

Ákærði Rúnar Þór Birgisson sæti varðhaldi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Ákærðu greiði Davíð Þór Einarssyni in solidum 202.519 kr. í skaðabætur, og beri þær vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, af 137.119 kr. frá 1. júní 1990 til 7. janúar 1992, en af 202.519 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Sigurjón Andrésson greiði 2/3 hluta alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Jóhanns Péturssonar hdl., 40.000 kr., en ákærði Rúnar Þór Birgisson 1/3 hluta.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 275/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gísla Ágústssyni
(Jón Magnússon hrl.).

Líkamsárás. Skaðabætur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er sakarmat hans staðfest. Samkvæmt vottorði Sæbjörns Guðmundssonar tannlæknis brotnaði úr tönn Guðrúnar Sigríðar Hauksdóttur, en tönn þessi hélt „brú" á framtannasvæði. Tönnina þurfti hins vegar ekki að draga burt. Með hliðsjón af þessu og miðað við aðra áverka Guðrúnar Sigríðar þykir rétt að heimfæra brot ákærða undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, sem heimilt er að beita hér, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en eftir atvikum þykir mega skilorðsbinda hana alla í þrjú ár.

Í hinum áfrýjaða dómi var ákærði dæmdur til að greiða Guðrúnu Sigríði Hauksdóttur 243.140 krónur í skaðabætur auk vaxta. Miðað við niðurstöður héraðsdómara varðandi einstaka kröfuliði ættu heildarbætur að nema 244.140 krónum. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti lýsti verjandi ákærða því yfir, að ákærði yndi niðurstöðu héraðsdóms um greiðslu skaðabóta með leiðréttingu á ofangreindri samlagningarskekkju. Samkvæmt því verður hann dæmdur til greiðslu skaðabóta og vaxta, eins og nánar greinir í dómsorði.

Staðfest er sakarkostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, og jafnframt verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Aðfinnsluverður dráttur varð á lögreglurannsókn máls þessa. Stutt skýrsla var tekin af ákærða 6. nóvember 1990, en engar skýrslur voru síðan teknar fyrr en 9. janúar 1992, og kærandi var fyrst yfirheyrður 19. febrúar 1992.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Ágústsson, sæti varðhaldi 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Guðrúnu Sigríði Hauksdóttur 244.140 krónur ásamt vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 6. nóvember 1990 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. júní 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 3. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 254/1992: Ákæruvaldið gegn Gísla Ágústssyni, sem tekið var til dóms 19. maí sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 1. apríl sl., á hendur ákærða, „Gísla Ágústssyni, Kaldaseli 15, Reykjavík, fæddum 19. maí 1964, fæðingarnúmer 436, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 6. nóvember 1990 slegið Guðrúnu Hauksdóttur, kt. 120769-3839, hnefahögg í andlitið í anddyri veitingahússins Gauks á Stöng, Tryggvagötu 22, Reykjavík, með þeim afleiðingum, að Guðrún hlaut bólgu á nefi, sprungu innanvert á vör og brot á framtönn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Kl. 1.13 aðfaranótt þriðjudagsins 6. nóvember 1990 var lögreglan í Reykjavík kvödd á veitingahúsið Gauk á Stöng vegna líkamsárásar. Samkvæmt skýrslu Guðna Péturssonar lögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, hitti lögreglan fyrir á vettvangi stúlku, Guðrúnu Hauksdóttur að nafni. Var hún mjög blóðug í framan og með blóðrennsli úr nefi og munni. Benti hún lögreglumönnum á ákærða, Gísla Ágústsson, þar sem hann sat í anddyrinu við inngang veitingahússins, og kvað hann hafa slegið sig fyrirvaralaust í andlitið með þeim afleiðingum, sem sjá mætti. Kvaðst Guðrún ekkert þekkja ákærða eða vita nein deili á honum.

Í lögregluskýrslunni kemur fram, að ákærði hafi verið áberandi ölvaður og hafi aðspurður viðurkennt verknaðinn, en ekki gefið skýringu á honum.

Ákærði var yfirheyrður um málið hjá lögreglu að morgni sama dags. Ákærði kvaðst hafa hitt stúlku, sem hann þekkti ekki, í veitingahúsinu. Hefði sér og stúlkunni orðið sundurorða og ákærði slegið hana með handarbaki og höggið komið í andlit henni, nánar tiltekið á nef. Hefði stúlkan fengið smáblóðnasir, en ákærði ekki séð aðra áverka á henni.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 9. janúar sl. kvað ákærði rétt vera, að hann hefði slegið nefnda stúlku í andlit, en það hefði verið vegna þess, að hún hefði svívirt sig í orði algerlega að ástæðulausu.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að er hann hafi verið að fara af veitingahúsinu og verið staddur í anddyri þess, hafi umrædd stúlka sakað sig um að hafa stolið áfengisglasi. Það hafi ákærði alls ekki kannast við og bent henni á, að hann væri með sitt glas. Hafi ákærða sárnað mjög við þetta og slegið stúlkuna í andlit með handarbaki og ýtt henni frá sér um leið. Minnir ákærða, að blætt hafi úr annaðhvort vör eða nefi stúlkunnar eftir þetta. Kannast ákærði ekki við að hafa átt orðastað við stúlkuna fyrr um kvöldið.

Vitnið Guðrún Sigríður Hauksdóttir, Víkurási 2, Reykjavík, kveðst hafa farið á veitingahúsið Gauk á Stöng rétt eftir miðnætti aðfaranætur 6. nóvember 1990. Skömmu fyrir lokun hafi vitnið setið við borð þar ásamt unnusta sínum. Hafi ákærða, sem hafi verið mjög áberandi ölvaður, þá borið þar að og hann farið að slá vitninu gullhamra. Hafi vitnið leitt þessa gullhamra algerlega hjá sér og bent ákærða á, að unnusti sinn væri hér með sér. Ákærði hafi brugðist illa við þessu og kallað vitnið öllum illum nöfnum. Er vitnið hafi verið að hverfa af staðnum, hafi verið tekið í öxl þess eða verið kallað á það og vitnið snúið sér við af því tilefni. Hafi það þá fengið bylmingshögg beint framan á munninn. Kveðst vitnið hafa fallið í gólfið, en ekki rotast. Hafi vitnið orðið út atað í blóði. Vitnið kveðst ekki hafa séð, hver veitti því höggið, en gert sér strax grein fyrir því, að það var ákærði, þar sem hann var í vörslu dyravarða þegar eftir atburðinn.

Kveður vitnið árásina hafa komið sér gjörsamlega í opna skjöldu og hún verið með öllu tilefnislaus. Vitnið kveður það algjöran tilbúning hjá ákærða, að það hafi svívirt hann í orði, heldur hafi það einungis beðið hann að láta sig í friði.

Vitnið Hans Helgi Stefánsson, Klyfjaseli 3, Reykjavík, veitingamaður á Gauki á Stöng, segir, að umrædda nótt hafi verið komið að lokun veitingahússins. Hafi dyravörður farið inn í veitingasalinn til að biðja fólk að fara út og vitnið tekið stöðu hans í dyrunum. Hafi þá stúlka, sem stödd hafi verið í anddyrinu, verið að fara í jakka og rekist óviljandi á ákærða. Hafi ákærði brugðist þannig við, að hann hafi slegið stúlkuna af afli í andlitið, svo að hún hafi þeyst í vegginn. Hafi dyravörðurinn þarna rétt eftir árásina og þeir í sameiningu snúið ákærða niður og róað. Vitnið kveður engin orðaskipti hafa farið milli ákærða og stúlkunnar, áður en ákærði veitti henni höggið. Hafi ákærði verið verulega ölvaður. Stúlkan hafi einnig verið sjáanlega ölvuð, en þó ekki mikið. Vitnið kveður stúlkuna hafa orðið alblóðuga eftir árásina. Hafi árásin verið ótrúlega ruddaleg og vitninu virst hún algjörlega tilefnislaus.

Samkvæmt vottorði Brynjólfs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dagsettu 11. nóvember 1991, kom nefnd Guðrún á slysadeild kl. 1.38 greinda nótt að eigin frumkvæði. Við skoðun kom í ljós, að blæddi úr efri vör, sprunga var innanvert á vörinni, en tennur virtust fastar. Ekki var um nefblæðingu að ræða, en nokkur bólga á nefi. Voru áverkar greinilega eftir högg samkvæmt vottorði þessu, og voru sárin saumuð saman í deyfingu. Þá kemur fram í vottorðinu, að Guðrún hafi komið aftur 12. sama mánaðar og gróandi þá virst vera góður.

Þá liggur fyrir í málinu ódagsett vottorð Sæbjarnar Guðmundssonar tannlæknis. Segir þar, að Guðrún hafi komið 6. nóvember 1990 til skoðunar vegna áverka, sem hún hafi orðið fyrir í andliti. Við munnskoðun hafi komið í ljós, að brú, sem hún hafi verið með á framtannsvæði, hafi orðið fyrir höggi. Við höggið hafi brotnað úr brúnni, og eins voru talin mikil líkindi til, að önnur tannanna, sem halda brúnni, væri brotin. Hafi því reynst nauðsynlegt að taka brúna. Hafi þá komið í ljós, að tönnin (+ 1) var brotin, en þó ekki svo illa, að draga þyrfti hana út. Hins vegar hafi reynst nauðsynlegt að smíða nýja brú og stækka hana um leið vegna þess áverka, sem tönnin hafi orðið fyrir.

Niðurstaða.

Sannað er með framburði vitnanna Guðrúnar Sigríðar Hauksdóttur og Hans Helga Stefánssonar, læknisvottorðum og framburði ákærða sjálfs, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Í framangreindu vottorði Sæbjarnar Guðmundssonar tannlæknis

kemur fram, að Guðrún Sigríður hafi komið til hans þegar sama dag og árásin varð. Þykir því verða að leggja til grundvallar vottorð tannlæknisins um, að framtönn í Guðrúnu Sigríði hafi brotnað við högg það, sem hún sannanlega hlaut af völdum ákærða greint sinn, og afleiðingar orðið þær, sem í vottorðinu segir. Með vísan til ofanskráðs telst atferli ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann á tímabilinu frá 21. september 1981 til 14. apríl 1992 sæst sex sinnum á sektargreiðslu í dómi vegna umferðarlagabrota. Þá var ákærði 19. maí sl. dæmdur til sektargreiðslu og ökuréttindasviptingar vegna ölvunaraksturs.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Við refsiákvörðun verður höfð hliðsjón af því, að árás ákærða á Guðrúnu Sigríði var algerlega tilefnislaus og fólskuleg og að hann hefur engar skaðabætur greitt henni eða sýnt viðleitni í þá átt. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin varðhald tvo mánuði. Ákærði hefur eigi fyrr gerst sekur um brot gegn almennum hegningarlögum, og þykir eftir atvikum rétt að fresta fullnustu helmings refsingarinnar og ákveða, að sá hluti hennar skuli niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabætur.

— — —

Samkvæmt ofanskráðu ber að dæma ákærða til að greiða Guðrúnu Sigríði Hauksdóttur samtals 243.140 kr. í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 6. nóvember 1990 til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Ágústsson, sæti varðhaldi 60 daga. Fresta skal fullnustu 30 daga refsingarinnar og sá hluti hennar niður falla að liðnum

þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði Guðrúnu Sigríði Hauksdóttur, kt. 120769-3839, Víkurási 2, Reykjavík, 243.140 kr. ásamt vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 6. nóvember 1990 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 kr.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 311/1991. **Bilex**

(Eiríkur Tómasson hrl.)

gegn

Jóhanni Heinrich Scheiter og

Páli Kristni Stefánssyni

(Þórður Gunnarsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1991. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér in solidum DEM 265.865,62 ásamt dráttarvöxtum frá 1. desember 1985 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Aðilar óskuðu þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerðu ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti málsins.

Mál þetta var þingfest fyrir bæjarþingi Garðabæjar 9. janúar 1990. Þingað var nokkrum sinnum í málinu. Málið var dómtekið að loknum munnlegum flutningi 7. nóvember 1990, en endurupptekið 19. febrúar 1991. Málið var munnlega flutt og dómtekið að nýju 28. febrúar sama ár og hinn áfrýjaði dómur síðan kveðinn upp 29. apríl sama ár.

Þessi dráttur á dómsuppsögu er freklegt og vítavert brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur flutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs flutnings og dómsálagningar að nýju. Með nýrri dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir héraðsdómi Reykjaness.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 88/1989. **Tollstjórinn í Reykjavík vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Björgúlfi Péturssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Gjaldþrot. Riftun. Fjármál hjóna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1989. Er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 861.864 krónur með vöxtum. Jafnframt krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara er krafist staðfestingar héraðsdóms. Til þrautavara er gerð sýknukrafa. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð skjöl um búsetu Péturs Ingólfssonar í desember 1984, svo og yfirlit yfir uppgjör, eftir að hann seldi sameigendum sínum hlut sinn í Bústað sf.

Aðalkrafa stefnda um ómerkingu og frávísun frá héraðsdómi er í fyrsta lagi byggð á því, að Pétur Ingólfsson hafi ekki verið búsettur í Reykjavík hinn 7. mars 1985, þegar úrskurður var kveðinn upp þar um gjaldþrotaskipti á búi hans. Þeirri niðurstöðu verður ekki hrundið í þessu máli. Þá er aðalkrafa stefnda byggð á því, að málið sé vanreifað. Ekki eru efni til að fallast á það varðandi kröfu, að fjárhæð 255.614 krónur. Að því er varðar síðari kröfu áfrýjanda (606.250 krónur), vísast til þess, sem síðar segir.

Í máli þessu er krafist riftunar og fébóta vegna tveggja atriða.

Í fyrsta lagi er því haldið fram, að aðrir kröfuhafar í þrotabú Péturs Ingólfssonar en stefndi hafi beðið tjón, er aflétt var veði á húsi stefnda. Í héraðsdómi er þetta atriði skýrt. Kemur þar meðal

annars fram, að um er að ræða veðsetningu á íbúðarhúsi stefnda 17. janúar 1984. Veðbandslausn er undirrituð 5. apríl 1984. Eiginkona stefnda samþykkti ekki með áritun sinni veðsetninguna, en krafðist ekki með formlegum hætti riftunar á þessari ráðstöfun eiginmanns síns.

Veðsetningin var riftanleg skv. 20. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Eins og á stendur, verður að byggja á því, að til riftunar hefði komið, ef veðbandinu hefði ekki verið aflétt, jafnfljótt og raun bar vitni. Ber því að fallast á það með héraðsdómara, að um riftun eftir gjaldþrotalögum geti ekki verið að ræða.

Í öðru lagi er því haldið fram, að Pétur Ingólfsson, sem varð gjaldþrota 7. mars 1985, eins og fyrr segir, hafi í desember 1984 gefið syni sínum, stefnda í málinu, víxil, að fjárhæð 606.250 krónur, sem Pétur hafði fengið í hendur sem hluta af greiðslu vegna sölu á versluninni Viktoríu. Líkur eru að því leiddar, að stefndi hafi greitt ýmsar skuldir föður síns við Sparisjóð Hafnarfjarðar og að víxillinn hafi verið afhentur sparisjóðnum í því skyni að greiða skuldabréf, sem stefndi undirritaði í því sambandi. Héraðsdómari taldi málið vanreifað og vísaði þessum hluta krafna áfrýjanda frá. Ekki er rétt að breyta þeirri niðurstöðu.

Samkvæmt þessu verður héraðsdómur staðfestur um annað en málskostnað. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir báðum dómum, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar, greiði stefnda, Björgúlfi Péturssyni, 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 17. desember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík, nnr. 8888-0528, höfðað fyrir dóminum fyrir hönd þrotabús Péturs Ingólfssonar, 7097-4444, með stefnu, birtri 1. nóvember 1986, gegn Björgúlfi Péturssyni, 1286-2474, Leirutanga 49, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, til heimtu fébóta, að fjárhæð 861.864 kr., auk vaxta og málskostnaðar.

I.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 255.614 kr. auk 15% ársvaxta frá 5. apríl 1984 til 10. ágúst 1984, 17% frá 11. ágúst 1984 til 31. des. 1984, 14% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og 606.250 kr. auk 17% ársvaxta frá 1. des. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkv. taxta LMFÍ.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, sem jafnframt verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Bú Péturs Ingólfssonar, föður stefnanda, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 7. mars 1985. Engar eignir komu fram í búinu, en lýstar kröfur námu 5.066.983,73 kr. Þrotamaður seldi allar eignir sínar, og var söluandvirði 10.437.500 kr. Eignir þessar voru íbúð að Eiðistorgi 5, Seltjarnarnesi, seld 24. mars 1984 á 2.750.000 kr., 12,5% eignarhluti í sameignarfélaginu Bústað sf., sem átti og leigði út stórhýsi að Borgartúni 29 í Reykjavík, seldur sameigendum í félaginu, sem voru þrír bræður þrotamanns og faðir hans, 26. september 1984 á 3.750.000 kr., og loks tískuverslunin Viktoría, Laugavegi 12, Reykjavík, seld 19. nóvember 1984 á 3.937.500 kr. Stefnandi telur, að þrotamaður hafi ráðstafað söluandvirði eignanna á þann veg, að lánardrottnum hans hafi verið stórlega mismunað. Hann hafi aðallega greitt kröfur, sem nánir ættingjar hans og vinir áttu á hendur honum, og þó einkum kröfur, sem þeir voru í ábyrgð fyrir, og auk þess, eins og síðar greinir, afhent syni sínum, stefnda Björgúlfi, víxil, að fjárhæð 606.250 kr., sem hann hafi fengið sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi um verslunina Viktoríu.

Dómkröfur stefnanda eru reistar á tveimur þáttum, annars vegar vegna veðsetningar og veðbandslausnar fyrir skuldabréfi, að fjárhæð 255.614 kr., og vísar stefnandi um þann kröfulið til 2. mgr. 57. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og hins vegar vegna gjafar þrotamanns til stefnda á víxli, að fjárhæð 606.250 kr., og vísar stefnandi um þann kröfulið til 1. mgr. 51. gr. og til 62. gr. sömu laga.

— — —

IV.

Samkvæmt gögnum þeim, sem frammi liggja í málinu, gaf þrotamaður, Pétur Ingólfsson, út 17. janúar 1984 veðskuldabréf til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, að fjárhæð 250.000 kr. Með bréfinu er veðsett með þriðja veðrétti fasteign stefnda, Leirutangi 49, og skrifar stefndi, Björgúlfur, undir bréfið, sem þinglýst var á fasteignina samdægurs. Samkvæmt veðleyfi þinglýsts eiganda fasteignarinnar Borgartúns 29, Bústaðar sf., er bréfinu og yfirlýsingu veðhafa um samþykki við veðflutningi þinglýst á þá eign 5. apríl 1984 og Leirutangi 49 jafnframt leystur úr veðböndum fyrir bréfinu 10. sama mánaðar.

Svo sem að framan er rakið, er því haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi lánað föður sínum skammtímaveð fyrir þessu tíu ára lífeyrissjóðsláni hans, vegna þess að faðir sinn hafi ekki viljað láta lánið fylgja íbúð, er hann átti að Eiðistorgi 5 og seldi 24. mars 1984 á 2.750.000 kr. og lét fylgja 687.186 kr. í áhvílandi lánum, og fékk skuldabréf, 212.814 kr., en fékk útborgað í peningum við kaupsamning 500.000 kr. og í víxlum 1.350.000 kr. Heldur stefndi því fram, að það hafi verið algert skilyrði fyrir veðheimildinni, að hún stæði aðeins 2-3 mánuði. Telur stefndi, að allt bendi til þess, að þrotamaður hafi átt fyrir skuldum, bæði þegar umrædd veðsetning á Leirutanga 49 fór fram 17. janúar 1984, og einnig, þegar eignin var leyst úr veðböndum 10. apríl s. á. Greiðslugeta þrotamanns hafi ekkert rýrnað vegna þessa.

Þá bendir stefndi á, að veðsetningin hafi verið ógildanleg samkvæmt 20. gr. laga nr. 20/1923. Hjónin Björgúlfur Pétursson, stefndi í máli þessu, og eiginkona hans, Hjördís Sigrún Pálsdóttir, hafi búið í fasteigninni Leirutanga 49, þegar umrædd veðsetning fór fram, og veðsalinn hafi vitað eða mátt vita, að svo væri. Konan hafi hvorki undirritað umrætt skuldabréf né veðleyfi og ekkert komið fram, sem sanni, að hún hafi samþykkt veðsetninguna með öðrum hætti. Veðsalanum, Lífeyrissjóði verslunarmanna, hafi því hlotið að vera ljóst, að veðsetningin væri samkv. 20. gr. laga nr. 20/1923 ógildanleg næsta árið frá veðsetningu, enda hæfist konan handa um málshöfðun innan sex mánaða, frá því að hún fengi vitneskju um hana, svo og, að hin torvelda sönnunarfærsla um slíka vitneskju hvíldi á veðsala.

Konan, Hjördís Sigríður Pálsdóttir, kom fyrir dóm 19. maí 1988. Spurð um, hvenær henni hafi orðið kunnugt um umrædda veðsetningu, svaraði hún:

„Það var skömmu áður en við áttum að fá veðdeildarlán. Við þurftum að veðsetja hús okkar, og þá upplýsti Björgúlfur mig um það, að hann hefði lánað föður sínum veð í skamman tíma fyrir lífeyrissjóðsláni frá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Þá tilkynnti ég honum það, að ég hefði aldrei veitt leyfi mitt fyrir því, að hús okkar yrði veðsett, því að við þyrftum

að nota veðréttinn fyrir veðdeildarlánið. Hann endurtók, að þetta væri einungis til skamms tíma og þessu yrði fljótlega aflétt. Ég tók fram, ef ekki, þá myndi ég krefjast þess, að þessu yrði rift. Þessu var síðan aflétt mjög fljótt með minni vitund, og síðan hef ég ekkert haft meira af þessu að segja. Ég gaf aldrei leyfi mitt fyrir, að húsið yrði veðsett fyrir þessu."

Á fram lögðu ljósriti úr fasteignaregistri kemur fram, að með veðskuldabréfi, dagsettu 5. 12. 1984 og þinglýstu 25. 1. 1985, var umrædd fasteign að Leirutanga 49 veðsett veðdeild Landsbanka Íslands með 1. veðrétti fyrir 261.000 kr., og er það bréf næsta innfærsla í fasteignaregistri á eftir aflýsingu og áður þinglýsingu títtnefnds veðskuldabréfs frá 17. janúar 1984.

V.

Frammi liggur í málinu veðskuldabréf, að fjárhæð 530.000 kr., út gefið 6. 12. 1984 af stefnda, Björgúlfi, til Iðnaðarbanka Íslands hf., óveðtryggt, en með 26% ársvöxtum og veði í Leirutanga 49, er greiða skyldi upp með einni greiðslu að ári liðnu, 6. 12. 1985.

Enn fremur er víxill, að fjárhæð 606.250 kr., samþykktur af manni í Vestmannaeyjum til greiðslu 1. desember 1985, en út gefinn af manni í Mosfellssveit. Auk útgefanda er ábekingur á víxlinum Gísli H. Sigurðsson, eiginmaður Jónínu S. Lárusdóttur, kaupanda verslunarinnar Viktoríu. Óumdeilt er, að þrotamaður fékk þennan víxil sem greiðslu við sölu á versluninni Viktoríu 17. 11. 1984, og er hann liður A 4 í greiðslusundurliðun með kaupsamningi um verslunina.

Meðal fram lagðra gagna er innheimtubeiðni fyrir víxlinum, fengin frá Iðnaðarbankaútibúinu í Hafnarfirði. Innheimtubeiðnin er ekki dagsett, og nafn innheimtubeiðanda, stefnda, Björgúlfs Péturssonar, er vélritað í þann reit beiðninnar, þar sem gert er ráð fyrir, að innheimtubeiðandi undirriti. Móttökuáritun bankans á beiðnina er dagsett 23. 8. 1985 og undirrituð af Albert Sveinssyni, skrifstofustjóra í Hafnarfjarðarútibúi bankans. Hinni fram lögðu beiðni fylgir fylgiseðill, stílaður á nafn skuldara og undirritaður af sama skrifstofustjóra og dagsettur sama dag og móttökuáritun á beiðnina, 23. 8. 1985, með svofelldum texta: „Víxillinn fannst innan um önnur gögn." Þá liggur frammi skilagrein bankans um innheimtu víxilsins, þar sem fram kemur, að hann greiddist að fullu 5. 12. 1985, og var fjárhæðin að frádregnum kostnaði, þ. e. 606.076 kr., lögð inn á ávísanareikning stefnda, Björgúlfs, við Iðnaðarbankann hf., útibúið í Hafnarfirði, þann dag.

Fram lögð skjöl frá bankanum svara ekki þessum spurningum:

1. Hvenær keypti bankinn skuldabréfið, og hvað varð um andvirði þess? Gekk það til greiðslu á yfirdrætti þrotamanns í bankanum, eins og fram hefur verið haldið, eða rann andvirðið til stefnda? Þá vantar í málið t.

d. útskriftir af ávísanareikningum viðkomandi, er tækju af tvímæli um þessi atriði (desember 1984).

2. Hvenær kom víxillinn í bankann (dags. stimplunar á fram lögðu ljósriti er ólæsileg), og hvaða gögn fylgdu honum þá eða voru útbúin síðar? Kaupbeiðni, handveðsgerningur, innheimtubeiðni, þar sem þess var óskað, að andvirði víxilsins rynni til greiðslu á skuldabréfinu, þegar hann greiddist? Önnur sýnileg sönnunargögn frá bankanum, er tækju af tvímæli um, að þegar við kaup bankans á skuldabréfi, að fjárhæð 530.000 kr., út gefnu 6. 12. 1984, hafi verið svo um samið, að það greiddist með víxilandvirðinu.

3. Rann andvirði víxilsins, þegar hann greiddist, til að greiða skuldabréfið? Í málið vantar útskrift af reikningi stefnda í desember 1985 og/eða millifærslukvittanir þær, sem virðast hafa verið lagðar fram í sakadómi Reykjavíkur, sbr. það, sem síðar greinir. Kom fram mismunur, þegar skuldabréfið hafði verið greitt af víxilandvirðinu, og hver greiddi þann mismun: víxilandvirðið, 606.250 kr., + stimpilgjald og bankakostnað, skuldabréfið, 530.000 kr. x 1,26 = 667.800 ÷ þinglýsingar- og stimpilgjald, 8.035 kr. + lántökugjald?

Þótt framangreind gögn vanti í málið, liggur fyrir vitnaframburður, sem hefur nokkurt sönnunargildi um framangreint, því að fram hefur verið lagt í málinu ljósrit af bls. 33 og 34 úr endurriti úr sakadómsbók Reykjavíkur. Dagsetning skýrslutökunnar kemur ekki fram á endurritinu. Fyrir sakadóm kom Albert Sveinsson skrifstofustjóri, Vallarbarði 4, Hafnarfirði, fæddur 15. mars 1954. Eftir honum er bókað:

„Aðspurt kveðst vitnið ekki geta staðfest, að Björgúlfur Pétursson hafi verið ábyrgur fyrir yfirdrætti ákærða á tékkareikningi hans við Iðnaðarbankann í Hafnarfirði.

Aðspurt kveður vitnið skuldabréf, út gefið 6. 12. 1984 af Björgúlfi Péturssyni (B-3,22), hafa gengið til greiðslu á óheimiluðum yfirdrætti ákærða. Vitnið kveður millifærslu (B-3, 23) hafa verið gerða af bankanum og kvittanir væntanlega sendar Björgúlfi beint. Aðspurt kveður vitnið, að samningar um framangreint skuldabréf hafi væntanlega verið á milli útibússtjórans og ákærða og konu hans. Vitnið kveður bankann hafa synjað um kaup á víxli (B-3, 15), en getur ekki borið um, hvort víxillinn var áfram í vörslu bankans eftir það. Ákærði óskaði eftir því við bankann, að greiðsla fyrir víxilinn yrði látin ganga upp í greiðslu á skuldabréfinu. Vitnið kveður sig minna, að eiginkona ákærða hafi komið með framangreindan víxil í bankann. Vitnið segir, að þegar við útgáfu skuldabréfsins hafi verið ákveðið, að víxillinn gengi til greiðslu þess. Um þetta var samið milli útibússtjórans og eiginkonu ákærða. Vitnið kveðst ekki hafa haft samband við Björgúlf um skjal B-3, 17. Vitnið kveður greiðslur á víxlunum hafa

farið inn og út af ávísanareikningi Björgúlfs og hann þá væntanlega fengið sendar kvittanir þess efnis.“

Það athugast, að stefnandi hefur ekki kallað útibússtjórann fyrir dóm þrátt fyrir það ríka tilefni, sem skýrsla skrifstofustjórans gefur til slíkrar yfirheyrslu.

Stefndi, Björgúlfur, var yfirheyrður fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins 15. 4. 1986, og var þá m. a. eftir honum bókað:

„Mætti segist muna til þess að hafa haft undir höndum fjármuni vegna verslunarinnar Viktoríu. Hins vegar segist mætti hafa gefið föður sínum veð í húseign mætta að Leirutanga 49, Mosfellssveit, og það veð hafi faðir mætta gert upp við Iðnaðarbankann í Hafnarfirði. Mætta er nú sýnt ljósrit af innheimtubeiðni Iðnaðarbankans í Hafnarfirði, þar sem mætti er 23. 8. 1986 að láta til innheimtu víxil, að fjárhæð 606.250 kr. Mætti er spurður um þennan víxil.

Mætti segir, að í desember 1984 hafi mætti tekið lán við Iðnaðarbankann í Hafnarfirði með veði í eign mætta, Leirutanga 49, Mosfellssveit, og þeir peningar hafi gengið til að greiða upp einhverjar skuldir föður mætta við Iðnaðarbankann í Hafnarfirði. Mætti telur, að lánið hafi verið upp á 500.600 kr. og trygging mætta hafi verið ofangreindur víxill, sem hafi verið geymdur í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði og átti að mæta láninu, þegar það félli í gjalddaga.

Mætti segir, að fyrir tilviljun hafi hann farið að spyrjast fyrir um víxilinn einhvern tíma á árinu 1985, og þá hafi víxillinn ekki fundist í bankanum, en mætti hafi síðan fengið upp gefið nokkru seinna, að víxillinn væri í bankanum. Andvirði víxilsins hafi verið lagt inn á tékkareikning mætta nr. 4627 hjá Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði við greiðslu 4. og 5. 1985, en gengið beint til greiðslu á skuldabréfaláninu, sem að framan greinir, en víxilupphæðin hafi ekki dugað og mætti skuldi enn mismun, sem hann hafi fengið framlengdan.“

Móðir stefnda, Auður Viktoría Þórisdóttir, Ljósheimum 20, Reykjavík, kt. 180539-2719, sem var gift þrotamanni þar til síðla árs 1984, kom fyrir dóminn 19. maí 1988. Henni var sýnt ljósrit það af víxli, er um ræðir í máli þessu. Hún taldi víxilinn vera hluta af greiðslu fyrir verslunina Viktoríu og taldi, að hún hefði farið með hann í útibú Iðnaðarbankans hf. í Hafnarfirði, líklega í endaðan nóvember 1984, og afhent hann útibússtjóranum. „Ef ég man rétt, þá átti þetta að fara til greiðslu á yfirdrætti, sem hann var kominn í, vanskil, allavega að fara í greiðslu, já, frá Pétri.“ Aðspurð kvaðst hún ekki vita til, að Björgúlfur hefði verið í ábyrgð fyrir umræddum yfirdrætti eða öðrum skuldbindingum Péturs eða verslunarinnar Viktoríu við bankann.

Álit réttarins.

Frávísunarkrafa stefnda, sem hrundið var með úrskurði 24. febrúar 1987, verður ekki frekar nú en þá studd þeirri málsástæðu, að gjaldþrotaúrskurðurinn 7. mars 1985 hafi verið kveðinn upp á röngu varnarþingi og sé því markleysa ein, sem eigi hafi lögfylgjur í för með sér, sbr. 4. mgr. 196. gr. l. nr. 85/1936. Að vanreifunarmálsástæðu stefnda verður síðar vikið.

Þegar litið er á í samhengi veðsetningu og veðbandslausn fasteignar stefnda, Leirutanga 49, samkvæmt veðleyfi, út gefnu og þinglýstu 17. janúar 1984 og afléttu 10. apríl s. á., fyrir 250.000 króna skuldabréfi, er faðir stefnda gaf út og ráðstafaði, þá hafði þrotabúið engan skaða af. Sá 255.614 króna hluti stefnukröfu, sem lýtur að þessari veðbandslausn, verður því ekki byggður á 2. tölulið 57. gr. og 62. gr. gjaldþrotalaga, en á þeim ákvæðum reisir stefnandi þennan hluta málsóknarinnar. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna af þessum kröfulið.

Það styrkir þá niðurstöðu, að búið hafi engan skaða beðið og því beri að sýkna, að samkvæmt því, sem fyrir liggur í málinu, virðist umrædd veðsetning hafa verið ógildanleg skv. 20. gr. l. 20/1923 gagnvart veðsala, Lífeyrissjóði verslunarmanna, þegar veðbandslausnin fór fram 10. apríl 1984, en veðinu hafði verið þinglýst á Borgartún 29 5. sama mánaðar.

Líkur virðast til, að veðsetningin hafi verið ógildanleg allt til 17. janúar 1985, en beiðni um gjaldþrotaskipti á búi þrotamanns, dags. 3. janúar 1985, var þá til umfjöllunar í skiptarétti Reykjavíkur, eignir hans upp urnar og hann farinn fyrir meira en mánuði (7. des.) til frambúðar af landi brott.

Það styrkir þá fullyrðingu stefnda, að fyrir fram hafi verið um veðflutninginn samið, hversu fljótt hann fór fram og að ekki voru sýnileg tengsl milli veðflutningsins á Borgartún 29 sf. í aprílbyrjun og sölunnar á eignarhluta þrotamanns í sameignarfélaginu Borgartúni 29 hálfu ári síðar, 26. september 1984.

Ákvæði 20. gr. l. 20/1923 er meðal þeirra lagaákvæða, sem menn skirrast í lengstu lög við að bera fyrir sig. Ráða því siðferðilegar ástæður, enda dómsmál um þessa lagagrein næsta fágæt. En með því, hvernig til hagaði um umrædda veðsetningu, má gera ráð fyrir því, að stefndi hefði gert reka að því, að eiginkona hans hæfist handa um málshöfðun, áður en málshöfðunarfrestur rynni út, og þannig gripið til hinnar einföldu leiðar 20. gr. laga nr. 20/1923 til þess að verjast kröfunni, ef veðið hefði hvílt á fasteign hans til loka málshöfðunarfrests 17. janúar 1985.

Með tilliti til þess, að nokkuð skortir á, að þau sýnilegu sönnunargögn, sem færð hafa verið fram til stuðnings þeim af kröfulið þeim (sic), er lýtur að víxli, að fjárhæð 606.250 kr., með gjalddaga 1. desember 1985, veiti nægilega samfelldar upplýsingar um umrædd lögskipti, sbr. það, sem rakið er

í V. kafla hér að framan, töluliðum 1-3, og þar sem fyllri sýnilegra sönnunargagna er völ, og þar sem það er aðeins eitt lögfullt vitni, sem borið hefur um þýðingarmestu atriðin, þ. á m. um atriði, sem fleiri tiltæk vitni ættu að geta borið um, þykir eftir atvikum réttara að fallast á aðalkröfu stefnda um frávísun fremur en varakröfu hans, enda hefði stefnanda ekki átt að verða skotaskuld úr því að afla tæmandi upplýsinga frá Iðnaðarbankanum hf. og útibússtjóra hans, hefði hann gert reka að því. Við ákvörðun málskostnaðar er þó m. a. haft í huga, að vegna hugmynda bankastarfsmanna um svokallaða bankaleynd, hefði væntanlega orðið enn auðveldara fyrir stefnda að afla nauðsynlegra gagna, sem raunar má ætla, að hann hafi flest haft sjálfur undir höndum í öllum rekstri málsins og hafi enn.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson sýslumaður kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Þeim hluta stefnukröfu, er lýtur að víxli að fjárhæð 606,250 kr. með gjalddaga 1. sept. 1984, er vísað frá dómi.

Stefndi, Björgúlfur Pétursson, á að vera sýkn af þeim hluta stefnukröfu, 255.614 kr., er lýtur að lausn veðbands af fasteign hans, Leirutanga 49, með yfirlýsingu, dagsettri 5. apríl 1984 og þinglýstri 10. sama mánaðar, fyrir skuldabréfi, að höfuðstól 250.000 kr., út gefnu af Pétri Ingólfssyni til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 17. janúar 1984.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 89/1989. **Tollstjórinn í Reykjavík vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Hirti Ingólfssyni
(Árni Stefánsson hrl.)
og gagnsök.

Gjaldþrot. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1989. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér alls 1.077.089,17 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 17% frá 26. september 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí s. á., 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. mars s. á., 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar s. á. og 11% ársvöxtum frá 21. febrúar 1987 til 14. apríl 1987, en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. apríl 1987 til uppsögudags dóms Hæstaréttar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 10. gr., frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. maí sama ár. Hann krefst aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms og frávísunar frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðalkrafa gagnáfrýjanda er byggð á því í fyrsta lagi, að bú Péturs Ingólfssonar, sem tekið var til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 7. mars 1985, hafi verið tekið til skipta á röngu varnarþingi, enda hafi Pétur þá verið búsettur erlendis. Leggja verður úrskurðinn til grundvallar. Samkvæmt þessu og með

vísan til þess, sem segir um vanreifun í hinum áfrýjaða dómi, verður ómerkingarkrafan ekki tekin til greina.

Staðfesta ber héraðsdóm, að því er varðar 747.000 krónur af kröfum aðaláfrýjanda.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að Pétur Ingólfsson hafi ekki verið gjaldfær eftir ráðstöfun þess fjár, sem hann fékk fyrir hluta sinn í Bústað sf. Ber með tilvísun til 2. mgr. 67. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms varðandi 325.630,17 krónur af kröfum aðaláfrýjanda um annað en vexti, sem verða dæmdir eins og segir í dómsorði.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Hjörtur Ingólfsson, greiði aðaláfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar, 325.630,17 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 17% frá 26. september 1984 til 31. desember s. á., 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí s. á., 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1985, 13% frá 1. mars 1986 til 31. s. m., 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar s.á, 11% frá 21. febrúar 1987 til 14. apríl s. á., en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. apríl 1987 til uppsögudags dóms Hæstaréttar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 10. gr., sbr. lög nr. 90/1992, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 15. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík, nnr. 8888-0528, Tryggvagötu 19, Reykjavík, Björn Hermannsson, nnr. 1334-7166, Álftamýri 39, Reykjavík, vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar, nnr. 7097-4444, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu með

stefnu, birtri 31. október 1986, á hendur Hirti Ingólfssyni, nnr. 4226-8143, framkvstj., Bugðutanga 2, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, til greiðslu fébóta, að fjárhæð 1.077.089,10 kr., auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 325.630,17 kr. auk 17% ársvaxta frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% f rá 1. mars 1986 til 30. (sic) mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og 751.459 kr. auk 17% ársvaxta frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkv. taxta LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður, en til vara er krafist sýknu og málskostnaðar og loks til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með úrskurði réttarins 24. febrúar 1987 að undangengnum munnlegum málflutningi 17. sama mánaðar var frávísunarkröfunni hrundið.

II.

Bú Péturs Ingólfssonar, Birkimel 10, Reykjavík, sem er bróðir stefnda, Hjartar, var tekið til gjaldþrotaskipta 7. mars 1985. Engar eignir hafa komið fram í búinu, en lýstar kröfur námu 5.066.983,73 kr. Þrotamaður hafði selt allar eignir sínar árið 1984, og var söluandvirði sem hér segir:

1. Íbúð að Eiðistorgi 5 samkvæmt kaupsamningi, dags. 24. mars 1984	kr.	2.750.000,00
2. Eignarhluti í Bústað sf. samkvæmt yfirlýsingu, dags. 26. sept. 1984	—	3.750.000,00
3. Verslunin Viktoría samkvæmt kaupsamningi, dags. 19. nóv. 1984	—	3.937.500,00
Samtals	kr.	10.437.500,00

Söluandvirði þessara eigna varði þrotamaður til að gera upp hluta af skuldum sínum, og telur stefnandi, þ. e. kröfuhafar í bú þrotamanns, að við það uppgjör hafi þrotamaður látið ýmsar skuldir, sem nánir ættingjar hans, þ. á m. stefndi, höfðu gengið í ábyrgð fyrir, hafa algeran forgang. Þannig telur stefnandi, að verulegum hluta af söluandvirði Bústaðar sf., sem áður er getið, hafi þrotamaður varið til greiðslu slíkra skulda, nánar tiltekið sem hér segir:

1. Greiddar skuldir þrotamanns við Bústað sf., eigendur faðir og bræður þrotamanns	kr.	256.950,00
2. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmaður Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	325.630,17
3. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Björgúlfur Pétursson, sonur þrotamanns	—	406.912,54
4. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands samkvæmt þremur víxlum, útgefandi Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	747.000,00
5. Greidd víxilskuld við Iðnaðarbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	308.302,00
6. Greidd víxilskuld við Landsbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	150.000,00
7. Greidd skuld við Iðnaðarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	66.520,90
	Kr.	2.261.315,61

Stefnukrafan í máli þessu lýtur að liðum 2 og 4 í þessari sundurliðun. Er þar um að ræða skuldabréf Verslunarbanka Íslands hf., nr. 62241, út gefið 23. ágúst 1983 af Pétri Ingólfssyni, upphaflega að fjárhæð 525.000 kr., en að eftirstöðvum 26. sept. 1984 325.630,17 kr., sem stefndi var sjálfskuldarábyrgðarmaður á, og þrjá víxla, nr. 641849, að fjárhæð 400.000 kr., nr. 641850, að fjárhæð 138.000 kr., og nr. 641851, að fjárhæð 209.000 kr., samtals 747.000 kr. Víxlarnir eru allir með gjalddaga 26. 9. 1984. Þeir eru allir áritaðir af stefnda sem útgefanda, en útgáfudagur ekki tilgreindur, og samþykktir til greiðslu af Pétri Ingólfssyni. Þeir voru allir greiddir í Verslunarbanka Íslands hf. 26. sept. 1984 sem og skuldabréfið.

III.

Það er málsástæða stefnanda, að greiðsla á framangreindum víxlum og skuldabréfi 26. september 1984 sé riftanleg gagnvart stefnda sem útgefanda víxlanna og sjálfskuldarábyrgðarmanni á skuldabréfinu samkv. 2. mgr. 54.

gr. laga nr. 6, 1978. Er staðhæft, að með ráðstöfunum þessum hafi verið greiddar skuldir, sem úrslitum hafi ráðið um gjaldfærni þrotamanns, og að stefnda hafi þannig verið ívilnað á kostnað annarra kröfuhafa í þrotabú Péturs Ingólfssonar með því að hafa losnað úr ábyrgðum á fjárskuldbindingum þrotamanns. Er á því byggt, að þrotabúi Péturs Ingólfssonar og þar með kröfuhöfum þess hafi með greiðslu skulda þessara verið valdið fjártjóni, sem stefnda sé samkv. 62. gr. laga nr. 6, 1978, sbr. 2. mgr. 54. gr., lögskylt að bæta búinu. Er því haldið fram, að svo beri að skýra 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6, 1978, að hún taki einnig til greiðslna á skuldum þrotamanns, sem séu til hagsbóta aðila nákomnum þrotamanni.

Verði ekki fallist á skilning stefnanda á 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6, 1978, er fébótakrafa á hendur stefnda reist á 63. gr. laga nr. 6, 1978, sbr. 61. gr. Er það málsástæða stefnanda, að Pétur Ingólfsson hafi verið ógjaldfær eða orðið það, er skuldir samkv. víxlunum og skuldabréfinu voru greiddar, og að stefnda hafi þannig sem sjálfskuldarábyrgðarmanni á lánsskjölum þessum verið ívilnað gróflega og ótilhlýðilega á kostnað annarra kröfuhafa þrotamanns. Er staðhæft, að stefndi hafi á þessum tíma vitað eða mátt vita um bágan fjárhag og ógjaldfærni Péturs Ingólfssonar og að með þessum ráðstöfunum hafi verið gróflega og ótilhlýðilega brotið gegn jafnræði kröfuhafa þrotamanns, þar eð stefndi hafi með greiðslu skulda þessara losnað úr ábyrgðum á fjárskuldbindingum þrotamanns. Færir stefnandi fram þau lagarök, að ráðstafanir þessar séu riftanlegar samkv. 61. gr. laga nr. 6, 1978, og að stefnda sé samkv. 63. gr. laga nr. 6, 1978, lögskylt að bæta þrotabúi Péturs Ingólfssonar fjártjón það, sem búið varð fyrir vegna þessara ráðstafana, enda verði að skýra hugtakið „kröfuhafi" í 61. gr. laga nr. 6, 1978, svo, að einnig sé átt við ábyrgðarmenn á fjárskuldbindingum þrotamanns.

IV.

Aðalkröfu sína um frávísun studdi stefndi þeim rökum í fyrsta lagi, að úrskurður um gjaldþrotameðferð hefði verið kveðinn upp á röngu varnarþingi, og í öðru lagi rökstuddi hann frávísunarkröfuna með því, að málið væri vanreifað.

Sem fyrr segir, var frávísunarkröfunni hrundið með úrskurði 24. febrúar 1987, og kemur því varnarþingsmálsástæðan ekki frekar til álita, enda ekkert nýtt fram komið í málinu frá uppkvaðningu úrskurðar hana varðandi, sbr. 3. mgr. 108. gr. l. 85/1936.

Um vanreifunarmálsástæðuna er það að segja, að hún var í fyrsta lagi studd þeim rökum, að skiptaráðandi hefði ekki viðurkennt aðrar lýstar kröfur í þrotabúið en forgangskröfu, að fjárhæð 22.232 kr., og kröfum tollstjórans í Reykjavík alla tíð verið sérstaklega mótmælt sem áætluðum

og órökstuddum og því jafnframt mótmælt, að fyrir lægi, að þrotamaður ætti ekki fyrir skuldum. Um þessi atriði liggur ekkert nýtt fyrir frá úrskurði. Í öðru lagi var vanreifunarmálsástæðan rökstudd með því, að grundvallarskjölin í málinu, víxlarnir og skuldabréfið, væru lögð fram í ljósriti og einungis framhliðar, en ekki bakhliðar skjalanna ljósritaðar, og loks, að útgáfudag vantaði á víxlana svo og framsöl.

Er úrskurðurinn gekk 24. febrúar 1987, var talið, að frumrit umræddra skjala væru í vörslu sakadóms Reykjavíkur, en ríkissaksóknari höfðaði sakamál á hendur Pétri Ingólfssyni með ákæru, út gefinni 15. maí 1986, á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 250. gr. l. 19/1940. Var ákæran m. a. byggð á lögskiptum þeim, sem mál þetta snýst um. Ákærði var sekur fundinn um brot á téðu lagaákvæði og dæmdur 24. júní sl. í þriggja mánaða fangelsi óskilorðsbundið auk þriggja mánaða skilorðsbundið. Ekki er í dóminum fjallað sérstaklega um lögskipti þau, sem stefnukrafan í máli þessu lýtur að, heldur litið til fjárráðstafana ákærða í heild fyrir gjaldþrotið og talið sannað, að hann hafi greitt skuldir, sem ættingjar hans voru í ábyrgð fyrir, en eftir standi skuldir, sem hann beri einn ábyrgð á. Er niðurstaða dómsins á því reist, að ákærði hafi af ásetningi mismunað lánardrottnum sínum.

Það kom á hinn bóginn í ljós, eftir að frávísunarkröfunni var hrundið 24. febrúar 1987, að umræddir víxlar og skuldabréf höfðu ekki verið lögð fram í frumriti í sakadómsmálinu, heldur einvörðungu í ljósriti.

Eftir því sem fram hefur komið í máli þessu, annaðist stefndi, Hjörtur, sem umboðsmaður bróður síns greiðslu á umræddum verðbréfum og fékk frumskjölin í hendur við greiðslu, en kveðst fljótlega hafa afhent Pétri skjölin, en tók þó áður ljósrit af þeim fyrir sjálfan sig. Eftir þeim ljósritum ljósritaði RLR hin fram lögðu skjöl í málinu, en stefndi, Hjörtur, hélt sínum upphaflegu ljósritunum.

Samkvæmt þessu verður að telja, að sönnunarbyrði sé hér þannig háttað, að stefndi verði að bera hallann af því að hafa ekki lagt fram í málinu frumrit umræddra skjala eða fullkomin ljósrit. Hann hafði á sínum tíma skjölin í höndum og ljósritaði þau, áður en hann afhenti þau. Hann hefur ekki skýrt, hvers vegna hann leggur ekki þessi ljósrit sín fram í málinu. Í rekstri málsins hefur hann auk þess verið í allt annarri og betri aðstöðu en stefnandi til þess að afla frumskjalanna og leggja þau fram.

Að þessu athuguðu verður frávísunarkröfu stefnanda enn hrundið.

V.

Kröfu sína um sýknu reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að aðalsönnunargögnin, sem lögð eru fram í málinu, séu lögð fram í ljósritum, sem sé svo áfátt, að þegar af þeirri ástæðu beri sð sýkna, í öðru lagi á því, að gjaldþrotaúrskurðurinn hafi verið kveðinn upp á röngu varnarþingi og á röngum

forsendum og því markleysa og skaðabótamál reist á riftunarreglum gjaldþrotalaga því á sandi byggt.

Þá reisir stefndi sýknukröfurnar á því, að riftunarskilyrðum samkvæmt gjaldþrotalögum sé ekki til að dreifa. Þrotamaður hafi hvorki verið ógjaldfær, þegar umræddar bankaskuldir voru greiddar, né orðið ógjaldfær við greiðslu þeirra. Hefur stefndi lagt fram útreikninga, sem óþarft þykir að rekja, þessu til stuðnings. Stefndi sem og aðrir meðeigendur hans í Bústað sf., kaupendur eignarhluta Péturs, hafi verið í góðri trú um gjaldfærni hans, þegar greiðslurnar voru inntar af hendi.

Þrautavarakröfu sína um lækkun stefnukrafna útlistar stefndi þannig: Ef svo færi, að einhver hluti af stefnukröfunum í máli þessu yrði tekinn til greina, krefjast stefndu þess, að bætt verði við dómsorðið ákvæði um, að þeir eigi rétt á að fá dregna frá dómsfjárhæðinni þá prósentu, sem búið komi til með að greiða upp í almennar kröfur, eftir að fjárhæðum dæmdra riftunarkrafna hafi verið bætt við viðurkenndar almennar kröfur. Það komi greinilega fram í 62. og 63. gr. laga nr. 6/1978, að kröfuhafar í þrotabú eigi ekki að græða neitt á riftun, heldur aðeins að fá það, sem þeir hefðu fengið upp í kröfur sínar, hefði hin riftanlega ráðstöfun ekki farið fram. Hefði hin riftanlega ráðstöfun ekki farið fram, hefði stefndi verið meðal almennra kröfuhafa í búið og fengið sína hlutdeild af því, sem til úthlutunar verði upp í almennar kröfur. Þegar svona sé farið að, komi fram hið raunverulega tjón búsins. Það eigi að bæta, en ekki meira. Hvergi sé heimild fyrir því í VIII. kafla laga nr. 6/1978, að búið græði á riftun; það eigi að vera skaðlaust. Þessi hundraðshluti liggi ekki fyrir nú, en hann muni liggja fyrir við uppgjör búsins.

Álit dómsins.

Útgáfudag vantaði á „víxla" þá, er í máli þessu greinir, og stofnaðist því aldrei víxilréttur á hendur útgefanda samkvæmt þeim. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að eigandi „víxlanna", Verslunarbanki Íslands hf., hafi átt færa leið til þess að innheimta þá með lögsókn hjá útgefanda, stefnda í máli þessu. Þar sem það er samkvæmt þessu ósannað, að stefndi hafi haft hag af því, að „víxlarnir" greiddust, verður þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af þeim hluta stefnukröfu, er tengist téðum „víxlum".

Bróðir þrotamanns, stefndi Hjörtur, var sjálfskuldarábyrgðarmaður á skuldabréfi því, sem um ræðir í málinu.

Þrotabú á þess kost í tilvikum sem þessu að beina riftunarkröfu að þeim, sem að lokum hefði beðið tjón, ef þrotamaður hefði ekki greitt. Það ónýtir því ekki málsókn þessa, þótt stefnandi hafi ekki beint riftunarmáli að eiganda skuldabréfsins og viðtakanda greiðslnanna, Verslunarbanka Íslands hf.

Svo sem að framan er rakið, námu lýstar kröfur í bú þrotamanns rúmlega 5 millj. króna. Þegar búið var að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., átti þrotamaður eftir verslunina Viktoríu, nafnverð söluverðs samkvæmt kaupsamningi tæpar 4 milljónir, raunvirði (kaupsamningur metinn til staðgreiðslu í peningum) væntanlega miklu lægra. Samkvæmt þessu hefur stefnda ekki tekist að sýna fram á, að þrotamaður hafi átt fyrir skuldum, þegar hann var búinn að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., og annað er ekki fram komið en það hafi einmitt verið greiðslur þær af söluandvirði Bústaðar sf., samtals yfir 2 milljónir króna, sem hann ráðstafaði til þess að greiða kröfur, sem nákomin ættmenni hans voru í ábyrgð fyrir, þ. á m. greiðslur þær, sem mál þetta snýst um, er ráðið hafi úrslitum um gjaldfærni hans, en á þessar greiðslur verður í þessu samhengi að líta sem eina heild.

Samkvæmt þessu ber með vísan til 2. töluliðar 54. gr. l. nr. 6/1978 og með vísan til 62. gr. sömu laga að taka kröfur stefnanda til greina með 325.630,17 kr. ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Ekki verður sinnt þeirri þrautavarakröfu stefnda að tilgreina sérstaklega í dómsorði, að draga beri frá tildæmdum fjárhæðum þá prósentu, sem búið komi til með að greiða upp í almennar kröfur. Það er almenn regla, byggð á eðli máls og venjuhelguð, að kröfu á hendur þrotabúi, er verður til vegna úrslita riftunarmáls, sem dæmt er eftir lok kröfulýsingarfrests, má koma að með fullum réttindum í kröfuröð, þótt kröfulýsingarfrestur sé liðinn.

Málskostnaður ákveðst 75.000 kr.

Már Pétursson sýslumaður kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hjörtur Ingólfsson, greiði stefnanda, þrotabúi Péturs Ingólfssonar, 325.630,17 kr. ásamt 17% ársvöxtum frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 30. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 31. október 1986, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 75.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 90/1989. **Tollstjórinn í Reykjavík vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
dánarbúi Ingólfs Guðmundssonar
(Árni Stefánsson hrl.)
og gagnsök.

Gjaldþrot. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1989. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi greiði sér 458.302 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 17% frá 26. september 1984 til 31. desember s. á., 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí s. á., 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. s. m., 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar s.á. og 11% frá 21. febrúar 1987 til 14. apríl 1987, en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. apríl 1987 til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 10. gr., frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 6. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. maí sama ár. Búið krefst aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms og frávísunar frá héraðsdómi. Til vara er krafist sýknu. Þá er gerð krafa um málskostnað fyrir báðum dómum.

Aðalkrafa gagnáfrýjanda er byggð á því í fyrsta lagi, að bú Péturs Ingólfssonar, sem tekið var til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 7. mars 1985, hafi verið tekið til skipta á röngu varnarþingi, enda hafi Pétur þá verið búsettur erlendis. Eins og á stendur, verður að leggja úrskurð skiptaréttarins til grundvallar. Samkvæmt þessu og með vísan til þess, sem segir í hinum

áfrýjaða dómi um vanreifun, verður ómerkingarkrafan ekki tekin til greina.

Staðfesta ber héraðsdóm, að því er varðar 308.302 krónur af kröfum aðaláfrýjanda.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að Pétur Ingólfsson hafi ekki verið gjaldfær eftir ráðstöfun þess fjár, sem hann fékk fyrir hluta sinn í Bústað sf. Ber með tilvísun til 2. mgr. 67. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms varðandi 150.000 krónur af kröfum aðaláfrýjanda um annað en vexti, sem verða dæmdir eins og segir í dómsorði.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, dánarbú Ingólfs Guðmundssonar, greiði aðaláfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar, 150.000 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 17% frá 26. september 1984 til 31. desember s. á., 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí s. á., 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. s. m., 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar s. á. og 11% frá 21. febrúar 1987 til 14. apríl s. á., en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. apríl 1987 til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 10. gr., sbr. lög nr. 90/1992, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 15. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík, nnr. 8888-0528, Tryggvagötu 19, Reykjavík, Björn Hermannsson, nnr. 1334-7166, Álftamýri 39, Reykjavík, vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar,

nnr. 7097-4444, Skógarhlíð 6, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu með stefnu, birtri 31. október 1986, á hendur Ingólfi Guðmundssyni, nnr. 4723-3100, Bjarkarholti 4, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, til greiðslu fébóta, að fjárhæð 458.302 kr., auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 308.302 kr., auk 17% ársvaxta frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 30. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og 150.000 kr. auk 17% ársvaxta frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkv. taxta LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður, en til vara er krafist sýknu og málskostnaðar og loks til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með úrskurði réttarins 24. febrúar 1987 að undangengnum munnlegum málflutningi 17. sama mánaðar var frávísunarkröfunni hrundið.

II.

Bú Péturs Ingólfssonar, sem er sonur stefnda Ingólfs, var tekið til gjaldþrotaskipta 7. mars 1985. Engar eignir hafa komið fram í búinu, en lýstar kröfur námu 5.066.983,73 kr. Þrotamaður hafði selt allar eignir sínar árið 1984, og var söluandvirði sem hér segir:

1.	Íbúð að Eiðistorgi 5 samkvæmt kaupsamningi, dags. 24. mars 1984	kr. 2.750.000,00
2.	Eignarhluti í Bústað sf. samkvæmt yfirlýsingu, dags. 26. sept. 1984	— 3.750.000,00
3.	Verslunin Viktoría samkvæmt kaupsamningi, dags. 19. nóv. 1984	— 3.937.500,00
		Samtals kr. 10.437.500,00

Söluandvirði þessara eigna varði þrotamaður til að gera upp hluta af skuldum sínum, og telur stefnandi, þ. e. kröfuhafar í bú þrotamanns, að við það uppgjör hafi þrotamaður látið ýmsar skuldir, sem nánir ættingjar hans, þ. á m. stefndi, höfðu gengið í ábyrgð fyrir, hafa algeran forgang. Þannig telur stefnandi, að verulegum hluta af söluandvirði Bústaðar sf.,

sem áður er getið, hafi stefndi varið til greiðslu slíkra skulda, nánar tiltekið sem hér segir:

1. Greiddar skuldir þrotamanns við Bústað sf., eigendur faðir og bróðir þrotamanns	kr.	256.950,00
2. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmaður Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	325.630,17
3. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Björgúlfur Pétursson, sonur þrotamanns	—	406.912,54
4. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands samkvæmt þremur víxlum, útgefandi Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	747.000,00
5. Greidd víxilskuld við Iðnaðarbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	308.302,00
6. Greidd víxilskuld við Landsbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	150.000,00
7. Greidd skuld við Iðnaðarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	66.520,90
	Kr.	2.261.315,61

Kveður stefnandi stefnukröfuna sprottna af liðum 5 og 6 í framangreindri sundurliðun, tveimur víxlum, báðum samþykktum af Pétri Ingólfssyni og út gefnum af stefnda, Ingólfi Guðmundssyni.

Víxill greindur í lið 5, að fjárhæð 300.000 kr., vistaður í Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúinu í Hafnarfirði, hafi verið með gjalddaga 1. september 1984 og greiddur bankanum ásamt dráttarvöxtum, að fjárhæð 8.250 kr., og kostnaði, 52 kr., 2. október 1984, samtals með 308.302 kr. Stefndi hefur sérstaklega mótmælt þeim hluta þessa kröfuliðar, sem er umfram 300.000 kr.

Víxill greindur í lið 6, að fjárhæð 150.000 kr., vistaður í Landsbanka Íslands, hafi verið með gjalddaga 7. október 1984 og greiddur í bankanum með 150.000 kr. 9. október 1984.

Frammi liggur í málinu ljósrit af fyrrnefnda víxlinum, þ. e. víxli greindum í lið 5. Samkvæmt ljósritinu hefur vantað á hann útgáfudag. Á ljósrit-

inu stendur, að gjalddagi sé 1. september, en ártals er eigi getið. Ekki sýnist þó loku fyrir það skotið, að ártalið hafi verið tilgreint á upphaflega víxlinum, því að nokkrir millímetrar lengst til hægri á skjalinu virðast ekki hafa ljósritast, og hefur ártalið, þ. e. sá hluti þess, sem er umfram töluna 19, sem er áprentuð, getað verið skráð á þann hluta víxileyðublaðsins.

Síðarnefndi víxillinn, að fjárhæð 150.000 kr., hefur ekki verið lagður fram í málinu, og nýtur ekki fullkominna gagna við um gervi hans, en fram er lagt ljósrit af greiðslukvittun bankans, þar sem greindur er gjalddagi, víxilfjárhæð og greiðandi í samræmi við lýsingu stefnanda á víxlinum, en útgefanda eða útgáfudags er ekki getið á kvittuninni.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt því, að hann hafi verið skuldbundinn að lögum samkvæmt síðarnefnda víxlinum, að fjárhæð 150.000 kr., fremur en hinum fyrrnefnda. Stefndi telur því, að hann hafi ekki losnað úr neinum ábyrgðum með greiðslu framangreindra svokallaðra víxla, þær hafi einfaldlega aldrei verið fyrir hendi. Bankarnir hefðu ekki getað fengið dóm á hendur útgefanda víxlanna.

Stefnandi hefur lagt fram yfirlýsingu Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibús, dags. 14. 4. 1986, svohljóðandi: „Samkvæmt símbeiðni Jóns H. Snorrasonar, rannsóknarlögreglumanns ríkisins, vottast hér með, að útgefandi og framseljandi á víxli 150.000 kr., eitt hundrað og fimmtíu þúsund, samþ. og seldum hér í útibúinu af Pétri Ingólfssyni, var Ingólfur Guðmundsson, faðir Péturs og forstjóri Bústaðar sf. En Bústaður sf. tók að sér greiðslu á víxlinum."

III.

Það er málsástæða stefnanda, að greiðsla á framangreindum víxlum 2. og 9. okt. 1984 sé riftanleg gagnvart stefnda sem útgefanda víxlanna samkv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6, 1978. Er staðhæft, að með ráðstöfunum þessum hafi verið greiddar skuldir, sem úrslitum hafi ráðið um gjaldfærni þrotamanns, og að stefnda hafi þannig verið ívilnað á kostnað annarra kröfuhafa í þrotabú Péturs Ingólfssonar með því að hafa losnað úr ábyrgðum á fjárskuldbindingum þrotamanns. Er á því byggt, að þrotabúi Péturs Ingólfssonar og þar með kröfuhöfum þess hafi með greiðslu skulda þessara verið valdið fjártjóni, sem stefnda sé samkv. 62. gr. laga nr. 6, 1978, sbr. 2. mgr. 54. gr., lögskylt að bæta búinu. Er því haldið fram, að skýra beri svo 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6, 1978, að hún taki einnig til greiðslna á skuldum þrotamanns, sem séu til hagsbóta aðila nákomnum þrotamanni, í þessu tilviki föður þrotamanns.

Verði ekki fallist á skilning stefnanda á 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6, 1978, er fébótakrafa á hendur stefnda reist á 63. gr. laga nr. 6, 1978, sbr. 61. gr. Er það málsástæða stefnanda, að Pétur Ingólfsson hafi verið ógjaldfær

eða orðið það, er skuldir samkv. víxlunum og skuldabréfinu voru greiddar, og að stefnda hafi þannig sem sjálfskuldarábyrgðarmanni á lánsskjölum þessum verið ívilnað gróflega og ótilhlýðilega á kostnað annarra kröfuhafa þrotamanns. Er staðhæft, að stefndi hafi á þessum tíma vitað eða mátt vita um bágan fjárhag og ógjaldfærni Péturs Ingólfssonar og að með þessum ráðstöfunum hafi verið gróflega og ótilhlýðilega brotið gegn jafnræði kröfuhafa þrotamanns, þar eð stefndi hafi með greiðslu skulda þessara losnað úr ábyrgðum á fjárskuldbindingum þrotamanns. Færir stefnandi fram þau lagarök, að ráðstafanir þessar séu riftanlegar samkv. 61. gr. laga nr. 6, 1978, og að stefnda sé samkv. 63. gr. laga nr. 6, 1978, lögskylt að bæta þrotabúi Péturs Ingólfssonar fjártjón það, sem búið varð fyrir vegna þessara ráðstafana, enda verði að skýra hugtakið „kröfuhafi" í 61. gr. laga nr. 6, 1978, svo, að einnig sé átt við ábyrgðarmenn á fjárskuldbindingum þrotamanns.

IV.

Aðalkröfu sína um frávísun studdi stefndi þeim rökum í fyrsta lagi, að úrskurður um gjaldþrotameðferð hefði verið kveðinn upp á röngu varnarþingi, og í öðru lagi rökstuddi hann frávísunarkröfuna með því, að málið væri vanreifað.

Sem fyrr segir, var frávísunarkröfunni hrundið með úrskurði 24. febrúar 1987, og kemur því varnarþingsmálsástæðan ekki frekar til álita, enda ekkert nýtt fram komið í málinu frá uppkvaðningu úrskurðar hana varðandi, sbr. 3. mgr. 108. gr. l. 85/1936.

Um vanreifunarmálsástæðuna er það að segja, að hún var í fyrsta lagi studd þeim rökum, að skiptaráðandi hefði ekki viðurkennt aðrar lýstar kröfur í þrotabúið en forgangskröfu, að fjárhæð 22.232 kr., og kröfum tollstjórans í Reykjavík alla tíð verið sérstaklega mótmælt sem áætluðum og órökstuddum og því jafnframt mótmælt, að fyrir lægi, að þrotamaður hefði ekki átt fyrir skuldum, þegar greiðslur þær, sem mál þetta snýst um, fóru fram. Um þessi atriði liggur ekkert nýtt fyrir frá úrskurði 24. febrúar 1987. Í öðru lagi var vanreifunarmálsástæðan rökstudd með því, að stefnukrafan í málinu væri byggð á ljósritum, sem séu í hæsta máta tortryggileg. Ljósritið af 300 þús. króna víxlinum sýni hvorki útgáfudag né útgáfuár. Fyrir 150 þús. króna kröfuliðnum sé ekki einu sinni haft fyrir því að leggja fram ljósrit af einhverju, sem hefði getað orðið víxill, ef formskilyrða víxillaga hefði verið gætt.

Er úrskurðurinn gekk 24. febrúar 1987, var talið, að frumrit umræddra skjala væru í vörslu sakadóms Reykjavíkur, en ríkissaksóknari höfðaði sakamál á hendur Pétri Ingólfssyni með ákæru, út gefinni 15. maí 1986, á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 250. gr. l. 19/1940. Var ákæran m. a. byggð

á lögskiptum þeim, sem mál þetta snýst um. Ákærði var sekur fundinn um brot á téðu lagaákvæði og dæmdur 24. júní sl. í þriggja mánaða fangelsi óskilorðsbundið auk þriggja mánaða skilorðsbundið. Ekki er í dóminum fjallað sérstaklega um lögskipti þau, sem stefnukrafan í máli þessu lýtur að, heldur litið til fjárráðstafana ákærða í heild fyrir gjaldþrotið og talið sannað, að hann hafi greitt skuldir, sem ættingjar hans voru í ábyrgð fyrir, en eftir standi skuldir, sem hann beri einn ábyrgð á. Er niðurstaða dómsins á því reist, að ákærði hafi af ásetningi mismunað lánardrottnum sínum.

Það kom á hinn bóginn í ljós, eftir að frávísunarkröfunni var hrundið 24. febrúar 1987, að umræddur víxill og kvittun höfðu ekki verið lögð fram í frumriti í sakadómsmálinu, heldur einvörðungu í ljósriti.

Sem fyrr greinir, var það hluti af söluandvirði eignarhluta Péturs Ingólfssonar í Bústað sf., sem gekk til að greiða þær bankaskuldir hans, sem mál þetta snýst um. Það voru meðeigendur hans, fjórir að tölu, sem leystu til sín eignarhlutdeild hans, sem var 12,5% í félaginu. Stefndi var einn af þessum fjórum meðeigendum. Fyrir kaupin á hlut Péturs átti stefndi, Ingólfur, 50% eignarhluta í félaginu, og hækkaði eignarhluti hans hlutfallslega (þá um 6,25%) við kaupin. Það var Hjörtur Ingólfsson, sonur stefnda og fyrir kaupin meðeigandi að 12,5% eignarhluta og prókúruhafi í félaginu, sem sá um að greiða bankaskuldir þær, sem mál þetta snýst um. Hann bar við yfirheyrslu, að hann hefði fengið frumskjölin í hendur við greiðslu í bönkunum, tekið ljósrit af þeim fyrir sjálfan sig (sem rannsóknarlögreglan síðan ljósritaði eftir hin fram lögðu skjöl) og síðan afhent Pétri frumritin.

Líta verður svo á, að Hjörtur hafi þarna komið fram sem umboðsmaður föður síns og meðkaupanda og honum hafi verið í lófa lagið að tryggja sér og umbjóðanda sínum viðhlítandi sönnun um gervi skjalanna, áður en hann afhenti þau. Stefndi verður því að bera hugsanlegan halla af sönnunarskorti um gervi skjalanna, er stafa kann af vangá þessa umboðsmanns hans. Til þess má og líta, að ætla verður, að stefndi hafi í rekstri máls þessa haft allt aðra og betri aðstöðu en stefnandi til þess að afla frumskjalanna hjá þrotamanni, syni sínum, Pétri, eða ljósritanna hjá syni sínum, Hirti, til framlagningar í málinu.

Af þessum ástæðum verður málinu ekki fremur vísað frá vegna vanreifunar nú en við úrskurð 24. febrúar 1987, sbr. 4. mgr. 108. gr. l. nr. 85/1936.

V.

Kröfu sína um sýknu reisir stefndi sumpart á þeim rökum, sem að framan eru greind, þ. e., að vegna formgalla á „víxlunum" hafi aldrei stofnast víxilábyrgð á hendur stefnda og eigi heldur annars konar ábyrgð. Tilvist 150 þús. króna víxilsins sé auk þess ósönnuð. Gjaldþrotaúrskurðurinn hafi

verið kveðinn upp á röngu varnarþingi og á röngum forsendum og því markleysa og skaðabótamál reist á riftunarreglum gjaldþrotalaga því á sandi byggt.

Einnig reisir stefndi sýknukröfuna á því, að riftunarskilyrðum samkvæmt gjaldþrotalögum sé ekki til að dreifa. Þrotamaður hafi hvorki verið ógjaldfær, þegar umræddar bankaskuldir voru greiddar, né orðið það við greiðslu þeirra. Hefur stefndi lagt fram útreikninga, sem óþarft þykir að rekja, þessu til stuðning. Stefndi sem og aðrir meðeigendur hans í Bústað sf., kaupendur eignarhluta Péturs, hafi verið í góðri trú um gjaldfærni hans, þegar greiðslurnar voru inntar af hendi.

Þrautavarakröfu sína um lækkun stefnukrafna styður stefndi í fyrsta lagi þeirri fullyrðingu, að dráttarvextir og kostnaður af 300 þús. króna víxlinum, samtals 8.302 kr., hafi ekki verið greiddir af fé Péturs. Greiðslan hafi aðeins verið reiknuð sem 300 þús. kr. í uppgjöri á eignarhluta hans í Bústað sf.

Í öðru lagi, ef svo færi, að einhver hluti af stefnukröfunum í máli þessu yrði tekinn til greina, krefst stefndi þess, að bætt verði við dómsorðið ákvæði um, að hann eigi rétt á að fá dregna frá dómsfjárhæðinni þá prósentu, sem búið komi til með að greiða upp í almennar kröfur, eftir að fjárhæðum dæmdra riftunarkrafna hafi verið bætt við viðurkenndar almennar kröfur. Það komi greinilega fram í 62. og 63. gr. laga nr. 6/1978, að kröfuhafar í þrotabú eigi ekki að græða neitt á riftun, heldur aðeins að fá það, sem þeir hefðu fengið upp í kröfur sínar, hefði hin riftanlega ráðstöfun ekki farið fram. Hefði hin riftanlega ráðstöfun ekki farið fram, hefði stefndi verið meðal almennra kröfuhafa í búið og fengið sína hlutdeild af því, sem til úthlutunar verði upp í almennar kröfur. Þegar svona sé farið að, komi fram hið raunverulega tjón búsins. Það eigi að bæta, en ekki meira. Hvergi sé heimild fyrir því í VIII. kafla laga nr. 6/1978, að búið græði á riftun; það eigi að verða skaðlaust. Þessi hundraðshluti liggur ekki fyrir nú, en hann muni liggja fyrir við uppgjör búsins.

Álit dómsins.

Útgáfudag vantaði á „víxil" þann, að fjárhæð 300.000 kr., er í máli þessu greinir, og stofnaðist því aldrei víxilréttur á hendur útgefanda samkvæmt honum. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að eigandi „víxilsins", Iðnaðarbanki Íslands hf., hafi átt færa leið til þess að innheimta hann með lögsókn hjá útgefanda, stefnda í máli þessu. Þar sem það er samkvæmt þessu ósannað, að stefndi hafi haft hag af því, að „víxillinn" greiddist, verður þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af þeim hluta stefnukröfu, 308.302 kr., er tengist téðum „víxli".

Stefnandi hefur, sem fyrr er greint, lagt fram ljósrit kvittunar Lands-

banka Íslands, dags. 9. okt. 1984, fyrir 150.000 kr., sem ber yfirskriftina „greiðsluseðill vegna víxils", og yfirlýsingu Landsbanka Íslands, dags. 14. 4. 1986, þar sem fyrirvaralaust er fullyrt, að „útgefandi og framseljandi á víxli", sem í yfirlýsingunni er nánar lýst (gjalddagi og útgáfudagur þó ekki nefndir), hafi verið Ingólfur Guðmundsson. Með því, hvernig sönnunaraðstöðu í máli þessu er háttað um gervi umrædds víxils, verður að líta svo á, að stefndi hafi ekki hnekkt lýsingu stefnanda á víxlinum, þ. e., að víxillinn hafi fullnægt formskilyrðum víxillaga, og stefndi verið sem útgefandi lögformlegur víxilskuldari.

Af þessum sökum og þar sem stefndi hefur ekki í ljós leitt, að þrotamaður hafi verið gjaldfær að lokinni greiðslu víxilsins, og þar sem um var að ræða greiðslu til hagsbóta fyrir nákominn ættingja þrotamanns, var greiðslan riftanleg samkvæmt 2. mgr. 54. gr. l. nr. 6/1978. Ber samkvæmt því og með vísan til 62. gr. sömu laga að fallast á þann hluta kröfu stefnanda, sem byggður er á greiðslu umrædds víxils.

Það athugast, að þeirri málsástæðu hefur ekki verið hreyft af hálfu stefnda, að það sé skilyrði fyrir því, að sá, sem að lokum hefur hag af riftanlegri ráðstöfun, skuli greiða búinu fé, að riftun hafi í raun farið fram gagnvart viðtakanda greiðslu, sjá 62. gr. Það skiptir þó ekki máli, því að dómarinn hefði talið þá lagatúlkun ótæka. Hún myndi flækja réttarfarsleiðir og gæti leitt til mikilla óþarfra málaferla.

Sú niðurstaða, að stefnda hafi hvorki tekist að sanna, að greiðslan hafi engum úrslitum ráðið um gjaldfærni þrotamanns né að þrotamaður hafi verið gjaldfær, er greitt var, og verið það áfram þrátt fyrir greiðsluna, byggist á því, að komnar eru fram mjög sterkar líkur fyrir hinu gagnstæða. Í upphafi kafla II í dómi þessum er rakið, að lýstar kröfur nema rúmum 5 milljónum. Þegar búið var að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., átti þrotamaður eftir verslunina Viktoríu, nafnverð söluverðs samkvæmt kaupsamningi tæpar 4 milljónir, raunvirði (kaupsamningur metinn til staðgreiðslu í peningum) væntanlega miklu lægra. Samkvæmt þessu hefur þrotamaður ekki átt fyrir skuldum, þegar hann var búinn að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., og annað er ekki fram komið en það hafi einmitt verið greiðslur þær af söluandvirði Bústaðar sf., samtals yfir 2 milljónir, sem hann ráðstafaði til þess að greiða kröfur, er nákomin ættmenni hans voru í ábyrgð fyrir, sem úrslitum hafi ráðið um gjaldfærni hans, en á þessar greiðslur verður í þessu samhengi að líta sem eina heild.

Ekki verður sinnt þeirri þrautavarakröfu stefnda að tilgreina sérstaklega í dómsorði, að draga beri frá tildæmdum fjárhæðum þá prósentu, sem búið komi til með að greiða upp í almennar kröfur, eftir að fjárhæðum tildæmdra riftunarkrafna hefur verið bætt við viðurkenndar almennar kröfur. Það er almenn regla, byggð á eðli máls og venjuhelguð, að kröfu á

hendur þrotabúi, er verður til vegna úrslita riftunarmáls, sem dæmt er eftir lok kröfulýsingarfrests, er hægt að lýsa, þótt kröfulýsingarfrestur sé liðinn, og koma að með fullum réttindum í kröfuröð.

Samkvæmt þessu verða stefnukröfur teknar til greina með 150.000 kr. ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaður ákveðst 55.000 kr.

Már Pétursson sýslumaður kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Guðmundsson, greiði stefnanda, þrotabúi Péturs Ingólfssonar, 150.000 kr. ásamt 17% ársvöxtum frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 31. október 1986 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 55.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 91/1989. **Tollstjórinn í Reykjavík vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Bústað sf.,
dánarbúi Ingólfs Guðmundssonar,
Aðalsteini Ingólfssyni,
Hirti Ingólfssyni og
Ívari Ingólfssyni
(Árni Stefánsson hrl.)
og gagnsök.

Gjaldþrot. Riftun. Sameignarfélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1989. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði óskipt dæmdir til að greiða aðaláfrýjanda 1.475.000 krónur með vöxtum. Varakrafa aðaláfrýjanda er, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Jafnframt krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda óskipt fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu með stefnu 6. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. maí sama ár. Þeir krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir sýknu. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms fengu gagnáfrýjendur þá Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmann og Bjarna Bjarnason, viðskiptafræðing og löggiltan endurskoðanda, dómkvadda til að meta almennt markaðsverð (söluverð) á eignarhluta Péturs Ingólfssonar

í Bústað sf. Matsgerðin er dagsett 23. mars 1990, og segir þar meðal annars:

„Við mat á almennu markaðsverði (söluverði) eignarhluta Péturs Ingólfssonar í Bústað sf. telja matsmenn, að eftirfarandi atriði komi til álita, sem haft geti áhrif á verðið:

Enda þótt aðaleign Bústaðar sf. sé fasteignin nr. 29 við Borgartún í Reykjavík, er ráðstöfun einstakra félagsmanna á eignarhluta sínum ýmsum takmörkunum háð samkvæmt félagssamningnum.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. samningsins er félagsmanni óheimilt að ráðstafa eignarhluta sínum í félaginu að meira eða minna leyti til aðilja, sem ekki er félagsmaður, án samþykkis meiri hluta félagsmanna.

Veðsetning á eignarhluta í félaginu til annarra en einhvers félagsmanns er bönnuð skv. 3. mgr. 7. gr.

Í 4. mgr. 7. gr. eru ákvæði um það, hvernig félagsmaður geti sagt samningnum upp og fengið hlutdeild sína í félaginu greidda. Getur það tekið 2 ár frá næstu áramótum eftir uppsögn að fá eignarhlutdeildina greidda, sbr. nánar í 4. mgr. 7. gr.

Í 5. mgr. 7. gr. eru ákvæði um, að þeir meðeigendur, sem vilja halda félaginu áfram, hafi til þess heimild gegn hæfilegri tryggingu, sbr. nánar í greininni.

Taka ber tillit til þess, að eignaraðili að 12,5% í félaginu getur mjög lítil áhrif haft og ræður í raun engu um reksturinn.

Miðað við það fjármagn, sem bundið er í félaginu, virðist arðsemi vera mjög lítil, eða tæplega helmingur þeirrar arðsemi, sem skattfrjáls spariskírteini gáfu af sér 1983 og 1984, og er þá miðað við eðlileg útgjöld vegna launa við rekstur fasteignarinnar.

Þessi atriði telja matsmenn, að hafi áhrif til lækkunar á því verði, sem hægt hefði verið að fá fyrir eignarhlutann, hefði verið um að ræða sérgreindan eignarhluta í fasteign, sem kaupandi fengi fullan umráða- og ráðstöfunarrétt yfir.

Við getum fallist á niðurstöðu undirmatsmanna skv. matsgerð, dags. í september 1987, að staðgreiðsluverð húseignarinnar nr. 29 við Borgartún í Reykjavík hafi hinn 26/9 1984 verið kr. 36.200.000,-.

Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins pr. 31/12 1984 voru innstæður í bönkum kr. 297.973,-. Gerum við ráð fyrir því, að innstæður hafi verið svipaðar hinn 26/9 1984.

Samkvæmt þessu voru eignir félagsins kr. 36.200.000,- að viðbættum kr. 297.973,- eða samtals kr. 36.497.973,-.

Skuldir félagsins teljum við, að hafi á sama tíma numið samtals kr. 2.057.295,-, þannig að nettóeign félagsins er því kr. 34.440.678,-.

Eignarhluti Péturs í félaginu nam 12,5% af kr. 34.440.678,- eða kr. 4.305.085, hefði eignin selst fyrir það verð.

Niðurstaða.

Með tilliti til þeirra atriða, sem hér að framan eru rakin, sem áhrif hafa til lækkunar á verðmæti eignarhlutans, telja matsmenn hæfilegt að lækka það um 20%, þ.e. kr. 4.305.085 - 20% eða kr. 3.444.068,-.

Matsmenn telja því ,,almennt markaðsverð (söluverð) á eignarhluta Péturs Ingólfssonar í Bústað sf., en hann var 1/8 hluti", hafa verið hinn 26. september 1984 kr. 3.444.068,-. ... Miðað er við staðgreiðsluverð hinn 26. september 1984."

II.

Aðalkrafa gagnáfrýjenda er sú, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi, en hinn áfrýjaði dómur ómerktur. Byggja þeir á því í fyrsta lagi, að gjaldþrotaúrskurðurinn frá 7. mars 1985 hafi verið kveðinn upp í röngu lögsagnarumdæmi. Hafi Pétur Ingólfsson á þessum degi verið búsettur í Danmörku og um það sendar lögboðnar tilkynningar. Úrskurðurinn var kveðinn upp í skiptarétti Reykjavíkur, og verður að leggja hann til grundvallar. Frávísunarkrafan er einnig á því byggð, að málið sé vanreifað. Málsókn þessi er byggð á gögnum um kröfur í þrotabúið, sem telja verður fullnægjandi. Verður ómerkingarkrafan ekki tekin til greina.

III.

Aðalágreiningsmál aðila er, hvort beita megi 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, en þar segir:

,,Krefjast má riftunar ráðstafana, sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra eða sem leiða til þess, að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, eða sem leiða til skuldaaukningar þeim til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og ef sá, sem hafði hag af ráðstöfuninni, vissi eða mátti vita um ógjaldfærni skuldara

og þær aðstæður, sem leiddu til þess, að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.“

Eins og rakið er í héraðsdómi, átti Pétur Ingólfsson með föður sínum og bræðrum sínum þremur, Aðalsteini, Hirti og Ívari, sameignarfélagið Bústað, en fasteignin Borgartún 29 í Reykjavík var aðaleign þess félags og rekin af því í tekjuöflunarskyni.

Deilt er um það, hvort þessir ættmenn Péturs, sem keyptu eignarhlut hans, 26. september 1984, hafi með því fengið verðmæti á kostnað annarra, sem kröfur áttu á seljandann. Í héraðsdómi kemur fram, að af hálfu áfrýjanda er talið, að svo hafi verið, og að tjónið nemi 1.475.000 krónum. Héraðsdómari féllst á, að slíkt tjón hefði orðið, en fjárhæðin væri 925.000 krónur. Byggir aðaláfrýjandi á metnu verðmæti Borgartúns 29 miðað við „hefðbundin greiðslukjör í september 1984“, en dómari á staðgreiðsluverði á þeim tíma. Eru þessi atriði rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Af hálfu gagnáfrýjenda er nú byggt á áðurgreindu mati Agnars Gústafssonar og Bjarna Bjarnasonar og því haldið fram, að verðmæti hluta Péturs Ingólfssonar í sameignarfélaginu hafi verið minna en sú greiðsla, sem til hans rann frá föður hans og bræðrum. Hún var, sem fyrr segir, 3.750.000 krónur, en verðmætið samkvæmt matinu 3.444.068 krónur.

Hin umdeilda ráðstöfun var ekki á kostnað annarra kröfuhafa Péturs Ingólfssonar, nema unnt hefði verið að fá meira fyrir eignarhluta hans í Bústað sf. en 3.750.000 krónur. Með tilvísun til gagna, sem hér á undan eru nefnd, þykir ósannað, að svo hafi verið. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda.

Bústaður sf. kemur fram sem gagnáfrýjandi og telst aðili í aðalsök og gagnsök.

Málskostnaður fellur niður fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Bústaður sf., dánarbú Ingólfs Guðmundssonar, Aðalsteinn Ingólfsson, Hjörtur Ingólfsson og Ívar Ingólfsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, tollstjórans í Reykjavík, vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 16. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík, nnr. 8888-0528, Tryggvagötu 19, Reykjavík, Björn Hermannsson, nnr. 1334-7166, Álftamýri 39, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar, nnr. 7097-4444, með stefnum, birtum 31. október 1986, á hendur Bústað sf., nnr. 1489-5248, Borgartúni 29, Reykjavík, og eigendum félagsins persónulega: Aðalsteini Ingólfssyni, nnr. 0066-9199, Barrholti 21, Mosfellshreppi, Ingólfi Guðmundssyni, nnr. 4723-3100, Bjarkarholti 4, Mosfellshreppi, Ívari Ingólfssyni trésmið, nnr. 4838-3645, Miklubraut 66, Reykjavík, Hirti Ingólfssyni framkvstj., nnr. 4226-8143, Bugðutanga 2, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, til greiðslu fébóta.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 1.475.000 kr. auk 17% ársvaxta frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 30. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkv. taxta LMFÍ þ. á m. útlagðs matskostnaðar, 186.064 kr.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður, en til vara er krafist sýknu og málskostnaðar og loks til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með úrskurði réttarins 23. febrúar 1987 að undangengnum munnlegum málflutningi 17. sama mánaðar var frávísunarkröfunni hrundið.

II.

Tildrög málsóknar þessarar eru þau, að með úrskurði, upp kveðnum 7. mars 1985, var bú Péturs Ingólfssonar, Birkimel 10, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Engar eignir komu fram í búinu, en lýstar kröfur nema 5.066.983,73 kr. Þrotamaður hafði selt allar eignir sínar árið 1984.

Meðal hinna seldu eigna var 12,5% eignarhluti í Bústað sf., kaupendur meðeigendur þrotamanns í sameignarfélaginu, stefndu í máli þessu. Eftir því, sem fram kemur í máli þessu, var eign sameignarfélagsins, fasteignin Borgartún 29 í Reykjavík, skuldlaus eða því sem næst. Söluverð eignarhlutans var 3.750.000 kr. Var það þannig fundið, að miðað var við, að verðmæti Borgartúns 29 væri 30 milljónir, 12,5% af þeirri fjárhæð þá 3.750.000 kr.

Stefnandi fékk í rekstri máls þessa matsmenn dómkvadda til þess að meta hæfilegt söluverð eignarinnar miðað við sölutíma eignarhlutans, september

1984. Varð það niðurstaða þeirra, að hæfilegt söluverð miðað við hefðbundin greiðslukjör hefði í september 1984 átt að vera 41.800.000 kr., en miðað við staðgreiðslu 36.200.000 kr.

Stefnukrafan er því 12,5% af 41.800.000 ÷ 30.000.000 = 11.800.000, 1.475.000 krónur.

Málsóknina reisir stefnandi á því, að Pétur Ingólfsson hafi 26. september 1984, er hann seldi eignarhluta sinn í Bústað sf., verið ógjaldfær og selt eignarhlutann við allt of lágu verði, sem leitt hafi til þess, að eignir Péturs hafi ekki verið kröfuhöfum til reiðu, er bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta 7. mars 1985.

Er af stefnanda staðhæft, að stefndu, sem keyptu eignarhluta Péturs í Bústað sf., hafi á þessum tíma vitað eða mátt vita um bágan fjárhag og ógjaldfærni Péturs og að með þessum gerningi væru fullnustumöguleikar kröfuhafa Péturs stórlega skertir og á ótilhlýðilegan hátt. Byggir stefnandi á því, að ráðstöfun þessi sé riftanleg skv. 61. gr. laga nr. 6/1978, og hafi ráðstöfunin valdið kröfuhöfum í þrotabú Péturs Ingólfssonar fjártjóni, sem stefndu sé lögskylt að bæta samkvæmt 63. gr. sömu laga.

III.

Það er forsaga málsins, að árið 1964 stofnaði Ingólfur Guðmundsson byggingameistari ásamt sonum sínum, Pétri, Aðalsteini og Hirti, sameignarfélag undir nafninu Bústaður sf. til þess að „annast alls konar byggingastarfsemi, kaup, sölu, leigu og annan rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annan skyldan atvinnurekstur". Í félagssamningnum er m. a. ákvæði 7. gr. um, að hver félagsmaður geti fyrir sitt leyti sagt samningnum upp. Geti hann þá „krafist útborgunar á hlutdeild sinni í félaginu, þegar tvö ár eru liðin frá næstu áramótum, eftir að uppsögn kom fram".

Í 9. gr. samningsins er svofellt ákvæði:

„Nú deyr einhver félagsmanna eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og er hinum rétt að krefjast þess, að félagsatvinnan haldi óhindruð áfram og eignir hennar verði framvegis í umsjón og undir forræði þeirra, sem eftir eru, en undanþegnir umráðum skiptaréttarins, uppskrift og virðingu, enda hafi krafa um þetta komið fram innan mánaðar frá látinu eða upphafi gjaldþrotaskipta. Þá skal gerður upp allur hagur félagsins, og getur búið eða ekkja eða erfingjar hins látna krafist þess, að hluti hans í sameigninni verði greiddur af hendi með eins árs fyrirvara eftir mati óvilhallra manna. Heimilt er og búinu eða ekkju og erfingjum hins látna að fela áreiðanlegum manni að fara yfir bækur og reikninga félagsins og líta eftir meðferð á eignum þess, þar til framangreindur hluti er að fullu greiddur.

Nú verður einhver félagsmanna sviptur fjárforræði, og fer þá um afstöðu hans til félagsins, eins og sagt er um andlát."

Þá er í 11. gr. samnings svofellt ákvæði:

„Ef félagið skyldi eignast fasteignir og um mat á þeim verður að ræða til notkunar við reikningsskil þau í félaginu, sem getur um í samningi þessum, skulu virðingarmenn Landsbanka Íslands beðnir að meta þær á sama mælikvarða og þeir meta húseignir til peningaverðs, er um veðdeildarlán er að ræða, og það verð lagt fram til grundvallar."

Upphaflega átti Ingólfur 85% eignarhlutdeild í félaginu, en synir hans 5% hver.

Árið 1967 bættist fjóði bróðirinn, Ívar, við sem sameigandi, og eftir að synirnir fengu móðurarf 1976, nánar tiltekið með tilkynningu til firmaskrár 12. ágúst 1980, breyttust eignarhlutföll þannig, að Ingólfur varð eigandi að 50%, en synirnir fjórir eigendur að 12,5% hver um sig.

Bústaður sf. byggði og rak stórhýsi að Borgartúni 29 í Reykjavík.

Árið 1984 var Pétur Ingólfsson kominn í fjárhagslega erfiðleika. Varð úr, að 26. september gekk hann úr félaginu, og liggur frammi í málinu auk tilkynningar þar um til firmaskrár, sem undirrituð er af öllum fimm sameigendunum, svofelld yfirlýsing, dags. 26. september 1984, undirrituð af meðeigendum Péturs: „Við undirritaðir erum samþykkir því, að Bústaður sf. (1489-5248), Borgartúni 29, Reykjavík, innleysi hlut Péturs Ingólfssonar (7097-4444), Birkimel 10, Reykjavík, í félaginu með 3.750.000 kr. — þremur milljónum sjö hundruð og fimmtíu þúsundum króna 00/100, — og með þeim hætti, sem um hefur verið rætt, og þar á meðal með útgáfu verðtryggðra skuldabréfa, að nafnverði um 1.000.000 kr. Hlutur annarra félagsmanna í Bústað sf. hækkar þá hlutfallslega af þessum sökum, en hlutur Péturs Ingólfssonar í félaginu var 12,5%."

Lögmaður stefndu hefur gert svofellda skýrslu um, hvernig kaupverðið hafi verið greitt:

„Greitt í peningum	25/9 1984	kr. 1.586.248,00
do	26/9 1984	— 300.000,00
do	9/10 1984	— 150.000,00
do	7/8 1984	— 150.000,00
Greitt með peningum samtals		kr. 2.186.248,00
Yfirtekin verðtr. lán í Iðnaðarb.		— 66.520,00
Yfirtekin verðtr. lán hjá Lífeyrissj. verslunarmanna		kr. 617.232,00
Útgefin skuldabréf til sex ára, verðtr. skv. lánskjaravísitölu og með hámarksvöxtum 7% (afhent 26/9 1984)		— 880.000,00
	Söluverð samtals	kr. 3.750.000,00"

Lögmaður stefndu fékk Guðmund Gylfa Guðmundsson, deildarhagfræðing hjá Fasteignamati ríkisins, til þess að reikna þessar greiðslur til staðgreiðsluverðgildis, og varð niðurstaða hans þessi:

,,Peningagreiðslur frá 7/8 til 9/10 1984	kr.	2.186.248,00
Yfirtekið lán til Iðnaðarbanka 66.520 x 0,99	—	65.855,00
Yfirtekið lán hjá L. v. 617.232 x 0,84	—	518.475,00
Útgefið skuldabréf 880.000 x 0,94	—	827.000,00
Samtals	kr.	3.597.778,00

Staðgreiðsluverðgildi þessara viðskipta er því áætlað 3.600.000 kr.“

Um forsendur þessa útreiknings segir hagfræðingurinn:

,,Forsendum varðandi dagsetningar, upphæðir á greiðslum, lengd lána og vaxtakjör á þeim var lýst í bréfi yðar og þeim fylgigögnum, er síðar bárust. Þær forsendur, er ég gaf mér, voru því aðeins varðandi ávöxtunarkröfu á meðfylgjandi lánum. Sú ávöxtunarkrafa tekur mið af markaðsvöxtum á fjármagnsmarkaði og ávöxtunarkröfu í fasteignaviðskiptum, eins og FMR áætlar á hverjum tíma.

Útreikningar á núvirðingu lána byggja á reiknijöfnu um jafnar afborganir á lánum.

Nafnvirði lána er margfaldað með áætluðu gengi þeirra eftir núvirðingu og fundið út staðgreiðsluverð. Staðgreiðsluverðið er miðað við þann 25/9 1984.“

Sé athugaður munur á hæfilegu staðgreiðsluverði Borgartúns 29 samkvæmt niðurstöðum matsmanna, kr. 36.200.000 x 12,5 : 100 = 4.525.000, og greiðslum fyrir 12,5% eignarhluta Péturs í Bústað sf., reiknuðum til staðgreiðslu samkvæmt framansögðu 3.600.000 kr., þá er mismunurinn 925.000 kr.

IV.

Svo sem fyrr segir, var bú Péturs Ingólfssonar tekið til gjaldþrotaskipta 7. mars 1985. Engar eignir hafa komið fram í búinu, en lýstar kröfur námu 5.066.983,73 kr. Þrotamaður hafði selt allar eignir sínar á árinu 1984, og var söluandvirði sem hér segir:

1. Íbúð að Eiðistorgi 5 samkvæmt kaupsamningi, dags. 24. mars 1984	kr.	2.750.000,00
2. Eignarhluti 12,5% í Bústað sf. samkvæmt yfirlýsingu, dags. 26. sept. 1984	—	3.750.000,00
3. Verslunin Viktoría samkvæmt kaupsamningi, dags. 19. nóv. 1984	—	3.937.500,00
Samtals	kr.	10.437.500,00

Söluandvirði þessara eigna varði þrotamaður til að gera upp hluta af skuldum sínum, og telur stefnandi, þ. e. kröfuhafar í bú þrotamanns, að við það uppgjör hafi þrotamaður látið ýmsar skuldir, sem nánir ættingjar hans, þ. á m. stefndu, höfðu gengið í ábyrgð fyrir, hafa algeran forgang. Þannig telur stefnandi að verulegum hluta af söluandvirði Bústaðar sf., sem áður er getið, hafi stefndi varið til greiðslu slíkra skulda, nánar tiltekið sem hér segir:

1. Greiddar skuldir þrotamanns við Bústað sf., eigendur faðir og bræður þrotamanns	kr.	256.950,00
2. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmaður Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	325.630,17
3. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Björgúlfur Pétursson, sonur þrotamanns	—	406.912,54
4. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands samkvæmt þremur víxlum, útgefandi Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	747.000,00
5. Greidd víxilskuld við Iðnaðarbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	308.302,00
6. Greidd víxilskuld við Landsbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	150.000,00
7. Greidd skuld við Iðnaðarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	66.520,90
	Kr.	2.261.315,61

Í greinargerð stefnanda segir m. a.:

„Í sambandi við útgöngu þrotamanns úr Bústað sf. hinn 26. sept. 1984 voru því greiddar skuldir þrotamanns, þar sem nánir ættingjar voru í persónulegum ábyrgðum, samtals að fjárhæð 2.261.315,61 kr. Fór uppgjör fram með þeim hætti, að skuldir þessar voru greiddar kröfuhöfum beint, þ. e. án milligöngu þrotamanns og án þess að hann fengi nokkru sinni söluandvirði eignarhluta síns í félaginu í hendur. Þá fékk sonur ákærða, Björgúlfur Pétursson, í hendur víxil, sem var greiðsla samkv. kaupsamningi um verslunina Viktoríu, sbr. tl. 3 hér að framan, að fjárhæð 606.250 kr., án

þess að nokkurt endurgjald kæmi fyrir, auk þess sem skuldabréf, sem tryggt var með veði í fasteign Björgúlfs að Leirutanga 49, Mosfellssveit, að fjárhæð 255.614 kr., var flutt yfir á eignarhluta þrotamanns í fasteigninni Borgartúni 29 og kom þannig til skerðingar á andvirði eignarhluta þrotamanns í Bústað sf. Fleira kom fram í rannsókn RLR, sem ótvírætt gaf til kynna, að kröfuhöfum var gróflega mismunað við ráðstöfun á söluandvirði eigna þrotamanns, auk þess sem þrotamaður gat enga grein gert fyrir ráðstöfun á ca. 2,5 millj. kr. Gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur þrotamanni, dags. 15. maí 1986, þar sem þrotamaður var ákærður „fyrir skilasvik með því að hafa síðustu mánuðina fyrir gjaldþrot sitt þann 7. mars 1985, einkum síðustu mánuði ársins 1984, selt meginhluta eigna sinna, þ. e eignarhluta sinn í sameignarfélaginu Bústað, Borgartúni 29, Reykjavík, og verslunina Viktoríu, Laugavegi 12, Reykjavík, og síðan ráðstafað söluandvirði eignanna á þann veg, að lánardrottnum ákærða var stórlega mismunað, einkum með greiðslu þeirra fjárskuldbindinga sinna, þar sem nánir ættingjar og vinir stóðu í ábyrgð fyrir, svo sem hér á eftir verður nánar rakið, og enn fremur með undanskoti á hluta þessara fjármuna, allt með þeim afleiðingum, að skiptameðferð á búinu leiddi í ljós, að búið var með öllu eignalaust, en lýstar kröfur í það námu samtals 5.044.750,93 kr.“ Er athæfi þrotamanns í ákæruskjali talið varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er skiptaráðandi hafði fengið í hendur rannsóknargögn frá RLR 7. maí 1986, boðaði hann kröfuhafa í þrotabú Péturs Ingólfssonar til fundar, sem haldinn var í skiptarétti Reykjavíkur 2. júlí sl. Voru þar umboðsmenn ýmissa kröfuhafa, og var fjallað um rannsókn RLR og afstöðu kröfuhafa til höfðunar riftunar- og fébótamála vegna ráðstafana á eignum þrotamanns og söluandvirði þeirra. Var ákveðið, að lögmaður tollstjórans í Reykjavík, sem er stærsti kröfuhafinn í þrotabú Péturs Ingólfssonar, skyldi kanna grundvöll riftunar- og fébótakrafna og eftir atvikum höfða slík mál í nafni tollstjórans í Reykjavík, sbr. 1. mgr. 114. gr. laga nr. 6/1978.

Við rannsókn RLR á gjaldþrotamáli Péturs Ingólfssonar var m. a. aflað gagna og skýrslna um sölu þrotamanns á eignarhluta sínum í sameignarfélaginu Bústað sf., en sameigendur Péturs í félagi þessu voru stefndu. Kom í ljós, að Bústaður sf. hafði keypt eignarhluta Péturs, 3.750.000 kr., 26. sept. 1984, og jókst eignarhluti stefndu í sameignarfélaginu við útgöngu Péturs í hlutfalli við eignarhluta þeirra. Eignir félagsins á þessum tíma voru fasteignin Borgartún 29, skuldlaus, sem er 2.868,8 fm verslunar- og skrifstofuhúsnæði á einum eftirsóttasta stað í Reykjavík fyrir slíkan atvinnurekstur. Var fasteignin metin á 30.000.000 kr. við útgöngu Péturs Ingólfssonar úr Bústað sf. 26. sept. 1984, og fékk hann því í sinn hlut 3.750.000

kr. Samkv. upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins var söluverð á atvinnuhúsnæði í Reykjavík á þessum tíma hins vegar mun hærra, og má ætla, að söluverð fasteignarinnar Borgartúns 29 hafi ekki átt að vera minna en 22.000 kr. á hvern fermetra í sept. 1984. Hefði Pétur Ingólfsson samkv. því átt að fá í sinn hlut 12,5% af 63.113.600 kr., þ. e. 7.889.200 kr. Þar sem ráðstöfun þessi telst riftanleg samkv. VIII. kafla laga nr. 6/1978, var skorað á stefndu með bréfi, dags. 2. sept. 1986, að greiða stefnanda mismun á söluverði samkv. ofangreindu, 4.139.200 kr., og þar sem stefndu hafa ekki sinnt þeim greiðslutilmælum, er málsókn þessi óhjákvæmileg. Krafa stefnanda nú er þó við það miðuð, að sannvirði fasteignarinnar Borgartúns 29 hafi í september 1984 átt að vera 26.000 kr. á hvern fermetra. Er málið höfðað af tollstjóranum í Reykjavík sem kröfuhafa í þrotabú Péturs Ingólfssonar, sbr. 1. mgr. 114. gr. laga nr. 6/1978."

Er matsgerð lá fyrir, lækkaði stefnandi dómkröfur sínar í 1.475.000 kr., sem áður er greint.

Með dómi, upp kveðnum í sakadómi Reykjavíkur 24. júní 1988 var þrotamaður dæmdur í þriggja mánaða fangelsi óskilorðsbundið auk þriggja mánaða fangelsis skilorðsbundið.

V.

Það er málsástæða stefnanda, að með samningi, dags. 26. sept. 1984, hafi Pétur Ingólfsson, sem þá hafi verið ógjaldfær eða orðið það, selt stefndu eignarhluta sinn í Bústað sf. við allt of lágu verði, sem leitt hafi til þess, að eignir Péturs voru kröfuhöfum þrotabús hans ekki til reiðu, er bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta 7. mars 1985. Er staðhæft, að stefndu hafi á þessum tíma vitað eða mátt vita um bágan fjárhag og ógjaldfærni Péturs og að með þessum gerningi væru fullnustumöguleikar kröfuhafa Péturs stórlega skertir og á ótilhlýðilegan hátt. Færir stefnandi fram þau lagarök, að ráðstöfun þessi sé riftanleg samkv. 61. gr. laga nr. 6, 1978 og hafa valdið kröfuhöfum í þrotabú Péturs Ingólfssonar fjártjóni, sem stefndu sé samkvæmt 63. gr. laga nr. 6/1978 lögskylt að bæta.

VI.

Aðalkröfu sína um frávísun studdi stefndi þeim rökum í fyrsta lagi, að úrskurður um gjaldþrotameðferð hefði verið kveðinn upp á röngu varnarþingi, og í öðru lagi rökstuddi hann frávísunarkröfuna með því, að málið væri vanreifað.

Sem fyrr segir, var frávísunarkröfunni hrundið með úrskurði 24. febrúar 1987, og kemur sú málsástæða, að gjaldþrotaúrskurðurinn sé markleysa, ekki frekar til álita, en úrskurðurinn 24. febrúar studdist að þessu leyti við 196. gr. l. nr. 85/1936.

Um vanreifunarmálsástæðuna er það að segja, að hún var studd þeim rökum, að skiptaráðandi hefði ekki viðurkennt aðrar lýstar kröfur í þrotabúið en forgangskröfu, að fjárhæð 22.232 kr., og kröfum tollstjórans í Reykjavík alla tíð verið sérstaklega mótmælt sem áætluðum og órökstuddum og því jafnframt mótmælt, að fyrir lægi, að þrotamaður hefði ekki átt fyrir skuldum, er greiðslan fór fram. Um þessi atriði liggur ekkert nýtt fyrir frá úrskurði 24. febrúar 1987. Af þessum ástæðum verður málinu ekki fremur vísað frá vegna vanreifunar nú en við úrskurð 24. febrúar 1987, sbr. 4. mgr. 108. gr. l. nr. 85/1936.

VII.

Til stuðnings sýknukröfu halda stefndu því fram, að salan á eignarhluta Péturs í Bústað sf. hafi verið honum stórlega hagkvæm. Benda þeir í fyrsta lagi á, að það hafi verið eignarhluti í sameignarfélagi, en ekki fasteign, sem hann var að selja, og í öðru lagi vefengja þeir mat hinna dómkvöddu matsmanna sem óraunhæft og allt of hátt og málinu óviðkomandi, en þeir hafi að beiðni stefnanda metið fasteign, en ekki eignarhluta í sameignarfélagi.

Til stuðnings því, að sala eignarhlutans í sameignarfélaginu hafi verið hagkvæm, benda stefndu á, að greiðslur hafi verið óvenjuhraðar miðað við það, sem gerist í fasteignaviðskiptum. Nafnverðið, 3.750.000 kr. umreiknað til staðgreiðsluverðs, sé 3.600.000 kr., aðeins 150 þús. kr. lægra, sem sé fágætlega lítill munur.

Hitt skipti þó höfuðmáli, að í sameignarfélagssamningnum, einkum í 7. gr., 9. gr. og 11. gr., sem áður er til vitnað, séu ákvæði, sem sameigendurnir hefðu getað borið fyrir sig. Hefðu þeir gert það, hefði verðmæti eignarhlutans fyrir Pétur eða þrotabú hans orðið allt annað og miklu lægra en hið umsamda söluverð. Þessi atriði skýrir lögmaður stefndu nánar svo í greinargerð:

„Pétur Ingólfsson var einn af stofnendum Bústaðar sf. 23/10 1964. Félagið var skrásett í firmaskrá strax daginn eftir stofnun þess. Félagsmenn voru og eru skuldbundnir til að fara eftir félagssamningnum í einu og öllu. Þrotabú Péturs Ingólfssonar getur ekki átt meiri rétt á hendur Bústað sf. eða einstökum félagsmönnum þar heldur en Pétur átti sjálfur, þegar um söluverð á eignarhluta hans í Bústað sf. er að ræða. Skal það nú rökstutt nánar.

Eina eignin, sem Bústaður sf. átti 26/9 1984, var fasteignin Borgartún 29 hér í borg. Um ákvörðun verðs fasteigna við aðilaskipti eru skýr ákvæði í 11. gr. félagssamningsins, sbr. hér að framan. Ef háttvirtur andstæðingur skyldi láta sér detta í hug, að 11. greinin sé tómt bull úr undirrituðum (sem gerði félagssamninginn) og því að engu hafandi, vil ég upplýsa hann um,

að greinin er tekin orðrétt upp úr formálabók þeirra Árna Tryggvasonar, fv. hæstaréttardómara, og Bjarna Bjarnasonar, fv. bæjarfógeta, útgáfu 1952, bls. 238. Þeir Árni og Bjarni voru taldir á meðal fremstu lögfræðinga landsins, svo að ég vænti þess, að það vefjist nokkuð fyrir honum að sannfæra dómara um það, að greinin standist ekki lögfræðilega gagnrýni.

Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hefur veðdeild Landsbanka Íslands nú ekki lengur sérstaka virðingarmenn til þess að meta fasteignir vegna töku veðdeildarlána, heldur notast hún nú við sem viðmiðun í þessu efni 70% brunabótamats viðkomandi fasteignar. Hins vegar mun Húsnæðisstofnunin líklega vera ennþá með virðingarmenn. Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf. lánar út á 60% af brunabótamati fasteignar.

Ég leyfi mér að benda á, að þar sem Bústaður sf. var skrásett firma og félagssamningurinn lá frammi hjá firmaskráningunni öllum til sýnis, þá gátu lánardrottnar Péturs kynnt sér hann og þar á meðal ákvæði 11. gr. En ákafi sumra þeirra að lána Pétri hefur sennilega verið svo mikill, að þeir hafa ekki notfært sér þennan möguleika.

Það er tvímælalaust almenn regla, að ákvæði eins og 11. gr. félagssamningsins haldi gildi sínu í skrásettum félagssamningi, hvað sem á dynur, þar á meðal í sambandi við gjaldþrot einstaks félagsmanns. Hliðstætt dæmi er, að þinglýstur leigusamningur um fasteign til langs tíma heldur gildi sínu gagnvart gjaldþroti.

Enn fremur vil ég sýna fram á, að söluverðið á eignarhluta Péturs í Bústað sf. stóðst fyllilega samkv. eðlilegum markaðslögmálum um sölu fasteigna 26. sept. 1984 og burtséð frá ákvæðum 11. gr. félagssamningsins. Með þessu er ég þó ekki að afsala umbj. mínum þeim rétti, sem þeir eiga skv. nefndri 11. gr.

Fasteignamat Borgartúns 29, Reykjavík	1/12 1983	1/12 1984
A) Hús	kr. 18.000.000,00	kr. 22.242.000,00
B) Leigulóð	— 3.046.000,00	— 3.808.000,00
	Samtals kr. 21.046.000,00	kr. 26.050.000,00

Samkvæmt þessu má telja, að fasteignamatsverð Borgartúns 29 hafi verið á söludegi um 25 milljónir króna, hús og leigulóð. Samkvæmt lögum er fasteignamatsverð staðgreiðsluverð. Söluverðið var hins vegar 30 milljónir króna miðað við eignina í heild. Eignarhluti Péturs í félaginu var 12,5%. Eignarhluti hans í félaginu var því keyptur á 3.750.000 kr. Greiðsluskilmálar voru þannig, að verðið nálgaðist staðgreiðsluverð, eins og fyrir liggur í málinu, þ. e. útborgun á nokkrum vikum 2.253.950,00 kr. Mismunurinn var allur verðtryggður (sem er óvenjulegt), þ. e. áhvílandi lán og útgefin

skuldabréf. Skuldabréfin voru til sex ára (venjulega til 8-12 ára), vextir allt að 7% (venjulega 5% eða lægri).

Á söludegi var brunabótamatið 27.386.178 kr. Fáar eignir hafa selst á brunabótamatsverði undanfarin tvö ár eða lengri tíma.

Svo er eftir að taka tillit til þess mikilvæga atriðis, að fáir menn með viðskiptavit myndu hafa verið fúsir til að kaupa á fullu verði 12,5% í félagi, og eina eign þess félags var húseign í óskiptri sameign.“

Þá hefur lögmaður stefndu aflað álitsgerðar Ragnars Tómassonar hrl., fasteignasala, sem m. a. rekur fyrirtæki undir nafninu Eignamatið sf. Er hún dagsett 15. desember 1987 og hljóðar svo:

„Ljóst er af bréfi yðar og meðfylgjandi gögnum, að þér leitið eftir skoðun okkar á því, hver munur sé á því að kaupa fasteign með hefðbundnum hætti eða með því fyrirkomulagi að kaupa tiltekinn hundraðshluta sameignarfélags um eign og rekstur fasteignar. Ekki þarf að orðlengja, að á þessu er reginmunur. Það, sem kemur helst upp í hugann, eru eftirfarandi atriði:

1. Ráðstöfunarréttur kaupanda á „sínum“ eignarhluta er nánast ekki fyrir hendi, hvorki til eigin nota né til útleigu, enda eignarhlutinn bæði ósérgreindur og háður ákvörðun meiri hlutans.

2. Arðsemi eignarinnar er langtum minni en almennt er, þar sem einn eigenda er á fullum launum sem umsjónarmaður hennar.

3. Almennar veðsetningar eru ekki leyfðar.

4. Endursölumöguleikar mjög takmarkaðir.

5. Eigendur kunnir að því að vera „harðir á meiningunni“!

Spurt er: „Hverjar myndu hafa verið leiðbeiningar yðar til manns, sem hefði skýrt yður frá því 26/9 1984, að hann ætti þess kost að kaupa eignarhluta Péturs í Bústað sf., sem var 12,5%, fyrir framangreint verð og með framangreindum greiðsluskilmálum?“

Svar mitt hefði hvorki verið lengra né styttra en þetta: „Gleymdu þessu!“

Þá er spurt: „Það, sem þér vilduð segja almennt um viðskipti af þessu tagi?“

Við þessu er svar mitt þetta: „Svona álitamál hafa oft komið upp í gegnum árin, þegar einn sameigenda, t. d. að jörð, fyrirtæki eða öðru verðmæti, vill selja sinn hlut. Þessir eignarhlutar eru einfaldlega ekki eftirsóknarverðir. Í allt of mörgum tilfellum eru menn að kaupa sér vandamál, svona í leiðinni. Ef engu að síður ætti að verðmeta þessi réttindi, er spurning, með hvaða hætti slíkt er gert. Persónulega kem ég aðeins auga á eina leið. Hún er sú, að væntanlegur kaupandi metur eignina þess virði, sem hann fengi í sinn hlut við uppboð á eigninni til slita á sameign, þó jafnframt að frádregnum kostnaði, fyrirhöfn og einhverju tapi á arði af fjárfestingunni, meðan beðið er málaloka. Engin leið er að ákveða með nokkurri

vissu, hver yrði niðurstaða slíkra hugrenninga eða útreikninga. Þar kemur margt til, eins og til dæmis sú spurning, hvort það fáist góður eða yfirleitt einhver alvörukaupandi að svo stórri eign á uppboði. Sem þumalputtareglu tel ég, að styðjast megi við þá viðmiðun, að fyrir eignina fengjust á bilinu 60-70% af markaðsverði eignarinnar eftir heppni og kannski því, hverjir uppboðsskilmálar væru.

Ofangreindar niðurstöður eru gefnar eftir bestu þekkingu og samvisku, og er ég tilbúinn að rökstyðja þær frekar og/eða staðfesta, hvenær sem óskað kann að vera."

Þá hefur lögmaður stefndu lýst ýtarlega ýmsum ætluðum göllum og annmörkum á húsinu Borgartúni 29, bæði í greinargerð sinni og fyrir dómkvöddum matsmönnum. Gler í húsinu sé gallað og sumt ónýtt, gólf í bakhúsi stórlega skemmd, steypa í veggjum með mikilli og áberandi alkalívirkni og óhjákvæmilegt að klæða húsið. Allt bárujárn á þaki hafi fokið haustið 1973, en vegna efnisskorts hafi orðið að endurnota mestan hluta járnsins, þrátt fyrir það að plöturnar hafi flestar verið kengbognar og rifnar. Miðstöðvarkerfi sé allt úr lagi gengið og sífelld lekavandamál. Loftgluggar á bakhúsi séu bráðabirgðasmíð. Innréttingar séu sérsmíðaðar og hafi ekkert almennt verðgildi. Lóð hússins sé ófrágengin o. s. frv. Húsið hafi þannig verið vægast sagt óhrjálegt haustið 1984, en lagt hafi verið í mikinn kostnað við að reyna að lagfæra það sumarið 1985, m. a. steypuskemmdir og málningu.

Í matsgerð hinna dómkvöddu manna kemur fram, að bygging hússins að Borgartúni 29 hófst 1968. Lauk byggingu framhússins 1971, en bakhússins 1974. Húsið hefur frá upphafi verið leigt út sem verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði, og voru í gildi leigusamningar við 17 aðila, þegar matið fór fram. Leigutekjur árið 1984 voru samtals 3.524.777 kr., árið 1985 5.965.219 kr. og árið 1986 7.998.962 kr. Viðhaldskostnaður sömu ár um 10% leigufjárhæðar. Fasteignamat 1984 var 26.370.261 kr. og brunabótamat 44.370.261 kr.

Álit dómsins.

Þeirri niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna, að hæfilegt staðgreiðsluverð fyrir Borgartún 29 hafi verið 36.200.000 kr. í september 1984, hefur ekki verið hnekkt. Einn áttundi hluti, 12,5%, af þeirri fjárhæð er 4.525.000 kr.

Eftir atvikum þykir mega notast við útreikning hagfræðings þess, er stefndu leituðu til, um staðgreiðsluverðgildi greiðslna fyrir eignarhluta þrotamanns í Borgartúni 29 sf. Samkvæmt þeim útreikningi nam staðgreiðsluverðgildið á söludegi 3.600.000 kr.

Sameignarfélagið Borgartún 29 sf. var frábrugðið sameignarfélögum,

sem stunda almennan atvinnurekstur. Eignir þess voru einvörðungu tiltekin fasteign, sem félagið átti skuldlausa. Rekstur þess var að öllu leyti tengdur téðri fasteign, tekjur fastar og öruggar. Leigutekjur af eigninni námu 3.524.775 kr. árið 1984 og voru jafnar að verðgildi ár frá ári, og ekki er annað fram komið en gjöldin hafi einnig verið árviss og fyrir fram séð, þ. e. viðhald á eigninni og annar rekstrarkostnaður svipað hlutfall af leigutekjum frá ári til árs. Eignin var skiptileg.

Allt þetta styður eindregið þá niðurstöðu, að öldungis megi jafna sölu á téðum eignarhluta í sameignarfélaginu við sölu á jafnstórum eignarhluta í nefndri fasteign.

Að öllu þessu athuguðu þykir fram komið, að söluverð Péturs Ingólfssonar á eignarhlutanum í sameignarfélaginu til föður síns og bræðra 26. september 1984 hafi verið undir raunverði, sem nam 925.000 kr.

Sú eignarýrnun, sem verður við sölu undir raunvirði skömmu fyrir gjaldþrot, skerðir þá fjármuni, sem verða til reiðu til fullnustu kröfuhöfum.

Það er fram komið í máli þessu, að stefndu var eða mátti vera fullkunnugt um, að það var bágur og versnandi efnahagur þrotamanns, sem var ástæðan til sölu hans á eignarhlutanum í Bústað sf. Þeir fengu umboð þrotamanns til þess að ráðstafa kaupverðinu og vörðu því að miklum hluta til þess að borga fyrir hans hönd ýmsar skuldir, sem þeir voru í ábyrgð fyrir, tengdust Bústað sf. eða þeir höfðu að öðru leyti hag af, að yrðu greiddar, m. a. til þess að auðvelda sér áframhaldandi viðskipti við tiltekna banka.

Svo sem að framan er rakið, námu lýstar kröfur í bú þrotamanns rúmlega 5 millj. króna. Þegar búið var að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., átti þrotamaður eftir verslunina Viktoríu, nafnverð söluverðs samkvæmt kaupsamningi tæpar 4 milljónir, raunvirði (kaupsamningur metinn til staðgreiðslu í peningum) væntanlega miklu lægra. Samkvæmt þessu hefur þrotamaður ekki átt fyrir skuldum, þegar búið var að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., og það hafa einmitt verið greiðslur þær af söluandvirði Bústaðar sf., samtals yfir 2 milljónir, sem hann ráðstafaði til þess að greiða kröfur, sem stefndu voru í ábyrgð fyrir eða tengdust Bústað sf., svo og eignaskerðing sú, sem leiddi af sölu á eignarhlutanum í sameignarfélaginu á undirverði, sem ráðið hafa úrslitum um gjaldfærni hans, en á þessar greiðslur og ívilnanir til nákominna verður í þessu samhengi að líta sem eina heild.

Með vísan til 61. gr. og 63. gr. l. 6/1978 verða stefnukröfur í máli þessu því teknar til greina með 925.000 kr. og vöxtum, eins og stefnandi krefst.

Ekki verður séð, á hverju stefnandi reisir kröfu um dóm á hendur sameignarfélaginu Bústað in solidum með eigendum þess. Verður sök á hendur

félaginu því vísað frá dómi skv. heimild í 3. mgr. 108. gr. l. 85/1936, sbr. 13. gr. l. 54/1988.

Málskostnaður ákveðst 350.000 kr., og er þá tekið tillit til reiknings hinna dómkvöddu matsmanna, 186.064 kr.

Már Pétursson sýslumaður kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Sök á hendur stefnda, Bústað sf., er vísað frá dómi.

Stefndu, Ingólfur Guðmundsson, Hjörtur Ingólfsson, Aðalsteinn Ingólfsson og Ívar Ingólfsson, greiði in solidum stefnanda, þrotabúi Péturs Ingólfssonar, 925.000 kr. ásamt 17% ársvöxtum frá 26. september 1984 til 31. desember 1984, 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% ársvöxtum frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 13% ársvöxtum frá 1. mars 1986 til 30. mars 1986, 9% ársvöxtum frá 1. apríl 1986 til 31. október 1986, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 350.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 92/1989. **Tollstjórinn í Reykjavík vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Bústað sf.,
dánarbúi Ingólfs Guðmundssonar,
Aðalsteini Ingólfssyni,
Hirti Ingólfssyni og
Ívari Ingólfssyni
(Árni Stefánsson hrl.).

Gjaldþrot. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1989. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði óskipt dæmdir til að greiða áfrýjanda 256.950 krónur með vöxtum. Þá er krafist málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðilar deila um það, hvort beita megi 2. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 vegna uppgjörs á söluandvirði hluta Péturs Ingólfssonar í sameignarfélaginu Bústað, en aðrir stefndu keyptu hluta hans 26. september 1984.

Í málinu er þess krafist á grundvelli 62. gr. gjaldþrotalaga, að stefndu greiði búinu 256.950 krónur, sem dregnar voru frá greiðslu, sem Pétur Ingólfsson fékk frá kaupendum, þegar hann seldi fyrrgreinda eign. Meðal annars er deilt um 150.000 krónur, sem Pétur fékk úr sjóði Bústaðar sf. 7. ágúst 1984. Hefur því verið haldið fram, að um hafi verið að ræða fyrirframgreiðslu vegna sölunnar, sem gengið var frá 26. september. Þykir mega byggja á þessari yfirlýsingu. Verður héraðsdómur þá staðfestur.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu óskipt 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar, greiði stefndu, Bústað sf., dánarbúi Ingólfs Guðmundssonar og Aðalsteini, Hirti og Ívari Ingólfssonum, óskipt 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 16. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík, nnr. 8888-0528, Tryggvagötu 19, Reykjavík, Björn Hermannsson, nnr. 1334-7166, Álftamýri 39, Reykjavík, vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar, nnr. 7097-4444, höfðað fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu með stefnum, birtum 31. október 1986, á hendur Bústað sf., nnr. 1489-5248, Borgartúni 29, Reykjavík, og eigendum félagsins persónulega: Aðalsteini Ingólfssyni, nnr. 0066-9199, Barrholti 21, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, Ingólfi Guðmundssyni, nnr. 4723-3100, Bjarkarholti 4, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, Ívari Ingólfssyni, nnr. 4838-3645, Miklubraut 66, Reykjavík, Hirti Ingólfssyni, nnr. 4226-8143, Bugðutanga 2, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, til greiðslu fébóta.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 256.950 kr. auk 17% ársvaxta frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 30. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkv. taxta LMFÍ.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður, en til vara er krafist sýknu og málskostnaðar og loks til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með úrskurði réttarins 23. febrúar 1987 að undangengnum munnlegum málflutningi 17. sama mánaðar var frávísunarkröfunni hrundið.

Dómkrafa stefnanda er þannig sundurliðuð:

1.	Peningalán frá Bústað sf. til Péturs Ingólfssonar, veitt 7. ágúst 1984	kr. 150.000,00
2.	Skuld Péturs í skattgreiðslum vegna Bústaðar sf. og húseignarfélagsins að Borgartúni 29	— 43.950,00
3.	Ýmsar skuldir Péturs við Bústað sf.	— 63.000,00
	Samtals	kr. 256.950,00

Telur stefnandi, að þessar greiðslur þrotamanns á skuldum við stefndu séu riftanlegar skv. 2. mgr. 54. gr. og/eða 61. gr. gjaldþrotalaga, og beri stefndu að greiða þrotabúinu fébætur samkvæmt 62. gr. og/eða 63. gr. sömu laga.

II.

Árið 1964 stofnaði Ingólfur Guðmundsson byggingameistari ásamt sonum sínum, Pétri, Aðalsteini og Hirti, sameignarfélag undir nafninu Bústaður sf. til þess að „annast alls konar byggingastarfsemi, kaup, sölu, leigu og annan rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annan skyldan atvinnurekstur". Í félagssamningnum er m. a. ákvæði í 7. gr. um, að hver félagsmaður geti fyrir sitt leyti sagt samningnum upp. Geti hann þá „krafist útborgunar á hlutdeild sinni í félaginu, þegar tvö ár eru liðin frá næstu áramótum, eftir að uppsögn kom fram". Í 9. gr. samningsins er svofellt ákvæði:

„Nú deyr einhver félagsmanna eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og er hinum þá rétt að krefjast þess, að félagsatvinnan haldi óhindruð áfram og eignir hennar verði framvegis í umsjón og undir forræði þeirra, sem eftir eru, en undanþegnir umráðum skiptaréttarins, uppskrift og virðingu, enda hafi krafa um þetta komið fram innan mánaðar frá látinu eða upphafi gjaldþrotaskipta. Þá skal gerður upp allur hagur félagsins, og getur búið eða ekkja eða erfingjar hins látna krafist þess, að hluti hans í sameigninni verði greiddur af hendi með eins árs fyrirvara eftir mati óvilhallra manna. Heimilt er og búinu eða ekkju og erfingjum hins látna að fela áreiðanlegum manni að fara yfir bækur og reikninga félagsins og líta eftir meðferð á eignum þess, þar til framangreindur hlutur er að fullu greiddur."

Upphaflega átti Ingólfur 85% eignarhlutdeild í félaginu, en synir hans 5% hver.

Árið 1967 bættist fjórði bróðirinn, Ívar, við sem sameigandi. Eftir að synirnir fengu móðurarf 1976, nánar tiltekið með tilkynningu til firmaskrár 12. ágúst 1980, breyttust eignarhlutföllin þannig, að Ingólfur varð eigandi að 50%, en synirnir fjórir eigendur að 12,5% hver um sig.

Bústaður sf. byggði og rak stórhýsi að Borgartúni 29 í Reykjavík.

Árið 1984 var Pétur Ingólfsson kominn í fjárhagslega erfiðleika. Varð það úr, að hann gekk úr félaginu, og liggur frammi í málinu auk tilkynningar til firmaskrár, sem undirrituð er af öllum fimm sameigendum, svofelld yfirlýsing, dags. 26. september 1984: „Við undirritaðir erum samþykkir því, að Bústaður sf. (1489-5248), Borgartúni 29, Reykjavík, innleysi hlut Péturs Ingólfssonar (7097-4444), Birkimel 10, Reykjavík, í félaginu með 3.750.000 kr. — þremur milljónum sjö hundruð og fimmtíu þúsundum króna 00/100, — og með þeim hætti, sem um hefur verið rætt, og þar á meðal með útgáfu

verðtryggðra skuldabréfa, að nafnverði um 1.000.000 kr. Hlutir annarra félagsmanna í Bústað sf. hækka þá hlutfallslega af þessum sökum, en hluti Péturs Ingólfssonar í félaginu var 12,5%."

Stefndu hafa gert svofellda grein fyrir því, hvernig söluandvirði hafi verið greitt. Er uppgjörsyfirlitið dags. 10. 4. 1986, en þá hafði bú Péturs verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 7. mars 1985:

„Lífeyrissjóðslán:		
Á 3. veðrétti nr. 14425, útg. 25.1. 1982, upphl. 141.000 kr., framr.	kr.	338.958,00
Á 4. veðrétti nr. 11910, útg. 17.1. 1984, upphl. 150.000 kr., framr.	—	258.274,00
	Kr.	617.232,00(?)
Víxlar:		
Iðnaðarb., Hafnarfirði, pr. 2.9. 1984, vanskil	kr.	300.000,00
Landsbanki Ísl., vesturbær, pr. 7.10. 1984	—	150.000,00
Verslunarbanki Ísl., pr. 20.9. 1984	—	400.000,00
Sami pr. 20.9. 1984	—	209.000,00
Sami pr. 20.9. 1984	—	138.000,00
	Kr.	1.197.000,00
Skuldabréf:		
Verslb. Ísl. nr. 62241, pr. 23.2. 1984, greitt 26.9. 1984	kr.	325.630,17
Verslb. Ísl. nr. 64031, pr. 7.8. 1984, útg. 6.2. 1984	—	406.912.54
Iðnaðarb. Ísl. nr. 100192, pr. 26.10. 1984, útg. 29.4. 1982 greitt	—	34.167.70
Iðnaðarb. Ísl. nr. 100192, pr. 26.10. 1984, útg. 29.4. 1982 eftirst.	—	32.353,20
	Kr.	799.063,61
Áður úttekið 7.8. 1984 áv. 898404/19119	kr.	150.000,00
Útg. skuldabréf 4x220.000 til 6 ára, 1. gjaldd. 10.10. 1986	—	880.000,00
Þátttaka í greiðslu opinberra gjalda v/rekstrar B29, árið 1984, áætlað til 1.9. 1984 + skattur af varasjóði Bústaðar sf.	—	43.950,00
Uppgerðar ýmsar skuldir	—	63.000,00
	Kr.	3.750.000,00"

Það eru tveir síðastnefndu liðirnir, 63.000 kr. og 43.950 kr., og fjórði síðasti liðurinn, 150.000 kr., sem mál þetta snýst um.

III.

Svo sem fyrr segir, var bú Péturs Ingólfssonar tekið til gjaldþrotaskipta 7. mars 1985. Engar eignir hafa komið fram í búinu, en lýstar kröfur námu 5.066.983,73 kr. Þrotamaður hafði selt allar eignir sínar á árinu 1984, og var söluandvirðið sem hér segir:

1. Íbúð að Eiðistorgi 5 samkvæmt kaupsamningi, dags. 24. mars 1984	kr.	2.750.000,00
2. Eignarhluti 12,5% í Bústað sf. samkvæmt yfirlýsingu, dags. 26. sept. 1984	—	3.750.000,00
3. Verslunin Viktoría samkvæmt kaupsamningi, dags. 19. nóv. 1984	—	3.937.500,00
Samtals	kr.	10.437.500,00

Söluandvirði þessara eigna varði þrotamaður til að gera upp hluta af skuldum sínum, og telur stefnandi, þ. e. kröfuhafar í bú þrotamanns, að við það uppgjör hafi þrotamaður látið ýmsar skuldir, sem nánir ættingjar hans, þ. á m. stefndi, höfðu gengið í ábyrgð fyrir, hafa algeran forgang. Þannig telur stefnandi, að verulegum hluta af söluandvirði Bústaðar sf., sem áður er getið, hafi stefndi varið til greiðslu slíkra skulda, nánar tiltekið sem hér segir:

1. Greiddar skuldir þrotamanns við Bústað sf., eigendur faðir og bræður þrotamanns	kr.	256.950,00
2. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmaður Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	325.630,17
3. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Björgúlfur Pétursson, sonur þrotamanns	—	406.912,54
4. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands samkvæmt þremur víxlum, útgefandi Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	747.000,00
5. Greidd víxilskuld við Iðnaðarbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	308.302,00

6. Greidd víxilskuld við Landsbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	150.000,00
7. Greidd skuld við Iðnaðarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	66.520,90
		Kr. 2.261.315,61

Kveður stefnandi stefnukröfuna sprottna af lið 1 í framangreindri sundurliðun.

Í greinargerð stefnanda segir m. a.:

„Í sambandi við útgöngu þrotamanns úr Bústað sf. 26. sept. 1984 voru því greiddar skuldir þrotamanns, þar sem nánir ættingjar voru í persónulegum ábyrgðum, samtals að fjárhæð 2.261.315,61 kr. Fór uppgjör fram með þeim hætti, að skuldir þessar voru greiddar kröfuhöfum beint, þ. e. án milligöngu þrotamanns og án þess að hann fengi nokkru sinni söluandvirði eignarhluta síns í félaginu í hendur. Þá fékk sonur ákærða, Björgúlfur Pétursson, í hendur víxil, sem var greiðsla samkv. kaupsamningi um verslunina Viktoríu, ..., að fjárhæð 606.250 kr., án þess að nokkurt endurgjald kæmi fyrir, auk þess sem skuldabréf, sem tryggt var með veði í fasteign Björgúlfs að Leirutanga 49, Mosfellssveit, að fjárhæð 255.614 kr., var flutt yfir á eignarhluta þrotamanns í fasteigninni Borgartúni 29 og kom þannig til skerðingar á andvirði eignarhluta þrotamanns í Bústað sf.“

IV.

Það er málsástæða stefnanda, að greiðsla á skuldum þeim, sem mál þetta snýst um, sé riftanleg gagnvart stefndu samkv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978. Er staðhæft, að með ráðstöfunum þessum hafi verið greiddar skuldir, sem úrslitum hafi ráðið um gjaldfærni þrotamanns, og að stefndu hafi þannig verið ívilnað á kostnað annarra kröfuhafa í þrotabú Péturs Ingólfssonar. Er á því byggt, að þrotabúi Péturs Ingólfssonar og þar með kröfuhöfum þess hafi með greiðslu skulda þessara verið valdið fjártjóni, sem stefnda sé samkv. 62. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 2. mgr. 54. gr., lögskylt að bæta búinu.

Verði ekki fallist á þann skilning stefnanda, að 2. mgr. 54. gr. laga 6/1978 verði beitt um framangreindar skuldagreiðslur, er fébótakrafa á hendur stefndu reist á 63. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 61. gr. Er það málsástæða stefnanda, að Pétur Ingólfsson hafi verið ógjaldfær eða orðið það,

er skuldir þessar voru greiddar, og að stefndu hafi þannig verið ívilnað gróflega og ótilhlýðilega á kostnað annarra kröfuhafa þrotamanns. Er staðhæft, að stefndu hafi á þessum tíma vitað eða mátt vita um bágan fjárhag og ógjaldfærni Péturs Ingólfssonar og að með þessum ráðstöfunum hafi verið gróflega og ótilhlýðilega brotið gegn jafnræði kröfuhafa þrotamanns. Færir stefnandi fram þau lagarök, að ráðstafanir þessar séu riftanlegar samkv. 61. gr. laga nr. 6/1978 og að stefnda sé samkv. 63. gr. laga nr. 6/1978 lögskylt að bæta þrotabúi Péturs Ingólfssonar fjártjón það, sem búið hafi orðið fyrir vegna þessara ráðstafana.

V.

Aðalkröfu sína um frávísun studdi stefndi þeim rökum í fyrsta lagi, að úrskurður um gjaldþrotameðferð hefði verið kveðinn upp á röngu varnarþingi, og í öðru lagi rökstuddi hann frávísunarkröfuna með því, að málið væri vanreifað.

Sem fyrr segir, var frávísunarkröfunni hrundið með úrskurði 24. febrúar 1987, sbr. 196. gr. l. 85/1936, og kemur því varnarþingsmálsástæðan ekki frekar til álita.

Um vanreifunarmálsástæðuna er það að segja, að hún var studd þeim rökum, að skiptaráðandi hefði ekki viðurkennt aðrar lýstar kröfur í þrotabúið en forgangskröfu, að fjárhæð 22.232 kr., og kröfum tollstjórans í Reykjavík hafi alla tíð verið sérstaklega mótmælt sem áætluðum og órökstuddum og því jafnframt mótmælt, að fyrir liggi, að þrotamaður hafi ekki átt fyrir skuldum, er greiðslan fór fram. Um þessi atriði liggur ekkert nýtt fyrir frá úrskurði 23. febrúar 1987. Af þessum ástæðum verður málinu ekki fremur vísað frá vegna vanreifunar nú en við úrskurð 24. febrúar 1987, sbr. 4. mgr. 108. gr. l. 85/1936.

VI.

Til stuðnings sýknukröfu sinni halda stefndu því í fyrsta lagi fram, að fjárhæð sú, 150.000 kr., sem í söluuppgjöri fyrir eignarhluta þrotamanns í Bústað sf. er nefnd „Áður úttekið 7.8. 1984 kr. 150.000", og á óundirrituðu fylgiskjali með söluuppgjörinu er nefnd „lán til Péturs Ingólfssonar", hafi ekki verið peningalán í raun, heldur fyrirframgreiðsla upp í væntanleg kaup á eignarhluta Péturs í Bústað sf. Á þessum tíma, 7. ágúst, hafi kaupin verið afráðin, þótt ekki væri búið að ganga frá þeim í smáatriðum, og yfirlýsing um kaupin hafi ekki verið fyrr undirrituð en sex vikum síðar.

Í öðru lagi telja stefndu, að fjárhæðirnar, sem í söluuppgjörinu eru nefndar „Þátttaka í greiðslu opinberra gjalda v/reksturs B 29 árið 1984 áætlað (til 1.9. 1984) + skattur af varasjóði Bústaðar sf. kr. 43.950" og

„Uppgerðar ýmsar skuldir", séu þess háttar skuldir, sem venjulegt sé, að gerðar séu upp við endanlegt söluuppgjör og komi til lækkunar á umsömdu kaupverði. Pétur hafi engan rétt átt á uppgjöri af öðru tagi, hvorki samkvæmt félagssamningnum, öðrum heimildum né venjum, og þrotabú hans hefði ekki átt meiri rétt í því sambandi en hann sjálfur. Benda stefndu til samanburðar á, að við söluuppgjör séu alltaf gerð upp sem hluti af söluverði fasteignagjöld, vextir og önnur áfallin gjöld, sem tengist eigninni, svo sem hússjóður, en í hússjóðsskuld geti verið innifalin alls konar rekstrargjöld, svo sem viðhald, hitakostnaður og fleira.

Þá reisa stefndu sýknukröfuna á því, að riftunarskilyrði samkvæmt gjaldþrotalögum séu ekki fyrir hendi. Þrotamaður hafi hvorki verið ógjaldfær, þegar umrætt uppgjör fór fram, né orðið þá ógjaldfær. Salan á eignarhlutum hafi einmitt verið honum sérlega hagstæð, bæði að því er varðar verð og greiðslukjör. Stefndu, meðeigendur hans í Bústað sf. og kaupendur eignarhlutans hafi verið í góðri trú um gjaldfærni hans, þegar umrætt uppgjör fór fram.

Þrautavarakröfu sína um lækkun stefnukrafna útlista stefndu þannig: Ef svo færi, að einhver hluti af stefnukröfunum í máli þessu yrði tekinn til greina, krefjast stefndu þess, að bætt verði við dómsorðið ákvæði um, að þeir eigi rétt á að fá dregna frá dómsfjárhæðinni þá prósentu, sem búið komi til með að greiða upp í almennar kröfur, eftir að fjárhæðum dæmdra riftunarkrafna hafi verið bætt við viðurkenndar almennar kröfur. Það komi greinilega fram í 62. og 63. gr. laga nr. 6/1978, að kröfuhafar í þrotabú eigi ekki að græða neitt á riftun, heldur aðeins að fá það, sem þeir hefðu fengið upp í kröfur sínar, hefði hin riftanlega ráðstöfun ekki farið fram. Hefði hin riftanlega ráðstöfun ekki farið fram, hefðu stefndu verið meðal almennra kröfuhafa í búið og fengið sína hlutdeild af því, sem til úthlutunar verði upp í almennar kröfur. Þegar svona sé farið að, komi fram hið raunverulega tjón búsins. Það eigi að bæta, en ekki meira. Hvergi sé heimild fyrir því í VIII. kafla laga nr. 6/1978, að búið græði á riftun, það eigi að verða skaðlaust. Þessi hundraðshluti liggi ekki fyrir í dag, en hann komi til með að liggja fyrir við uppgjör búsins.

Álit dómsins.

Svo sem að framan er rakið, keyptu stefndu í máli þessu eða létu félagið leysa til sín eignarhluta þrotamanns í Bústað sf. fyrir tiltekið, ákveðið verð. Við söluuppgjör voru dregnar frá til lækkunar á greiðslum til þrotamanns stefnufjárhæðir í máli þessu, þ. e. 150.000 kr., er hann hafði fengið úr sjóðum félagsins 7.8. 1984, áðurnefndar „ýmsar skuldir, kr. 63.000", svo og þátttaka hans í greiðslu opinberra gjalda vegna rekstrar fasteignar félagsins og skattur af varasjóði þess, 43.950 kr.

Fallast má á það með stefndu, að líta verði svo á, að heimilt hafi verið að reikna þessar fjárhæðir til frádráttar greiddu kaupverði.

Ákvæði 32. gr. l. nr. 6/1978 styðja þessa niðurstöðu.

Ber samkvæmt því að sýkna stefndu í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bústaður sf. og eigendur félagsins, Ingólfur Guðmundsson, Aðalsteinn Ingólfsson, Ívar Ingólfsson og Hjörtur Ingólfsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, þrotabús Péturs Ingólfssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 213/1989. **Björgúlfur Pétursson**
(Árni Stefánsson hrl.) **og**
Hjörtur Ingólfsson
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
tollstjóranum í Reykjavík vegna
þrotabús Péturs Ingólfssonar
(Kjartan Ragnars hrl.).

Gjaldþrot. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. maí sama ár.

Áfrýjandinn Björgúlfur Pétursson krefst þess aðallega, að héraðsdómur og meðferð málsins í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Hjörtur Ingólfsson gerir sams konar kröfur.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að Pétur Ingólfsson hafi ekki verið gjaldfær eftir ráðstöfun þess fjár, sem hann fékk fyrir hluta sinn í Bústað sf. Ber með tilvísun til 2. mgr. 67. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjendur, Björgúlfur Pétursson og Hjörtur Ingólfsson, greiði stefnda, tollstjóranum í Reykjavík vegna þrotabús

Péturs Ingólfssonar, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 16. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík, nnr. 8888-0528, Tryggvagötu 19, Reykjavík, Björn Hermannsson, nnr. 1334-7166, Álftamýri 39, Reykjavík, vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar, nnr. 7097-4444, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu með stefnu, birtri 31. október 1986, á hendur Hirti Ingólfssyni, nnr. 4226-8143, Bugðutanga 21, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, og með stefnu, birtri 1. nóvember 1986 á hendur Björgúlfi Péturssyni, nnr. 1286-2474, Leirutanga 49, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, til greiðslu fébóta, að fjárhæð 406.912,54 kr., auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 406.912,54 kr. auk 17% ársvaxta frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 30. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkv. taxta LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður, en til vara er krafist sýknu og málskostnaðar og loks til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með úrskurði réttarins 24. febrúar 1987 að undangengnum munnlegum málflutningi 17. sama mánaðar var frávísunarkröfunni hrundið.

II.

Bú Péturs Ingólfssonar, Birkimel 10, Reykjavík, sem er faðir stefnda Björgúlfs og bróðir stefnda Hjartar, var tekið til gjaldþrotaskipta 7. mars 1985. Engar eignir hafa komið fram í búinu, en lýstar kröfur námu 5.066.983,73 kr. Þrotamaður hafði selt allar eignir sínar á árinu 1984, og var söluandvirði sem hér segir:

1.	Íbúð að Eiðistorgi 5 samkvæmt kaupsamningi, dags. 24. mars 1984	kr. 2.750.000,00
2.	Eignarhluti í Bústað sf. samkvæmt yfirlýsingu, dags. 26. sept. 1984	— 3.750.000,00
3.	Verslunin Viktoría samkvæmt kaupsamningi, dags. 19. nóv. 1984	— 3.937.500,00
	Samtals	kr. 10.437.500,00

Söluandvirði þessara eigna varði þrotamaður til að gera upp hluta af skuldum sínum, og telur stefnandi, þ. e. kröfuhafar í bú þrotamanns, að við það uppgjör hafi þrotamaður látið ýmsar skuldir, sem nánir ættingjar hans, þ. á m. stefndu, höfðu gengið í ábyrgð fyrir, hafa algeran forgang. Þannig telur stefnandi, að verulegum hluta af söluandvirði Bústaðar sf., sem áður er getið, hafi þrotamaður varið til greiðslu slíkra skulda, nánar tiltekið sem hér segir:

1. Greiddar skuldir þrotamanns við Bústað sf., eigendur faðir og bræður þrotamanns	kr.	256.950,00
2. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmaður Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	325.630,17
3. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, skv. skuldabréfi pr. 7.8. 1984, greidd 2.10. 1984, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Björgúlfur Pétursson, sonur þrotamanns	—	406.912,54
4. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands samkvæmt þremur víxlum, útgefandi Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	747.000,00
5. Greidd víxilskuld við Iðnaðarbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	308.302,00
6. Greidd víxilskuld við Landsbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	150.000,00
7. Greidd skuld við Iðnaðarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	66.520,90
	Kr.	2.261.315,61

Kveður stefnandi stefnukröfuna sprottna af lið 3 í framangreindri sundurliðun.

Stefnandi hefur lagt fram í ljósriti framhlið umrædds skuldabréfs. Það var út gefið 6. febrúar 1984 af þrotamanni, Pétri Ingólfssyni, þá til heimilis að Eiðistorgi 5, Seltjarnarnesi, til Verslunarbanka Íslands hf., að fjárhæð 350.000 kr., bar 21% vexti og skyldi greiða upp með einni greiðslu sex mánuðum eftir útgáfudag, gjalddagi því 7. ágúst 1984.

Bréfið var ekki veðtryggt, heldur með sjálfskuldarábyrgð, og voru sjálfskuldarábyrgðarmenn stefndu í máli þessu, Hjörtur og Björgúlfur. Ekki er á hinu fram lagða ljósriti að finna áritun um, að bréfið hafi verið greitt, né aðrar sérstakar áritanir.

Þá hefur stefnandi lagt fram ljósrit af ódagsettri og ógreiðslustimplaðri tilkynningu bankans til skuldara á formi greiðslukvittunar.

Samkvæmt henni hefur krafa bankans, þegar tilkynningin var skrifuð út úr tölvu bankans, verið:

Höfuðstóll	kr. 350.000,00
Grunnvextir 9% í sex mán.	— 15.662,50
Verðbótaþáttur vaxta 12% í sex mán.	— 20.883,33
Kostnaður	— 72,00
Dag- eða dráttarvextir	— 20.294,71
Samtals stefnukrafan	kr. 206.912,54

III.

Það er málsástæða stefnanda, að greiðsla á framangreindu skuldabréfi sé riftanleg gagnvart stefndu sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum á skuldabréfinu samkv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978. Er staðhæft, að með ráðstöfunum þessum hafi verið greidd skuld, sem úrslitum hafi ráðið um gjaldfærni þrotamanns og að stefndu hafi þannig verið ívilnað á kostnað annarra kröfuhafa í þrotabú Péturs Ingólfssonar með því að hafa losnað úr ábyrgð á fjárskuldbindingu þrotamanns. Er á því byggt, að þrotabúi Péturs Ingólfssonar og þar með kröfuhöfum þess hafi með greiðslu skuldar þessarar verið valdið fjártjóni, sem stefndu sé samkv. 62. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 2. mgr. 54. gr., lögskylt að bæta búinu. Er því haldið fram, að svo beri að skýra 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978, að hún taki einnig til greiðslna á skuldum þrotamanns, sem séu til hagsbóta aðilum nákomnum þrotamanni, í þessu tilviki föður þrotamanns og bróður hans.

Verði ekki fallist á skilning stefnanda á 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978, er fébótakrafa á hendur stefnda reist á 63. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 61. gr. Er það málsástæða stefnanda, að Pétur Ingólfsson hafi verið ógjaldfær eða orðið það, er skuldir samkv. víxlunum og skuldabréfinu voru greiddar, og að stefndu hafi þannig sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum á lánsskjölum þessum verið ívilnað gróflega og ótilhlýðilega á kostnað annarra kröfuhafa þrotamanns. Er staðhæft, að stefndu hafi á þessum tíma vitað eða mátt vita um bágan fjárhag og ógjaldfærni Péturs Ingólfssonar og að með þessum ráðstöfunum hafi verið gróflega og ótilhlýðilega brotið gegn jafnræði kröfuhafa þrotamanns, þar eð stefndu hafi með greiðslu skulda þessara

losnað úr ábyrgðum á fjárskuldbindingu þrotamanns. Færir stefnandi fram þau lagarök, að ráðstafanir þessar séu riftanlegar samkv. 61. gr. laga nr. 6/1978 og að stefndu sé samkv. 63. gr. laga nr. 6/1978 skylt að bæta þrotabúi Péturs Ingólfssonar fjártjón það, sem búið varð fyrir vegna þessara ráðstafana, enda verði að skýra svo hugtakið „kröfuhafi" í 61. gr. laga nr. 6/1978, að einnig sé átt við ábyrgðarmenn á fjárskuldbindingum þrotamanns.

IV.

Aðalkröfu sína um frávísun studdu stefndu þeim rökum í fyrsta lagi, að úrskurður um gjaldþrotameðferð hefði verið kveðinn upp á röngu varnarþingi, og væri hann svo og ákvarðanir teknar á sama varnarþingi markleysa, sem hafi ekki lögfylgjur. Í öðru lagi rökstuddu stefndu frávísunarkröfuna með því, að málið væri vanreifað.

Sem fyrr segir, var frávísunarkröfunni hrundið með úrskurði 24. febrúar 1987, og kemur því sú málsástæða, að gjaldþrotaúrskurðurinn sé markleysa, ekki frekar til álita, sbr. 196. gr. l. 85/1936 og 3. mgr. 108. gr. sömu laga.

Um vanreifunarmálsástæðuna er það að segja, að hún var í fyrsta lagi studd þeim rökum, að skiptaráðandi hefði ekki viðurkennt aðrar lýstar kröfur í þrotabúið en forgangskröfu, að fjárhæð 22.232 kr., og kröfum tollstjórans í Reykjavík alla tíð verið sérstaklega mótmælt sem áætluðum og órökstuddum og því jafnframt mótmælt, að fyrir lægi, að þrotamaður hefði ekki átt fyrir skuldum, er greiðslan fór fram. Um þessi atriði liggur ekkert nýtt fyrir frá úrskurði 24. febrúar 1987. Í öðru lagi er vanreifunarmálsástæðan rökstudd með því, að stefnukrafan í málinu sé byggð á ljósritum, sem væru í hæsta máta tortryggileg. Bakhlið sé ekki ljósrituð, en þar geti verið hinar þýðingarmestu upplýsingar, framsöl og margt fleira.

V.

Kröfu sína um sýknu reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að aðalsönnunargögnin í málinu séu lögð fram í ljósritum, sem sé svo áfátt, að þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna, í öðru lagi á því, að gjaldþrotaúrskurðurinn hafi verið kveðinn upp á röngu varnarþingi og á röngum forsendum og því markleysa og skaðabótamál reist á riftunarreglum gjaldþrotalaga því á sandi byggt.

Þá reisa stefndu sýknukröfuna á því, að riftunarskilyrðum samkvæmt gjaldþrotalögum sé ekki til að dreifa. Þrotamaður hafi hvorki verið ógjaldfær, þegar umræddar bankaskuldir voru greiddar, né orðið ógjaldfær við greiðslu þeirra. Stefndi Hjörtur sem og aðrir meðeigendur hans í Bústað

sf., kaupendur eignarhluta Péturs, hafi verið í góðri trú um gjaldfærni hans, þegar greiðslurnar voru inntar af hendi.

Af hálfu stefnda Björgúlfs er sérstaklega á það bent, að hann hefur aldrei verið aðili að sameignarfélaginu Bústað og kom ekki við sögu, þegar þrotamaður seldi eignarhluta sinn. Því er haldið fram, að hann hafi ekkert fylgst með fjármálum föður síns. Þá hafi greiðsla skuldabréfsins farið fram algerlega án hans vitundar og tilverknaðar. Sérstaklega er bent á, að skuldabréfið var gjaldfallið. Allt leiði þetta til þess, að sýkna beri stefnda Björgúlf.

Þrautavarakröfu sína um lækkun stefnukrafna útlista stefndu þannig: Ef svo færi, að einhver hluti af stefnukröfunum í máli þessu yrði tekinn til greina, krefjast stefndu þess, að bætt verði við dómsorðið ákvæði um, að þeir eigi rétt á að fá dregna frá dómsfjárhæðinni þá prósentu, sem búið komi til með að greiða upp í almennar kröfur, eftir að fjárhæðum dæmdra riftunarkrafna hafi verið bætt við viðurkenndar almennar kröfur. Það komi greinilega fram í 62. og 63. gr. laga nr. 6/1978, að kröfuhafar í þrotabú eigi ekki að græða neitt á riftun, heldur aðeins að fá það, sem þeir hefðu fengið upp í kröfur sínar, hefði hin riftanlega ráðstöfun ekki farið fram. Þá hefðu stefndu verið meðal almennra kröfuhafa í búið og fengið sína hlutdeild af því, sem til úthlutunar verði upp í almennar kröfur. Þegar svona sé farið að, komi fram hið raunverulega tjón búsins. Það eigi að bæta, en ekki meira. Hvergi sé heimild fyrir því í VIII. kafla laga nr. 6/1978, að búið græði á riftun; það eigi að verða skaðlaust. Þessi hundraðshluti liggi ekki fyrir nú, en hann komi til með að liggja fyrir við uppgjör búsins.

Er úrskurðurinn gekk 24. febrúar 1987, var talið, að frumrit umræddra skjala væru í vörslu sakadóms Reykjavíkur, en ríkissaksóknari höfðaði sakamál á hendur Pétri Ingólfssyni með ákæru, út gefinni 15. maí 1986, á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 250. gr. l. 19/1940. Var ákæran m. a. byggð á lögskiptum þeim, sem mál þetta snýst um. Ákærði var sekur fundinn um brot á téðu lagaákvæði og dæmdur 24. júní 1988 í þriggja mánaða fangelsi óskilorðsbundið auk þriggja mánaða skilorðsbundið. Ekki er í dóminum fjallað sérstaklega um lögskipti þau, sem stefnukrafan í máli þessu lýtur að, heldur litið til fjárráðstafana ákærða í heild fyrir gjaldþrotið og talið sannað, að hann hafi greitt skuldir, sem ættingjar hans voru í ábyrgð fyrir, en eftir standi skuldir, sem hann sé einn ábyrgur fyrir. Er niðurstaða dómsins á því reist, að ákærði hafi af ásetningi mismunað lánardrottnum sínum.

Það kom á hinn bóginn í ljós, eftir að frávísunarkröfunni var hrundið 24. febrúar 1987, að umrætt skuldabréf og kvittun höfðu ekki verið lögð fram í frumriti í sakadómsmálinu, heldur einvörðungu í ljósriti.

Eftir því, sem fram hefur komið í máli þessu, annaðist stefndi Hjörtur

sem umboðsmaður bróður síns greiðslu á umræddu skuldabréfi og fékk frumskjölin í hendur við greiðslu, en kveðst fljótlega hafa afhent Pétri skjölin, en tók þó áður ljósrit af þeim fyrir sjálfan sig. Eftir þeim ljósritum ljósritaði RLR hin fram lögðu skjöl í málinu, en stefndi Hjörtur hélt upphaflegum ljósritum sínum.

Samkvæmt þessu verður að telja, að sönnunarbyrði sé hér þannig háttað, að stefndu verði að bera hallann af því að hafa ekki lagt fram í málinu frumrit umræddra skjala eða fullkomin ljósrit. Stefndi Hjörtur, en líta verður svo á, að hann hafi komið fram sem umboðsmaður stefnda Björgúlfs í þessu sambandi, hafði á sínum tíma skjölin í höndum og ljósritaði þau, áður en hann afhenti þau. Hann hefur ekki skýrt, hvers vegna hann leggur ekki þessi ljósrit sín fram í málinu. Í rekstri málsins hafa stefndu auk þess verið í allt annarri og betri aðstöðu en stefnandi til að afla frumskjalanna og leggja þau fram.

Að þessu athuguðu verður frávísunarkröfu stefndu enn hrundið.

Álit dómsins.

Þrotamaður seldi 26. september 1984 tiltekna eign sína, 12,5% eignarhlutdeild í sameignarfélaginu Bústað sf. Kaupendur, meðeigendur þrotamanns í sameignarfélaginu eða sameignarfélagið fyrir þeirra hönd, inntu meginhluta kaupverðsins þannig af hendi, að þeir greiddu ýmist þegar við samningsgerðina 26. september 1984 eða síðar tilteknar skuldir og skuldbindingar þrotamanns, þ. á m. skuldabréf það, sem mál þetta lýtur að.

Á yfirliti, er stefndi Hjörtur gerði um það, hvernig þrotamaður hafði fengið eignarhluta sinn í Bústað sf. greiddan, svo og í framburði Hjartar fyrir rannsóknarlögreglu 9. apríl 1986, kemur fram, að Hjörtur annaðist greiðslu bréfsins með hluta af umræddu söluandvirði. Telur stefnandi greiðsluna hafa farið fram 2. október 1984, og hefur þeirri dagsetningu ekki verið sérstaklega mótmælt.

Stefndu í máli þessu voru sjálfskuldarábyrgðarmenn á umræddu skuldabréfi og högnuðust að lokum á því, að það greiddist.

Þrotabú á þess kost í tilvikum sem þessu að beina riftunarkröfu að þeim, sem að lokum hefði beðið tjón, ef þrotamaður hefði ekki greitt. Það ónýtir því ekki málsókn þessa, þótt stefnandi hafi ekki beint riftunarmáli að eiganda skuldabréfsins og viðtakanda greiðslnanna, Verslunarbanka Íslands hf.

Svo sem að framan er rakið, námu lýstar kröfur í bú þrotamanns rúmlega 5 millj. króna. Þegar búið var að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., átti þrotamaður eftir verslunina Viktoríu, nafnverð söluverðs samkvæmt kaupsamningi tæpar 4 milljónir, raunvirði (kaupsamningur metinn til staðgreiðslu í peningum) væntanlega miklu lægra. Samkvæmt þessu hefur

stefndu ekki tekist að sýna fram á, að þrotamaður hafi átt fyrir skuldum, þegar hann var búinn að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., og annað er ekki fram komið en það hafi einmitt verið greiðslur þær af söluandvirði Bústaðar sf., samtals yfir 2 milljónir króna, sem hann ráðstafaði til þess að greiða kröfur, sem nákomin ættmenni hans voru í ábyrgð fyrir, þ. á m. greiðslur þær, sem mál þetta snýst um, sem ráðið hafi úrslitum um gjaldfærni hans, en á þessar greiðslur verður í þessu samhengi að líta sem eina heild.

Samkvæmt þessu ber með vísan til 2. töluliðar 54. gr. l. nr. 6/1978 og með vísan til 62. gr. sömu laga að taka kröfur stefnanda til greina. Um þá málsástæðu stefnda Björgúlfs, að grandleysi hans leiði til sýknu, er á hvort tveggja að líta, að telja verður, að stefndi Hjörtur hafi verið umboðsmaður hans, og þó einkum til þess, að 2. töluliður 54. gr. gjaldþrotalaga hefur að geyma hlutlægar riftunarreglur, þrotabúið þarf ekki að sanna grandsemi varnaraðila (sic).

Ekki verður sinnt þeirri þrautavarakröfu stefndu að tilgreina sérstaklega í dómsorði, að draga beri frá tildæmdum fjárhæðum þá prósentu, sem búið komi til með að greiða upp í almennar kröfur. Það er almenn regla, byggð á eðli máls og venjuhelguð, að kröfu á hendur þrotabúi, sem verður til vegna úrslita riftunarmáls, sem dæmt er eftir lok kröfulýsingarfrests, má koma að með fullum réttindum í kröfuröð, þótt kröfulýsingarfrestur sé liðinn.

Samkvæmt þessu verða stefnukröfur teknar til greina með 406.912,54 kr. ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaður ákveðst 90.000 kr.

Már Pétursson sýslumaður kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hjörtur Ingólfsson og Björgúlfur Pétursson, greiði, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, stefnanda, þrotabúi Péturs Ingólfssonar, 406.912,54 kr. ásamt 17% ársvöxtum frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 1. nóvember 1986, en dómvexti frá þeim degi til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 345/1990. **Þrotabú Péturs Ingólfssonar**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Pétri Ingólfssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Gjaldþrot. Kvaðaarfur. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. september 1990. Hann krefst þess, að dæmt verði, að lögarfur stefnda, Péturs Ingólfssonar, úr dánarbúi föður hans, Ingólfs Guðmundssonar, renni til áfrýjanda. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms. Til vara krefst hann þess, að hrundið verði kröfu áfrýjanda, að því er tekur til þess arfshluta, sem Ingólfi Guðmundssyni var heimilt að ráðstafa með erfðaskrá. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Um málavexti er vísað til hins áfrýjaða úrskurðar.

Í 52. gr. erfðalaga nr. 8/1962 segir:

„Binda má arf, sem ekki er skylduarfur, kvöðum með erfðaskrá. Ákvæði 2. og 3. málsgr. 50. gr. og 51. gr. eiga við um slíkan arf, nema erfðaskrá geti annars."

Þau ákvæði í 50. og 51. gr., sem til er vísað, varða ekki úrslit þessa máls, en þó er rétt að taka upp 3. mgr. 51. gr., sem er þannig:

„Skuldheimtumenn erfingja geta ekki leitað fullnustu í kvaðaarfi, meðan erfingi er á lífi, nema vegna skaðabóta, sem hann hefur verið dæmdur til að gjalda út af refsiverðum verknaði hans eða öðrum verknaði frömdum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi".

Í 2. mgr. 27. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 segir, að þrotabú geti ekki vefengt ákvæði erfðaskrár um brottfall, skerðingu eða kvaðir á arfi þrotamanns. Þetta ákvæði verður að skýra svo, að það eigi einungis við, ef ákvæðin, sem um er að tefla, eru lögleg.

Samkvæmt 52. gr. erfðalaga mátti Ingólfur Guðmundsson binda þriðjung eigna sinna kvöðum með þeim hætti, sem hann gerði hinn 12. mars 1985. Af því leiðir, að 2/3 hlutar þess fjórðungs eigna dánarbús hans, sem koma skulu í hlut Péturs Ingólfssonar (stefnda), renna til þrotabús hans (áfrýjanda), en þriðjungur til Péturs sjálfs.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Tveir þriðju hlutar þess, sem kemur í hlut stefnda, Péturs Ingólfssonar, úr dánarbúi föður hans, Ingólfs Guðmundssonar, skulu greiddir þrotabúi Péturs, áfrýjanda máls þessa.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu 28. júlí 1990.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 29. júní 1990, hefur þrotabú Péturs Ingólfssonar, sem er til meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur, höfðað fyrir dóminum með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm 12. janúar 1990 gegn þrotamanni, Pétri Ingólfssyni, kt. 061036-4829, til heimilis að Hraunbæ 96, Reykjavík, persónulega.

Í máli þessu gerir sóknaraðili, þrotabú Péturs Ingólfssonar, þær réttarkröfur, að því verði slegið föstu með úrskurði, að lögarfur Péturs Ingólfssonar úr dánarbúi Ingólfs Guðmundssonar, sem lést 25. janúar 1989, síðast með lögheimili að Bjarkarholti 4, Mosfellsbæ, skuli renna til sóknaraðila. Jafnframt krefst hann málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili, Pétur Ingólfsson, krefst þess aðallega, að hrundið verði kröfum sóknaraðila, til vara, að hrundið verði kröfum sóknaraðila, að því er tekur til þess arfshluta, er arfláta var heimilt að ráðstafa með erfðaskrá.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

II.

Með bréfi, dagsettu 3. janúar 1985, krafðist Grétar Haraldsson hrl. þess f. h. Lárusar G. Lúðvíkssonar, að skiptaréttur Reykjavíkur tæki bú Péturs Ingólfssonar til gjaldþrotaskipta. Vísaði hann til b-liðar 13. gr. l. nr. 6/1978, en þrotamaður hafði flust til Danmerkur í desember 1984, en áður selt nákomnum ættingjum tilteknar eignir sínar og greitt tilteknar skuldir við sömu aðila og skuldir, sem þeir voru í ábyrgð fyrir.

Með úrskurði, upp kveðnum 4. febrúar 1985, hafnaði skiptaréttur Reykjavíkur því, að bú varnaraðila yrði tekið þar til galdþrotaskipta, taldi fram lögð gögn sýna, að varnaraðili ætti lögheimili á Seltjarnarnesi, og heyrði málið því ekki undir lögsögn skiptaréttar Reykjavíkur.

Með bréfi, dags. 12. febrúar 1985, er barst skiptaráðanda í Reykjavík sama dag, krafðist sami aðili enn gjaldþrotaskipta á búi Péturs og studdi nýjum gögnum, að varnaraðili ætti lögheimili í Reykjavík. Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 7. mars 1985, var bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur er þannig 3. janúar 1985, sbr. 4. tl. 1. gr. l. nr. 6/1978.

Hinn 12. mars 1985 kom faðir þrotamanns, Ingólfur Guðmundsson, fyrir notarius publicus í Kjósarsýslu, sem staðfesti með venjulegum formála fyrir notaríalstaðfestingu erfðaskrár og gætti allra formskilyrða þar að lútandi, svofellda yfirlýsingu, sem ber yfirskriftina „Ákvörðun viðkomandi arfi":

„Ég undirritaður, Ingólfur Guðmundsson (nafnnr: 4723-3100) húsasmíðameistari, Bjarkarholti 4, Mosfellssveit, tek hér með svofelldar ákvarðanir í sambandi við ráðstöfun eigna minna eftir minn dag:

Allar mínar eignir, hverju nafni sem nefnast, skulu verða undanþegnar hvers konar aðför (svo sem lögtaki, fjárnámi og hliðstæðum gerðum) og gjaldþrotaskiptum á búum erfingja minna, hvort sem erfingjar mínir verða synir mínir, niðjar þeirra eða aðrir, sbr. t. d. 29. gr. laga nr. 19 frá 1887 um aðför og niðurlag 27. gr. laga nr. 6 frá 1978 um gjaldþrotaskipti.

Enn fremur skal allur arfur eftir mig, hverju nafni sem nefnist, verða séreign erfingja minna í hjúskap þeirra.

Lögerfingjar mínir í dag eru 4 synir mínir:
Pétur Ingólfsson (nafnnr: 7097-4444), nú búsettur í Danmörku,
Ívar Örn Ingólfsson (nafnnr: 4838-3645), Miklubraut 66, Reykjavík,
Aðalsteinn Ingólfsson (nafnnr: 0066-9199), Barrholti 21, Mosfellssveit,
Hjörtur Ingólfssson (nafnnr: 4226-8143), Bugðutanga 2, Mosfellssveit.

Ákvörðun þessi skal innfærð í notaríalbókina.

P.t. Hafnarfirði, 12. mars 1985.
Ingólfur Guðmundsson."

III.

Árið 1986 höfðaði þrotabú Péturs Ingólfssonar sjö fébóta- og riftunarmál gegn tilteknum ættingjum þrotamanns. Féllu dómar í málum þessum í desember 1988. Þessum málum öllum nema einu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, og er dóma ekki að vænta þar fyrr en á næsta ári. Er því ljóst, að skiptum í þrotabúi Péturs Ingólfssonar lýkur ekki fyrr en í fyrsta lagi árið 1991.

Hinn 25. janúar 1989 andaðist faðir þrotamanns, Ingólfur Guðmunds-

son. Hafði hann ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá með öðrum hætti en þeim, sem að framan er rakinn. Hann átti fjóra skylduerfingja, bræðurna Aðalstein, Hjört, Ívar og Pétur Ingólfssyni. Eignir dánarbús Ingólfs eiga því að skiptast í fjóra jafna hluti. Uppskrift á dánarbúinu fór fram 11. júlí 1989 og 14. nóvember 1989. Samkvæmt framtali erfingja, virðingu votta á innbúi o. fl. var hrein eign dánarbúsins talin nema 43.919.882 kr. Hin umdeilda fjárhæð í máli þessu er því um eða yfir 11 milljónir, og er þá verðmæti fasteignar, 10.370 þús. kr., miðað við fasteignamat og eignarhluti í Bústað sf., 22.307.794 kr., miðaður við bókhaldsgögn félagsins.

IV.

Við uppskriftargerð í dánarbúi Ingólfs 11. júlí 1989 lagði lögmaður Péturs Ingólfssonar fram framangreinda yfirlýsingu, dags. 12. mars 1985, þar sem kveðið er á um, að allar eignir Ingólfs Guðmundssonar skuli vera „undanþegnar hvers konar aðför ..... og gjaldþrotaskiptum á búum erfingja" hans. Telur varnaraðili, að hann eigi arfstilkall í dánarbú Ingólfs á grundvelli ákvörðunar þessarar. Sóknaraðili telur yfirlýsingu þessa hins vegar þýðingarlausa í þessu tilliti og að arfur Péturs, en bú hans er, sem fyrr greinir, til gjaldþrotaskiptameðferðar, skuli renna til þrotabúsins, sbr. 1. tl. 27. gr. l. nr. 6/1978. Var ákveðið í réttarhaldi 14. nóvember 1989, að rekið skyldi sérstakt skiptaréttarmál um ágreining þennan og að þrotabúið skyldi vera sóknaraðili málsins.

Sóknaraðili reisir þannig kröfur sínar í máli þessu á 1. tl. 27. gr. laga nr. 6/1978, þar sem kveðið sé svo á, að arfur, sem þrotamanni tæmist, meðan á skiptum stendur, skuli renna til þrotabús. Ákvæði þetta eigi sér langa sögu í íslenskum lögum, og sé hugsunin sú, að óeðlilegt sé og ótækt, að þrotamaður geti eignast fjármuni, jafnvel mikla fjármuni, eins og um sé að ræða í þessu máli, og ráðstafað þeim að vild, en þó án þess að þurfa að greiða skuldir sínar.

Sóknaraðili telur, að ákvæði seinni málsliðar 1. tl. 27. gr. um, að framangreint gildi ekki, ef lögmætar ákvarðanir arfleiðanda eða gefanda séu því til fyrirstöðu, breyti engu um rétt þrotabúsins til erfðahluta varnaraðila úr dánarbúi Ingólfs Guðmundssonar, þar sem ákvörðun Ingólfs heitins frá 12. mars 1985 verði aldrei talin lögmæt ákvörðun. Þar hafi ekki verið gætt réttra aðferða og formskilyrða við gerð yfirlýsingarinnar, sbr. 50.-52. gr. laga nr. 8/1962, um kvaðaarf. Auk þess sé hún gerð, eftir að bú Péturs var tekið til gjaldþrotaskipta. Eina leiðin fyrir arfleiðanda að íslenskum lögum til að undanþiggja arf aðför skuldheimtumanna væntanlegs erfingja sé að kvaðabinda arfinn samkvæmt þessum ákvæðum erfðalaga. Ýmis skilyrði séu sett fyrir kvaðabindingu arfs samkvæmt ákvæðum þessum. Það

sé dómsmálaráðuneytið, sem meti, hvort skilyrði þessi séu fyrir hendi. Auk þess sé það fortakslaust gildisskilyrði fyrir slíkum ákvæðum í erfðaskrá, að dómsmálaráðuneytið hafi samþykkt ákvæðin. Ekki hafi verið leitað til ráðuneytisins um staðfestingu á umræddri ákvörðun. Því sé alveg ljóst, að hún breyti í engu um rétt sóknaraðila til erfðahluta varnaraðila úr dánarbúi Ingólfs Guðmundssonar samkvæmt 1. tl. 27. gr. laga nr. 6/1978. Beri því við skipti á dánarbúi Ingólfs Guðmundssonar að líta algerlega fram hjá yfirlýsingunni frá 12. mars 1985 og viðurkenna rétt þrotabúsins til erfðahluta varnaraðila úr dánarbúi Ingólfs Guðmundssonar og réttarstöðu þess sem erfingja við skipti á dánarbúi þessu.

Sóknaraðili vekur sérstaka athygli á, að umrædd yfirlýsing er dagsett og notaríalstaðfest 12. mars 1985, fimm dögum eftir, að bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta og rúmum tveimur mánuðum eftir frestdag, sbr. 4. tl. 1. gr. gjaldþrotalaga. Tilgangurinn með umræddri yfirlýsingu virðist því hafa verið sá einn að varna þess, að skuldheimtumenn varnaraðila gætu leitað fullnustu í þessum fjármunum. Slík ráðstöfun fái ekki staðist að íslenskum lögum. Sé næsta víst, að dómsmálaráðuneytið hefði ekki veitt samþykki sitt fyrir því að kvaðabinda arf við slíkar aðstæður, þ. e. í því skyni einu að koma í veg fyrir, að skuldheimtumenn erfingja gætu leitað fullnustu í arfi.

V.

Af hálfu varnaraðila, Péturs Ingólfssonar, er framangreindri röksemdafærslu sóknaraðila þrotabúsins andmælt og sérstaklega bent á niðurlagsákvæði 1. töluliðar 27. gr. gjaldþrotalaga, þar sem segir, að upphafsákvæði töluliðarins (um, að arfur, er þrotamanni tæmist, meðan á skiptum stendur, renni til búsins) gildi ekki, ef lögmæltar ákvarðanir arfleifanda séu því til fyrirstöðu. Hér standi einmitt svo á. Ákvörðun Ingólfs Guðmundssonar, föður varnaraðila, er hann gekk frá 12. mars 1985 í sambandi við ráðstöfun eigna sinna, hafi verið fullkomlega heimil og gild, gerð í erfðaskrárformi, staðfest af notario publico og innfærð í notaríalbók.

Þar sé skýrt tekið fram, að allar eignir arfláta, hverju nafni sem nefnist, skuli vera undanþegnar hvers konar aðför og gjaldþrotaskiptum í búum erfingja hans. Sé í þessu sambandi m. a. vísað til 29. gr. laga nr. 19 frá árinu 1887 um aðför og niðurlags 27. greinar laga nr. 6 frá árinu 1978 um gjaldþrot.

Sóknaraðili telji, að framangreind ákvörðun verði aldrei talin lögmæt ákvörðun, þar eð ekki hafi verið gætt réttra aðferða og formskilyrða við gerð yfirlýsingarinnar, auk þess sem hún hafi verið gerð, eftir að bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta.

Þessum mótbárum andmælir varnaraðili eindregið, enda eigi þær ekki við nein rök að styðjast.

Þegar litið sé til ákvæða 50.-52. greinar laganna nr. 8 frá árinu 1962, virðist augljóst, að þar sem talað er um samþykki dómsmálaráðuneytisins, séu umfram allt höfð í huga þau ákvæði, sem beinast að arftaka sjálfum, enda sé í beinu framhaldi ákvæði þess efnis, að ráðuneytinu sé heimilt að fella niður kvaðir, þegar arftaki hafi náð vissu aldursskeiði og ákveðnum skilyrðum sé eigi lengur til að dreifa.

Rétt sé að geta þess, að ráðuneytið muni um langt árabil ekki hafa talið neina þörf á því að fjalla um slíkar kvaðir og ekki sinnt beiðnum um ákvarðanatöku í þessum efnum.

Til frekari áréttingar tekur varnaraðili fram, að vilji arfláta komi mjög skýrt fram í nefndri ákvörðun hans. Jafnvel þótt einhver annmarki yrði talinn á formi, sem þó er eindregið andmælt, væri í hæsta máta óeðlilegt, að skuldheimtumenn arftaka gætu komið í veg fyrir, að hin skýlausa viljayfirlýsing arfláta næði fram að ganga vegna einhvers ómerkilegs formgalla. Bendir varnaraðili á 1. tl. 27. gr. gjaldþrotalaga, þar sem segir, að þrotabúið geti ekki vefengt ákvæði í erfðaskrá um brottfall, skerðingu eða kvaðir á arfi þrotamanns.

Hugleiðingum sóknaraðila um tilgang arfleiðslugerningsins mótmælir varnaraðili eindregið. Hann telur augljóst, að fyrir arfláta hafi vakað það eitt að halda eignum sínum innan ættar sinnar, enda hafi hann einnig ákveðið, að arfurinn skyldi vera séreign allra erfingjanna í hjúskap þeirra.

Þá bendir sóknaraðili á yfirlýsingu Árna Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, sem síðar verði að vikið, en hún ásamt framburði varnaraðila fyrir dómi sýni, að varnaraðila hafi verið með öllu ókunnugt um tilvist gerningsins, hvað þá heldur efni hans, fyrr en eftir andlát arfláta.

Að því er tekur til síðara atriðis í mótmælum sóknaraðila gegn ákvörðun arfláta, telur varnaraðili, að það skipti engu, hvenær arfláti gekk frá ákvörðun sinni, hvort það var fyrir eða eftir töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta. Ekkert bendi til þess, að arfláta hafi þá verið kunnugt um þetta atriði, og megi minna á ákvæði 23. greinar gjaldþrotalaga í því sambandi. Að öllu þessu athuguðu telur varnaraðili, að hvorug mótbára sóknaraðila fái haggað gildi ákvörðunar arfláta.

Þá bendir varnaraðili á, að fjármál þeirra feðga, arfláta og varnaraðila, hafi verið algerlega aðskilin. Þeir hafi verið í erfðasambandi samkvæmt ákvæðum erfðalaga, en á arfláta hafi engin skylda hvílt til þess að láta eftir sig eignir. Arfláti hafi því getað farið með eigur sínar eins og honum sýndist, algerlega án tillits til þess, hvort erfingjar hans voru skuldugir eða ekki. Gildi þetta alveg ótvírætt og sérstaklega um þann hluta eignanna, sem honum var heimilt að ráðstafa með erfðaskrá, sbr. 35. gr. erfðalaga.

Ákvörðun arfláta sé því óumdeilanlega gild, að því er tekur til þess hluta arfsins, og þar eð eigi megi þar koma fram fjárnámi, sbr. 29. grein laga

nr. 19 frá árinu 1887, falli sá arfshluti ekki eingöngu undir ákvæði 1. töluliðar 27. greinar in fine, heldur einnig undir ákvæði 29. greinar gjaldþrotalaga, en þar segi, að eignir þrotamanns, sem ekki má gera fjárnám í, renni ekki til þrotabús hans, nema svo sé sérstaklega ákveðið í lögum. Sé því til ýtrustu vara sett fram varakrafa, að því er tekur til þessa hluta arfsins.

Geta má þess, að við málflutning var af hálfu varnaraðila vísað alveg sérstaklega til svofelldra ummæla í greinargerð með frumvarpi til núgildandi erfðalaga, 28. gr.:

„Samkvæmt 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 getur arfleifandi með einhliða ákvörðun komið í veg fyrir, að arfur eftir hann renni í gjaldþrotabú erfingja, og myndi þá vitanlega sama gilda, þó að hann hefði ákveðið slíkt í samningi við þrotamann, eftir að gjaldþrotaskipti hófust."

Þar eð 1. tl. 27. gr. laga nr. 6/1978 er efnislega óbreytt ákvæði 13. gr. laga nr. 25/1929, telur varnaraðili, að þessi greinargerðarummæli taki endanlega af tvímæli um, hver eigi að verða niðurstaða máls þessa.

VI.

Sem áður er að vikið, er lögð fram í málinu yfirlýsing Árna Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 30. mars 1990, svohljóðandi:

„Ég undirritaður get vottað eftirfarandi, eftir að hafa verið að rifja upp aðdragandann að því, þegar Ingólfur heitinn Guðmundsson, Bjarkarholti 4, Mosfellsbæ, bað mig um að semja fyrir sig skjalið „Ákvörðun viðkomandi arfi", sem dagsett er 12. mars 1985.

Það mun hafa verið snemma í febrúarmánuði 1985, sem Ingólfur hafði fyrst orð á því við mig, að hann væri að hugleiða að ganga þannig frá arfi eftir sig, að hann yrði séreign sona hans í hjúskap þeirra og að skuldheimtumenn sona hans gætu ekki gengið í hann eftir hans dag. Einnig mun hann hafa rætt þetta við mig í símtölum, einu eða fleirum, án þess þó að fela mér neina framkvæmd í þessu efni. Ég man t. d. eftir því, að meðan á þessum viðræðum stóð, sendi ég honum, eftir samkomulagi okkar, þær lagagreinar, sem hér skipta máli, vélritaðar á blað.

Það mun svo hafa verið 2-4 dögum fyrir 12. mars 1985, sem Ingólfur hafði samband við mig og óskaði eftir, að ég semdi yfirlýsinguna, sem dagsett er 12. mars 1985.

Ég vil taka fram, að fjármál Péturs Ingólfssonar bar ekki á góma í þessum samtölum okkar Ingólfs fremur en endranær fram til þess tíma. Á þessum tíma var mér ekkert kunnugt um fjármál Péturs eða gjaldþrot hans. Ég fylgdist yfirleitt ekkert með honum, enda var hann ekki viðskiptamaður minn. Ekki gat Ingólfur þess, að hann óskaði eftir því, að ég hraðaði því að semja þessa yfirlýsingu um „Ákvörðun viðkomandi arfi" eftir hann.

Ingólfur Guðmundsson var viðskiptamaður minn í full 30 ár. Á þeim

tíma töluðum við saman um margt fleira en viðskipti. Mér er með öllu óskiljanlegt, að Ingólfur Guðmundsson hefði ekki sagt mér frá því í febrúar/mars 1985, hefði hann þá vitað um gjaldþrot Péturs Ingólfssonar eða haft sterkan grun um, að það væri á næsta leiti.“

VII.

Varnaraðili, Pétur Ingólfsson, gaf aðilaskýrslu fyrir dómi við aðalflutning málsins 29. f. m. Hann kvaðst ekki hafa fengið vitneskju um umræddan gerning frá 12. mars 1985 fyrr en eftir andlát föður síns. Spurður af lögmanni sínum, kvað hann tvo bræður sína hafa verið búna að slíta hjúskap með skilnaði og hjónaband þess þriðja hafi staðið á brauðfótum. Telur lögmaðurinn, að þarna sé að finna skýringuna á tilurð gerningsins.

Varnaraðili, Pétur, kvaðst hafa flust til Danmerkur í desember 1984 og ekki hafa komið aftur hingað til lands fyrr en 1985 og því verið erlendis á þeim tíma, þegar gjaldþrotaskiptabeiðnin kom fram, gjaldþrotaúrskurður gekk og arfleiðslugerningurinn var gerður. Hann kvaðst á þessu tímabili hafa talað við föður sinn í síma, en fjármál sín hefði ekki borið á góma. Hann kvaðst ekki hafa ástæðu til að ætla, að faðir sinn hefði vitað um gjaldþrotabeiðnina eða gjaldþrotið, þvert á móti hið gagnstæða. Aðspurður kvað hann föður sinn ekkert hafa unnið í sínum fjármálum, kvaðst ekki hafa leitað til hans um þau efni. Hann hefði ekkert að því komið að reyna að afstýra gjaldþrotinu.

Álit réttarins.

Þau ákvæði 2. tl. 27. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, að þrotabú geti „ekki vefengt ákvæði erfðaskrár um brottfall, skerðingu eða kvaðir á arfi þrotamanns“, er því ekki til fyrirstöðu, að kröfur sóknaraðila í máli þessu verði teknar til efnislegrar úrlausnar. Hinn umdeildi arfleiðslugerningur beinist ekki að því að skerða eða kvaðabinda arfinn gagnvart þrotamanni, heldur gagnvart þriðja manni, þ. e. maka og/eða skuldheimtumönnum. Þegar af þeirri ástæðu tálmar ákvæðið ekki málsókn þessari.

Samningurinn frá 12. mars 1985 var sem slíkur fullkomlega lögmætur arfleiðslugerningur, bæði að formi og efni. Eigi verður á það fallist með sóknaraðila, að staðfesting dómsmálaráðuneytis hafi verið gildisskilyrði gerningsins.

Það er forsenda fyrir því, að arfur verði bundinn kvöðum þeim, er um ræðir í 1. mgr. 50. gr. erfðalaga, að sérstök hætta sé á, að erfingi muni fara ráðleysislega með arfinn. Verður arfleifandi að meta þetta atriði í fyrstu, en það á undir yfirmat dómsmálaráðuneytisins. Það eru þannig einkenni kvaða þeirra skv. 1. mgr. 50. gr. erfðalaga, er dómsmálaráðuneyti þarf að staðfesta, að þær beinast að því að skerða ráðstöfunarrétt erfingja.

Í hinum umdeilda arfleiðslugerningi er ekki að finna fyrirmæli um þess háttar kvaðir. Kvaðir þær, er þar greinir, beinast að því að skerða rétt þriðja manns, hjúskaparrétt eða búshlutarétt maka og aðfararrétt skuldheimtumanna í arfinum. Slíkar kvaðir eru ekki háðar samþykki dómsmálaráðuneytis skv. 1. mgr. 50. gr.

Þá er að athuga, hvort það ráði úrslitum í máli þessu, að hinn umdeildi gerningur var gerður, eftir að bú erfingjans hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta og löngu eftir frestdag. Skemmst er frá því að segja, að dómarinn hefur ekki fundið lagastoð fyrir þeirri niðurstöðu. Vitneskja arfleifanda um gjaldþrotið og undanskotstilgangur skiptir þar af leiðandi ekki máli, auk þess sem vond trú arfleifanda er hér tæpast fullsönnuð með þeim gögnum, sem fram hafa verið færð í máli þessu, en önnur gögn, þ. á m. dómsgerðir í málunum sjö, er dómaranum óheimilt að skoða og byggja á umfram þau skjöl úr þeim, sem fram eru lögð.

Samkvæmt framansögðu verður að sýkna varnaraðila af öllum kröfum sóknaraðila.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Á l y k t a r o r ð:

Varnaraðili, Pétur Ingólfsson, á að vera sýkn af kröfum sóknaraðila, þrotabús Péturs Ingólfssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 280/1990. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**
(Haraldur Blöndal hrl.) **og**
Hulda Halldórsdóttir
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Láru J. Magnúsdóttur
(Magnús Norðdahl hdl.) **og**
Lára J. Magnúsdóttir
(Magnús Norðdahl hdl.)
gegn
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Haraldur Blöndal hrl.),
Brimborg hf. og
Huldu Halldórsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabætur. Örorka. Miskabætur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandinn Sjóvá-Almennar tryggingar hf. áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní sama ár. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að sök verði skipt og hann einungis dæmdur til að greiða hluta af kröfu gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandinn Hulda Halldórsdóttir áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. sama mánaðar. Krefst hún aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að þær verði stórlækkaðar. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 30. nóvember sl. var henni veitt bæði gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. desember 1990. Krefst hún þess, að stefndu í gagnsök verði dæmdir til að greiða sér in solidum skaðabætur, að fjárhæð 11.138.105 krónur með 9% ársvöxtum frá 21. júní 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s. á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s. á., en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá þeim degi til 16. febrúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að stefndu í gagnsök verði dæmdir in solidum til að greiða 844.865 krónur í málskostnað í héraði með dráttarvöxtum frá 29. mars 1990 til greiðsludags og málskostnað fyrir Hæstarétti með virðisaukaskatti og dráttarvöxtum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 20. nóvember sl. var gagnáfrýjanda veitt bæði gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Stefndi Brimborg hf. krefst staðfestingar héraðsdóms.

Bifreiðin R-65325, sem kemur við sögu í máli þessu, var skráð eign Veltis hf., er slys það varð, sem málið fjallar um. Samkvæmt tilkynningu til Hlutafélagaskrár 23. desember 1988 var félagið þann dag sameinað Brimborg hf. undir nafni þess félags. Tók það við öllum réttindum og skyldum Veltis hf. frá 1. janúar 1989. Samkvæmt því er Brimborg hf. aðili að málinu fyrir Hæstarétti í stað Veltis hf.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I. Um fébótaábyrgð á slysinu.

A. Hulda Halldórsdóttir.

Í héraðsdómi eru raktar upplýsingar úr lögreglurannsókn, sem fram fór á aðstæðum á slysstað og ummerkjum þar skömmu eftir slysið aðfaranótt 21. júní 1986. Samkvæmt því, sem þar kemur fram, er ljóst, að bifreiðinni R-65325 hefur verið ekið of hratt miðað við aðstæður og á það hefur skort, að aðaláfrýjandinn Hulda æki að öðru leyti af nægri varkárni og fyrirhyggju. Til þessa gálauslega aksturs verður það rakið, að hún missti vald á bifreiðinni, svo að hún lenti út af veginum með þeim afleiðingum, sem lýst er í héraðsdómi. Með vísan til þessa telst aðaláfrýjandinn Hulda hafa

átt sök á slysinu, og ber hún bótaábyrgð á því samkvæmt 3. mgr. 69. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968.

B. Sjóvá- Almennar tryggingar hf.

Félagið byggir sýknukröfu sína á því, að Hulda Halldórsdóttir hafi verið ölvuð við akstur bifreiðarinnar, er slysið varð, og það hafi gagnáfrýjanda verið ljóst. Eigi hún því sjálf að bera tjón sitt af völdum slyssins.

Í héraðsdómi er rakið meginefni vitnaskýrslna um þenna þátt málsins. Í sumum þeirra koma fram vísbendingar um, að aðaláfrýjandinn Hulda hafi verið undir áhrifum áfengis. Sérstaklega á þetta við um framburð Haralds Ó. Tómassonar læknis. Á hinn bóginn fórst það fyrir, að gerðar væru hefðbundnar ráðstafanir til að tryggja sönnur fyrir því með töku blóðsýnis annaðhvort á slysstað eða á Borgarspítala. Þrátt fyrir verulegar líkur á því samkvæmt framburði vitna, að Hulda hafi verið ölvuð við akstur bifreiðarinnar, þegar slysið varð, skortir samt á, að fram hafi komið næg sönnun fyrir því. Á meðábyrgð gagnáfrýjanda, að því er þetta varðar, reynir því ekki. Með vísan til þessa ber aðaláfrýjandinn Sjóvá-Almennar tryggingar hf. fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt 4. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968.

C. Brimborg hf.

Við málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu þessa stefnda sem eiganda bifreiðarinnar, að gengist væri við fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda, yrði slysið talið bótaskylt að lögum.

———

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, bera framangreindir aðilar in solidum fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda af völdum umrædds slyss, og eru ekki fram komin fullnægjandi rök fyrir takmörkun hennar.

II. Um tjón gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi krefst sömu bótafjárhæðar og dæmd var í héraði. Sundurliðast hún þannig:

1. Örorkubætur	kr. 9.307.300		
Frá dragast 7,19% v/skattfrelsis bóta	kr. 669.195	kr. 8.638.105	
2. Miskabætur		— 2.500.000	
		Kr. 11.138.105	

Um 1.

Gagnáfrýjandi var fluttur í þyrlu af slysstað til Reykjavíkur og lagður inn á Borgarspítala. Í greinargerð Guðnýjar Daníelsdóttur, læknis þar, er lýst meiðslum gagnáfrýjanda, læknismeðferð, er hún naut, og afleiðingum meiðsla hennar. Greinargerð þessi, sem dagsett er 21. október 1986, er svohljóðandi:

„Við komu á slysadeild Borgarspítalans var blóðþrýstingur lágur, hún var alveg lömuð í ganglimum og mjög mikið lömuð í griplimum. Hafði enga tilfinningu í neðri útlimum og upp að geirvörtum og einnig mikið skyntap í griplimum. Röntgenmyndir af hálshrygg leiddu í ljós brot og misgengi á hálshrygg milli 6. og 7. hálsliðar. Einnig reyndist hún hafa áverka á lifur og var kviðarhol opnað til að gera að honum. Í smásjárskoðun á þvagi voru rauð blóðkorn.

Hún var sett í snúningsrúm með tog á hálshrygg og dvaldist á gjörgæsludeild fyrstu dagana. Fékk iferðir í lungu og þá gerður barkaskurður (tracheostomia) og var sett í öndunarvél. Vegna ofangreindra fylgikvilla var ekki talið ráðlegt að freista spengingar á hálsbroti fyrr en 31. 7. '86, en þá var farið inn á hálshrygginn aftan frá og liðbolirnir festir saman með „cerclage"-þráðum og jafnframt reynt að draga úr misgengi þeirra, en gekk erfiðlega. Á röntgenmyndum 13 dögum frá þessari aðgerð var staða í hálshrygg sú sama og fyrir aðgerð: misgengi á 6. hálslið fram á við, sem nam liðbolsbreidd og hann skriðinn niður á við hálfa liðbolshæð. Ekki þótti þá ástæða til frekari skurðaðgerða, þar sem ljóst var, að afleiðingar slyssins væru varanlegar og frekari tilraunir til að lagfæra stöðu á hálshrygg myndu engu breyta þar um.

Hún dvaldist á taugaskurðdeild Borgarspítalans til 25. 8. '86, er hún fluttist á Grensásdeild.

Hún hefur verið í sjúkraþjálfun allt frá slysi og iðjuþjálfun, eftir að hún kom á Grensásdeild. Hafði lengi inniliggjandi þvaglegg og

hefur haft endurteknar þvagfærasýkingar, en þolað illa fúkkalyf vegna ofnæmis og því fyrst og fremst meðhöndluð með blöðruskolunum. Blöðruþjálfun er nú komin í gagn, en sj. er enn ekki fær um að framkvæma blöðrubank sjálf vegna lélegra krafta í griplimum.

Nokkru eftir komu á Grensásdeild fór hún að kvarta um vaxandi dofa og verki í vi. griplim og safnaðist á hann bjúgur. Að undangenginni röntgenrannsókn á hálshrygg var á ný framkvæmd aðgerð þ. 1. 10. '86, sem leiddi í ljós, að liðplötur (laminur) á brotstað þrengdu að taugum og mænu og voru þær fjarlægðar með þeim árangri, að ofangreind einkenni og kvartanir hafa nú nánast horfið. Í þessari aðgerð kom ekki fram nein hreyfing á brotstað, þannig að brotið hefur gróið í þeirri stellingu, sem áður er lýst.

Status praecens: Skyntap í ganglimum og bol eins og fyrr segir og sömul. mikið skyntap í griplimum.

Hæ. griplimur: Hreyfigeta til staðar í hæ. öxl. Góður styrkur í kreppivöðva olnboga, en lélegur styrkur í réttivöðva olnbogans. Styrkur góður í úlnlið, en engin hreyfigeta í fingrum.

Vi. griplimur: Mikið skert hreyfigeta í vi. öxl. Lélegur kraftur við að rétta og beygja olnboga. Léleg hreyfigeta í vi. úlnlið og engin í fingrum.

Ganglimir: Algert máttleysi, byrjandi „spasticitet".

Samantekt: Hér er um nánast „komplett" mænuskaða að ræða, þ.e. þverskurð á mænu milli 6. og 7. hálsliðar. Nú eru liðnir 4 mánuðir frá slysi, sj. fer á standbekk, situr stund og stund í stól og blöðruþjálfun er komin vel í gang. Hún verður framvegis í hjólastól, en væntanlega að mestu leyti sjálfbjarga, þótt of snemmt sé að fullyrða um það enn sem komið er."

Örorka gagnáfrýjanda af völdum slyssins var metin af Jónasi Hallgrímssyni yfirlækni. Í örorkumatinu, sem dagsett er 14. nóvember 1986, er framangreint læknisvottorð rakið, en síðan segir á þessa leið:

„... Undirritaður hefur ekki talað við eða skoðað Láru og byggir niðurstöðu þessa mats eingöngu á ofangreindum skýrslum og greinargerð Guðnýjar. Ljóst er að Lára er alveg lömuð á ganglimum og mikið lömuð í handleggjum og hendur eru alveg lamaðar. Ekki eru horfur á að neinn bati fáist frá því sem nú er, þannig að hún

geti nokkurn tímann orðið starfhæf. Örorka Láru telst því vera 100% varanleg frá og með slysdegi þann 21. 06. 1986."

Fyrir liggur læknisvottorð Guðnýjar Daníelsdóttur, sem dagsett er 16. janúar 1989. Þar er lýst ástandi gagnáfrýjanda, frá því að hún kom á Grensásdeild Borgarspítala 25. ágúst 1986. Í vottorðinu segir meðal annars á þessa leið:

„... Sjúklingur hafði verið í sjúkraþjálfun allt frá slysi og bætt var við iðjuþjálfun og blöðruþjálfun hér á Grensásdeild eftir því sem við varð komið. Legan einkenndist af ýmsum complicationum ... og ... mikilli andlegri og líkamlegri vanlíðan. Inn á milli komu þó betri tímabil þar sem hún reyndi eftir mætti að vinna með meðferðaraðilum og reynt var að nýta til hins ýtrasta.

Mánuðum saman var sjúklingur mjög illa haldinn af orthostatisma og einkennum frá ósjálfráða taugakerfinu, aðallega svitaköstum. Hún fékk útbrot við ýmsar lyfjagjafir svo sem af fúkalyfjum og þvagfærasýkingar voru meðhöndlaðar með blöðruskolunum svo lengi sem dugði hverju sinni og hún fékk ofnæmislyf til þess að slá á þessi einkenni ef þurfti að gefa henni sterk fúkalyf svo sem við lungnabólgu.

Geðlyf voru reynd en virtust koma að litlu gagni. Geðlæknar og sálfræðingar voru konsulteraðir og hún fór í hópmeðferð á göngudeild Geðdeildar en vísaði þeirri meðferð og meðferðaraðilum á bug og hætti að eigin ósk göngudeildarmeðferð, sem fyrir var vonast til að kæmi henni til góða í þeim „psychosocial"vanda sem hún á við að etja.

Hún fékk endurteknar svæsnar lungnabólgur sem kröfðust innlagna á lyfjadeild Borgarspítalans síðast í júní 1988, þar var hún meðhöndluð með fúkalyfjum, sterum og asthmalyfjum.

Sjúklingur hafði stöðugar viðvarandi kvartanir frá kviðarholi, aðallega neðanvert, sem hafa e.t.v. að einhverju leyti stafað frá þvagblöðru og (annarra) orsaka þessara verkja var leitað að mestu árangurslaust með alls konar rannsóknaraðferðum svo sem blöðruspeglunum, röntgenmyndatökum á nýrum og meltingarvegi, kvensjúkdómaskoðunum, ómskoðunum, leitað eftir kviðsliti o.sv.frv. Við þessum kvörtunum var reynt að gefa henni verkjalyf og önnur viðeigandi lyf en með misjöfnum ef nokkrum árangri. ...

Samantekt: Eftir tveggja ára endurhæfingu er sjúklingur hjóla-

stólsbundinn og ekki sjálfbjarga við athafnir daglegs lífs. Vegna lélegra krafta í griplimum aðallega í réttivöðvum olnboga getur hún ekki flutt sig úr rúmi í hjólastól né öfugt. Hún getur með smá aðstoð og hjálpartækjum þvegið sér að ofan, burstað tennur og borðað en þarf mikla hjálp við annað hreinlæti og klæðnað. Úthald við að sitja í hjólastól hefur aukist smám saman einkum eftir að dró úr orthostatisma og hefur hún lengi verið á blóðþrýstingshækkandi lyfjum. Hún á ekki afturkvæmt til síns heima og flyst af Grensásdeild á Hjúkrunardeild í Hátúni 12.

Hún hefur tvívegis verið metin til fullrar örorku af Tryggingastofnun ríkisins, síðast í október 1988.

Örorka frá slysdegi 100%, varanleg örorka 100%."

———

Fjárhæð þessa kröfuliðar er byggð á örorkuútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 17. janúar 1990. Þar kemur fram, að gagnáfrýjandi er fæddur 19. apríl 1958 og hefur því verið 28 ára á slysdegi. Hún er einhleyp.

Samkvæmt skattframtölum gagnáfrýjanda voru nokkrar sveiflur í tekjuöflun hennar næstu árin fyrir slysið. Er sá kostur valinn í útreikningnum að byggja tekjuáætlun til frambúðar á umreiknuðum tekjum gagnáfrýjanda, eins og þær voru framan af árinu 1986, en þær svara til 767.500 króna árstekna miðað við gildandi kauptaxta á útreikningsdegi. Höfuðstólsverðmæti örorkutjóns reiknað á þessum forsendum og miðað við 100% varanlega örorku nemur á slysdegi 9.307.300 krónum. Vaxtaforsendur í útreikningnum eru þær, að frá slysdegi og fram að útreikningsdegi eru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsreikningum í Landsbanka Íslands, en eftir það 6% vextir og vaxtavextir. Miðað er við dánarlíkur á tímabilinu 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Í örorkuútreikningi, sem Jón Erlingur Þorláksson gerði 19. febrúar 1990, er reiknað út höfuðstólsverðmæti greiðslna til gagnáfrýjanda frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins svo og verðmæti lífeyris, sem gagnáfrýjandi nýtur hjá Lífeyrissjóði verksmiðjufólks frá 1989. Um verðmæti þessara greiðslna segir svo í útreikningnum:

„... Dagpeningar eru nú 5.623 kr. á mánuði. Ég miða við, að

þeir hafi verið greiddir frá og með júní 1987 og greiðist til 67 ára aldurs Láru. Höfuðstólsverðmæti þeirra á slysdegi reiknast mér vera *kr. 780.900.*

Lára fær örorkulífeyri frá Lífeyrissjóði verksmiðjufólks frá 1/1 1989, nú 22.383 kr. á mánuði. Höfuðstólsverðmæti slíks lífeyris til 70 ára aldurs Láru reiknast mér á slysdegi *kr. 2.833.800.*

Örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins er nú 10.853. kr. á mánuði. Sé reiknað með, að Lára fái slíkan lífeyri frá 1/1 1988 og til 67 ára aldurs, er verðmæti hans á slysdegi *kr. 1.362.500.* ...“

Jafnframt er í útreikningnum reiknað út verðmæti tekjutrygginga frá almannatryggingum, en hún skertist á þessum tíma vegna greiðslna til gagnáfrýjanda úr áðurnefndum lífeyrissjóði. Í bréfi Jóns Erlings Þorlákssonar frá 2. desember sl. kemur fram, að 1. júlí 1990 hafi reglum um tekjutryggingu verið breytt á þann veg, að greiðsla úr lífeyrissjóði megi nema allt að 25.542 krónum á mánuði, án þess að tekjutrygging skerðist. Gagnáfrýjandi fær því fulla tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, og er hún nú 23.320 krónur á mánuði, sbr. útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar frá 20. nóvember sl. Höfuðstólsverðmæti hennar frá 1. janúar 1988 til 67 ára aldurs gagnáfrýjanda nemur á slysdegi samkvæmt sama útreikningi *3.002.300 krónum.*

———

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, telst tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 3.500.000 krónur. Er þá tekið tillit til verðmætis greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi og jafnframt höfð í huga þau lífeyrisréttindi, sem gagnáfrýjandi nýtur til frambúðar úr lífeyrissjóði. Enn fremur er höfð hliðsjón af því, að tæplega þrjú ár eru liðin, frá því að örorkuútreikningur sá var gerður, sem gagnáfrýjandi byggir á kröfulið þennan.

Um 2.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um meiðsli gagnáfrýjanda af völdum slyssins og geigvænlegar afleiðingar þeirra, þykir tjón hennar samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 2.000.000 króna.

III.

Samkvæmt þessu nemur bótaskylt tjón gagnáfrýjanda af völdum umrædds slyss samtals 5.500.000 krónum (3.500.000 + 2.000.000). Ber að dæma stefndu í gagnsök in solidum til að greiða henni þá fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Stefndu í gagnsök greiði in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í hinum áfrýjaða dómi er eigi að finna reifun þeirra sönnunargagna í málinu, sem liggja til grundvallar mati á tjóni gagnáfrýjanda. Verður að átelja þenna galla á dóminum.

Dómsorð:

Stefndu í gagnsök, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Hulda Halldórsdóttir og Brimborg hf., greiði in solidum gagnáfrýjanda, Láru J. Magnúsdóttur, 5.500.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 21. júní 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s. á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með hæstu almennum innlánsvöxtum hvers tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 90/1992, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu í gagnsök greiði in solidum 1.100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Allur kostnaður gagnáfrýjanda af málinu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar M. Norðdahls héraðsdómslögmanns, samtals 1.000.000 króna. Laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjandans Huldu Halldórsdóttur fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. mars 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 22. febrúar 1990, af Láru Jóhönnu Magnúsdóttur, kt. 190458-6529, Hátúni 10, Reykjavík, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, kt. 580269-1339, Velti hf., Suðurlandsbraut 16, Reykjavík, kt. 680269-7509, og Huldu Halldórsdóttur, Hvassaleiti 153, Reykjavík, kt. 260557-4759.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum 26.000.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu Sjóvár-Almennra tryggínga hf. og Veltis hf. eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt og stefndu aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu kröfu.

Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu Huldu Halldórsdóttur eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að aðfaranótt laugardagsins 21. júní 1986 slasaðist stefnandi í umferðarslysi. Hún hafi þá verið farþegi í bifreiðinni R-65325 af gerðinni Volvo 245, fólksbifreið, skráðri í eigu stefnda Veltis hf., Suðurlandsbraut 16, Reykjavík, og í ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. Það tryggingafélag hafi sameinast Almennum tryggingum hf., eftir að slysið varð, og sé málsókninni beint að hinum nýja lögaðila.

Bifreiðarstjóri hafi verið stefnda Hulda. Hafi Hulda verið starfsmaður Veltis hf., og hafi hún haft bifreiðina að láni. Hafi stefnandi og Hulda verið staddar á þjóðvegi nr. 668, Hólmavíkurvegi, u. þ. b. einn km norðan Kollsár í Hrútafirði, er bifreið þeirra lenti í lausamöl og valt út af veginum með þeim afleiðingum, að stefnandi hlaut 100% varanleg örkuml af. Hafi hún orðið fyrir algjörum mænuskaða og hlotið þverskurð á mænu milli 6. og 7. hálsliðar. Hún verði framvegis í hjólastól og með mikla þörf fyrir aðhlynningu. Læknir hafi komið á vettvang skömmu eftir slysið, og hafi stefnandi og Hulda verið fluttar með þyrlu til Reykjavíkur og á Borgarspítalann. Þar hafi þær hlotið aðhlynningu. Stefnandi hafi dvalist á endurhæfingardeild Borgarspítalans, þar til hún fluttist á hjúkrunardeild í Hátúni 10.

Hinn 14. nóvember 1986 hafi Jónas Hallgrímsson læknir gert örorkumat vegna tjónsins. Meti hann örorku stefnanda 100% varanlega frá og með slysdegi 21. júní 1986. Jón Erlingur Þorlákssson tryggingastærðfræðingur hafi reiknað örorkutjón stefnanda. Sé fyrsti útreikningurinn dagsettur 10. apríl 1987, en við málshöfðun liggi fyrir nýr útreikningur.

Hinn 6. nóvember 1987 hafi Sjóvá verið ritað bréf og krafa gerð um uppgjör skaðabóta. Þeim tilmælum hafi félagið hafnað. Hinn 26. október 1988 hafi stefnda Velti hf. verið gerður kostur á því að leysa mál þetta utan réttar, en þeim tilmælum hafi verið hafnað á þeirri forsendu, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið ölvaður, þegar slysið varð. Byggi þeir trú sína á ummælum héraðslæknisins Haralds Tómassonar á Hvammstanga. Hafi læknirinn verið yfirheyrður fyrir dómi ásamt yfirlækni Borgarspítalans í Reykjavík, og hafi komið fram, að yfirlýsing Haralds sé ekki studd efnislegum rannsóknum, og jafnframt, að engin gögn séu til í vörslu Borgarspítalans, sem bendi til ölvunar stefndu Huldu.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 21. júní 1986, sé tildrögum slyssins svo lýst og aðstæðum á vettvangi, að þegar komið sé fram hjá Kollsá í Strandasýslu, sé ekið eftir 500 m breiðum kafla (sic í grg. stefnanda), sem halli niður á við. Síðan sé ekið eftir hæð, og á hæðinni sé 15 til 20 gráðu löng aflíðandi beygja. Þegar slysið varð, hafi verið nýbúið að bera í veginn og hefla hann, svo að yfirborð hafi verið laust. Eftir ummerkjum að dæma telji skýrslugerðarmenn, að bifreiðin hafi lent í lausamöl vinstra megin á veginum. Ökumaður hafi reynt að sveigja bifreiðina aftur inn á veginn, en við það hafi hún snúist, og síðustu 20 m hafi hún runnið þversum eftir veginum. Bifreiðin hafi síðan endastungist fram af þriggja m háum kanti, stungist á framendann, snúist í hálfhring í loftinu og stungið afturenda í mýrina (sic). Við það högg hafi allt lauslegt kastast út úr bifreiðinni, þ. m. t. ökumaður og farþegi. Síðan hafi bifreiðin flogið 13 m og stöðvast á hliðinni. Brak úr bifreiðinni hafi dreifst víða, og hafi sömu sögu verið að segja um farangur.

Þegar lögreglumenn meti aðstæður á vettvangi, segi þeir, að megnan áfengisþef hafi lagt frá ökumanni, Huldu. Jafnframt hafi verið í farangrinum bjórdósir, fullar og tómar, og ein vodkaflaska, nær tóm. Að sögn lögreglumannsins hafi Pálmi Sæmundsson hreppstjóri talið, að ökumaður hafi verið ölvaður. Vegna þessa hafi lögreglumaðurinn Matthías Lýðsson haft samband við héraðslækninn, Harald Tómasson, sem hafði komið á slysstað, og spurt hann um þetta atriði. Hafi læknirinn svarað því til, að konan hefði verið dauðadrukkin. Fullyrðingum þessum sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Allir framangreindir aðilar hafi komið fyrir dóm 26. september 1989. Sannað sé, að ekki hafi farið fram nein efnisleg rannsókn á ætlaðri ölvun stefndu Huldu við þetta tækifæri eða síðar, sem rennt geti

stoðum undir mat fyrrgreindra aðila. Þess beri að geta, að yfirheyrsla yfir Matthíasi Lýðssyni hafi farið forgörðum, en lögmenn aðila séu sammála um, að hann hafi komið fyrir dóm og staðfest áðurgerðar skýrslur.

Á vettvangi hafi verið tekin skýrsla af vitninu Jóni Ólafi Ólafssyni, Austurbergi 14, Reykjavík, og Önnu Sigríði Jónsdóttur, til heimilis sama stað. Hafi þau sagt svo frá, að þau hafi séð Volvo-bifreiðina við bensíndælurnar hjá Veitingaskálanum Brú í Hrútafirði milli kl. 22.50 og 23.40. Hafi þau tekið eftir, að í bifreiðinni voru tvær konur, önnur dökkhærð og hin ljóshærð. Hafi sú dökkhærða ekið. Þegar þau hafi komið norður fyrir Kollsá um kl. 24.00, hafi þau séð bíl út af veginum hægra megin. Hafi þau þegar farið og reynt að hlúa að hinum slösuðu, auk þess sem reynt hafi verið að ná til læknis og lögreglu. Vitnin skýri svo frá, að stefnandi hafi verið mjög rólegur og skýr. Hins vegar hafi ökumaður verið mjög órólegur, kvartað um verki í baki og ekki viljað standa upp, reynt það, en ekki getað. Hafi hún enga grein virst gera sér fyrir því, hvað hafði gerst. Aðspurð hafi vitnin sagt, að þau hefðu ekki fundið neina áfengislykt af hinum slösuðu, en af aðstæðum á slysstað mætti ráða, að áfengi hefði verið í bifreiðinni. Þar hafi verið áteknar bjórdósir og áfengisflaska. Eftir að skýrslan hafi verið lesin upp fyrir vitnunum, hafi þau áritað hana þannig: „Við undirrituð getum engan veginn fullyrt, að hinar slösuðu hafi verið undir áhrifum áfengis, enda ekkert, sem bendir til þess, nema vera kynni það áfengi, sem var í bílnum.“ Framburð þennan hafi þau staðfest fyrir dómi að öðru leyti en því, að vitnið Jón hafi leiðrétt og unnið eið að skýrslu sinni á þá lund, að það hafi verið stefnandi, en ekki stefnda Hulda, sem bað um áfengi á slysstað.

Það, sem vitnin og lögregla telji vera bjórdósir, hafi, þegar til kom, reynst vera pilsnerdósir af gerðinni Falcon, sbr. framburðarskýrslu Huldu Halldórsdóttur, dags. 3. júlí 1986. Í þeirri skýrslu skýri stefnda Hulda tilvist áfengisflöskunnar í bifreiðinni og geri jafnframt grein fyrir því, að hún sjálf hafi ekki neytt áfengis, en hins vegar hafi stefnandi drukkið lítillega á leiðinni. Upplýst sé, að stefnda Hulda ók á meira en 70 km hraða á klst., en hún muni að öðru leyti lítið um atvik.

Ákæra á hendur Huldu Halldórsdóttur sé lögð fram til sönnunar því, að ekki hafi þótt ástæða til þess að telja, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið ölvaður. Jafnframt séu kvittanir frá Samvinnutryggingum vegna uppgjörs á atvinnuslysatryggingu lagðar fram í sama skyni, enda hafi það tryggingafélag ekki talið stætt að neita bótagreiðslu á þeim grundvelli, sem stefndu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi gert. Hinn 8. nóvember 1989 hafi verið tekin skýrsla af Gunnari Þór Jónssyni, yfirlækni á Borgarspítalanum í Reykjavík, um líkamlegt ástand stefndu Huldu við komu á

sjúkrahúsið. Hafi þar komið fram, að engar rannsóknir fóru fram vegna meintrar ölvunar, og hafi læknismeðferð verið eðlileg.

14. ágúst 1986 hafi fyrst verið óskað eftir viðræðum við Sjóvátryggingafélag Íslands hf. um uppgjör skaðabóta. Jafnframt hafi verið óskað eftir læknisvottorðum vegna slyssins, og hafi Guðný Daníelsdóttir læknir gefið ýtarlega skýrslu um ástand stefnanda á læknisvottorði, dags. 21. október 1986. Niðurstaða læknisins sé sú, að skyntap í ganglimum og bol sé algert. Einnig sé skyntap í griplimum. Hægri griplimur sé þannig, að hreyfigeta sé í hægri öxl og góður styrkur í kreppivöðva olnbogans, en lélegur styrkur í réttivöðva hans. Styrkur sé góður í úlnlið, engin hreyfigeta í fingrum hægri handar. Vinstri griplimur sé sagður þannig, að þar sé mikið skert hreyfigeta í vinstri öxl, lélegur kraftur við að rétta og beygja olnboga. Léleg hreyfigeta í vinstri úlnlið og engin í fingrum. Ganglimir séu algjörlega máttlausir og byrjandi spasticitet. Samantekt læknisins sé á þá leið, að hér sé um að ræða nánast algjöran mænuskaða, þverskurð á mænu milli 6. og 7. hálsliðar. Ljóst hafi verið þá þegar, að stefnandi yrði alla tíð bundinn við hjólastól.

Nokkuð mikil bréfaskipti hafi farið fram milli Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings og lögmanns stefnanda vegna útreiknings á tjóni. Hinir fyrstu útreikningar hafi verið byggðir einungis á skattframtölum. Meðan gagnaöflun fór fram í málinu, hafi orðið verulegar breytingar á kauptöxtum iðnverkafólks. Jafnframt hafi ekki reynst unnt að byggja eingöngu á skattframtölum, m. a. vegna sjúkrahússvistar stefnanda á árinu 1984. Vegna þessa hafi ekki þótt fært að reikna tekjur hennar eingöngu á grundvelli skattframtala. Í hinum síðari útreikningum sé miðað við umreiknaðar tekjur stefnanda framan af árinu 1986. Að öðru leyti skýri útreikningar þessir sig sjálfir.

Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. hafi verið ritað bréf 6. nóvember 1987 og gerð krafa til greiðslu skaðabóta. Gerður hafi verið nýr útreikningur, og grundvallist málshöfðun þessi á honum. Stefnandi sé með öllu óbundinn af þeim fjárhæðum og þeim tillögum, sem hún gerði um uppgjör í bréfi sínu, dags. 6. nóvember 1987.

Samvinnutryggingar hf. hafi 9. mars 1987 greitt stefnanda skaðabætur úr samningsbundinni slysatryggingu launþega, að fjárhæð 2.100.594 kr.

Mál hafi áður verið höfðað vegna þessarar sakar. Hafi því lokið með frávísun 5. febrúar 1990. Mál þetta sé nú höfðað að nýju og stefnt inn nýjum aðila, Huldu Halldórsdóttur.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveður málsóknina á hendur stefndu Huldu grundvallast á 26., 37., 49. og 50. gr. l. nr. 40/1968, sem í gildi hafi verið, er slysið varð.

Beri hún fulla ábyrgð á tjóni stefnanda vegna gálauss aksturs í umrætt sinn, sbr. 3. mgr. 69. gr. umfl. Hún hafi ekki sýnt nægilega varkárni við akstur í umrætt sinn. Henni hafi borið að sýna sérstaka varúð, þar sem hún ók á lausum malarvegi, þreytt eftir vinnu og langan akstur. Hafi stefnda Hulda gengist undir sátt í sakadómi vegna þessa aksturslags og þess tjóns, sem hún olli stefnanda, sbr. 219. gr. alm. hgl.

Stefnda Velti hf. sé stefnt sem skráðum eiganda þeirrar bifreiðar, sem tjóninu olli. Veltir hf. hafi keypt tryggingu hjá hinu stefnda tryggingafélagi, sbr. 1. mgr. 70. gr. umfl., og hafi með því tryggt allt tjón, sem hljótast kynni af notkun ökutækisins. Hinn skráði eigandi beri bótaábyrgð skv. 1. mgr. 67. gr. umfl., ef tjónið hljótist af sök við notkun ökutækisins, en hann beri jafnframt aukna ábyrgð án sakar, ef tjón sé utan ökutækis, nema flutt sé gegn gjaldi, hvað varðar tjón innan ökutækis, sbr. 2. mgr. 67. gr. umfl. Mál þetta sé reist á grundvelli sakar löglegs handhafa hinnar skráðu bifreiðar. Samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum beri hinn skráði eigandi ábyrgð á því tjóni ásamt ökumanni. Hin keypta trygging stefnda Veltis hf. taki til þess tjóns, sem ökumaður olli, sbr. 4. mgr. 70. gr.

Hinu stefnda tryggingafélagi sé stefnt til ábyrgðar, sbr. 2. mgr. 74. gr., sbr. 1. mgr. (sic) umfl., sbr. hina lögbundnu tryggingu, sem stefndi Veltir hf. keypti þar eftir ákvæðum 70. gr. umfl.

Um málsástæður og lagarök að öðru leyti vísast til umferðarlaga og almennra reglna kröfu- og skaðabótaréttar.

Bótafjárhæð sundurliðast þannig:

16.000.000 kr. vegna beins líkamstjóns stefnanda.

10.000.000 kr. vegna annars tjóns stefnanda, þ. m. t. vegna miska, röskunar á stöðu og högum, auk bóta vegna alls annars tjóns hennar. Eftir slysið hafi líf stefnanda verið samfelld þrautaganga. Til hafi komið margendurteknar læknisaðgerðir, og oftar en einu sinni hafi stefnandi veikst alvarlega og þurft að dveljast á gjörgæsludeild Borgarspítalans í Reykjavík. Það sé ljóst, að stefnanda muni reynast erfitt um vik að hasla sér völl í starfi eða leik. Hún muni lítið geta hreyft sig úr stað án aðstoðar og geti ekki komist úr rúmi og í án aðstoðar. Þá geti hún ekki þrifið sig eða séð um sig að öðru leyti án verulegrar aðstoðar. Stefnanda sé nær ómögulegt að tjá sig í rituðu máli. Þar sem hér sé einungis um að ræða 28 ára gamla stúlku, þegar slysið varð, sé ljóst, að það gjörbylti svo stöðu og högum stefnanda, að ekki verði mörgum sambærilegum tilvikum til að jafna.

Stefnandi krefst þess, að til frádráttar á stefnukröfum komi ekki aðrar fjárhæðir en verðmæti 7,19% skatthagræðis skv. útreikningi á dskj. nr. 44. Bætur Tryggingastofnunar ríkisins falli niður vegna vistunar stefnanda á sjúkrahúsi, sbr. 51. gr. almtrl. Réttur til dagpeninga frá sama aðila falli niður vegna greiðslna úr Lífeyrissjóði Iðju, sem séu óverulegar og keyptar

af eigin fé stefnanda. Frítímatrygging stefnanda samkv. kjarasamningi komi ekki til frádráttar, sbr. m. a. 2. mgr. 25. gr. l. nr. 20/1954.

Í stefnu sé almennra vaxta krafist af slysdagsverðmæti tjónsins frá slysdegi til þess dags, er gerð var formleg skaðabótakrafa á hendur Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. 6. nóvember 1987. Þá hafi verið lokið nær allri gagnaöflun í málinu og ekkert í veginum fyrir uppgjöri. Samkvæmt 15. gr. l. nr. 25/1987 beri slíkar skaðabótakröfur dráttarvexti að liðnum einum mánuði frá þeim degi, er kröfuhafi lagði sannanlega fram þær upplýsingar, sem þörf var á að meta. Dráttarvaxta sé því krafist frá 6. desember 1987 til greiðsludags.

Málsástæður stefndu Sjóvár-Almennra trygginga hf. og Veltis hf.

Sýknukröfu sína reisa stefndu á því, að stefnanda hafi verið ljóst, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis, sbr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og eigi hún því að bera tjón sitt sjálf, sbr. niðurlag 68. gr. s. l., og sé það í samræmi við dómvenju. Í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3, bls. 3, sé haft eftir Matthíasi Lýðssyni, lögreglumanni á Hólmavík, að mikinn áfengisþef hafi lagt af Huldu, ökumanni bifreiðarinnar, og jafnframt, að í bílnum hafi verið bjórdósir, bæði fullar og tómar, auk nær fullrar vodkaflösku. Segi lögreglumaðurinn, að Páll Sæmundsson hreppstjóri hafi verið á slysstað í nær tvo tíma og talið, að Hulda væri drukkin. Þá segi í skýrslunni: „Er undirritaður hafði í þessu sambandi tal af Haraldi lækni í síma og spurði, hvort það væri rétt, sem vitni hefði sagt, að hann hefði neitað að gefa Huldu deyfilyf, vegna þess að hún væri búin að neyta það mikils áfengis, sagði hann: „Já, þetta er rétt. Konan var dauðadrukkin“.“

Þessa skýrslu hafi lögreglumaðurinn staðfest fyrir dómi, en upptaka af framburði hans hafi eyðilagst.

Vitnin Pálmi Sæmundsson og Haraldur Tómasson hafi einnig komið fyrir dóm og staðfest það álit sitt, að meðstefnda, Hulda, hafi verið undir áhrifum áfengis, og sé vakin sérstök athygli á þeirri athöfn læknisins að miða lyfjagjöf við, að hún væri drukkin. Þá komi fram í vætti yfirlæknis slysadeildar Borgarspítalans, að meðstefnda, Hulda, sé talin drukkin í skrám spítalans.

Varakröfu sína reisa stefndu á því, að stefnandi beri meginhluta sakar sjálfur, en ljóst sé, að slysið sé afleiðing gálauss aksturs, sem stefnandi beri meðábyrgð á, enda kunnugt um, að ökumaður hafi ekki verið hæfur til að aka bifreiðinni.

Stefnukröfum er mótmælt sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju.

Samkvæmt örorkutjónsútreikningi, dags. 19. febrúar 1990, sé tjón stefnanda metið 9.424.700 kr., en hins vegar sé þá eftir að draga frá því tjóni þær greiðslur, er stefnandi hafi fengið vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum, svo og verðmæti örorkubóta og tekjutryggingar svo og aðrar tekjur. Þá beri einnig að draga frá vegna hagræðis eingreiðslu og vegna skattfríðinda.

Miskabótum er mótmælt sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju.

Vaxtakröfu er mótmælt, en krafist sé dráttarvaxta, sem sé í ósamræmi við dómvenju. Enn fremur er vaxtavaxtakröfu mótmælt að því leyti, sem hún er sett fram í stefnukröfu. Mótmælt er vöxtum af málskostnaði.

Málsástæður stefndu,
Huldu Halldórsdóttur.

Varðandi málsóknina gegn stefndu Huldu vísar þessi stefndi til meginreglna um réttarstöðu ökumanna í umferðarlögum nr. 40/1968 og l. nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Stefnda Hulda sé nú 75% öryrki og öreigi að auki.

Varnir vátryggingafélagsins í máli þessu séu að meginefni reistar á grun um samdrykkju ökumanns og farþega, stefnanda málsins.

Því sé ekki mótmælt, að bjórþef hafi lagt af stefndu, enda sé viðurkennt af hennar hálfu, að hún hafi drukkið óáfengan bjór, en eins og kunnugt sé, leggi álíka ramman þef af slíkum drykk sem áfengum drykkjum.

Mikilvægt dómskjal í málinu sé dómsáttin á dskj. nr. 12. Þar hafi stefnda undirgengist dómsátt vegna ætlaðra brota á nokkrum greinum umferðarlaga og samþykkt að greiða sekt til þess að sleppa við málsókn út af broti á 219. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og fleiri lagagreinum. Hér sé um algenga málsmeðferð að ræða gagnvart ökumönnum, sem missi stjórn á ökutækjum sínum.

Stefnda hafi verið óvön akstri utan Reykjavíkur og hafi misst bifreið sína út af vegi vegna lausamalar. Ekkert bendi til þess, að stefnda hafi neytt áfengis við akstur og brotið þannig áfengis- og umferðarlög.

Hætt sé við því, að sakadómarinn í Kópavogi og saksóknari ríkisins hefðu ekki gengið þannig frá málinu á sakadómsstigi, þ. e. með dómsátt, ef ákæruvaldið hefði eygt möguleika á því að ákæra Huldu Halldórsdóttur fyrir ölvunarakstur og fá hana dæmda samkvæmt því. Hin forna regla: „In dubio pro reo" sé enn í fullu gildi, hvað svo sem líði mótbárum vátryggingafélags þess, sem hér eigi aðild að máli.

Stefnda Hulda hafi orðið fyrir mjög alvarlegu líkamstjóni í umferðarslysinu, og hafi hún undirbúið bótamál og áskilið sér allan rétt sem tjónþoli með réttarstöðu ökumanns í huga vegna máls þessa. Stefnda njóti því vátryggingarverndar. Stefnda hafi notið frítímatryggingar hjá Sjóvá hf., sem Veltir hf. hafði keypt.

Sýknukrafa sé einkum studd almennum reglum umferðarlaga, vátryggingarréttarins og vátryggingarsamningalaganna, sbr. og áfengislaga, varðandi réttindi ökumanns bifreiðar. Hafa beri þó í huga 67. og 69. gr. umferðarlaga svo og 70. gr.

Yfirheyrslur.

Eins og fram hefur komið, var mál þetta upphaflega höfðað af stefnanda gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Velti hf. Var því vísað frá dómi. Fóru fram í því máli skýrslutökur aðila og vitna fyrir dómi, og hafa þær skýrslur verið lagðar fram sem dómskjöl í máli þessu.

Eftirtaldir aðilar gáfu skýrslu: stefnandi, Lára Magnúsdóttir; ökumaður bifreiðarinnar, Hulda Halldórsdóttir; vitnin Jón Ólafur Ólafsson, Anna Sigríður Jónsdóttir, Haraldur Óskar Tómasson læknir, Pálmi Sæmundsson, hreppstjóri í Bæjarhreppi í Strandasýslu, Matthías Sævar Lýðsson, bóndi og lögreglumaður, og Gunnar Þór Jónsson, yfirlæknir á slysadeild Borgarspítalans.

Vegna bilunar í tæknibúnaði embættisins eyðilagðist hljóðupptaka vitnisins Matthíasar Sævars Lýðssonar.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði haft með sér eina vodkaflösku að heiman og drukkið af henni, en ökumaður, Hulda Halldórsdóttir, hefði ekki drukkið áfengi á leiðinni. Hins vegar hefði hún drukkið pilsner, sem þær keyptu á leiðinni. Hún kvaðst ekki muna tegundina, en um hefði verið að ræða pilsner í dósum. Enginn sterkur bjór hefði verið með í ferðinni.

Ökumaður, Hulda Halldórsdóttir, staðfesti, að haft væri rétt eftir sér í lögregluskýrslu á dskj. nr. 4 að öðru leyti en því, að hún kvaðst einungis muna eftir því, að ein áfengisflaska hefði verið með í ferðinni. Þá kvaðst hún hafa leiðrétt ökuhraðann. Í lögregluskýrslunni er haft eftir Huldu, að Lára hafi drukkið eitthvað lítillega af vodka á leiðinni, en sjálf hafi hún drukkið 3-4 dósir af Falcon-léttöli. Þá kvaðst hún hafa tekið eina töflu af codimagnyli við höfuðverk, er hún lagði af stað frá Reykjavík. Aðspurð, hvort hún hefði verið lasin, kvaðst hún telja, að hún hefði verið þreytt eftir vinnu. Hún hefði farið í vinnu kl. 8 eða 9 um morguninn og verið að vinna til kl. 6, en hún hefði unnið við að aka.

Vitnið Jón Ólafsson staðfesti fyrir dómi, að rétt væri haft eftir sér í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3. Athygli hans var vakin á því, að í lögregluskýrslunni er m. a. haft eftir honum, að Hulda hafi spurt hann að því, hvort hann vildi ekki gefa sér brennivín, en hann hafi svarað því til, að það væri sjálfsagt nóg komið. Vitnið fullyrti, að þarna væri rangt farið með nafn hinnar slösuðu, þarna hefði átt að standa Lára. Hann kvað Huldu engan veginn hafa verið færa um að biðja um nokkurn hlut, þar sem hún lá á

grúfu. Hann fullyrti, að það hefði verið Lára, sem þetta sagði, Vann vitnið eið að framburði sínum.

Í lögregluskýrslu er haft eftir vitninu Jóni Ólafi, er hann var spurður, hvort hinar slösuðu hefðu verið drukknar, að þau hefðu ekki fundið af þeim áfengislykt, og hefðu þau enga tilraun gert til þess að komast að raun um það, en af aðstæðum á slysstað hefði mátt ráða, að áfengi hefði verið með í för, en þar hefðu verið áteknar bjórdósir og áfengisflaska.

Vitnið Anna Sigríður Jónsdóttir gaf skýrslu hjá lögreglunni í Strandasýslu ásamt Jóni Ólafi Ólafssyni, og staðfesti hún hana rétta fyrir dómi. Undir skýrsluna hafa þau ritað eftirgreindan texta og undirritað hann: „Við undirrituð getum engan veginn fullyrt, að hinar slösuðu hafi verið undir áhrifum áfengis, enda ekkert, sem bendir til þess, nema vera kynni það áfengi, sem var í bílnum."

Fyrir dómi skýrði Anna Sigríður svo frá, aðspurð um það, hvort hún hefði getað greint það, að ökumaðurinn, Hulda Halldórsdóttir, hefði verið undir áhrifum áfengis: „Mér finnst ég ekki geta svarað því, að hún hafi ekki verið það." Þá kvaðst hún ekki hafa tekið eftir neinu afbrigðilegu í fari Huldu og Láru skömmu fyrir slysið við veitingaskála í Hrútafirði. Aðspurð kvaðst Anna Sigríður ekki hafa orðið vitni að orðaskiptum þeim milli Huldu og Jóns Ólafs, sem fram koma í lögregluskýrslu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa talið hinar slösuðu vera drukknar. Það kvaðst hvorki geta sagt til um það af eða á, hvort þær hefðu verið drukknar. Það kvaðst hafa séð áfengisflöskur og pilsnerdósir á slysstað. Nánar aðspurt kvaðst það muna eftir einni áfengisflösku.

Haraldur Óskar Tómasson læknir skýrði svo frá fyrir dómi, aðspurður um ummæli Matthíasar Lýðssonar í lögregluskýrslu þess efnis, að hann hefði spurt Harald í síma, hvort það væri rétt, að hann hefði neitað að gefa Huldu Halldórsdóttur deyfilyf, vegna þess að hún var búin að neyta það mikils áfengis, og Haraldur sagt: „Já, þetta er rétt, konan var dauðadrukkin," - að hann hefði sagt eitthvað í þá veru. Ekki kvaðst hann geta fullyrt, hvort hann hefði notað orðið „dauðadrukkin". Nánar aðspurður kvaðst Haraldur hafa talið, að Hulda væri undir áhrifum áfengis, það hefði verið sitt mat á slysstað. Ekki kvaðst hann vita, hvort tekið hefði verið af henni blóðsýni. Hann kvaðst hafa skýrt lækninum, sem kom frá Reykjavík með þyrlunni, frá því, að hann teldi hana undir áhrifum áfengis. Sérstaklega aðspurður kvaðst Haraldur hafa metið þetta af orði Huldu og æði, einnig hefði verið af henni áfengislykt. Aðspurður, hvort unnt sé að greina með fullri vissu milli ölvunarástands manneskju og þess rugls, sem verði við svo mikið slys, svaraði vitnið því til, að auðvitað væri ýmislegt við slys, sem geti valdið svipaðri hegðun. Aðspurður, hvort taugaáfall við slys geti valdið slíkum viðbrögðum, svaraði vitnið því játandi. Þá kvað vitnið

hugsanlegt, að pilsnerneysla gæti valdið áfengisþef, sem villt gæti um. Aðspurt kvað vitnið hafa verið miklar eða einhverjar áfengisbirgðir í bílnum, en það hefði ekki haft áhrif á mat sitt á ástandi sjúklingsins. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að staðfesta, að Hulda Halldórsdóttir hefði verið ölvuð, þegar vitnið kom á slysstað.

Vitnið Pálmi Sæmundsson skýrði svo frá, að hann hefði að mestu stumrað yfir bílstjóranum eftir slysið. Hann kvaðst ekki hafa getað heyrt á tali hennar, að hún vari undir áfengisáhrifum. Hins vegar kvaðst hann geta staðfest það, að áfengislykt hefði verið úr vitum hennar. Hann kvaðst eiga erfitt með að gera sér grein fyrir því, hvort hún hefði verið verulega undir áhrifum áfengis, en kvaðst hafa sterkan grun um það. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið telja sig geta greint á milli lyktar af manneskju eftir drykkju á áfengum bjór eða öðru áfengi og lyktar, sem kemur af manneskju eftir 2-3 pilsnera. Ekki gat vitnið greint frá því, hver væri munurinn. Vitnið fullyrti, að það hefði séð tvær áfengisflöskur, báðar undan vodka. Þá hefðu verið bjórdósir í bílnum. Ekki kvaðst vitnið muna, hvort það hefði verið áfengur bjór, sig minnti, að það hefðu verið pilsnerdósir.

Vitnið Gunnar Þór Jónsson læknir skýrði svo frá, að engar ótvíræðar upplýsingar lægju fyrir um það í sjúkraskýrslum Borgarspítalans, að Hulda Halldórsdóttir hefði verið undir áhrifum áfengis við komuna á slysadeild Borgarspítalans. Í óundirritaðri skyndiskýrslu, sem af henni var tekin við komu á gæsludeild, væri skráð m. a.: „var ölvuð". Kvaðst vitnið telja skýrsluna vera skráða með rithendi aðstoðarlæknis, sem ritaði fyrri skýrsluna. Vitnið kvað ekki koma fram við skoðun þessa læknis, að sjúklingur hefði verið ölvaður eða sýnt merki um það, en hins vegar væri þessi fullyrðing skrifuð í skýrsluna, hvaðan sem hún væri fengin. Þá kvað vitnið læknismeðferð og lyfjagjöf ekki hafa miðast við, að sjúklingur væri undir áhrifum áfengis. Aðspurt kvað vitnið ekkert skráð í sjúkraskýrslur um það, að Haraldur Tómasson læknir hefði látið þess getið við lækni þann, sem fór með þyrlunni að sækja Huldu á slysstað, að hún hefði verið undir áhrifum áfengis,

III.

Niðurstaða.

Eins og fram kemur af vitnaleiðslum, getur ekkert vitnanna fullyrt, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið drukkinn. Vitnin eru ósamhljóða um það, hvort öldósir þær, sem á slysstað voru, hafi verið undan áfengu öli eða pilsner, en af framburði þeirra verður þó fremur ráðið, að einungis hafi verið um að ræða óáfengt öl, og er annað ósannað. Virðist ráða miklu um mat þeirra, sem töldu ökumann drukkinn, að af henni var áfengisþefur. Ekkert vitnanna treystir sér þó til að greina með fullri vissu milli þefs af

pilsner og áfengum bjór eða öðrum áfengum drykkjum utan vitnið Pálmi, sem ekki treysti sér þó til að skýra þann mun. Þá virðast ummerki á slysstað, áfengisflaska og öldósir, hafa átt þátt í að mynda álit vitnanna.

Ekki liggur fyrir, að blóðsýni eða þvagsýni hafi verið tekið af ökumanni og mælt áfengismagn þess. Engar upplýsingar eru um, hvaðan sú staðhæfing, sem fram kemur í hinni óundirrituðu sjúkraskýrslu, er fengin, að Hulda Halldórsdóttir hafi verið ölvuð.

Samkvæmt framansögðu verður að telja ósannað, að ökumaður bifreiðarinnar, Hulda Halldórsdóttir, hafi verið undir áhrifum áfengis, er slysið varð.

Eins og fram kemur í skýrslu stefndu Huldu fyrir dómi, var hún þreytt eftir langan vinnudag við bifreiðaakstur, er hún lagði upp í hið örlagaríka ferðalag með stefnanda. Hún hafði höfuðverk og tók því inn eina töflu af codimagnyl. Haft er eftir henni í lögregluskýrslu, dags. 3. júlí 1986, að hún hafi áreiðanlega ekki ekið á meira en 100 km/klst. Fyrir dómi staðfesti Hulda skýrslu þessa sem rétta, nema hvað hún kvaðst minnast þess að hafa leiðrétt ökuhraðann. Nánar aðspurð um ökuhraða fyrir dómi kvaðst hún hafa „örugglega verið á 70, kannski eitthvað upp úr því". Telja má sannað með hliðsjón af þessum framburði stefndu Huldu svo og með hliðsjón af ummerkjum um slysið, sem fram koma í gögnum málsins og ómótmælt er, að stefnda Hulda hafi ekki hagað akstri sínum miðað við aðstæður og að hún hafi þannig brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 26. gr., 1. og 2. mgr. 49. og 2. mgr. 50. gr. l. nr. 40/1968. Þykir hún með háttalagi sínu bera fulla bótaábyrgð á tjóni stefnanda skv. 3. mgr. 69. gr. sömu laga.

Ósannað er, að stefnandi hafi á nokkurn hátt verið meðvaldur að tjóninu eða að hún hafi tekið meðvitaða áhættu með því að gerast farþegi í bifreiðinni, svo að hún teljist meðábyrg á tjóninu skv. 3. mgr. 67. gr. laganna.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Velti hf. er reist á 1. mgr. 67. gr. l. nr. 40/1968.

Samkvæmt framangreindu lagaákvæði gildir hin hlutlæga bótaábyrgð eiganda ökutækis gagnvart farþega því aðeins, að hann hafi verið fluttur gegn gjaldi. Því er ekki til að dreifa í máli þessu. Ber því að sýkna þennan stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eins og málið er vaxið, þykir rétt að fella niður málskostnað, hvað hann varðar.

Kröfur á hendur hinu stefnda tryggingafélagi eru reistar á 2. mgr. 74. gr., sbr. 1. mgr., sbr. og 70. gr. l. nr. 40/1968.

Ef litið er til orðalags 2. mgr. 74. gr. l. nr. 40/1968, sbr. 1. mgr. sömu greinar, verður tryggingafélagið ekki dæmt til að þola aðfararhæfan dóm nema því aðeins, að bótaábyrgð skv. 67. gr. eða 68. gr. laganna sé til að dreifa.

Dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur þrátt fyrir það gengið í þá átt, að

slíkt sé heimilt, sbr. m. a. Hrd. 1987, 1763. Kemur því krafa stefnanda á hendur hinu stefnda tryggingafélagi til efnisúrlausnar.

Bifreiðin R-63525 var ábyrgðartryggð hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., þegar slysið varð. Félag þetta hefur nú sameinast öðru tryggingafélagi undir heitinu Sjóvá-Almennar tryggingar hf., og hefur það félag viðurkennt aðild að máli þessu.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið um bótaábyrgð stefndu Huldu í máli þessu, ber með vísan til 4. mgr. 70. gr. l. nr. 40/1968 jafnframt að fella bótaábyrgð á stefnda Sjóvá-Almennar tryggingar hf., enda er ósannað, eins og að framan er rakið, að stefnda Hulda hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, er slysið varð, en á þeirri málsástæðu er sýknukrafa tryggingafélagsins reist.

Bótafjárhæð.

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig: 16.000.000 kr. vegna beins líkamstjóns stefnanda, 10.000.000 kr. vegna annars tjóns stefnanda, þ. m. t. miska og röskunar á stöðu og högum.

Ekki er ágreiningur um það í málinu, að stefnandi hlaut 100% varanlega örorku við slysið, sbr. örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis, dags. 14. nóvember 1986. Á grundvelli þessa örorkumats hefur Jón Erlingur Þorlákssson tryggingafræðingur nokkrum sinnum reiknað út fjárhagslegt tjón stefnanda vegna örorkunnar. Reisir stefnandi fyrri lið bótakröfunnar á útreikningi, sem dagsettur er 17. janúar 1990. Samkvæmt þeim útreikningi reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda nema á slysdegi 9.307.300 kr. Útreikningi þessum hefur ekki verið andmælt, og þykir því mega leggja hann til grundvallar bótagreiðslum til stefnanda. Af hálfu stefndu er þess hins vegar krafist, að dregnar verði frá þeirri fjárhæð þær greiðslur, sem stefnandi hefur fengið úr lífeyrissjóðum, svo og verðmæti örorkubóta og tekjutryggingar svo og aðrar tekjur. Þá beri að draga frá vegna hagræðis eingreiðslu og vegna skattfríðinda. Vísar stefndi í örorkutjónsútreikning, dags. 19. febrúar 1990, um þá frádráttarliði, nema hvað hann telur frádrátt vegna skatthagræðis eiga að vera hærri en þar greinir í samræmi við venju.

Framangreindur örorkutjónsútreikningur var reiknaður að beiðni lögmanns stefnanda að tilmælum lögmanns stefndu Sjóvár-Almennra tryggginga hf. og Veltis hf. Var hann lagður fram við munnlegan málflutning af hálfu þessara stefndu. Reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda þar vera 9.424.700 kr.

Verður nú fjallað um þá liði, sem stefndu gera kröfu um, að koma eigi til frádráttar skv. útreikningum tryggingafræðingsins:

1. Frádráttur vegna skatthagræðis.

Um skattfrelsi örorku- og miskabóta er kveðið í 2. tl. 28. gr. l. nr.

75/1981. Fyrir því er áratugalöng dómvenja þess efnis, að lögákveðin skattfríðindi bótaþega hafi áhrif til lækkunar á bótagreiðslum honum til handa, og er ekki um það deilt í málinu. Af hálfu stefnanda er þess þó krafist, að útreiknaðar örorkubætur verði aðeins skertar um 7,19% vegna skattfrelsis þeirra.

Skatthlutfall það, sem stefnandi byggir á, er reiknað út af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi, eins og áður greinir, miðað við þær áætluðu tekjur, sem eru grundvöllur að útreikningi á höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda. Stefndu hafa ekki hnekkt þessum útreikningum eða sýnt fram á, að leggja beri til grundvallar hærra skatthlutfall. Þykir frádráttur vegna skattfrelsis bótanna því hæfilega ákveðinn 7,19%.

2. Höfuðstólsverðmæti dagpeninga á slysdegi, 780.900 kr.

Af hálfu stefnanda er upplýst, að stefnandi nýtur greiðslna úr Lífeyrissjóði Iðju. Munu þær nú nema um 22.000 kr. á mánuði, sbr. dskj. nr. 47. Samkvæmt ákvæðum 51. gr. l. nr. 67/1971 fellur réttur stefnanda til dagpeninga þar með niður. Er því ekki fallist á, að liður þessi komi til frádráttar örorkubótum stefnanda.

3. Höfuðstólsverðmæti örorkulífeyris frá Lífeyrissjóði verksmiðjufólks á slysdegi, 2.833.800 kr.

Hér er um að ræða greiðslur úr lífeyrissjóði, sem keyptar eru með eigin fé stefnanda. Hafa stefndu ekki fært rök að því, að greiðslur þessar skuli dragast frá bótagreiðslum.

4. Örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins, verðmæti á slysdegi 1.362.500 kr., og tekjutrygging 1.965.500 kr.

Það er ágreiningslaust með aðilum, að stefnandi muni þurfa að dveljast á sjúkrastofnun, það sem hún á ólifað, við stöðuga umönnun, en hún er ófær um að sjá sjálf um nokkrar hinna daglegu þarfa sinna. Samkvæmt 5. mgr. 51. gr. l. nr. 67/1971 falla ofangreindar bætur niður vegna þessa. Koma þær því ekki til frádráttar bótakröfum stefnanda.

5. Frádráttur vegna eingreiðsluhagræðis.

Fyrir því er áratugalöng dómvenja að taka tillit til hagræðis vegna eingreiðslu til frádráttar bótum. Verður þó ekki á það fallist, að slíkur frádráttur komi til, nema um raunverulegt hagræði af eingreiðslunni sé að ræða. Stefnandi í máli þessu hefur engar atvinnutekjur og fyrirsjáanlegt, að hún muni um ókomna tíð ekki hafa aðrar tekjur en þær, sem raktar hafa verið hér að framan. Til þess að tryggja sér ráðstöfunartekjur af örorkubótum sínum hefur hún nú þann kost að ávaxta þær með allt að 5-7% raunvöxtum á ári. Til þess að geta nýtt sér þessa ávöxtun um ókomin ár má hún ekki skerða höfuðstól bótanna. Kemur þá til álita, hvort hagræði eingreiðslunnar verði nokkru meira í tilviki stefnanda en ef hún hefði fengið jafnar mánaðarlegar greiðslur, miðað við þær launaforsendur, sem örorkutjónsútreikningurinn byggist á. Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt, að um nokkurt hagræði fyrir hana

sé að ræða. Stefndu hafa ekki getað sýnt fram á hið gagnstæða. Með þetta í huga þykja ekki efni til að lækka bætur til handa stefnanda vegna eingreiðsluhagræðis.

Síðari kröfuliður stefnanda er um miskabætur, 10.000.000 kr.

Þegar meiðsli stefnanda eru virt, sjúkrasaga hennar, þjáningar þær, sem hún hefur mátt þola, svo og sú verulega röskun, sem orðið hefur á öllum högum hennar og framtíðarhorfum, þykja miskabætur henni til handa hæfilega ákveðnar 2.500.000 kr.

Samkvæmt framansögðu ber stefndu Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Huldu Halldórsdóttur að greiða stefnanda in solidum 11.138.105 kr. ásamt vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Huldu Halldórsdóttur in solidum til að greiða 844.865 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri máls þessa, 844.865 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Magnúsar M. Norðdahl hdl., 750.000 kr., en 94.865 kr. eru vegna útlagðs kostnaðar skv. málskostnaðarreikningi, en enginn ágreiningur er með aðilum um þann kostnað. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi Veltir hf. skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður, hvað hann varðar, fellur niður.

Stefndu Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, og Hulda Halldórsdóttir, Hvassaleiti 153, Reykjavík, greiði in solidum stefnanda, Láru Jóhönnu Magnúsdóttur, Hátúni 10, Reykjavík, 11.138.105 kr. með 9% ársvöxtum frá 21. júní 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s. á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s. á., en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. l. nr. 67/1989, frá þeim degi til 16. febrúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndu enn fremur 844.865 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð, og ber málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 844.865 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Magnúsar M. Norðdahl hdl., 750.000 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 471/1989. **Olga Ingibjörg Guðmundsdóttir**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
þrotabúi Péturs Björnssonar
(Hákon Árnason hrl.).

Séreign hjóna. Kaupmáli. Gjaldþrotaskipti, Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. desember 1989. Hún gerir þær kröfur aðallega, að viðurkennt verði, að hún hafi átt sem séreign 1/3 hluta fasteignarinnar Látrastrandar 56, Seltjarnarnesi, og að þrotabúi Péturs Björnssonar verði gert að greiða sér utan skuldaraðar 4.666.666 krónur, þannig, að hún fái 1/3 hluta hverrar greiðslu samkvæmt kaupsamningi frá 1. mars 1989 um fasteignina ásamt hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá afborgunardögum kaupsamningsins til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi viðurkenningar á eignarrétti að annarri lægri hlutdeild í fasteigninni og greiðslu frá stefnda í samræmi við það. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Þar kemur fram, að búskipti þau, sem hér er deilt um, eru gerð í þágu skuldheimtumanna eiginmanns áfrýjanda, Péturs Björnssonar, en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta 14. október 1988.

Samkvæmt gögnum málsins hefur áfrýjandi gert það sennilegt, að séreignarfé hennar hafi runnið til byggingar húss á lóðinni Látraströnd 56, Seltjarnarnesi. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 skal þinglýsa réttindum yfir fasteign, til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign. Í máli þessu er ekki um að ræða skipti milli hjóna, heldur gjaldþrotaskipti á búi eiginmanns áfrýjanda. Þar sem áfrýjandi gerði

engan reka að því að tryggja hugsanlegan séreignarrétt sinn í fasteigninni, stendur hún til fullnustu kröfuhöfum eiginmanns hennar samkvæmt ofangreindu lagaákvæði. Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann um annað en málskostnað, en rétt er eftir öllum atvikum, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Fasteignin Látraströnd 56 á Seltjarnarnesi, sem um er deilt í máli þessu, var þinglýst hjúskapareign Péturs Björnssonar, eiginmanns áfrýjanda, þegar bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta í Reykjavík 14. október 1988. Á eigninni hvíldu þá veðbönd vegna nokkurra skulda Péturs og aðila, sem honum voru tengdir. Um tilurð skuldanna og fjárhæð þeirra hafa ekki verið lagðar fram skýrar upplýsingar, en þær námu aðeins hluta af verðmæti eignarinnar. Við innköllun vegna skiptanna lýsti áfrýjandi með bréfi 23. desember 1988 kröfu þess efnis, að viðurkenndur yrði eignarréttur hennar að hluta fasteignarinnar sem séreignar í hjúskap þeirra Péturs, eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði. Með kaupsamningi 3. mars 1989 var fasteignin seld þriðja aðila í nafni hins stefnda þrotabús, eftir að fram hafði komið sú skoðun skiptastjóra, að hafna bæri þessari kröfu. Var sú afstaða þeirra áréttuð með bréfi 5. maí 1989 til lögmanns áfrýjanda. Á skiptafundi 2. júní 1989 var svo ákveðið að fjalla um kröfuna í sérstöku ágreiningsmáli, þar sem gert yrði tilkall af hálfu áfrýjanda til hlutdeildar í söluandvirði fasteignarinnar. Í samræmi við það var mál þetta þingfest í skiptarétti Reykjavíkur 15. sama mánaðar.

Þegar krafa áfrýjanda kom fram, hafði úrskurðinum um gjaldþrot Péturs Björnssonar eða athugasemd um hann ekki verið þinglýst á fasteignina Látraströnd 56, og var það ekki gert síðar. Var fyrrnefndur kaupsamningur, sem undirritaður var af skiptaráðand-

anum Ragnari H. Hall og skiptastjórum í hinu stefnda þrotabúi, tekinn til þinglýsingar, án þess að réttur búsins til sölu á eigninni yrði rakinn til áður þinglýstrar heimildar. Í 2. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 segir efnislega, að réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fái ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður sé þinglýsingu, nema gögnum um hana sé þinglýst sjálfum. Eru gjaldþrotaskipti meðal þeirra réttargerða, sem þar er við átt. Eins og á stendur í máli þessu, er rétt að leggja ákvæði þetta til grundvallar um stöðu stefnda gagnvart áfrýjanda. Verður tilkalli hennar í fasteignina ekki hafnað fyrir þá sök eina, að þinglýsing þess vegna hafði ekki átt sér stað, þegar gjaldþrot eiginmannsins bar að höndum.

Tilkall sitt byggir áfrýjandi á kaupmála milli hennar og Péturs Björnssonar, sem gerður var, þegar þau gengu í hjónaband haustið 1968. Með honum var íbúð í eigu áfrýjanda, sem móðir hennar átti afnotarétt yfir, gerð að séreign hennar, og var hún veðbandalaus. Pétur átti þá sjálfur íbúð að Kleppsvegi 132 í Reykjavík, þar sem þau hjónin byrjuðu búskap sinn. Fór skrásetning kaupmálans í Reykjavík ekki í bága við 82. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna, þótt Pétur ætti áður lögheimili á Seltjarnarnesi. Þegar hjónin byggðu húsið að Látraströnd 56, sem síðan varð heimili þeirra, voru báðar íbúðirnar seldar í þágu þeirrar byggingar, önnur á árinu 1970, en hin 1971. Það hús var frá upphafi skráð eign Péturs Björnssonar, sem hafði keypt lóð þess síðla árs 1969 í félagi við bróður sinn. Eigi að síður telur áfrýjandi með vísan til reglu 3. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923, að hún hafi öðlast séreignarrétt yfir hluta af fasteigninni vegna þess andvirðis íbúðarinnar í Barmahlíð, sem lagt hafi verið í bygginguna. Hafi hún ekki fallið frá þeim rétti síðar, þótt honum væri ekki þinglýst. Þetta sjónarmið áfrýjanda er viðurkennt af hálfu Péturs Björnssonar, og er ekki ástæða til að líta svo á, að sú viðurkenning sé til komin vegna gjaldþrotsins.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja, að tilkall áfrýjanda sé á rökum reist, þannig að hluti af fasteigninni Látraströnd 56 hafi komið með lögmætum hætti í stað þeirrar séreignar, sem hún átti áður. Eigi úrslit máls þessa að verða þau, að krafa hennar á hendur stefnda um hlutdeild í söluandvirði fasteignarinnar verði tekin til

greina eftir mati á því séreignarfé, sem runnið hafi til fasteignarinnar. Þá hlutdeild beri að miða við brúttóandvirði að frádreginni byrði stefnda af þeim veðskuldum, sem á fasteigninni hvíldu við söluna, þar sem áfrýjandi hafði látið stofnun veðbandanna óátalda. Unnt er að koma við umræddu mati, eins og málið liggur fyrir, en ekki er ástæða til að gera því hér frekari skil, þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þann veg, að kröfu áfrýjanda verði hafnað. Ég tel eins og þeir, að málskostnaður í héraði og Hæstarétti eigi að falla niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. september 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 5. september 1989.

Sóknaraðili, Olga Ingibjörg Guðmundsdóttir, kennit. 140847-4969, Þórustöðum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, gerir þá aðalkröfu, að við skipti á þrotabúi Péturs Björnssonar verði viðurkennt, að sóknaraðili hafi átt sem séreign 1/3 hluta fasteignarinnar nr. 56 við Látraströnd á Seltjarnarnesi og þrotabúinu verði gert að greiða sér utan skuldaraðar 4.666.666 kr., þannig, að hún fái 1/3 hluta hverrar greiðslu af kaupsamningi, dags. 1. mars 1989, um fasteignina ásamt hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá afborgunardögum til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara er krafist viðurkenningar á eignarrétti að annarri lægri hlutdeild í nefndri fasteign og krafist greiðslu úr þrotabúinu til samræmis við það auk málskostnaðar.

Varnaraðili, þrotabú Péturs Björnssonar, kennit. 021243-2729, krefst þess, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Islands með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir úrskurðaruppsögu til greiðsludags.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Með úrskurði réttarins, upp kveðnum 14. október 1988, var bú Péturs Björnssonar, kennit. 021243-2729, þá með lögheimili að Fornhaga 19, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Samdægurs voru hæstaréttarlögmennirnir Hákon Árnason og Sigurmar Albertsson ráðnir bústjórar til bráðabirgða að búinu, og á fyrsta skiptafundi búsins voru þeir kosnir skiptastjórar þess.

Sóknaraðili er eiginkona þrotamanns, Péturs Björnssonar, og með bréfi til annars bústjóranna, dags. 23. desember 1988, var lýst kröfu fyrir hennar hönd í þrotabúið. Meginmál þeirrar kröfulýsingar er svohljóðandi:

„Fyrir hönd Olgu Guðmundsdóttur, eiginkonu Péturs Björnssonar, geri ég þær kröfur, að við skipti á þrotabúi Péturs verði viðurkennt, að Olga eigi sem séreign 1/3 hluta fasteignarinnar Látrastrandar 56, Seltjarnarnesi.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 12. desember 1951, gefa þau Liselotte Elisabeth Gunnarsson, fædd Schwinn, og Guðmundur Gunnarsson dóttur sinni, Olgu Ingibjörgu Guðmundsdóttur, þriggja herbergja íbúð að Barmahlíð 42 í Reykjavík. Samkvæmt gjafabréfinu skyldi Olga þó hvorki hafa umráð yfir eigninni né þiggja arð af henni, meðan Liselotte væri á lífi. Liselotte skyldi þiggja arð af eigninni og hafa umráð hennar, en jafnframt annast viðhald hennar, greiðslu skatta og sjá um greiðslur afborgana og vaxta af þeim skuldum, er á eigninni hvíldu. Liselotte var þó heimilt, eftir að Olga væri orðin fjárráða, að afhenda henni full umráð yfir eigninni, og féllu þá niður réttindi hennar og skyldur.

Hinn 20. september 1968 gerðu þau Olga Ingibjörg og Pétur Björnsson með sér kaupmála, áður en þau gengu í hjónaband, og með honum var framannefnd íbúð gerð að séreign Olgu Ingibjargar. Árið 1970 hóf Pétur ásamt bróður sínum, Hermundi, byggingu parhúss að Látraströnd 56-58 á Seltjarnarnesi. Var húsið hannað með þeim hætti, að tvær íbúðir yrðu í eignarhluta Péturs, og var það gert í því skyni, að Liselotte gæti búið áfram á heimili þeirra Olgu og Péturs, þar sem selja þyrfti íbúðina að Barmahlíð 42 til þess að fjármagna byggingarframkvæmdirnar.

Árið 1971 var íbúðin að Barmahlíð 42 seld Sigurjóni Finnssyni á 1.050.000 gkr. Byggingarkostnaður hússins nam í árslok 1972 3.214.995 gkr., og höfðu framkvæmdir aðallega orðið á árunum 1971 og 1972, þ. e., eftir að íbúðin var seld. Liselotte hefur búið endurgjaldslaust að Látraströnd 56, síðan þau fluttu, og hefur verið litið svo á, að það væri til efnda á skilyrðum gjafabréfsins. Íbúðin að Barmahlíð 42 var veðbandslaus við sölu.

Af framangreindu tel ég ljóst vera, að Olga eigi sem séreign 1/3 hluta hússins, en 2/3 hlutar þess séu hjúskapareign Péturs og komi til skipta sem eign í þrotabúi hans."

Skiptastjórar þrotabús Péturs Björnssonar hafa ekki viljað fallast á þessa kröfugerð, og er af þeim ágreiningi sprottið mál þetta.

Sóknaraðili og Pétur Björnsson munu hafa gengið í hjúskap 28. september 1968. Hinn 20. sama mánaðar gerðu þau í tilefni væntanlegrar hjúskaparstofnunar kaupmála, og er meginmál hans svohljóðandi:

„Við undirrituð, sem höfum ásett okkur að ganga í hjónaband, ég, Pétur Björnsson, til heimilis að Lindarbraut 4, Seltjarnarnesi, og ég, Olga Ingi-

björg Guðmundsdóttir, til heimilis að Barmahlíð 42, Reykjavík, gerum hér með svohljóðandi

Kaupmála:

Eign sú, sem talin er hér að neðan, skal vera séreign Olgu Ingibjargar Guðmundsdóttur:

Íbúð í kjallara hússins Barmahlíðar 42."

Kaupmálinn var afhentur borgarfógetaembættinu til skráningar 23. september 1968 og hann innfærður í kaupmálabók sama dag.

Húseignin Látrastönd 56, Seltjarnarnesi, var þinglýst eign Péturs Björnssonar, þegar bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta. Með kaupsamningi, dagsettum 1. mars 1989, seldi þrotabúið fasteignina fyrir 14.000.000 kr.

III.

Kröfur sóknaraðila í málinu eru á því reistar, að 1/3 hluti fasteignarinnar að Látrastönd 56 hafi verið byggður fyrir það fé, sem fékkst við sölu á íbúð að Barmahlíð 42, sem hafi verið séreign sóknaraðila samkvæmt kaupmála, sem hún og Pétur Björnsson hafi gert 20. september 1968, nokkrum dögum áður en þau stofnuðu til hjúskapar. Eigi hér beint við ákvæði 3. tl. 23. gr. laga nr. 20/1923, en samkvæmt því ákvæði verði sú eign séreign, sem komi í stað annarrar, er lýst hafi verið séreign með kaupmála.

Um hlutfall íbúðarinnar að Barmahlíð 42 af kostnaði við byggingu hússins að Látrastönd 56 vísar sóknaraðili til skattframtala þeirra hjónanna fyrir þau ár, sem Látrastönd 56 var í byggingu, en þeim framtölum hefur hverju sinni fylgt húsbyggingarskýrsla um byggingarkostnað, og til fyrirliggjandi gagna um sölu íbúðarinnar að Barmahlíð 42.

Sóknaraðili kveður þau hjón hafa keypt lóðina að Látrastönd 56 í félagi við bróður Péturs Björnssonar árið 1970, og hafi þau byrjað framkvæmdir það ár á lóðinni. Framkvæmdir hafi í upphafi gengið fremur rólega, en verulegur skriður komist á þær árið 1971 og þeim verið lokið árið 1972. Allt það fé, sem sóknaraðili hafi fengið vegna sölu á íbúð sinni að Barmahlíð 42, þ. e. 800.000 kr. árið 1971 og eftir það árlega 25.000 kr. næstu ár á eftir, hafi runnið til þess að greiða byggingarkostnaðinn við Látrastönd 56. Sé það því sannað með skattframtölum þeirra hjónanna fyrir umrætt tímabil, að séreignarfé hennar hafi allt runnið til byggingar hússins að Látrastönd 56. Gerð viðbótarkaupmála vegna þessa eða þinglýsing réttinda sóknaraðila vegna þessa hafi ekki verið nauðsynlegt skilyrði til þess, að þessi séreignarréttur verði viðurkenndur við yfirstandandi skipti á þrotabúi Péturs Björnssonar.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður sóknaraðila þá grein fyrir kröfugerð sinni um greiðslu frá búinu, að sóknaraðili hefði lagt fram sem

næmi 1/3 hluta af kostnaðarverði hússins. Húsið hafi við skiptameðferð þrotabúsins verið selt fyrir 14 milljónir króna. Allar þinglýstar skuldir á eigninni hafi verið skuldir Péturs Björnssonar og sóknaraðila því óviðkomandi. Beri henni því réttur til að fá 1/3 hluta af verði hússins án tillits til þess, hve stór hluti söluverðsins hafi gengið til uppgjörs áhvílandi veðbanda. Gerir sóknaraðili kröfu til þess að fá greiðslur í samræmi við það, sem ákveðið var í kaupsamningi búsins og kaupanda eignarinnar, þ. e. 1/3 hluta hverrar greiðslu, og vexti frá þeim tíma, sem greiðslurnar bárust búinu.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður sóknaraðila þeirri skoðun, að ekki skipti máli um þann séreignarrétt sóknaraðila, sem hér um ræðir, hvort bú Péturs Björnssonar væri undir gjaldþrotaskiptum eða ekki.

Varakrafa sóknaraðila er á því reist, að fallist rétturinn ekki á, að sóknaraðili hafi átt 1/3 hluta Látrastrandar 56 að séreign, beri að ákveða henni annað lægra hlutfall eftir mati réttarins og greiða henni af eignum búsins utan skuldaraðar í samræmi við það.

Af hálfu varnaraðila eru kröfur á því reistar, að öll fasteignin Látraströnd 56, Seltjarnarnesi, hafi verið hjúskapareign Péturs Björnssonar og sóknaraðili hafi aldrei átt neinn séreignarhlut eða aðra eignarhlutdeild í fasteigninni. Mótmælir varnaraðili öllum staðhæfingum sóknaraðila um ætlaða eignarhlutdeild hennar í fasteigninni sem röngum og ósönnuðum. Telur varnaraðili, að sóknaraðili hafi sönnunarbyrði um þessar staðhæfingar og að sú sönnun hafi ekki tekist. Heldur varnaraðili því fram, að skattframtöl sóknaraðila og Péturs Björnssonar veiti enga sönnun um það, hvert meint séreignarfé sóknaraðila hafi runnið.

Varnaraðili byggir einnig á því, að jafnvel þótt sóknaraðili teldist hafa öðlast einhverja eignarhlutdeild í Látraströnd 56, þá njóti sú hlutdeild ekki verndar gagnvart kröfuhöfum í þrotabú Péturs Björnssonar, með því að engri slíkri eignarhlutdeild sóknaraðila hafi verið þinglýst á fasteignina og enginn kaupmáli verið gerður um hana.

Varnaraðili heldur því einnig fram, að kaupmáli sá, sem sóknaraðili og Pétur Björnsson gerðu fyrir stofnun hjúskapar, sé gildislaus, þar sem hann hafi verið skráður á varnarþingi sóknaraðila, en ekki á varnarþingi bónda, svo sem lögboðið sé samkvæmt 82. gr. laga nr. 20/1923. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til 38. gr. laga nr. 20/1923. Þar sem kaupmálinn hafi aldrei öðlast gildi vegna þessa, geti sóknaraðili engar kröfur reist á ígildisreglu 3. tl. 23. gr. laganna.

Varnaraðili telur skattframtöl sóknaraðila og Péturs Björnssonar hvorki sýna né sanna, að söluandvirði íbúðar sóknaraðila hafi runnið til húsbyggingarinnar að Látraströnd 56. Pétur Björnsson hafi á fyrsta byggingarárinu selt íbúð sína að Kleppsvegi 132 í Reykjavík til að fjármagna bygginguna,

að því er ætla verði. Hann hafi á byggingartímanum stofnað til mikilla byggingarskulda og haft á þeim tíma margfaldar tekjur á við það, sem sóknaraðili hafði. Bendi því allt til þess, að tekjur og fjármunir sóknaraðila hafi runnið til sérþarfa eða heimilisrekstrar, en fjármunir Péturs Björnssonar til húsbyggingarinnar. Það breyti heldur engu, þótt einhverjir fjármunir sóknaraðila hafi runnið til byggingarinnar, þar sem Pétur Björnsson hafi keypt lóð og kostað í öllu falli byggingarframkvæmdir á henni frá öndverðu að meginhluta, og hafi fasteignin því í heild orðið hjúskapareign hans samkvæmt meginreglum laga um myndun og afmörkun á eignum hjóna. Verði því einnig af þessari ástæðu ekki talið, að ígildisregla 3. tl. 23. gr. laga nr. 20/1923 geti átt við.

Varnaraðili mótmælir sérstaklega fjárhæð kröfu sóknaraðila sem allt manns síns njóti sóknaraðili ekki heldur verndar, að því er varði ætlaða eignarhlutdeild hennar í Látraströnd 56, hvort sem hún teldist séreign hennar eða hjúskapareign, þar sem engri eignarhlutdeild sóknaraðila hafi verið þinglýst á fasteignina, en þinglýsing hafi verið gundvallarskilyrði fyrir gildi meintra eignarréttinda sóknaraðila gegn skuldheimtumönnum þrotamanns, sbr. nú 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Telur varnaraðili ígildisreglu 3. tl. 23. gr. laga nr. 20/1923 sæta takmörkun gagnvart skuldheimtumönnum þrotamanns af þessum lagaskilyrðum, hvernig svo sem málið kynni að horfa við, ef verið væri að skipta búi sóknaraðila og Péturs Björnssonar innbyrðis.

Varnaraðili mótmælir sérstaklega fjárhæð kröfu sóknaraðila sem allt of hárri og órökstuddri. Í fyrsta lagi svari krafan ekki til 1/3 hluta af heildarbyggingarkostnaði hússins að Látraströnd 56 samkvæmt skattframtölum, heldur öðru og lægra hlutfalli. Í öðru lagi sé krafan reiknuð sem hlutfall af brúttóandvirði fasteignarinnar, en eignin hafi ávallt verið mikið skuldsett og hrein eign því aðeins partur af andvirði hennar. Geti krafa sóknaraðila aldrei numið meiru en hlutdeild í hreinni eign í húsinu. Liggi ekki heldur annað fyrir en sóknaraðili hafi samþykkt eða látið átölulausa alla veðsetningu hússins.

Varnaraðili mótmælir sérstaklega dráttarvaxtakröfu sóknaraðila og telur hana ekki styðjast við haldbær lagarök.

IV.

Sóknaraðili og Pétur Björnsson gáfu munnlegar skýrslur fyrir réttinum við meðferð málsins.

Samkvæmt 25. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skal taka til skipta eignir þrotamanns á frestdegi svo og það, sem hann eignast, meðan á skiptunum stendur, að undanskildum vinnulaunum hans, meðan skiptin standa yfir, sbr. 26. gr. laganna.

Pétur Björnsson festi kaup á lóðinni að Látraströnd 56-58 á Seltjarnarnesi í félagi við bróður sinn. Eru gögn málsins ekki ótvíræð um það, hvenær þeir keyptu lóðina. Í greinargerð lögmanns sóknaraðila er því haldið fram, að þeir hafi keypt lóðina á árinu 1970, en í veðbókarvottorðum, sem hann hefur lagt fram, segir, að Látraströnd 56 sé eign Péturs Björnssonar samkvæmt heimildarbréfi, dagsettu 24. nóvember 1969. Hvað sem því líður, er ljóst, að þeir bræður skiptu lóðinni með sér þannig, að Pétur byggði á þeim hluta lóðarinnar, sem telst vera nr. 56, en bróðir hans á þeim hluta, sem er nr. 58. Þegar bú Péturs Björnssonar var tekið til gjaldþrotaskipta, var fasteignin Látraströnd 56 enn þinglýst eign hans á grundvelli áðurgreinds heimildarbréfs.

Þegar sóknaraðili og Pétur Björnsson gengu í hjúskap, átti Pétur Björnsson íbúð að Kleppsvegi 132 í Reykjavík sem hjúskapareign, en þá eign hafði hann átt fyrir stofnun hjúskapar. Sóknaraðili átti þá að séreign samkvæmt kaupmála hennar og Péturs Björnssonar íbúð að Barmahlíð 42 í Reykjavík. Árið 1971 seldi sóknaraðili íbúðina að Barmahlíð 42, en árið áður hafði íbúð Péturs að Kleppsvegi 132 verið seld.

Ef sóknaraðili ætlaði að tryggja það gagnvart skuldheimtumönnum eiginmanns síns, að verðmæti, sem komu í stað séreignar hennar samkvæmt kaupmálanum, yrðu ekki andlag aðfarar vegna skulda hans, var nauðsynlegt fyrir hana að gera sérstakar tryggingarráðstafanir, ef séreignarfé var notað til að auka við verðmæti eigna, sem þá voru hjúskapareignir hans. Má í því sambandi vísa til ákvæða 24. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Sóknaraðili hlutaðist ekki til um neinar ráðstafanir í framhaldi af sölu íbúðarinnar að Barmahlíð 42 til að tryggja séreignarrétt sinn að þeim verðmætum, sem komu í stað íbúðarinnar, og aldrei hefur verið þinglýst neins konar yfirlýsingu um, að sóknaraðili teljist eigandi einhvers hluta í fasteigninni Látraströnd 56. Samkvæmt því verður að leggja til grundvallar niðurstöðu í máli þessu, að fasteignin Látraströnd 56 hafi við upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Péturs Björnssonar verið hjúskapareign hans og að hún standi ásamt öðrum eignum hans til fullnustu kröfuhöfum í þrotabú hans samkvæmt 25. gr. gjaldþrotalaga og 25. gr.laga nr. 20/1923. Verður þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum sóknaraðila í málinu, án þess að frekar komi til skoðunar, hvort og þá hve mikið af fé sóknaraðila hafi runnið til byggingar fasteignarinnar.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 kr., og er þá tillit tekið til þess, að greiða ber söluskatt af málflutningsþóknun. Ber sóknaraðila að greiða varnaraðila dráttarvexti á þessa fjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir birtingardag úrskurðarins til greiðsludags.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Olgu Ingibjargar Guðmundsdóttur, í máli þessu er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Péturs Björnssonar, 150.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að telja. Fari greiðsla fram síðar, ber sóknaraðila auk þess að greiða dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af þessari fjárhæð frá 15. degi eftir birtingu úrskurðarins til greiðsludags.

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 409/1992. **Sigurður Georgsson hæstaréttarlögmaður**
gegn
Má Péturssyni héraðsdómara og stjórn Lögmannafélags Íslands.

Kærumál. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands. Áminning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 21. október sl. kærði sóknaraðili til Hæstaréttar úrskurð, sem stjórn Lögmannafélags Íslands hafði kveðið upp 14. sama mánaðar. Með úrskurðinum var sóknaraðila veitt áminning vegna ummæla um varnaraðila Má Pétursson í viðtali við blaðamann. Kæruheimild er 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en varnaraðilar in solidum dæmdir til að greiða kærumálskostnað.

Ummæli þau, sem mál þetta er risið af, voru tilefni úrskurðar, sem stjórn Lögmannafélags Íslands kvað upp 30. júní sl., en sá úrskurður var felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 5. október.

Varnaraðilinn Már Pétursson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með tilvísun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Varnaraðilar krefjast ekki kærumálskostnaðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 14. október 1992.

Í bréfi, dags. 1. júní 1992, óskaði Már Pétursson, bæjarfógeti í Hafnarfirði (kærandi), með vísan til 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur og 2., 5. og 18. gr. siðareglna LMFÍ, eftir því við stjórn LMFÍ, að hún kannaði hjá Sigurði Georgssyni hrl. (kærða), hvort eftir honum hefðu verið höfð tiltekin ummæli, sem birtust innan tilvitnunarmerkja í grein í vikublaðinu Pressunni fimmtudaginn 28. maí 1992, og hvort hann hefði verið heimildar-

maður Pressunnar að tilteknum fyllyrðingum, sem fram komu í greininni. Að svo stöddu var ekki gerð krafa um agaviðurlög á hendur lögmanninum, en áskilinn var réttur til að senda síðar formlega kröfu um, að stjórn LMFÍ léti í té umsögn um málið og beitti lögmanninn áminningu og sektum, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942.

Í bréfi, dags. 4. júní 1992, krafðist kærandi þess, að kærða yrði veitt hin þyngsta refsing, yrði hann við frekari rannsókn stjórnar LMFÍ á málinu sannur að sök um bort á siðareglum félagsins. Krafa þessi var ítrekuð í greinargerð kæranda, sem barst LMFÍ 12. júní 1992, en þar var þess krafist, að kærði yrði áminntur og honum gert að greiða 50 þúsund króna sekt í styrktarsjóð LMFÍ fyrir framferði í störfum, þ. e. „... (umfjöllun í fjölmiðli og við blaðamann fjölmiðils um dómsmál, er hann rekur, þar sem hann viðhafði röng og ærumeiðandi ummæli og veitti vísvitandi rangar og ærumeiðandi upplýsingar), sem telja má stétt lögmanna ósamboðið". Studdist krafan við lög nr. 61/1942 um málflytjendur og siðareglur LMFÍ, einkum 2. gr., 5. gr. og 18. gr.

Í bréfi til stjórnar LMFÍ, dags 16. júní 1992, fullyrti kærði, að umrædd grein í Pressunni væri ekki frá sér komin. Kærði hélt því fram, að blaðamaður Pressunnar hefði haft samband við sig, skömmu áður en greinin birtist, og leitað upplýsinga um tiltekin atriði skiptaréttarmáls þess, sem blaðagreinin fjallaði um. Blaðamaðurinn hefði virst vel kunnugur málavöxtum, enda hefði hann haft fyrir framan sig dóm sakadóms Hafnarfjarðar í máli, sem höfðað var vegna ætlaðs fjárdráttar úr dánarbúi, þar sem kærði gætti hagsmuna eina skylduerfingjans í búinu. Taldi kærði rétt, eins og á stóð, að veita blaðamanninum þær upplýsingar, sem um var beðið. Kærði vildi ekki fullyrða, að orðrétt væri eftir sér haft í blaðagreininni, en taldi það efnislega rétt. Kærði hélt því fram, að önnur atriði umræddrar blaðagreinar væru ekki frá sér komin og því síður forsíða blaðsins.

Nánar um málavexti.

Fimmtudaginn 28. maí birtist grein í vikublaðinu Pressunni með fyrirsögninni: „Gerði erfingjana arflausa", þar sem fjallað var um skipti á tilteknu dánarbúi, sem var til opinberra skipta í skiptarétti Hafnarfjarðar. Jafnframt var forsíða blaðsins að mestu undirlögð af fyrirsögninni: „Erfinginn arflaus vegna afglapa Más" ásamt mynd af kæranda, Má Péturssyni bæjarfógeta. Í greininni var að því látið liggja, að kærandi hefði í störfum sínum sem skiptaráðandi valdið því, að einkaerfingi arfláta hefði glatað rétti sínum til eigna dánarbúsins og að systursonur arfláta hefði getað dregið sér eignir búsins vegna aðgerðaleysis skiptaráðanda þrátt fyrir óskir kærða, lögmanns einkaerfingjans, um opinbera rannsókn á „falsaðri erfðaskrá og efasemda um, að fram lögð gögn væru á rökum reist", eins og sagði í undirfyrirsögn með greininni.

Í blaðagreininni voru höfð eftir kærða eftirfarandi ummæli innan tilvitnunarmerkja:

„Ég hafði miklar efasemdir um að fram lögð gögn væru á rökum reist og var tortrygginn á þau.“

„Ég bað ítrekað um að beðið yrði með skiptin. Þá kærði ég þetta til rannsóknarlögreglunnar sem síðan leiddi í ljós að erfðaskráin var fölsuð. Þá var búið að afhenda ákærða öll verðmætin.“

„Það kann að vera spurning hvað maður þarf að sýna fram á þannig að skiptaráðandi fari sér hægt.“

Í greinargerð kæranda telur hann, með samanburði ummælanna og bréfs kærða til kæranda, dags. 3. júní 1992, að kærði hafi haft uppi vísvitandi rangar fullyrðingar um embættisfærslu sína í skiptaréttarmálinu. Telur kærandi bréfið vera mikilvægt sönnunargagn um það, að kærði „hafi látið þau orð falla sem vitnað er í innan tilvitnunarmerkja í Pressugreininni og verið heimildarmaður að þeim grófu og stórlega refsiverðu meiðyrðum sem í greininni er að finna og uppsláttarfyrirsögnum er henni fylgja“.

Sem fyrr greinir, heldur kærði því fram, að umrædd blaðagrein sé ekki frá sér komin, en að a. m. k. séu efnislega rétt eftir sér höfð ummæli innan tilvitnunarmerkja. Önnur atriði greinarinnar séu ekki frá sér komin né forsíða blaðsins.

Í kærumáli þessu hafa verið lögð fram allmörg gögn auk þeirra, sem nefnd hafa verið hér að ofan. Má þar nefna bréf kæranda til dómsmálaráðuneytis, dags. 1. júní 1992, ásamt viðauka, bréf sama til Dómarafélags Íslands, dags. 3. júní 1992, bréf sama til Blaðamannafélags Íslands, dags. 4. júní 1992, skýrslu sama um meðferð skiptamálsins, samþykkt Dómarafélags Íslands, dags. 16. júní 1992, ásamt fylgiskjölum, dóm sakadóms Hafnarfjarðar, dags. 12. desember 1990, í máli ákæruvaldsins gegn Ólafi I. Hrólfssyni og endurrit skiptamálsins í heild úr skiptabók Hafnarfjarðar.

Álit stjórnar LMFÍ.

Að mati stjórnar LMFÍ er í kærumáli þessu fyrst og fremst tekist á um það, hvort kærði hafi, þá er hann svaraði spurningum blaðamannsins, gerst brotlegur við ákvæði 18. gr. siðareglna LMFÍ, þ. e. að hafa ekki í ummælum sínum sýnt kæranda fulla tillitssemi og virðingu eða viðhaft ómálefnalega eða ófaglega gagnrýni á störf og starfshætti kæranda.

Það er álit stjórnar LMFÍ, að lögmenn verði að gæta hófs og stillingar í orðum, þá er þeir tjá sig um störf og starfsháttu dómstóla, sbr. þær skyldur, sem á þeim hvíla skv. 18. gr. Skiptir þá ekki máli, hvort sú umræða fer fram í fjölmiðlum eða á öðrum vettvangi. Þannig verða þeir að gæta þess, að umfjöllun um dómsmál sé á málefnalegum og faglegum grundvelli og að ekki séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um málsatvik.

Þegar gögn málsins eru könnuð og með hliðsjón af því, að kærði gætti hagsmuna einkadóttur arfláta frá upphafi búskiptanna og þekkti því málavexti, verður ekki hjá því komist að telja, að þau ummæli, sem höfð voru eftir kærða, hafi að ýmsu leyti verið villandi og til þess fallin að gefa blaðamanninum tækifæri til að draga rangar ályktanir þar af. Þannig gefur kærði með ummælunum: *„Ég bað ítrekað um að beðið yrði með skiptin. Þá kærði ég þetta til rannsóknarlögreglunnar sem síðan leiddi í ljós að erfðaskráin var fölsuð. Þá var búið að afhenda ákærða öll verðmætin“* - greinilega í skyn, að fyrir tilstilli skiptaráðanda hafi systursonur arfláta fengið í sínar vörslur öll verðmæti búsins, en skv. gögnum málsins var þessu ekki svo farið. Þá var það ekki kæra kærða til RLR 13. janúar 1984, sem leiddi til þes, að hægt var að sýna fram á, að ranglega var staðið að gerð erfðaskrárinnar, heldur játning annars vottanna að erfðaskránni fyrir sakadómi Hafnarfjarðar 2. desember s. á.

Stjórnin telur, að kærði hafi ekki brotið gegn ákvæðum 5. gr. siðareglna LMFÍ með því að svara beinum spurningum blaðamannsins. Hins vegar telur stjórnin með vísan til þess, sem að ofan greinir, að kærði hafi ekki gætt nægilega þeirra skyldna, sem á honum hvíla skv. 18. gr., sbr. til hliðsjónar 2. gr., og þar með brotið gegn siðareglum LMFÍ.

Með hliðsjón af ofangreindu og með vísan til 3. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur veitir stjórn LMFÍ Sigurði Georgssyni hrl. áminningu af þessu tilefni.

Úrskurðarorð:

Sigurður Georgsson hrl. sæti áminningu.

Föstudaginn 18. desember 1992.

Nr. 70/1992. **Friðrik Jónsson,**
Arnfinnur Jónsson,
Jón R. Jónsson og
Ingólfur Jónsson
gegn
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Óskipt bú.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1992. Málið sætir nú meðferð sem kærumál samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, og hafa aðilar skilað greinargerðum.

Sóknaraðilar krefjast þess, að uppboð á Tunguvegi 92 í Reykjavík nái ekki fram að ganga. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Leyfi var veitt af þar til bærum aðila fyrir þeim veðsetningum, sem um er deilt í máli þessu. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðilar greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Friðrik, Arnfinnur, Jón R. og Ingólfur Jónssynir, greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 29. janúar 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 14. þessa mánaðar.

Sóknaraðilar eru Friðrik Jónsson, Arnfinnur Jónsson, Jón R. Jónsson og Ingólfur Jónsson.

Varnaraðili er Íslandsbanki hf., kt. 421289-1289, Lækjargötu 12, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að uppboð á eigninni Tunguvegi 92, Reykjavík, nái ekki fram að ganga. Jafnframt verði sóknaraðila úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að uppboð á eigninni Tunguvegi 92 nái fram að ganga. Krafist er málskostnaðar úr hendi sóknaraðila skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar í máli þessu. Þá er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

II.

Með uppboðsbeiðni, dags. 29. febrúar 1988, óskaði Iðnaðarbanki Íslands hf., nú Íslandsbanki hf., nauðungaruppboðs á fasteigninni Tunguvegi 92, Reykjavík, til lúkningar skuld samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 7. júlí 1987, að höfuðstól 550.000 kr., sem þá var í vanskilum. Veðskuldabréf þetta var til tryggingar skuld Herdísar Jónsdóttur, Tunguvegi 90, við bankann og með veði í fasteigninni Tunguvegi 92, Reykjavík. Veðsetning þessi var samþykkt af Kathinku Klausen sem þinglýstum eiganda hinnar veðsettu eignar.

Með bréfi, dags. 14. október 1990, komu fram mótmæli erfingja Jóns E. Þórðarsonar, þeirra Friðriks Jónssonar, Arnfinns Jónssonar, Jóns R. Jónssonar og Ingólfs Jónssonar, gegn sölu eignarinnar. Mótmælin voru tekin fyrir í uppboðsrétti 29. október, og var þar ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt uppboðsréttarmál, þar sem Friðrik Jónsson og fleiri væru sóknaraðilar, en uppboðsbeiðandi væri varnaraðili.

Málsaðilar hafa báðir skilað greinargerðum.

Í greinargerð sóknaraðila segir svo, að Kathinka Klausen sé aðeins eigandi hálfrar fasteignarinnar Tunguvegar 92, en hinn helmingurinn sé eign dánarbús Jóns Þórðarsonar. Sóknaraðilar reisi kröfur sínar á því, að Kathinka hafi ekki mátt rýra svo eignir dánarbúsins sem raun ber vitni á kostnað annarra erfingja eða eigenda þess. Þá sé ljóst, að þau fjárnám, sem gerð hafi verið í eigninni Tunguvegi 92, séu gerð að geymdum betri rétti þriðja manns. Þar af leiði, að þau hvíli aðeins á eignarhluta Kathinku, og sé því uppboðið ekki rétt auglýst frá upphafi.

Af hálfu varnaraðila er sjónarmiðum sóknaraðila mótmælt sem röngum og órökstuddum, þau samræmist á engan hátt 2. kafla erfðalaga né uppboðsheimild varnaraðila. Hinn 3. júlí 1985 hafi Kathinka Klausen fengið út gefið búsetuleyfi, og hafi því verið þinglýst á eignina sama dag. Sam-

kvæmt 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. lög nr. 48/1989, hafi hún öðlast eignarráð yfir allri fasteigninni að óskiptu. Sóknaraðilar máls þessa eigi því enga aðild að málinu. Veðsetning fasteignarinnar Tunguvegar 92 hafi verið gerð með samþykki Kathinku Klausen og vottuð af tveimur erfingjum Jóns R. Þórðarsonar. Kathinka Klausen hafi formlega ráðstöfunarheimild yfir allri eigninni, sbr. 2. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Viðsemjendum hennar hafi verið rétt að líta svo á, að hún mætti ráðstafa henni með löggerningum og benda á hana við aðfarargerðir. Kathinka Klausen hafi ekki sjálf mótmælt framgangi uppboðsins. Ekki verði séð, hvaða máli skipti við rekstur uppboðsmálsins sú málsástæða sóknaraðila, að Kathinka hafi ekki mátt rýra eignir dánarbúsins á kostnað annarra erfingja.

III.

Niðurstaða.

Uppboðsheimild varnaraðila er veðskuldabréf, dags 7. júlí 1987, þar sem fasteignin Tunguvegur 92 er veðsett með 5. veðrétti til tryggingar greiðslu skuldar við varnaraðila. Heimild til veðsetningar eignarinnar byggist á veðleyfi Kathinku Klausen, sem býr á eigninni. Kathinka Klausen er ekkja Jóns R. Þórðarsonar, sem lést 15. júlí 1985. Meðerfingjar hennar, sem voru fimm uppkomin og fjárráða börn þeirra hjóna, veittu henni skriflegt samþykki til setu í óskiptu félagsbúi. Var búsetuleyfi veitt 3. júlí 1985 og því þinglýst sama dag á fasteignina Tunguveg 92. Til óskipts bús telst hjúskapareign beggja hjóna auk séreigna eftir nánari ákvæðum, sbr. 11. gr. errfðalaga nr. 8/1962, sbr. lög nr. 48/1989. Samkvæmt 12. gr. sömu laga hafði Kathinka Klausen full eignarráð á fjármunum búsins frá útgáfu búsetuleyfis og bar ábyrgð á skuldum þess. Er því af hálfu uppboðsréttar ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðila, að veðsetning eignarinnar hafi aðeins náð til hluta hennar. Ber að hafna kröfum sóknaraðila í máli þessu.

Samkvæmt því skal uppboð fara fram á fasteigninni Tunguvegi 92, Reykjavík, til lúkningar uppboðskröfu varnaraðila.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila in solidum 40.000 kr. í málskostnað.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Friðriks Jónssonar, Arnfinns Jónssonar, Jóns R. Jónssonar og Ingólfs Jónssonar, að uppboð á fasteigninni Tunguvegi 92, Reykjavík, nái ekki fram að ganga, er hafnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., in solidum 40.000 kr. í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar.

Föstudaginn 18. desember 1992.

Nr. 310/1991. **Klettur hf.**

gegn

Landsbanka Íslands,
Geir Garðarssyni,
Teppabúðinni hf.,
Íslandsbanka hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Sparisjóði vélstjóra,
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,
Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna og
Verslunarlánasjóði.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. júlí 1991. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 19. júní 1991, á hluta fasteignarinnar Ármúla 1 í Reykjavík. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og synjað verði að öllu leyti um framgang uppboðsgerðarinnar ...“. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti borgarfógetans í Reykjavík, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Lögð hafa verið fram afrit af bréfum sýslumannsins í Reykjavík til aðila málsins, þar sem því er beint til þeirra að senda greinargerðir sínar til Hæstaréttar. Ágrip skjala málsins hafa borist Hæstarétti ásamt greinargerð sóknaraðila.

Með bréfi lögmanns áfrýjanda, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, í dag var þess óskað, að málið yrði fellt niður.

Varnaraðilar Landsbanki Íslands, Gjaldheimtan í Reykjavík,

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar og krafist kærumálskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Klettur hf., greiði varnaraðilum Landsbanka Íslands, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna 20.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.

Föstudaginn 18. desember 1992.

Nr. 38/1990. **Jóhanna Tryggvadóttir**
f. h. Heilsuræktarinnar
gegn
Leikfélagi Reykjavíkur,
Minningarsjóði samkvæmt skipulagsskrá 505/1980,
Minningarsjóði samkvæmt skipulagsskrá 506/1980,
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Listasafns Íslands,
Landsbanka Íslands,
tollstjóranum í Reykjavík,
Glæsibæ sf.,
Húsfélaginu Glæsibæ,
Verkakvennafélaginu Framsókn,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Litaveri,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Gjaldheimtunni í Reykjavík og
sýslumanninum í Reykjavík.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. janúar 1990. Áfrýjað var úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 9. janúar 1990 og jafnframt öðru og síðara nauðungaruppboði, sem fram fór sama dag, á hluta fasteignarinnar nr. 74 við Álfheima í Reykjavík. Með áfrýjunarstefnu 5. mars 1990 skaut sóknaraðili til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 5. febrúar sama ár og jafnframt þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór sama dag á framangreindri eign. Fyrir Hæstarétti hafa mál þessi verið sameinuð.

Í báðum stefnunum kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að

hinum áfrýjaða úrskurði verði með eða án ómerkingar og heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna eða krafna hrundið og breytt á þá leið, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og allar kröfur hans og mótmæli við uppboðinu fyrir uppboðsréttinum verði tekin til greina". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var aðilum málsins gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu. Ágrip skjala málsins hafa borist Hæstarétti ásamt kröfugerð sóknaraðila.

Sóknaraðili hefur ekki tilgreint þær ástæður, sem hún reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem sóknaraðili hefur ekki bætt úr því þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og fresti, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 149. gr. sömu laga.

Varnaraðilar Leikfélag Reykjavíkur, Minningarsjóðir samkvæmt skipulagsskrám 505/1980 og 506/1980, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Listasafns Íslands, Landsbanki Íslands, tollstjórinn í Reykjavík, Húsfélagið Glæsibæ og Gjaldheimtan í Reykjavík hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar og krafist kærumálskostnaðar.

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jóhanna Tryggvadóttir f. h. Heilsuræktarinnar, greiði varnaraðilum Leikfélagi Reykjavíkur, Minningarsjóði samkvæmt skipulagsskrá 505/1980, Minningarsjóði samkvæmt skipulagsskrá 506/1980, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Listasafns Íslands, Landsbanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Húsfélaginu Glæsibæ og Gjaldheimtunni í Reykjavík 20.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.